Efnisskrá D-deildar.

Aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu ... 5
Aðstoð við fátækar þjóðir ... 629
Aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland ... 122
Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins ... 719
Afstaða Íslands til Atlantshafsbandalagsins 352
Afurðalán ... 334
Akstursmælar í dísilbifreiðum ... 661
Alþingisreikningur 1968 ... 982
Alþingissjóður, reikningur 1968 ... 989
Alþjóðasamningur um að dreifa ekki kjarnavopnum ... 164
Alþjóðlegt ráðstefnuhús í Reykjavík ... 552
Athugun á auknum siglingum ... 126
Atvinnulýðræði ... 379
Áburðarkaup og rekstrarlán bænda ... 980
Áburðarverksmiðja ríkisins ... 614
Búrfellsvirkjun ... 979
Byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis ... 525
Bækistöðvar Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði ... 612
Efling iðnrekstrar ... 382
Efnahagssamvinna Norðurlanda ... 765
Eignakönnun ... 368
Einkaréttur Íslands til landgrunnsins ... 388
Elliheimili á Dalvík í minningu Bjarna Pálssonar landlæknis ... 381
Embættaveitingar ... 415
Endurskoðun húsnæðismálalöggjafar ... 659
Endurskoðun laga um meðlagsgreiðslur ... 121
Ferðamál ... 316
Félagsheimilasjóður ... 835
Fiskiðnskólanefnd ... 722
Fiskimálaráð ... 715
Fjárfesting ríkisbankanna ... 592
Fjárframlög vegna byggingaráætlunar í Breiðholti ... 372
Fjárveitingar til vísindarannsókna ... 602
Flutningur afla af miðum og hafna á milli .. 517
Framkvæmd á l. nr. 83/1967 ... 850
Fréttastofa sjónvarps ... 920
Frjáls umferð Íslendinga á Keflavíkurflugvelli 302
Fuglafriðun ... 970
Fyrirhugaður flutningur á aðalviðhaldsstöð Loftleiða til Keflavíkurflugvallar ... 785
Fæðingardeild Landsspítalans:
Þáltill. ... 442
Fsp. ... 808
Gengistap áburðarverksmiðju og áburðarverð 724
Gjaldeyristekjur í sambandi við starfsemi varnarliðsins ... 965
Hafnaraðstaða við Dyrhólaey og Þykkvabæ . 980
Hafnargerð við Þjórsárós ... 554
Hagnýting jarðhita til ræktunar ... 189
Heyrnleysingjaskóli ... 487
Hraðbrautir ... 665
Hráefnaskortur síldarverksmiðjanna ... 513
Húsnæðismál ... 348
Innheimta viðbótarskatta og skattsekta ... 713
Innlausn á íslenzkum seðlum í erlendum bönkum ... 712
Íbúðarhúsabyggingar í Breiðholtshverfi ... 557
Kalrannsóknir á Akureyri ... 549
Kaup á tilbúnum áburði ... 980
Kaup lausafjár með afborgunarkjörum ... 525
Kaup og útgerð verksmiðjutogara ... 525
Kísilvegur ... 917
Kjarasamningar ... 411
Kvensjúkdómadeild við Fæðingardeild Landsspítalans ... 502
Kæra á hendur forstöðumanni vinnuhælisins á Litla-Hrauni ... 755
Landgræðsla sjálfboðaliða ... 888
Landhelgismál ... 734
Landhelgissektir ... 586
Landnám ríkisins ... 508
Lausaskuldir útgerðarfyrirtækja ... 341
Lán og styrkir úr atvinnubótasjóði og atvinnujöfnunarsjóði ... 963
Lánasjóður íslenzkra námsmanna ... 502
Lánsfé vegna jarðakaupa ... 572
Lánskjör atvinnuveganna ... 545
Listasafn Íslands ... 137
Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn ... 749
Lýðræði í æðri skólum ... 634
Lækkun tolla á vélum til iðnaðarins ... 309
Löggjöf um þjóðaratkvæði ... 313
Mál heyrnleysingja ... 854
Málefni heyrnardaufra ... 524
Málefni iðnnema ... 872

Milliþinganefnd til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál 311
Notkun á bifreiðum í eigu ríkisins 647
Olíumál 737
Perlusteinsvinnsla í Loðmundarfirði 759
Radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar 788
Rafmagnsmál sveitanna 521
Rannsókn á kalkþörf jarðvegs 531
Rannsókn sjóslysa 518
Rannsóknarnefnd vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu 269
Rannsóknarstofnun í áfengismálum 504
Rannsóknir á loðnugöngum 151
Rannsóknir á málmvinnslu á Austurlandi .. 129
Rannsóknir á perlusteini í Loðmundarfirði . 407
Ráðstafanir til að bæta úr rekstrarfjárþörf atvinnuveganna 729
Rekstrarlán iðnfyrirtækja 409
Rekstur Landssmiðjunnar 909
Sala á tækjum ríkisstofnana 961
Samningsréttur Bandalags háskólamanna .. 973
Samningur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi 114
Samþykki til frestunar á fundum Alþingis .. 89
Sementsverksmiðja ríkisins:
Fsp. BGr 747
Fsp. HS o. fl. 727
Sjónvarp frá Skáneyjarbungu 609
Sjónvarpsmál 641
Sjúkrabætur 899
Skóla- og námskostnaður 139
Skólarannsóknir 599
Skólasjónvarp 440
Skólaskip og þjálfun sjómannsefna 376
Skuldir Íslendinga við aðrar þjóðir 793
Skyldueþjónusta ungmenna 331
Smíði skuttogara 919
Sparifjárbinding 387
Starfsaðstaða Bifreiðaeftirlits ríkisins 578
Starfshættir Alþingis 91
Stofnlánadeild landbúnaðarins 192
Stórvirkjanir og hagnýting raforku 389
Strandferðir 335
Stækkun Áburðarverksmiðjunnar 805
Störf unglinga á varðskipum 116
Sumaratvinna framhaldsskólanema 430
Sumaratvinna skólafólks 901
Tollstöðvarbygging við Reykjavíkurhöfn ... 894
Úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings 508
Útbreiðsla sjónvarps 828
Vantraust á ríkisstjórnina 203
Varnir gegn sígarettureykingum 525
Veðurathugunarstöðvar í grennd við landið . 147
Vegabætur við Skeiðhól í Hvalfirði 610
Vegáætlun 1969—1972 165
Verðlagsmál:
Fsp. JSk 979
Fsp. ÞÞ o. fl. 940
Vestfjarðaáætlun 694
Vesturlandsvegur 789
Vextir af innheimtum ríkissjóðstekjum 970
Viðskiptafulltrúar 551
Öryggisráðstafanir vegna hafíshættu 675

Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Á 9. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu [EFTA] [45. mál] (A. 47).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ með 37 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Á þeim rúmlega tveim áratugum, sem liðnir eru síðan lauk mesta hildarleik í sögu Evrópu og alls heimsins, hafa verið stigin fleiri og stærri spor til aukinnar samvinnu milli ríkja í Evrópu en nokkru sinni fyrr. Upphaf þessarar auknu Evrópusamvinnu var stofnun Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu árið 1948. Megintilgangur þeirra samtaka var að stuðla að efnahagsendurreisn Evrópu eftir eyðileggingu styrjaldarinnar. Bandaríkjamenn áttu frumkvæðið að þessum samtökum og veittu Evrópuþjóðunum stórfellda efnahagsaðstoð, Marshallaðstoðina svonefndu, til endurreisnarstarfsins. Jafnframt beitti Efnahagssamvinnustofnunin sér fyrir því, að endurreisnarstarfið færi fram á grundvelli síaukins viðskiptafrelsis og frjálsari gjaldeyrisviðskipta, þar sem það var eitt aðalmarkmið hennar að afnema hvers konar höft á viðskiptum og koma á fót marghliða greiðslukerfi. Þessi starfsemi Efnahagssamvinnustofnunarinnar bar mikinn og góðan árangur þegar á fyrri hluta áratugsins 1950—1960.

Skömmu eftir lok styrjaldarinnar hafði einnig verið gerður allsherjarsamningur um lækkun tolla, hið svonefnda „Almenna samkomulag um tolla og viðskipti“ eða GATT. Viðleitnin til að ná miklum og almennum tollalækkunum, samkv. þessu samkomulagi, bar þó ekki eins mikinn árangur og vænzt var. Hins vegar kom samkomulagið í veg fyrir tollastyrjaldir, og verulegur árangur náðist í fyrra í lækkuðum tollum á iðnaðarvörum við lok margra ára viðræðna innan GATT, viðræðna, sem nefndar hafa verið Kennedy-viðræðurnar.

Þeirri skoðun óx smám saman fylgi á árunum eftir styrjöldina, að enn nánara samstarf Evrópuríkja í viðskipta- og efnahagsmálum en komið hafði verið á fót með Efnahagssamvinnustofnun Evrópu væri nauðsynlegt til þess að efla efnahagsþróun álfunnar og stjórnmálaeiningu. Án slíkrar samvinnu gætu Evrópuríkin ekki keppt á efnahagssviði við stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, og þá ekki heldur varðveitt stjórnmálaáhrif sín á gang heimsmála. Evrópuþjóðum bæri því að stofna til enn nánari samvinnu eða dragast ella æ meira aftur úr. Fyrsta raunhæfa niðurstaða þessarar stefnu var sú, að ríkin 6, sem nú mynda Efnahagsbandalag Evrópu, komu sér saman um stofnun kola- og stálbandalags Evrópu, er tók til starfa 1952, en með því var komið á fót sameiginlegum markaði fyrir kol og stál innan þessara ríkja. Árið 1955 efndu þessi ríki til ráðstefnu í Messína á Ítalíu og var þá tekin ákvörðun um að halda áfram á sömu braut og stofna til víðtæks efnahagsbandalags, er hafa skyldi að uppistöðu sameiginlegan markað fyrir öll viðskiptalöndin. Bretar tóku í fyrstu þátt í viðræðunum um þessa nýju og stórauknu efnahagssamvinnu, en hættu þeirri þátttöku í árslok 1955. Sexveldin héldu hins vegar samningum sínum áfram og náðu samkomulagi rúmlega ári síðar. 25. marz 1957 var undirritaður í Róm samningur milli Frakklands, Ítalíu, Þýzkalands, Belgíu, Hollands og Lúxemborgar um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu, og tók bandalagið til starfa 1. janúar 1958. Kjarni þessa samnings er, að í aðildarríkjunum er komið á fót sameiginlegum vörumarkaði. Á 12—15 árum skyldi komið á algeru tollabandalagi aðildarríkjanna. Þetta þýddi, að fella skyldi niður alla tolla og öll höft milli aðildarríkjanna, en taka jafnframt upp sameiginlegan toll gagnvart löndum utan bandalagsins. Síðustu leifar tolla milli aðildarríkjanna voru felldar niður 1. júlí s. l. eða alllöngu fyrr en upphaflega hafði verið ráð fyrir gert. Þegar samningurinn kemur til fullra framkvæmda á að gilda sú almenna regla, að hreyfing vinnuafls og fjármagns sé ekki heft af þjóðernisástæðum og réttur ríkisborgara bandalagsins til atvinnurekstrar og þjónustu sé viðurkenndur.

Samkomulagið um stofnun Efnahagsbandalagsins þótti auðvitað miklum tíðindum sæta í Evrópu

og heiminum öllum. Að undirlagi Breta hófust innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París víðtækar umr. um viðskiptamál Vestur-Evrópu yfirleitt. Hugmynd Breta var sú, að öll ríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar skyldu gera með sér viðskiptasáttmála þess efnis, að felldir yrðu niður tollar og höft af viðskiptum ríkjanna innbyrðis, en hverju ríki skyldi hins vegar frjálst að ákveða tolla sína gagnvart þeim ríkjum, sem ekki stæðu að samkomulaginu. Þessar viðræður báru ekki árangur og lauk þeim seint á árinu 1958. Þá hófust viðræður milli 7 landa í Vestur-Evrópu, — Austurríkis, Bretlands, Danmerkur, Noregs, Portúgals, Sviss og Svíþjóðar, — um stofnun viðskiptabandalags sín á milli, og lauk þeim með stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu, sem svo hafa verið nefnd, í janúar 1960.

Sáttmálinn milli ríkjanna, sem gerður var í Stokkhólmi, fjallar fyrst og fremst um afnám tolla og viðskiptatálmana milli aðildarríkjanna. Ákvæði hans taka eingöngu til viðskipta með iðnaðarvörur, en hvorki til viðskipta með landbúnaðarafurðir né óunnar eða lítt unnar sjávarafurðir. Unnar sjávarafurðir, svo sem freðfiskur, mjöl, lýsi og niðursuðuvörur, teljast hins vegar til iðnaðarvarnings, þó að nokkrar sérreglur gildi að vísu um innflutning freðfisks til Bretlands. Þá er gert ráð fyrir, að sérstakir samningar milli einstakra aðildarríkja séu gerðir um viðskipti með þær vörur sem samningurinn nær ekki til, þ. e. a. s. landbúnaðarafurðir. Voru slíkir samningar t. d. gerðir milli Svía og Dana og milli Dana og Breta þegar í upphafi.

Tilgangurinn með stofnun Fríverzlunarsamtaka sjöveldanna var tvíþættur: Annars vegar vildu aðildarríkin styrkja aðstöðu sína í samkeppni við Efnahagsbandalagsríkin með því að veita hvert öðru tollalækkanir, sem sexveldin yrðu ekki aðnjótandi. Hins vegar vildu þau styrkja sameiginlega samningsaðstöðu sína, ef til þess kæmi, að reynt yrði að koma á allsherjarsamkomulagi um viðskiptamál Vestur-Evrópu. Tollalækkanirnar innan Fríverzlunarsamtakanna hafa, eins og í Efnahagsbandalaginu, orðið hraðari en upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir. Hafa nú allir tollar í viðskiptum milli ríkja Fríverzlunarsamtakanna verið afnumdir.

Reynsla af starfsemi viðskiptabandalaganna tveggja hefur orðið mjög jákvæð fyrir aðildarríkin. Viðskiptin milli ríkjanna innan hvors bandalags um sig hafa stóraukizt, og er talið, að starfsemi þeirra hafi átt verulegan þátt í þeim efnahagsframförum og þeirri lífskjarabót, sem átt hefur sér stað í þessum ríkjum. Hins vegar hefur viðskiptaaðstaða aðildarríkja hvors bandalags um sig í aðildarríkjum hins bandalagsins versnað verulega. Þetta hefur leitt til þess, að hvert af öðru af ríkjum minna bandalagsins, Fríverzlunarsamtakanna, hefur tekið að leita eftir aðild að stærra bandalaginu, Efnahagsbandalaginu. Hófu Bretar könnun á hugsanlegri aðild að Efnahagsbandalaginu þegar sama árið og Fríverzlunarbandalagið var stofnað eða 1960, og formlegar viðræður hófu þeir ári síðar. Þessar tilraunir Breta til aðildar að Efnahagsbandalaginu strönduðu, eins og kunnugt er, á andstöðu Frakka í ársbyrjun 1963. Fleiri ríki Fríverzlunarsamtakanna æsktu aðildar að Efnahagsbandalaginu, en viðræður um það féllu niður um leið og samningar strönduðu milli Breta og Efnahagsbandalagsins. Þá sóttu Bretar aftur formlega um inngöngu í Efnahagsbandalagið á s.l. ári, og hið sama gerðu Danmörk, Noregur og Svíþjóð auk Írlands. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þær aðildarviðræður strönduðu enn á ný á andstöðu Frakka í desember s.l. Ekki er að sjá, að neinar þær hugmyndir, sem uppi hafa verið um gerð einhvers konar viðskiptasamkomulags milli Bretlands og Efnahagsbandalagsins, muni bera árangur. Efnahagsbandalagið samþykkti hins vegar fyrir nokkrum árum, að Grikkland og Tyrkland gerðust aukaaðilar að Efnahagsbandalaginu. Fríverzlunarsamtökin hafa og stækkað við aukaaðild Finna að því bandalagi. Í stórum dráttum er staða mála því sú nú, að Evrópa er klofin í tvær viðskiptaheildir, sem ætla verður, að starfi sjálfstætt, nú um skeið a. m. k.

Ísland gerðist aðili að stofnun Efnahagssamvinnustofnunarinnar í Evrópu í París og tók þátt í endurskipulagningu hennar 1960, er stofnuninni var breytt í Efnahags- og framfarastofnunina, og Bandaríkin og Kanada gerðust beinir aðilar að henni. Þessi aðild hefur reynzt okkur mikilvæg og gagnleg á margan hátt. 1948—1953 urðu Íslendingar aðnjótandi hinnar rausnarlegu efnahagsaðstoðar Bandaríkjanna. Íslendingar höfðu margvíslegt hagræði af greiðslukerfi því, sem stofnendur komu á fót.

Fyrir forgöngu Efnahagssamvinnustofnunarinnar afnámu smám saman öll aðildarríki hennar innflutningshöft á öðrum sjávarafurðum en nýjum fiski. Að sínu leyti framkvæmdu Íslendingar skuldbindingar aðildarríkjanna um afnám innflutningshafta og aukið frelsi í gjaldeyrisviðskiptum á árunum upp úr 1960. Að till. Íslendinga hefur stofnunin gert margvíslegar athuganir á sjávarútvegsmálum Vestur-Evrópu, og innan stofnunarinnar var á sínum tíma, einnig að till. Íslendinga, komið á fót sérstakri sjútvn., sem starfa skal stöðugt að athugunum á sjávarútvegsmálum aðildarríkjanna og stuðla að því, að viðskipti með sjávarafurðir verði sem frjálsust. Þá má geta þess, að Evrópusjóðurinn, sem er ein af stofnunum þessara samtaka, veitti Íslandi yfirdráttarlán í sambandi við þá endurskoðun efnahagsmála, sem fram fór 1960, en einmitt slík starfsemi er höfuðhlutverk þessa sjóðs. Þetta lán var endurgreitt á árunum 1961 og 1962.

Þá hefur Ísland á fyrri árum orðið aðnjótandi margvíslegrar tækniaðstoðar frá Efnahagssamvinnustofnuninni og arftaka hennar, Efnahags- og framfarastofnuninni. Íslenzk stjórnvöld tóku þátt í þeim viðræðum, sem fram fóru innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar árið 1957 og 1958 um

stofnun fríverzlunarsvæðis allra aðildarríkja stofnunarinnar. Þær umr. fóru út um þúfur í árslok 1958. Íslendingar tóku hins vegar engan þátt í undirbúningsviðræðum að stofnun Fríverzlunarsamtakanna, sjöveldanna, enda ekki til þeirra viðræðna boðið. Þegar Bretar hófu viðræður sínar við Efnahagsbandalagið árið 1961 og fleiri þjóðir í Fríverzlunarsamtökunum sóttu um tengsl við það, var almennt búizt við, að Efnahagsbandalagið og Fríverzlunarsamtökin rynnu saman í eina stóra viðskiptaheild í framhaldi af þeim viðræðum. Af þessum sökum þótti ríkisstj. á sínum tíma, eða seint á árinu 1961, einsýnt að kanna yrði til hlítar með hvaða hætti Íslendingar gætu bezt tryggt viðskiptahagsmuni sína, ef til slíkrar sameiningar viðskiptabandalaganna kæmi, og var hinu háa Alþingi gerð grein fyrir viðræðum fulltrúa Íslands á erlendum vettvangi um þau mál á sínum tíma.

Þegar Kennedy-viðræðurnar svonefndu hófust á vegum GATT árið 1964, var augljóst, að niðurstaða þeirra viðræðna gæti haft þýðingu fyrir viðskiptahagsmuni Íslands, en í Kennedy-viðræðunum var rætt það frumkvæði Bandaríkjanna, að allar þjóðir lækkuðu tolla sína um allt að 50% með þeim hætti, að hver þjóð um sig fengi jafnmikil tollfríðindi hjá öðrum þjóðum og hún lækkaði tolla sína. Til þess að geta orðið aðili að þessum mikilvægu viðræðum, gerðist Ísland árið 1964 bráðabirgðaaðili að GATT og hefur nú gerzt fullgildur aðili að þeim samtökum. Í Kennedy-viðræðunum náðist nokkur árangur fyrir Íslendinga, einkum afnám tolls á freðfiskblokk í Bandaríkjunum og lækkaður síldarlýsistollur í Bretlandi. Hins vegar fólu þessar viðræður ekki í sér neina lausn á almennum viðskiptavandamálum Íslendinga, enda aldrei við því að búast, að svo gæti orðið.

Á s.l. ári taldi ríkisstj. orðið tímabært, að kannað yrði, hvort hagkvæmt væri fyrir Ísland að gerast aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, EFTA. Gerði hún það að till. sinni við þingflokkana, að stofnuð yrði n. til þess að kanna þetta mál. Í n. voru tilnefndir Magnús Jónsson fjmrh., Helgi Bergs framkvæmdastjóri og sem varamaður hans Tómas Árnason hrl., Pétur Benediktsson bankastjóri og Lúðvík Jósefsson alþm. og sem varamaður hans Haukur Helgason bankafltr. Gylfi Þ. Gíslason viðskmrh. var formaður n. Ritarar hennar voru Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstj. og Einar Benediktsson deildarstj. Á vegum n. hefur viðskmrn., í samvinnu við ýmsa aðila, samið skýrslu um Fríverzlunarsamtök Evrópu, og hefur alþm. öllum verið afhent hún. EFTA-nefndin hefur hingað til haldið alls 19 fundi og rætt þar skýrsluna og önnur atriði varðandi hugsanlega aðild að EFTA. N. hélt einnig fund með norskum sérfræðingi, sem hingað kom á vegum ríkisstj. og Félags ísl. iðnrekenda, um þessi mál. Þá hefur n. ráðgazt við fulltrúa útvegsmanna og útflutningssamtaka landbúnaðar, iðnaðar og verzlunar og við fulltrúa frá A. S. Í. og atvinnurekendum. N. lítur þannig á, að með þessari skýrslugerð og með þeim viðræðum, sem n. hefur átt, hafi þeim áfanga verið náð, að hægt sé að taka ákvörðun um, hvort sækja eigi um aðild að EFTA og fá úr því skorið, hvort og með hvaða kjörum Ísland gæti gerzt aðili að samtökunum. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, sem sátu í EFTA-nefndinni, hafa af ýmsum ástæðum talið æskilegt, að ákvörðun um umsóknaraðild að EFTA væri frestað. Ríkisstj. telur hins vegar rétt að hefja nú þegar könnun á því með hvaða kjörum Ísland gæti gerzt aðili að samtökunum. Endanleg afstaða til þessa máls verður auðvitað ekki tekin fyrr en niðurstöður af væntanlegum samningaviðræðum við EFTA liggja fyrir. Þótt stjórnarandstöðuflokkarnir standi ekki að flutningi þessarar till. og umsókn um aðild verði því eingöngu á ábyrgð ríkisstj., ef þessi till. verður samþ., mun ríkisstj. samt áfram æskja eftir samstarfi við stjórnarandstöðuna um málið og láta hana fylgjast með því, sem í því gerist.

Meginrök fyrir því, að ríkisstj. telur nú rétt að hefjast handa um könnun á því með hvaða kjörum Ísland geti gerzt aðili að Fríverzlunarsamtökunum, eru þessi: Um það bil 40% heildarviðskipta Íslendinga eru við Fríverzlunarsamtakalöndin. Í þessum löndum má búast við mjög aukinni eftirspurn á næstu árum og áratugum eftir ýmsum helztu útflutningsafurðum Íslendinga. Ef við stöndum utan samtakanna, mundu aðrar fiskveiðiþjóðir, og þá fyrst og fremst Noregur, Danmörk og Bretland, fullnægja þessum auknu þörfum, en Íslendingar enga hlutdeild eiga þar að eða verða að sætta sig við lægra verð fyrir útflutning sinn til þessara landa. Við mundum þá missa af þeim skilyrðum til aukins útflutnings. Slíkrar þróunar hefur raunar gætt á áberandi hátt undanfarin 2—3 ár. Enn fremur er á því enginn vafi, að í aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna er nú markaður, er mun vaxa á komandi árum, fyrir iðnaðarvörur, sem nú er unnt eða væri í framtíðinni unnt að framleiða á Íslandi á samkeppnisfæru verði bæði vegna skilyrða Íslands til orkuframleiðslu og hagnýtingar fossaafls og jarðhita og vegna annarra aðstæðna. Ef Íslendingar standa til frambúðar utan Fríverzlunarsamtakanna, gætu þeir að sjálfsögðu enga aðild átt að slíkum markaði eða vexti hans. Það er enn fremur hugsanlegt, að Íslendingar gætu innan Fríverzlunarsamtakanna með sérstökum samningum við einstök aðildarríki og þá fyrst og fremst Norðurlandaþjóðirnar, hlotið markað fyrir sauðfjárafurðir á hagstæðara verði en þeir eiga nú kost á erlendis. Þá er þess að geta, að meðan Íslendingar standa utan Fríverzlunarsamtakanna, verða þeir að greiða tolla af öllum vörum, sem þangað eru fluttar, meðan framleiðendur samkeppnisafurða, t. d. í Noregi og Danmörku, geta selt sínar afurðir tollfrjálst, þ. e. a. s. fyrir mun hærra verð. Þannig hlýzt bein verðhækkun á íslenzkum útflutningsafurðum af aðild að Fríverzlunarsamtökunum. Mundi það t. d. hafa veruleg áhrif á síldarlýsisverðið. Einnig mundi það t. d. hafa hagstæð áhrif á freðfiskmarkaðinn í Bretlandi.

Það er á hinn bóginn fjarri mér að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem aðild að Fríverzlunarsamtökunum mundi hafa í för með sér. Þeir erfiðleikar lúta að þrennu. Við yrðum á einhverju tilteknu tímabili að afnema alla verndartolla. Öllum tollum, sem eingöngu er ætlað að afla ríkissjóði tekna, eða svonefndum fjáröflunartollum, mættum við halda. Afnám þeirrar tollverndar, sem íslenzkur iðnaður hefur notið, jafnvel þótt á tiltölulega löngum tíma væri, mundi að sjálfsögðu hafa ýmsa erfiðleika í för með sér. Um leið ber að geta þess, að tollvernd íslenzks iðnaðar er minni en margir telja, og samtök iðnaðarins sjálfs telja afnám allra verndartolla enga frágangssök, ef hún gerist á löngum tíma samkv. fyrirfram gerðri áætlun, og henni fylgir mótun alhliða stefnu í iðnaðarmálum, sem tryggir vöxt og viðgang iðnaðarins á grundvelli jafnræðis við aðrar atvinnugreinar og út á við. Í þessu sambandi er og þess að geta, sem ég nefndi áðan, að í stað verndaðra iðngreina, sem sumar hverjar mundu e. t. v. verða að leggjast niður, a. m. k. í núverandi mynd, þá skapast skilyrði fyrir stofnun nýrra iðngreina til útflutnings. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að þegar á heildina er litið, mundi aðild að Fríverzlunarsamtökunum ekki leiða til minnkaðs iðnaðar, heldur þvert á móti til aukins iðnaðar á Íslandi og þá fyrst og fremst til fjölgunar stórra fyrirtækja í iðnaði, en hins vegar hlutfallslegrar fækkunar smáfyrirtækja, sem mörg hver hafa þróazt í skjóli tollverndar og innflutningshafta.

Í EFTA-skýrslunni er frá því greint, að miðað við árið 1966 sé áætlað, að um 3800 manns hafi unnið við iðnaðarframleiðslu, þar sem mætti ætla, að beinna áhrifa mundi gæta af afnámi tolla og hafta samfara aðild að EFTA. Eru það tæp 5% alls vinnandi fólks á Íslandi og um 19% þeirra, sem þá störfuðu í iðnaði. Þær framleiðslugreinar í matvælaiðnaði, sem einkum eru taldar verða fyrir áhrifum af breytingu verndar, eru kex- og súkkulaðigerð, drykkjarvöruiðnaður, kaffibrennsla og matarefnagerð. Ýmsar aðrar greinar í matvælaiðnaði skipta hér ekki máli, þar sem þær falla ekki undir ákvæði EFTA-sáttmálans, svo sem smjörlíkisgerð og vinnsla íslenzkra landbúnaðarafurða. Reyndar á þetta einnig við um kaffibrennslu, þar sem kaffið er ekki EFTA-vara. Aðrar iðngreinar, sem ákvæðin um fríverzlun taka til og mundu verða fyrir beinum áhrifum af niðurfellingu tolla, þótt í mjög mismunandi mæli sé, eru gólfdreglagerð, prjónlesiðnaður, skógerð, fataiðnaður, húsgagnasmíði, innréttingasmíði, skinna- og leðuriðnaður, málningargerð, sápugerð, sementsframleiðsla, raftækjasmíði, sútun, spuni og vefnaður. Með hliðsjón af þeim breytingum, sem gera má ráð fyrir á næstu áratugum á tölu atvinnufólks og skiptingu þess milli atvinnugreina, verður ekki talið, að vandamálið varðandi atvinnu 3800 manns á næstu áratugum sé alvarlegt.

Efnahagsstofnunin hefur gert ráð fyrir því, að atvinnufólki muni fjölga um 45% á árunum 1965—1985 eða um 34 þús. En á þessu tímabili verður fyrirsjáanlega um að ræða örari aukningu en áður hefur átt sér stað. Hinn mikli mannfjöldi, sem bætist á vinnumarkaðinn á komandi árum, hlýtur að hafa grundvallarþýðingu fyrir allt mat á þróun efnahagsmála á Íslandi og aðgerðir á því sviði. Samkv. áætlun Efnahagsstofnunarinnar er gert ráð fyrir, að mannfjöldi, sem stundar fiskveiðar, muni standa í stað og vera um 5000 manns. Í landbúnaðinum muni verða lítils háttar fækkun, hækkun í beinum tölum, en hlutfallsleg lækkun úr 19% árið 1965 í 13% 1985. Jafnhliða þessu er gert ráð fyrir nokkurri hlutfallslegri aukningu í úrvinnslugreinum eða úr 49% í 50%. Það mundi þýða beina aukningu þessa atvinnufólks úr 37 þús. í 55 þús., þ. e. a. s. um 18 þús. manns. Í þjónustugreinum er gert ráð fyrir hlutfallslega mestri aukningu eða úr 31% árið 1965 í 37% árið 1985. Þá eykst fjöldi þessa atvinnufólks úr 23 þús. í 40 þús. eða um 17 þús. manns. Þessar tölur um atvinnudreifinguna eru að sjálfsögðu ekki spádómur Efnahagsstofnunarinnar, heldur er með þeim gefið til kynna við hverju verði að búast, ef takast á að ná æskilegri aukningu þjóðartekna. Með hliðsjón af þessum breytingum verður, eins og ég sagði áðan, atvinnuvandamál þessa fólks, sem nú starfar í tollverndaðum iðnaði, óverulegt samanborið við þá möguleika, sem ættu að skapast fyrir þróun iðnaðarins og aukna atvinnu, ef Ísland gengur í Fríverzlunarsamtökin. Reynsla annarra þjóða hefur verið sú, að lækkun tolla og afnám hafta leiði til örari hagnýtingar á tæknilegum umbótum og nýjungum, meiri aukningar á framleiðni og betri nýtingar framleiðsluþátta en ella.

Hér á landi hefur á undanförnum áratugum verið fylgt allhandahófskenndri verndarstefnu gagnvart iðnaðinum, og hefur hún ekki tryggt, að hér kæmust á fót þau fyrirtæki, sem hagkvæmust væru frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Hæfileg erlend samkeppni og frjáls aðgangur að stórum markaði mundi eflaust stuðla að því, að hér kæmust á fót þjóðhagslega hagkvæmari fyrirtæki en starfa mundu í skjóli verndarstefnu. Auðvitað þarf að gera margs konar ráðstafanir og taka margs konar tillit, ef iðnaðurinn hér á landi á að geta lagað sig að þeim breytingum, sem eiga sér stað í iðnaði vestrænna landa. Í fyrsta lagi yrði að ráða sérstaka bót á þeim fjárhagsvandamálum, sem verða á vegi iðnaðarins vegna aðlögunarinnar. Í annan stað er ljóst, að láta verður iðnaðinum í té aukna leiðbeiningaþjónustu að því er varðar rekstrartækni og sölumál. Við þetta má bæta því, að aukin samvinna eða jafnvel samruni íslenzkra fyrirtækja gæti orðið til hagsbóta. Samstarf við erlend fyrirtæki, sem svo mjög hefur gætt á Norðurlöndum undanfarin ár, mundi og geta haft aukna þýðingu. Slík atriði yrði að athuga vandlega af hálfu ríkisvaldsins og iðnaðarins sjálfs í sambandi við aðild Íslands að EFTA, ef af henni yrði. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að geta þess, að lengd aðlögunartímans veitir verulegt svigrúm. Ekki

verður nein skyndileg breyting á aðstöðu íslenzks iðnaðar, þótt gengið yrði í EFTA. Hráefnis- og vélatollar eru nú svo háir, að nettóverndin þyrfti ekki að minnka til muna í mörgum tilvikum fyrstu árin. Þann tíma er hægt að nota til þess að endurbæta rekstur eldri fyrirtækja og afskrifa fjármagn í fyrirtækjum, sem þurfa að leggja út á nýja braut. Ef verndar-, hráefnis- og vélatollar eru afnumdir á t. d. 10 ára tímabili í ákveðnum stigum samfara því, að iðnaðurinn fengi strax frjálsari aðgang að stóru markaðssvæði, mundu viðhorf öll í iðnaðarmálum breytast. Þá yrði hægt að hefja undirbúning iðnþróunar á ákveðnum forsendum, en einmitt óvissan um stefnuna í tolla- og viðskiptamálum hlýtur að draga úr áhuga manna á því að leita að nýjum verkefnum. Aðild að EFTA gæti því orðið til þess, að alhliða stefna í iðnaðarmálum yrði mótuð, en þar er um að ræða brýnt hagsmunamál íslenzks iðnaðar.

Annað aðalvandamálið í sambandi við aðild að Fríverzlunarsamtökunum eru þau áhrif, sem tollalækkunin hefur á fjármál ríkissjóðs. Íslendingar hafa nú hærri tolla en nokkur nálæg þjóð, og þeir afla sér hærri hundraðshluta af ríkistekjunum með innheimtu tolla en nokkur önnur þjóð, sem um er vitað. Afnám verndartolla mundi því hafa gagngerð áhrif á fjármál ríkisins, en það mundi að sjálfsögðu draga úr áhrifunum, ef samkomulag fengist um, að afnám verndartollanna ætti sér stað á tiltölulega löngum tíma. Í EFTA- skýrslunni er þess getið, að tekjutap ríkissjóðs við, að allir verndartollar, svo og hráefnis-, véla- og orkutollar iðnaðarins hefðu ekki verið lagðir á 1967, hefði að öðru óbreyttu numið nær 1000 milljónum króna. Er það nær 1/5 hluti heildartekna hins opinbera á rekstrarreikningi á því ári. Þetta er þó ekki vandamál, sem mundi bera að í náinni framtíð. Hugsanlegur aðildarsamningur að EFTA gæti þýtt, að tollalækkanir okkar hæfust árið 1970. Þó ekki sé gert ráð fyrir lengra aðlögunartímabili en 10 árum, yrðu íslenzkir tollar enn tiltölulega mjög háir fyrstu 2—3 árin eftir gildistöku aðildarsamningsins og tekjur því ekki verulega skertar. Engu að síður er að sjálfsögðu tímabært, að tekið verði til gagngerðrar athugunar, hvernig bregðast megi við því vandamáli, sem ríkissjóði verður á höndum vegna hugsanlegrar aðildar landsins að fríverzlun.

Tveir möguleikar eru fyrir hendi til að bæta ríkissjóði teknamissinn vegna afnáms verndartollal. Annars vegar kæmi til greina hækkun á söluskatti, en hann er víða um lönd mun hærri en hér. Hins vegar kæmi til greina hækkun fasteignagjalds, sem alls staðar í nálægum löndum er miklu hærra en hér tíðkast, þótt yfirleitt sé þar um að ræða tekjustofn sveitarfélaga en ekki ríkissjóðs. Í því sambandi væri þó til athugunar að tekjuskattur yrði fyrst og fremst skattur fyrir ríkissjóð, en hins vegar fengju sveitarfélögin fasteignagjöldin sem tekjustofn fyrir sig.

Í þriðja lagi mundu viðskiptin við Austur-Evrópu verða nokkurt vandamál. Þó er þetta vandamál ekki erfitt og miklu síður en áður var. Kemur þá hvort tveggja til, að þessi viðskipti eru nú ekki eins mikilvæg og áður og fara ekki að öllu leyti fram á jafnkeypisgrundvelli. Austur-Evrópuþjóðirnar geta nú einnig háð miklu harðari samkeppni hvað snertir verð og vörugæði en áður var. Á það má einnig benda, að bæði Austurríkismenn og Finnar hafa getað haldið áfram miklum viðskiptum við Austur-Evrópu þrátt fyrir þátttöku í Fríverzlunarsamtökunum.

Samningurinn gerir ráð fyrir, að innflutningshöft séu afnumin, en um 89% alls innflutningsins til landsins eru nú frjáls, 11% háð leyfum. Verulegur hluti þeirra vörutegunda, sem háðar eru leyfum, er skráður á landbúnaðarvörulista EFTA, en fríverzlunarákvæðin taka alls ekki til hans, og mætti því beita innflutningshöftum að því er snertir þær vörur, þótt Ísland væri orðið aðili að samtökunum. Langstærsti flokkurinn, sem háður er leyfum enn, er olíur og benzín, en nauðsynlegt er að viðhalda óbreyttu fyrirkomulagi varðandi viðskipti með þær vörur vegna viðskiptanna við Sovétríkin. Um þetta atriði yrði væntanlega að semja sérstaklega við EFTA. Aðrir völuflokkar, sem háðir eru leyfum og falla undir fríverzlunarákvæðin, eru yfirleitt ekki mikilvægir fyrir austurviðskiptin.

Gefa þarf enn fremur sérstakan gaum að þeim áhrifum, sem tollalækkun gagnvart EFTA-löndum hefði á jafnkeypisviðskiptin við Austur-Evrópu. Árið 1967 námu kaup okkar á þeim vörum frá Austur-Evrópulöndum, þar sem um tollamismun yrði að ræða, um 163 millj. kr. Af þeirri upphæð námu skipakaup frá Austur-Þýzkalandi 111 millj. kr. Innflutningur skipa er tollfrjáls, þannig að sala þeirra frá löndum utan EFTA mundi á engan hátt torveldast, þótt Ísland gerðist aðili að samtökunum. Þau vörukaup, sem sætt hefðu tollamismunun, ef Ísland hefði verið aðili að EFTA árið 1967, námu því raunverulega aðeins um 50 millj. kr. eða rúml. 6% af heildarinnflutningnum frá þeim löndum, en hann var 1814 millj. kr. á þessu ári. Þessi 50 millj. kr. innflutningur var svo að segja allur frá öðrum Austur-Evrópulöndum en Sovétríkjunum, þ. e. a. s. Póllandi, Austur-Þýzkalandi og Tékkóslóvakíu. Jafngildir þetta því, að breyting tolla vegna aðildar Íslands að EFTA mundi engin áhrif hafa á viðskipti okkar við þá þessara þjóða, sem langmestu máli skiptir, Sovétríkin. Helztu vörutegundirnar, sem hér er um að ræða frá þrem fyrrnefndum löndum, eru vefnaðarvörur, en það er um 40% tollur, fatnaður með 65% toll, skór með 60—65% toll og súkkulaðivörur, ferðabúnaður o. fl. með 90—100% toll. Augljóst er, að jafnhár tollur og er á þessum vörum mundi torvelda mjög sölu þeirra hingað frá löndum utan EFTA. En Ísland hefur að sjálfsögðu fullt frjálsræði til þess að lækka þessa tolla og aðra verndartolla að vild gagnvart löndum utan Fríverzlunarsamtakanna. Væri eflaust rétt, að þessir tollar væru ekki hærri en svo, að þeir torvelduðu ekki austurviðskiptin.

Sjálfsagt er að gera á engan hátt lítið úr erfiðleikum þess fyrir Íslendinga að tengjast Fríverzlunarsamtökunum. Engu að síður er það skoðun ríkisstj., að viðskiptahagræði, sem af því mundi hljótast bæði í nútíð og þó einkum í framtíð, væri mun þyngra á metunum. Auk þess má ekki meta þetta mál, sem hér er um að ræða, út frá þröngum stundarhagsmunum. Hér er um stærri sjónarmið að tefla. Íslendingar eru hluti af Vestur-Evrópu. Þar er ekki aðeins stærsta viðskiptasvæði þeirra, heldur er menning Íslendinga grein vestur-evrópskrar menningar. Íslendingar hafa komið á í ríki sínu þjóðfélagsháttum, sem eru grundvallaðir á sömu hugsjónum um frelsi og mannhelgi og mótað hafa iðnaðarríki Vesturlanda, og landið liggur miðsvæðis í þeim heimshluta, sem lýðræðisríkin báðum megin við Atlantshaf hafa bundizt órjúfandi samtökum að vernda. Allt bendir þetta til þess, hversu ríka hagsmuni Íslendingar hafa af því, að sú mikilvæga þróun, sem nú á sér stað í Vestur-Evrópu, verði ekki til þess að losa um tengslin milli ríkjanna, sem eru miðdepill þessarar þróunar, ekki aðeins vegna þess að viðskiptahagsmunir séu í hættu í bráð, heldur einnig vegna hins, að þegar til lengdar lætur er um að ræða allsherjartengsl okkar, menningarsamstarf og stjórnmálasamstarf við þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar og búa við líkt þjóðfélag því, sem hér er og við höfum öldum saman haft saman við að sælda. Framhjá þessum atriðum er ekki hægt að horfa. Hér er, að þessu leyti, alls ekki um dægurmál að ræða, og er það í sjálfu sér annars eðlis en þau mál, sem skipt hafa mönnum í stjórnmálaflokka í lýðræðisríkjum. Nauðsynlegt er, að við höfum opin augun fyrir þeirri þróun, sem nú er að eiga sér stað í Vestur-Evrópu, hvort sem okkur líkar hún betur eða verr. Þessi þróun má ekki verða til þess að skilja milli Íslands og Vestur-Evrópu og þar með milli Íslands og vestrænna landa yfirleitt. Íslendingar eiga að stefna að því að vernda tengsl sín við lýðræðisríkin báðum megin við Atlantshaf, efla þessi tengsl og bæta þau. Aukið samstarf við hin Norðurlöndin á sviði efnahagsmála er og mjög æskilegt, en aukið samstarf Norðurlandanna innan EFTA er nú mjög á dagskrá. Íslendingar gætu ekki orðið aðilar að slíku Norðurlandasamstarfi án þess að eiga aðild að EFTA, svo að leiðin til þátttöku í því er þátttaka í EFTA. Íslenzkt þjóðfélag hlýtur framvegis, eins og hingað til, að mótast á sömu grundvallarsjónarmiðum og þjóðfélög nálægra lýðræðisríkja og hlýtur því í aðalatriðum að þróast á svipaðan hátt og þau gera. Þess vegna er nauðsynlegt, að Íslendingar geri sér grein fyrir því, með hverjum hætti Ísland geti tekið þátt í þeirri þróun í viðskipta- og efnahagsmálum álfunnar, sem nú á sér stað. Hér er hins vegar ekki um einfalt mál að ræða. Þótt tengsl Íslands við nágrannalönd og skyldleiki þjóðfélags þess við þjóðfélag þeirra sé augljós, er hitt jafnljóst, að vegna smæðar þjóðarinnar, fjarlægðar frá öðrum löndum og einhæfni náttúruauðlinda, hefur Ísland að mörgu leyti algera sérstöðu. Jafnframt þeirri stefnu að halda tengslum við nágrannalönd okkar og efla þau og fylgjast með þjóðfélagsþróun þeirra, hljótum við að halda fast við mikilvæg sérkenni hvers þjóðfélags, sem við höfum komið á og leggja áherzlu á að halda í eigin höndum úrslitavaldi yfir þróun efnahagsmála okkar og hagnýtingu náttúruauðlinda landsins. Íslendingar hljóta að treysta því, að fyrir þessum sjónarmiðum sé fullur skilningur hjá stjórnvöldum allra þeirra ríkja, sem við mundum þurfa að semja við um þessi mál. Í rauninni skiptir nú ekkert meira máli fyrir framtíð Íslendinga en einmitt, hvernig okkur tekst að finna réttan meðalveg milli einangrunar og of náinna tengsla við umheiminn, milli stöðnunar og of skjótra breytinga. Hvernig eiga Íslendingar annars vegar að keppa að því að gera Ísland kleift að vera þátttakandi í þeirri þróun viðskipta- og efnahagsmála álfunnar, sem nú á sér stað, en tryggja þjóðina hins vegar fyrir þeirri hættu, sem þessi þátttaka getur falið í sér vegna smæðar hennar og einhæfni náttúruauðlinda landsins?

Ef till. þessi, sem hér er til umr., verður samþ., mun ríkisstj. þegar í stað senda beiðni til Fríverzlunarsamtakanna um aðild. Æskilegast er, að aðildarbeiðnin geti legið fyrir ráðherrafundi samtakanna, sem halda á í Vínarborg 21. — 22. þ. m. Er því æskilegt, að hið háa Alþ. hraði afgreiðslu þessarar till.

Ég legg áherzlu á, að ríkisstj. mun áfram hafa samstarf við stjórnarandstöðuflokkana í þessu máli, og sérstaka áherzlu legg ég á, að aðildarumsóknin jafngildir að sjálfsögðu ekki aðild. Aðildarumsóknin er leið til þess að kanna með hvaða kjörum Ísland getur orðið aðili að Fríverzlunarsamtökunum. Þegar samningaviðræður hafa leitt það atriði í ljós, kemur að því, að Íslendingar taki ákvörðun um það, hvort þeir vilji gerast aðilar eða ekki. Mun þá málið í heild verða lagt fyrir Alþ. og það taka endanlega ákvörðun.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til síðari umr. og til hv. utanrmn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég tel, að ákvörðun um aðildarbeiðni Íslands að EFTA eigi að fresta. Ég er því alls ekki andvígur, að kannað sé, hvort og með hvaða kjörum Ísland geti gerzt með einhverjum hætti aðili að EFTA, en ég tel það ekki tímabært eins og sakir standa. Ég býst við því, að það geti orðið óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga að tengjast EFTA með einhverjum hætti. Ég býst við, að framvindan geti orðið sú. En áður en slíkt getur orðið, þurfum við að athuga margt hjá okkur sjálfum, og við þurfum að lagfæra margt hjá okkur sjálfum. Ég held, að við séum ekki við því búnir, eins og sakir standa nú, að gera þær stökkbreytingar eða þá aðlögun, sem þarf. Að vísu er gert ráð fyrir, að aðlögunartími fáist og vitaskuld skiptir það máli, hver hann verður. En það er út af fyrir sig gagnslaust að senda inn umsókn, nema við séum

búnir að gera það dæmi upp við okkur sjálfa. Ég tel þann tíma, sem til þess er valinn að taka ákvörðun um þetta mál, illa valinn. Þjóðin hefur um þessar mundir um ærið annað að hugsa.

Þjóðin stendur nú frammi fyrir hrikalegri vandamálum í efnahagslífi og atvinnumálum en oftast nær áður. Það er um þau mál, sem þarf að hugsa. Það er við þau vandamál, sem Alþ. og ríkisstj. þurfa og eiga að glíma. Þegar þannig er ástatt, er ekki ástæða til að fara að fást við þetta svokallaða EFTA-mál, en það þarf enn mikillar athugunar við, að mínum dómi, því að það er laukrétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að hér er engan veginn um einfalt mál að tefla, heldur er hér um málefni að ræða, sem getur haft ýmsa kosti í för með sér, en hefur líka augljóslega ýmis vandkvæði í för með sér, og þetta þarf að vega og meta og athuga margt fleira í því sambandi. Hér er að vísu aðeins um óskuldbindandi umsókn að ræða. En það er samt ekki hægt að senda slíka umsókn út í bláinn. Það er eins og þar stendur, að í upphafi skyldi endirinn skoða. Áður en umsókn, jafnvel þótt óskuldbindandi sé, er send, þurfum við að gera okkur rækilega grein fyrir málinu í heild. Hvaða réttindi og hvaða kvaðir fylgja aðild að EFTA? Eftir hverju er þar að sækjast sérstaklega fyrir Íslendinga, og hvaða undanþágur eru það, sem Íslendingar þurfa sérstaklega að fá o.s.frv.? Þess vegna er það, að fyrst og fremst verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvaða markmið það séu, sem við ætlum að stefna að með samningum við EFTA. Um það ætla ég, að flestir séu sammála, að Ísland þurfi þar á ýmsum sérákvæðum og undanþágum að halda. En mér sýnist mikið skorta á, að fullnægjandi athugun hafi farið fram á þessum efnum. Alþ. þarf að gefast ríkulegt tóm til þess að athuga þessi atriði, og svo er um mörg önnur efni í sambandi við þetta mál, þó að ég nefni þau nú ekki sérstaklega í mínu máli hér.

Vegna þess efnahagsvanda, sem við er að glíma, má vænta víðtækra efnahagsaðgerða á næstunni. Ég tel, að ýmsar þær efnahagsaðgerðir þyrftu að vera þess háttar, að óvíst er, að þær séu í samræmi við þá stefnu, sem EFTA er byggt á. Ég býst t. d. við því, að það geti orðið óhjákvæmilegt á næstunni að takmarka innflutning á ýmsum þeim iðnaðarvörum, sem nú keppa harðast við íslenzka framleiðslu. Ég tel því skynsamlegast að bíða með EFTA-málið, þar til gengið hefur verið frá efnahagsaðgerðum. Að þeim gerðum, getur margt legið ljósara fyrir en nú. Það er auðvitað algerlega tómt mál að tala um aðild að EFTA, nema við komum okkar efnahagsmálum í viðunandi horf, nema efnahags- og verðlagsþróun hér á landi verði með eitthvað líkum hætti og í þeim löndum, sem eru í Fríverzlunarbandalaginu. Það er alger forsenda fyrir því, að aðild Íslands að Fríverzlunarbandalaginu geti komið til greina.

Það má segja, að eitt aðalatriði EFTA-samningsins sé, eins og hæstv. ráðh. gerði grein fyrir, niðurfelling verndartolla á iðnaðarvörum og að einhverju leyti niðurfelling á unnum sjávarvörum og jafnvel á unnum landbúnaðarvörum. Það er augljóst mál, að niðurfelling slíkra tolla skapar stórkostlegt vandamál. Þar er í fyrsta lagi um að tefla mjög stórkostlegt tekjutap fyrir ríkissjóð, og hæstv. ráðh. nefndi í því sambandi um 1000 millj. kr. Það er augljóst, að það tekjutap þarf að bæta ríkissjóði upp með einhverjum hætti. Ég hygg, að það sé ekki svo auðvelt nú að benda á leiðir til þess að bæta ríkissjóði slíkan tekjumissi, og ég efast um, að það verði auðvelt, jafnvel þó að nokkur aðlögunartími fáist. Og ég verð að segja það, að þeir tekjuliðir, sem hæstv. viðskmrh. nefndi í því sambandi, sýnast mér ekki sérstaklega lokkandi. Og það mætti segja mér, að þegar þar að kæmi, mundi vefjast fyrir ýmsum að finna leiðir til þess að bæta ríkissjóði upp það tekjutap, sem hann verður fyrir með þessum hætti, með viðunandi móti. Þetta er vissulega alvarlegt, en þó er hitt miklu alvarlegra, að mínum dómi, að niðurfelling verndartollanna hlýtur að hafa mjög mikil áhrif á innlendan iðnað, eins og reyndar hæstv. viðskmrh. líka gerði grein fyrir og viðurkenndi. En ég held, að það liggi alveg ljóst fyrir og kemur reyndar fram í þeirri EFTA-skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram, að ýmislegt af þeim iðnaði, sem nú er hér í landinu, getur ekki staðizt þá samkeppni, sem verða mundi, ef óheftur tollfrjáls innflutningur frá EFTA-löndunum kæmi til greina. Hann væri dauðadæmdur. Við þessar iðngreinar vinnur margt fólk, eins og hæstv. ráðh. líka gerði grein fyrir. Ég held, að ef þessar iðngreinar falla niður með skjótum hætti, mundu hljótast af því veruleg vandkvæði. Það mundu margir verða atvinnulausir, og það mundu geta hlotizt af því staðbundin vandkvæði á einstökum stöðum. Ég efast um, að við höfum, eins og sakir standa og atvinnumálunum nú er háttað, efni á því að leggja þessar iðngreinar, sem hér er um að tefla, í rúst. Það þarf eitthvað að koma í staðinn, sem tekur við því fólki, sem atvinnulaust verður við það, að þessar iðngreinar geta ekki starfað lengur, þegar þær eiga að mæta óheftri samkeppni erlendis frá. En þá segja menn: „Það mun hinn stóri markaður, sem opnast við aðild að Fríverzlunarbandalaginu hafa í för með sér. Þá opnast alveg nýir möguleikar fyrir útflutningsframleiðslu á iðnaðarvörum.“ Betur, að satt væri, og það vona ég, að muni verða, þegar til kemur. En ég verð að segja, að ég held, að það liggi ljóst fyrir, að ef slíkir draumar eiga að geta rætzt, þarf að gera hér mjög miklar breytingar á allri efnahagsþróun, og þá þarf að marka stefnu í iðnaðarmálunum. Og að mínum dómi þyrfti að marka þá stefnu, áður en horfið er að því ráði að gerast aðili að EFTA, og það á að marka þá stefnu, áður en horfið er að því ráði að sækja um aðild að EFTA, því að auðvitað þurfa menn að gera sér grein fyrir þessum málum, áður en þeir leggja umsókn fram, enda þótt hún sé óskuldbindandi, en það liggur ljóst fyrir, að þessi stefna í iðnaðarmálunum, sem er alveg nauðsynleg forsenda fyrir því, að hægt sé að gera sér nokkra raunhæfa von til

þess, að útflutningur á iðnaðarvörum geti orðið í stórum stíl, hefur enn ekki verið mörkuð. Og það kemur alveg glöggt fram í þessari skýrslu um Fríverzlunarbandalagið, sem hér hefur verið lögð fram. Það kemur m. a. fram hér á bls. 55 í þessari skýrslu, sem ég vildi leyfa mér að vitna til, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Í þessari skýrslu er ekki ætlunin að meta afkomu og vaxtarmöguleika íslenzks iðnaðar eða einstakra greina hans við þær breyttu aðstæður, að hann njóti frjáls aðgangs að stóru markaðssvæði, en taki jafnframt að lokum á sig fulla samkeppni utan frá. Þær ýmsu upplýsingar, sem fyrir liggja, og aðrar, sem afla þyrfti frá iðnaðinum sjálfum, geta varpað ljósi á mörg atriði, sem þarna skipta máli. Slík rannsókn á málefnum iðnaðarins og einstökum greinum hans, sem legið gæti til grundvallar mótun alhliða stefnu í iðnaðarmálum, er meginverkefnið, sem bíður úrlausnar. Er það vegna þeirrar fyrirsjáanlegu aukningar atvinnufólks, sem sjá verður fyrir starfi í iðnaði, og áður er vikið að, og í raun óháð öllum bollaleggingum um þátttöku Íslands í fríverzlun. Slík þátttaka mundi að sjálfsögðu gera úrlausn verkefnisins enn brýnni."

Það er sem sagt viðurkennt hér, að þessi rannsókn þurfi að fara fram. Það er viðurkennt, að þessa alhliða stefnu í iðnaðarmálum þurfi að móta. Það er líka viðurkennt, að þessi rannsókn hefur ekki farið fram og þessi stefna hefur ekki verið mótuð til þessa. Það kom fram hjá hæstv. viðskmrh., að aðild að EFTA mundi ýta mjög á eftir því, að mótuð yrði alhliða stefna í iðnaðarmálum, og hið sama kemur fram í þessari skýrslu bls. 56. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðild að fríverzlun yrði því opinbera sá hvati, sem til þarf að móta þá alhliða stefnu í iðnaðarmálum, sem nauðsynleg er, og því einnig, að þessu leyti, iðnaðinum til mestra hagsbóta."

Ég verð að segja, að mér sýnast málefni iðnaðarins vera svo mikilsverð, að það þurfi ekki að bíða eftir aðild að EFTA með að móta alhliða stefnu í iðnaðarmálum. Það á vissulega að vera hægt að móta alhliða stefnu í málefnum iðnaðarins án þess að verið sé að hugsa um EFTA. Það þarf að gera, og það á að gera, og það á að gera strax, alveg án tillits til þess, hvort við erum að hugsa um aðild að EFTA eða ekki. En ef við erum, og þegar við erum, að hugsa um aðild að EFTA, er það brýnt, að þessi stefnumótun hafi áður farið fram, því að annars ganga menn út í þetta með bundið fyrir augun. Ég verð að segja, að ég efast alveg um, að við höfum efni á því, eins og sakir standa, að afnema alla verndartolla, jafnvel þó að nokkurt aðlögunartímabil fengist. Þess vegna held ég, að það hljóti að verða eitt af viðræðuefnunum við EFTA að fá einhverjar undanþágur í þessu efni, einmitt vegna algerrar sérstöðu Íslands. Það er enn í þessari skýrslu, sem hér liggur fyrir, rækilega undirstrikað, að það þurfi að móta stefnu í málefnum iðnaðarins. Það er bent á, að markaðurinn sé hér of þröngur, en í framhaldi af því segir svo hér á bls. 63 í þessari skýrslu, með leyfi forseta:

„Með þátttöku í fríverzlun EFTA-landanna má draga úr þessum hömlum á uppbyggingu heilbrigðs iðnaðar, sem framleiddi bæði fyrir innanlandsmarkað og útflutning. Samhliða því yrði að marka heildarstefnu hins opinbera, sem stuðlaði að örari iðnþróun á samkeppnisgrundvelli."

Hér er sem sagt alls staðar verið að tala um nauðsyn þess, að mótuð sé alhliða stefna um þróun iðnaðarins, og því er ég sammála, en sá er munur á minni afstöðu og — að því er virðist — afstöðu hæstv. ráðh., að ég tel, að þetta þurfi að gera, áður en við hverfum að því ráði að æskja inngöngu í EFTA, því að það þarf enginn að ætla, að þessi mál, þessi vandkvæði, leysist, eins og af sjálfu sér, við inngöngu í EFTA. Það getur verið skemmtilegt að byggja skýjaborgir, en skýjaborgir leysa engan vanda. Við þurfum að líta raunsætt á þessi mál. Við þurfum að kanna, hvað þarf að gera varðandi og fyrir íslenzkan iðnað, til þess að nokkur von geti verið til þess, að hann geti keppt á erlendum markaði við iðnaðarvörur háþróaðra iðnaðarþjóða. Það er engan veginn nóg, að það opnist hundrað milljóna manna markaður. Við verðum að vera þar samkeppnishæfir, og hvernig er aðstaða íslenzks iðnaðar í dag til þess? Ég held, að það sé ekki ofsagt, að hún sé veik. Hún sé mjög veik. Íslenzkur iðnaður á einmitt í dag við ýmsa örðugleika að etja, m. a. fjárhagsörðugleika, eins og hæstv. ráðh. vék reyndar nokkuð að. Ég hygg, að framleiðslukostnaður hér sé í mörgum tilfellum meiri en í þeim löndum, sem við ætlum að leita markaða í. Ég hygg, að það liggi líka nokkuð mikill aðstöðumunur í þeirri fjarlægð, sem er milli Íslands og þessara markaðslanda, sem við ætlum að sækja til. Það þarf áreiðanlega meira en drauma eina til þess, að útflutningsframleiðsla á iðnaðarvarningi geti orðið raunveruleiki. Það þarf áreiðanlega mikið að gera fyrir iðnaðinn, og það þarf áreiðanlega mikið að bæta aðstöðu hans, og það þýðir ekki að víkja sér undan því verkefni með því að segja, að þetta verði gert síðar. Vissulega þarf að gera þetta. Það þarf að móta alhliða stefnu í iðnaðarmálum, og það þarf að bæta aðstöðu iðnaðarins.

Þá vil ég aðeins víkja að 16. gr. EFTA-samningsins, sem hæstv. ráðh. fór reyndar ekki mikið inn á. En í þeirri grein felst, að útlendingar, þ. e. a. s. ríkisborgarar í þessum aðildarlöndum Fríverzlunarbandalagsins, hafi jafna aðstöðu á við Íslendinga til þess að stofnsetja fyrirtæki og reka atvinnufyrirtæki hér á landi á vissum sviðum. Ég skal aðeins segja það í stuttu máli, að ég tel útilokað, að Íslendingar geti gengið undir þessi ákvæði undantekningarlaust. Slík jafnréttisákvæði eru hættuleg. Jafnréttisákvæðin í sambandslagasamningnum við Danmörku þóttu hættuleg á sínum tíma, þegar Dönum einum var fengið hér jafnrétti, svo hættuleg, að sumir alþm. létu það ráða sínu atkv. og greiddu atkv. á móti sambandslögunum af þeim ástæðum, að þeir töldu það jafnrétti, sem þar

var um að tefla, svo hættulegt. En augljóst er, að þau jafnréttisákvæði, sem hér er um að ræða, eru miklu varhugaverðari, og auðvitað er hér í raun og veru ekki um nein jafnréttisákvæði að tefla, vegna þess, hve Íslendingar eru fámennir borið saman við þann fjölda, sem á að njóta þessara réttinda. Að vísu er rétt, að það eru ýmsir fyrirvarar í 16. gr. Þeir fyrirvarar eru ekki fullkomlega ljósir, og ég held, að það sé vafasamt, að í þeim sé fólgin nægileg vörn. Þetta mál þyrfti að athugast betur og hvaða undanþágur það væru í þessum efnum, sem Íslendingar þyrftu að reyna að tryggja sér. Í þessari skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram, er vitnað í það, að Norðmenn hafi siglt fram hjá þessu skeri með því að setja hjá sér sérstaka sérleyfalöggjöf. Það hefði auðvitað verið æskilegt, að í þessari skýrslu, sem hér liggur fyrir, hefði verið gerð nánari grein fyrir því efni, og ég held, að það sé einmitt eitt þeirra atriða, sem þarf að athuga nánar, áður en ákvörðun er tekin um þetta mál, hvernig Norðmenn hafa komið þessu fyrir hjá sér. En auðvitað er aðstaða Norðmanna, þó að smáþjóð sé, allt önnur en Íslendinga í þessu sambandi.

Nú berast þær fregnir, að Bretar hafi boðað, að 10% tollur skuli lagður á innflutt freðfiskflök frá öðrum ríkjum innan Fríverzlunarbandalagsins. Það er sá tollur, sem við greiðum, en höfum einmitt ætlað að komast undan með inngöngu í EFTA. Mér finnst dálítið skrýtið, og mér finnst það skjóta dálítið skökku við, að einmitt í sömu mund, — að einmitt þá daga, sem þvílíkar fregnir berast, — erum við að taka ákvörðun um að beiðast inngöngu í EFTA. Er ekki réttara að bíða dálítið átekta og fresta ákvörðun um þetta efni, meðan séð verður fyrir endann á þessum fyrirrætlunum Breta? Og ætli þessi ráðagerð Breta verði ekki nægilegt verkefni fyrir ráðherrafundinn í Vínarborg, þegar hann kemur saman í þessum mánuði, þó að hann fáist ekki við umsókn um aðild Íslands?

Menn segja auðvitað sem svo, að það sé ekki hundrað í hættunni, þó að send sé inn óskuldbindandi umsókn, það sé eftir að taka ákvörðunina og hún verði tekin, þegar það liggur fyrir, með hverjum skilyrðum við getum gerzt aðilar. Það er rétt, en ég held að það sé mjög óhyggilegt að senda umsókn á meðan við höfum ekki gert okkur fullkomlega grein fyrir því sjálfir að hverju á að stefna. Ég held, að það sé ekki hyggilegt að mæta til samningsviðræðna án þess að hafa alveg á hreinu, að hverju á að stefna með samningunum. Það er að vísu rétt, sem hæstv. ráðh. drap á, að ýmis þau hagsmunasamtök, sem samband hefur verið haft við, hafa lýst sig samþykka þessari umsókn, en þó er það svo, að hjá þeim öllum hafa komið fram fyrirvarar og einmitt frá iðnaðinum hefur slíkur fyrirvari verið sterklega undirstrikaður, þar sem í bréfi frá iðnrekendum er einmitt vitnað til ályktunar, sem síðasta ársþing iðnrekenda gerði og lögð var áherzla á, að fram færi rækileg athugun á því, hvernig framtíðarhagsmunir ísl. atvinnulífs verði bezt tryggðir með tilliti til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum á sviði alþjóðaviðskipta. Ég held sem sagt, að við þurfum að gefa okkur tóm til þess að athuga miklu nánar, heldur en mér virðist, að gert hafi verið hingað til, eftir hverju við ætlum að sækjast með einhvers konar aðild að EFTA, hvaða skilyrði við þurfum að setja í því sambandi og hvaða undanþágu við þurfum að fá. Það er frumskilyrði, að við sjálfir vitum, þegar til samninga verður gengið, að hverju skuli stefnt. Ég fellst á, að það sé ekki eðlilegt, að það sé tekið fram í sjálfri umsókninni, en að mínum dómi ætti það að koma fram í greinargerð með þessari þál. Það verður að liggja fyrir skrásett og bókfært, hvað það er, sem á að sækjast eftir í þessu sambandi. Það má segja, að nokkrar upplýsingar sé um það að finna í þeirri grg. eða bréfi, sem flokkunum var sent um þetta efni, þar sem lögð er áherzla á nokkur atriði. Þar er nefnt, að við þurfum að fá 10 ára aðlögunartímabil, að við þurfum þegar við inngöngu í bandalagið að fá fullt tollfrelsi, sem samtökin hafa komið á. Í þriðja lagi, að við fáum undanþágu fyrir afnámi innflutningshafta á olíum og benzíni, og í fjórða lagi, að freðfiskinnflutningsfyrirkomulaginu í Bretlandi yrði breytt með tilliti til þarfa okkar.

Eins og ljóst er af þessu, fer því fjarri, að þarna sé vikið að öllum þeim atriðum, sem ég tel nauðsynlegt, að komi fram í þessu sambandi og áherzla sé lögð á í sambandi við fyrirhugaða samninga. Og m. a. minni ég aftur á atvinnurekstrarréttindin. Ég minni aftur á iðnaðarmálin. Að vísu má segja, að margt í sambandi við iðnaðarmálin og mótun stefnunnar í þeim sé ekkert samningamál, heldur sé það mál okkar sjálfra að móta þá stefnu og gera þær ráðstafanir, sem gera þarf. En ég held, að þrátt fyrir allt, þá verði ekki hjá því komizt að sækjast eftir einhverri sérstöðu í þessum samningum að þessu leyti. Ég held, að það sé alveg óraunsætt að gera ráð fyrir því, að það verði hægt að opna hér allt upp á gátt, eins og gert er ráð fyrir. Það þarf áreiðanlega margt að breytast hjá okkur til þess. Og eins og ég sagði, þá álít ég, að þessi atriði hefðu átt að koma skýrt fram og vera mörkuð í grg. með þál. En það er ekki gert. Ég álít óeðlilegt, að það sé ekki gert, og þess vegna er hér um ótakmarkað umboð að ræða stjórninni til handa. Ég álít óeðlilegt, að henni sé veitt slíkt ótakmarkað umboð. Það er a. m. k. tæplega hægt að ætlast til þess, að stjórnarandstæðingar veiti henni slíkt umboð. Það held ég, að allir hljóti að skilja.

Ég vil taka það skýrt fram, eins og ég hef raunar áður gert, að ég er því ekki andvígur, að Íslendingar kanni, hvort og með hverjum hætti þeir geti fengið einhvers konar aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, enda þótt ég telji ákvörðun um það nú ekki heppilega. Ég tel, að það sé mjög óæskilegt og geti verið skaðlegt, að Íslendingar einangrist viðskiptalega. Þess vegna verður að finna leið til heppilegra tengsla við EFTA. Og það er vissulega rétt og athyglisvert, eins og hæstv. viðskmrh. drap á í sinni ræðu, að grannþjóðir okkar láta vel af sinni reynslu í þessu efni, og það er að sjálfsögðu atriði, sem orkar

á mann, þó að hitt verði alltaf að hafa í huga, að aðstaða þeirra er í raun og veru mjög ólík þeirri aðstöðu, sem hér er fyrir hendi. En hvað sem um það er, þá álít ég sem sagt ekki neitt bráðaðkallandi að leggja fram þessa umsókn nú. Ég álít, að við missum ekki af nokkrum strætisvagni, þó að þessi umsókn bíði næsta ráðherrafundar, en hann verður væntanlega í vor eða næsta sumar. Ég sé því enga ástæðu til þess fyrir stjórnina að knýja málið hér fram með nokkru hraði. Ég held að það þurfi enn, eins og ég hefi lítillega vikið að, mikillar athugunar við. Af þessum ástæðum, sem ég hef rakið, þ. e. a. s. vegna efnahagsástandsins, væntanlegra efnahagsaðgerða, ófullnægjandi athugunar á grundvallaratriðum, m. a. varðandi stefnuna í iðnaðarmálum, og þess, að grg. með þál. er ekki svo úr garði gerð, sem ég tel nauðsynlegt, legg ég til, að þessu máli verði frestað fyrst um sinn og að EFTA-nefndin haldi áfram að starfa og kanni málið betur en hún hefur gert til þessa. Þar sem hér er þó aðeins um óskuldbindandi umsókn að ræða, mun ég ekki gera þetta mál að miklu eða sérstöku kappsmáli. Hvernig, sem um það fer, tel ég mikils vert út af fyrir sig, að þannig sé á málinu haldið, að stjórnin og stjórnarandstaðan geti átt um það samstarf framvegis, og ég skildi yfirlýsingu hæstv. ráðh. á þá lund, að þannig væri fyrirhugað að halda á þessu máli.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þessum umræðum, þá hefur starfað um nokkurt skeið sérstök n., skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka hér á Alþ., til þess að kanna þetta mál, sem sú þáltill. fjallar um, sem hér liggur nú fyrir til umr. Í rauninni er það svo, að þessi n. hefur ekki lokið störfum enn, að mínum dómi, en hæstv. ríkisstj. eða flokkar þeir, sem hana styðja, hafa þó talið nauðsynlegt að flytja hér fyrirliggjandi till., um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökunum, þó sýnt væri, að samstaða væri ekki orðin í nefndinni um að flytja málið. Ég vil því gera hér grein fyrir afstöðu okkar Alþb.-manna til þessarar till.

Við Alþb.-menn teljum rangt að leggja fram umsókn um aðild að EFTA, eins og nú er ástatt. Við bendum á, að nú er við þannig vandamál að fást í efnahags- og atvinnumálum, að óhjákvæmilegt er, að okkar dómi, að grípa til ráðstafana í innflutnings- og gjaldeyrismálum, sem mundu fara mjög í bág við grundvallarstefnu EFTA-samkomulagsins. Auk þess hafa Bretar nýlega ákveðið að leggja 10% innflutningstoll á freðfisk frá EFTA-löndum og þannig lýst yfir stefnu, sem er andstæð hagsmunum Íslendinga. Þá teljum við einnig, að nauðsynlegt sé, að ljósar liggi fyrir en nú, hver verða mundu grundvallarskilyrði af Íslands hálfu fyrir aðild að EFTA. Við teljum því rétt að fresta málinu og áfram verði unnið að athugun á því, hvort hagkvæmt sé, að Ísland tengist EFTA með einum eða öðrum hætti.

Ég skal nú rökstyðja nokkru nánar þessa afstöðu okkar til þessarar till. og gera þá jafnframt nokkra grein fyrir okkar viðhorfum til málsins sem heildar.

Það er okkar álit, eins og fram er tekið í þessari afstöðu okkar, að nú sé þannig komið í okkar efnahagsmálum, að það verði ekki undan því vikizt, eins og gjaldeyrisstaðan er þegar orðin, að grípa til ráðstafana, a. m. k. um stundarsakir, sem miða að því að draga úr innflutningi á ýmiss konar varningi til landsins eða stöðva hann alveg á tímabili, en slíkar ráðstafanir mundu auðvitað vera svo að segja í þveröfuga átt við það, sem ætlast er til samkvæmt EFTA-samningnum. Við teljum, að það sé mjög óheppilegt að leggja fram beiðni um aðild og taka upp viðræður við EFTA-löndin um aðild Íslands að samtökunum, einmitt um sama leyti og við teljum óhjákvæmilegt að gera þess háttar ráðstafanir í okkar efnahagsmálum. Við teljum það mjög óheppilegt og í rauninni óeðlilegt að sækja um aðild einmitt á þeim tíma. Þá teljum við einnig, að illa fari á því að leggja nú fram aðildarbeiðni um leið og Bretar tilkynna þá ráðstöfun sína, að þeir ætli að leggja 10% innflutningstoll á innflutt hraðfryst fiskflök til Bretlands, en þar var einmitt um að ræða eitt af aðalatriðunum, sem vöktu fyrir okkur nú eins og ástatt er. Það var einmitt að fá þau hlunnindi, sem a. m. k. var talið líklegt, að við gætum fengið með aðild að EFTA, þ. e. a. s. að losna undan því að þurfa að borga 10% toll af þeim freðfiskflökum, sem við kynnum að selja til Bretlands. Ef þau ákvæði, sem gilt hafa í Bretlandi varðandi innflutning á freðfiskflökum fyrir skandinavísku löndin, sem aðild hafa að EFTA, eru felld niður, þá er erfitt að sjá eftir hverju við værum að sækjast með aðild okkar að þessum samtökum, sérstaklega eins og nú standa sakir. Við teljum því mjög óheppilegt að tilkynna um aðildarumsókn okkar einmitt um sama leyti og Bretar lýsa yfir þessari afstöðu sinni.

Þá er það einnig okkar afstaða, að við teljum, að áður en lögð er fram beiðni um aðild, sé nauðsynlegt, að sem víðtækust samstaða sé sköpuð hér innanlands fyrir því, hvaða grundvallarkröfur eigi að gera eða setja fyrir aðild Íslands að þessum samtökum. Að sjálfsögðu hefur nokkuð verið rætt um þau atriði í þessari EFTA-nefnd, sem starfað hefur, en hún hefur engan veginn lokið við þær umræður enn. Þau atriði, sem hér hafa komið fram í þessum umræðum, sem telja mætti sjálfsögð grundvallarskilyrði af Íslands hálfu fyrir aðild okkar, er að leita eftir því, að iðnaður okkar fái a. m. k. 10 ára aðlögunarmöguleika og atriði eins og að reyna að ná sérstöku samkomulagi um, að hægt sé að halda áfram í aðalatriðum þeim viðskiptum, sem Ísland hefur haft við Austur-Evrópulöndin. Þessi atriði og nokkur önnur, sem hér hefur verið minnzt á, eru að okkar dómi engan veginn fullnægjandi. Hér koma til ýmis önnur mjög mikilvæg atriði, sem afstaða manna til þarf að liggja ljós fyrir. Í þeim efnum vildi ég alveg sérstaklega nefna, að það er augljóst, að ef Ísland gerðist aðili að EFTA og skuldbyndi sig til að fella niður á ákveðnu tímabili alla tolla á iðnaðarvörum,

sem fluttar eru til Íslands frá EFTA-löndum, að þá kemur að sjálfsögðu strax upp sú mikla spurning, hvernig eigi að fara með tollana á sams konar vörum frá öðrum löndum en EFTA-löndum. Dettur nokkrum manni í hug, að hægt verði að bjóða okkar stóru viðskiptalöndum, eins og t. d. Bandaríkjunum annars vegar og Sovétríkjunum hins vegar, upp á það, að við tollum iðnaðarvarning frá þeim, sem nemur 40, 50 eða 60% á sama tíma, sem sams konar vörur, sem fluttar yrðu inn, t. d. frá Bretlandi eða öðrum EFTA-löndum, væru ekki tollaðar neitt? Nei, ég hygg, að öllum sé ljóst, að slíkt kæmi ekki til greina. Það yrði einnig að koma til mjög veruleg tollalækkun gagnvart þeim löndum, sem eru utan EFTA-svæðisins. Þá er aðeins spurningin þessi: Geta menn þá t. d. fallizt á það sjónarmið, að um leið og við færum niður tolla á vörum frá EFTA-löndum, sé óhjákvæmilegt að gera það nokkurn veginn í sömu hlutföllum gagnvart a. m. k. þýðingarmestu viðskiptasvæðum okkar, sem standa utan EFTA. Þetta er atriði, sem ég fyrir mitt leyti legg mjög mikla áherzlu á og tel, að skipti miklu máli. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef þannig yrði haldið á málum, að með þátttöku okkar í EFTA tækjum við upp tollastefnu, sem raunverulega mismunaði allverulega, t. d. Sovétríkjunum annars vegar og Bandaríkjunum hins vegar, borið saman við EFTA-löndin, þá mundu þessi ríki láta okkur kenna á því í viðskiptum sínum við okkur á öðrum sviðum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, miðað við fyrri samningagerðir, sem við höfum staðið í, t. d. við Austur-Evrópulöndin, að þau mundu taka tillit til þess arna í því verði, sem þau gæfu okkur kost á fyrir þær vörur, sem við værum að selja til þeirra. Þetta hefur sem sagt komið fram áður í svipuðum tilfellum í viðskiptum okkar, t. d. við þau lönd. Það liggur einnig fyrir, að Bandaríkin hafa að undanförnu verið að senda frá sér mjög harðorðar hótanir til ákveðinna landa í Evrópu, um að þau muni taka upp ákveðnar ráðstafanir, gagnráðstafanir, í nokkuð svipuðum tilfellum sem þessum, ef þau telji, að það sé verið að beita þau misrétti í viðskiptum. Nú liggur það hins vegar fyrir, að okkar þýðingarmestu markaðssvæði, eins og nú standa sakir, eru einmitt í Bandaríkjunum og Austur-Evrópu, og það skiptir því mjög miklu máli fyrir hagsmuni þjóðarheildarinnar, hvernig á þessu máli verður haldið. Það hefur komið fram í þeim upplýsingum, sem fengizt hafa frá þeim, sem kunnugir eru framkvæmdinni á þessu EFTA-samkomulagi, að það verður að sjálfsögðu tilhneiging hjá hinum sterku aðilum innan EFTA, eins og t. d. Bretum, að reyna að knýja okkur til þess að mynda svona mismunun í tollum á milli EFTA-landanna annars vegar og hins vegar landa, sem standa utan svæðisins. Á því er enginn vafi. Það hafa þeir reynt að gera í ýmsum tilfellum við þær þjóðir, sem nú eru innan EFTA. Ég tel því, að mjög miklu máli skipti í þessum efnum að koma sér saman um, á hvaða megingrundvelli ætlunin er að standa, ef til aðildar kynni að koma. Þetta hefur ekki ennþá verið gert. Ég veitti því þó athygli, að hv. viðskmrh. sagði hér, þegar hann talaði fyrir tillögunni, að hann teldi, að í þessum efnum yrði að gæta þess að haga ákvörðun um tolla frá löndum utan EFTA-svæðisins þannig, að ekki hlytust þar af vandkvæði fyrir íslenzka hagsmuni. En ég tel sem sagt, að þetta atriði liggi engan veginn nægilega ljóst fyrir. Það er þó mjög mikilvægt.

Ég vil einnig benda á annað atriði, sem engin samstaða hefur enn verið sköpuð um, en það er, hvaða grundvallarskilyrði skuli vera frá hálfu Íslendinga í sambandi við þátttöku varðandi ákvæði 16. greinar EFTA-samkomulagsins, þar sem fjallað er um eignarrétt og atvinnurekstrarréttindi borgara annarra EFTA-landa, t. d. á Íslandi, ef Ísland yrði þar aðili að, eða þennan gagnkvæma rétt borgara í EFTA-löndum hvers í annars landi. Ég tel fyrir mitt leyti, að það þurfi að marka þá stefnu, að það sé alveg ákveðið af okkar hálfu, að ísl. stjórnarvöld verði að hafa þar fullan ákvörðunarrétt um í hverju einstöku tilfelli, hvort borgarar annarra EFTA-ríkja eigi að fá hér réttindi til atvinnurekstrar eða annarrar starfsemi til jafns við Íslendinga eða ekki. Það verði að liggja alveg ljóst fyrir, að við stefnum að slíkum ákvæðum. Þetta tel ég, að liggi ekki fyrir. Það er t. d. upplýst, að það beri að skilja ákvæði þessarar 16. greinar EFTA-samningsins þannig, að um það sé ekki að villast, að borgarar EFTA-lands fái í hverju EFTA-landi um sig sams konar rétt og heimaaðilar hafa, t. d. til þess að koma upp og reka heildsöluverzlun. Upplýsingar um þetta atriði liggja þó alveg ljósar fyrir. Það mundi allt svo þýða, að ef Ísland gerðist aðili að EFTA, þá fengju brezkir borgarar sama rétt og Íslendingar til þess að koma upp og reka heildsölufyrirtæki hér á landi. Hins vegar er það aftur upplýst, að þessi réttur nái ekki til t. d. smásölurekstrar. Þessi ákvæði ná auðvitað miklu lengra út heldur en aðeins til heildsölurekstrar. Þau ná einnig til ýmiss konar atvinnurekstrar, þar sem um er að ræða framleiðslu á svonefndum EFTA-varningi eða vörum, sem falla að fullu undir EFTA-ákvæði. Þarna er því um mjög mikilvægt atriði að ræða, þar sem þarf að liggja nokkuð ljóst fyrir, hver afstaða okkar Íslendinga er áður en gengið er að því að semja við erlenda aðila um þátttöku í þessum samtökum.

Það hefur nokkuð verið rætt um það hér, hvaða kostir mundu fylgja því, að Ísland gerðist aðili að EFTA, og ég tók eftir því, að hv. viðskmrh. orðaði það eitthvað á mjög almennan hátt og þó mest þannig, að hann teldi, að þetta gæti skapað okkur mikla möguleika til viðskipta við EFTA-löndin í framtíðinni, þegar við hefðum komið upp útflutningsiðnaði hér á landi. En það er rétt að gera sér grein fyrir því, að eins og nú standa sakir, mundum við ekki hafa mikinn hag af því að verða aðilar að EFTA. Það er rétt, að við mundum spara okkur nokkrar greiðslur í tollum, eins og nú standa sakir, einkum í Bretlandi af útfluttu síldarlýsi, eitthvað

lítillega af fiskmjöli og mjög lítið af niðursoðnum sjávarafurðum. Af þessum vörutegundum og einnig eitthvað lítillega af frosnum fiskflökum, þá hefðum við getað sparað okkur, ef reglurnar stæðu áfram um 10% tollalækkunina. En þarna er um tiltölulega litlar fjárhæðir að ræða miðað við það, sem verið hefur. Á undanförnum árum hefur þessi tollur af útflutningi frá okkur til Bretlands numið frá 14.4 millj. '66 til 41.4 millj. '65. Hér er ekki um fjárhæðir að tefla. Það er rétt, að hér gæti verið um talsverðar fjárhæðir að ræða, ef síldarlýsisframleiðsla okkar væri mjög mikil, því að stærstu kaupendurnir eru í Bretlandi. En brezki fiskmarkaðurinn hefur verið þannig, nú um nokkurra ára bil a. m. k., að hann hefur verið svo miklu lakari en sá markaður, sem við hefðum getað snúið okkur að í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum og í nokkrum öðrum löndum, að jafnvel þó við hefðum ekki þurft að borga 10% tollinn, þá hefðum við ekki notað þann markað, nema að sáralitlu leyti. Ég held því, að eins og háttað er framleiðslumálum okkar og útflutningsmálum, sé hér ekki um mikið að tefla, eins og sakir standa. Ég vil hins vegar ekki neita því, að það geti orðið í framtíðinni, að hér verði byggður upp einhver útflutningsiðnaður, sem þyrfti mjög á að halda að komast inn á markað EFTA-landanna og þá vitanlega fram hjá öllum tollum þar. Það gæti t. d. komið til þess, að við legðum meiri áherzlu en við höfum gert á uppbyggingu niðursuðuiðnaðar og niðurlagningariðnaðar, og þá gæti komið til þess, að þarna sköpuðust nokkrir möguleikar fram yfir þá, sem við höfum haft. Því vil ég ekki neita. En það er líka rétt að gera sér grein fyrir því, að markaður fyrir þessar vörur er sérstaklega erfiður viðureignar einmitt í þessum löndum. Á þessum markaði eru fyrir aðilar, t. d. með niðursoðnar sjávarafurðir og niðurlagðar sjávarafurðir, sem þar eru búnir að vera í mörg, mörg ár og búnir að vinna sér þar fótfestu. Og það verður ábyggilega ekkert auðvelt verk fyrir okkur að komast inn á þennan markað, jafnvel þó að þar væri ekki um neinn innflutningstoll að ræða. Það hefur líka sýnt sig, að við höfum leitað til ýmissa annarra aðila á þeim tímum, sem við höfum verið að byggja upp iðnað af þessu tagi. Við seljum nú, — t. d. í sambandi við okkar niðursuðuvörur, — langsamlega mest einmitt til Austur-Evrópusvæðisins. Verði það svo ofan á, að Bretar neiti með öllu að afnema 10% tollinn á frosnum fiskflökum, eins og þeir hafa lýst yfir nú, get ég ekki séð, að hagnaður okkar af því að ganga í EFTA sé, eins og sakir standa, nema hverfandi lítill. Og út frá því sjónarmiði sé ég ekki, að það sé nokkuð, sem kallar á með að leggja fram aðildarbeiðni einmitt nú, áður en við höfum að fullu komið okkur saman um, hvaða grundvallarskilyrði við viljum setja í sambandi við slíka samninga og á þeim tímum, sem við þurfum í rauninni fremur að snúa okkur að öðrum málum en glíma við þetta mál. Það er ekkert, sem knýr hér á. En með þessu segi ég ekki, að ekki sé rétt að halda áfram að athuga þetta mál og kanna, með hvaða hætti við gætum helzt tengzt þessu verzlunarsvæði, þótt síðar yrði. Því er heldur ekki að neita, að það er vissulega hugsanlegt, að það takist að byggja upp aðrar iðngreinar, sem gætu orðið útflutningsgreinar, en þær, sem tengjast við okkar sjávarútveg. Það er ekki útilokað, og það ber vitanlega að leita að öllum slíkum möguleikum. En ég held, að þetta liggi ekki fyrir í dag. Það er a. m. k. mjög erfitt að fá nokkuð fram um, hvaða íslenzkur iðnaður á öðrum sviðum geti tekið þátt í útflutningi að ráði. Það er eigi að síður rétt, og ég geri mér grein fyrir því, að það þarf að vinna að því að koma upp slíkum greinum, — reyna að styrkja þær til útflutnings, — og þá væri vissulega hagstætt að hafa réttindi innan slíks verzlunarsvæðis og hér er um að ræða. En þetta sem sagt liggur ekki fyrir nú að mínum dómi.

Ég minntist á það áður, að það væri skoðun okkar Alþb.-manna, að svo væri nú komið í okkar efnahagsmálum, að við mundum þurfa að grípa til a. m. k. bráðabirgðaráðstafana í þá átt að vernda íslenzka framleiðslu meira en er í dag, bæði til þess að spara okkur gjaldeyri og eins til þess að auka vinnu í landinu sjálfu. Við erum ekki einir um þessa skoðun. Ég hef t. d. veitt því athygli, að nýlega afstaðið flokksþing Alþfl. gerði einmitt samþykktir í þessa sömu átt, og ég efast ekki um, að slík samþykkt hefur ekki farið fram hjá hv. viðskmrh., sem nú er orðinn formaður Alþfl. En í verkalýðsmálaályktun þessa síðasta flokksþings Alþfl. segir m. a. um þetta atriði, orðrétt:

„Hagsmunir íslenzks iðnaðar verði tryggðir í samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur með verndartollum eða með því að stöðva innflutning á þeim iðnaðarvörum, sem orsakað hefur samdrátt í íslenzkum iðnaði."

Hér er því beinlínis lýst yfir sem stefnumáli þessa flokksþings, að það þurfi að grípa til aukinna verndarráðstafana fyrir innlendan iðnað. Ég hygg því, að það séu æðimargir, sem eru á þeirri skoðun nú, að það sé þörf á að grípa til slíkra ráða, og þá sýnist okkur mjög óeðlilegt, að á sama tíma, sem við þurfum að setja slík lagaákvæði, séum við að óska eftir aðild að EFTA og þá einnig með það í huga, að það er ekkert, sem virkilega knýr á með að leggja fram þessa beiðni einmitt nú. Það er sem sagt augljóst mál, að það eru ýmiss konar vandkvæði fyrir okkur Íslendinga að gerast aðilar að fríverzlunarsvæðinu, og við þurfum þar að gæta vel að þeirri sérstöðu, sem við höfum á ýmsum sviðum. En ég get tekið undir það, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér, að við þurfum auðvitað líka að gæta vel að því, að við einangrumst ekki frá eðlilegum viðskiptum við Evrópuþjóðir. Mér er það alveg ljóst, að til þess gæti dregið, ef við héldum allt of fast í ýmsar einangrunarreglur, sem hér hafa gilt, og því tel ég, að við þurfum að huga vel að, með hvaða hætti við getum tengzt t. d. Fríverzlunarbandalaginu á þann hátt, að ekki þurfi að koma í bága við hagsmuni okkar hér sem heildar.

Ég efast ekkert um, að það mundi verða mikil

breyting fyrir íslenzkan iðnað, þegar til þess kæmi, að sú tollvernd, sem hann nú nýtur í ýmsum greinum, væri afnumin. Ég held, að það gæti varla öðru vísi farið en svo, að ýmsar iðngreinar, sem hér hafa verið starfandi á undanförnum árum, hlytu að leggjast niður að mestu eða öllu leyti. Það er út af fyrir sig mikið alvörumál fyrir okkur, nema það sé nokkuð tryggt um leið, að aðrar komi í staðinn. Það liggur hins vegar ekki ljóst fyrir, að svo mundi verða. Af þeim ástæðum tel ég, að varlega þurfi að fara með framkvæmd þessa máls, og hef ég því talið réttast að láta það bíða nú um sinn og vinna að því innan þeirrar n., sem með málið hefur haft að gera, að það yrði athugað betur og reynt yrði að fá meiri samstöðu um málið en enn er orðið.

Ég hef hér í aðalatriðum gert grein fyrir afstöðu okkar Alþb.-manna til þessarar till. og til málsins sem heildar. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það hér í lengra máli að þessu sinni, en við leggjum sem sagt til, að þessi till. verði ekki samþykkt nú og málið verði lagt niður að þessu sinni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal láta mér nægja að vísa til þeirra almennu röksemda, sem hafa verið færðar fram fyrir því, að rétt sé að samþykkja þessa till. Ég get ekki fallizt á, að allir þeir efnahagsörðugleikar, sem við nú óneitanlega eigum í eða sá ágreiningur um aukinn toll á frystum fiski, sem Bretland hefur ákveðið einhliða, eigi að verða til þess, að við nú frestum okkar ákvörðun. Það er vitað mál, að greiður aðgangur að góðum mörkuðum hlýtur að verða höfuðforsenda fyrir sæmilegum lífskjörum hér á landi, og nú þegar eru löndin innan EFTA höfuðmarkaðslönd okkar. Og eins og fram hefur komið í umr., m. a. hjá hv. síðasta ræðumanni, talsmanni Alþb., þá mundi aðild að EFTA ekki eingöngu greiða fyrir sölu á sumum okkar gömlu útflutningsvörum, heldur einnig skapa nýja möguleika, þó að þeir séu óvissir enn. En einmitt þvílíka möguleika verðum við nú mjög að hafa í huga og reyna að efla eftir föngum. Eins er það, að ágreiningur, sem nú er kominn upp um þessa nýju ákvörðun Breta um toll af innflutningi á frystum fiski, hlýtur að verða samningsatriði á milli EFTA-landanna. Það er ljóst, að niðurstaða þeirra samninga hlýtur að hafa mjög rík áhrif á það, hvort við höfum mikla eða litla hagsmuni af því að gerast þarna aðilar. Ef þessi tollur helzt og verður á okkar frysta fiski til Bretlands, þá er ljóst, að hagsmunir okkar af inngöngu í EFTA verða mun minni en ella. Þess vegna hygg ég, að það sé mjög óhyggilegt af okkur, ef við reynum ekki eftir föngum að minna á hagsmuni okkar í þessu sambandi og gæta þess í þeim samningum, sem óhjákvæmilega verða teknir upp um þetta atriði, að okkur verði ekki gleymt, þannig að búið verði af öðrum aðilum að gera samninga, sem geri það enn erfiðara fyrir okkur en ella að njóta þeirrar tollívilnunar, sem við höfum talið, að við mundum verða aðnjótandi á vissu magni af hraðfrystum fiski, ef við gerðumst aðilar að EFTA.

Ég held þess vegna, að einmitt þessi tvö atriði — bæði núverandi efnahagsörðugleikar og 10% nýi tollurinn í Bretlandi — eigi að sýna okkur fram á, að það má ekki dragast, að það sé kannað, hvort við getum fengið aðild að þessum samtökum með aðgengilegum kjörum. Um það erum við allir sammála, eins og fram hefur komið, að þótt vissir hagsmunir séu af því að ganga í EFTA, og það viðurkenna allir, þá geta skilyrðin orðið slík, að ógerlegt sé fyrir okkur að ganga undir þau, og þess vegna verðum við nauðugir viljugir að verða utan samtakanna. Úr þessu fæst ekki skorið nema við könnun. Það má auðvitað segja, að æskilegast væri, að sú könnun væri fullkomin. En enginn hlutur í veröldinni er nú fullkominn og alltaf verður að taka einhverja áhættu. Æskilegt er, að við getum þarna sett skilyrði og allir erum við sammála, að án vissra lágmarksskilyrða er fráleitt fyrir okkur að gerast aðilar. Hins vegar skulum við þá líka muna, að við ræðumst ekki einir við, og það verður að kanna, með hvaða kjörum aðrir vilja fallast á, að aðild okkar verði veitt. Án slíkrar könnunar er þetta allt í óvissu. Þá verður þetta tal fram og aftur öllum til óþurftar. Ég hygg, að það sé langbezt, að úr þessu fáist skorið sem fyrst.

Það gleður mig, að það hefur komið fram, bæði hjá talsmönnum Framsfl. og Alþb., að þeir eru því samþykkir, að því er mér skilst, að gerast aðilar, ef kjörin verða aðgengileg. Þá er að kanna, hvort aðgengileg kjör fáist eða ekki. Við vitum það fyrir fram, að áhugi aðildarríkjanna er misjafnlega mikill fyrir því, að við gerumst þarna aðilar. En við verðum þá einnig að ganga á það lag og vekja skilning á okkar sérstöðu hjá þeim, sem nú hafa e. t. v. á henni minni skilning en sumir aðrir. Ég tel sjálfsagt, að í þeirri könnun, sem þannig fari fram, verði haft samráð við hv. stjórnarandstæðinga, hvernig sem fer um afstöðu flokka að öðru leyti, og vitanlega er nú ekki um það að ræða að taka ákvörðun um, hvort við eigum að verða þarna aðilar, heldur einungis, hvort þetta eigi að kanna. Og ég tel, að það sé hætta á ferðum, ef við drögum ákvörðunina um þá könnun. *Jafnframt er rétt* að gera sér það ljóst, að ætíð verða einhverjir annmarkar samfara aðild að slíkum samtökum, og þá er að meta það, þegar þar að kemur, hvort annmarkarnir sýnast meiri en kostirnir. En vissulega er það athyglisvert, einnig fyrir okkur, að reynsla allra EFTA-þjóðanna hefur verið sú, að þær hafa talið, að annmarkarnir hafi reynzt minni en í upphafi var gert ráð fyrir og kostirnir meiri. Og það er einnig athyglisvert, að Norðurlöndin, sem áratugum saman, má segja, höfðu leitazt við að koma á nánu efnahagssamstarfi sín á milli og helzt tollabandalagi, fundu í raun og veru fyrst hvert annað innan EFTA. Það var í samstarfinu innan EFTA, sem skapaðist það samstarf milli jafnvel Norðurlandanna innbyrðis, sem þau höfðu verið að leitast endalaust við að koma á, en ekki tekizt með sérsamningum sín á milli, og það getur enginn fylgzt með norrænni samvinnu, umr. í Norðurlandaráði

eða á fundum í undirn. þess, þar sem þessi mál ber á góma, án þess að veita því athygli, hversu mjög ríka áherzlu allar þessar fjórar þjóðir leggja á þann hagnað, sem þær hafa haft af því að vera í EFTA. Nú játa ég, að það stendur öðruvísi á með þessar þjóðir, og þess vegna höfum við hingað til ekki treyst okkur til þess að gerast þarna aðilar. En við höfum séð svo mikið og lært af þeirra fordæmi, að það er ljóst, að það má ekki gera of mikið úr annmörkunum, ekki gefast upp fyrir fram um, að þeir verði leystir, heldur skoða málið til hlítar og kanna, hvort við munum geta fengið jafnmikinn hag af því að gerast þarna aðilar eins og aðrar þjóðir. Og fyrir fram sé ég ekki ástæðu til þess að ætla annað, heldur þvert á móti, að okkar mjög einhliða efnahagslíf geti hagnazt verulega á því að taka þátt í þessu samstarfi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál. Ég vísa til þeirra almennu umr., sem fram hafa farið, en vildi sérstaklega vekja athygli á því, að ég tel ekki, að núverandi örðugleikar eða þessi skyndiákvörðun Breta eigi að verða til þess, að við frestum málinu, heldur ýti þau atvik undir það, að við eigum að kanna, hvort við getum fengið aðgengileg kjör, annars sé hætta á því, að drátturinn verði okkur til tjóns.

Tómas Árnason: Herra forseti. Umr. virðast hafa fallið í þann farveg, að í aðalatriðum virðast þeir ræðumenn, sem tekið hafa til máls, hafa verið sammála um það, að æskilegt væri fyrir Íslendinga að stefna að því að tengjast Fríverzlunarbandalagi Evrópu með tilliti til þess stóra markaðar, sem þar er boðið upp á. Hins vegar hefur orðið ágreiningur um það í umr., hvort tímabært sé að sækja um aðild til þess að kanna með hverjum hætti Íslendingar gætu tengzt Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Samkv. ákvæðum þessa samnings, EFTA-samningsins, er Fríverzlunarbandalag Evrópu fríverzlunarsvæði með iðnaðarvörur og tilteknar sjávarafurðir. Og meginkvöðin við aðild að EFTA er að fella niður verndartolla á iðnaðarvörum. Hagsbótin, aftur á móti, sem fylgir aðildinni, er aukinn frjáls aðgangur að 100 millj. manna markaði, sem telur þær þjóðir, sem hvað fremstar eru meðal iðnaðar- og viðskiptaþjóða. Það er gengið út frá því, að þær þjóðir, sem gerast aðilar, fái aðlögunartímabil til afnáms tolla og hafta, og hefur verið talað um að miða við 10 ár í því efni. Samningurinn er ekki gerður til ákveðins tíma, heldur er gert ráð fyrir því, að aðilar geti sagt sig úr bandalaginu með tilteknum hætti, og er gert ráð fyrir 12 mánaða uppsagnartíma. Um breytingar á ákvæðum samningsins skal slíkt borið undir aðildarríkin til samþykktar.

Hér liggur fyrir til umr. till. til þál. um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, EFTA. Hér er um að ræða mjög alvarlegt mál, mál, sem kemur til með að hafa veruleg áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar um langa framtíð. Það varðar fyrst og fremst viðskiptahagsmuni okkar, en hefur áreiðanlega auk þess áhrif á, hvernig íslenzkt efnahagslíf og atvinnuvegir þróast á næstu árum og áratugum. Þess vegna er okkur Íslendingum vandi á höndum um það, hvernig tekið skuli á málinu. Þegar litið er til lengri framtíðar, álít ég, að þýðingarmikið sé fyrir Íslendinga að fá aðgang að þessum markaði.

Íslenzka þjóðin hefur óvefengjanlega mikla sérstöðu meðal þjóðanna og jafnvel meðal þeirra þjóða, sem eru aðilar að EFTA. Það er eðlilegt, að tengsl Íslands við EFTA markist af þeirri sérstöðu. Þess vegna er þýðingarmikið, að við gerum okkur ljóst þegar í upphafi, hvað það er, sem við sækjumst eftir í samningum við EFTA-ríkin um aðild okkar. Mér sýnist þetta ekki koma nægjanlega fram, hvorki í aths. við þáltill., sem hér er til umr., né í skýrslu EFTA-nefndarinnar. En hvaða atriði eru það helzt, sem hér koma til álita? Hvaða stefna er það, sem Íslendingar eiga að byggja á umsókn um aðild að EFTA? Ég vildi nefna nokkur atriði, og þá er það fyrst, að Íslendingar fái sem allra lengst aðlögunartímabil til niðurfellingar eigin tolla, sem kvöð yrði um niðurfellingu á, og mætti nefna í þessu sambandi 10—20 ár. Í öðru lagi, að við njótum þegar við inngöngu fulls tollfrelsis gagnvart EFTA-löndunum. Að við fáum undanþágu fyrir afnámi innflutningstolla á olíum og benzíni eða annað jafngott fyrirkomulag. Í fjórða lagi, að athugað verði, hvort við getum fengið frekari undanþágur fyrir iðnað okkar og þá auðvitað hverjar. Að við fáum breytt ákvörðun Breta í annaðhvort að hækka samanlagðan útflutning Skandinavísku þjóðanna á frystum fiskflökum til Bretlands úr 24 þús. smál. árlega eða Ísland fái viðunandi kvóta fyrir freðfiskútflutning sinn til Bretlands. Að það sé tryggt, að íslenzk stjórnarvöld hafi úrslitaráð um stofnsetningu og rekstur atvinnufyrirtækja ríkisborgara EFTA-landa á Íslandi.

Þá vildi ég víkja stuttlega að því, hvaða áhrif líklegt er, að innganga í EFTA mundi hafa á íslenzka atvinnuvegi. Auðvitað fer ekki hjá því, að einhverjar endurtekningar komi fram á því, sem aðrir ræðumenn hafa hér áður minnzt á. Ef við lítum fyrst á landbúnaðinn, er aðalreglan sú, að afnám tolla og hafta, svo og samkeppnisreglur gilda ekki um landbúnaðarvörur. Af framleiðsluvörum Íslendinga taka fríverzlunarákvæði EFTA, þegar litið er til landbúnaðarins, aðeins til ullar og skinna og vara, sem unnar eru úr þeim. Ef við lítum nánar á þetta og athugum, hvaða þýðingu þetta hefur, er það þegar ljóst, að það mundi verða jákvætt fyrir íslenzkan landbúnað, að Íslendingar gerðust aðilar að EFTA, ef litið er á hann sem slíkan. Um það þarf ekki að deila. Á ullinni hafa ekki verið teljandi tollar í aðildarríkjum samtakanna, og svo er heldur ekki um óunnar saltaðar gærur, en þannig er mikill meiri hluti af íslenzkum gærum fluttur út. Aftur á móti hafa verið nokkrir tollar á unnum, sútuðum gærum, eða frá 12—15%, í þeim löndum, sem við helzt skiptum við í þessu efni, sem eru Danmörk, Svíþjóð og Bretland. Árið 1967 voru fluttar út 800

þús. saltaðar gærur, en aðeins 45 þús. sútuð skinn. Það er enginn vafi á því, að þessi mismunun á tollum hefur nokkur áhrif í þessum efnum. Að öðru leyti en því, sem ég hef nú lýst, virðast EFTA-ákvæðin ekki hafa áhrif á stöðu íslenzks landbúnaðar.

Ef við lítum aftur á sjávarútveginn, þá falla undir EFTA-ákvæði sjávarafurðir. Það eru fyrst og fremst fryst fisk- og síldarflök, frystar afskeljaðar rækjur, fiski- og síldarmjöl og lýsi, niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir, tilbúnir frystir fiskréttir og hvalaafurðir. Þær sjávarvörur, sem aftur á móti falla ekki undir fríverzlunarákvæði EFTA eru ísaður eða nýr fiskur, heilfrystur, saltaður, þurrkaður og reyktur fiskur ásamt skeldýrum, að undanteknum þó ákveðnum rækjutegundum. Það mætti e. t. v. orða það svo, að helzti ávinningur Íslands af því að ganga í EFTA, væri fólginn í væntanlegri aukningu á sölu sjávarafurða til EFTA-landanna. Því er ekki að neita, að það fellur nokkur skuggi á þetta nú, þegar Bretar hafa lýst því yfir, að ríkisstj. hafi ákveðið að leggja 10% toll á innflutning frystra fiskflaka frá Fríverzlunarbandalagslöndunum, þar sem þau virðast ekki sinna samkomulagi um að takmarka innflutning sinn til Bretlands á þessum vörum. Í raun og veru er þetta ákvæði um hámarkskvóta í andstöðu við anda samningsins og bendir nú kannske til þess, að við eigum í vændum erfiðleika í þessu sambandi. Í sambandi við sjávarútveginn koma auðvitað viðskiptin við Austur-Evrópuþjóðirnar til athugunar og það er lögð á það áherzla af hálfu samtaka sjávarútvegsins, að þeim viðskiptum verði ekki stofnað í hættu.

Ef við lítum svo á iðnaðinn, þá er það auðvitað ljóst, að þar eru aðalvandkvæðin í sambandi við aðild að Fríverzlunarbandalagi Evrópu og aðalkvöðin, sem við Íslendingar verðum að gangast undir með aðild að EFTA er að fella niður verndartolla á iðnaðarvörum á tilteknum tíma. Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir íslenzkan iðnað? Þetta er auðvitað lang-þýðingarmesta spurningin, sem svara verður í sambandi við þetta mál. Stenzt verulegur hluti íslenzks iðnaðar þá raun, sem fylgir aðild að EFTA? Ég álít, að veikasti punkturinn í EFTA-skýrslunni fjalli einmitt um þetta atriði. Um þetta segir — og hefur nú raunar verið vitnað til þess í ræðum fyrri ræðumanna — á bls. 55 í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta, að í þessari skýrslu sé ekki ætlunin að meta afkomu og vaxtarmöguleika íslenzks iðnaðar eða einstakra greina hans við þær breyttu aðstæður, að hann njóti frjáls aðgangs að stóru markaðssvæði, en taki jafnframt að lokum á sig fulla samkeppni utan frá.

Það er mjög þýðingarmikið í þessu efni, að við vitum sjálfir, hvaða undanþágur það eru á sviði iðnaðarins, sem við viljum fara fram á í sambandi við aðild að EFTA eða í sambandi við samninga um hugsanlega aðild að EFTA. Þess vegna væri mjög æskilegt og nauðsynlegt, að fyrir lægi eins ítarleg könnun í þessu efni og unnt er að koma við og að slík könnun lægi fyrir, áður en við sækjum um inngöngu í Fríverzlunarbandalagið. Það má benda á í þessu efni ýmsar undanþágur frá þeirri höfuðstefnu, sem samningurinn markar, undanþágu, sem sum ríki hafa fengið, eins og t. d. Austurríki og Sviss varðandi vörur eins og framleiðslu á súkkulaði og kexi. Bretar hafa sett hjá sér kvóta um innflutning á frystum fiskflökum og Bretar hafa sett á hjá sér 15% innflutningsgjald á vörur án þess að ráðfæra sig um það áður við hinar aðildarþjóðirnar. Og þetta hefur gerzt án þess að slitnaði nokkuð upp úr samningum, þó að aðrar aðildarþjóðir hafi lýst mikilli óánægju með þessa ráðstöfun, þegar hún var gerð á sínum tíma. Það er gerð grein fyrir því, hvernig þetta gerðist hér í EFTA-skýrslunni, en þessi dæmi og mörg fleiri, sem mætti benda á, sýna eða benda til þess, að það sé ástæða til þess að ætla, að þessar þjóðir meti okkar sérstöðu á þá leið, að unnt verði fyrir okkur að fá samninga um einhverjar tilslakanir í sambandi við verndartolla á iðnaðarvörum okkar. Og þess er að vænta, að þessar þjóðir sýni Íslandi góðan skilning í samningum með tilliti til sérstöðu landsins, en vitanlega verðum við sjálfir að vita, hvaða undanþágu við viljum sækjast eftir. Það er ekki von til þess, að aðrir bendi okkur á slíkt. Og ég álít, að það sé þýðingarmikið, að slík vitneskja, að svo miklu leyti, sem hún gæti legið fyrir, liggi fyrir þegar í upphafi og verði við hana miðað, þegar sótt er um aðild að Fríverzlunarsamtökunum.

Það hefur verið rætt um það hér í umr. áður, að nauðsyn bæri til að móta alhliða stefnu í iðnaðarmálum, alveg sérstaklega með tilliti til þess, að við hugsanlega tengjumst nú Fríverzlunarbandalagi Evrópu. Rannsókn á málefnum iðnaðarins og einstökum greinum hans, sem lagt gæti grundvöll að mótun alhliða stefnu í iðnaðarmálum með tilliti til inngöngu í EFTA, bíður úrlausnar, segir í skýrslu EFTA-nefndarinnar. Það er mjög þýðingarmikið, að við gerum okkur ljóst, þegar við förum að hreyfa þessum málum og ræða þau við aðildarþjóðir EFTA, gerum okkur ljóst, að það verður að breyta um stefnu í iðnaðarmálum og það mjög verulega, ef íslenzkur iðnaður á að hafa nokkra möguleika til þess að lifa af og þróast með eðlilegum hætti innan EFTA eða undir EFTA-ákvæðum. Það er almenn afstaða af hálfu framámanna iðnaðarins, að íslenzkur iðnaður geti ekki komizt af innan EFTA, nema hann verði settur á bekk með öðrum útflutningsatvinnuvegum og þá fyrst og fremst sjávarútveginum. Það er ljóst, að það mál á mjög langt í land og þarf auðvitað að skoðast rækilega. Ef við lítum til þess, hvernig horfir í efnahagsmálum þjóðarinnar einmitt núna í þann mund, sem umsókn um aðild að EFTA er sett fram, eru auðvitað allir sammála um það, að fyrir dyrum standa alvarlegar ráðstafanir í efnahagsmálum. Hverjar þær ráðstafanir verða, er ekki vitað. Í hvaða átt þessar ráðstafanir ganga, er heldur ekki vitað, t. d. hvort þær miðast við það að skapa iðnaðinum, þegar til lengdar lætur, aðstöðu, sem gerir honum

kleift að þróast og starfa innan EFTA. Um það liggur ekkert fyrir. Ef þær ráðstafanir ganga gegn þeirri almennu stefnu, að auðvelda Íslandi aðild að EFTA, þá vaknar spurningin: Er skynsamlegt að leggja inn umsókn samtímis? Meðan ekkert er um það vitað, hverjar slíkar ráðstafanir verða og með hliðsjón af mjög alvarlegu ástandi íslenzkra atvinnuvega, er þá ekki hyggilegra að fresta umsókn um aðild að sinni? Bíða átekta, þar til mótuð hefur verið heildarstefna iðnaðarins, eins og segir í EFTA-skýrslunni og ég vitnaði til hér áður. Þetta segi ég ekki vegna þess, að ég sé almennt andvígur því, að Ísland sæki um aðild að EFTA til að kanna, með hverjum hætti við getum tekið upp efnahagssamvinnu við EFTA-ríkin eða tengzt bandalaginu, heldur vegna hins, að meðan við sjáum ekki fram úr hinum miklu erfiðleikum íslenzkra efnahagsmála, hinkrum við við í þessu efni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Nú er illt í efni. Það vantar hæstv. fjmrh. hingað í salinn. Mér er ekki nóg að hafa hér hæstv. viðskmrh., ég verð að hafa hinn líka. Báðir voru þeir í svonefndri EFTA-nefnd, og þetta er líka mál, sem snertir fjmrh. mjög. Ég sé því ekki annað en ég verði bara að doka við, þangað til hann er mættur, nema hæstv. forseti vildi fresta fundi þangað til. Hann er kominn, hæstv. ráðh., það gleður mig. Þá er hægt að byrja.

Fyrir skömmu var þm. afhent bók, sem nefnist „Skýrsla um Fríverzlunarsamtök Evrópu (EFTA)". Þetta er allmikið rit, 122 bls. Skýrslan er sögð samin í viðskmrn., og er hún verk þeirra embættismanna, sem um hana hafa fjallað. Framan á kápu bókarinnar, efst til vinstri, er prentað: „EFTA-nefndin". Sú nefnd var sett á laggirnar í desember í fyrra, og átti hún að athuga, hvort hagkvæmt væri fyrir Ísland að gerast aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Í n. völdust 5 menn, þar af tveir ráðh., og er annar þeirra formaður n. N. hefur ráðið sér tvo ritara og ekki af verri endanum, ráðuneytisstj. og deildarstj. í stjórnarráðinu. Nm. og ritarar þeirra virðast ekki hneigjast mjög að bókaramennt, því að ég hef frétt, að engar fundargerðir hafi verið skráðar á fundum n., og það eina, sem n. hefur skilað af sér til Alþ. í rituðu máli, er formálinn fremst í bókinni, og hann er 27 línur. Að þessu leyti virðist EFTA-nefndin svokallaða vera svipuð saumaklúbbum, að þar er ekkert skrifað, en nokkuð skrafað. Að öðru leyti er þetta ekki sambærilegt, og ég vil biðja elskulegar frúrnar afsökunar á því, að ég nefni þetta tvennt í sömu andránni, þeirra ágætu smáfélög og EFTA-nefndina.

Á bls. 66 í bókinni eru þátttökuríkin í Fríverzlunarsamtökunum talin upp, 7 að tölu, og þar að auki er Finnland aukaaðili að samtökunum. Á bls. 9 segir, að aðildarríkin stofni til tollfrjálsra og haftalausra viðskipta sín á milli, og á bls. 34 segir, að meginskuldbindingin með aðild að EFTA, sé niðurfelling verndartolla og hafta á iðnaðarvörum.

Mér sýnist ástæða til að athuga viðskipti okkar við önnur lönd, EFTA-löndin sérstaklega. Hagtíðindin segja okkur, að árið 1966 hafi vöruskiptajöfnuðurinn í viðskiptum við önnur lönd verið okkur óhagstæður um 806 millj. kr. og árið 1967 um 2820 millj. kr. Og ekki batnar enn. Á fyrstu 9 mánuðum þessa árs, jan. til sept., að báðum meðtöldum, var hallinn 2733 millj. Í skiptum við EFTA-löndin hefur hallinn á vöruviðskiptunum orðið okkur í óhag þessi: 1966 um 411 millj., 1967 um 1008 millj. Verstir viðskiptis eru nágrannar okkar, Danir og Norðmenn. Hallinn á vöruskiptunum við þá, okkur í óhag, hefur verið 1966 699 millj., 1967 957 millj. og fyrstu 8 mánuði ársins 1968, þ. e. frá janúarbyrjun til ágústloka, 684 millj. kr. Mér þykir trúlegt, að flestir menn séu sammála um, að það leiði til glötunar að halda áfram að auka skuldir þjóðarinnar við útlönd svo gífurlega sem nú er gert, enda eru sjálfsagt takmörk fyrir því, hvað mörg og stór eyðslulán er hægt að fá hjá öðrum þjóðum. Og þó að unnið sé að því að auka útflutning eftir því sem mögulegt er, hygg ég, að greiðslujöfnuðurinn verði ekki lagfærður, nema með því að draga úr innflutningi fyrst og fremst frá þeim nágrannalöndum okkar, EFTA-löndunum, sem kaupa minnst af okkur. En hvernig má það verða eftir að við erum komnir í EFTA-samtökin og getum hvorki beitt innflutningshömlum né tollahækkunum gegn þessum löndum? Það er mér ráðgáta.

Önnur spurning í sambandi við þetta mál er sú, hvernig ríkissjóður geti bætt sér upp tekjutapið við niðurfellingu tolla af vörum frá EFTA-löndunum. Og þó að við kunnum að fá einhvern frest í því efni, þannig að við þurfum ekki að fella tollana af vörum frá fríverzlunarlöndunum strax niður að öllu leyti, kemur bráðum að því, að þeir verða að hverfa. Og fráleitt verður hjá því komizt að lækka einnig tolla af vörum frá öðrum þjóðum, sérstaklega þeim, sem kaupa mest af okkar útflutningsvörum. Hér verður því vafalaust um mjög háar fjárhæðir að ræða, sem ríkissjóður missir vegna tollalækkana. Á bls. 40 í hinni merku bók er nokkuð að þessu vikið. Þar segir, að það sé að sjálfsögðu tímabært, að tekið verði til gagngerðrar athugunar, hvernig bregðast megi við því vandamáli, sem ríkissjóði verður á höndum vegna hugsanlegrar aðildar landsins að fríverzlun. Og síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur fjmrn. nú í undirbúningi heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi hins opinbera, m. a. út frá þeirri forsendu, að Ísland taki þátt í EFTA, og verður þar að nokkru leyti stuðzt við erlenda sérfræðiaðstoð. Búast má við, að þessu verki verði lokið á árinu 1969, þannig að tillögur að fjáröflun hins opinbera, með tilliti til breyttra aðstæðna, lægju fyrir, áður en þátttaka hæfist."

Samkvæmt þessu er ekki gert ráð fyrir, að hinir innlendu sérfræðingar, aðstoðarmenn hæstv. ríkisstj., dugi til, heldur þurfi að fá erlenda sérfræðiaðstoð, og þetta er nú í undirbúningi, segja embættismennirnir. En ég held, að það hefði átt að vera búið að athuga þessa hluti, áður en farið var að

ræða um að ganga í EFTA. Það er talið, að niðurstöður af þessum athugunum muni liggja fyrir einhvern tíma á árinu 1969. Hvort svo verður, veit enginn náttúrlega. Á bls. 41 í bókinni eru einnig nokkrar hugleiðingar um þetta, hvernig með skuli fara. „Til mála kæmi," segir þar, með leyfi hæstv. forseta, „að hugsanlegt tap ríkissjóðs þessa vegna, það er á þessu stigi órannsakað mál, yrði bætt upp með því að hækka tolla á nokkrum þýðingarmiklum tolllágum vörutegundum, svo sem kornvörum, kaffi og sykri."

Og þá er það söluskatturinn, sem hæstv. viðskmrh. var að minnast á í þessu sambandi í sinni ræðu. Það er orðinn eftirlætisskattur hans nú í seinni tíð. Það söng dálítið öðruvísi í honum, áður en hann tók þátt í þeirri ríkisstj., sem hann situr í núna. Þá taldi hann, með réttu, að sá skattur væri allra skatta verstur, en nú er hann ágætur og til hans á að grípa skilst manni, — æ, nú fór fjmrh. víst burtu. Það var nú verra. Ég vona, að hann verði ekki lengi. (**Gripið fram í:** Ég skal koma því til skila.) Nei, það er ekki tekið gilt. Ef þetta dregst nokkuð verulega, að hann komi, verður maður líklega að grípa til þess ráðs að fara með rímur eða einhvern kveðskap til dægrastyttingar fyrir hv. þm. og aðra áheyrendur og fyrir upptökutækið, sem hér er. (**Gripið fram í:** Hann er kominn.) Það er gott, þá sleppir maður því í bili.

Íslendingar þurfa að kosta kapps um að framleiða iðnaðarvörur til útflutnings í framtíðinni. En leiðin til að efla iðnaðinn er ekki sú að halda áfram að eyðileggja þann iðnað, sem fyrir er í landinu, en að því er stefnt með því að leyfa hömlulausan og tollfrjálsan innflutning á erlendum iðnaðarvörum. Ríkisvaldinu ber að aðstoða innlend iðnaðarfyrirtæki við rannsóknir á markaðsmöguleikum fyrir íslenzkar iðnaðarvörur hjá öðrum þjóðum og markaðsleit fyrir þær. Á þetta ber að leggja hina mestu áherzlu. Og þegar nýir möguleikar opnast til sölu á útfluttum iðnaðarvörum héðan, getur verið fullkomlega réttmætt að veita útflytjendum þeirra opinbera aðstoð, meðan þeir eru að ná fótfestu í markaðslöndunum, t. d. með útflutningsuppbótum eða á annan hátt, en slíkt er útilokað, eftir að við erum komnir í EFTA. Ef tækist að vinna verulega markaði fyrir íslenzkar iðnaðarvörur erlendis, mætti, þegar svo væri komið, taka til athugunar að leita eftir þátttöku í EFTA, til að fá niður fellda tolla af okkar útflutningsvörum, ef það þá álitist hagkvæmt. Þá fyrst væri komið í ljós um hvað við þyrftum að semja við Fríverzlunarsamtök Evrópu varðandi iðnaðinn. Nú er þetta allt í lausu lofti, og því er ekki tímabært að senda umsókn. Ef EFTA lifir áfram, verðum við í kallfæri við það, hvenær sem okkur þykir hagkvæmt að leita einhverra samninga við það. En sá tími er ekki kominn. Fyrst þarf að rannsaka ýmsa hluti, sem eftir er að skoða.

EFTA-nefndin segir í þeim fáu línum, sem hún hefur lagt fyrir alþm. á bls. 3 í bókinni, að nú hafi þeim áfanga verið náð, að hægt sé að taka ákvörðun um, hvort sækja eigi um aðild að EFTA og fá úr því skorið, hvort og með hvaða kjörum Ísland gæti gerzt aðili að samtökunum. Þetta er ákaflega vafasöm fullyrðing, að ekki sé meira sagt. EFTA-nefndin hefði átt að rannsaka ýmislegt varðandi þetta efni, t. d. um tekjuöflun ríkissjóðs í stað tollanna, sem lækka eða falla niður, um afkomu iðnaðarins og hvernig unnt sé að bæta viðskiptajöfnuðinn við aðrar þjóðir, ef við gerumst aðilar að EFTA. Ekkert af þessu hefur nefndin gert, en það hefði hún átt að gera og athuga fleira í þessu sambandi, og því tel ég rétt að fela henni að athuga málið nánar, áður en Alþ. stígur nokkurt skref í áttina til inngöngu í Fríverzlunarsamtökin.

Svo er að lokum ein fsp. til hæstv. fjmrh. Mig langar að frétta hjá honum, hve mikill kostnaður er orðinn við kúbbinn, sem nefndur er EFTA-nefnd. Ég get nú ekki ætlazt til þess, að hæstv. ráðh. hafi þessa tölu í höfðinu, en ég hef það fyrir satt, að það sé símasamband á milli Alþingishússins og stjórnarráðsins, og gæti hann þá trúlega fengið þetta upplýst eftir þeirri leið hjá sínum mönnum í rn., því að ég óska að fá svar við þessu um kostnaðinn við n. á þessum fundi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. beindi til mín þeirri fsp. í lok ræðu sinnar, hvað væri orðinn mikill kostnaður af EFTA-nefndinni til þessa. Af EFTA-nefndinni er mér vitanlega enn ekki orðinn neinn kostnaður annar en fjölritun þessarar ágætu bókar, sem hv. þm. heldur nú á. Ég skal ekki segja, hvað honum finnst til um bókina, það er annað mál. EFTA-nefndin hefur enn ekki fengið greidd nein laun. Þeir menn, sem eru tilfærðir ritarar n., eru starfsmenn við stjórnarráðið og taka sín laun þar og þeim hefur ekki verið aukreitis borgað til þessa. Hvað kemur til með að verða að lokum kostnaður við þessa n., get ég ekki upplýst á þessu stigi málsins.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á málflutning leiðtoga stjórnarandstöðuflokkanna um þessa till., er mér mikil ánægja að geta sagt, að þar var um mjög hóflegan málflutning að ræða. Það kom greinilega fram í ræðum beggja flokksleiðtoganna, að þeir viðurkenna, að þeir gera sér fulla grein fyrir mikilvægi þessa máls, sem hér er um að ræða. Í ræðum okkar, sem hér höfum talað af hálfu stjórnarflokkanna, hefur hins vegar einnig komið greinilega fram, að við gerum okkur fulla grein fyrir þeim vanda, sem þessu máli er samfara, þeim vanda, sem aðild að Fríverzlunarsamtökunum er samfara. Og ég skil ummæli þeirra þannig, að þeir séu reiðubúnir til þess að verða við þeirri ósk ríkisstj. að hafa áfram sams konar samstarf við ríkisstj. og hingað til hefur verið um að ræða við allan undirbúning málsins. Að öðru leyti eru það aðeins tvö atriði, sem fram komu í ræðum flokksleiðtoganna, sem ég vildi gera að umtalsefni með örfáum orðum.

Annað var það, sem formaður Framsfl. sagði um

16. gr., þ. e. a. s. jafnréttisákvæði 16. gr. á ýmsum sviðum atvinnurekstrar. Varðandi það vildi ég aðeins endurtaka og undirstrika það, sem ég sagði að mjög vel yfirveguðu máli í framsöguræðu minni, en þar sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt þeirri stefnu að halda tengslum við nágrannalönd okkar og efla þau og fylgjast með þjóðfélagsþróun þeirra, hljótum við að halda fast við mikilvæg einkenni þess þjóðfélags, sem við höfum komið hér á og leggja áherzlu á að halda í eigin höndum úrslitavaldi yfir þróun efnahagsmála okkar og hagnýtingu náttúruauðlinda landsins."

Það er bjargföst sannfæring mín, að mjög vel athuguðu máli og að undangengnum viðræðum við aðila, sem ég hef trú á, að hafi nákvæma þekkingu á málinu, og ber fullt traust til, að þessum skilyrðum, þessari stefnu sé hægt að framfylgja samfara aðild að EFTA, sumpart með löggjöf hér innanlands og sumpart með samningum við EFTA-samtökin sjálf. Ef þetta er misskilningur, á það eftir að koma í ljós, og þá á eftir að koma í ljós í hverju sá misskilningur kann að verða fólginn. Það mál allt mun verða lagt algerlega undanbragðalaust fyrir Alþ. á sínum tíma, og þá getur hver þingflokkur og hver þm. tekið þá afstöðu til þess, sem hann telur sannasta og réttasta.

Hitt atriðið var í ræðu hv. formanns þingflokks Alþb. og laut að þeirri óvæntu, skyndilegu og ég vil segja furðulegu ráðstöfun Breta nú alveg nýlega að leggja á 10% toll á innflutt fryst flök frá hinum EFTA-löndunum. Ég ræddi þetta mál ekki í framsöguræðu minni og gerði það af ráðnum hug. Ég gerði það vegna þess, að enn veit enginn um hvers konar ráðstöfun hér er að ræða. Það liggur fyrir, að brezka stjórnin hefur tekið ákvörðun um, að 10% tollur verði lagður á innflutt fryst fiskflök. En það liggur ekkert fyrir um það, hvort hér er um að ræða hreina bráðabirgðaráðstöfun, sem ég vona, að sé, og eigi að gilda t. d. út þetta ár eða eitthvað fram á næsta ár, meðan samningum lýkur milli EFTA-landanna um innflutning á frystum fiski til Bretlands. Þær samningaviðræður hafa staðið yfir undanfarnar vikur. Um það hefur verið vitað, með því hefur verið fylgzt. Bretar hafa verið að óska eftir tryggingum fyrir því, að ekki yrði flutt meira til Bretlands af frystum flökum frá hinum EFTA-löndunum en samningsbundið magn eða það magn, sem gert er ráð fyrir í EFTA-samningnum sjálfum, 24 þús. tonn. Innflutningurinn hefur á þessu ári farið fram úr því, fór það raunar líka í fyrra og hitteðfyrra, og það er sem gagnráðstöfun gegn því, sem Bretar hafa gert þessa ráðstöfun. Það hafa staðið yfir — og standa enn yfir mér vitanlega — samningaviðræður milli helztu fiskútflutningsþjóðanna í EFTA og Breta um þessi mál, þó að þar hafi hvorki gengið né rekið, en ég trúi því ekki, að þeim samningum sé lokið með þessari ákvörðun Breta, heldur geri ég ráð fyrir, að á þeim muni frekar verða hert, því að þetta getur ekki verið endanleg lausn á því deilumáli, sem þar var um að ræða og ég skal ekki víkja nánar að hér. En jafnvel þó að hér væri um ráðstöfun að ræða, sem tekin væri til nokkurra ára, sé ég ekki, að þessi skyndiákvörðun Breta geti verið rök gegn því, að við könnum nú með hvaða skilyrði við getum fengið aðild að EFTA. Ég mundi þvert á móti segja, að það væru viðbótarrök fyrir því, að við ættum að reyna að hraða þessari könnun. Í fyrsta lagi mundum við fá fyrr en ella aðstöðu til þess að fá að vita, hvað hér er raunverulega á ferðinni. Er hér um að ræða skyndiákvörðun, lið í viðskiptastefnu Breta gagnvart öðrum EFTA-löndum, eða er hér um að ræða stefnubreytingu af hálfu Breta varðandi innflutning á freðfiskflökum? Leiðin, til þess að fá úr þessu skorið, er einmitt að hefja þær könnunarviðræður, sem þessi till. gerir ráð fyrir, að hafnar verði. Jafnvel þó að það ólíklega kæmi í ljós, að hér væri um stefnubreytingu af hálfu Breta að ræða, útilokar það auðvitað ekki, að nýr EFTA-aðili fengi tollkvóta á frystum fiski, þ. e. a. s. fengi heimild til að flytja ákveðið magn af frystum fiskflökum til Bretlands án greiðslu tolls, alveg eins og hin EFTA-löndin fengu, þegar EFTA var stofnað 1960, leyfi, til þess að flytja tolllaust til Bretlands 24 þús. tonn, þótt Bretar annars héldu þeirri skoðun, að freðfiskur ætti ekki að vera EFTA-vara, ekki að vera vara, sem tollfrelsi gilti um.

Eitt af því, — ef till. verður samþ., — sem íslenzk stjórnvöld mundu að sjálfsögðu leggja mikla áherzlu á að kanna, er það, hvað hér er raunverulega á ferðinni og reyna að fá sem fyrst úr því skorið, ef hér er um stefnubreytingu af hálfu Breta að ræða, hvort við gætum ekki fengið undanþágu frá þessari ákvörðun, þ. e. a. s., hvort við gætum ekki tryggt okkur tollkvóta í Bretlandi. Mér er það fullkomlega ljóst, — ég játa það fúslega, — að ef við ættum ekki kost á slíku, þá stórminnkar hugsanlegur hagnaður okkar af því að gerast aðili að Fríverzlunarsamtökunum. Það er mér jafnljóst eins og hverjum öðrum. Þessi atriði vildi ég láta koma fram áður en þessum umr. lyki, herra forseti.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það er aðeins ein lítil fsp. til hæstv. viðskmrh. Það hefur komið fram í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir um umsókn Íslands að EFTA, að til þess að fá úr því skorið með hvaða kjörum Íslendingar gætu fengið aðild að EFTA, þurfi að senda beina umsókn um inngöngu. Það fáist engar upplýsingar nema bein umsókn liggi fyrir. Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á, að á bls. 18 í þeirri skýrslu, sem þm. hafa fengið, er getið um könnunarviðræður Júgóslava um tengsl við bandalagið. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Önnur dæmi slíks samstarfs eru aukaaðildarsamningar Finna við EFTA, könnunarviðræður Júgóslava um tengsl að bandalaginu" o. s. frv. Vegna þessarar setningar, sem hér stendur á bls. 18, langar mig að biðja hæstv. viðskmrh. um nánari upplýsingar um þessar könnunarviðræður, t. d. um það, hvort Júgóslavar sendu beina umsókn um inngöngu í EFTA og ef ekki, er þá hugsanlegt, að

Íslendingar geti fengið könnunarviðræður án umsóknar og jafnvel tengsl án inngöngu? Þetta vildi ég biðja hæstv. viðskmrh. að upplýsa.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Júgóslavar sendu ekki umsókn um aðild, og þær könnunarviðræður, sem fram hafa farið, hafa mér vitanlega verið í losaralegu formi. Það hefur ekki verið um að ræða alvarlegan áhuga Júgóslava — að því er ég bezt veit — um aðild að samkomulaginu. Þetta atriði var vandlega athugað, hvaða form væri bezt að hafa á þessu, og niðurstaða varð sú, — eins og ég segi, að vandlega athuguðu máli, — að eðlilegast væri að efna til þeirra viðræðna, sem nú er meiningin að efna til, á grundvelli umsóknar. Það væru mestar líkur á því, að þá fengjust viðræður við þá aðila, sem mikilvægast er að ræða við, þ. e. a. s. fullkomlega ábyrga aðila, sem taka mætti fullkomið mark á, ef svo mætti segja. Það liggur alveg ljóst fyrir, að í umsókninni felst engin skuldbinding. Finnar fóru nákvæmlega eins að, þegar þeir óskuðu, — þegar þeir hugðust tengjast bandalaginu á sínum tíma. Niðurstaða þeirra viðræðna varð af ýmsum ástæðum aukaaðild eða sérstök tengsl við EFTA. Niðurstaða okkar umsóknar gæti orðið, — þó að hún sé í formi almennrar umsóknar, — gæti orðið nákvæmlega sams konar samningur og Finnar gerðu við EFTA, ef okkur sýnist það henta betur heldur en full og óskoruð aðild.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til utanrmn. með 44 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 47, n. 57 og 58).

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Till. þessari var vísað til utanrmn., sem ekki gat orðið sammála um afgreiðslu hennar. Hv. minni hl. hefur skilað séráliti og mun gera grein fyrir till. sínum, en till. meiri hl. er sú, að þáltill. verði samþykkt óbreytt. Málefnalega var gerð full grein fyrir þessu máli af hæstv. viðskmrh. og öðrum við fyrri umr. málsins, og er því ástæðulaust að fara um það mörgum orðum.

Ágreiningurinn er ekki svo mjög um efni till., heldur aðferðina í málinu. Er rétt að sækja um aðild nú, eða eigum við að bíða? Við í meiri hl. álítum, að ekki sé eftir neinu að bíða. Þetta mál hefur verið athugað gaumgæfilega í n., þar sem allir þingflokkar eiga sæti, og ég tel, sem einn af nm., að eftir þeirri leið verði að svo stöddu í raun-inni ekki komizt lengra. Það sem við þurfum að fá að vita núna er, hvað það kostar að ganga í þetta bandalag.

Í fyrsta lagi: Eigum við nokkurn kost á því, vilja þeir taka á móti okkur, og ef þeir vilja hleypa okkur inn í bandalagið, vilja þeir taka til greina hina sérstöku hagsmuni Íslands, sem liggja öllum mönnum ljósir fyrir, og hvaða gjald þurfum við að greiða fyrir þátttökuna, og í hve mörgum árlegum afborgunum þurfum við að greiða aðgangseyrinn? Til þess að fá úr þessum höfuðatriðum skorið, er aðeins ein leið. Hún er sú að ræða við þá, sem fyrir eru í Fríverzlunarbandalaginu. Hins vegar er engu tapað við slíkar umr., því að ef við komumst að þeirri niðurstöðu að þeim loknum, að aðgöngumiðinn sé of dýr, segjum við: Nei takk, herrar mínir, þá ætlum við heldur að hætta við þátttökuna.

Yrði niðurstaðan á hinn bóginn sú af athugunum, að okkur sé hagkvæmt að vera aðilar, þá eigum við að hefja þátttökuna svo fljótt sem unnt er, og einmitt þátttaka í EFTA gæti hugsanlega verið þáttur í þeirri endurreisn efnahagslífsins, sem nú er höfuðnauðsyn þessa lands. Þess vegna álít ég, að afstaða hv. minni hl. sé sú að bíða af sér tækifærið, — að hún sé til þess eins fallin að færa fram nýja sönnun fyrir hinu fornkveðna: Að hika er sama og tapa. Þess vegna vil ég hvetja hv. Alþ. til að standa með meiri hl. n. um samþykkt till., eins og hún liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Minni hl. utanrmn. leggur til, að þessari till. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem er að finna á þskj. 58 í lok nál. Þetta er byggt á þeirri skoðun, að ekki sé tímabært að senda umsókn um aðild að Fríverzlunarbandalaginu nú, og eru færð rök fyrir þessu í nál., sem eru að vísu mjög þau sömu og komu fram af hendi þeirra, sem töluðu í þessa stefnu við fyrri umr. Ég ætla að leyfa mér að rekja þessi rök ofurlítið og benda á í því sambandi nokkur atriði, sem ég tel afar þýðingarmikið, að meira séu rædd en enn þá hefur orðið.

Við álítum, að mestu máli skipti, að Íslendingar búi sig vel undir þær umr., sem vafalaust verða teknar upp við EFTA um viðskiptaleg tengsl eða tengsli Íslands við það. Það er rætt um það í grg. fyrir þessu máli, og flm. þess og stuðningsmenn segja, að þessi umsókn eigi einmitt að vera til þess að slíkar könnunarumr. fari fram. Þá er ágreiningurinn um þetta, eins og hv. frsm. meiri hl. benti á, hvort það sé skynsamlegt að leggja út í þær núna eða eigi að búa sig betur undir, sem þýðir, að það yrði að fresta umr. enn um sinn. Við álítum, að ef Íslendingar mæta til þessara könnunarviðræðna án þess að vita, hvað þeir vilja, án þess að vita eftir hverju þeir ætla að sækjast, þá sé verr farið en heima setið, því að enginn getur haft hina minnstu von um að koma sínu máli fram, ef hann veit ekki, hvað hann vill. Grundvöllurinn er sá, áður en menn hefja umr. við einn eða annan um sín málefni, að vita, hvað maður vill, og þetta er kjarninn í öllu þessu máli. Að okkar dómi hefur ekki enn farið fram sú skoðun á ýmsum þýðingarmiklum þáttum í þjóðarbúskapnum, sem þetta mál varða, sem þarf að eiga sér stað, til þess að við getum í raun og veru vitað, hvað við viljum. En það er grundvöllurinn.

Auðvitað verða samningar um tengsli eða aðild að EFTA mjög vandasamir vegna þess, hvernig

Ísland er og íslenzka þjóðin er samanborið við aðrar þjóðir. Við hljótum að fara ákaflega varlega í því að tengjast öðrum þjóðum eða fella okkar efnahagskerfi svo að segja inn í efnahagskerfi annarra þjóða af þeirri einföldu ástæðu, að okkar efnahagskerfi og atvinnukerfi hlýtur ætíð að vera allt öðru vísi en allra hinna. Það er vegna þess að við erum dvergur samanborið við alla aðra. Enginn annar er okkur líkur. Bandalag eins og EFTA er bandalag jafningja, eins og málin standa í dag. En við getum ekki notað sama stakk í þessu tilliti og aðrir eða farið í annarra stakka. Þeir eru okkur ekki mátulegir af ástæðum, sem við þurfum ekki að skammast okkar fyrir á nokkurn hátt, en þeir eru það ekki. Ég hygg, að allir séu sammála um, að svo sé, en þá kemur spurningin: Hvað snertir sú staðreynd þátttöku eða hugsanleg tengsl við EFTA, og hafa þau atriði, sem þar koma til greina, verið nægilega skoðuð nú þegar, til þess að hægt sé að búa út samningamenn með nægilegt nesti og skynsamlega matreitt? Og það er í þessu tilliti, sem okkur sýnist á skorta mjög alvarlega, og við viljum biðja menn að íhuga og hlusta á okkar rök í því sambandi, og jafnvel þó að meiri hl. haldi fast við það áform sitt að senda umsókn strax og þá með það fyrir augum að taka upp viðræður nú, sem ég teldi mjög illa farið, þá skorum við samt sem áður á menn að hlusta á það, sem við höfum að segja um þetta, þannig að tíminn geti þá orðið snarplega notaður, meðan umr. standa yfir, til þess að skoða það, sem við viljum benda á, að áfátt sé.

Það fyrsta, sem við viljum benda á í þessu sambandi, er ástandið í íslenzkum þjóðarbúskap, eins og sakir standa, og ætla ég ekki að endurtaka hér þær ræður um það efni, sem fluttar voru í gær. En það ætla ég, að sé öllum mönnum ljóst, að við erum ákaflega illa settir efnahagslega séð, til þess að hefja slíkar umr. á skynsamlegum grundvelli. Bæði er það, að við stöndum mjög höllum fæti, að ekki sé meira sagt, sem mun nú ekki vera vel séð á allan hátt í þeim herbúðum, sem þarna er um að ræða. Í annan stað held ég, að það sé lífsnauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að þó að það hafi verið framkvæmd stórkostleg gengislækkun, sem sumir kannske halda, að sé nægilegur aðgangseyrir að EFTA og nægileg ein út af fyrir sig til að setja okkur á sama grunn og aðra og nægileg ein út af fyrir sig, til þess að eyða öllum efasemdum hjá öðrum í þessu sambandi, þá er þessu ekki þannig varið. Því þó að gengislækkunin sé stórfelld og breyti mörgu, þá mun hún ekki breyta því, eins og atvinnuástandið til að mynda er hjá okkur núna, þar sem geigvænlegt atvinnuleysi er framundan, að við hljótum að verða — og það munu næstu mánuðir sýna — að við hljótum að verða þrátt fyrir gengislækkunina að grípa til fjölmargra ráðstafana af ýmsu tagi, sem alls ekki kom heim og saman við þá meginstefnu, sem EFTA vill, að sínar þjóðir fylgi. Ég nefni í þessu sambandi það, sem augljóst er, að hversu mikið, sem menn fella gengið, þá er nú komið þannig okkar hag, að við hljótum að verða að grípa til einhvers konar hamla í gjaldeyrismálum og innflutningsmálum og það er í fyrsta skipti núna, sem örlar ekki svo lítið á því í ræðum hæstv. ráðh., að þeir viðurkenna þetta. Enda er þetta algerlega augljóst mál.

Efnahagssérfræðingar stjórnarinnar telja, að þrátt fyrir gengislækkunina og það heljarslag, sem hún nú er í búskapnum, séu í raun og veru engar líkur til þess, að hægt sé að komast af án þess að hafa stórfelldan greiðsluhalla við útlönd á næsta ári, líklega stórfelldari en við getum þolað. Þess vegna verður gengislækkunin ekki nægileg ein, og það mun koma að því mjög fljótlega, að það verði að gera aðrar ráðstafanir, eins og t. d. takmarkanir á innflutningi, takmarkanir á frjálsri gjaldeyrisverzlun o. s. frv. Það þarf ekkert að fara í grafgötur um, að fyrir þessu vottar nú þegar í málflutningi af hendi sjálfra stjórnarflokkanna, sem ekki hafa mátt heyra slíka hluti nefnda á undanförnum árum. Enn fremur er alveg ljóst, að það er óhugsandi annað en hér verði dunandi atvinnuleysi, ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana vegna iðnaðarins umfram gengislækkunina, að því leyti, sem hún gengur til hagsbóta fyrir iðnaðinn. Og þessar ráðstafanir verða sannarlega ekki af þeirri gerð, sem heppilegt er að þurfa að gera á sama tíma og teknir eru upp samningar við EFTA um að afnema alla verndartolla á Íslandi eða að lofa því að afnema alla verndartolla og allan sérstakan stuðning við íslenzkan iðnað, þar á meðal íslenzkan þjónustuiðnað. Í þessu sambandi er nægilegt að minna á, að í umr., sem þegar hafa átt sér stað um efnahagsmálin, hefur það t. d. komið eða gægzt fram hjá ríkisstj., að það muni verða nauðsynlegt, að á næstunni verði íslenzk fyrirtæki látin sitja við annað og hagstæðara borð en erlend varðandi þjónustuframkvæmdir, eins og verktakasamninga og annað slíkt, t. d. skipabyggingar o. fl. Og þetta kom mjög greinilega fram í umr. þeim, sem hér urðu í gær.

Ég held, að það væri mjög skynsamlegt fyrir Íslendinga að sjá, hvaða mynd íslenzkur þjóðarbúskapur tekur á sig næstu mánuði og íhuga sitt ráð í því sambandi, áður en ákvarðanir eru teknar, sem gætu haft grundvallarþýðingu, og ég vil segja, áður en menn leggja út í viðræður um þessi málefni, sem hafa geysilega mikla þýðingu fyrir íslenzku þjóðina um alla framtíð og þá líka vegna þess, að það er náttúrlega ekkert smámál, hvort samningar við EFTA takast, þannig að við gætum fengið frjálsan, eða a. m. k. okkur fullnægjandi, aðgang að mörkuðum EFTA-landanna í framtíðinni. Og því er ekkert smámál, að skynsamlega sé á þessu haldið. Í þessu sambandi segja menn, að það megi skoða þessi mál meðan umr. fara fram, en ég bið skynsama menn að athuga, að þetta er ekki rétt hugsun. Þessi mál þurfa menn að hafa skoðað, áður en samningarnir byrja, vegna þess að útspilið hlýtur ævinlega að verða eftir því, hvaða spil menn hafa á hendinni, þegar spilið hefst. Og það er, eins og ég sagði áðan, lífsnauðsyn að vita, hvað maður vill.

Annars getur maður ekki búizt við því að fá heppilega niðurstöðu úr samningum.

Það er næst annað atriði, sem ég vil leyfa mér að benda mönnum á og biðja menn að hugsa um og líka snertir það, sem út úr þessum samningum gæti komið, og eins hitt, hvort heppilegt sé að byrja á þeim eins og þessi mál standa nú hjá okkur. Og það er þetta, að aðild að EFTA, — ef enginn fyrirvari er um það atriði, — þýðir, að þjóðin, sem í EFTA gengur, lofar að afnema með öllu alla verndartolla fyrir sinn eigin iðnað og allan sérstakan stuðning sínum eigin iðnaði til handa og lofar því að láta sinn eigin iðnrekstur sitja algerlega við sama borð og iðnrekstur annarra þjóða. Ef núna ætti t. d. að ganga í EFTA fyrirvaralaust varðandi þetta atriði, þá yrðum við að lofa þessu. Þorið þið að lofa þessu? Þorið þið að lofa því, að þetta verði gert hér? Þorið þið að lofa því nú, ef við fengjum jákvæð svör við því að taka upp samninga við EFTA og samningar ættu að byrja í desember eða janúarmánuði n. k., og það fyrsta, sem þyrfti að taka afstöðu til, yrði þetta: Eruð þið reiðubúnir að leggja til, að Íslendingar lofi þessu? Eg spyr hvern alþm. um sig: Þorið þið að lofa þessu? Hafið þið fengið þær upplýsingar nú, að þið þorið að skuldbinda Íslendinga til þess að afnema gersamlega allan sérstakan stuðning við íslenzkan iðnað? Menn tala hér um aðlögunartíma, 8—10 ár. Ég spyr. Hafa menn krufið þessi mál þannig til mergjar, að þeir þori að gefa slíkt fyrirheit varðandi framtíðina? Er hægt að hugga sig við aðlögunartímann einan? Ég álít, að það verði að athuga þessi mál öll hleypidómalaust og það sé geysilega þýðingarmikið fyrir okkur að fá einhver tengsl við EFTA, en ég vil benda mönnum á — og ég segi það að nokkru í gamni— að það var líka aðlögunartími í sögunni um Gilitrutt. Ég spyr: Þora menn að lofa þessu nú? Og ég get sagt mönnum það alveg hreinskilnislega, að þetta stendur eins og fleinn í mínu holdi, og ég hef ekki gert það upp við mig, hvort ég mundi þora að lofa slíku, og í dag mundi ég alls ekki þora að gera það.

Það er allt annað fyrir okkur að gefa slík fyrirheit eða t. d. Breta eða Norðurlandaþjóðirnar, vegna þess að við erum á allt öðru stigi en þessar þjóðir. Við erum ekki að neinu leyti sambærilegir við þær og samningar, sem væru annars vegar um það, að þeir afnemi allan stuðning við innlendan iðnað hjá sér og við aftur á móti hjá okkur, eru engir jafnréttissamningar. Það eru engir jafnréttissamningar. Þess vegna segi ég, að þetta mál þurfi að athuga miklu betur en gert hefur verið og kryfja til mergjar.

Það má ekki gera lítið úr hluta tollverndaða iðnaðarins í íslenzkum þjóðarbúskap, eins og sumir virðast hafa tilhneigingu til að gera af miklu kappi, en það er áríðandi, að í þetta mál hlaupi ekki kapp, heldur haldi menn sér í fullu jafnvægi og skoði þetta hleypidómalaust. Í skýrslunni, sem fylgir nál., er sagt, að um 3800 manns hafi nú atvinnu af tollvernduðum iðnaði, sem mundi missa alla sína vernd og allan sinn sérstaka stuðning. Er ekki gert mjög mikið úr því í skýrslunni, að þetta sé stór hópur. En mér skilst, að hver sá maður, sem starfar í grundvallaratvinnuvegi, hafi með sér aðra þrjá. A. m. k. hefur dæmið verið reiknað þannig, þegar um stóriðju er að ræða. Ef þetta er rétt, er þarna kominn 12 þúsund manna hópur. Síðan skilst mér megi margfalda með tveimur vegna fjölskyldustærðar eða jafnvel 2½, þannig að þá er komið upp í 25—26 þús. manns. Ef svo meginhlutanum af þessum iðnaði hlekktist á á næstu árum, þegar menn væru búnir að lofa afnámi tollverndarinnar, kemur þarna spurningin um að koma með eitthvað í staðinn fyrir þetta. Það yrði þá að vera útflutningsiðnaður eða iðnaður, sem væri svo harðsnúinn, að hann gæti þolað verndar- og stuðningslaust t. d. samkeppni frá Bretum. Þá yrði nýtt að koma upp í staðinn fyrir þetta, plús það sem þyrfti, til þess að byggja upp til viðbótar nýjan iðnað og í staðinn fyrir það, sem þessi tollverndaði iðnaður hefði vaxið að öllu óbreyttu.

Það er ekki hægt að taka dæmið eins og gert er í skýrslunni. Það gefur engar upplýsingar. Þetta er miklu alvarlegra mál en þar kemur fram. Þess vegna segi ég, að þetta þarf að skoða betur, og það þarf að athuga þetta alveg hleypidómalaust, hvort það er nokkur ósanngirni í því fyrir þjóð eins og Íslendinga að fara fram á, — þó farið væri í EFTA með aðild, aukaaðild eða tengslum eða hvernig sem það nú væri, — að vegna sinnar algeru sérstöðu, þar sem er dvergurinn í hópi hinna, hefðu þeir möguleika til að hafa einhverja skynsamlega verndartolla og byggju við einhver sérákvæði að þessu leyti. Og ég verð að segja, að ég sakna þess ákaflega, að í málflutningi þeirra, sem vilja senda þessa inntökubeiðni strax og telja einmitt, að umr. eigi að hefjast strax, hefur ekki örlað á því, að þeim finnist eðlilegt að taka upp þetta sjónarmið. En þetta er grundvallarsjónarmið í mínum huga. Ég trúi ekki öðru, en þær þjóðir, sem skipa EFTA, mundu sýna, ef hér væri vel á málum haldið, fullan skilning á því, að við getum ekki einn góðan veðurdag núna á næstunni, — kannske í næsta mánuði eða eftir jólin, — stigið fram og sagt: Nú lofum við að afnema alla vernd fyrir allan íslenzkan iðnað á næstu 8—10 árum. Ekki treysti ég mér til að gera það. Það verða þá að koma einhverjar nýjar upplýsingar fram í þessu máli, sem breyta stöðunni.

Þá er annað atriði, sem ég vil telja, að ekki sé fullathugað og ég er dálítið hissa á, að ekki skuli hafa verið skoðað, og það er þetta: Hvernig verkar fjarlægð Íslands frá öðrum löndum á þessi mál? Ég hef hvergi séð nokkra skoðun á því. Fjarlægð Íslands er vafalaust einhver vernd fyrir íslenzkan iðnað, að því er heimamarkað varðar. Hversu mikil vernd er fjarlægð Íslands? Ég hef ekki séð neitt mat á þessu. Ég tel alveg lífsnauðsyn, að slíkt mat fari fram, áður en menn byrja á samningaþjarki um þetta efni. Ég hef heldur ekki séð nokkra tilraun gerða, til þess að gera grein fyrir því, hvaða hindrun fjarlægð Íslands frá öðrum löndum er þeim útflutningsiðnaði, sem hér yrði að byggja upp og ætti

að gera annað eins risaátak með í okkar þjóðarbúskap á næstunni, eins og þyrfti að vera, til þess að taka við allri þeirri aukningu, sem hér ætti að verða á iðnaði, plús því, sem þyrfti að koma í staðinn fyrir verndaða iðnaðinn, — fylla það skarð, sem yrði í okkar þjóðarbúskap, ef verndaði iðnaðurinn hætti ekki aðeins að aukast, heldur hyrfi að verulegu leyti. Ég sakna þess ákaflega, að skoðun á þessu skuli ekki hafa farið fram, því að vitanlega getur fjarlægð Íslands frá öðrum orðið vernd í vissu falli, en líka orðið geysilegur fjötur um fót í öðru tilliti.

Sannast að segja finnst mér, að í þetta mál allt vanti, enn sem komið er, athuganir af því tagi, sem rætt er um á bls. 55 í áliti embættismannanna, sem fylgir áliti n., eins og hv. alþm. Ólafur Jóhannesson benti á við fyrri umr. málsins. En vegna þess, hvað ég tel mikils vert, að þetta sé einmitt skoðað hér á hv. Alþ., þá ætla ég að leyfa mér að lesa aftur þá klausu, sem hér að lýtur. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessari skýrslu er ekki ætlunin að meta afkomu og vaxtarmöguleika íslenzks iðnaðar eða einstakra greina hans við þær breyttu aðstæður, að hann njóti frjáls aðgangs að stóru markaðssvæði, en taki jafnframt að lokum á sig fulla samkeppni utan frá. Þær ýmsu upplýsingar, sem fyrir liggja og aðrar, sem afla þyrfti frá iðnaðinum sjálfum, geta varpað ljósi á mörg atriði, sem þar skipta máli. Slík rannsókn á málefnum iðnaðarins og einstökum greinum hans, sem legið gæti til grundvallar mótun alhliða stefnu í iðnaðarmálum, er meginverkefnið sem bíður úrlausnar.“

Síðan segir í framhaldi af þessu á bls. 56:

„Slík atriði og önnur yrði að taka til athugunar og framkvæmda af því opinbera og iðnaðinum sjálfum í sambandi við þátttöku Íslands í EFTA, ef af verður.“

En mundu menn ekki álíta, að það væri þýðingarmest að gera sér grein fyrir þessum framtíðarmöguleikum íslenzks iðnaðar, áður en menn leggja út í að lofa því að afnema alla verndartolla fyrir íslenzkan iðnað og allan sérstakan stuðning við íslenzkan iðnað? Mundi ekki vera hyggilegt að reyna að gera sér grein fyrir þessu áður? Ég hygg, að það væri einmitt það, sem þyrfti að gera og það, sem ég satt að segja hélt, að EFTA-nefndin mundi brjótast í að láta gera og það, sem við í minni hl. viljum, að EFTA-nefndin fái tóm og tíma til þess að láta gera á sínum vegum. Það er oft seint að fara í þetta, þegar menn eru búnir að taka á sig skuldbindingar, sem þeir eru svo kannske alls ekki menn til þess að standa við. Hvað ætla Íslendingar að gera, ef þeir eru búnir að lofa skilyrðislaust að afnema verndartollana og stuðninginn við iðnaðinn, en síðan kemur í ljós á eftir, að sá iðnaður fyrir erlendan markað, sem menn treystu á, — en höfðu þó ekki gert sér nema sáralitla grein fyrir, í hverju ætti að vera fólginn, — kemur ekki á fót? Jú, þá segja menn kannske: Þá er hægt að fara úr EFTA, og þá er e. t. v. hægt að brjóta samningsákvæðin, eins og virðist satt að segja bera nokkuð á í EFTA-félagsskapnum.

Ég vil á hinn bóginn benda mönnum á, að málið er ekki svo einfalt, vegna þess að undir eins og búið væri að lofa skilyrðislaust að afnema alla verndartolla í íslenzkum iðnaði og allan sérstakan stuðning, mundi fjárfestingin á Íslandi taka snið eftir því loforði, sem búið væri að gefa. Þeir, sem væru í iðnaði, sem þeir gerðu ráð fyrir að mundi dragast saman vegna þessa loforðs, færu að draga sig út. Það yrði ekki lagt í að koma á fót nýjum verndunariðnaði á Íslandi, eftir að þetta hefði verið gert, og fjárfestingin færi þegar í stað að laga sig eftir þessu. Ef hin nýja fjárfesting í útflutningsiðnaðinum kemur svo ekki upp nógu hratt — og þá m. a. í staðinn fyrir það, sem ella hefði komið upp af verndуðum iðnaði, — hvar er íslenzka þjóðin þá á vegi stödd? Hér þarf því að athuga sitt ráð allt mjög ýtarlega og skynsamlega og hafa fyrir sér í þessu þá fyrirvara, að menn lendi ekki út í hreina ófæru. Auðvitað mega menn ekki vera svo smeykir við þetta, að þeir þori ekki að skoða málið. Það verður að skoða málið og allar hliðar á því. Fyrst og fremst verðum við að skoða það sjálfir, og síðan verðum við, — þegar við höfum sjálfir gert okkur grein fyrir erfiðleikum okkar í þessu, — að segja EFTA-mönnum hreinskilnislega frá í hverju þeir eru fólgnir, gleyma ekki neinu af þeim atriðum, sem eru algerlega lífsnauðsynlegar undirstöður fyrir okkur sjálfa. Og ég hef sterka trú á, að ef þetta er gert á þennan hátt og málið er tekið upp á réttum tíma og slíkur undirbúningur hefur farið fram, þá megi fá farsæla lausn á því.

Manni dettur ýmislegt í hug í þessu sambandi. Það er kannske fjarstæða að kasta því fram, hvort það væri möguleiki fyrir land, sem hefur svo algerlega sérstakar aðstæður sem Ísland, að taka þetta í einhvers konar áföngum, taka ekki á sig fullar skuldbindingar strax í þessu tilliti og þá njóta ekki fullra hlunninda strax, fikra sig þannig áfram í áföngum. Allt slíkt verður að skoða hleypidómalaust og með það fyrir augum, hvað þarna er mikill vandi á höndum vegna okkar sérstöðu. En einkanlega vildi ég leggja sterka áherzlu á þetta með verndina og sérstöðu okkar í því tilliti og svo ýtarlega rannsókn, sem enn hefur ekki farið fram á því, hvernig lega Íslands og fjarlægð þess frá öðrum löndum verkar á stöðu þess í þessu, ásamt smæðinni.

Þá er það í þessu sambandi að sjálfsögðu afar mikilsvert atriði, að íslenzkur iðnaður hefur nálega enga möguleika, til þess að verða útflutningsiðnaður eða megnugur þess að standa óverndaður af sér samkeppni erlendis frá, nema alveg verði breytt um búskaparlag á Íslandi, teknir upp alveg nýir búskaparhættir. Það hefur verið bent í þessa átt af hæstv. ráðh. Það yrði, til þess að nokkur von væri um þetta, að koma þannig málum, að íslenzkur iðnaður byggi við öll þau beztu kjör, sem íslenzkum útflutningsatvinnuvegum eru nú ætluð, og líklega mundi það ekki duga til. Líklega mundi

ekki þýða neitt fyrir íslenzk iðnaðarfyrirtæki að ætla sér að vaxa upp og keppa á þessum mörkuðum miðað við þau lánskjör t. d., sem sjávarútvegurinn íslenzki býr við núna. Ég held raunar, að það væri algerlega tómt mál að tala um. Ég held, að það mundi alls ekki duga, að iðnaðurinn byggi við það, sem bezt gerist nú með íslenzkar útflutningsgreinar, heldur yrði að breyta enn miklu meiru. Ég held, að það mundi alls ekki koma til greina, að íslenzkur iðnaður gæti staðizt samkeppni erlendis frá eða flutt út á þessa markaði með því að búa við sömu kjör og við bjóðum okkar sjávarútvegi upp á, þó að hann sé okkar aðalgrein. Að hann heldur áfram samt, byggist á því, hversu gífurleg uppgrip eru hér, — meiri en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni, — og á því að við eigum betri fiskimannastétt en nokkurs staðar annars staðar er til á byggðu bóli. Eiginlega byggist íslenzkur þjóðarbúskapur mest á því, hversu mikla íþróttamenn við eigum í íslenzkri sjómannastétt. Það er nú sannleikurinn. Það er grundvöllurinn í þessu öllu saman, að þeir eiga enga sína líka nokkurs staðar á jarðarkringlunni, og svo náttúrlega, að við höfum þessi góðu fiskimið. Útkoman verður þessi: Við höfum sjávarútveg, sem getur haldið uppi okkar sérkennilega þjóðfélagi, þó að hann búi að mörgu leyti við mjög ömurlegan aðbúnað, t. d. í lánamálum og öðru slíku, sem þýddi ekki að bjóða neinum iðnaði, sem ætti að keppa við iðnað EFTA-landanna. Í íslenzkum iðnaði yrði varla um svo mikla sérstöðu að ræða í nokkurri grein nema sjávarútvegi að bjargað gæti.

Út frá þessum bendingum vil ég segja, að mér sýnist það alls ekki hafa verið krufið til mergjar, hvað gera þurfi fyrir íslenzkan iðnað, til þess að hann geti haft nokkra von um að standast eða verða fullhlutgengur í EFTA. En nú geta menn kannske sagt: Já, en liggur nokkuð á? Þarf þetta að liggja fyrir svona nokkurn veginn um leið og farið er í EFTA? Er ekki hægt að taka þetta rólega og gefa út skuldbindinguna fyrst um að afnema tollverndina á ísl. iðnaði og stuðningi við hann og taka þetta svo rólega? En það er mikill misskilningur, ef menn halda, að það sé hægt að gera þetta þannig og það er vegna þess, að fjárfestingin verður að hafa ákveðna stefnu. Um leið og búið er að ganga í EFTA, gera EFTA-samning, byrjar fjárfestingin í verndunariðnaðinum að minnka. Þá verður hún strax að aukast óðfluga í öðrum greinum. Það er ekki hægt að taka sér einhver ár til þess að breyta þessu í hægðum sínum, það yrði strax að vera búið þannig í haginn, að nýi iðnaðurinn gæti farið af stað svo að segja í sprettinum við hin allra beztu og hagstæðustu skilyrði. Það yrði m. ö. o. að snúa sér að því í flughasti að breyta íslenzkum þjóðarbúskap á þá lund, að ekki væri hreinn voði framundan, þegar búið væri að kasta lausu. Auðvitað allt miðað við, að ekki séu sérákvæði fyrir íslenzkan verndunariðnað. Fengjust þau, þá breytist allt þetta mál og þyrfti ekki að taka þetta eins róttækum tökum þegar í byrjun. Á þetta benda samtök ísl. iðnaðarins greinilega, enda eru meðmæli þeirra, — ef hægt er að kalla það meðmæli stjórnar iðnaðarsamtakanna, — byggð á því, að á þessa lund sé á málum haldið. En þá er eftir að athuga, hvernig menn ætla að koma þessu í framkvæmd, því það hefur ekki komið fram nein áætlanagerð eða álitsgerð um það, hvaða áhrif slíkar stökkbreytingar hefðu á okkar þjóðarbúskap. Það er þó alveg víst, að það yrði að taka upp allt aðra lánapólitík en nú á sér stað. Það yrði að taka upp allt aðra vaxtapólitík, og það yrði að taka upp allt aðra tollapólitík, bæði varðandi vélar og efni og allt slíkt, en nú er rekin og endurskoða alla fyrirgreiðslu gjörsamlega frá rótum í sambandi við uppbyggingu fyrirtækja á Íslandi. Það er alveg víst. Það yrði að verða bylting í þeim efnum frá því sem nú er.

Að sjálfsögðu þarf að endurskoða grundvöll iðnaðarins, þó við förum ekki í EFTA. Það þarf að vinna að því að byggja hér upp öflugan, sívaxandi iðnað, sem gæti þolað betur samkeppni erlendis frá og gæti spjarað sig á erlendum mörkuðum. En ég bendi á, hvernig staðan væri, ef að yrði staðið á þá lund að taka á sig hreina og klára skuldbindingu um að afnema alla tollvernd og allan sérstakan stuðning. Það er verð, sem ég tel, að við gætum ekki borgað fyrir þetta. Við yrðum þá heldur að reyna að fá einhvern sérsamning við EFTA, kannske á takmörkuðu sviði. Ég sé í þeim ófullkomnu gögnum, sem hér liggja fyrir um EFTA-málið, að það eru vissar undanþágur einmitt í þessa stefnu fyrir einstök lönd varðandi einstakar vörutegundir. Mér finnst þetta allt ekki vera nægilega vel skoðað, og ég óttast, að ef það verður farið af stað núna, þá verði það ekki nógu vel skoðað, þegar allt er komið á skrið.

Ég vil mjög biðja menn að taka þetta ekki sem fjarstæðu, sem ég er að segja, eða neitt í þá átt, heldur athuga þetta hleypidómalaust og ofan í kjölinn, því að hér er um málefni að ræða, sem ég veit, að við skiljum allir, að hefur alveg grundvallarþýðingu fyrir allt líf þjóðarinnar í landinu um alla framtíð.

Þá er eitt atriði í þessu máli, sem við bendum á í nál., — en það var meira rætt við 1. umr., þannig að ég get farið fljótt yfir sögu, — og það er þetta: Við yrðum auðvitað að fá það ljóst, að við gætum ráðið því sjálfir, hvaða erlend fyrirtæki hefðu starfrækslu á Íslandi. Ég er alveg sannfærður um, að það hlýtur að vera hægt að koma þessu þannig fyrir, því að ég hygg, að það sé ríkur skilningur á því meðal þeirra þjóða, sem hér eiga hlut að máli, að þannig verði þetta að vera vegna þess, hvernig við erum settir. Það er aldrei of oft minnt á það, hvernig farið gæti, ef þarna væri ekki farið með fullkominni gát, vegna þess hve okkar þjóðarbúskapur allur saman er dvergvaxinn samanborið við einkaatvinnurekstur í þessum löndum. Það er skemmst að minnast þess, að fyrir nokkrum árum voru tugir fyrirtækja í einu iðnaðarlandi Evrópu, sem höfðu meiri umsetningu hvert um sig en nam allri þjóðarframleiðslu Íslendinga. Síðan hafa fyrirtæki í Evrópu yfirleitt

stækkað, nálega eins og snjóbolti, sem veltur niður fjallshlíð. Svo ört hefur þróunin gengið í þá átt. Þar er orðið um iðnaðarrisa að ræða, sem hafa starfrækslu af nálega öllum greinum undir einum hatti, og ætti ekki að þurfa að halda langar ræður um það, hversu mikil fjarstæða er að opna okkar land fyrir starfrækslu þvílíkra risa.

Þess vegna yrði þetta atriði að vera ljóst, að okkar dómi, og þyrfti að leggja vinnu í að skoða betur 16. gr. en enn hefur verið gert, því það er mjög loðmullulegt, sem um hana er sagt í áliti embættismannanna. Þar er eiginlega verið að gefa í skyn, finnst mér hálfgert, að það sé mögulegt með klækjum að komast í kringum þetta ákvæði, en þó er allt svo þokukennt, að ég hef ekki getað áttað mig á í hverju sú aðferð er fólgin, sem þar er talað um, en þetta má að mínu viti með engu móti vera í neinni þoku.

Loks bendum við á, hversu þýðingarmikið það er, að rösklega sé haldið á fiskmálunum í þessu sambandi, og það hefur komið greinilega fram, að þar erum við allir sammála.

Ég vil leyfa mér að vona, að þó minna hafi borið á hinum þáttunum, sem ég hef verið að ræða í málflutningi þeirra, sem fyrir þessu máli ráða, þá hafi þeir samt ríkt í huga undir niðri, hversu mikið er hér í húfi og skoði nákvæmlega hug sinn um það, hvort ekki eigi að koma fram með skynsamlega og öfluga fyrirvara af því tagi, sem ég hef verið að ræða, t. d. varðandi 16. gr. og verndartollamálið eða stuðning við iðnað með einhverjum sérstökum hætti, vegna þess hvað sérstaklega við erum settir.

Ég held, að ég hafi nú tekið fram þau aðalatriði, sem ég hafði áhuga fyrir að koma á framfæri og skal ekki þreyta menn á lengri ræðu, en niðurstaða minni hl. er á þessa lund, og vil ég leyfa mér að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Talað er um aðildarumsókn nú sem upphaf að könnunarviðræðum, til þess að komast að því með hvaða kjörum mætti tengjast EFTA. Minni hl. telur, að engar könnunarviðræður komi að gagni fyrir Íslendinga, nema þeir mæti til þeirra, eftir að þeir hafa gert sér grein fyrir því, eftir hverju þeir ætli að sækjast í viðræðunum. Taki menn upp viðræður, án þess að hafa gert sér grein fyrir þessu, er verr farið en heima setið. Minni hl. telur, að EFTA-nefndin ætti að halda áfram störfum og undirbúa rækilega í samráði við ríkisstj. og Alþ. þær viðræður, sem rétt kann að þykja að fari fram á sínum tíma um tengsl Íslands við EFTA, en þessari þáltill. vill minni hl. vísa frá með svofelldri rökstuddri dagskrá:

Þar sem ekki er tímabært nú að taka ákvörðun um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, m. a. vegna óvissu í efnahagsmálum, ófullnægjandi athugunar á sumum undirstöðuatriðum málsins, svo sem stöðu iðnaðarins, og nýlegrar ákvörðunar Breta um 10% toll á freðfiskflökum frá EFTA-löndum, samþykkir Alþ. að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. hefur þungar áhyggjur af framtíð íslenzks iðnaðar, ef til aðildar að EFTA kæmi. Það er víðsfjarri mér að gera lítið úr þeim erfiðleikum, sem afnám allra verndartolla, þó á löngum tíma væri, 10—15 árum, hefði fyrir ísl. iðnað, og það hefur þegar komið ljóst fram í því, sem ég hef sagt og skrifað um þessi mál undanfarið. En mér finnst háttv. 1. þingm. Austf. gera allt of lítið úr þeim vaxtarmöguleika, þeim nýju vaxtarskilyrðum, sem ísl. iðnaður hlyti, ef um aðild að EFTA væri að ræða, og það tel ég vera merg málsins. Sú niðurstaða, sem við höfum komizt að í þessu efni, aðilar í stjórnarflokkunum, sem hafa mest skoðað það, er sú, að vaxtarskilyrðin, — hin nýju vaxtarskilyrði, sem íslenzkur iðnaður hlyti, vegna aðildar að EFTA, — mundu verða mun miklu meiri en það óhagræði fyrir ísl. iðnað, sem af því kynni að hljótast, og skal ég þó engan veginn gera of lítið úr því. Þetta mál hefur verið þrautskoðað, og það hefur verið þrautrætt einmitt við fulltrúa íslenzks iðnaðar. Við mundum aldrei hafa stigið það spor að leggja til, að kannað yrði með hvaða hætti Ísland gæti gerzt aðili að Fríverzlunarsamtökunum, nema það væri í samræmi við skoðanir og óskir íslenzkra iðnrekenda, en það er það.

Íslenzkir iðnrekendur líta því talsvert öðruvísi á málið en hv. 1. þingm. Austf. gerir. Þeir líta á málið af meira raunsæi, að því er ég tel, og þó umfram allt af meiri bjartsýni en hv. 1. þm. Austf. Hans málflutningur allur, hans skoðanir, byggjast, að því er ég tel, í of ríkum mæli á svartsýni, á bölsýni, mér liggur við að segja á vantrú á möguleikum og dugnaði íslenzks iðnaðar. Íslenzkur iðnaður hefur þegar sýnt það, t. d. á undanförnum 8 árum, — 7—8 árum eftir að viðskiptafrelsi var stóraukið, — að hann er þess megnugur að standast erlenda samkeppni. Íslenzkur iðnaður hefur getað eflzt, ef á er litið í heild, þrátt fyrir það innflutningsfrelsi, — það aukna innflutningsfrelsi, — sem átt hefur sér stað á undanförnum 7—8 árum. Það mundu margir hafa spáð því, þegar frílistinn var gefinn út á árunum eða innflutningsfrelsinu var komið á á árunum 1960—61, að íslenzkur iðnaður mundi leggjast í rúst. Þær raddir heyrðust hér á hinu háa Alþ. og víða annars staðar, að hann mundi alls ekki þola í heild þá erlendu samkeppni, sem um er að ræða. Reynslan hefur orðið þveröfug. Innflutningsfrelsið hefur haft í för með sér vissa breytingu í iðnaðinum, erfiðleika fyrir einkum smáfyrirtæki, sem áður voru mjög tollvernduð á takmörkuðu sviði, en aðrar greinar iðnaðarins hafa eflzt þeim mun meir, og í heild hefur iðnaðurinn eflzt mjög á þessum árum, þó nokkur áraskipti hafi verið að því, hve mikill vaxtarhraðinn hafi orðið. Hann hefur orðið mjög mikill á sumum árum, en um stöðnun hefur orðið að ræða á öðrum skeiðum, einkum og sér í lagi í kjölfar samninga um mikla kauphækkun, sem orðið hafa öðru hverju á þessu tímabili. En til þess að taka af öll tvímæli um skoðun íslenzkra iðnrekenda á þessu máli, þá ætla ég með leyfi hv.

forseta að lesa bréf frá Fél. ísl. iðnrekenda til viðskmrn., bréf, sem skrifað var í framhaldi af þeim umræðum, sem EFTA-nefndin átti við iðnrekendur og voru ýtarlegar og mjög málefnalegar. Ég óskaði eftir því, að niðurstaða þeirra viðræðna kæmi skriflega fram af hálfu Fél. ísl. iðnrekenda, þannig að ekki þyrfti að vera neinn vafi á því, hver skoðun íslenzkra iðnrekenda væri, þ. e. a. s., að ríkisstj. væri ekki að hlaupa fram fyrir skjöldu í óþökk iðnrekenda, og ég taldi rétt, að iðnrekendur orðuðu þessa skoðun sína sjálfir í stað þess hún lægi eingöngu fyrir í bókuðum fundargerðum EFTA-nefndarinnar. Bréf ísl. iðnrekenda til viðskmrn., dags. 30. okt., hljóðar svo, með leyfi hv. forseta:

„Með vísun til samtals við yður hinn 25. þ. m. varðandi þá athugun, sem fram fer á hugsanlegri aðild Íslands að EFTA og afstöðu samtaka vorra til umsóknar um aðild, skal eftirfarandi tekið fram. Á síðasta ársþingi iðnrekenda, sem haldið var í apríl s. l., var gerð ályktun, þar sem segir: „Ársþing iðnrekenda 1968 telur nauðsynlegt, að fram fari á því rækileg athugun, hvernig framtíðarhagsmunir íslenzks atvinnulífs verði bezt tryggðir með tilliti til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum á sviði alþjóðaviðskipta, og þá einkum við myndun markaðsbandalaga í Evrópu.“ Það verður að telja augljóst, að fullnaðarathugun á hugsanlegri inngöngu eða tengslum Íslands við EFTA verður eigi gerð, án þess að hafnar verði samningaviðræður við viðkomandi aðila þar að lútandi. Af þeirri ástæðu álítum vér rétt, að sótt verði um aðild, þannig að unnt sé að gera sér fullkomna grein fyrir því, hvað í henni felst. Að sjálfsögðu felst í því, sem hér segir, engin endanleg afstaða iðnaðarins til aðildar að EFTA. Afstöðu til hennar teljum vér eigi tímabæra, fyrr en séð verður, hvaða samningum tekst að ná varðandi ýmis veigamikil mál. Oss er það ljóst, að aðild Íslands að EFTA hlýtur að hafa í för með sér margvísleg vandkvæði fyrir iðnað á Íslandi, eins og hann er í dag. Aftur á móti álítum vér, að þegar horft er lengra fram á við, hljóti það í vaxandi mæli að falla í hlut iðnaðarins að vera sá meiður, sem nauðsynlegur hagvöxtur hlýtur að spretta af, ef tryggja á ört vaxandi þjóð bætt lífskjör. Vegna hins þrönga markaðar hér, álítum vér, að nauðsynlegur vöxtur iðnaðar verði í vaxandi mæli að byggjast á útflutningi. Í framtíðinni verður það því ekki síður áhugamál iðnaðarins en sjávarútvegs og fiskvinnslu að eiga greiðan aðgang að erlendum mörkuðum. Að lokum þetta: Vér álítum rétt, að sótt verði um aðild Íslands að EFTA, til þess að kanna rækilega, hvers konar kjörum verði náð. Endanlega afstöðu til aðildar teljum vér oss þá fyrst geta tekið, þegar niðurstaða þeirra samningaviðræðna liggur fyrir, og ríkisstj. Íslands hefur gert grein fyrir því, hverjum aðgerðum hún hyggst beita sér fyrir, til að leggja grundvöll að þeirri iðnþróun, sem hér verður að eiga sér stað í næstu framtíð.“

Svo mörg voru þau orð. Ég vona, að öllum hv. alþm. sé ljóst, að í þessu kemur fram nákvæmlega sama stefnan og liggur til grundvallar þeirri tillögu, sem hér er til umræðu og stjórnarfl. standa að og meiri hl. hv. utanrmn. hefur nú mælt með.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Að undanförnu hefur nokkrum sinnum verið vikið hér að starfsháttum Alþ. og þar hefur hv. 1. þm. Austf. haft nokkra forustu með merkum ræðum um vinnubrögð Alþ. Mér finnst að alþm. ættu að hlusta betur á. Við erum þessa dagana að reyna einn þátt í starfsemi Alþ., sem ég tel vera mjög óeðlilegan. Í gær var umr. um ákaflega veigamikið efnahagsmál hespuð í gegn um Alþ. á tæpum sólarhring, á nótt og degi, með endalausum afbrigðum og án þess að n. hefðu nokkurt ráðrúm til þess að kanna málið.

Það mál, sem hér liggur fyrir, till. um, að við sækjum um aðild að EFTA, var lagt fyrir s.l. föstudag, og það er ætlazt til þess, að hið háa Alþ. taki lokaákvörðun um þetta í dag. Það er að vísu rétt, að n. frá öllum þingflokkum hefur unnið með ríkisstj. að þessu máli um langt skeið, og það eru sjálfsögð vinnubrögð. En slík n. kemur á engan hátt í staðinn fyrir Alþ. Hér er um svo veigamikið mál að ræða, að Alþ. á að taka sér tíma til að fjalla um það í nokkrar vikur. Þannig er farið að, þegar minni háttar mál ber hér á góma. Þau mál eru send til n., sem fjallar um þau á alllöngum tíma og ber þetta undir ýmsa aðila utan Alþ.

Því er svo varið með þetta mál, að umr. um það hafa ennþá verið furðu takmarkaðar utan þings. Samt er hér um svo veigamikið mál að ræða, að þjóðin öll þarf að taka þátt í umr. um það og stuðla að endanlegum ákvörðunum. N. þingsins verða að hafa ráðrúm til þess að ráðgast við ýmsa aðila í þjóðfélaginu, áður en slíkt mál sem þetta er afgr. Ég tel, að þessi ljóður á starfsháttum Alþ. sé það alvarlegur, að úr honum verði að bæta, og ég vil beina því alveg sérstaklega til hv. forseta Alþ., að þeir hyggi að þessum vinnubrögðum. Það má ekki svo til ganga, að Alþ. sé einhver afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. hverju sinni. Hv. forsetar mega ekki líta á sig sem neina verkstjóra ríkisstj. Þeir eru fulltrúar Alþ. í samskiptum við ríkisstj. Og hv. forsetum ber að tryggja, að Alþ. fái að fjalla um mál á eðlilegan hátt.

Þegar við ræðum um hugsanlega aðild að EFTA, þá sakar ekki, að menn geri sér grein fyrir því, hvers konar fyrirbæri þessi bandalög í Evrópu eru í raun og veru. Þessi bandalög, Efnahagsbandalag Evrópu og EFTA, eru hagsmunasamtök auðugra og iðnþróaðra ríkja í Evrópu. Tilgangur þeirra er að efla velgengni þessara samtaka í samskiptum við aðra. Ég tel, að þessi bandalög séu í sjálfu sér mjög óheppileg og stuðli að rangri alþjóðlegri þróun. Nú er svo ástatt í heiminum, að andstæðurnar milli auðugra ríkja og snauðra eru án efa það vandamál, sem mestum sköpum mun skipta á næstu áratugum. Bilið á milli þessara ríkja hefur haldið áfram að víkka að undanförnu. Og haldi svo enn áfram, þá munu hljótast af því mjög alvarlegar afleiðingar.

Þessi efnahagsbandalög í Evrópu hafa þann tilgang að tryggja sem hæst verð á iðnaðarvarningi, en reyna jafnframt að tryggja, að iðnaðarríkin fái hráefni á sem lægstu verði. Þetta er tilgangur þessara bandalaga, og við höfum komizt í nokkur kynni við þennan tilgang, vegna þess að við erum fyrst og fremst hráefnaframleiðendur. Við höfum reynt það núna að undanförnu, að þau hráefni og þær hálfunnu vörur, sem við flytjum út, hafa lækkað ákaflega mikið í verði á þessum mörkuðum, fullunnar vörur, sem framleiddar eru úr okkar hráefnum, hafa haldið óbreyttu verði. Þarna er verið að færa ágóða frá okkur til þessara iðnvæddu ríkja. Þetta tel ég, að menn verði að gera sér ljóst, þó að ég viti að sjálfsögðu, að það er ekki á okkar valdi að breyta því, hvernig iðnaðarríki í Evrópu haga samskiptum sínum. Og það er einnig ljóst, að við komumst ekki hjá því að lifa í þeim heimi, sem umhverfis okkur er og aðlaga okkar hluti eftir þeim staðreyndum, sem við okkur blasa. En þegar nú er rætt um, að við eigum að sækja um aðild að EFTA, þá eru röksemdirnar fyrir því ekki fyrst og fremst staða okkar, eins og hún er núna. Þeir tollar, sem eru lagðir á útflutning okkar í þessum löndum, eins og sakir standa, skipta ekki sérlega miklu máli, eins og nú er, og allra sízt, ef Bretar halda stíft við þá ákvörðun sína að leggja sérstakan toll á fiskflök, einnig frá aðildarríkjum EFTA. Ef aðeins væri um að ræða þá annmarka, sem nú blasa við, þá efast ég um, að nokkur yrði þess fýsandi að ganga í EFTA og verða að taka á sig þá gjörbreytingu, sem því fylgir, á öllu fjárhagsskipulagi hér innanlands, þ. e. a. s. á tollamálum og skattheimtu. Við höfum heyrt það hér, að afnám tolla eigi að hafa í för með sér stórhækkun á söluskatti eða mjög verulega hækkun á fasteignasköttum, nema hvort tveggja sé.

Aðalröksemdin fyrir því, að við eigum að sækja um aðild í EFTA, eru röksemdir um framtíðina. Menn benda réttilega á, að við verðum að breytast úr hráefnaframleiðanda í iðnaðarríki. Við verðum að iðnþróa Ísland bæði til þess að hafa hér traust efnahagskerfi og eins til þess að tryggja vaxandi þjóð næg verkefni. Þetta er alveg augljós nauðsyn. Um þetta getur ekki verið neinn ágreiningur. Og það er einnig augljós nauðsyn, að ef við eigum að leggja áherzlu á iðnaðarframleiðslu, þá verður hún að vera við það miðuð, að hún sé seljanleg á stórum erlendum mörkuðum. Það er ekki hægt að koma hér upp öflugum iðnaði, sem aðeins er miðaður við hinn þrönga markað okkar. Þetta eru augljósar staðreyndir. Það er ekki þar með sagt, að þær séu röksemd fyrir því, að við eigum hér með á þessari stundu að sækja um aðild að EFTA. Það er margt, sem við þurfum að vita áður. Mér er t. d. spurn: Hvaða iðngreinar eru það, sem menn hugsa sér að efla á Íslandi? Ég hef ekki fengið nokkur svör við því. Menn eru með almennt umtal um blómleg iðnfyrirtæki, sem eigi að starfa hér eftir 10—20 ár. Ég hef hvergi heyrt nokkra hugmynd um það, hvaða iðnfyrirtæki þetta eigi að vera. Í hvaða greinum eigum við að efla iðnað okkar? Þetta verðum við óhjákvæmilega að vita. Ef við ætlum að laga efnahagskerfi okkar eftir einhverjum tilteknum mörkuðum, þá verðum við að vita hvaða vörur við ætlum að selja og velja markaðinn út frá því. Hvar er tiltæk sú vitneskja nú, að við munum sérstaklega framleiða vörur, sem henta EFTA frekar en öðrum samtökum, t. d. Efnahagsbandalaginu eða Bandaríkjamarkaði, A.-Evrópu eða Sovétríkjunum eða einhverjum öðrum mörkuðum? Um þetta er engin vitneskja, en ákvörðun okkar um tengsl við einhver markaðssvæði verður að byggjast á því, hvað það er, sem við ætlum að framleiða og selja. Fyrr en við höfum gert um þetta einhverjar raunsæjar áætlanir, er hreinlega ekki tímabært að taka ákvörðun eins og þessa. Það er ekki hægt að sækja um aðild að EFTA og láta svo kylfu ráða kasti. Við verðum að vita, hvað við ætlum að gera. Og ég tel, að það sé eitthvert brýnasta verkefni stjórnarvaldanna einmitt nú að láta grandskoða þetta mál og komast að niðurstöðu um það, hvaða atvinnugreinar í iðnaði á sérstaklega að efla hér. Og síðan er það þessi vitneskja, sem hlýtur að skera úr um, hvaða markaðssvæði við reynum að tengjast. Og það þarf meira til en vita, hvaða iðnaður það er, sem við hugsum okkur, að við getum reynzt samkeppnisfærir við aðrar og margfalt stærri iðnaðarþjóðir. Við þurfum einnig að skipuleggja fyrirtæki okkar á þann veg, að þau geti staðizt einhverja samkeppni.

Það er kannske óþarfi að vera sífellt að endurtaka þá staðreynd, að við erum efnahagslega örlítil. Samt virðist þess þó vera þörf, því að mér virðist, að hv. ríkisstj. hugsi ævinlega um þessi mál eins og við séum milljónaþjóð, en við erum það ekki. Ef við ætlum að vera með iðnaðarframleiðslu til útflutnings, þá verður kjarni hennar að vera nokkur stór fyrirtæki, eins stór og við erum menn til þess að starfrækja hér. Það þarf að fara fram alger endurskipulagning á iðnaði okkar, ef það á að vera nokkurt vit í því, að við reynum að keppa við margfalt stærri og auðugari þjóðir. Þessi endurskipulagning þarf einnig að fara fram, áður en við sækjum um tengsl við einhvern sérstakan markað erlendis. Því að ef við ætlum að ganga í EFTA, eða einhver hliðstæð samtök, án þess að hafa styrkt undirstöður iðnaðar okkar nægilega, þá erum við að kippa undan þeim fótunum. Það er ósköp auðvelt að standa hér, eins og hv. viðskmrh. gerði áðan, og vera með almennt bjartsýnisumtal. Hann sagði, hv. ráðh. að iðnaðinum á Íslandi hefði að undanförnu vegnað mjög vel. Þetta virðist mér nú vera mikið ofugmæli á flestum sviðum. Við höfum hér t. a. m. inni í þessum sal núna einn af forustumönnum íslenzks iðnaðar. Það væri fróðlegt, að hann kæmi hér upp í ræðustól og greindi hv. ráðh. frá því, hvernig ástatt hefur verið í járniðnaði að undanförnu, hvað hann hefur starfað af miklum afköstum, hvernig fjármagnsnýtingin hefur verið þar, og hvernig honum hefur vegnað í samkeppni við erlenda verktaka, sem fengið hafa að vinna hér á Íslandi. Við skulum ekki leika okkur að nokkru

bjartsýnistali í þessu sambandi. Þetta er tvímælalaust erfitt vandamál. En við eigum að vera menn til þess að ráða fram úr því, ef við sýnum nægilega fyrirhyggju og gerum okkur ljóst, að við verðum sjálfir að ákveða fyrir fram, hvað við erum að gera. Ekki leggja út í neina óvissu, heldur leggja á ráðin um það fyrir fram, hvaða iðnfyrirtæki við ætlum að efla, og hvernig við ætlum að skipuleggja þau.

Annars eru margar ástæður til þess, að ég skil ekki svo gjörla, hvers vegna hv. ríkisstj. leggur þvílíkt ofurkapp á að taka þessa ákvörðun núna. Mér virðist ýmislegt vera á hverfanda hveli í bandalögunum í Evrópu um þessar mundir. Innan Efnahagsbandalagsins eru t. d. uppi tillögur núna að fara að lækka tollmúrana umhverfis bandalagið og gefa ríkjum utan þess aukna möguleika til viðskiptasamninga við bandalagið.

Hvers vegna er það afskrifað gjörsamlega, að við Íslendingar getum átt kost á viðskiptasamningum við þessi bandalög? Ég þekki engin fullkomin rök til þess að afskrifa, að við getum átt viðskiptasamninga við þessi bandalög. Og ég tel, að við verðum einnig að athuga það gaumgæfilega, áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar. Og hvernig er staða EFTA, þessara samtaka, sem við eigum að sækja um aðild að? Ég fæ ekki betur séð en í EFTA sé býsna mikið upplausnarástand. Bretar fara þar í sífellu öllu sínu fram. Þeir taka ár eftir ár ákvarðanir, sem brjóta gersamlega í bága við þennan sáttmála. Ef Bretum hentar eitthvað, þá framkvæma þeir það, hvað sem bandalagsþjóðirnar segja. Þetta hefur leitt til þess, að samstæðasti hluti EFTA, Norðurlönd, hafa tekið upp mjög alvarlegar umr. um sérstaka efnahagssamvinnu Norðurlanda. Þessar umr. hafa staðið yfir allt þetta ár, og ætlun þeirra, sem mestan áhuga hafa fyrir þessari samvinnu, er sú, að Norðurlönd komi sér upp mjög vel skipulögðu efnahagsbandalagi, sem taki til flestra eða allra þátta efnahagsmála. Og í þeirri samvinnu er rætt um atriði, sem hljóta að vekja sérstaka athygli Íslendinga. Þar er t. d. rætt um samvinnu við fiskveiðar, fiskiðnað og sölu á fiskafurðum. Ég hygg, að Íslendingum hafi lengi verið ljóst, að það mundi gefa okkur sterkari stöðu, ef við gætum unnið meira með Norðmönnum í stað þess að keppa stundum við þá á þann hátt að báðum aðilum verði til tjóns. Í þessum samningum um Efnahagsbandalag Norðurlanda hefur einnig verið rætt um að stofna mjög öflugan fjárfestingabanka, sem aðstoði vanþróaða hluta innan Norðurlanda við að byggja upp atvinnulíf sitt. Ef þessi áform um Efnahagsbandalag Norðurlanda takast, þá er EFTA í rauninni komið í tvennt eða e. t. v. fleiri hluta, því að samstæðasti hluti EFTA er Norðurlönd. Sá hluti, sem auk þeirra skiptir máli, er að sjálfsögðu Bretland, en hin ríkin skipta okkur ákaflega litlu máli.

Ég hef talið, að við Íslendingar ættum að fylgjast sérstaklega vel með umr. þeim, sem fram hafa farið á Norðurlöndum um þessi mál. Og mér þykir það mjög miður farið, að hv. ríkisstj. þáði það ekki, þegar henni var gefinn kostur á að leggja til starfsmenn til þess að vinna að rannsóknum á þessu máli núna í ár. Hv. ríkisstj. átti kost á þessu, en hún hafnaði því boði með þeim skýringum, að hana skorti mannafla til að taka þátt í slíku. Mér virðist nú, að hv. ríkisstj. sendi starfsmenn sína til ýmissa verkefna, sem eru veigaminni en þetta. Ég er alveg sannfærður um, að ef við Íslendingar eigum að taka upp nána efnahagssamvinnu við aðra, þá eigum við fyrst og fremst að hugsa um Norðurlönd. Ástæðan er sú, að við verðum að geta notið sérstöðu og vinsemdar í öllu slíku samstarfi. Og við vitum, að Norðurlandaþjóðir hafa þannig afstöðu til okkar, að ef við eigum að geta notið fríðinda einhvers staðar, þá eigum við að geta notið þeirra þar. Ég tel algjörlega ótímabært að taka ákvörðun um aðildarumsókn að EFTA, fyrr en við vitum, hvernig málalok verða í þessum rannsóknum á Norðurlöndum. Það er talað um, að þeirri rannsókn ljúki um næstu áramót og eftir það verði hægt að taka ákvarðanir á næstu mánuðum á eftir. Ég tel ekki, að það sé tímabært fyrir okkur að taka nokkra ákvörðun um slíka hluti, fyrr en við vitum, hver útkoman verður af þessari athugun. Og ég sé ekki, að nokkuð geti rekið á eftir því, að við bíðum ekki eftir henni. Ég veit ósköp vel, að reglur EFTA eru hin sameiginlega undirstaða að þessu Efnahagsbandalagi Norðurlanda, sem talað er um. En verði af þessu efnahagsbandalagi, þá er það komið á allt annað stig en EFTA-samvinnan, og þá eru Norðurlönd í raun og veru komin út úr EFTA að vissu leyti.

Margir hafa orðið til þess að benda á, að erfitt sé að sjá, hvað það sé, sem reki á eftir því, að þessi ákvörðun sé tekin núna í staðinn fyrir næsta ár eða þar næsta. E. t. v. er ástæða til þess að velta því máli svolítið fyrir sér. Ég hygg, að skýringarnar séu tvær. Í fyrsta lagi hygg ég, að hv. ríkisstj. vilji, að samþ. verði beiðni um aðild að EFTA, vegna þess að í þeirri beiðni er fólgin meginstefna um ýmis atriði í efnahagsmálum. Ríkisstj. vill binda þessi atriði nú þegar. Þegar vandkvæði ber að höndum á næstunni og tillögur kunna að koma fram um aðgerðir í innflutningsmálum og tollamálum og öðru slíku, þá munu svör ríkisstj. verða þau, að þessi vandamál verðum við að leysa í samræmi við aðildarumsóknina að EFTA. Við verðum að haga ákvörðunum, sem við tökum hér, þannig, að þær brjóti ekki í bága við umsókn okkar og þær vonir, sem menn bindi við að komast inn í EFTA. Með þessu telur ríkisstj. sig vera að taka ákvörðun um ýmsa meginþætti í efnahagsmálum fyrir okkur sjálfa, hvað svo sem líður samningunum við EFTA á sínum tíma. En ég óttast einnig, að þarna sé um að ræða annað atriði. Hér hafa ýmsir orðið til þess að minnast á 16. gr. samninganna, jafnréttisákvæðin um atvinnurekstur. Það er alveg rétt, að í 16. gr. er að finna mikla fyrirvara, og að slíkum fyrirvörum er hægt að fylgja eftir með lagasetningu í hverju landi um sig. Ég dreg ekki í efa, að dugmiklar ríkisstj. geti haldið þannig á málum, að þessi

16. gr. leiði ekki yfir þjóðirnar neinar kvaðir. En ég hef því miður ekki nokkra ástæðu til að ætla, að þessi sé afstaða ríkisstj. Íslands. Henni hefur verið það sérstakt áhugamál um langt skeið að fá til Íslands sem mest af erlendum atvinnurekstri. Í haust, þegar blöstu við augljós vandkvæði í íslenzkum atvinnumálum og mjög víðtækt atvinnuleysi framundan, fór hv. iðnmrh. til útlanda, og þegar hann kom aftur skýrði hann útvarpi og blöðum frá heilum lista af erlendum aðilum, sem hann gerði sér vonir um, að kynnu að hafa áhuga á því að stofna fyrirtæki á Íslandi. Ef í ljós kemur í sambandi við þessa 16. gr., að einhverjir aðilar innan EFTA hefðu áhuga á því að koma sér fyrir á Íslandi, þá hugsa ég, að hv. ríkisstj. Íslands mundi ekki hafa nokkurn áhuga á því að beita þeim fyrirvörum, sem hugsanlegir eru, heldur þvert á móti. Það er fullkomið alvörumál, að hv. ríkisstj. hefur horft upp á það núna í mörg ár, að hinir þjóðlegu atvinnuvegir okkar hafa verið á stöðugri niðurleið. Hv. ríkisstj. hefur ekkert í þessu gert. Það hefur ekki dulizt nokkrum manni, að vonir hennar um framtíðina hafa verið við það bundnar, að erlendir aðilar tækju í vaxandi mæli við þessum þætti af okkur. Ein meginástæða til þess, að ég er andvígur þessari aðildarumsókn, er einfaldlega sú, og ég segi það af fullri hreinskilni, að ég vantreysti þessari ríkisstjórn gjörsamlega til þess að halda þannig á málum, að það sé í samræmi við hagsmuni Íslendinga.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Ég ætlaði ekki, herra forseti, að blanda mér inn í þessar umr., en ég vil aðeins nota tækifærið, vegna síendurtekinna ummæla hv. síðasta ræðumanns — bæði hér og annars staðar í tíma og ótíma, — að íslenzka ríkisstj. vanmeti og vantreysti íslenzkum atvinnuvegum og sjái ekki nokkra framtíð í öðru en því, sem erlent er, og segja aðeins nokkur orð. Hann hefur oftar en einu sinni vikið að því hér, að ég sem iðnmrh. hafi farið í septembermánuði til Sviss til viðræðna þar við fulltrúa frá Alusuisse. Ég gerði grein fyrir því, þegar ég kom heim, að meginefni þeirra viðræðna var að halda áfram viðræðum, sem áður höfðu verið teknar upp við þessa aðila, að í stað þess, að lokið væri við álbræðsluna í Straumsvík í tveimur áföngum frá 1969, væntanlega frá 1. sept. 1969, og þar af leiðandi, að henni yrði fulllokið 1975 og einnig Búrfellsvirkjun, þeim áfanga, sem til þarf, yrði lokið á 6 árum, yrði stefnt að því að ljúka þessu á þremur árum. Það var og er augljóst hagsmunamál, eins og aðstæður eru í okkar þjóðfélagi, að geta hraðað þessum framkvæmdum. Eftir að mér varð einnig ljóst, — eftir margar umr. um það við fyrirsvarsmenn Landsvirkjunar, — að það væri miklu hagkvæmara fyrir Landsvirkjunina okkar, að þessu verki yrði lokið á 3 árum í staðinn fyrir 6, — það yrði hagfelldara fyrir hana, skapaði meiri atvinnu og meiri möguleika hér til atvinnuöryggis á þessu tímabili, — þá hélt ég sannast að segja, að hvorki þessi hv. þm. né aðrir mundu koma hér hvað eftir annað upp í ræðustól til að fjargviðrast yfir því, að þessum árangri hefur í aðalatriðum verið náð, eins og skýrt var frá, með þeim fyrirvara þó, að endanlega verður ekki frá þessu gengið, fyrr en Landsvirkjun gerir samning um þennan aukna hraða verksins við ÍSAL, eins og gert er ráð fyrir í aðalsamningnum, sem gerður var eða samþykktur hér í þinginu, en það eru allar horfur á því, að þetta mál geti þannig náð fram að ganga. Það eru svo síendurtekin ósannindi og blekkingar hjá þessum hv. þm. o. fl., að í nokkrum af aðgerðum ríkisstj. á undanförnum árum, hvorki í sambandi við álsamningana né síðar, hafi aðgerðir hennar nokkuð mótazt af vantrú á hinum þjóðlegu atvinnuvegum, eins og það er nú orðað, sjávarútvegi, iðnaði og öðrum atvinnugreinum, líklega landbúnaði líka. Og þegar hv. þm. er að tala hér um, að ríkisstj. hafi ekkert gert í sambandi við íslenzkan útveg á undanförnum árum, þá er eins og þessir menn séu staurblindir og viti ekkert hvað er að gerast í kringum þá. Nei, mér finnst vera komið nóg af því, að menn leiki sér í alvöruleysi hér í sölum þingsins að slíku sem þessu að bera ríkisstj. eða öðrum á brýn vantrú á öðrum atvinnugreinum, því að ekkert, sem gert hefur verið í sambandi við álsamningana, hefur á nokkurn hátt dregið úr vaxtarmöguleikum annarra atvinnugreina á Íslandi, — heldur ekki íslenzks sjávarútvegs, — en þvert á móti skapað grundvöll til traustara þjóðfélags, sem mun verða til þess að styrkja þessa atvinnuvegi um leið og atvinnulíf þjóðarinnar í heild eflist.

Ég þarf í raun og veru ekki að hafa um þetta fleiri orð, en mér er alveg ljóst, að þessi hv. þm., Magnús Kjartansson, hv. 6. þm. Reykv., má svo sem mín vegna halda áfram þessu óráðshjali sínu hér, í blaði sínu og annars staðar, því að sannleikurinn er sá, að íslenzkur almenningur skilur fullvel og miklu betur heldur en þessi kommúnisti hér, hvers eðlis það mál er, sem hér er um að ræða.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég tel, og er þess mjög hvetjandi, að þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, verði samþ. Eins og komið hefur fram í umr. þeim, sem hér hafa farið fram, er auðvitað ekki um það að ræða, að Ísland verði aðili að EFTA, þó að till. verði samþ., heldur aðeins um könnun á því, með hvaða kjörum við gætum öðlazt aðild. E. t. v. reynast þau skilyrði, sem við verðum að sæta, óaðgengileg, og næði málið þá auðvitað ekki lengra að sinni. Ég mundi samt mjög harma það, ef svo færi, því að ég tel kosti aðildar svo mikla, að það sé vert að taka á sig nokkur óþægindi, til þess að svo megi verða og vil leyfa mér að fara um það nokkrum orðum.

Ég aðhyllist þá skoðun, að það hljóti fyrst og fremst að verða hlutverk iðnaðarins í landinu að taka við auknum fólksfjölda. Vaxtarmöguleikar sjávarútvegs og landbúnaðar — og e. t. v. eru það þessar atvinnugreinar, sem hv. síðasti ræðumaður hefur haft í huga, þegar hann talaði um svokallaða þjóðlega atvinnuvegi — eru takmarkaðir, og

verzlun og önnur þjónustustarfsemi getur ekki vaxið að ráði, nema á grundvelli vaxtar annarra greina. Það skiptir miklu máli, að nýjar iðngreinar, sem koma verður á fót, séu svo afkastamiklar, að þær geti tryggt þeim, sem við þær starfa og þjóðinni allri viðunandi lífskjör. Við verðum að kappkosta, Íslendingar, að geta boðið okkar borgurum lífskjör, sem séu nokkurn veginn sambærileg við þau lífskjör, sem nágrannaþjóðirnar njóta, því að ef svo er ekki, megum við búast við því að missa allt bezta og eftirsóknarverðasta fólkið úr landinu, og er auðsætt, hvern hnekki efnahagslíf okkar gæti beðið af þeim orsökum. En til þess að svo megi verða, að íslenzka þjóðin geti vænzt svipaðra lífskjara og nágrannaþjóðirnar, þá þarf að framleiða fyrir svo stóra markaði, að hægt sé að nota nýjustu og hagkvæmustu tækni. Innlendi markaðurinn er í flestum tilvikum of lítill, til þess að því skilyrði geti verið fullnægt. Við þurfum því að leggja áherzlu á eflingu útflutningsiðnaðar, en til að svo megi verða, þurfum við aðgang að stórum tollfrjálsum mörkuðum, sem við einmitt mundum öðlast með aðild að EFTA. En í mínum augum er þó líka annar kostur, er slíkri aðild fylgir og engu lítilvægari. Með aðild að slíkum samtökum mundum við skuldbinda okkur til þess að beita ekki nema í hófi verzlunarhömlum í mynd hárra tolla og alls ekki beinum innflutningshöftum, nema þá í einstaka undantekningartilfellum, sem yrði að semja um við önnur aðildarríki. Ég tel þetta æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, með tilliti til þess, að við höfum um 30 ára skeið fyrir 1960 búið við þá skipan efnahagsmála, að innflutningshöft og hliðstæðar hömlur á öðrum sviðum voru aðal hagstjórnartækið, sem beitt var. Þá tel ég, að það sé æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að við veitum sjálfum okkur aðhald með því að skuldbinda okkur þannig til þess að fylgja leikreglum siðmenningarþjóða í viðskiptum. Ég held, að þessa sé ekki sízt þörf nú, með tilliti til þess að hv. stjórnarandstæðingar hafa mjög látið í það skína, að leiðin út úr efnahagsvandanum sé að hverfa aftur að gamla haftafyrirkomulaginu, þó þeir forðist að vísu að segja það með berum orðum. Mér er þó ljóst, — ekki sízt ef litið er á málin frá, ef svo mætti segja, stéttarlegu sjónarmiði stjórnmálamanna, — að höftin hafa vissa kosti. Þau skapa nokkra festu í stjórnmálum. Það er, eins og kunnugt er, tízka nú að gagnrýna stjórnmálamenn, og við því er auðvitað ekki neitt að segja. En ég er nú samt ekki svo viss um, að við, sem nú stöndum í þeirri baráttu, séum svo miklu verrri en fyrirrennarar okkar voru. En þegar það var svo, að menn gátu yfirleitt ekki fengið leyfi til þess að byggja sér íbúð eða fjós eða kaupa bíl eða jeppa, nema með fulltingi fulltrúa flokks síns í þeirri n., er leyfin veitti, þá höfðu menn aðhald um að sýna flokki sínum og forustu hans hollustu, sem þeir ekki hafa nú, eftir að frjálsræðið hefur verið ríkjandi alllangan tíma. En með þessu tel ég líka, að kostir haftanna séu upptaldir. Það kann að láta vel í eyrum að banna óþarfan innflutning, þegar erfiðleikar eru í gjaldeyrismálum, eins og nú. En hvað er óþarfi? Þar sýnist hverjum sitt, hygg ég, og erfitt að fóta sig á svo hálu svelli, ef leggja á það sjónarmið til grundvallar úthlutun leyfa. Enda er það svo, að þeir mætu menn, sem farið hafa á ýmsum tímum með umboð okkar flokka í hinum ýmsu úthlutunarn., hafa fundið aðra og betri fótfestu í þessu efni. Hún er sú að spyrja: Er sá einstaklingur eða það fyrirtæki, sem um leyfið sækir, með mér og þeim flokki, sem sýnt hefur mér þann trúnað að skipa mig í þessa n., eða er hann á móti mér? Þetta var sú leikregla, sem fylgt var á haftaárunum, og ég mundi gruna a. m. k. alla rosknari stjórnmálamenn, sem muna glöggt þessa tíma, um græsku, ef þeir fyndu hvöt hjá sér til þess að standa upp til að andmæla þessu. Þá mundi mig gruna, að stjórnmálakænskan bæri sannleiksástina ofurliði, sem kannske er mannlegt út af fyrir sig. Ef við lítum á innflutningsleyfin og úthlutun þeirra, þá mun e. t. v. vera reynt að meta hvort þarna væri um nauðsynjavörur eða óþarfa að ræða. En við það mat, held ég, að hafi nú verið höfð nokkur hliðsjón af því, hvort þau fyrirtæki, sem umboð höfðu fyrir þann innflutning, er um var að ræða, studdu þann flokk, sem hver einstakur nm. var fulltrúi fyrir, eða ekki, þannig að þar studdi hver sitt. Nú er það þannig með Samband ísl. samvinnufélaga, — svo að dæmi sé tekið, — sem er það fyrirtæki, sem einna tengdast hefur verið hv. Framsfl., — og segi ég það hvorki fyrirtækinu né flokknum til neins ámælis — að það er fyrirtæki, sem opinberlega birtir sína reikninga, og ef við lítum á þessa reikninga, sem fyrir liggja í mjög aðgengilegu formi í afmælisriti, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. tók saman, — að mig minnir á 40 eða 50 ára afmæli Sambandsins, ég man ekki, hvort heldur var, — kemur mjög glöggt í ljós af þessum reikningum, að velta Sambandsins tvöfaldaðist eða þrefaldaðist á innflutningshaftatímabilinu fyrir stríðið jafnhliða því, sem allur annar innflutningur dróst saman. En það eru ekki hv. framsóknarmenn einir, sem hlynnt hafa að sínum fyrirtækjum. Ég tel mig líka mega fullyrða um Sósfl., sem svo var og hét, — hann mun nú eiga að lifa fram að áramótum, en endurnýjast þá í Alþb., að mér skilst, — að fulltrúar þess ágæta flokks í úthlutunarn. hafi einnig beitt sér fyrir, að fyrirtæki, sem stunduðu viðskipti austantjalds og stutt hafa flokkinn, bæru sitt úr býtum. Og þó að mér séu stjórnarflokkarnir kærir, eða Sjálfstfl. og Alþfl., þá býst ég líka við, að fulltrúar þeirra í innflutnings- og gjaldeyrisn. hafi reynt eftir megni að hygla fyrirtækjum, sem þeim var kunnugt um, að þessa flokka studdu.

Þá vil ég næst víkja að bílaúthlutuninni. Á stríðsárunum og fyrst eftir stríðið var það þannig, að innflutnings- og gjaldeyrisn. annaðist beina úthlutun bíla til einstaklinga. Ég starfaði þá um alllangt skeið í sömu húsakynnum og innflutnings- og gjaldeyrisn. starfaði ásamt núv. hæstv. viðskmrh., sem að vísu mun nú ekki vera hér viðstaddur. Hvorugur okkar hafði að vísu með úthlutun innflutningsleyfa eða bíla að gera, en maður fylgdist

vel með því, sem fram fór. Það mun nú að vísu hafa verið svo, að bílstjórar, læknar og aðrir, sem sérstaklega þurftu á þessum farartækjum að halda, höfðu sinn kvóta, eins og það var kallað. En hvað snerti úthlutun bílaleyfa til annarra einstaklinga, þá held ég, að þar hafi ekki aðrir komið til greina en þeir, sem nutu mikillar hylli hjá þeim stjórnmálaflokkum, sem aðild höfðu að þessari n., enda var ekki til neins lítils að vinna að fá innflutningsleyfi fyrir bíl. Kostnaðarverð bíls, eða það, sem hann kostaði þá, sem leyfi fengu, var 20—25 þús. kr., en gangverð á bílum á frjálsum markaði mun hafa verið um 70 þús. kr. vegna hins mjög takmarkaða framboðs vegna haftanna, svo að þarna gátu menn fengið skattfrjáls hæstu embættismannalaun, sem þá voru greidd, svo að það var skiljanlegt, að til þess þurfti mikla verðleika, og ég held, að flokkarnir þurfi ekki að ámæla þeim, sem voru fulltrúar í þessari n. fyrir það, að þeir hafi ekki barizt þar eftir mætti, hver fyrir sínum mönnum. A. m. k. varð maður var við það á þeim dögum, sem bílaúthlutunin fór fram. Þá heyrðum við hæstv. viðskmrh. töluverða háreysti í gegnum þilið, sem var á milli þess herbergis, þar sem við unnum og þess, sem n. var að störfum í. Það kom einu sinni fyrir, að almúgamaður, sem ég var dálítið kunnugur, bað mig, — af því að hann vissi, að ég vann þarna í húsinu — að grennslast um það, hvort leyfi, sem hann hafði sent til n., hefði verið afgreitt. Ég sneri mér til starfsmanns þar, og hann sagði: Góði minn, beiðni um innflutningsleyfi fyrir bíl frá óþekktum manni fer nú beint í bréfakörfuna hjá okkur.

Að síðustu, í sambandi við þetta, vil ég aðeins minnast á jeppaúthlutunina. Ég var á þingmálafundi austur á fjörðum fyrir eitthvað u. þ. b. tveim árum. Þar hélt ræðu bóndi af Fljótsdalshéraði. Ýmsum mun það kunnugt, að stjórnmálafylgi flokka þar eystra er sums staðar mjög einlitt, og bóndinn upplýsti, að í sinni sveit væru allir bændur framsóknarmenn, nema hann. Það skiptir ekki máli hverjum hinna stjórnmálaflokkanna þessi bóndi fylgdi að máli. En hann sagði í ræðunni, að hann hefði orðið að bíða eftir því að fá jeppann, þangað til innflutningurinn var gefinn frjáls. Allir hinir bændurnir voru búnir að fá leyfi fyrir jeppa. Nú mun það hafa verið þannig, — eða það tel ég víst, þó að mér sé ókunnugt um, hverjir hafa átt sæti í jeppaúthlutunarnefnd á hverjum tíma, þar eð ég hef aldrei þurft neitt undir þá göfugu n. að sækja, — að hv. framsóknarmenn hafi haft meiri hl. í þessari n. Ég er ekki að segja, að þetta dæmi hefði orðið annað, þó að það hefðu verið sjálfstæðismenn, Alþfl.-menn eða hverjir aðrir, sem hefðu haft meiri hl. n. Ég vil bæta því við, að ég er því mjög ósammála, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austf. í ræðu hans áðan, að innflutningshöft séu einhver tæki til þess að tryggja greiðsluhallalausan viðskiptajöfnuð gagnvart útlöndum. Þeim tilgangi geta þau aldrei, að mínu áliti, náð til lengdar a. m. k., eins og bæði reynsla okkar og annarra þjóða hefur sýnt. Hins vegar geta þau, eins og ég hef bent á, náð öðrum tilgangi, nefnilega þeim að efla fjárhag og aðstöðu stjórnmálaflokka, sem eru í valdaaðstöðu. En þó að ég vilji sýna stétt stjórnmálamannanna fulla hollustu, tel ég það of dýru verði keypt að fara þá leið til eflingar flokkunum og starfsemi þeirra.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa sett fram núna í umr. síðustu dagana miklar hrakspár um árangur þeirra efnahagsráðstafana, sem nú hafa verið gerðar. Þeir telja það sönnun þess, að gengislækkanirnar 1960—1961 hafi runnið út í sandinn, eins og þeir segja, að nú skuli þurfa að gera slíkar ráðstafanir að nýju, þó að það sé að vísu 7—8 árum síðar. En það er nú svo með allar efnahagsráðstafanir, bæði þær, sem gerðar hafa verið og gerðar verða, að engar slíkar aðgerðir geta leyst efnahagsvandamálin í eitt skipti fyrir öll, þannig að í þeim skilningi eru allar slíkar aðgerðir til þess að renna út í sandinn, ef menn vilja nota það orð. Það rísa alltaf ný vandamál, sem mæta verður með nýjum úrræðum. En ég teldi æskilegt, að aðild okkar að EFTA gæti orðið veruleiki sem fyrst og jafnvel á þessum vetri. Við yrðum þá í framtíðinni að velja milli raunhæfra leiða til lausnar efnahagsvanda, sem á hverjum tíma kann að vera við að etja, en hefðum útilokað okkur frá hafta- og uppbótaleiðinni, sem, þegar til lengdar lætur, leiðir aðeins til spillingar og upplausnar í efnahagskerfinu.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Þáltill., sem hér er til umr., um að afla heimildar til að sækja um aðild að Fríverzlunarbandalagi Evrópu, EFTA, er fram borin af hæstv. ríkisstj. eftir ýtarlega rannsókn og athuganir. Þar sem iðnaður hefur verið mjög mikið á dagskrá í sambandi við þetta mál af eðlilegum ástæðum, finnst mér rétt að lýsa skoðun minni.

Ég lýsi mig sammála því, að kannað sé, hvaða kjör Ísland geti hlotið sem aðili að Fríverzlunarbandalaginu, þótt ég hins vegar viðurkenni mörg þau rök, sem fram hafa komið, andstæð aðild Íslands og þá sérstaklega hversu mjög þarf að færa aðstöðu iðnaðarins til betri vegar, áður en til slíks samstarfs kemur. Að vísu má segja, að þetta séu einnig rök fyrir því, að við könnum nú aðild að EFTA, eins og þáltill. gerir ráð fyrir.

Þetta samstarf 7 eða 8 Evrópuþjóða á sér nokkuð langa sögu að baki eða líklega nær 20 ár, þótt aðeins séu 9 ár síðan undirritun EFTA-sáttmálans kom til framkvæmda, og segja má reyndar, að framkvæmd EFTA-sáttmálans hafi nú loks tekið fullkomlega gildi, þar sem einstök lönd, eins og Portúgal, hafa fengið svo langan aðlögunartíma.

Þótt ekki hafi farið mikið fyrir því, að þessi mál hafi verið rædd hér á hv. Alþ., hafa þau verið rædd því meira í einstökum félagssamtökum, sem telja sig hafa hagsmuna að gæta, hvort Ísland gerist aðili að EFTA. Mér er ekki grunlaust um, að t. d. iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga líti jafnvel öðrum augum á þessa umsókn, heldur en

hér hefur komið fram hjá sumum framsóknarmönnum. Það liggur fyrir t. d. skýlaus yfirlýsing frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, þar sem þeir telja nauðsyn vegna fiskveiðanna að nálgast þetta efnahagsbandalag, Fríverzlunarbandalagið. Það liggur fyrir frá því í ár athyglisverð till. frá Vinnuveitendasambandi Íslands, og ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér seinni hluta till., sem ég tel athyglisverða:

„Aðalfundur Vinnuveitendasambandsins leggur áherzlu á, að slíkri könnun" — þ. e. aðild að EFTA — „verði hraðað sem mest, þannig að ýmsum atvinnugreinum gefist kostur á að undirbúa viðbrögð við væntanlegum breyttum starfsskilyrðum, jafnframt því, sem of langt óvissuástand í þessum efnum verði umflúið."

Nú hafa þessi mál verið rædd svo mjög, að öll óvissan er óþolandi öllu lengur. Þess vegna er alveg nauðsynlegt, að sem fyrst verði ákvörðun tekin með eða móti aðild að EFTA. Hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Austf. hafa báðir í þessum umr. bent á bréf og samþykktir Félags ísl. iðnrekenda. Hæstv. viðskmrh. las reyndar hér áðan upp þetta bréf, sem stílað er til viðskmrh., dags. 30. okt. s.l. Ég vil hins vegar, með leyfi hæstv. forseta, lesa síðustu mgr. þessa bréfs, svo að ekki fari milli mála neinna, sem hér heyra. En þar segir, — það eru iðnrekendur, sem skrifa þetta til viðskmrh.:

„Vér álítum rétt, að sótt yrði um aðild að EFTA til þess að kanna rækilega, hvers konar kjörum verður náð. Endanlega afstöðu til aðildar teljum vér oss þá fyrst geta tekið, þegar niðurstöður þeirra samningsviðræðna liggja fyrir og ríkisstj. Íslands hefur gert grein fyrir því, hverjum aðgerðum hún hyggst beita sér fyrir til þess að leggja grundvöll að þeirri iðnþróun, sem hér verður að eiga sér stað í næstu framtíð."

Þetta vil ég undirstrika, og þetta er afstaða iðnrekenda um allt Ísland.

Þegar rætt er um Fríverzlunarbandalagið, er rétt að hafa í huga, að innan vébanda þess býr aðeins 3% af fólksfjölda heimsins eða 100 millj. íbúa. Hins vegar fer 15% af heimsviðskiptunum fram yfir þessi lönd. Einnig er rétt að hafa í huga, að meðal aðildarríkja eru nágrannaríki okkar, sem við erum bundin margháttuðum tengslum frá ómunatíð. En höfuðtilgangur EFTA er einmitt að koma á frjálsari samskiptum milli aðildarríkjanna í iðnaði, í verzlun og viðskiptum, stuðla að fullri atvinnu, aukinni framleiðni, betri lífskjörum og jafnvægi í efnahagsmálum. Stór þáttur í þessu samstarfi er að sjálfsögðu niðurfelling tolla og samstilling gjalda milli landanna.

Þótt Ísland sæki nú um aðild að EFTA, getur enginn sagt fyrir um, hvaða skilyrði þarf að uppfylla. Þetta verður heldur ekki upplýst, nema málið sé fullkannað. Ákveðnar staðreyndir eru okkur þó kunnar. Við vitum t. d., að lánsfé milli EFTA-landanna er að nokkru frjálst. T. d. hafa Svíar og Svisslendingar lýst yfir, að þeir muni auðvelda EFTA-ríkjum aðgang að fjármagni í sínum löndum. Lítið land sem Ísland verður að vísu að gæta margs, þegar slíku samstarfi verður komið á með stærri þjóðum. En eitt er þó víst: Fjármagn höfum við ekki í landinu til að framkvæma allt, sem krafa er um á næstu árum og nauðsynlegt verður, til þess að fullri atvinnu sé hægt að viðhalda á komandi tímum.

Af ýmsum hefur verið talað um fjárfestingaraðgerðir milli EFTA-landanna, að þær væru frjálsar. Í framkvæmd hefur þó sýnt sig, að viðkomandi ríkisstj. geta ráðið slíku. Aðildarríkin geta með lagasetningu — án þess að brjóta EFTA-sáttmálann — samþykkt takmarkanir á stofnun fyrirtækja innan vissra atvinnugreina. T. d. þarf í Noregi sérstakt leyfi viðkomandi ráðh. til að byggja fiskvinnslustöðvar eða greinar innan fiskiðnaðarins, svo sem frystihús. Þá er gengið út frá, að aðildarríki geti haft fulla stjórn á fjárfestingu og atvinnuréttindum, hvert í sínu landi. Landbúnaður er algerlega utan við EFTA, nema tvíhliða samningar milli einstakra ríkja, en slíkt mundi einnig henta okkur bezt, eins og við erum staddir með landbúnað okkar. Sama gildir um nýjan fisk og ísaðan. Hér kæmu til greina tvíhliða samningar, sem okkur væru mjög mikilsverðir.

Mest af því, sem heyrir undir EFTA-samstarfið, eru iðnaðarvörur, og þar stöndum við áreiðanlega höllum fæti, eins og nú er. Ljóst er, að okkur yrði mikil nauðsyn að fá langt aðlögunartímabil til niðurfærslu á tollum iðnaðarvara til þess að koma fjármálum iðnaðarins í betra horf og til þess að læra af hinum stóra markaði eða læra á hinn stóra markað réttara sagt. Langt aðlögunartímabil ætti líka að vera möguleiki að semja um eftir reynslu t. d. Portúgals að dæma.

Nú berast fréttir um, að Bretar hafi enn sýnt samstarfi innan EFTA skilningsleysi með því að setja 10% toll á ferskan fisk frá EFTA-löndum, eins og við Íslendingar búum reyndar við. Áður hafa Bretar einnig farið sínar leiðir með 15% innflutningstolli, 3—4% ríkisstyrk á útflutning um stundarsakir og 40—45% ríkisframlag í nýja álbræðslu í Bretlandi. Ekki skal ég dæma um, hvern endi þetta hefur, en áreiðanlega verða þessi mál fullupplýst, áður en til kemur, að við Íslendingar tökum lokaákvörðun okkar.

Ekki er ólíklegt, að á sérsjónarmið okkar Íslendinga innan EFTA yrði litið svipað og var með t. d. Finna. Skyldur Finnlands sem aukaaðila eru t. d. mun minni. Þannig hafa þeir viðhaldið innflutningshöftum á olíur, kol, áburð o. fl. vegna Rússlandsviðskipta. Benda má einnig á, að átölulaust hefur innlend framleiðsla verið vernduð þannig í Noregi t. d., að það opinbera kaupir af innlendum framleiðendum þar í landi, þótt verðmismunur sé allt að 10%.

Höfuðrök fyrir jákvæðri afstöðu minni í þessu máli tel ég þessi: Ég viðurkenni fullkomlega þau sjónarmið, sem fram hafa verið sett, t. d. af forstjóra Efnahagsmálastofnunarinnar, að á næstu 20 árum verði að skapa atvinnu hér í landi fyrir 34 þús.

verkfærra manna. Að fækka muni hlutfallslega við landbúnaðarstörf, standa í stað við fiskveiðar, en iðnaðurinn og þjónustuatvinnuvegirnir verða að taka við meginfjölgun vinnufærra landsmanna auk þeirra, sem þessar greinar sjá fyrir atvinnu nú. Til þess að þetta megi takast, vantar stærri markað. Með aðild að EFTA ætti iðnaðurinn að geta gengið inn í 100 millj. manna markað. Það er eftirtektarvert, að skyndikönnun um ástand í iðnaði, sem fram hefur farið nýlega á vegum Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sýnir berlega, að það háir íslenzkum atvinnuvegum, hversu heimamarkaður er lítill.

Sem rök fyrir afstöðu minni í öðru lagi: Ef samstarfið við EFTA-löndin yrði til þess að breyta hugarfari í íslenzkum fjármálaheimi iðnaðinum í vil auk þess, sem EFTA-samstarf yrði til að skapa íslenzkum iðnaði aðgang að eðlilegu fjármagni, þá er til mikils unnið.

Í þriðja lagi: EFTA-samstarf ætti að geta leitt okkur Íslendinga áfram á braut iðnþróunar. Ég segi ekki, að við séum vanþróuð þjóð á iðnaðarsviðinu, en mér er vel ljóst, að við erum mun styttra á veg komnir en nágrannaþjóðirnar, einmitt þær þjóðir, sem við nú höfum hug á að leita samstarfs við. Fyrir stuttu voru t. d. hér á hv. Alþ. rædd rannsóknarmál. Það voru lesnar upp margar tölur um, hvað einstök lönd leggja mikið fram til rannsóknarstarfa. Ef ég man rétt, vorum við Íslendingar aðeins með $^1/_{10}$ hluta fjármagns til rannsókna miðað við Bandaríkin, og þá er miðað við íbúatölu og þjóðartekjur. Það er mín skoðun, að í mörgum tilvikum sé ekki afgerandi fyrir svo litla þjóð sem Íslendingar eru eða fyrir einstök fyrirtæki að keppa við stórþjóðirnar með því að ausa um of fjármunum til rannsóknarstarfa. Hitt tel ég meira virði að leggja kapp á að fylgjast með nýjungum, sem fram koma úti í hinum stóra heimi og vera fljótir að tileinka okkur þær nýjungar, sem hugsanlega keppa við okkar aðstæður. Og þetta á einmitt við, hvað EFTA-samstarfi við kemur. Það er okkur lífspursmál að fá tækifæri til þess að tileinka okkur — sérstaklega í iðnaði — þær nýjungar, sem alltaf eru að fæðast hjá stórþjóðunum, og með samstarfi við EFTA-löndin ættum við að komast nær eða ná því takmarki.

Í fjórða lagi verður það að vera skýlaus krafa bæði atvinnurekenda og launþega, ef til EFTA-samstarfs kemur, að atvinnureksturinn sitji ekki á neinn hátt við lakari kjör en í öðrum EFTA-löndum. Á ég þar við skattlagningu, fyrningarákvæði verksmiðjuhúsnæðis og véla, hráefnaöflun, orkuverð og m. a. betri möguleika atvinnurekstrarins en nú er, að jafnað sé á milli mögru og feitu áranna. Slíkt kæmi sér ekki hvað sízt vel fyrir launþega, sem verða að sjálfsögðu að taka á sig erfiðleikana ekki síður en atvinnurekendur, þegar illa árar.

Herra forseti. Ég held, að þjóðhagslega sé rétt að kanna nú þegar möguleika á aðild að Fríverzlunarbandalagi Evrópu og greiði því atkv. með fram kominni till.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv., sem er einn af prófessorum við Háskólann, flutti hér allmikinn fyrirlestur áðan um höft, sem hér hefðu verið á fyrri tímum. Hann talaði um bíla og jeppa o. m. fl. þess konar. Þetta var nú fróðlegt að heyra frá vísindamanninum, en honum láðist að geta þess, að þeim ströngustu og víðtækustu höftum, sem hér hefur verið haldið uppi á viðskiptasviðinu, var stjórnað af hans flokki, Sjálfstæðisfl., og formaður í þeirri stjórn var einn af merkustu þm. Sjálfstfl., sem nú er löngu látinn. Það hefði ekkert sakað, þó að prófessorinn hefði nefnt þetta. En nú hefur það skeð alveg nýlega, að samstarfsflokkur hans, Alþfl., hefur haldið flokksþing, og ég hygg, að þar hafi verið gerð samþykkt um ný höft. Þetta bendir til þess, að hv. 12. þm. Reykv. hafi hér ekki staðið nógu vel á verði, — hann hefði átt að vera búinn að leiða þessa samstarfsmenn í allan sannleika um það, að höftum mætti aldrei beita — til þess að afstýra því, ef hann hefði getað, að þeir gerðu sig seka um slíka glópsku, að hans áliti, að gera svona ályktun á sínu flokksþingi. En þó að eitthvað kunni nú að vanta í þetta, — þessar upplýsingar og þessa fræðilegu fyrirlestra hjá hv. þm. og prófessornum, — þá væri æskilegt að fá meira af slíku. Það væri gott, ef hann vildi innan skamms flytja hér fyrirlestur að undangenginni vísindalegri rannsókn, sem hann gerði á því, hvernig hans flokkur og samstarfsflokkur hans hafa farið að því að sökkva þjóðinni í botnlausar skuldir erlendis á undanförnum tíu árum, en mörg þeirra hafa verið beztu ár, sem komið hafa yfir þjóðina, — hvernig þeir hafa farið að þessu og þá einnig áætlanir um það, hvernig þeir ætla að losa þjóðina úr þessum skuldum. Sem sagt, það væri gaman að fá fyrirlestur um þetta. Mættum við fá meira að heyra, hv. 12. þm. Reykv.

Það er fróðlegt að lesa skýrslur Hagstofunnar bæði Hagtíðindin og einnig Verzlunarskýrslur. Það eru nýlega komnar út Verzlunarskýrslur fyrir árið 1967. Þar kemur fram það sama, eins og áður í Hagtíðindunum, að vöruskiptajöfnuður okkar við aðrar þjóðir á þessu ári hefur verið ákaflega óhagstæður. En það er fleira, sem má lesa í Verzlunarskýrslunum. Þar má lesa um innflutning á einstökum vörum og útflutning á einstökum vörum héðan frá okkur. Þar sést það t. d., að á árinu 1967 hafa Íslendingar flutt inn hús tilhöggvin úr trjáviði fyrir 22 millj. 852 þús. kr., þar af frá Danmörku fyrir 8 millj. 375 þús. og frá Noregi fyrir 9 millj. 615 þús. Á sama ári hafa Íslendingar keypt til þeirra frá öðrum löndum hurðir, glugga og karma úr trjáviði fyrir 6 millj. 44 þús. kr., þar af frá Danmörku fyrir 1 millj. 274 þús. og frá Noregi fyrir 2 millj. 638 þús. Þá hafa einnig verið flutt inn húsgögn frá útlöndum, þ. e. a. s. stólar og önnur sæti og hlutar til þeirra, fyrir 11 millj. 700 þús. kr., — ja, einhver getur tyllt sér niður, — þar af slík sæti frá Danmörku fyrir 4 millj. 760 þús. og frá Noregi 3 millj. 55 þús. Enn voru fluttar inn innréttingar, í svigum húsgögn í skýrslunum, fyrir alls 10 millj. 297 þús.

kr., þar af frá Danmörku fyrir 1 millj. 520 þús. og Noregi fyrir 931 þús. Það hefur þannig meiri hlutinn af þessu verið frá öðrum löndum en þessum grönnum okkar. Og svo er enn: Önnur húsgögn og hlutar til þeirra fyrir 13 millj. 427 þús., þar af frá Danmörku fyrir 3 millj. 105 þús. og frá Noregi fyrir 4 millj. og 10 þús. kr. Samtals nemur þessi innflutningur á árinu á tilhöggnum húsum, hurðum og gluggum, innréttingum, stólum og öðrum húsgögnum 64 millj. 320 þús. kr., þar af frá Danmörku fyrir 19 millj. 34 þús. og frá Noregi fyrir 20 millj. 249 þús. Þannig kemur fram, að meginhlutinn af þessum innflutningi er frá okkar nágrönnum Dönum og Norðmönnum. Það er ýmislegt fleira af góðum hlutum, sem er keypt frá þessum þjóðum. Nýlega var sagt frá því í blöðum, að opnuð hafi verið nýtízkuleg sölubúð við Laugaveginn, og þar mætti sjá mjög fagra skrautmuni úr silfri smíðaða í Danmörku, og þar var líka danskt postulín. Ég hélt sannast að segja, að það væri nóg af góðum silfursmiðum hér hjá okkur, og væri þess vegna ekki brýn þörf á því að flytja slíkar vörur inn í stórum stíl frá öðrum þjóðum. Þetta er varningur, sem við höfum lagt á og leggjum á allmikla tolla. Verðtollur af húsgögnum er 90% og af skrautmunum og góðmálmum 100%. En hæstv. ríkisstj. okkar virðist líta svo á, að það sé ódrengilegt að heimta svona háa tolla af framleiðsluvörum Dana og annarra útlendinga. Þeir segja það, hæstv. ráðh. og m. a. sagði hæstv. viðskmrh. við fyrri umr. þessa máls, að það væri óhemju mikill vandi, sem nú steðjaði að okkar þjóð. En þá telur hann og aðrir ráðh. brýnasta viðfangsefnið að taka upp samninga við EFTA um að fella niður tolla á innfluttum iðnaðarvörum, m. a. húsgögnum frá Norðmönnum og Dönum og silfurskrautmunum frá Dönum. Það stendur í gamalli, frægri bók, að Danir séu drengir góðir og vinfastir, og nú virðist ríkisstj. vilja reyna þeirra drengskap, grennslast um það, hvort þeir vilja vera svo vinsamlegir að taka okkur í félagsskapinn og leyfa okkur að fella niður tollana á nokkrum vörum, sem við höfum keypt frá þeim og gefa okkur þá fyrirheit um einhverjar svipaðar tollaívilnanir í staðinn einhvern tíma í framtíðinni. Stjórnin virðist líta svo á, að það sé útlátalítið fyrir okkur að fella niður þessa tolla. Það getur verið, að Danir og aðrir EFTA-menn verði svo góðir að leyfa okkur að dreifa þessu á fáein ár, og þá telur stjórnin, að þetta sé ekki svo útlátamikið fyrir okkur, því að alltaf sé hægt að bæta ríkissjóði upp tekjutapið með því að hækka söluskattinn á nauðsynjavörum almennings, svo þetta ætti að koma nokkuð sama út fyrir hæstv. fjmrh. og þann sjóð, sem hann á að passa.

Það hefur komið fram nýlega, að Bretar hafa lagt innflutningstoll á freðfisk, þrátt fyrir aðild að EFTA, og er erfitt að skilja, hvernig það má verða og hæstv. viðskmrh. taldi í sinni ræðu við fyrri umr. þessa máls, að það m. a. gerði það ákaflega nauðsynlegt fyrir Íslendinga að fara suður til Vínarborgar á fund, sem þar á að vera eftir rúma viku, til að kynnast því, hvernig á þessu getur staðið og hvers eðlis þessi tollur er, sem sagt að fá upplýsingar um allar hans náttúrur. En hvernig er þetta, þurfa menn suður til Vínarborgar til þess að kynnast þessu athæfi Breta? Höfum við ekki sendiherra í Bretlandi hjá hennar hátign drottningunni og hennar ríkisstj.? Ég held, að þeir séu kunningjar og dús, hæstv. viðskmrh. og sendiherra okkar í Lundúnaborg. Væri ekki hægt að tala við hann og biðja hann að fá upplýsingar um, hvernig standi á þessu tiltæki Breta, sem getur haft hinar verstu afleiðingar fyrir ýmsar viðskiptaþjóðir þeirra? E. t. v. hugsar hæstv. ráðh. sem svo, að sjálfs sé höndin hollust og treystir sjálfum sér betur til þess að komast að hinu rétta í þessu máli en sendiherra okkar þar ytra í Bretlandi. En ratar hann ekki til Lundúnaborgar? Hefur hann ekki komið þar einhvern tíma? Ég hygg, að hann hafi komið þangað, og hann ætti að geta komizt þangað, án þess að fara í gegnum einhverja samkomu suður í Vínarborg. Hitt er annað mál, að hann fær náttúrlega meira ferðalag út úr því að fara til Vínarborgar, en hann er, sem kunnugt er, ferðaglaður og ötull ferðamaður.

Ég held, að það geti orðið ákaflega erfitt fyrir íslenzkan iðnað að taka á sig þær kvaðir, sem fylgja því að ganga í EFTA. Ég vil nefna t. d. skipasmíðarnar. Það var nýlega samið af því opinbera við iðnaðarmenn á Akureyri um að smíða strandferðaskip fyrir íslenzka ríkið. Ég vil benda á, að ef við hefðum verið komnir í EFTA, þá væri enginn möguleiki til þess, — e. t. v. einhver fyrstu árin, ef við fengjum einhverjar undanþágur til að byrja með, en ef við hefðum verið orðnir þar fullgildir aðilar, þá var enginn möguleiki til þess að semja við Akureyringa um að smíða skipið, því að EFTA-samningurinn mælir fyrir um það, að ekki má láta innlend fyrirtæki í einu aðildarríkjanna hafa neinn forgangsrétt fram yfir fyrirtæki í öðrum EFTA-löndum.

Það er dýrt að búa við óhæfa ríkisstj., eins og þá, sem nú situr hér. Það er mesta áfall, sem þjóðin hefur orðið fyrir á síðustu árum að hafa hana öll þessi ár, sem hún er búin að sitja. Þetta kemur harkalega niður á einstaklingum þjóðarinnar og atvinnufyrirtækjum, — jafnt iðnaðinum sem öðrum atvinnuvegum, — og ástandið mun fara versnandi. Það versnar því meir, sem þessi stjórn situr lengur, og það mun fyrst verða alvarlegt, ef henni tekst á næstu misserum að þvæla okkur inn í þessi Fríverzlunarsamtök.

Hannibal Valdimarsson: Ef við værum hér að ræða um það, hvort Ísland ætti á næstunni að ganga í Efnahagsbandalag Evrópu, þá væri ástæða til mikilla umr., þá væri um stórt og örlagaríkt framtíðarmál að ræða. En svo er nú ekki. Ef við værum að taka endanlega afstöðu til þátttöku í Fríverzlunarsamtökum Evrópu, þá væri líka um allþýðingarmikið mál að ræða og væri ástæða til að kanna allar hliðar þess, áður en menn réttu upp hendurnar með eða á móti. En við erum ekki að

taka ákvörðun um það að loknum þessum umr. Við erum að taka afstöðu til þess eins, hvort við í fyrsta lagi eigum að senda óformlega umsókn um upptöku í Fríverzlunarsamtök Evrópu til þess eins að kanna til fulls, hverra kosta við eigum völ, ef við að rannsókninni lokinni og fengnum öllum upplýsingum teldum það hagkvæmt fyrir Ísland. En um þetta eitt erum við hér að ræða og hyggjumst komast að niðurstöðu um það. En umr. allar virðast mér hafa snúizt um það, hvort við ættum að taka endanlega og bindandi afstöðu til fullrar aðildar að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Það er máske eðlilegt út frá því, að í upphafi skuli endirinn skoða. En eins og mál standa nú, er það ekki á dagskrá. Áður en menn taka þá miklu ákvörðun, er ætlunin að afla sér upplýsinga með viðræðum við okkar grannþjóðir, Norðurlöndin, til þess að vita í fyrsta lagi, hvort við eigum þess kost að ganga í samtök þeirra og í annan stað þá með hvaða kjörum. Menn hafa haft góða aðstöðu til að kanna þetta mál, og manna á meðal hefur málið verið rætt, jafnvel árum saman, en á vegum Alþ. og ríkisstj. hefur verið sérstök könnun í gangi á þessum málum og n. fjallað um það, mþn., skipuð fulltrúum allra flokka. Málið á því ekki að vera okkur ókunnugt, heldur alveg óvenjulega vel kannað svo langt sem sú könnun nær. Við höfum fengið mikið nál. allir alþm., og í þá bók er mikinn fróðleik að sækja um Fríverzlunarsamtök Evrópu, og er ég þess fullviss, að hv. alþm. hafa lagt á sig það ómak að kynna sér þessa bók.

Í formála fyrir þessari bók gera nm. grein fyrir niðurstöðunum, sem þeir telja, að nú liggi fyrir, eftir að þeir hafa starfað frá því í des. 1967 fram í nóv. 1968 að könnun málsins, og þeirra niðurstaða er þessi með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessari skýrslugerð og þeim viðræðum, sem n. hefur átt, hefur þeim áfanga verið náð, að hægt er að taka ákvörðun um, hvort sækja eigi um aðild að EFTA og fá úr því skorið, hvort og með hvaða kjörum Ísland gæti gerzt aðili að samtökunum. Endanleg afstaða til þessa máls verður ekki tekin, fyrr en niðurstöður af væntanlegum samningaviðræðum við EFTA liggja fyrir.

Reykjavík, 16. okt. 1968.

Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Bergs,
Magnús Jónsson, Lúðvík Jósefsson,
Pétur Benediktsson."

Eftir þessum niðurlagsorðum í formála fyrir bókinni um Fríverzlunarsamtök Evrópu fæ ég ekki annað séð en þarna sé, að ársstarfi loknu, staðið þannig upp, að nm. séu sammála um, hvernig málin standa. Sem sé, að þeim áfanga sé nú náð, að hægt sé að taka ákvörðun um, hvort sækja eigi um aðild að EFTA og fá úr því skorið, hvort og með hvaða kjörum Ísland getur gerzt aðili að samtökunum. Þetta er niðurstaðan. Þarna örlar ekkert á því, að nm. séu ósammála, að þeir hafi klofnað um afstöðuna. Þeir eru allir sammála um, að þetta sé niðurstaðan, nú blasir málið þannig við. Og það gladdi mig að sjá, að n. var sammála um þetta.

Þegar ég hef lesið þessi orð, sækir sú spurning á mig varðandi þá þáltill., sem stjórnin hefur nú borið fram og hefur fengið þinglega meðferð í hv. utanrmn. með þeirri niðurstöðu, að þar hafa menn ekki orðið á eitt sáttir, ekki eins og í formála bókarinnar, heldur hefur hv. utanrmn. kofnað um málið. Meiri hl. leggur til, að till. verði samþ. — till. um að óformleg aðildarumsókn verði send í könnunarskyni, — meiri hl. leggur til, að till. verði samþ. óbreytt, en minni hl. stendur að frávísunartill., — leggur til, að málinu sé vísað frá og næsta mál á dagskrá tekið fyrir.

Ég held, að allt, sem kemur fram í nál. minni hl., sé byggt á endanlegri afstöðu til málsins. Þar er sagt, að Íslendingar þurfi, áður en þeir gerist aðilar að EFTA, að vita betur, hvernig iðnaðurinn standi, hvaða möguleika við höfum á því að afnema verndartolla, og það þurfi að vera búið að móta þá stefnu í iðnaðarmálum, sem yrði grundvöllur hans, eftir að við værum orðnir meðlimir í EFTA. Þeir benda á, að nú sé allt í óvissu í efnahagsmálum. — Það er rétt, sannarlega rétt. Það er þó vonandi, að það óvissuástand verði ekki ævarandi, ekki langvarandi einu sinni. — Ennþá liggi fyrir ófullnægjandi athuganir á sumum undirstöðuatriðum málsins. Það er líka rétt, en það á, ef till. er samþykkt, að kanna þau óvissuatriði og fá úr þeim skorið og um stöðu iðnaðarins. Vissulega mundi margt upplýsast í viðræðum um það, hvernig við yrðum að móta stefnu iðnaðarins, ef við ættum að geta gerzt aðilar.

Þessar mótbárur, sem uppi eru hafðar gegn þessari till., eru allar miðaðar við það, sýnist mér, að við horfumst í augu við endanlega ákvörðun um inngöngu í EFTA eða ekki inngöngu. En það er bara ekki á dagskrá eins og stendur, heldur áframhaldandi könnun í framhaldi af þeirri rannsókn, sem fram hefur farið í mþn. Ég hygg, að einmitt þessar miklu umr. um framtíðarstöðu Íslands sem hugsanlegs aðila að Fríverzlunarsamtökum Evrópu byggist á því, að menn beri ugg í brjósti um, að Íslandi stafi ógagn meira en gagn af slíkri inngöngu í samtökin, og fæ ég þá ekki séð annað en það, ef könnunin, sem nú færi í gang, ef till. væri samþ., færi fram, einmitt þegar málin standa svo hjá okkur, að við værum vanbúnir til aðildar og ýmislegt það hafi gerzt úti í löndum, sem gerði það að verkum, að við yrðum meira hikandi um þátttöku, eins og t. d. ofríkiskennd tilraun Breta til að brjóta reglur samtakanna, þegar við værum einmitt að kanna málið. Þetta kynni allt saman heldur að stuðla að því, að við, — ef könnunin færi fram nú, — vöruðum okkur betur og það væru minni líkur til þess, að við tækjum jákvæða afstöðu til þess að fara inn í EFTA. Alveg fannst mér á sömu lund hníga meginrök hv. 6. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, þegar hann var að lýsa því, að sér litist ekki álitlega á að fara í EFTA, af því að þau samtök væru nánast í upplausn. Ef rannsóknin færi fram — ég sé ekki betur einmitt þegar slíkt blasir

við, — þá yrði það frekar til þess, að við flýttum ekki för okkar þangað inn. Ég sé því ekki annað en þessi rök, sem fram koma, hnígi heldur í þá átt, að við ættum ekki að vera að draga við okkur að láta þessa könnun fara fram, sem yrði framhald af því, ef till. yrði samþykkt, einmitt út frá sjónarmiðum þeirra, sem mikinn varhuga vilja gjalda við inngöngu í EFTA. Og ég er kannske einn á meðal þeirra. En ég hef ekki myndað mér endanlega skoðun um andstöðu gegn því nú, af því að það liggur ekki fyrir og beint liggur fyrir að afla frekari vitneskju um stöðu okkar til þeirrar þátttöku. Tel ég ekki tímabært að taka endanlega afstöðu til þess máls, endanlegu niðurstöðunnar, fyrr en að könnun lokinni, sem ætti að vera framhald af því, að óformleg inntökubeiðni yrði send.

Annað atriði kom fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem ég var alveg sammála. Hann sagði, að við ættum að kosta kapps um að eiga sem nánasta samleið með þeim löndum, sem okkur væru skyldust og við ættum í flestum málum meiri samleið með en öðrum löndum, þ. e. a. s. Norðurlöndunum. En hvernig væri það nú, ef við værum að taka endanlega afstöðu til inngöngu eða ekki inngöngu í EFTA? Værum við þá að sigla upp að hliðinni á Norðurlöndum? Nei, þá værum við einmitt að fjarlægjast öll Norðurlöndin, þau sem EFTA-þjóðir, við utan við, en við ættum samleið með annarri þjóð í Vestur-Evrópu, einræðisríkinu Spáni. Þá væru það Ísland og einræðisríkið Spánn, sem væru utan við EFTA, og ættu kannske að eiga samleið, en við værum undir öllum kringumstæðum ekki að nálgast vinaþjóðir okkar og frændþjóðir á Norðurlöndum, við værum að fjarlægjast þær. Þar með segi ég ekki, að svo kunni ekki að fara, þegar málið er endanlega skoðað. Við yrðum jafnvel að meta málin svo, að við neyddumst til að taka þá afstöðu að fjarlægjast okkar vina- og frændaþjóðir, Norðurlandaþjóðirnar, en ekki fyrr en að fullkönnuðu máli og ekki væri mér það sársaukalaust, ef niðurstaðan yrði sú, að við sigldum með Spáni, en fjarlægðumst Norðurlandaþjóðir í þessum efnahagsmálum.

Ég tel, að hv. 7. landsk. þm., Sveinn Guðmundsson, sem talaði hér áðan og vék í lok ræðu sinnar að niðurstöðu samtaka iðnaðarins í landinu, sem væri sú, að þeir vildu, að till. yrði samþ. til þess að kanna, hvort Ísland ætti kost á aðild að EFTA og í annan stað með hvaða kjörum. Það vil ég undirstrika fyrst og síðast í mínu máli, að hér erum við enga endanlega ákvörðun að taka nú um það, hvort við eigum að gerast aðilar að EFTA eða ekki. Við erum hins vegar að velta því fyrir okkur, hvort við eigum að senda óformlega umsókn og biðja um allar upplýsingar um það, hvort Ísland fái aðgang að EFTA og með hvaða hætti það megi verða vegna margvíslegrar sérstöðu okkar litlu þjóðar. Og þá sækir spurningin á okkur: Er ástæða til að hraða þessari könnun á málinu, að svo miklu leyti, sem það ekki er kannað enn, eða er ástæða til að draga ennþá, að könnun fari fram? Þetta finnst mér vera málið og málið allt.

Einhverjir hafa sagt: „Við berum ekkert traust til ríkisstj., og þess vegna erum við á móti till.“ Ég er einn í þeirra hópi, sem ber ekkert traust til ríkisstj. í þessu máli fremur en öðrum stórmálum og tel mig heldur ekki vera að trúa henni fyrir því. Ég tel hana ekki vera nokkra framtíðarstjórn fyrir Ísland. Ég tel miklu fremur líklegt, að hún sé nú að syngja sitt síðasta vers og það sé alls ekki verið að fela henni þetta framtíðarmál, sem hér er um að ræða. Ég tel, að það hljóti að vera svo, að könnunin taki nokkurn tíma. Síðan komi að því að taka afstöðu til þess, hvaða ríkisstj. við eigum að trúa fyrir að ganga frá málinu endanlega. Ég tel mig a. m. k. ekki vera að fela þessari hæstv. ríkisstj. að ganga endanlega frá málinu, þó að ég yrði með því að könnun færi fram. Það, að vera með því, að Ísland kanni það, sem ókannað er í þessu máli, fái vitneskju um, hvort það fái aðgöngu og með hvaða kjörum, það tel ég á engan hátt vera traustsyfirlýsingu á hæstv. ríkisstj., allra sízt, þegar það liggur nú fyrir, að hún ætlar ekki að pukrast með þetta mál. Það má hún eiga, að hún hefur ekki pukrazt með þetta mál. Hún hefur sett allra flokka fulltrúa í könnun á því í heilt ár. Og það liggur fyrir, skilst mér, — það verður leiðrétt, ef það er misskilningur, — að allir aðilar á Alþ., sem ólíkar skoðanir hafa á þessu máli, fái fulltrúa í n., sem annist þessa könnun. Það er ekki ætlunin, skilst mér, þó að það hafi oft verið venja hjá hæstv. ríkisstj., að láta fulltrúa sína, sína tilvöldu fulltrúa, flokksfulltrúa eingöngu, fjalla um málið, og ég tel það mjög viturlegt af hæstv. stjórn að vekja enga óþarfa tortryggni í þessu máli með því að láta sína menn eina fara með það, heldur hleypa þar allra flokka mönnum að, svo að þeir geti haft hönd í bagga með, hvernig þessi könnun verði framkvæmd á allan hátt. Það er því ekki um að ræða, að á nokkurn hátt sé verið að sýna hæstv. ríkisstj. sérstakt traust. Hún fer ekki fram á það, því að hún býður öllum flokkum að fylgjast með þessari rannsókn og eiga að henni hlut. En fyrir mér er það aðalatriði, að hér er enga endanlega ákvörðun verið að taka um aðild Íslands að EFTA. Spurningin, sem nú þarf að svara, er einungis sú, eins og ég hef margtekið fram, hvort ástæða sé til að bíða, þ. e. a. s. draga að fá fullnaðarkönnun í gang um það, hvort Ísland muni eiga kost á aðild að samtökunum og þá, ef svo væri, sem við vitum ekki, með hvaða kjörum. Og þar sem upplýst er, að fulltrúar allra flokka munu eiga sæti í n. þeirri, sem með könnunina fer, ef till. verður samþ., þá tel ég rétt, að óformleg umsókn verði send og aðstaðan notuð til þess að afla allra upplýsinga um, hverra kosta Ísland eigi völ, ef það kynni að gerast aðili að EFTA með einhverjum hætti, annaðhvort með fullri aðild eða aukaaðild. Mun ég því greiða atkv. með till. hv. meiri hl. utanrmn. í þessu máli. Ég hef umboð til þess að skýra einnig frá því, að sömu afstöðu og ég nú hef lýst, hafa tekið hv. 4. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, og hv. 4. landsk. þm., Hjalti Haraldsson.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. um skuldasöfnun ríkisins, er ég hissa á því, að svo glöggur reikningsmaður og tölfróður skuli aldrei hafa litið á eignaaukninguna, sem er í hinum dálknum. Ef honum þykir mikið um skuldirnar, þá mundi honum þykja enn þá meira um eignirnar, ef hann hefur nokkurn tíma litið á þann dálkinn. Og það, að hann skuli þegja, hlýtur að vera vegna þess, að hann hefur ekki haft hugmyndaflug, eins og hann hefur greindina, en hugmyndaflug hans getur menn greint á um og víðsýnina til þess að skoða báðar hliðar málsins.

Varðandi þær umr., sem hér hafa farið fram um aðild að EFTA, þá tek ég undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér er auðvitað um fullkomlega þinglega meðferð að ræða og meira að segja svo, að hv. alþm. hafa haft lengri tíma til að kynna sér þetta mál en gengur og gerist, eins og rakið hefur verið.

En það var út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. um afstöðu okkar til efnahagssamvinnu Norðurlanda og ríkisstj. hefði þar látið tækifæri sér úr greipum ganga, sem ég vildi segja nokkur orð. Hann ávítaði ríkisstj. fyrir að hafa ekki sett menn í þær undirn. eða vinnuhópa, sem nú starfa að því að kanna víðtækara efnahagssamstarf Norðurlandaríkjanna. Ég hygg, að það séu a. m. k. níu sérfræðingahópar, sem mánuðum saman hafa setið við þessa könnun, og það þarf furðulegan ókunnugleika á starfsmannafjölda íslenzka ríkisins og hversu mörgum sérfræðingum við höfum á að skipa í þessum efnum, ef því er haldið fram í alvöru, að við hefðum getað látið menn til þessara starfa, eins og þau hafa verið unnin. Ég hygg og, að það hefði verið gersamlega út í bláinn fyrir okkur að leggja þann mannafla fram, vegna þess að þessi rannsókn fjallar að langmestu leyti um atriði, sem okkur eru óviðkomandi. Hins vegar eigum við fullan kost á því að fylgjast með niðurstöðunum, sem af þessari rannsókn verða, og fáum nægan tíma til þess. Okkar vandamál eru tiltölulega svo einföld, að auðvelt er að vekja athygli á þeim samtímis og annarri rannsókn er lokið. Þó að vandamálin séu einföld, er engan veginn þar með sagt, að þau séu auðleyst. En það er samt algerlega fráleitt, að það hefði verið Íslandi hagkvæmt að leggja fram þann mannafla, sem hv. 6. þm. Reykv. ávítaði ríkisstj. fyrir að hafa ekki gert. Því til viðbótar og aðeins til fróðleiks er rétt að geta þess, að ég átti tal um það við þá menn, sem fyrir þessari rannsókn standa, nú fyrir nokkrum vikum úti í Osló, hvernig þeir hygðu okkar viðbrögðum bezt fyrir komið okkur sjálfum til hags. Þeir voru sammála um, að langeðlilegast væri fyrir okkur að gera fyrst upp okkar hug um það, hvort við vildum gerast aðilar að EFTA, því að eins og jafnvel hv. 6. þm. Reykv. sjálfur sagði, þá er EFTA-samstarfið grundvöllur þess aukna samstarfs, sem Norðurlandaþjóðirnar eru nú að kanna, hvort þær eigi að leggja í. Og það var samróma álit þessara manna, að það væri langeðlilegast fyrir okkur að einbeita okkur fyrst að því, hvort við teldum okkur hag að því að gerast aðilar að EFTA og gætum orðið það með þeim hætti, sem við teldum viðunandi, og kanna síðan, hvort við vildum verða aðilar að því efnahagssamstarfi Norðurlandaþjóðanna, sem enginn veit enn, hvort úr verður í þeim ríka mæli, sem sumir menn hafa látið sér til hugar koma. Þetta var dómur þeirra manna, sem bezt eru að sér í þessum efnum, og einmitt þeirra, sem hv. þm. taldi eðlilegt, að við bærum mest traust til og legðum höfuðáherzlu á að ná nánu samstarfi við.

Hv. þm. ræddi jafnframt um það, að óvíst væri með öllu, hvaða iðnaðarvörur það væru, sem við gætum selt í EFTA-löndunum, og af hverju við ættum frekar að leggja áherzlu á samstarf við EFTA-löndin en einhver önnur. Svarið við því síðarnefnda er auðvitað það, að í EFTA-löndunum eru frá fornu fari, ef svo má segja, okkar beztu markaðir. Það er því eðlilegt, að við a. m. k. reynum að tryggja okkur að útilokast ekki frá þeim mörkuðum, eins og vaxandi hætta hefur verið á og nú þegar er því miður of mikið orðið af í raun. En hv. þm., sem virðist bera ákaflega lítið traust til möguleika okkar í iðnaði og er raunar á móti því, að við notum þær auðsuppsprettur landsins, sem í framtíðinni munu verða til þess að gera hér jafnari og betri lífskjör en ella kunna að verða, — hv. þm. ætti þó að gera sér ljóst, að hann, sem manna mest talar um, að við eigum að byggja á fiskveiðum, sem aðrir eru auðvitað ekki á móti, en telja, að fleira þurfi að koma til til þess að skapa nægilegt jafnvægi, — hann ætti að gera sér ljóst, að höfuðáherzlan á því að hafa frekari úrvinnslu úr okkar fiski innanlands en enn er, er þessi, að það er erfitt vegna tollmúranna. Við sleppum betur, ef við flytjum inn óunna vöru til annarra landa, því að tollmúrarnir gera það að verkum, að unnin vara hér á Íslandi á miklu örðugri aðgang að þessum mörkuðum en hin óunna. Og það má í raun og veru segja, að sé alger forsenda þess, að hægt sé að vinna hér verulega úr fiskafurðum, sem raunar má deila um, hvort menn geri sér ekki of miklar vonir um, en jafnvel þótt vel fari, er vonlaust, að það takist, nema því aðeins okkur heppnist að brjóta skarð í þessa tollmúra, sem eru mesta hindrunin á því, að hægt hafi verið á undanförnum árum að vinna verulega á í þessum efnum. Fram hjá þessum staðreyndum verður alls ekki komizt, og hér er eitt höfuðviðfangsefni, sem menn hljóta að gera sér ljóst, ef þeir vilja, eins og þeir segja, gera okkar fiskframleiðslu fjölbreyttari en verið hefur. Einnig að þessu leyti er því ljóst, að okkur er mjög mikið hagræði að því að komast í EFTA. Hvort svo of miklir annmarkar eru því samfara að öðru leyti, er annað mál, sem sú könnun á að skera úr, sem menn nú vonast til, að skjótlega geti fram farið.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langar að gera nokkrar aths. við ræður manna, sem vikið hafa að bollaleggingum mínum hér áðan.

Hæstv. iðnmrh. sýndi okkur í verki, að enda þótt hann sé búinn að gegna ráðherradómi um býsna langan tíma, kann hann ennþá svolítið til þeirrar ræðumennsku, sem hann tamdi sér í Heimdalli forðum tíð, og tel ég það fagnaðarefni, að ráðh. sökkvi ekki allt of djúpt niður í þann virðuleik, sem talið er, að fylgi embætti þeirra. Hitt kom mér nokkuð á óvart, að þessi hæstv. ráðh. skyldi ekki geta áttað sig á því, hvað ég ætti við, þegar ég sagði, að ríkisstj. hefði vanrækt þjóðlega atvinnuvegi. Þessum hæstv. ráðh. hlýtur að vera ljóst, að togarafloti Íslendinga hefur dregizt saman um meira en helming á þessum áratug, að enginn nýr togari hefur bætzt við á þessu tímabili, þannig að þeir togarar, sem þó eru eftir, eru orðnir illa færir til notkunar. Við höfum forustu á þessu sviði lengi vel, en nú erum við orðnir eftirbátar allra þeirra, sem stunda togveiðar á Norður-Atlantshafi. Þetta hlýtur hæstv. ráðh. að vita. Hæstv. ráðh. hlýtur einnig að vita, að sá hluti bátaflotans, sem aflar hráefnis handa frystihúsunum, hefur dregizt stórlega saman á undanförnum árum. Á þetta hefur verið minnzt hér á Alþ. ár eftir ár og fluttar till. um þau efni, en þeim hefur öllum verið hafnað. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft nokkurn áhuga á því að efla þennan þátt. Ein af afleiðingum þessarar þróunar er sú, að freðfiskframleiðsla Íslendinga hefur dregizt saman um meira en þriðjung í tíð þessarar ríkisstj. Þar höfðum við áður forustu, en á sama tíma og þessi framleiðsla hefur dregizt svona saman hjá okkur, hafa aðrar þjóðir aukið hana stórlega, tvöfaldað hana og þrefaldað hana. Einnig þetta hefur oft verið rætt án þess að hæstv. ríkisstj. hafi nokkuð um það sinnt. Og maður skyldi ætla, að þessi hæstv. ráðh. hefði hugmyndir um ýmsa þætti iðnaðarins, sem honum er sérstaklega falið að rækja. Þar hafa gerzt mjög hrapallegir atburðir á sumum sviðum, eins og allir vita. Ýmsar greinar neyzluvöruiðnaðar hafa gefizt upp vegna innflutnings, og mjög veigamiklar greinar, eins og járniðnaður, hafa átt mjög í vök að verjast. Meira að segja ýmsar þær greinar, sem þessi hæstv. ráðh. hefur verið að hæla sér af, hafa átt í miklum erfiðleikum. Nýlega skýrði forstjóri einnar stálskipasmíðastöðvarinnar frá því, að hann hefði ekki getað hagnýtt skipasmíðastöð sína nema svo sem svarar þriðjungi af afkastagetu. Og hann benti á, að ekki væri hægt að starfrækja fyrirtæki á þennan hátt. Og ástæðan fyrir þessu er einnig stefna hæstv. ríkisstj. Þessi stefna er ein af meginástæðunum fyrir þeim ófarnaði í atvinnumálum, sem nú blasir við. Gjaldeyristekjur okkar eru þeim mun minni, sem þessi undirstaða er nú veikari, og af þessum ástæðum er hætta á stórfelldu atvinnuleysi, svo að mér fannst það ekki sæma hæstv. ráðh. að tala af nokkurri léttúð um þetta mál. Ábyrgð ríkisstj. er mikil og alvarleg, og hún hvílir ekki sízt á þessum hæstv. ráðh. Hann hefur oft hælt sér af því, að mikið fé hafi verið lagt í iðnað á undanförnum árum og birt um það miklar tölur. En þær tölur segja aðeins hálfa sögu, því að mikið af þessum fjármunum hefur verið lagt í fyrirtæki, sem síðan hafa ekki verið starfrækt, nema að litlu leyti og sum að engu leyti. Menn muna, hvernig fór með síldarverksmiðjuna í Hafnarfirði, sem var byggð upp með miklum tilkostnaði og miklar vonir voru við bundnar, en síðan var hún lokuð og framleiddi ekki neitt í tvö ár. Hliðstæð verksmiðja á Akureyri er nú lokuð.

Hv. 12. þm. Reykv. flutti áðan býsna skemmtilega ræðu um ástandið hér á haftatímunum. Hann rakti dæmi um það, að framkvæmd hafta hefði oft verið mörkuð af spillingu og stundum ákaflega skopleg. Ég veit, að þessi hv. þm. talar um þetta af ærnum kunnugleik, því að sá flokkur, sem hann er í, hafði lengst af fullkomna forustu um þessi höft. Hann beitti sér meira að segja fyrir því, að menn væru settir í tugthúsið fyrir að byggja garða í kringum húsin sín. En þegar skortur er í þjóðfélagi, leiðir hann alltaf til þess, að úthluta verður á einhvern hátt. Það er hægt að gera með n. og einhverjum slíkum reglum, eins og hv. þm. lýsti, og á því eru margfaldir annmarkar, en það er líka til annar skömmtunarstjóri, skorturinn. Hann er sá skömmtunarstjóri, sem hæstv. ríkisstj. og þessi hv. þm. meta mest. En þeirri skömmtun er þannig háttað, að um hana verða ekki sagðar skemmtisögur. Annars þætti mér fróðlegt að heyra frá þessum hv. þm., sem er mjög fróður maður um hagfræðileg mál, hvort hann viti nokkur dæmi þess, að vanþróuð þjóð hafi byggt upp hjá sér iðnað án þess að beita til þess svokallaðri haftastefnu. Það er auðvelt að tala um frjálsræði og benda til háþróaðra iðnaðarríkja, eins og þau eru í dag. En áður en þessi ríki urðu svona háþróuð, urðu þau að grípa til ýmissa harkalegra ráðstafana, og þetta hafa allar þær þjóðir orðið að gera, sem reynt hafa að byggja upp öflugt atvinnulíf af eigin rammleik. Undan þessu verður ekki komizt. Það er mikill misskilningur hjá þessum hv. þm., að ef við göngum í EFTA, komumst við sjálfkrafa á eitthvert svipað stig og háþróaðar iðnaðarþjóðir, sem þar eru. Þetta er alger misskilningur. Á það stig komumst við aðeins með því að hafa sjálfir frumkvæði og forustu og leggja á okkur þá erfiðleika, sem því fylgja, með því að marka okkur stefnu og fylgja henni sjálfir. Við komumst ekki áleiðis á nokkurn annan hátt. Hitt þótti mér fróðlegt hjá þessum hv. þm., að hann viðurkenndi algerlega það sjónarmið, sem ég vék að í ræðu minni, að ein meginástæða fyrir því, að hæstv. ríkisstj. leggur þvílíkt ofurkapp á, að við göngum í EFTA, sé sú, að við séum þá að gera alþjóðlegan samning um stefnu sjálfra okkar í innanlandsmálum. Hv. þm. sagði, að ef við gengjum í EFTA, yrðum við að velja raunhæfa stefnu í efnahagsmálum okkar. Það er þetta, sem er keppikefli, að við bindum okkur með alþjóðlegum samningi til að fylgja tiltekinni stefnu á Íslandi, þeirri stefnu, sem við þekkjum frá valdatíð viðreisnarstjórnarinnar. Það er e. t. v. ekki ástæðulaust að minna menn á, að ekki þarf nokkra einangrunarafstöðu til þess, að smáþjóð hugsi ráð sitt,

áður en hún tengist stærri heild. Við þekkjum allir lítil samfélög í nágrenni við okkur, t. d. eyjar í náND við Bretland, þar sem mannlífi var forðum lifað á svipaðan hátt og hér á Íslandi. Þessar eyjar eru nú orðnar tengdar stærri heild, og hvernig hefur farið? Þar er allt dautt og staðnað. Þetta eru útkjálkaþjóðfélög. Þar hefst naumast nokkur maður við. Þar er ekki lifað lifandi nútímalífi. Þetta verðum við að vita, þó að við verðum líka að varast ótímabæra tortryggni. En við skulum ekki flana út í neitt.

Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði sýnt furðulegan ókunnugleika í tali mínu um, að hæstv. ríkisstj. hefði vanrækt að fylgjast nægilega vel með þeim athugunum, sem gerðar hefðu verið á Norðurlöndum á þessu ári og sagði, að þar hefðu verið starfandi 9 undirnefndir og ríkisstj. hefði ekki tiltæka embættismenn í allar slíkar nefndir. Ég hafði ekki hugsað mér, að hæstv. ríkisstj. setti menn í allar þessar nefndir. En vafalaust hefði verið auðvelt fyrir hana að velja úr verkefni, sem eru sérstaklega tengd hagsmunum okkar, t. a. m. í sambandi við fiskveiðar, fiskiðnað og fjárfestingarathuganir, sem þar er verið að ræða um. Mér sýnist það ekkert vafamál, að hæstv. ríkisstj. hefur sýnt þessu máli allt of mikið tómlæti og nánast furðulegt tómlæti.

Hæstv. forsrh. sagði einnig, að ég hefði lítið traust á getu okkar í iðnaði og væri andvígur því, að við hagnýttum auðlindir okkar til iðnaðarframkvæmda. Þetta er algert öfugmæli. Ég hef mikla trú á getu okkar í iðnaði, en því aðeins að við tökum upp allt önnur vinnubrögð í hagstjórn heldur en við höfum viðhaft að undanförnu. Við náum aldrei nokkrum tökum á iðnaði, nema við sameinum krafta okkar með áætlunarbúskap. Ef þessi örsmáu fyrirtæki, sem hér eru, eiga að basla hvert fyrir sig, munum við aldrei ná nokkrum árangri, sem heitir. Ef við ætlum að vinna ný lönd á þessu sviði, verðum við að taka upp áætlunargerð, sem miðast við aðstæður okkar, og áætlunarstjórn. Ef við gerum það, tel ég, að við höfum mikla möguleika. Það hrapallegasta, sem við gerum, er hins vegar að halda áfram á þeirri braut að framleiða aðeins hráefni og hráorku. Samningurinn við alúminhringinn snýst aðeins um það, að við tökum að okkur að framleiða raforku og seljum alúminhringnum hana fyrir verð, sem er mjög nálægt kostnaðarverði. Þetta er alveg sams konar og hráefnisframleiðsla. Hringurinn hagnýtir sér þessa hráorku, sem við seljum honum. Hann hirðir arðinn af henni og flytur arðinn úr landi. Þetta er ekki iðnvæðing, sem verður Íslandi að gagni. Gagnrýni okkar á þennan samning er sú, að við teljum, að við eigum sjálfir að efla þann iðnað, sem við getum stofnað í landinu. Mér er fullljóst, að til þess þurfum við samvinnu á ýmsum sviðum við erlenda aðila. En þar tel ég, að við ættum sérstaklega að beina athygli okkar að Norðurlöndum. Þar þekkja menn til hliðstæðra vandamála og hér eru og þar mundi verða litið af vinsemd á vandamál okkar.

Það eru engin ný tíðindi, sem hæstv. forsrh. sagði, að erfitt væri að selja fullunnar fiskafurðir, — það yrði að brjótast gegnum tollmúra. Ég lagði mikla áherzlu á þetta í minni ræðu áðan. En við verðum að vita í gegnum hvaða múra við viljum brjótast. Við verðum að vita, hvaða markaði við viljum hagnýta okkur. Og eins og ástatt er nú, vitum við þetta ekki, vegna þess að algerlega vantar heildaráætlanir um þróun iðnaðar á Íslandi. Vitneskju vantar um, hvað það er, sem menn hugsa sér, að við eigum að framleiða á svo hagkvæman hátt, að það standist samkeppni á erlendum mörkuðum.

Hv. 9. þm. Reykv. og ýmsir aðrir hafa vikið að því, að þessi till. feli ekki í sér nokkra endanlega ákvörðun um aðild að EFTA. Það er alveg rétt. Till. gerir það ekki að forminu til. En ég hygg samt, að hér sé um að ræða þá ákvörðun, sem skiptir máli í raun. Við þekkjum dálítið orðið til hliðstæðrar samningsgerðar á undanförnum árum. Raunin vill verða sú, að trúnaðarmenn vinna að slíkum samningum, en að lokum eru þeir lagðir fyrir í því formi, að ekki megi breyta einum einasta stafkrók. Jafnvel þótt Alþ. vilji gera breytingu, þá er því lýst yfir, að þetta sé ekki hægt. Annaðhvort verða menn að samþykkja eða fella. Dæmin um þetta eru mýmörg, nú síðast í sambandi við alúmínsamningana. Einnig þar fékk stjórnarandstaðan að fylgjast með allt til loka. En síðasta stigið var, að málið var lagt fyrir hér til svokallaðrar formlegrar afgreiðslu, en hún var aðeins þessi: Þm. máttu segja já eða nei, annað ekki. Ég tel allar líkur á því, að meðferð þessa máls verði hin sama. Þess vegna held ég, að það sé alveg ótvírætt, að núna erum við að taka ákvörðunina, einmitt á þessari stundu, en síðar verður um formið að ræða.

Ég er alveg sammála hv. 9. þm. Reykv. um það, að þessi ríkisstj. verður vonandi ekki langlíf. Hitt skulum við muna, að hún hefur meiri hl. hér á þingi og kjörtímabili hennar lýkur ekki fyrr en 1971. Það er vel hugsanlegt, að fyrir þann tíma komi lokaákvörðunin fyrir á þingi. Ég ber ekki það traust til þessarar ríkisstj., að ég telji málinu vel borgið í hennar höndum.

Frsm. minni hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér sýnist muni verða ávinningur að sumu leyti af þeim umr., sem hér fara fram, þó að aðrir þættir séu dálítið einkennilegir og utan við efnið, og mun ég ekkert víkja að þeim.

Mér finnst gæta hér hjá sumum misskilnings, en hann er sá, að með því að sækja um aðild að EFTA, eins og þáltill. gerir ráð fyrir, sé eingöngu verið að fara til þess að afla upplýsinga. Þetta er auðvitað grundvallarmisskilningur, því að þetta þýðir, að það er farið af stað í umr., sem áður en varir verða að samningum, sem svo geta endað í aðild eða þannig, að ekki náist það samkomulag, að úr aðild verði. En það er verið að leggja út í samninga, og það er einmitt þess vegna, sem við í minni hl. drögum fram það sjónarmið, að Íslendingar þurfi að búa sig betur að heiman, áður en lagt er í viðtöl,

sem verða í reyndinni samningar, þar sem skiptir höfuðmáli, hvernig á málum er haldið þegar frá byrjun, hvaða sjónarmið eru sett fram og hversu ákveðnir menn eru og þekkja vel sjálfa sig og hvað þeir vilja fá.

Það er einmitt í þessu tilliti, sem við álítum, að okkur íslenzkum sé mjög áfátt, eins og greinir í nál. og ég hélt fram í minni framsöguræðu, og skal ég ekki vera að þreyta þm. á því að taka það allt upp aftur, sem ég sagði þá því til stuðnings, enda gefa sannast að segja umr., sem fram hafa farið, ekki tilefni til þess. Ég mun því alveg sleppa því að leggja það á menn. En ég ætla að minnast hér á þrjú eða fjögur atriði, sem mér finnst, að gæti verið ávinningur að ræða nánar eða benda á.

Það er fyrst í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, þar sem hann dró mjög fram umsögn Félags ísl. iðnrekenda til stuðnings því, að einmitt núna þyrfti að gera gangskör að því að sækja um aðild. Það er rétt, að í þessari álitsgerð, sem frá þeim liggur fyrir eða bréfi, þar lýsa þeir því yfir, að þeir álíti rétt, að sótt verði um aðild, þannig að unnt sé að gera sér fullkomna grein fyrir því, hvað í henni felst. En á hinn bóginn er engin afstaða tekin til þess í bréfinu, svo að ég geti séð, hvort það sé endilega nauðsynlegt að taka þá ákvörðun þessa dagana eða eitthvað síðar. Ég bendi á, að einmitt í þessu bréfi eru mjög veigamikil rök fyrir því, að það þurfi að skoða málin betur en enn þá hefur verið gert og sérstaklega vitna ég í því sambandi til þess, að í bréfinu segir, að ársþing iðnrekenda 1968 telji nauðsynlegt, að fram fari á því rækileg athugun, hvernig framtíðarhagsmunir íslenzks atvinnulífs verði bezt tryggðir með tilliti til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum á sviði alþjóðaviðskipta og þá einkum við myndun markaðsbandalaga í Evrópu. Þetta álítur aðalfundurinn mjög þýðingarmikið, að verði gert. En hafi slík athugun farið fram, hafa niðurstöður hennar algerlega farið framhjá mér, og ég er iðnrekendasambandinu alveg sammála um, að slík skoðun þyrfti að verða nánari en ennþá hefur orðið, og einmitt þetta höfum við í minni hl. lagt talsverða áherzlu á. Enn fremur vil ég benda á það, sem raunar ætti að vera óþarft, að í niðurlagi bréfsins segir iðnrekendasambandið, „að endanlega afstöðu til aðildar teljum vér oss þá fyrst geta tekið, þegar niðurstöður þeirra samningaviðræðna liggja fyrir og ríkisstj. Íslands hefur gert grein fyrir því, hverjum aðgerðum hún hyggst beita sér fyrir til þess að leggja grundvöll að þeirri iðnþróun, sem hér verður að eiga sér stað í næstu framtíð.“ Þetta er ákaflega þýðingarmikið atriði og þetta sýnir, að málið er einmitt rekið með of miklum hraða. Segjum, að þessar viðræður hefjist nálega strax og miði nokkuð hratt áfram, ætli iðnrekendasambandið mundi þá í raun og veru gera ráð fyrir því, að ríkisstj. yrði tilbúin t. d. strax upp úr áramótunum til þess að gefa fullnægjandi skuldbindingar um þá stefnu í iðnaðarmálum, sem að dómi iðnrekendasambandsins sjálfs er alger forsenda fyrir því, að aðild komi til mála? Ég held, að hér sé þannig á málum haldið, að allar líkur séu á því, að fengi umsóknin greiðlegar undirtektir, stöndum við hreinlega eins og þvörur í því að gera grein fyrir, hvernig ætlunin er að gjörbreyta stefnunni, þannig að fái staðizt, og þess vegna þurfi þetta allt betri skoðunar við.

Annars er engin ástæða til þess að vera að reyna að dýpka þann ágreining, sem hér liggur fyrir, en hann er sem sagt um þetta, að við álítum, að það muni koma að því, að Íslendingar þurfi að leita skynsamlegra tengsla við þetta bandalag, en við teljum, að okkur sé margt að vanbúnaði enn, og ætti að leggja áherzlu á að bæta úr því, áður en út í þetta er farið. Ég vil leggja alveg sérstaka áherzlu á, að ég óttast, að við fáum mun óhagstæðari og verri samninga fyrir okkur, ef við skoðum ekki betur okkar gang, áður en við leggjum af stað.

Ég verð að segja, að það jók ekki traust mitt, sem hæstv. viðskmrh. sagði, því að hann ræddi þetta mál, — að því er mér fannst — í ákafatón og fremur leiðinlegum, hálfgerðum skætingstón. Það var ekkert, sem gaf hæstv. ráðh. tilefni til þess að fara að tala um, að ég væri sérstaklega bölsýnn og leggja áherzlu á, hvað hann væri skemmtilega bjartsýnn. Íslenzku þjóðinni hefur gengið illa nú undanfarið að lifa á skýjaborgum hæstv. ráðh., og ég býst við, að það verði þannig áfram. En umr. af þessu tagi hafa í sjálfu sér enga þýðingu. Það getur verið gaman að orðaskiptum í þessum tón, en þau hafa enga þýðingu fyrir málið, og ég hefði ekki farið að flytja neitt í þessum dúr, ef hæstv. ráðh. hefði ekki kastað boltanum.

Ég álít, að hæstv. ráðh. sé skylt að athuga mjög gaumgæfilega það, sem við höldum fram varðandi þessi mál og að taka tillit til þess eftir því, sem honum er fært, og það er engin ástæða til þess fyrir hann að taka því illa, þó að það sé lögð alvara í að benda á allar hliðar þessa mjög svo vandasama máls. Ég ætla algerlega að leiða hjá mér að fara að lengja þessar umr. með því að fara að ræða við hæstv. ráðh. um þróun íslenzks iðnaðar síðustu árin, þó að hann gæfi tilefni til þess, vegna þess að ég legg miklu meira upp úr því að reyna að fá hér fram einhver atriði, sem skipta máli varðandi það, hvort eigi að sækja um aðild, og ef menn sækja, þá varðandi heimanbúnað manna í samningana.

Hv. þm., Sveinn Guðmundsson, ræddi hér nokkuð um þetta mál, og hann kom inn á ýmis mikilsverð atriði, sem ég vil leyfa mér að benda á og að sumu leyti gefa tilefni til fsp. Hann sagði, varðandi 16. gr., að enginn gæti sagt um það, hvaða skilyrði Ísland þyrfti að uppfylla, og það ætti bæði við hana og ýmislegt annað, að hans dómi. Það er náttúrlega ekki vitað um allt til fulls. Við þekkjum þó almenna EFTA-samninginn, en við vitum ekki, hvaða undanþágur við getum fengið, og að því leyti er þetta rétt hjá hv. þm. Hann sagðist standa í þeirri meiningu, að það væri hægt að setja lög um, að það þyrfti leyfi til þess að setja upp fyrirtæki. Það hefði verið gert í Noregi og þannig mætti hafa

vald á því, hvaða útlendingar kæmu hér atvinnurekstri á fót. En ég hef skilið það svo, að slík löggjöf mætti hvorki vera um það né framkvæmd þannig, að íslenzkum aðilum væri leyft að setja upp fyrirtæki í EFTA-greinum, en öðrum væri neitað. Ef ég skil þetta rétt, hefur löggjöf af þessu tagi ekki mikla þýðingu. Er þetta misskilningur hjá mér? Má setja löggjöf, sem er framkvæmd þannig, án þess að hafa nokkrar sérstakar undanþágur frá EFTA-samningnum, að íslenzkum aðilum sé t. d. leyft að koma upp fyrirtæki í einhverri grein, en erlendum aðila úr EFTA-landi neitað? Samrýmist þetta EFTA-samningnum? Mundi ekki þurfa sérstök ákvæði um þetta fyrir Ísland, ef til kæmi? Það þýðir ekki að tala um þetta í þoku. Við verðum að tala þannig, að við skiljum hvern annan. Ég hef satt að segja skilið þau þokukenndu ummæli, sem eru um þetta í embættismannaskýrslunni, þannig, að ekki mætti mismuna, nema það væri sérsamningur varðandi það land, sem hlut ætti að máli. Kannske finnst mönnum óþarfi að vera að ræða um þetta áður en menn fara í þessa samninga, en ætli menn séu almennt þeirrar skoðunar, að það sé óþarfi að gera sér grein fyrir þessu? Ég dreg mjög í efa, að menn séu almennt þeirrar skoðunar.

Ég ber mikinn kvíðboga í sambandi við verndaða iðnaðinn. Þó að ég hafi mikla trú á því, að við getum komið hér upp mörgum myndarlegum iðngreinum, sem gætu spjarað sig, þá er verndaði iðnaðurinn gífurlegur þáttur í okkar búskap og verður framvegis, ef hann yxi áfram. Ég vil ekki segja með þessu, að við þurfum endilega að halda í allan hinn verndaða iðnað. Þetta er ekki annaðhvort svart eða hvítt, alveg opið eða alveg lokað o. s. frv. Það verður sjaldan mikið úr framkvæmdinni á þeirri speki, sem er byggð á þess konar hugsun. Hér verður venjulega að þræða bil beggja.

Það kemur í ljós við þessar umr., og það tel ég ekki með öllu gagnslaust, að það eru fleiri en ég, sem hafa áhyggjur af því, hvort iðnaður standist óverndaður, og t. d. eru Bretar núna nýbúnir að setja 10% verndartoll á EFTA-fisk til þess að vernda þá iðngrein hjá sér. Jafnvel stórveldið Bretar, verandi í EFTA, er að setja verndartoll á þessa grein. Menn segja, að þetta sé þvert ofan í EFTA-samkomulagið. Mundum við geta gert svona fyrirvaralaust, litlir aðilar, eftir að við værum komnir í EFTA, jafnvel þó að Bretar geti gert það? Ég spyr. Er ekki ástæða til þess að ræða þetta atriði?

Það er líka upplýst hér af hendi hv. alþm., Sveins Guðmundssonar, að Bretar hafi innleitt hjá sér sérstakan stuðning við álbræðslur, en sérstakur stuðningur við einstakar greinar er bannaður eftir EFTA-samkomulaginu. Voru þeir að brjóta með þessu EFTA-samkomulagið? Má þá brjóta það eins og mönnum sýnist, eða eru það aðeins Bretar og þeir stóru, sem mega brjóta? Eru þetta ekki atriði, sem þarf að íhuga? Ég hygg það.

Þá komu fram hér mjög merkilegar upplýsingar frá hv. alþm., sem sé þær, að það væri átölulaust að Norðmenn vernduðu ýmis fyrirtæki sín, þó að þeir væru í EFTA, fyrir samkeppni erlendis frá, líka frá EFTA-félögum sínum væntanlega, þ. á m. með því að taka innlendum tilboðum, þó að þau væru 10% hærri en erlend. Er þetta gert samkv. EFTA-samningnum, eða er verið að brjóta EFTA-samninginn? Eru Norðmenn að brjóta EFTA-samninginn með þessu? Eða er þetta gert samkv. EFTA-samningnum? Hafa þeir undanþágu í þessu efni? Og gætum við ekki, eins og ég sagði hér í minni frumræðu, en enginn hefur fengizt til að ræða, — gætum við ekki fengið eitthvað hliðstæða möguleika í þessu sambandi með okkar smáa þjóðarbúskap og okkar smáa iðnað? Ég verð að segja, að kvíði minn í sambandi við EFTA mundi minnka alveg gífurlega, ef það kæmi í ljós, að hægt væri að fá skynsamlegar undanþágur, — skynsamleg ákvæði kæmu til, — sem gerðu að verkum, að við lægjum ekki algerlega flatir fyrir öllum sjóum í sambandi við okkar verndaða iðnað. Það, sem hér hefur verið upplýst í umr., tel ég gagnlegt. Það sýnir, að í þessu tilliti er margt, sem þarf að skoða, og það eru ýmsir fleiri en ég, og það í stærri löndum, sem hafa áhyggjur af þessari hlið og hafa framkvæmt ýmislegt til þess að tryggja sig. Ég mundi segja, að einmitt þetta, að við skulum nú í dag fá þessar upplýsingar um afstöðu Norðmanna, eru ekki litlar fréttir fyrir mig. Ég sé hvergi vikið að þessu í embættismannaskýrslunni um EFTA, og er hún þó rituð af mönnum, sem árum saman hafa kynnt sér EFTA-mál. En það er samt ekkert um þetta í skýrslunni. Er þetta ekki verkefni fyrir EFTA-nefndina að skoða, og er þetta ekki einn liðurinn í því að búa sig að heiman í þessa samninga að kynna sér allt það, sem að slíku getur lotið?

Ég skal ekki tefja þessar umr. Ég ætla mér ekki að fara að kýta hér um þessi efni fram og aftur eða skipta mér af öðrum málum, sem hér hafa borizt í tal. En mér finnst þetta athyglisvert, sem fram hefur komið, og styðja mjög okkar till. til rökstuddrar dagskrár.

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Hér er búið að segja mörg orð um þessa till., og get ég víst sparað mér langa ræðu, því að hv. andstæðingum till. hefur verið svarað af fjöldamörgum öðrum um ýmis atriði. En hitt verð ég að segja, að það má vera aum ævi að vera fulltrúi fyrir hv. 1. þm. Austf. og hv. 6. þm. Reykv. í n. eins og þeirri, sem starfað hefur að þessu máli undanfarið ár. Þar hafa setið ágætir menn, sem hafa unnið saman algerlega „loyalt", að því er ég hef getað sé á fundum, að athugun þessa máls. Það hefur aldrei staðið á því að reyna að útvega þær upplýsingar, sem starfsmenn n. gátu útvegað okkur og við báðum um. Vitanlega eru ekki allar þær upplýsingar í þeirri grg., sem lögð var fyrir þm. Sumar n. hafa þann sið að senda frá sér þykka doðranta, þegar þær hafa starfað, til þess að sýna, hvað þær hafa verið duglegar. Árangurinn er sá einn, að enginn maður les þetta. Það er lagt á skrifborð, hillur og í skúffur og enginn er nokkru nær. Þarna

hefur einmitt verið farið hin leiðin — að semja aðgengilega grg. um ýmis aðalatriði. Að sjálfsögðu var ekki hægt að koma inn á hvert einasta atriði, sem á góma hefur borið. En það er auðséð t. d. af síðustu ræðu hv. 1. þm. Austf., að hann hefur ekki verið að hlusta eftir þeim upplýsingum, sem fram komu á fundum, hvernig ýmis ákvæði EFTA-samningsins hafa verið framkvæmd, t. d. á Norðurlöndum og raunar víðar, en um það höfum við fengið upplýsingar á fundunum frá mætum mönnum frá þessum löndum, sem hér hafa verið á ferð, og einnig hefur gagna verið aflað bæði skriflega og í viðtölum frá þeim aðilum, sem kunnastir voru málum í hverju landi. Ef hv. þm. hefði gert sér það ómak að fylgjast með því jafnóðum, sem í n. gerðist og ég tel víst, að hans ágætu fulltrúar hefðu verið fúsir til að fræða hann um, ef eyru hans hefðu verið opin, þá hefði hann ekki spurt svo fávíslega sem hann hefur gert hér á þessum fundi í vissum atriðum.

Þótt „hinir þjóðlegu, íslenzku atvinnuvegir" séu fjarri því að vera á eins mikilli niðurleið eða í eins mikilli niðurlægingu og hv. 6. þm. Reykv. vill vera láta, verður hinu ekki leynt, að það er samhljóða álit allra, sem skyn bera á slíka hluti, að engar líkur séu til þess, að þeir verði þess megnugir að taka á næstu árum við þeirri fjölgun af vinnandi fólki, sem gera má ráð fyrir hjá íslenzku þjóðinni. Hvert er þá að leita? Jú, það er hægt að leita til haftastefnunnar: Setja þetta fólk í að prenta umsóknareyðublöð, vera dyraverði á innflutningsskrifstofum, sitja í n., úthluta, vera „agentar" til að tala við þm. og ganga á milli stjórnarvalda og biðja um leyfi. Það er hægt að útvega allmörgum mönnum atvinnu með þessu móti, og það er líka hægt að útvega vaxandi fjölda fólks atvinnu við verndaðan iðnað, en verndaður iðnaður þýðir aumari lífskjör. Það þýðir lægri lífskjör. Það þýðir, að mönnum verður minna úr þeim tekjum, sem þeir fá, heldur en verða mundi, ef búið er við frjálsræði þjóða á milli í viðskiptum, því að þá nýtast manni peningarnir betur. Þess vegna er það álit manna, að við þurfum einmitt að búa okkur undir að koma hér upp öflugum útflutningsiðnaði.

Þarna er vissulega við ramman reip að draga, m. a., eins og hv. 1. þm. Austf. minntist á, vegna fjarlægðarinnar. Það getur verið aukinn kostnaður við að flytja hluti héðan til útlanda, en flutningskostnaðurinn er þó ekki nema eitt af mörgum atriðum, sem þarf að athuga. Miklu erfiðara atriði eru tollarnir, að komast gegnum tollmúrana erlendis. Ef við eigum að byggja upp útflutningsiðnað, verðum við að standa jafnfætis öðrum, — hafa jafnrétti á við aðra á þeim mörkuðum, sem við ætlum að komast inn á. En það þarf enginn að ímynda sér, að við getum fengið slíkt jafnrétti án þess að leggja eitthvað í sölurnar á móti, — án þess að það verði á gagnkvæmisgrundvelli. Spurningin er aðeins, hvort við kynnum að geta fengið vissan frest til aðgerða. Það hefur verið talað um 10—15 ár, eins og t. d. Portúgal hefur fengið, til að mynda þennan gagnkvæmisgrundvöll. Okkur yrði hugsanlega hleypt inn strax með það, sem við höfum mestan áhuga á að ná, en við þyrftum að fá langan biðtíma til að koma okkar hlutum í lag. En að hugsa okkur, að heimurinn sé að verða svo góður, að við getum búizt við að fá að flytja frjálst inn til allra landa í jafnréttisaðstöðu við öll önnur lönd, án þess að láta nokkuð á móti, er að lifa í vímu, og það er fullkominn skortur á raunsæi.

Hv. 6. þm. Reykv. vill byrja á því að endurskipuleggja iðnaðinn, áður en við aðhyllumst einhver fríverzlunarsamtök úti í álfu, en þetta er að hafa endaskipti á hlutunum. Við þurfum að byrja á því að sjá við hvaða aðstæður við eigum að vinna á næstunni, hvaða möguleika við höfum til þess að njóta jafnréttis við aðra og eingöngu með raunsæju mati á því, hvar við stöndum, — hvar íslenzki iðnaðurinn stendur í samkeppninni. Getum við hafnað og valið, hvaða greinar við eigum að leggja áherzlu á öðrum fremur?

Og þetta er einmitt ein af ástæðunum til þess, að það má ekki bíða. Það má ekki bíða og hika og velta vöngum að eilífu yfir því, hvaða leið við ætlum að fara. Þetta er ein af ástæðunum. Önnur ástæðan fyrir því að flýta málinu er sú, að það gæti í vanda dagsins í dag orðið okkur til hjálpar að geta gengið í EFTA. Ég segi það gæti, — ég nota viðtengingarháttinn, — því að það er ekkert víst, að við eigum kost á slíkum kjörum, að það verði ómaksins vert að ganga í EFTA. Það er ekki víst í fyrsta lagi, að við eigum yfirleitt nokkurn kost á að ganga í EFTA, og í öðru lagi er ekki víst, að við getum borgað aðgöngumiðann, en þetta verður ekki rannsakað. Það verður ekki komizt að þessu tvennu með öðru móti en láta reyna á það, tala við þessa menn og komast að því, hvað til þarf. Síðan veljum við eða höfnum.

Skelfing 1. þm. Austf. yfir því, ef ætti að ganga í EFTA fyrirvaralaust, var ekki lítil, en þegar hann fór að ræða um leiðir, minntist hann þó á það, — sem hann sagði, að kannske væri fjarstæða, — að athuga, hvort mætti taka þetta í áföngum. Ég skal fullvissa hv. 1. þm. Austf. um, að það er fjarri því að vera fjarstæða að athuga þetta. Þetta er akkúrat það, sem við erum að athuga. Það stendur til að taka á okkur byrðarnar í áföngum, það er einmitt það. Ef hv. 1. þm. Austf. hefði gert sér það ómak að fylgjast með því, sem hefur gerzt í málinu, hefði hann tekið eftir því, og reyndar kom nokkrum sinnum fram í ræðu hans, að honum var ljóst, að það stendur til að reyna að taka málið í áföngum.

Það stendur heldur ekki til að ganga í EFTA fyrirvaralaust. Við getum ekki gengið í EFTA fyrirvaralaust. Það er einmitt annað af því, sem við ætlum að fá skorið úr, ef þessi till. verður samþykkt. Það er, hvaða fyrirvara af okkar hálfu vilja þessir menn sætta sig við. Svona liggur það mál fyrir. En það kom nú raunar í ljós, hvar fiskur lá undir steini hjá hv. þm., þegar hann minntist á draumsýn sína um innflutnings- og gjaldeyrishöft, sem hann heldur, að séu nú á næsta leiti. Hann hefur sjálfsagt

oft dreymt það fyrr, að það væri ekki langt í blessuð innflutningshöftin aftur. Þessu máli hafa nú verið gerð ýtarleg skil af hv. 12. þm. Reykv., og mér liggur við að segja við minn lærða vin, 12. þm. Reykv., að það var nú á takmörkunum, að það væri fallegt af honum að vera svona fjálgur í lýsingu sinni á hinni fornu haftaparadís, sem hinn gamli Adam Framsfl. hefur verið hrakinn úr. Þetta verður örugglega ekki til þess að styrkja hann í því, að við eigum að ganga í EFTA, heldur þvert á móti, eins og raunar kom greinilega fram hjá vopnabróður hans, hv. 1. þm. Norðurl. v., hinum hrausta víkingi úr nágrenni Grettis, þegar hann skók hér brandinn fyrir haftastefnuna. Niðurstaðan af þessu verður sú, að ég hygg, að þessir herrar sannfærast en betur en áður um það, að Fríverzlunarsamtökin séu ein allsherjar Gilitrutt, sem við eigum að forðast samneyti við, svo að ég noti hina fögru og kurteislegu líkingu hv. 1. þm. Austf. um þessa alþjóðastofnun. Mótbáran er sem sagt sú gegn því að samþykkja þessa till., að það geti orðið erfiðara að koma á höftum, ef við göngum í EFTA. Þetta kom einnig fram hjá hv. 6. þm. Reykv. [Þegar hér var komið, dundi grjót á veggjum og gluggum Alþingishússins.] Vill ekki hv. 6. þm. Reykv. hasta á börnin sín, sem eru að kasta grjóti á húsið? — Það kom fram, að skelfing þessara manna er mest við það, að þá hefðum við tekið fasta stefnu. Hugsið ykkur! Hvílík skelfing, ef Íslendingar tækju nú fasta stefnu í einhverju máli! Hv. 1. þm. Austf. sagði: „Þorið þið að lofa þessu? Þorið þið að lofa, að þið ætlið ekki að aðhyllast verndartolla og þið ætlið ekki að leggja á höft?“ Hann þorir ekki að lofa því í dag. Er nokkuð meiri ástæða til að ætla, að hann þori að lofa því síðar? Ég veit það ekki. Ég þori að lofa því, ef ég fæ næga hagsmuni á móti, — ef ég álít, að mér sé betur borgið, eftir að hafa gefið þetta loforð og með því að efna það, heldur en væri, ef ég hefði frjálsar hendur um höft og verndartolla. Þarna er nú munurinn á afstöðu hans og minni.

Það hefur nokkrum sinnum verið minnzt á fríðfisktollinn, sem Bretar hafa komið á. Ég held, að þar hafi verið talað af nokkurri vanþekkingu. Ég hef ekki samninginn handbæran, en ef ég man rétt, er þarna um að ræða sérstakt ákvæði í sérsamningi milli Noregs og Bretlands, og þar er um tollfrelsi að ræða fyrir aðeins 24 þús. smálestir af fríðfiski. Hugsun Breta skilst mér vera sú að takmarka tollfrelsið og innflutninginn við það magn, en vegna þess að Norðmenn hafa flutt inn töluvert meira magn en þetta, hafa þeir talið sig lausa allra mála. Norðmenn vilja skýra þessa texta öðru vísi, og þarna er deila um skilning á samningi, en ég held, að það sé misskilningur að tala þarna um bersýnilegt brot af Breta hálfu á samningnum og segja, að þetta sé enn eitt dæmi um það, að þeir túlki hann eins og þeim sjálfum sýnist.

Hv. 6. þm. Reykv. hefur nú í seinni tíð stundum gert sér til dundurs að gerast postuli þingræðislegra aðferða. Hann er gamansamur maður, og það er ekki svo margt skemmtilegt, sem gerist hér á þinginu, að í sjálfu sér er ákaflega mikil dægradvöl að því, þegar hann tekur á sig þetta gervi. En hann má ekki vera svona óvarfærinn í tali, eins og þegar hann segir, að venjuleg þingræðisleg meðferð á þessu máli hefði verið sú að setja það í n. Hún hefði kallað fyrir sig ýmsa menn, og síðan hefði hún samið nál. og það verið tekið til umræðu. Málið var sett í n. í fyrra. Flokkur hv. þm. setti mann í n. og varamann. Það var ekki öðrum um að kenna en þeim þingflokki sjálfum, að varamaðurinn var ekki þm., en þetta var mjög hæfur og dugandi maður, sem sat suma fundina fyrir hv. aðalmann. Sama var um Framsfl. Þar kusu þeir mann sem aðalmann, sem ekki á sæti á þingi, og það er ekki við aðra að sakast en kjósendur, að hann er ekki þm. sá góði og mæti maður. Og þeir höfðu líka ágætan varamann, og svo er varaþingmannakerfinu fyrir að þakka, að sá ágæti maður sést þó öðru hvoru hér á þingi. Málið hefur fengið þingræðislega meðferð í þessari góðu n., sem hefur kallað fyrir sig tugi af mönnum, rætt við þá, haldið fjölda funda, rætt við, — held ég — öll hagsmunasamtök í landinu, sem þarna komu til greina, rætt við marga erlenda sérfræðinga, sem gátu gefið okkur upplýsingar, svo að það hefði verið hægt að velja heppilegra dæmi, þegar þingræðisgæran var sett á herðarnar. En það er eins og hv. þm. nægi ekki ein gæra, því að ofan á þingræðisgæruna hefur hann breitt nýja gæru, Norðurlandagæruna. Hann er farinn að láta eins og hans flokki sé sérstök þökk í náinni samvinnu við Norðurlöndin, þess vegna eigum við að athuga allt um viðskiptabandalag Norðurlanda. Nú er búið að benda á það áður, að viðskiptabandalag Norðurlanda byggir einmitt á EFTA. Hann segir, að það sé klofningur frá EFTA. Það fer svo fjarri því. Maður flytur ekki búferlum, þótt hann byggi hæð ofan á hús, sem fyrir er. Grunnurinn er ekki farinn undan húsinu, sem fyrir var, heldur er aðeins verið að stækka sama bústaðinn. En það fer alltaf þannig, að hvað margar gærur, sem hv. 6. þm. Reykv. breiðir yfir sig, þá hverfa aldrei rauðu úlfshárin, við sjáum þau alltaf. Hann kemst ekki hjá því, að við komum alltaf auga á þau.

Ég geri nú ráð fyrir, að það fari að síga á seinni hlutann á þessum umræðum, og við verðum að horfast í augu við það og taka þá stórkostlegu áhættu að taka ákvörðun um að kanna leiðina, og síðar verðum við líka að þora að taka afstöðu til þess, hvaða leið er fær til þess að sjá hinni uppvaxandi æsku og ófæddum sonum og dætrum þessa lands fyrir viðurværi. Annars verður hv. 1. þm. Austf., ef hann vill vera sjálfum sér samkvæmur, að segja hverjum nýgiftum hjónum og reyndar hverri konu og hverjum karli í þessu landi að bíða, þangað til hann hefur skipað n. og fengið rökstutt álit á því, hvernig eigi að sjá uppvaxandi fólki og hinum ófæddu, en komandi íbúum þessa lands fyrir atvinnu.

Frsm. minni hl. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Mér fannst ekki vera mikill ávinningur að

þessari ræðu hv. frsm. meiri hl. eða hún hjálpa mönnum mikið til þess að móta sér afstöðu í þessu máli eða kasta yfir höfuð nokkru nýju ljósi á það.

Það eina, sem ég ætla að minnast á af því, sem hv. frsm. sagði, er þetta: Hann sagðist undrast, hversu ókunnugur ég væri málinu miðað við það, sem komið hefði fram hjá mér, því að það væri auðheyrt, að ég hefði ekki fengið upplýsingar, um ýmislegt, sem hefði komið fram á fundum EFTA-nefndarinnar frá mætum mönnum, m. a. úr öðrum löndum, varðandi framkvæmd EFTA-landanna á samningnum. Ég játa, að mér er þetta ókunnugt af þeirri einföldu ástæðu, að ég hef aldrei heyrt það. En þetta gefur mér tilefni til að spyrja hv. þm., sem sjálfur var í nefndinni: Hvað er það, sem hann saknaði vitneskju um hjá mér? Hvað er það? Hvaða upplýsingar um meginatriði í þessu máli eru það, sem komu fram á fundum n. og augljóst var, að ég vissi ekki um, og þá væntanlega ekki heldur ýmsir aðrir hv. þm? Ég held, að það hefði haft meiri þýðingu fyrir málið, að hv. þm. hefði greint frá því, en sumt af því, sem hann sagði. Ég vil þess vegna spyrja hv. þm: Vill hann ekki gefa okkur upplýsingar um þessi grundvallaratriði, fyrst hann varð þess svona átakanlega var, að ég hafði ekki vitneskju um mjög þýðingarmikla þætti í þessu máli? Hvað er það, sem komið hefur fram um höfuðatriði í EFTA-nefndinni, sem ég og þá vafalaust margir aðrir hv. þm. hafa ekki fengið að vita um? Ég hygg, að ávinningur væri að því fyrir málið að fá þetta fram, þannig að af því kæmi fram gleggri mynd, og ég hef litið svoleiðis á, að þessar umr. væru til þess, en ekki leikaraskapur eða fjas.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 58 felld með 33:21 atkv.
Tillgr. samþ. með 34:17 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35:14 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 73).

2. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

A deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar [119. mál] (A. 172).

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi Sþ., 20. des., var till. tekin til einnar umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Till. þessi til þál. um samþykkt til frestunar á fundum Alþ. samkv. 23. gr. stjskr. er flutt í samræmi við venju, sem tíðkazt hefur. Það hefur verið svolítið mismunandi sá tími, sem þingi hefur verið frestað samkv. slíkum þáltill., en af hentugleika-ástæðum hefur núna þótt rétt að miða við, að þingið komi ekki saman síðar en 7. febr., en hins vegar, eins og segir í till., er opið, að það yrði kallað saman fyrr, ef það þætti nauðsynlegt.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að ekki þurfi að vera ágreiningur um þessa þáltill. Ég hygg, að það sé reynsla þm. almennt, að það sé nokkuð hagkvæmt og hentugt að hafa svipað hlé og hér er ráðgert á fundum Alþ. um áramótin. Ég vil því mega mælast til þess, að þessi till. fái afgreiðslu með þeim hætti, sem venja er, að hún fari ekki til n. og fari fram um hana atkvgr. að lokinni umr. um hana, en ef hv. Alþ., – sem ég leyfi mér að vænta, – samþykkir þessa till., yrði sá háttur á hafður, að forsetaúrskurður um frestun þingsins yrði gefinn út á mánudaginn kemur.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mörg aðkallandi vandamál bíða úrlausnar á næstunni. Þau verða mörg hver ekki leyst án lagasetningar. Ég tel því, að alþm. ættu að þessu sinni aðeins að fá hæfilegt jólaleyfi og Alþ. ætti að koma saman aftur til funda strax eftir áramótin. Annað væri ábyrgðarlaust að mínum dómi, eins og á stendur.

Með svo langri þingfrestun, sem hér er ráðgerð, er opnuð greið leið fyrir ríkisstj. til að skipa málum með brbl. Þegar svo þingið kemur saman aftur, standa þm. andspænis gerðum hlut, og á það ekkert síður við um stjórnarstuðningsmenn en stjórnarandstæðinga. Það eru óeðlileg vinnubrögð að mínum dómi. Með slíkum starfsaðferðum er Alþ. í reyndinni sett til hliðar. Við framsóknarmenn munum því greiða atkv. gegn þessari þingfrestunartill.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að mótmæla því, að í þessum tillöguflutningi felist nokkurt ábyrgðarleysi, eins og hv. þm. leyfði sér að viðhafa. Enn fremur er ástæðulaust að væna ríkisstj. um það, að hún sé með þessu móti að opna leið fyrir sjálfa sig, – sem þá yrði væntanlega á bak við þingið og kæmi þannig aftan að þm., – til þess að skipa málum með brbl. Enn fremur finnst mér það á hinn bóginn ábyrgðarleysi af hv. þm., sem jafnframt er formaður Framsfl., að mæla svo, að Alþ. sé sett til hliðar með samþykkt slíkrar till. Ég get fullvissað þingið um það, að ríkisstj. hefur engin áform um að koma aftan að þm. með óeðlilegri útgáfu brbl., hvað þá að nota slíkt þinghlé nú fremur en nokkru sinni áður á óþingræðislegan hátt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég sagði, að ég teldi þetta ábyrgðarlaust. Hæstv. dómsmrh. telur það ekki. Það stendur, sem hvor álítur um það. Hann færði engin rök gegn minni staðhæfingu um þetta.

Út af því, sem hann annars sagði, vil ég skora á

hann að gefa hér yfirlýsingu um það, að ríkisstj. muni ekki grípa til brbl. á þessu tímabili. Annars falla orð hans dauð og ómerk.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það hvarflar ekki að mér að gefa yfirlýsingu um það, að ríkisstj. muni ekki gefa út brbl. í þinghléinu, því að þau atvik geta komið, að brbl. verði gefin út og það á fullkomlega þingræðislegan hátt. En ég endurtek það, sem ég sagði, að ríkisstj. mun ekki nota þessa heimild til þess að fara á bak við þingið og koma aftan að því eða beita bráðabirgðalagaheimild, sem talin yrði óþingræðisleg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 26. fundi Sþ., 21. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31:15 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32:13 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 237).

3. Starfshættir Alþingis.

Á 2. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um starfshætti Alþingis [20. mál] (A. 20).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 4. og 6. fundi í Sþ., 23. og 30. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram, að þessi þáltill. er einkafyrirtæki mitt, og þau sjónarmið, sem koma fram af minni hendi í sambandi við flutning hennar, eru mín persónulegu viðhorf. Segi ég þetta til að fyrirbyggja í upphafi allan misskilning að þessu leyti.

Ég lít á þessa þáltill. sem eins konar framhald af þeim umr., sem hér urðu í fyrravetur um starfshætti Alþ., bæði í sambandi við frv., sem flutt var um breytingu á þingsköpum Alþ. og þær umr., sem urðu um kosningalagabreytinguna, sem þá var til meðferðar. Setti ég þá m.a. fram nokkur af þeim atriðum, sem ég mun koma að í samb. við þetta mál, sem ég flyt nú. Þessi málefni hafa verið rædd af miklu kappi utan Alþ. Farið hafa fram miklar umr. um þjóðmálastarf, stjórnmálaflokka og störf Alþ. og stöðu þess. M.a. hefur æðimargt af ungu fólki látið til sín heyra.

Því hefur verið haldið fram stundum undanfarið, að ekki sé ýkjamiklum pólitískum áhuga fyrir að fara með þjóðinni, en ég er ekki sömu skoðunar og ýmsir aðrir að þessu leyti og tel einmitt, að þessar umr. beri vott um verulegan pólitískan áhuga með þjóðinni og raunar mikla umhyggju fyrir Alþ. sérstaklega. Þessar umr. hafa verið háðar af miklu kappi og áhuga, og það er auðséð, að mönnum er alls ekki sama, hvernig til tekst um þessi efni, heldur þvert á móti.

Ýmsir segja, að umr., sem átt hafa sér stað utan Alþ. um þessi málefni, séu ekki nógu jákvæðar, og það má vera. En getum við búizt við, að því kornunga fólki, sem þar hefur tekið til máls, liggi í augum uppi einfaldar aðferðir til þess að bæta úr í þessum efnum, þegar það hefur vafizt fyrir þeim, þ. á m. okkur, sem eldri erum, að finna nógu góðar starfsaðferðir og heppileg úrræði? Við eigum sem sé að mínu viti að viðurkenna, að ástandið er ekki nógu gott og snúa okkur að því að íhuga allt okkar ráð í þessu tilliti frá rótum og m. a. taka upp samstarf við unga fólkið og aðra utan Alþ., sem áhuga hafa í þessum efnum, reyna að hafa gagn af þeim áhuga, sem þarna kemur fram og notfæra okkur t. d., að margt af unga fólkinu sér betur en við sumt, sem áfátt er, þótt því að sjálfsögðu kunni að missýnast um annað. Hreinskilnislegar umr. eiga að vera undirstaða endurbóta bæði utan þings og ekki síður á Alþ. sjálfu um þessi efni, en Alþ. er að sjálfsögðu miðdepill allra þessara mála, æðsta stofnun þjóðarinnar og sú, sem á að hafa forystu um framkvæmd lýðræðis og þingræðis.

Stundum hefur verið sagt, að virðing Alþ. fari þverrandi og sé minni en áður. Þetta er raunar gamalt viðkvæði, sem ævinlega, að ég hygg, hefur borið nokkuð á. Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina mikla. Og því finnst mönnum meira um það, sem þeir sjá í blámóðu fjarskans. Þetta er eðlilegt og mannlegt. En við skulum ekki halda, þó að þessu sé þannig varið, að málið sé svo einfalt, að það megi afgreiða það með því að hugga sig við þetta spakmæli.

Það mætti ýmislegt segja um það, hvernig Alþ. starfaði fyrir 35 árum t. d. og hvernig það starfar nú, en ég tala um 35 ár, vegna þess að það er sá tími, sem ég hef kynnzt náið störfum þessarar stofnunar. En ég ætla ekki að leggja út í nokkurn allsherjar samanburð á því í þetta sinn. Í ýmsu tilliti er að mínum dómi um framfarir að ræða. Umr. eru hógværari og málefnalegri en áður var og minna ofstæki, um það er ekkert að villast. En þá eru umr. máske í sumra eyrum ekki eins skemmtilegar og þær voru. Þex er að mínum dómi minna nú en þá, þó sumir vilji telja það gagnstæða, sem ég tel, að muni stafa af ókunnugleika. Sumt af þeirri gagnrýni, sem kemur fram um flóknar stjórnmálaumr. nú á dögum og leiðindapex stjórnmálamanna, er að sjálfsögðu komið frá sumum þeirra, sem ekki vilja sjálfir leggja á sig að vera málefnalegir og fá sig

ekki til að hlusta nógu vel, hvað þá kryfja það til mergjar, sem sagt er. Þetta á þó aðeins við suma, sem gagnrýna, en alls ekki við aðra. En talsvert er vafalaust um það, og það á hér áreiðanlega nokkra sök, að menn falla fyrir þeirri freistingu að taka helzt til alvarlega á stundum þá dóma, sem við sem svonefndir stjórnmálamenn, fellum hver um annars málflutning. Margir gefast áreiðanlega upp við að leita kjarnans, sem er þó að mínum dómi nálega alltaf auðfundinn, ef menn vilja hafa fyrir því að hlusta og fylgjast með. En það er þó fjarri mér að halda því fram, að stjórnmálamenn á Íslandi séu yfirleitt nógu skýrir og skemmtilegir. Ættum við allir, sem erum að fúska í pólitík, að reyna að gera betur, og er það þýðingarmikill þáttur, sem bæta má. Unga fólkið ætti umfram allt að reyna að gera betur en við hinir eldri í þessu tilliti.

Ýmislegt hefur að mínum dómi breytzt til bóta og gengið í rétta átt á Alþ. og í þjóðmálastarfinu. En það raskar ekki því, sem mestu máli skiptir, og það er þetta: Alþ. hefur ekki nú öll þau áhrif í þjóðlífinu, sem vera ber. Alþ. er æðsta stofnun landsins og hefur með höndum framkvæmd lýðræðisins, eins og ég sagði áðan, með þeirri starfsaðferð, sem við köllum þingræði. Löggjafarvaldið á að vera hjá Alþ. bæði að formi og efni og ríkisstj. eiga að bera ábyrgð fyrir Alþ. og vera Alþ. háðar, en ekki stýra því. Í gegnum Alþ. eiga og verða áhrif fólksins á löggjöfina og stjórn landsins að koma til.

Í flóknu þjóðfélagi nútímans koma til önnur öfl í sjálfu stjórnkerfinu en Alþ., sem látlaust láta meira að sér kveða. Það er embættis- og sérfræðingakerfið m.a., sem ráðh. eru daglega hnýttir við vegna starfa sinna. Ég álít, að það sé veruleg hætta á því, að Alþ. tapi löggjafarvaldinu yfir til ríkisstj. og embættis- og sérfræðingavaldsins. Sumir vilja e. t. v. segja, að slíkt komi aldrei til, því auk löggjafarvaldsins ráði meiri hl. Alþ. ríkisstj., og því séu völd þess og áhrif ævinlega tryggð, hvernig sem að er farið. En málið er ekki svona einfalt. Alþ. gæti í reynd orðið lítið annað en kjörmannasamkoma til þess að velja ríkisstj. og eins konar færiband fyrir löggjöf, sem nálega að öllu leyti væri mótuð af ríkisstj. og þó að verulegu leyti embættis- og sérfræðingakerfinu. Og það er ekkert í sjálfri stjskr. eða í lögunum, sem dugar til þess að hindra, að svo illa gæti farið.

Ég er ekki að segja, að svona sé komið. Menn mega ekki misskilja mig að því leyti. En fyrir þessu verður að hafa opin augun og það er Alþingis að gera skyldu sína og halda sínum hlut, og þjóðin treystir því áreiðanlega, að svo verði gert. Ég held því fram, að veruleg hætta sé á ferðum í þessu tilliti og hún sé ekki ný. Ég vil ekki bera mér í munn, að hún sé til komin á síðustu árum. Ég álít, að þessi hætta hafi verið að smáaukast síðustu áratugina.

Það er mín skoðun, að starfshættir Alþ. séu úreltir orðnir og bjóði hættunni heim. Það er mitt álit, að starfshættir Alþ. hafi ekki tekið nauðsynlegum breytingum undanfarna áratugi miðað við gjörbreytta þjóðfélagshagi. Svo rammt kveður að þessu, að í starfsháttum Alþ. eru leifar frá þeim tíma, er menn urðu að fara ríðandi til þings og urðu því að búa þannig í haginn um þinghaldið, að þeir þyrftu helzt ekki að fara nema einu sinni á ári heiman frá sér til þingsetu. Ég tel, að endurskoða verði alla starfshætti Alþ., og um það segir í grg. þál., að flm. telji eðlilegt að skoða nánar en gert hefur verið alla stöðu Alþ., eins og nú er komið málum, afstöðu þess til annarra þátta í stjórnkerfinu, vinnuaðferðir þess, m. a. aðstöðu stjórnmálaflokkanna og alþm. til málefnalegrar vinnu, og annað það, sem mestu máli skiptir. Ég skal nú lýsa nokkuð nánar við hvað ég á.

Í fyrsta lagi vil ég benda á, að samkvæmt þeirri venju, sem skapazt hefur undanfarið, situr Alþ. að meðaltali u.þ.b. 6 mánuði á ári svo að segja í einni lotu, og er jólaleyfið talið með. Alþ. er því óvirk stofnun hálft árið, sex mánuði í senn, en þjóðlífið gengur sinn gang. Það stöðvast ekki, þó að Alþ. haldi að sér höndum. Það þarf sífellt að taka stórar ákvarðanir, eins og hraðinn er nú orðinn í þjóðlífinu, nýjar, stórar, pólitískar ákvarðanir. Þessi starfstilhögun Alþ., að gera sig óvirkt hálft árið í einni lotu, hlýtur að leiða til þess, að fjöldi pólitískra ákvarðana, þ. á m. um löggjöfina, er tekinn, án þess að Alþ. sé til kvatt. Alþ. lætur valdataumа sína liggja slaka 6 mánuði á ári og þar sem valdataumar liggja slakir, tekur einhver í þá. Þróunina sjáum við í sívaxandi útgáfu brbl. um sífellt stærri málefni, og mörg af þessum brbl. eru um hin stærstu þjóðmál, og án þess að blanda nokkuð inn í þessar umr. deilum um efni einstakra brbl., þá tel ég líklegt, að sum þessara brbl. hefðu tæpast hlotið lagagildi, ef þau hefðu komið fyrir Alþ. sem frv. venjulega leið.

Ég tel auðsætt orðið, að eins og nú er komið málum, getur Alþ. ekki haft löggjafarvaldið að fullu í sínum höndum með því að þinghaldinu sé hagað á þann hátt, sem nú er gert. Mest er hættan vegna þess, að Alþ. setur sig úr leik hálft árið, en fleira kemur til. Alþ. ræður ekki við þau verkefni, sem að því berast, eins og þingtíminn er nú. Það sýnir m.a. frumvarpaflóðið, sem ævinlega ber að í þinglokin, og er þá alls ekki mögulegt að láta frv. fá þinglega meðferð. Ég fullyrði, að meðferð frv. í þingn. hjá okkur er orðin mjög miklu ófullkomnari en meðferð lagafrv í þingum Norðurlandanna. Ég tel mig vita, að það sé miklu meiri vinna lögð í lagafrv. í þingn. Norðurlandaþinganna yfirleitt en hjá okkur, og veldur þar m.a., hvernig þinghaldinu hér er háttað. Með núverandi lagi verður þetta þannig, að lítið af löggjöfinni mótast frá grunni í sjálfu þinginu blátt áfram fyrir það, að þm. hafa ekki tök á að vinna eins og þarf, til þess að svo gæti orðið. Frumkvæðið að þeirri löggjöf, sem samþykkt er, verður nálega allt hjá ríkisstj. og í embættis- og sérfræðingakerfinu. Stjórnarandstæðingar flytja að vísu talsvert af málum, en þau hljóta ekki framgang, fyrr en þeir koma til valda, þó að flutningur þeirra hafi að sjálfsögðu veruleg áhrif, þegar til lengdar lætur. Með þessari þróun verður þetta því

þannig smátt og smátt, að mjög lítið af löggjöfinni mótast frá rótum í sjálfu þinginu.

Eins og búið er að Alþ. og alþm., verður þinghaldið mjög mótað af þessari eilífu tímaþröng, sem Alþ. er í. Mál komast ekki að langtímum saman í Sþ. t. d., þrátt fyrir góða viðleitni forsetanna til að koma málum áfram. Ég held því fram, að með þessu móti hljóti löggjafarvaldið að dragast í vaxandi mæli úr höndum Alþ. Mín till. til bóta er sú m.a., að Alþ. starfi sem næst 8 mánuði á ári og þingtímanum verði tvískipt og þá þannig, að Alþ. felli aldrei niður störf lengur en 2 mánuði í senn. Ennfremur legg ég til, að þingfundir verði yfirleitt ekki hafðir nema 4 daga vikunnar, en meira gripið til kvöldfunda en nú er til þess að reyna að rista fram úr þeirri sjálfheldu, sem málin komast í með köflum. Ég álít, að þá þrjá daga í hverri viku, þegar ekki eru þingfundir, ættu þm. að nota sem mest til þess að fara í kjördæmi sín, og það er mín till., að alþm. fái frítt flugfar, eins oft og þeir þurfa á að halda í kjördæmi sín eða til heimila sinna, því að alþm. þurfa fyrst og fremst að ferðast sem mest, auk þingstarfanna og hafa sem tíðast samband við kjósendur sína. Ég held, að helzt sé með þessu móti hægt að sameina, að Alþ. nái tökum á störfum sínum, verði áfram í reynd æðsta stofnun landsins, nái fullum tökum á löggjafarstarfinu og alþm. geti samt sem áður haft samband við kjördæmi sín og heimili.

Að óbreyttum árlegum þingtíma sýnist mér augljóst, að málefnamótun, t. d. í flokkunum, færist óðfluga í hendur þingmanna búsettra í Reykjavík og utanþingsmanna starfandi í flokkunum, þ. e. a. s. í hendur þeirra manna, sem eru í höfuðstöðvunum í Reykjavík og geta náð saman þann helming ársins, sem Alþ. er tekið úr umferð, ef svo mætti segja. Þetta á bæði við stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokka, og þarna kemur enn ein mjög rík ástæða til þess að lengja starfstíma Alþ. árlega. Fylgi menn í kjördæmum landsins, að óbreyttum starfstíma Alþ., fast fram þeirri stefnu að hafa þm. sína búsetta í kjördæmunum og því heima hjá sér 6 mánuði ársins, þá sjáum við í hendi okkar, hvernig fer um áhrif þm. utan af landi annars vegar og annarra þm. hins vegar, enda færast málin óðfluga í þessa stefnu og það er mjög hættuleg þróun.

Þá er fleira, sem þarf að breyta og endurskoða. Nefni ég næst til aðbúnað þm. og þingflokka. Langflestir alþm. eru þm. fyrir mjög víðlend kjördæmi, — í flestum kjördæmunum eru margir tugir hreppa og fleiri en einn kaupstaður, — og þeir, sem eru þm. hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, eru umboðsmenn fyrir mikinn mannfjölda. Það er óhemju starf að hafa það samband við fólk í þessum byggðarlögum, sem raunverulega er þörf fyrir. Þetta starf er áreiðanlega ekki nægilega rækt af þm. og vegna þess m.a., hvernig að þeim er búið. Þá kemur þingsetan sjálf. Þá verður að telja ótal fundi og ráðstefnur, sem alþm. verða að sinna, ferðalög með mál á milli þinga með erindi úr kjördæmum sínum í ríkisstofnanir, til stjórnarvaldanna og margs konar önnur erindi. Þá þurfa alþm., ef vel á að vera, að búa sig undir þingför sína málefnalega, því að enginn þm. getur rækt þingstörf sín með sæmilegum hætti, ef hann ekki sinnir því. Nú er þannig búið að þm., — laun þeirra eru þannig, — að þeir þurfa allir að afla sér verulegra tekna umfram þingmannslaunin, ef þeir eiga að hafa nokkra von um sæmilega afkomu. Það er óhugsandi að lifa af þingfararkaupinu með þeim kostnaði, sem þingmennsku fylgir. Sumir eru að reyna að hafa atvinnurekstur með höndum og má nærri geta, hvernig þau vinnubrögð verða miðað við það, sem þeir þurfa að sinna af öðrum störfum. Aðrir eru að reyna að sinna föstum störfum, þó einkum á vegum ríkisins, því að það mun vera leitun á einkaatvinnurekenda, sem telur sér fært að hafa alþm. í sinni þjónustu, eins og nærri má geta þegar miðað er við það, sem þeir þurfa að standa í. Enn eru þeir, sem reyna að lifa á þingfararkaupinu og greiðslum, sem þeir fá fyrir störf sín í n. og stjórnum stofnana, þótt slíkt sé illkleift. Ég tel, að bæta þurfi verulega kjör alþm., enda má telja það fulla vinnu að sinna svo vel þingmannsstarfi, að Alþ. haldi sínum hlut, eins og komið er málum.

Lítum svo þessu næst til þeirra manna, sem ætlazt er til, að hafi sérstaka forustu í stjórnmálalífi landsins, þeirra, sem kosnir eru til forustustarfa í flokkunum. Þá tekur fyrst steininn úr. Sumir eru ráðh., og þeir eru sæmilega settir, skulum við segja. En aðrir leiðtogar stjórnmálaflokka, þ. e. a. s. leiðtogar stjórnarandstöðunnar, búa við sömu kjör og aðrir þm. Auk þess að sinna sínum kjördæmum, kemur til sú forusta, sem af þeim er krafizt, og þeirra vinna er látlaus allan ársins hring, hvað sem þingsetu líður. Þeir hafa engu starfsliði á að skipa sér til stuðnings, og þeir verða að afla sér tekna á hliðstæðan hátt og aðrir þm.

Ég álít, að það hefði átt að vera búið fyrir löngu að taka upp þann hátt að ætla formönnum stjórnmálaflokka, sem ekki eiga ráðh. í ríkisstj., sömu kjör og ráðh., enda veit ég ekki betur en sá háttur sé hafður á annars staðar, þar sem þingræði er í heiðri haft.

Menn hafa oft rætt um að bæta kjör þm. og nokkuð hafa þau verið bætt upp á síðkastið, þó ekki nægilega að mínum dómi, og þeir, sem eiga að vera forustumenn í flokkum, verða að hafa sæmilega aðstöðu að þessu leyti til. Þetta hefur ekki komizt í framkvæmd, sumpart vafalaust vegna þess, að þeir, sem eru í stjórnaraðstöðu þá og þá, telja yfirleitt, að ekki þurfi að mylja undir stjórnarandstöðuna. Ég tek hiklaust á mig meðsök í þessu. Það er landlægt sjónarmið og alveg sama, hvaða flokkar fara með völdin, — það er landlægt sjónarmið í stjórnarherbúðum, að ekki þurfi að mylja undir stjórnarandstöðuna og m. a. þess vegna ferst fyrir, að skynsamlegar endurbætur í þessu efni séu gerðar. Ennfremur hafa nauðsynlegar endurbætur á aðstöðu alþm. og Alþ. ekki komizt í framkvæmd vegna þess, að það er alltaf eitthvað af þm., sem telja sig sérstaka sparnaðarmenn og eru það oft og hafa haft

áhrif í þá átt að halda niðri tilraunum til að koma þessum málefnum í nýtt horf. Þetta sjónarmið er vitanlega hægt að skilja og hægt að virða, að menn fari varlega í þessu, en það getur haft hættulegar afleiðingar í för með sér, ef of langt er gengið í því.

Ég vil þá minna næst á aðstöðu þingflokkanna, en þingflokkarnir eru í raun og veru hluti af sjálfu Alþ. og liður í stjórnkerfi landsins. Það er þannig búið að þingflokkunum, að þeir hafa enga möguleika til þess að láta fara fram á sínum vegum nokkrar sjálfstæðar málefnarannsóknir. Þeir hafa ekki á sínum snærum nokkra sérfræðinga til leiðbeiningar við undirbúning mála né annað starfslið og mun þetta algert einsdæmi og enga hliðstæðu eiga á nokkru þjóðþingi veraldar. Þetta háir því stórkostlega, að úr þingflokkunum geti komið það frumkvæði í löggjafarstarfinu, sem raunverulega þarf að verða, og þetta á bæði við um stjórnarflokkana og stjórnarandstöðuflokkana, einnig við stjórnarflokkana, vegna þess að það er alveg lífsnauðsynlegt, að úr þingflokkum stjórnarflokkanna komi áhrif og í þeim sé lögð fram málefnaleg vinna til mótvægis þeim áhrifum, sem embættis- og sérfræðingakerfið hefur á ríkisstj. hverju sinni, og það fer illa, ef jafnvægi þessara afla raskast, en það hefur að mínu viti stórlega raskazt smátt og smátt á undanförnum áratugum. Ég álít, að úr þessu eigi að bæta m. a. með því að láta þingflokkunum í té nokkra aðstoð. Þeir ættu að fá á sína vegu 1—2 starfsmenn hver, sem þeir gætu ráðið sjálfir, og mundi það verða nokkuð til stuðnings í því starfi, sem þarf að leggja fram, ef vel á að fara.

Alþ. hefur að mínum dómi ekki nógu sjálfstæða stöðu, eins og komið er málum, gagnvart framkvæmdavaldinu, og leiðir það af líkum, þegar það er athugað, sem ég hef upplýst. En ég tel, að það mætti bæta úr þessu með þeim ráðum, sem ég hef bent á, og einnig með því, að aðalforsetar Alþ. væru ekki allir kosnir úr stjórnarflokkunum, heldur ættu allir þingflokkar einhvern fulltrúa í forsetasæti. Það fyrirkomulag varðandi þetta, sem hér hefur verið haft á undanförnum áratugum, er að mínu viti orðið gamaldags og úrelt. Ástæðuna til þess, að stjórnarflokkar hafa haldið dauðahaldi í að hafa forsetana alla úr sínum hópi, tel ég að verulegu leyti vera þau vinnubrögð, sem áður tíðkuðust á Alþ. Þá reyndi stjórnarandstaðan nálega allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að tefja fyrir þeim málum, sem hún var á móti. Það voru þau vinnubrögð, sem tíðkuðust hér á Alþ., þegar ég kom hér fyrst. Þá skeði t. d. stundum, að sæju stjórnarandstæðingar, að of fáir menn úr stuðningsliði stjórnarinnar voru staddir á þingfundi til þess að koma málum áfram, þá gengu þeir út til þess að gera fundinn ólögmætan. Slíkt er með öllu óþekkt nú orðið og langt síðan þetta tíðkaðist. Ennfremur reyndu menn þá með málþófi að koma í veg fyrir framgang mála og gekk stundum út í fáránlegustu öfgar. Slíkt þekkist ekki lengur, enda hafa verið sett í þingsköpin fullnægjandi ákvæði til þess að koma í veg fyrir málþóf.

Ég hygg, að nú séu komnar hér á Alþ. það skynsamlegar starfsvenjur að þessu leyti, að það sé engin ástæða til þess lengur fyrir stjórnarflokka, hverjir sem þeir eru, að vantreysta mönnum úr stjórnarandstöðuflokkum til þess að fara með forsetavald til jafns við þm. úr stjórnarflokkunum. Ég held, að það mundi auka sjálfstæði Alþ. gagnvart framkvæmdavaldinu að skipta forsetastörfunum, þannig að aðalforsetar og varaforsetar væru úr öllum flokkum.

Á hinn bóginn vil ég vara við því að reyna að auka sjálfstæði Alþ. gagnvart framkvæmdavaldinu með því að innleiða hér þá reglu, að ráðh. eigi ekki sæti á Alþ. Ég teldi hættulegt að fara út á þá braut. Ég sé ekki betur en þannig hafi þróazt í þeim löndum, þar sem slíkur háttur hefur verið upp tekinn til þess að skilja betur á milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds, að í ráðherrastólana hafi þá í vaxandi mæli komið menn úr embættis- og sérfræðingakerfinu. Fer þá þannig, að í sjálfum ráðherrastólunum úir og grúir af mönnum, sem aldrei hafa verið kosnir almennri kosningu til eins eða neins. Það teldi ég stórkostlega afturför, ef sá háttur yrði upp tekinn hér. Við ættum að halda þingræðinu, en reyna með ýmsum ráðstöfunum að styrkja Alþ. og koma með því á betra jafnvægi í þessu tilliti en nú er orðið.

Þá álít ég mjög þýðingarmikið að koma á jafnvægi í pólitískum fréttaflutningi og að það snerti einnig mjög þann grundvöll, sem liggur að starfi Alþ., en ég mun ekki fara langt út í þá sálma nú, því að það hefur nýlega verið ýtarlega rætt. Ég álít, að til þess að svo megi verða, þurfi að styrkja þingflokkana með þeim ráðstöfunum, sem ég hef stungið upp á hér að framan eða einhverjum hliðstæðum. Menn verða í þessu sambandi að athuga varðandi stjórnarandstöðuflokkana, að ef vel væri, þyrftu þeir að gefa út stöðugt flóð af tilkynningum um afstöðu sína í mörgum málum, einnig utan þingtímans. Það er óhemju vinna að gefa út slíkar tilkynningar og taka þannig látlaust afstöðu til þess, sem gerist og ætlunin er að gera, og slíka vinnu er tæpast hægt að ætlast til, að stjórnarandstöðuflokkarnir geti leyst af hendi svo fullnægjandi sé við þau skilyrði, sem þeir búa nú. Til þess þurfa þeir að fá starfslið. Til þess þurfa leiðtogar þessara flokka að fá betri aðstöðu og geta helgað sig stjórnmálastarfinu að öllu leyti, og aðrir þingmenn þurfa að fá aðstöðu til þess að helga sig þingmennskunni og stjórnmálastarfinu í ríkara mæli en hugsanlegt er með núverandi fyrirkomulagi. Þetta bindur því að mínu viti nokkuð hvað annað, en allt, sem gengur til endurbóta í þessu efni mun verða til þess að styrkja Alþ. Grundvöllurinn að starfi Alþ. er mjög svo starfsemi stjórnmálaflokkanna, en hún stendur of veikum fótum. Alþ. þurfum við að efla og styrkja og til þess verður að breyta mörgu í starfsháttum þess í þá átt, sem ég hef bent, lengja þingtímann, bæta kjör alþm., viðurkenna hlutverk stjórnmálaleiðtoganna, hvort sem þeir eru ráh. eða kosnir til forustu í flokkum sínum og búa stjórnmála-

flokkunum sæmilega starfsaðstöðu, eins og öðrum nauðsynlegum liðum í stjórnarkerfinu.

Nú vil ég taka það alveg greinilega fram til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning, að með því, sem ég er að segja, er ég ekki að deila á núv. ríkisstj. eða núv. þingmeirihluta. Ég set mig í sama bát og ríkisstj. í þessu efni, því að ég hef löngum gegnt ráðherrastörfum og verið í meirihlutanum á undanförnum áratugum. Ég get því ekki dregið mig undan hlutdeild í ábyrgð á þeim venjum eða óvenjum, sem skapazt hafa varðandi meðferð framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Ég get heldur ekki dregið mig undan samsekt í því, hve Alþ. hefur verið veikt með því að vanrækja að endurskoða og breyta starfsaðstöðu þingflokkanna og breyta starfstilhögun Alþ. En auðvitað verður nauðsynlegum breytingum ekki komið í framkvæmd, nema ráðandi þingmeirihluti vilji fallast á að gangast fyrir slíkum breytingum ásamt stjórnarandstöðunni. Hér þurfa allir að takast í hendur.

Mér er ljóst, að nú má með fullum rétti spyrja: Hvers vegna hefur þú þagað um þessi mál í 35 ár? Ég svara því til, að sumpart hefur mér ekki orðið fullkomlega ljóst, hvernig ástatt var, fyrr en ég fór að starfa að ráði í stjórnarandstöðu og ekki fyrr en smátt og smátt með þeirri reynslu, sem ég hef fengið á Alþ. með því að vera ýmist í meirihlutanum eða minnihlutanum. Þá viðurkenni ég alveg, að eftir að mér fór að verða þetta fullkomlega ljóst í hvert óefni stefndi, þá dró það úr mér að taka þessi mál upp, að ég var formaður í stjórnarandstöðuflokki, og það mátti líta svo á, að ég væri með því að fara fram á eitthvað fyrir mig. En nú er ég ekki formaður í stjórnarandstöðuflokki lengur, og mér finnst, að ég hafi fengið betri aðstöðu til þess að hreyfa þessum lífsnauðsynlegu málum en ég hafði áður. Og mér finnst ég hafi enga afsökun lengur fyrir því að þegja um það, sem mér sýnist brýn nauðsyn að gera í þessu efni. Það getur enginn vænt mig um það nú, að ég sé að sækjast eftir hlunnindum fyrir mig í þessu sambandi.

Ég geri ráð fyrir, að það sé fáum ljósara en mér, að ríkisstj. búa við allmiklar freistingar í sambúð sinni við Alþ., og ríkisstj. ráða hér mestu um þinghaldið. Ríkisstj. ráða, hvenær Alþ. er kvatt saman og hvenær því er lokið. Ríkisstj. hættir til að finnast Alþ. þreyta sig og nánast stundum helzt vera þröskuldur, sem þær þurfi að leggja mikið á sig til þess að komast yfir með það, sem þær telja sig þurfa að koma í lög. Stundum var ég spurður, þegar ég átti sæti í ríkisstj.: Ertu ekki feginn að vera laus við þingið? Og sjálfsagt hef ég oft þreyttur svarað þessari spurningu játandi og svo munu margir ráðh. hafa gert fyrr og síðar og meint það, þegar orðin féllu. En þarna er samt freistarinn á ferð, og þarna er veila í þingræðiskerfinu, sem getur reynzt örlagarík þessu kerfi, ef menn hafa ekki opin augu fyrir þessari hættu og vanrækja að ræða þetta nógu hispurslaust og hreinskilnislega, hvort sem menn eru í stjórnaraðstöðu eða stjórnarandstöðu. Mótvægi gegn þessum háska, að ráðh. vilja yfirleitt — af mannlegum ástæðum — vera lausir við þingið, er harla léttvægt, því að gagnrýni stjórnarandstæðinga um þetta hafa ráðh. æðimikla tilhneigingu til að láta sem vind um eyru þjóta, og sannast sagna er það oft fremur stjórnarandstaðan, sem ráðh. eru fegnir að vera lausir við en Alþ. að öðru leyti. Forsetar Alþ. veita hér ekki nægilegt mótvægi, hversu vel sem þeir vilja. Þeir eru eingöngu úr stjórnarflokkunum og þykir, eins og eðlilegt er, vænt um stjórnina sína og hafa mjög óhægt aðstöðu til þess að halda fram hlut þingsins, því að oftast eru flokksleiðtogar úr þeirra eigin flokkum í ráðherrastólunum.

Þá hefur það veikt Alþ., hve þjóðinni þótti og þykir vænt um stutt þinghald, og við höfum iðulega sumir stært okkur af stuttu þinghaldi. Það hefur verið talið til afreka með þjóðinni, að þinghaldið væri stutt. En hafa menn gert sér fulla grein fyrir því, hvað verið er að gera með stuttu þinghaldi? Höfum við gert okkur grein fyrir því, hvað við erum að gera með því að telja það íþrótt að hafa stutt þinghald? Ég hygg, að í því máli séu allalvarlegir þættir, sem ég tel mig hafa bent á í því, sem ég hef þegar sagt, því að ein till. mín er einmitt sú að lengja talsvert þinghaldið og hafa það tvískipt, og með engu öðru móti tel ég, að Alþ. haldi sínum hlut. Eða kemur til tals, að stofnun, sem dregur sig í hlé hálft árið í einni lotu, geti verið æðsta stofnun þjóðarinnar, eins og nú er komið þjóðlífinu? Það tel ég óhugsandi. Starfshættir Alþ. eru að mínum dómi að verulegu leyti eins konar leifar frá hestaöldinni, þegar það mátti kallast afrek að ferðast til þings og heim aftur, og menn þurftu að gera að þessu eina ferðina.

Ég hef nú talað aftur og aftur um embættis- og sérfræðingavald, en mér er mikið áhugamál, að enginn misskilji mig í því sambandi. Leiðin er ekki sú að forðast sérfræðinga eða minnka þeirra þjónustu. Við höfum ekki ráð á því né hinu að bæla embættismennina niður. Leiðin er sú að styrkja Alþ., bæta starfsskilyrði Alþ. og alþm., þannig að Alþ. geti skipað þann sess í þjóðlífinu, sem því ber, haldið sínu, svo að jafnvægi ekki raskist og hægt sé að notfæra sér á farsælan hátt vinnu þýðingarmikilla sérfræðinga, sem ómissandi eru hverju menningarríki. Það er hlutur Alþ., sem við þurfum að stækka til þess að jafnvægi náist.

Ég get ekki stillt mig um að taka inn í þetta að lokum örlítinn kafla um stjórnmálaflokkana vegna þess, hve þeir eru tengdir Alþ. Ég hef rætt nokkuð um þingflokkana og vinnuaðstöðu þeirra, sem er fyrir neðan allar hellur og verður að batna, og er þá komið að annarri starfsemi stjórnmálaflokkanna. Að ýmsu leyti hafa farið fram að undanförnu athyglisverðar umr. um stjórnmálaflokka og stjórnmálamenn. En að sumu leyti eru þessar umr. og skýringar á því, að ekki gengur allt sem bezt, ekki fullnægjandi að mínu viti og ekki alveg hreinskilnislegar. Það er t. d. ekki hægt að afgreiða þessi mál með því einu að segja, að stjórnmálaleiðtogar séu leiðinlegir, dáðlausir og valdasjúkir. Í gamni

sagt mætti kannske koma mér til að trúa þessu um andstæðingana, en lengra ekki. Og þá fer ég að halda, að málið sé ekki svona einfalt. En þó að þetta sé tekið til greina, er síður en svo ástæða til þess að skella skollaeyrum við þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið. En áður en ég kem að einstökum atriðum í þessu, vil ég minna á, að það er ekki hægt að framkvæma lýðræðið öðruvísi en að hafa stjórnmálaflokka, og ef stjórnmálaflokkarnir eru tættir í sundur, þá er skammt að endalokum lýðræðisins.

Enginn vafi leikur á, að stjórnmálaflokkar hjá okkur eru yfirleitt gallaðir ekki síður en önnur mannanna verk. Sumir segja, að stjórnmálaflokkarnir séu meingallaðir og þannig upp byggðir, að valdið safnist í hendur leiðtogunum með öllum þeim göllum, sem alræði eins eða fárra manna fylgir, enda sölsi leiðtogarnir valdið undir sig. Sumir segja, að flokkarnir séu of lokaðir og þátttaka í þeim ekki nógu almenn. Sagt er, að breytingar í trúnaðarstöðum, svo sem í framboðum og þar af leiðandi í þingliði flokkanna, séu allt of litlar og minni en áður var. Sumir telja, að ástandið í þessu tilliti hafi stórversnað frá því, sem áður var. Mig skortir kunnugleika til þess að dæma um þetta til fulls, hvernig þetta var áður, og kannske get ég heldur ekki dæmt um þetta, vegna þess að mér sé málið of skylt, en það gerir ekkert til, þó að ég ræði þetta ofurlítið samt. Ég álít, að vald stjórnmálaleiðtoga sé sízt meira en áður var eftir því, sem ég bezt þekki til. Það má vel vera, að sumum finnist það samt of mikið. Sannast að segja er ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir því í hópum og flokkum, hvernig ákvarðanir verða til og hvar valdið liggur. Það er mjög flókið mál að gera sér grein fyrir því, en ég skal ekki fara út í vangaveltur í því efni, en ég held, að vald leiðtoga sé sízt meira en áður var, t. d. fyrst þegar ég þekkti til. Ég tel, að félagsskapur og félagsvinna sé miklu meiri nú en áður var í flokkunum. Mér finnst t. d., að mest af mínu lífi hafi gengið í að ráðgast við aðra menn, um hvað gera skyldi í málefnum flokks og þjóðar, og alltaf er verið að bæta við í okkar flokki nýjum félagsstigum. Það eru almenn flokksfélög, yngri manna félög og kvenfélög. Þá eru málefnahópar úr stéttunum, kjördæmaþing, fjölmenn miðstjórn, framkvæmdastjórn og þá flokksþing, þar sem mæta mörg hundruð manns og mjög fjölmennir hópar, sem vinna að undirbúningi að stefnumótun í einstökum málaflokkum. Þetta virðist vera þó nokkuð. Nánast virðist mér, — svona í léttum tón sagt, — að ég hafi t. d. aldrei fengið að ráða nokkru, svo miklar ráðagerðir fara fram. En kannske er ég bara talandi vottur þess, hvað menn geta orðið hættulegir, svo ég þori ekki að fella neinn dóm um þetta, þegar til kemur! En sleppum öllu gamni og tökum eftir því, að félagskerfið vantar ekki hjá flokkunum og óhemju vinna er lögð í það, einmitt af forustumönnunum, að koma upp félögum, byggja þau upp og fá sem flesta til þátttöku í félagsstarfi. Það er mikil vinna lögð í þetta og m. a. með þeim árangri, sem ég benti á áðan og ég býst við, að sé eitthvað hliðstætt í öllum flokkum, að félagsstigum fjölgar og þeim fjölgar, sem kvaddir eru til ráða.

Ég held, að þessi efni séu ekki enn rædd af alveg nógu mikilli hreinskilni og því þurfi að ræða það atriði betur og nánar, að safnist völd á hendur örfáum mönnum við þessi eða þessu lík félagsskilyrði í flokkunum, stafi það ekki eingöngu af frekju eða yfirgangi einstakra manna, sem óneitanlega getur valdið miklum skaða og ruglað eðlilegt félagsstarf, heldur hljóti það einnig blátt áfram að stafa af því, að það séu of fáir, sem vilja fórna því, sem fórna þarf til þess að beita áhrifum sínum í félagsstarfi, hvað þá leggja verulega að sér í baráttunni. Það getur kveðið svo rammt að þessu, að sumir sitji uppi með meira vald en þeir kæra sig um eða telja eðlilegt.

Vandamálið í þessu öllu saman, sem óneitanlega er ekkert smávaxið, er mest það, að þrátt fyrir öll þessi félög taka menn ekki svo almennt þátt í félagslegu flokksstarfi, pólitísku, að allt þetta mikla félagskerfi, sem byggt hefur verið upp í flokkunum, verði annað og meira, þrátt fyrir allt, en vettvangur tiltölulega fárra manna í hverju byggðarlagi. Það er sannleikurinn, að þrátt fyrir alla þá feikilegu vinnu, sem lögð er í það einmitt af forustumönnunum að reyna að koma fleirum og fleirum inn í starfið og allir flokkar séu opnir upp á gátt, er ástandið samt sem áður svona, og þannig hefur þetta alltaf verið, og það er áreiðanlega sízt verra í þessu tilliti en áður. Það hafa alltaf verið allt of fáir, sorglega fáir, sem hafa viljað leggja á sig það erfiði, sem þarf, til þess að pólitískt félagsstarf sé í nógu góðu lagi og skoðanamyndun eigi sér stað á nægilega víðtækri undirstöðu. Þess vegna verður að leggja aðaláherzluna á að finna nýjar aðferðir, til þess að fólk vilji taka meiri þátt í pólitísku félagsstarfi en nú tíðkast. Hin almenna þátttaka er ekki nógu mikil, það er veiki punkturinn.

Vitaskuld er sú gagnrýni réttmæt, að of lítil endurnýjun er í trúnaðarstöðum. Það eru margar ástæður fyrir því, sem mér mun ekki takast að rekja í fáum orðum. Það er t. d. land kunningsskaparins, sem við lifum í. Það eru hlutfallskosningar margra manna í senn á listum, þegar um alþingiskjör er að ræða, sem setja þetta mjög í sjálfheldu. Þær leyna því t.d. hverjir hafa fylgi. Ótalmargt fleira kemur hér til greina. Það lítur út fyrir, að kjördæmaþingin og kjördæmaráðin í kjördæmunum nýju, sem hafa fengið aukið vald, í sumum flokkum a. m. k., frá miðstjórnum flokkanna, ætli að reynast íhaldssamar stofnanir að því er varðar endurnýjun á mönnum í trúnaðarstöðum, og ástandið í því efni virðist sízt betra en áður var. Ég held, að menn verði að veita þessu athygli.

Mitt álit er, að þrátt fyrir hið mikla félagsstarf, sem tekið hefur verið upp í flokkunum á undanförnum áratugum og orðið hefur til verulegra bóta frá því, sem áður var, — þegar nokkrir leiðtogar mörkuðu málin mikið á hné sér, — þá sé ástandið alls ekki nógu gott og meira að segja að sumu leyti

mjög alvarlegt. Höfuðmeinið er, að allt of fáir eru raunverulega starfandi að félagsmálum í flokkunum og því ríður mest á, eins og ég sagði áðan, að finna nýjar og heppilegar leiðir í stjórnmálastarfinu, og þá skiptir auðvitað langmestu að finna leiðir, sem unga fólkið vill fara, og helzt þarf unga fólkið að finna sjálft nýjar starfsaðferðir, sem eru betri en þær, sem við höfum fundið, sem nú erum ekki lengur ung. Ég tel mikilvægt, að við þau eldri, sem þekkjum vissa þætti, tökum hreinskilnislega og opinskátt þátt í umr. um þessi efni. Auðvitað erum við tortryggðir sumir, kannske meira en dálítið, af unga fólkinu, og þurfum við ekkert að vera hissa á því. Það er jafnvel talin lævísi af okkur, ef við tökum gagnrýninni vel, en náttúrlega fyrir neðan allar hellur, ef við tökum henni illa. Það er sem sé svipað ástatt fyrir okkur og Nasreddin, þegar hann var á ferð forðum með drenginn sinn og asnann. En við megum ekki láta það verða til þess, að við leggjum árar í bát í stað þess að reyna að hafa sem mest gagn af þeirri hreyfingu, sem á hefur komizt og leiða að nýjum leiðum. Það væri líka eitthvað meira en lítið skrítið og horfði satt að segja ekki vel, ef ungu fólki fyndist allt vera eins og það ætti að vera með stjórnmálastarfið.

En hvað á þá að gera? Á hvað vil ég benda? Ég ætla að reyna að ljúka þessari ræðu fyrir kl. 5 og skal því fara fljótt yfir sögu. Í fyrsta lagi bendi ég á að breyta aldurstakmarki í félagsskap ungra manna í öllum flokkum og færa það niður í 25 ár, ef ekki 21 ár. Flokksfélögin almennu eiga að mínum dómi að vera samtök unga fólksins ekki síður en hinna eldri. Það er stórfelld yfirsjón af unga fólkinu að halda sig í hálfgerðum æfingabúðum til 35 ára aldurs, eins og unga fólkið í flokkunum hefur gert undanfarið, og vera einungis tengt með sérstökum fulltrúum við flokkana. Þetta álít ég mjög þýðingarmikið atriði. Þá álít ég, að konurnar ættu að koma inn í hin almennu stjórnmálafélög og starfa þar með körlum. Þótt kvenfélögin séu góð, væri þetta enn betra. Ég tel, að taka ætti upp prófkjör eða skoðanakannanir innan flokkanna um framboð og binda slíkar skoðanakannanir eða prófkjör við þá, sem í stjórnmálafélögunum eru. Menn fengju réttindi til þess að taka þátt í þessum prófkjörum eða skoðanakönnunum með því að vera í félögunum, taka þátt í pólitísku félagsstarfi. Mér finnst að taka ætti upp þann sið, að allir gengju ævinlega undir skoðanakönnun til undirbúnings framboðum, einnig þeir, sem þingsæti skipa og engan mannamun ætti að gera í þessu tilliti.

Alþm. ættu að taka upp aftur þingmálafundi eða leiðarþing, að sumu leyti með gamla sniðinu, en þó með nýjum hætti. Ég veit, að sumir alþm. hafa aldrei hætt við leiðarþing eða þingmálafundi, þó að þau hafi ekki ætíð verið vel sótt, sem aldrei hefur raunar verið. Allir alþm. ættu að taka upp þennan hátt, einnig í þéttbýlinu, og ég fagna því, að þm. Framsfl. í Reykjavík hafa tekið upp þennan sið. Þeir byrjuðu á honum hér og halda fundi, sem opnir eru fyrir alla og ætlaðir til þess að skiptast á skoðunum um þingmál og fleira. Þeir hafa fundina eftir bæjarhverfum, og þessi háttur ætti að verða á alls staðar í þéttbýlinu, en það hefur vafizt fyrir mönnum að finna þar heppilegt fundarsnið. Ég hygg, að þarna sé það fundið. Það hefur gefizt allvel hjá okkur á Austurlandi að reyna að fá þessa fundi skemmtilegri og fjölbreyttari en áður hefur verið með því að hafa annaðhvort engar eða nálega engar framsöguræður, en viðtalssnið. Með því móti er hægt að fá margfalt meira að vita um það, hvað fundarmenn raunverulega vilja, heldur en með gamla laginu.

Það ætti að taka upp sérstaka stjórnmálafræðslu í sjónvarpi og útvarpi. Þau samtöl, sem nú eiga sér stað í þessum fjölmiðlunartækjum um pólitísk efni eru mjög til bóta að mínu viti, en það ætti einnig að taka upp stjórnmálafræðslu, sem þessar stofnanir settu á fót í samráði við stjórnmálaflokkana.

Það þyrfti að finna leiðir til þess að gera Alþingiskosningar persónulegri. Ef menn vilja ekki einmenningskjördæmi, þá með því að hafa persónuleg framboð í kjördæmum samt og persónulegar kosningar, en slíkt er mögulegt. Hef ég ekki tíma til að útskýra það nánar, en vísa í því efni m. a. til þess fyrirkomulags, sem er viðhaft í Danmörku. Þetta mundi verða til verulegra bóta frá því, sem nú er.

Loks vil ég leggja áherzlu á, að ég tel það höfuðnauðsyn, að þeir, sem áhuga hafa fyrir endurbótum á pólitísku starfi, vinni að því innan stjórnmálaflokkanna, því að það getur aldrei orðið nema til ills að fjölga stjórnmálaflokkunum.

Í þessari þáltill. er lagt til að fela forsetum Alþ. og fulltrúum frá þingflokkunum að annast endurskoðun á starfsháttum Alþingis. Sumum þykir e. t. v. dálítið skrítið, að ég skuli leggja til, að forsetarnir komi þar inn, allir þrír aðalforsetarnir úr stjórnarflokkunum. En í þessu sambandi lít ég ekki á forsetana fyrst og fremst sem fulltrúa stjórnarflokkanna. Ég lít á þá sem fulltrúa Alþ., og ég treysti því, að þeir vinni þannig að þessari endurskoðun.

Það er í því viss stefna af minni hendi að stinga upp á því, að þessi endurskoðun fari ekki fram á vegum fulltrúa stjórnmálaflokkanna eingöngu eða fulltrúa frá þeim, heldur fari hún fram á vegum aðalforsetanna ásamt fulltrúum frá hverjum þingflokki. Ég vil með þessu sýna traust mitt á hæstv. forsetum, að þeir líti á sig sem forsvarsmenn Alþ., og ég veit, að þeir hafa áhuga fyrir því að endurskoða þessi efni.

Sjálfsagt mun einhver segja, að þessar endurbætur, sem ég sting upp á, muni kosta eitthvað, og auðvitað munu þær auka kostnaðinn við þinghaldið. Ég mun ekki ræða það mikið hér. En um það vil ég segja þetta, og það munu verða mín lokaorð: Ég tel, að þjóðin hafi blátt áfram ekki ráð á öðru en kosta meiru til Alþ. og búa betur að því en gert hefur verið undanfarna áratugi. Það er hreinlega þjóðarnauðsyn að kosta meiru til Alþ. en gert

hefur verið til þess að koma endurbótum á. Því erfiðar sem horfir í málefnum landsins þeim mun verr hefur þjóðin ráð á að vanrækja umbætur í þessu efni. Nokkrar milljónir í auknum alþingiskostnaði eru smámunir samanborið við það, sem í húfi er, og smámunir samanborið við almenna kostnaðarþenslu í ríkiskerfinu, en sterk tök sjálfs Alþ. og áhrif þess og aukin vinna þm., einmitt aukin vinna þm. og bætt aðstaða þeirra, er líklegri til að stuðla að aukinni ráðdeild í þjóðarbúskapnum en nokkuð annað.

Umr. frestað.

Á 11. og 13. fundi í Sþ., 13. og 20. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er vissulega athyglis- og umræðuverð sökum efnis síns og vegna þess, að hún er flutt af þeim þm., sem lengst allra hefur nú setið á þingi og hefur því mikla og mjög margháttaða reynslu að baki sér. Ég tel og, að margar af þeim aths., sem hv. þm. hefur gert, einkanlega í framsöguræðu sinni, séu athyglisverðar. En það kemur einnig í ljós, að sumt af því, sem hv. þm. segir í sínum aths., fær ekki staðizt, þegar betur er skoðað, og aðalefni hans ályktunar er svo hæpið, að ég tel, að því þurfi a. m. k. mjög að velta fyrir sér, áður en þm. fallist á að breyta starfsháttum Alþ. í þá átt, hvort þeim tilgangi verði náð, sem hv. þm. leggur aðaláherzluna á.

Ég er sammála hv. 1. þm. Austf. um það, að margt er nú með betra móti í starfsháttum þingsins, heldur en var áður fyrr. Enginn efi er á því, að umr. eru yfirleitt málefnalegri en þær löngum voru og betri háttur á þeim í heild. Þær umr., sem hafa átt sér stað hér í dag og undanfarna miðvikudaga sýna þó, að margt stendur enn til bóta.

Það er engin nýjung, þótt ég segi það, sem margir hafa sagt hér áður, að alveg er ljóst, að fsp. í því formi, sem nú tíðkazt, hafa farið út yfir öll bönd og ná alls ekki sínum tilgangi. Það má vel vera, að margt skynsamlegt komi fram í þessum almennu umr., sem hér eiga sér stað, en þetta eru meira og minna umr. um daginn og veginn, ef svo má segja, naumast um almenn stjórnmálaefni, heldur um allt milli himins og jarðar og eiga ekkert skylt við eiginlegar fsp. Á þessu þarf að verða rík breyting, og eins og ég hef tekið fram í sambandi við umr. um frv. til nýrra þingskapalaga eða breytingu á þingsköpunum, þá eru þær breytingar, sem þar er lagt til að gerðar verði, engan veginn fullnægjandi til þess, að ráðin verði fullkomin bót á vankönturnum, sem fram hafa komið í sambandi við fsp.-umr. Út yfir tekur þó, að því er haldið fram, að eftir sem áður eigi að tíðkast þær takmarkalausu umr. um fsp. og aths. utan dagskrár, sem mjög hafa farið vaxandi á síðustu árum. Sannleikurinn er sá, að ef þvílíkar umr. eiga að halda áfram, er öll þingskapasetning meira og minna þýðingarlaus. Ég vil engan veginn halda því fram, að ekki þurfi að finna eitthvað form fyrir því, að menn geti komið fyrirvaralaust að fsp. Það kann að vera rík ástæða til þess, en þá verður einnig að vera mjög takmarkaður tími, sem til umr. um slíka fsp. fer. Hér er því eitt dæmi þess, að breyta þarf starfsháttum Alþ. Þessar mjög víðtæku umr. um fsp. tíðkuðust ekki áður og hafa engan veginn náð þeim tilgangi, sem vakti fyrir mönnum, þegar þær voru lögfestar fyrir eitthvað 1½ áratug.

Þá vil ég einnig gera aths. við það, að hv. flm. segir, að núv. þingskapaákvæði hafi sýnt eða tryggi réttara sagt, að ekki eigi sér stað málþóf og málþóf sé nú miklu minna en var áður fyrri. Það er út af fyrir sig rétt, að málþóf er sjaldgæfara, heldur en var. Hins vegar kemst ég ekki hjá að vekja athygli á því, að þó að nú takist venjulega að fá afgreidd frv. af skyndingu, þegar mikið liggur við, þá fæst það einungis gert með því, að stjórnarandstæðingar svo að segja einir tali, að talsmenn ríkisstj. flytji einungis stuttar ræður til þess að gera grein fyrir höfuðatriðum máls, láti umr. að öðru leyti eiga sig og liggi sumpart undir ámæli fyrir að taka ekki þátt í umr. af hálfu hv. stjórnarandstæðinga. Er það þó öllum þm. vitanlegt, að til þess að mál nái fram að ganga, þegar þörf er að afgreiða fljótlega, eins og oft er óhjákvæmilegt, bæði í tíð núv. ríkisstj. og fyrri ríkisstj., bæði á Alþ. Íslendinga og öðrum þjóðþingum, þá hefur þetta einungis tekizt hér með því, að stjórnarandstæðingar einir hafi orðið. Þingskapaákvæði eru ekki, eins og þau eru nú, næg trygging til þess, að komið verði í veg fyrir þessa óvenju, sem ég vil svo kalla. Auðvitað væri það eina skynsamlega í þessum efnum, að ríkisstj. og stjórnarandstæðingar kæmu sér saman um ákveðinn tíma, sem tiltekið mál ætti að vera til umr., og síðan væri ræðutíma skipt nokkurn veginn jafnt á milli málssvara hvors málstaðar um sig. Ef annar hvor aðili kærir sig ekki um að flytja sitt mál, þá hann um það, en það eina eðlilega væri, að báðir aðilar fengju færi á því að láta uppi sínar skoðanir í nokkurn veginn réttu hlutfalli hvor um sig, án þess að það þyrfti að verða til þess, að mál drægjust óhæfilega.

Þá kem ég að því, sem ég hef einnig oft vikið að áður og umr. um þessa till. hv. flm. er einmitt gott dæmi, og það er, hvernig umr. eru oft algerlega sundurslitnar. Ég hygg, að það séu nú einar 2—3 vikur frá því að hv. 1. þm. Austf. flutti hér sína athyglisverðu ræðu um þessi mál. Í stað þess að halda þeirri umr. áfram og þannig, að það gætu orðið lifandi umr. um mjög athyglisvert mál, sem hv. þm. á þakkir skilið fyrir að hreyfa hér, þá dregst þetta. Það má búast við því, að nú gefist mönnum kostur á að tala um þetta kannske nokkur korter til viðbótar, síðan verði umr. frestað, e. t. v. fram yfir áramót, ef svo vill verkast. Auðvitað er það eina eðlilega, að forsetar, með samþykki fulltrúa þingflokka, komi sér saman um að ætla vissum meiri

háttar málum tiltekinn tíma til umr. á ákveðnum dögum, þeim sé svo lokið á þeim tilsetta tíma. Menn viti h. u. b. fyrir fram hversu langan tíma þeir hafi til umr. og honum sé skipt nokkurn veginn jafnt á milli meðhaldsmanna og móthaldsmanna. Þannig er þessu t. d. háttað í því þingi, sem er fyrirmynd um þingræði, brezka „parlamentinu", og að því er ég hygg allvíða annars staðar, án þess að ég skuli rekja einstök dæmi þess. Að vísu er hægt, ef umr. teygjast mjög úr hófi, að stytta umræðutíma samkv. núgildandi þingsköpum, en það yrði þó ekki gert fyrr en fullkomin misbeiting hefði átt sér stað miðað við nútímahugmyndir. Og ég hygg einmitt, að sú breyting hafi orðið á frá því hv. 1. þm. Austf. fyrst kom á þing. Þá gátu menn enzt til þess dögum og jafnvel vikum saman að rífast á eldhúsdegi og út úr tiltölulega ekki mjög mikilvægum málum. Nú skilja menn, að bæði til þess að umr. verði skipulegri og til þess að þær vekji einhvern áhuga hjá almenningi á þeim tíma, þegar allir hafa miklu að sinna, þá er um að gera að þjappa umr. saman, þannig að þær taki tiltölulega skamman tíma og séu með þeim hætti, að líkur séu til þess, að menn endist til að veita þeim einhverja athygli. Annars er þetta meira og minna unnið fyrir gýg.

Það má vel vera, eins og hv. þm. segir, að ef forsetar, og þá aðalforsetar, væru úr mismunandi þingflokkum, gæti tekizt betur að koma skipun á þetta, — með mismunandi þingflokkum er átt við, að þeir séu bæði frá ríkisstj. og stjórnarandstæðingum. Ég tel, að till. hv. þm. um þetta sé mjög athyglisverð, en hún hvílir þó á þeirri forsendu, að það séu nokkurn veginn sömu hugmyndir, sem eru hjá öllum þingflokkum um það, hvernig störf þingsins verði bezt rekin, þannig að allir hafi gagn af. Það er ekki vegna þess, að ég er hér í bili sem talsmaður stjórnarflokka og hv. þm. sem talsmaður stjórnarandstöðu, að við höfum á þessu nokkuð ólík sjónarmið. Við vitum, að það getur breytzt. Annar er í stjórn í dag og hinn á morgun. Við höfum þau sameiginlegu áhugamál, sem ég er mjög fús að ræða við hv. þm. og íhuga með honum og vonast til þess, að aðrir þm. íhugi, — athuga, hvernig betri skipan verði komið á störf þingsins. Það verður að vera með þeim hætti, að greitt sé fyrir framgangi mála, að þau tefjist ekki úr hófi og þm. sé raunverulega gefinn nokkuð jafn kostur á því að taka til máls, þannig að hv. stjórnarandstaða noti ekki aðstöðu sína vegna þess, að stjórnarliðar þurfa yfirleitt að fá mál afgreidd sem fyrst, — þá misnoti hv. stjórnarandstæðingar ekki aðstöðu sína til þess svo að segja einir að tala vegna þess, að þeir telji ekki svo mikið við liggja, að málin fái skjótan framgang. Þetta er atriði sem við höfum vikið hér að áður og ég skal ekki fara fleiri orðum um að sinni.

En það eru önnur veigameiri atriði, sem hv. þm. minnist á, þar sem mun meiri ágreiningur hlýtur til að koma. Hv. þm. heldur því fram, að vegna þess að þingið sitji nú of skamman tíma á hverju ári miðað við þau mörgu aðkallandi verkefni, sem þjóðþing þurfi nú að sinna, þá hafi þingstörfin meira og meira komizt í hendur ríkisstj. og embættismanna á þann veg, að ýmist séu gefin út brbl. eða að samning laga og vinna að lagasetningu sé meira og minna komin úr höndum hv. alþm. Hér hygg ég, að mjög sé málum blandað í raun og veru. Í fyrsta lagi hefur það aldrei farið eftir lengd þingtíma, hversu mörg brbl. eru gefin út á hverju ári. Enda er það svo, að þegar á heildina er litið er þingtíminn nú yfirleitt lengi en hann var t. d. fyrir einum mannsaldri, þegar hv. þm. tók fyrst sæti á Alþ. Það er um hitt að ræða, á hvers konar tímum menn eru uppi, hvort það eru óróatímar, umrótstímar, sem krefjast skjótra aðgerða eða ekki. Ég hygg t. d., að það hafi verið á árinu 1934, þegar hv. þm. fyrst var ráðh., að voru gefin út svo mörg brbl., að það eru ekki mörg ár, sem geta keppt við það ár um fjölda brbl. Og það einkennilega um setningu þeirra brbl. var annars vegar það, að sum þeirra voru gefin út einum eða tveimur dögum eftir þingslit, einungis af því að hæstv. ríkisstj. sýndist þá hentara að láta þingið ekki sitja, meðan löggjöfin var drifin í gegn, og hitt kom einnig fyrir, að það voru gefin út brbl. rétt áður en Alþ. kom saman, sem ekki áttu að taka gildi, fyrr en eftir slit Alþ., og hygg ég, að það sé nokkurt einsdæmi í bráðabirgðalagasetningu. Þetta var auðvitað umdeilt á sínum tíma, eins og oft vill verða, að stjórnarandstæðingar bera brigður á nauðsyn setningar brbl. Ég skal ekki fara að rekja þær deilur að sinni, heldur einungis fullyrða, að það er ekki meiri löngun nú en áður til að gefa brbl. út út af fyrir sig. Það fer eftir aðstæðum hverju sinni. Það fer eftir því, hversu aðkallandi mál það eru, sem úrlausnar krefjast. Þetta veit ég, að hv. þm. getur auðveldlega áttað sig á, ef hann kynnir sér fjölda brbl. og ástæðu fyrir setningu þeirra hverju sinni.

Hitt er svo rétt, sem hv. þm vekur athygli á, að það hefur orðið breyting á seinustu áratugum, getum við sagt, eða síðasta áratug, e. t. v. 15 árum, um það, að lengst af áður var mun meira af þmfrv., sem voru samþ. á Alþ., heldur en stjórnarfrv. Þó var þetta ekki undantekningarlaust. Ég held t. d., að á hinu mikla löggjafartímabili, einu því glæsilegasta í sögu þjóðarinnar, fyrst eftir að heimastjórnin var hér lögfest, á tímabilinu frá 1905—1907, hafi stjórnarfrv. verið fleiri, sem voru lögfest, heldur en þmfrv. Þetta var hins vegar undantekning og hefur breytzt á seinni árum, þannig að nú eru stjórnarfrv. yfirleitt orðin fleiri, sem ná fram að ganga, heldur en þmfrv. Hv. þm. lætur að því liggja í ræðu sinni, hvort sem hann segir það berum orðum eða ekki, að þetta sé einstætt fyrirbæri hér á landi og sýni það, að þm. hér taki minnkandi þátt í löggjafarstarfsemi gagnstætt því, sem með öðrum þjóðum er. Sannleikurinn er sá, að með öðrum þjóðum, bæði á Norðurlöndum og í Bretlandi, upphafslandi þingræðis, er það alger undantekning, að þmfrv. yfirleitt séu samþykkt. Það var eitt af því, sem gerði Alþ. áður fyrri, og gerir það enn, ólíkt því, sem er um flest önnur þjóðþing hjá okkur skyldum

þjóðum, að þm. beittu frumkvæðisrétti til löggjafar í miklu ríkara mæli en tíðkaðist annars staðar. Þetta kom af auðskildum ástæðum. Það kom af því, að á fyrstu árum eftir endurreisn Alþ. var ríkisstj. útlend og sinnti ekki mikið íslenzkum málefnum, svo að ef menn vildu koma þarflegum nýjungum fram og breytingum, þurfti á frumkvæði þm. að halda. Annars staðar hefur venjan sem sagt orðið öll önnur. Það er alger undantekning, bæði í Bretlandi og öllum Norðurlöndum, að þmfrv. í okkar skilningi séu flutt eða nái fram að ganga, og enn er það svo, að frumkvæðisrétti þm. á Íslandi er beitt í miklu ríkara mæli, og þmfrv. eru miklu stærri hluti af þeim frv., sem að lokum eru samþ., heldur en tíðkast í þeim löndum öðrum, sem ég gat um.

Breytingin hér, að stjórnarfrv. hafa orðið æ tiltölulega fleiri, hygg ég, að stafi fyrst og fremst af því, að eftir því sem löggjafarmálefni hafa orðið flóknari er það svo, að þm. eiga erfiðara með að semja lagafrv., og þess vegna hefur ríkisstj. og hennar starfsmenn meira og meira tekið að sér að forma þær till., sem menn telja þörf á, að gerðar séu til endurbóta. Þetta hygg ég, að sé höfuðorsökin í miklu ríkara mæli heldur en það, að þm. út af fyrir sig hafi ekki nægan tíma til þess að sinna löggjafarmálum eða þessi ríkisstj. eða þær sem á undan henni voru, hafi haft nokkra löngun til þess að sölsa meiri völd í stjórnkerfinu undir sig en áður var. Hér er um að ræða eðlilega afleiðingu þess, að málefni eru orðin flóknari og margbreyttari, krefjast óhjákvæmilega meiri sérþekkingar en áður, til þess að þau séu sæmilega undirbúin. Hv. þm. hefur einnig að nokkru opin augu fyrir þessari staðreynd, og af þeim sökum telur hann, að nauðsynlegt væri, að betur sé búið að þingflokkum en gert er í dag hér á hinu háa Alþ. Ég hygg, að nokkuð sé til í þessu, að ekki væri óeðlilegt, að þingflokkar fengju sérfræðinga, hjálparmenn til þess að vinna að undirbúningi mála með sér í ríkara mæli en verið hefur. Það hefur að vísu löngum tíðkazt, að menn hafi fengið vissa aðstoð hér hjá starfsmönnum skrifstofu Alþ. til þeirra hluta, en vitanlega eru þar starfskraftar allsendis ónógir til þess að geta tekið að sér löggjafarsamningu, þannig að í nokkru lagi sé. Raunar getum við því miður sagt það sama um stjórnarráð Íslands, að miðað við það, sem tíðkast hjá öðrum þjóðum, er þar alger skortur á nægum mannafla til undirbúnings löggjafar, sem við verðum sárlega varir við, t. d. í starfi okkar í Norðurlandaráði, þar sem yfirleitt stendur upp á okkur um tillögugerð, af því að við njótum ekki sams konar aðstoðar og starfsfélagar okkar í öðrum löndum. Við þessu verður aldrei gert til hlítar vegna mannfæðar okkar og ólíkra aðstæðna. En ég hygg, að þó væri hægt að gera hér mun betur heldur en gert hefur verið, án þess að af því stafaði óhæfilegur kostnaður. Sums staðar annars staðar hefur verið tekinn upp sá háttur, að flokkar hafa fengið beinan styrk úr ríkissjóði til sinnar starfsemi og þá er, að því er mér skilst, yfirleitt miðað við þingmannafjölda hvers flokks. Hér hafa menn ekki talið ráðlegt að hafa þennan hátt á. Í stað þess var tekin upp í fyrra með samþykki þingflokka viss fyrirgreiðsla við blöð, að vísu ekki sem beinn styrkur, heldur á þann veg, að nú var greitt fyrir þjónustu blaðanna, sem áður var látin ókeypis í té. En hvort menn vilja breyta til og láta flokka hafa beina styrki, það er mál, sem vissulega er til athugunar. Hitt fær aftur á móti ekki staðizt hjá hv. flm., þegar hann segir, að hjá flestum nágrannaþjóðum okkar sé nú búið að taka upp þann hátt, að formenn stjórnarandstöðuflokka séu launaðir sérstaklega, að því er mér skilst, á borð við ráðh. Þetta er að vísu tíðkað í Bretlandi. Ég hygg, að það sé einnig í Kanada um formenn stjórnarandstöðuflokka, þó einungis einn svokallaðan formann stjórnarandstöðunnar, en samkv. þeim gögnum, sem ég hef aflað mér, er þetta með öllu óþekkt t. d. á Norðurlöndum. Menn hafa ekki treyst sér til að taka þennan hátt upp þar, ekki einu sinni um formann stærsta stjórnarandstöðuflokksins, hvað þá um alla formenn stjórnarandstöðuflokka, eins og varð að skilja ummæli hv. þm., að þar væri tíðkað. Með þessu móti er ekki sagt, að eitthvað slíkt gæti ekki komið til greina hér. Ég vil ekki halda því fram. Það er að sjálfsögðu til athugunar, en það verða þá að vera önnur rök fyrir því en þau, sem hv. þm. færir, að þetta sé orðin almenn regla í þeim lýðræðislöndum, sem okkur eru skyldust og við tökum helzt okkur til fyrirmyndar.

Þá kem ég að því, sem skoðanir mínar og hv. þm. fara mest á mis, og ég verð að telja, að þar sé komið að slíku meginvandamáli, — því að ég viðurkenni, að það er vandamál, — sem full ástæða er til að vekja athygli á og hv. þm. á vissulega þakkir skildar fyrir að hafa vakið athygli á, þó að ég sé honum algerlega ósammála um ályktunina. Hv. þm. telur, að þingmannsstarf sé nú orðið svo viðamikið, að bæði verði að miða þinghald við það og starfsskilyrði þm., að þingmennska sé í raun og veru einkastarf þess, sem á þing er kosinn. Ef þessi háttur væri upp tekinn, yrði sannarlega gerbreyting á aðstöðu þm. og aðstöðu Alþ. í íslenzku þjóðlífi. Það má vel vera, að ætið hafi nokkur hópur þm. verið, sem hafi mjög stuðzt við þingmannslaun um sína afkomu. En þó hygg ég, að það hafi ætíð talizt til undantekninga, og það er að vísu svo nú, að þingmannslaun eru orðin þannig, að menn geta dregið fram lífið á þeim launum. Það skal viðurkennt. En þá verður einnig að hafa í huga, að margfaldur kostnaður er þingmennsku samfara, sem þar kemur til frádráttar. En hv. þm. lætur sér þetta ekki nægja, heldur telur, að launakjör og starfsaðstaða þm. þurfi að breytast, svo að það verði meginregla, að þm. sinni ekki öðrum störfum, þ. e. a. s., þá á ekki að nægja að halda uppi hinu fasta embættiskerfi, stjórnarkerfinu, ríkisstj., heldur ættum við til viðbótar að fá 60 manna hóp, sem sæti hér á Alþ. og hefði yfirleitt ekki öðrum störfum að sinna. Ég hygg, að hvað sem líður kostnaðarhliðinni á þessu máli, — og stundum hafa menn þó talið hana ekki vera einskis virði, og vitanlega yrði mjög að hækka

laun þm. frá því, sem er, ef menn ættu að fást til þess að sitja hér á þingi og sinna ekki öðrum störfum, — en hvað sem kostnaðarhliðinni líður, og ég álít, að hún sé aukaatriði, þá sé hér um mjög varhugaverða breytingu að ræða. Ég hygg, að það sé nánast sagt lífsskilyrði fyrir Alþ., að það sé í sem nánustum tengslum við hið almenna starfslíf í landinu, að það skapist ekki sérstök stétt stjórnmálamanna. Látum vera að tala um stétt stjórnmálamanna, þeirra, sem hafa atvinnu af að skrifa í blöð sem stjórnmálamenn, þeirra, sem starfa fyrir flokka, e. t. v. okkur hv. 1. þm. Austf., sem lengi höfum verið í ríkisstj., þó að við höfum sinnt öðrum störfum inn á milli, en ef til viðbótar slíkum undantekningum ætti að koma, að hér væri 60 manna hópur eða fast að því, sem fyrst og fremst stundaði stjórnmál sem sitt lífsuppihald og hefði sínar tekjur af því, þá mundi það verða til þess að veikja mjög Alþ. frá því, sem er, bæði í skoðun almennings og í möguleika þm. til þess að sinna sínum störfum. Nú vitum við að vísu, að það hefur verið mjög breytilegt, hvaða starfsstéttir hafa átt setu á Alþ. Í gamla daga voru það einkum bændur og prestar. Síðan hafa það orðið öðru hverju tiltölulega margir lögfræðingar, sem hafa setið á Alþ. Stundum hafa verið margir blaðamenn. Nú er talað um, að það séu margir bankastjórar. Þannig má telja upp ýmsa hópa, sem eftir því, sem tíðarandi hverju sinni hefur verið, hafa sérstaklega valizt til þessara starfa eða haft til þess þær ytri aðstæður, að þeir gætu sinnt þeim. En yfirleitt hefur það verið svo — og það er ekki neitt sjálfshrós um þm., það er bara viðurkenning á staðreynd, — að yfirleitt hafa þeir valizt til þingsetu, sem hafa í venjulegum borgaralegum störfum unnið sér álit og virðingu, þannig að menn hafa litið upp til þeirra vegna þess trausts, sem þeir hafa aflað sér utan þingsins og halda áfram að afla sér utan þingsins fyrir sín störf. Og ég hygg, að Alþ. megi ekki með nokkru móti vera án þessarar stöðu, að Alþ. mundi mjög veikjast og virðingu þess þá verulega stefnt í hættu, ef frá þessu væri horfið og menn yrðu hér einungis fastir starfsmenn. Þeir geta gert gagn með því að ferðast um landið, eins og hv. þm. gerir till. um, farið og talað við sína kjósendur og allt það. Ég efast ekkert um, að þeir geta að vissu leyti gert gagn, en þeir missa þá stöðu, sem þm. hingað til hafa haft og hefur verið ekki sízt uppistaðan í þeirri virðingu, sem hið háa Alþ., þrátt fyrir allt, hefur notið.

Við megum ekki kippa okkur upp við það, þó að um þessar mundir sé hnýtt í þingið. Það var gert fyrir endurreisn þess. Jónas Hallgrímsson, það ljúfa skáld, orti þá níðbrag um hið væntanlega þing. Margir fróðir menn hafa síðan — af ekki meiri þekkingu en Jónas Hallgrímsson þá — tekið undir skammir um þm., og það er ekkert nýtt, því að stjórnmálamenn eru almennt skammaðir. En það er annað mál, hvort menn skamma þm. fyrir það, að þeir standi sig ekki nógu vel eða menn geri enn þá hærri kröfur til þeirra en þeir reynast menn til að fullnægja eða hvort við viljum vísvitandi kippa þm. úr tengslum við hið starfræna líf í landinu og gera þá í raun og sannleika að sérstakri stétt stjórnmálamanna, sem væri þá óneitanlega hlutfallslega mjög stór stétt miðað við það, sem hjá öðrum þjóðum gerist. Ég hygg, að þetta þurfi mjög að athugast og sé þess eðlis, að ekki megi taka til endurskoðunar starfshætti þingsins, nema menn hafi alveg gert sér grein fyrir og áttað sig á þessu: Vilja þeir stefna að þessari breytingu, eða vilja þeir stefna að því, sem ég tel, að eigi að stefna að, að menn geti verið á Alþ. og stundað, — þó að með nokkrum frátöfum sé, — venjuleg borgaraleg störf samfara sinni þingmennsku? Það getur verið, að slíkt eigi að leiða til þess, eins og hv. þm. segir, að þingtímanum eigi að dreifa í fleiri smærri tímabil, eða það ætti að leiða til þess, að þingtímanum ætti að ýta saman, og hann ætti að verða sem allra skemmstur, einmitt um hávetur, haust og fram á vor. Ég hygg sannast að segja, að öllu skaplegu, að ef menn koma sér saman um skynsamlega starfshætti, sé hægt að ná því, eins og hv. þm. segir, að menn væru e. t. v. ekki að fundarhöldum hér nema 3 daga í viku, en þó væri hægt, með því að koma saman fyrst í okt., að öllu forfallalausu, að ljúka þingi seint í marz eða í byrjun apríl, ef menn kæmu sér saman um skipuleg vinnubrögð og tæku það upp, að þó að menn deili um málefni, sameinuðust þeir um, að málefnin þurfa afgreiðslu, þau þurfa framgang, og það er engum til góðs að liggja lengi yfir því, sem ekki þarf langa athugun, ef menn vilja á annað borð afgreiða málið, og það er enginn vinningur að því fyrir stjórnarandstöðu að halda uppi málþófi, þó í minna mæli sé en áður fyrri var, en í of ríkum mæli tíðkast í dag. Ég hygg, að ef menn einbeittu sér að slíkri endurskoðun á starfsháttum þingsins væri hægt að ná því, sem ég tel mikið keppikefli, að stytta þingtímann, þannig að hægt sé að búast við því, að athafnasamir menn, — einnig aðrir en þeir, sem á kafi eru í stjórnmálum, — gefi sig að þingmennsku.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, því að mér er áhugamál, að málefnið komist til n., og ég ætla þess vegna ekki að ræða í einstökum atriðum það, sem hæstv. forsrh. sagði. Ég vil þakka honum fyrir undirtektir hans, því að þó að við værum ekki sammála um allt í þessu efni, þá heyri ég, að hann hefur áhuga fyrir því að endurskoða þessi mál, og mér leikur grunur á, að í raun og veru beri minna á milli en mætti ráða af síðari hluta ræðu hæstv. forsrh. En aðalatriðið er, að þessi mál séu tekin til skoðunar, og það vona ég, að menn geti sameinazt um.

Ég vil ekki ræða einstök atriði, sem hann drap á, nema aðeins eitt, og það var þetta, að það vakir ekki fyrir mér, að það þurfi að fara svo langt, að þingmennska verði algerlega fullt starf. En hinu vil ég halda fram, að þingtíminn í heild þurfi að verða eitthvað lengri en hann er nú og sérstaklega, að það sé ekki mögulegt að hafa þingið í einni lotu, eins og ég hef lagt aðaláherzluna á, og það þurfi að bæta

kjör alþm. frá því, sem þau eru núna. Það má vera, að hæstv. forsrh. hafi eitthvað misskilið mig og ég hafi lagt það sterka áherzlu á þetta atriði, að það hafi valdið misskilningi. En það er þetta tvennt, sem ég legg aðaláherzluna á, að þingtímanum verði skipt niður í a. m. k. tvö tímabil og kjör þm. verði bætt. Þingfundir þurfi þá ekki að vera nándar nærri því daglega og menn geti haft samband við heimili sín utan höfuðborgarinnar og atvinnu sína ekkert síður en nú. Ég vildi aðeins benda á, að ég hygg, að í þessu atriði beri mikið minna á milli en mætti ætla af því, sem sagt hefur verið fram að þessu, og fer ég ekki lengra út í þetta að svo vöxnu.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 20, n. 258).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. þessa til þál. um starfshætti Alþ.

Á síðasta þingi og einnig því þingi, sem nú situr, hafa orðið nokkrar umr. um starfshætti Alþ., aðstöðu alþm., störf stjórnmálaflokka o.fl. af slíku tagi. Umr. þessar hafa aðallega spunnizt út af einstökum þáttum þessa máls, svo sem breytingum á kosningalögum og endurskoðun þingskapa. Till. þessi gerir ráð fyrir því, að um þetta efni verði fjallað á breiðari grundvelli, þ. e. a. s., að Alþ. álykti að fela þingforsetum ásamt einum fulltrúa frá hverjum þingflokki að íhuga og endurskoða starfshætti Alþ., en álit og till. um þetta efni skuli síðan leggja fyrir Alþ. Till. þessi er því víðtæk og frjálsleg og ekki einskorðuð við nokkurn ákveðinn afgreiðslufrest.

Það munu flestir á einu máli um það, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, sem alþm. megi gjarnan gefa nokkurn gaum. Einn nm. var forfallaður, þegar málið var afgreitt í n., en að öðru leyti leggur allshn. einróma til, að till. verði samþykkt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. n. fyrir afgreiðslu hennar á till. og undirtektir við þetta mál, og ég vona, að þessi skoðun, sem væntanlega fer nú fram, verði til góðs.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 294).

4. Samningur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um reglur um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi [88. mál] (A. 108).

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur hér lagt fyrir Sþ. till. til þál. um heimild til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um reglur til fiskveiða í Norður-Atlantshafi. Samningur þessi var gerður í London 1. júní 1967, og er það meginmarkmið hans að tryggja góða reglu og eftirlit með því, að alþjóðlegum siglingareglum sé fylgt um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

Þátt tóku í ráðstefnu þessari, sem samninginn gerði, alls 16 helztu fiskveiðiþjóðir Evrópu, auk Bandaríkjanna og Kanada. Samningurinn tekur gildi á 90. degi eftir þann dag, sem 10. fullgildingarskjalið hefur verið afhent. Hefur samningur þessi ekki enn tekið gildi, en flest ríki, sem veiðar stunda á Norður-Atlantshafi, hafa undirritað hann og búa sig nú undir að fullgilda hann. Fyrir Íslands hönd var samningur þessi undirritaður í London 1. ágúst 1967, og telur ríkisstj. nauðsynlegt og æskilegt, að hann verði fullgiltur af okkar hálfu sem fyrst.

Forsaga þessa máls er sú, að ráðstefna fiskveiðiríkjanna við Norður-Atlantshaf var haldin í London í apríl 1965 og öðru og þriðja sinni á árunum 1966 og 1967. Á ráðstefnunni í marz var gengið endanlega frá alþjóðasamningi þessum til undirritunar. Þátt tóku í ráðstefnum þessum eftirtalin lönd, auk Íslands: Belgía, Kanada, Danmörk, Frakkland, Sambandslýðveldið Þýzkaland, Írland, Ítalía, Luxemburg, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Spánn, Svíþjóð, Bandaríkin, Sovétríkin, Stóra-Bretland og Norður-Írland. Í sendinefnd Íslands á ráðstefnum þessum áttu sæti þeir Níels P. Sigurðsson, nú ambassador í Brüssel, Davíð Ólafsson, bankastjóri, þá fiskimálastjóri og Pétur Sigurðsson, forstöðumaður Landhelgisgæzlunnar.

Tildrögin til þess, að ráðstefnur þessar voru haldnar og samningurinn gerður, sem hér liggur fyrir Alþ., voru þau, að um langt árabil hefur verið í gildi samningur um eftirlit með fiskveiðum á Norðursjó, sem er frá 1882. Sá samningur var fyrir löngu orðinn úreltur og gildissvið hans þar að auki takmarkað við Norðursjó. Var talið, að nauðsynlegt væri að gera nýjan samning, sem tæki til fiskimiða alls Norður-Atlantshafsins, bæði austur- og vestur-

hluta þess og þar sem Evrópuríkin væru ekki aðeins aðilar, heldur einnig Bandaríkin og Kanada.

Markmið hins nýja samnings er, eins og ég hef sagt, í stuttu máli að tryggja góða reglu og eftirlit með fiskveiðum, sem fara fram á Norður-Atlantshafi. Er í samningnum ýtarlegar reglur um það að finna, að fiskiskip skulu fylgja alþjóðlegum siglingareglum við veiðar og fara eftir alþjóðlegum reglum um ljósmerki og skrásetningarmerki. Sérstakir eftirlitsmenn eiga að fylgjast með því, að samningnum sé framfylgt, og felast í honum ákvæði um gerðardóm milli ríkja, ef ágreiningur verður um framkvæmd greina hans.

Sex viðaukar fylgja samningnum, og er þar að finna ýtarleg fyrirmæli tæknilegs eðlis, um eftirtalin atriði: Um gildissvæði samningsins, um auðkenni og merkingu fiskiskipa og veiðarfæra, viðbótarmerki til notkunar á fiskiskipum, merkingu veiðarfæra, reglur um athafnir skipa og loks um hina opinberu eftirlitsmenn, sem gæta eiga þess, að ákvæðum samningsins sé framfylgt.

Sérstök ástæða er til þess að nefna, að í viðaukum þessum eru ýtarleg ákvæði um það, hvernig skuli merkja veiðarfæri, sem í sjó liggja, til þess að hindra spjöll á þeim, en það hefur verið alvarlegt vandamál hér við land, eins og kunnugt er. Má ætla, að með gildistöku samnings þessa verði auðveldara að koma í veg fyrir spjöll á veiðarfærum íslenzkra skipa og hægara að koma fram ábyrgð á hendur þeim skipum annarra þjóða, sem spjöllunum valda.

Að lokum skal tekið fram, að samningur þessi gildir fyrst og fremst utan fiskveiðilögsögunnar, en strandríkin sjálf skulu ráða framkvæmdinni innan fiskveiðilögsögu sinnar. Var það ákvæði tekið í samninginn samkv. till. íslenzku sendinefndarinnar á Lundúnaráðstefnunum þremur, sem undirbjuggu samninginn.

Þáltill. fylgir, eins og ég sagði, samningurinn bæði á ensku og íslenzku, en ég vil taka það fram, að þýðingin á svona sérhæfðu máli er ærið erfið, og þess vegna getur komið fyrir, að sumt í íslenzku þýðingunni eða einstaka atriði vil ég segja, geti orkað tvímælis, þó að til þýðingarinnar hafi verið fengnir hinir færustu menn. Hefur t. d. verið bent á eitt atriði í þýðingunni, sem sjálfsagt er að breyta, þegar þar að kemur. Ég geri ráð fyrir því, að málið fari til n., og þá mun ég koma þeirri brtt. á framfæri við hv. n., sem ég geri ráð fyrir, að verði utanrmn.

Ég vildi svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 108, n. 289).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 379).

---

5. Störf unglinga á varðskipum.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um störf unglinga á varðskipum [57. mál] (A. 76).

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa litlu till. Það er mín skoðun, að íslenzk æska þurfi að kynnast sem flestum þjóðnýtum störfum, sem unnin eru í þjóðfélagi hennar. Æskilegt er einnig, að hún taki þátt í þeim eftir því, sem aðstaða leyfir. Milli skólaæskunnar og athafnalífsins má aldrei myndast tómarúm vanþekkingar og áhugaleysis. Unga fólkið verður að skilja þýðingu hinna ýmsu starfsgreina, sem lífsafkoma landsmanna byggist á.

Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir til umr., er lagt til, að Alþ. skori á ríkisstj. að gefa allt að 30 unglingum á aldrinum 15 – 17 ára tækifæri til þess að vinna um borð í skipum Landhelgisgæzlunnar um þriggja mánaða skeið á hverju sumri. Skal tilgangurinn með þessari þjónustu vera sá að þjálfa unglingana í sjómennsku og kenna þeim jafnframt þau störf, sem unnin eru á vegum Landhelgisgæzlu og slysavarna við strendur landsins. Þess skal gætt við val umsækjenda um þessi störf, að þeir séu úr hinum ýmsu landshlutum.

Með till. þessari er í stuttu máli lagt til, að nokkrum unglingum skuli árlega gefinn kostur á að vinna að sumarlagi um borð í skipum Landhelgisgæzlunnar í því skyni að þjálfa þá í sjómennsku. Jafnframt eiga þeir að læra þau störf, sem unnin eru á vegum Landhelgisgæzlu og slysavarna við strendur landsins. Um það ríkir ekki ágreiningur, að því er ég hygg, að gagnlegt er, að slík kennsla og þjálfun fari fram. Í öllum landshlutum er þörf á, að sem flestir kunni til björgunarstarfa. Það er einnig hollt ungum mönnum að kunna nokkur skil á

hinum þýðingarmiklu störfum, sem unnin eru á skipum hinnar íslenzku Landhelgisgæzlu. Dvölin á sjónum og kynni af sjómennsku mundu einnig verða unglingunum heilsusamleg og herðandi. Eðlilegt væri að minni skoðun, að þeim yrðu greidd nokkur laun fyrir störf sín, t. d. allt að hálfum launum auk fæðis og einhverra vinnu- og hlífðarfata.

Það er skoðun flm. þessarar till., að hér sé um tilraun að ræða, sem vel sé þess verð, að hún sé gerð. Íslendingar eru fiskveiða- og siglingaþjóð. Stefna ber að því, að siglingar verði í framtíðinni atvinnugrein, sem dregur drýgri gjaldeyristekjur í þjóðarbúið en okkar litli farskipafloti gerir nú. Þess vegna er nauðsynlegt að örva áhuga ungra Íslendinga á siglingum og farmennsku. Dvölin um borð í varðskipunum gæti einnig haft holl uppeldisáhrif á unglingana. Kynnin af löggæzlustörfum varðskipsáhafnanna gætu glætt þegnlegan þroska og ábyrgðartilfinningu hinna ungu pilta. Landhelgisgæzlan annast vörzlu sjálfstæðis íslenzku þjóðarinnar. Það er skoðun flm., að æskilegt sé, að þeir, sem til þessara starfa ráðast, séu úr hinum ýmsu landshlutum.

Ég vil svo taka það fram, að ég hef haft samráð við forstjóra Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, um flutning þessarar till., sem er því meðmæltur, að þessi tilraun verði gerð og hefur rætt hana við nokkra skipherra sína, og mér er ekki kunnugt um annað en þeir telji þessa till. mjög vel framkvæmanlega og hyggilegt, að hún sé gerð.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög athyglisverð till., sem ég vil á engan hátt draga úr, að nái fram að ganga, að uppfylltu því, að athuguð verði viss atriði, sem ég vil aðeins drepa á, til þess að hv. n., sem málið fær til meðferðar, taki þau til athugunar.

Hv. flm. skýrði frá því, að rætt hefði verið við forstjóra Landhelgisgæzlunnar og nokkra skipherra gæzlunnar um þetta mál, og þeir hefðu ekki talið vandkvæði á því, að úr þessu gæti orðið. Ég held, að það sé hins vegar engum launung á, að í sambandi við okkar árferði til sjávar og lands, eru viss vandkvæði á vinnumarkaðinum og þ. á m. á atvinnusviðinu, og mín fyrsta ósk til n. er að athuga um það, hvort slík þjónusta við ungmenni eða unglinga gæti á nokkurn hátt orðið til þess, að fastamönnum á skipum Landhelgisgæzlunnar yrði fækkað. Í öðru lagi er ljóst, að nær helmingur launatekna þeirra, sem búa við samninga farmanna, — en það gera þeir undirmenn, sem vinna á skipum Landhelgisgæzlunnar, — er fenginn fyrir yfirvinnu. Ef einhver hópur unglinga kæmi um borð í slík skip og ætti að vinna þar þá vinnu, sem mjög æskilegt er, að þeir venjist og læri, sem sagt viðhald skipsins, mundi það þá ekki þýða um leið, að draga mundi úr þessum mjög lágu tekjum þeirra manna, sem þarna eru fyrir? Með þessum aths. er ég alls ekki að leggjast á móti því, að í slíkt verði ráðizt. Ég tel einmitt og tek undir það með flm., að það eru líklega fáir aðilar hér á landi í dag, sem gætu betur þroskað okkar unglinga, sem vildu ganga þá braut að leggja fyrir sig sjómennsku, að ég tali ekki um yfirmennsku á okkar flota, bæði verzlunarflota og fiskiskipaflota, að þeir fengju að stíga sín fyrstu spor í sinni sjómennsku á varðskipum ríkisins. Ég þekki það af eigin raun, að þar er bæði góður agi og góðir menn, sem stjórna til lands og sjós og ég mundi mjög mæla með því, að af slíku gæti orðið. En ég vil aðeins biðja hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hafa þessi tvö atriði, sem ég var hérna að drepa á, í huga, þegar málið kemur fyrir n.

Þar fyrir utan hefði ég haft mikinn áhuga á því, ef hæstv. menntmrh. hefði verið til staðar í hv. Sþ., að spyrja hann um, hvað liði framkvæmd síðari hluta þeirrar þáltill., sem ég flutti fyrir einum 7 eða 8 árum síðan, um endurskoðun l. um Stýrimannaskólann. Meðflm. minn að þessari till. var núverandi hæstv. sjútvmrh., Eggert G. Þorsteinsson. Þessi till. var samþ. Hún var ekki eingöngu um endurskoðun l. Stýrimannaskólans, — það atriði till. hefur þegar komið til framkvæmda, — heldur var hún einnig um stofnun sjóvinnuskóla, athugun og till. um, hvernig honum yrði bezt fyrir komið. Mér er ekki betur kunnugt en sú n., sem falið var að endurskoða l. Stýrimannaskólans, hafi skilað bæði áliti og till. að frv. til l. um væntanlegan sjóvinnuskóla. Um leið og við tölum um till. um skólaskip, sem alveg er hárrétt, eins og þegar hefur komið fram á þessu þingi hér í Sþ. og reyndar oft fyrr á Alþ., þá er ekki síður þörf fyrir okkur að koma upp sjóvinnuskóla. Ég ætla ekki að fara að rekja öll þau rök, sem fyrir eru um það, að slíkum skóla verði komið á stofn, en ætla mér þá kannske síðar rétt til þess að spyrjast fyrir um þetta atriði hjá hæstv. menntmrh.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég tel, að þær hugmyndir séu mjög góðra gjalda verðar, sem fram koma í þessari þáltill. Hins vegar finnst mér orðalag hennar nokkuð fortakslaust, og ég hygg, að eðlilegt væri, að það væri athugað nokkuð nánar í n. og þá beinlínis í framhaldi af þeim aths., sem fram komu hjá hv. síðasta ræðumanni. Hér er talað um, að Alþ. skori á ríkisstj. að gefa allt að 30 unglingum á aldrinum 15—17 ára tækifæri til þess að vinna um borð í skipum Landhelgisgæzlunnar um þriggja mánaða skeið á hverju sumri. Ef þetta er samþ. svona, þá er það bein ályktun Alþ. að skora á stjórnina að gera þetta. Mér finnst, að það ætti að nota tækifærið undir meðferð málsins í þinginu til þess að athuga nokkuð nánar í þingnefnd, með hverjum hætti væri hægt að koma slíku við, og áður en endanlega er gengið frá samþykkt till. Þarna kemur það til álita, sem hv. 10. þm. Reykv. benti á, hvaða áhrif slíkt kynni að hafa á kjör þeirra, sem fyrir eru á varðskipunum, eða vakir það fyrir mönnum, að hreinlega yrði þarna

um eins konar þátt af starfrækslu skólaskips að ræða, því að það gæti einnig komið til álita? Ef við treystum okkur til að reka einhvers konar skólaskip í þeirri veru, að unglingar væru á varðskipunum, sem óhjákvæmilega hefði beinan kostnað í för með sér, eru alveg á sama hátt uppi hugmyndir um sjóvinnuskóla.

Gert er ráð fyrir, að þeir hafi einhver laun fyrir þetta. Það getur vel komið til álita, en það fer náttúrlega mjög mikið eftir því, hvernig fyrirkomulag starfsins er hugsað. Í fyrsta lagi mætti athuga þetta, eins og ég segi, undir meðferð málsins í n. hér í þinginu. En auk þess geri ég ráð fyrir, að fyrir hv. flm. hafi einnig vakað, að kæmi þessi hugmynd til afgreiðslu hjá þinginu eða áskorun til stjórnarinnar, — að hann hefði þá e. t. v. hugsað sér, að þegar hún lægi fyrir, þá yrði gengið í að athuga, með hverjum hætti slíkt yrði framkvæmt. En það er nú ráðlegra, að mínum dómi, að huga nokkuð að því, áður en endanlega er gengið frá samþykkt till.

Eins og ég sagði í upphafi, þá er ég efnislega mjög meðmæltur till. og tel mikilvægar þær hugmyndir, sem hér er um að ræða, en þær eru sennilega nokkuð vandasamar í framkvæmd, og þarf að huga vel að því.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins segja það, að ég þakka hæstv. dómsmrh. og hv. 10. þm. Reykv. fyrir góðar undirtektir við þá hugmynd, sem liggur til grundvallar þessari till. Ég vil taka fram, að fyrir mér hefur aldrei vakað, að vist þessara 30 pilta um borð í varðskipunum yrði til þess að draga í nokkru úr launum eða rýra kjör varðskipsáhafnanna. Því fer fjarri. Ég vil einnig í tilefni af því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, taka það fram, að ég hef alveg fyllilega gert mér ljóst, að af samþykkt þessarar till. og framkvæmd hennar hlýtur að leiða nokkurn kostnað. Uppihald unglinganna um borð í skipinu og nokkur launagreiðsla til þeirra hefur í för með sér útgjöld. En ég tel það hins vegar nokkuð þýðingarmikið atriði, að þeim yrðu greidd nokkur laun, þó að einhver kunni að líta þannig á, að þarna sé um að ræða einhvers konar þegnskylduvinnu. Það er ekki fyrst og fremst það, sem fyrir mér vakir, heldur hitt, að unglingarnir kynnist hinum þýðingarmiklu störfum, sem Landhelgisgæzlan vinnur og hennar starfsmenn, að þeir kynnist sjónum og komist þar með í nánari snertingu við mjög mikilvægan þátt í íslenzku athafna- og þjóðlífi.

Ég hef ekkert á móti því að sjálfsögðu, að sem nákvæmust athugun og undirbúningur fari fram undir samþykkt till., og mér finnst sjálfsagt, að það sé leitað álits forstjóra Landhelgisgæzlunnar og fleiri aðila í því sambandi. T. d. fyndist mér eðlilegt, að haft yrði samband við Slysavarnafélag Íslands, sem þetta mál snertir, og sjómannasamtökin, eins og hv. 10. þm. Reykv. minntist á. Að öðru leyti vil ég segja, að hér er um ósköp einfalt mál að ræða og ákaflega auðvelt að koma þessu í framkvæmd eftir því, sem forstjóri Landhelgisgæzlunnar hefur sagt mér. Og raunar hefur það verið þannig, að á undanförnum árum hafa fáeinir piltar verið um borð í stöku varðskipi.

Hv. 10. þm. Reykv. minntist á skólaskip, sem er gömul og merkileg hugmynd, sem margsinnis hefur verið rædd hér á Alþ. En þessi hugmynd hefur aldrei verið framkvæmd í raun og veru. Reykjavíkurbær hefur að vísu haft merkilega forustu um sjóvinnunámskeið og útgerð á skipi í nokkrar vikur, sem unglingum hefur verið gefinn kostur á að vera um borð í og læra nokkuð til vinnubragða. Það er mjög virðingarverð tilraun og — ég játa — fyrsta stigið að stofnun og starfrækslu skólaskips, sem ég er sannfærður um, að í framtíðinni verður rekið í þessu landi, sem svo mikið á undir sjómennsku, farmennsku og útgerð komið. En aðalatriðið er, að þessi hugmynd fái byr undir vængi og sem fyrst verði hafizt handa um framkvæmd hennar, og ég treysti bæði Landhelgisgæzlunni og hæstv. dómsmrh. sem yfirmanni hennar til þess að sjá um, að svo verði.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 76, n. 355).

Frsm. (Ásgeir Pétursson): Herra forseti. Það er fámennt og góðmennt í salnum eftir að við misstum margar af þessum ágætu hjúkrunarkonum, sem hér voru áðan, en engu að síður er rétt að koma að máli, sem varðar ungmenni, en það er mál, sem allshn. Sþ. hefur fjallað um og hv. 2. þm. Vestf. flutti. Það er um störf ungmenna á varðskipum. N. var sammála um að mæla með því, að till. yrði samþ. Í till. gerir flm. ráð fyrir því, að ríkisstj. verði heimilað að veita allt að 30 ungmennum færi á því að starfa á varðskipum ríkisins um þriggja mánaða skeið á hverju sumri. N. leitaði umsagnar Landhelgisgæzlunnar um málið, og í svari hennar er málinu vel tekið, en greint frá því, að kostnaður við framkvæmdina muni nema um 1 millj. kr. Nm. líta svo á, að það sé unnt að þreifa sig áfram um þessa framkvæmd, þannig að það væri ekki nauðsynlegt að ráða þegar í stað frá öndverðu 30 manns í slíka þjónustu, heldur mætti vel hugsa sér, að það yrði byrjað með eitthvað færri ungmennum og síðan að sjálfsögðu reynt að byggja á þeirri reynslu, sem þannig fengist.

Þá kom fram í n. sú skoðun, að æskilegt væri að kanna, hvort ekki væri hægt að veita ungmennum sambærilega fyrirgreiðslu á öðrum sviðum atvinnulífs okkar, t. d. að veita ungmennum færi á því að þjálfa sig í ýmsum störfum á fiski- og kaupskipaflota landsmanna eða við iðju og iðnað eða landbúnað, og að sjálfsögðu koma þá fleiri svið athafnalífs okkar til íhugunar.

Það eru gamalkunn sannindi, að reynslan er

bezti skólinn, og þáltill. hv. 2. þm. Vestf. stefnir sýnilega að því að fylgja þroska og þekkingarstarfi fræðsluskyldunnar eftir með því að gefa ungmennum færi á því að leggja hönd á plóginn og kynnast einum af höfuðatvinnuvegum landsmanna af eigin raun. Þar á ég við sjómennskuna. Við störf á sjó læra þau að starfa undir stjórn hæfra manna, og það má sjálfsagt gera ráð fyrir því með sannindum, að forsenda þess, að menn læri að stjórna öðrum, sé einmitt fólgin í því að kunna að vinna skipulega undir stjórn reyndra manna, og þá er sennilega öllum hollt að kynnast nokkrum aga, ekki sízt ungmennunum, sem búa sig undir lífsstörf. Persónulega finnst mér aðalatriði þessa máls að veita piltunum færi á auknum þroska án tillits til þess, hvaða störf þeir hyggjast leggja fyrir sig síðar. Með öðrum orðum, að hér sé ekki beinlínis stefnt að því að þjálfa starfsmenn fyrir Landhelgisgæzluna, þó að vísu megi gera ráð fyrir því, að margir piltanna muni kjósa þau störf síðar meir á lífsleiðinni, heldur hitt að veita ungmennunum færi á því að kynnast mikilvægum þáttum atvinnuhátta okkar af eigin raun.

Ég leyfi mér þess vegna, herra forseti, fyrir hönd n. að leggja til, að þáltill. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 405).

6. Endurskoðun laga um meðlagsgreiðslur.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur [106. mál] (A. 137).

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. og 28. fundi í Sþ., 18. des. og 12. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er flutt um endurskoðun lagaákvæða um meðlagsgreiðslur, er flutt að beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga og hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um meðlagsgreiðslur í því skyni að gera reglur um þær einfaldari en þær eru nú. Verði stefnt að því, að endurskoðun þessari ljúki það tímanlega, að unnt verði að leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. frumvarp eða frumvörp til laga um þetta efni. Leitað verði samvinnu við Samband ísl. sveitarfélaga um endurskoðun þessa."

Með þessari till. fylgir allýtarleg grg., en þar kemur ljóslega fram, hver er ástæða Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir flutningsbeiðninni. Þar sem hv. þdm. hafa ugglaust kynnt sér grg., sé ég ekki ástæðu til að rekja hana nánar, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 137, n. 343).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft till. þessa til athugunar og varð sammála um að leggja til, að hún væri samþ. með smábreytingu, sem birt er á þingskjali 343. Allir voru viðstaddir afgreiðslu málsins nema einn, sem var utan borgar.

ATKVGR.
Brtt. 343 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 406).

7. Aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland.

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um undirbúning og aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland [158. mál] (A. 307).

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 62., 63., 64., 65. og 66. fundi í Nd., 10., 11., 13., 17. og 18. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 20. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Vestf. að flytja þáltill. á þskj. 307 um undirbúning og aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland. Í grg. með till. er getið um tilraunir, sem gerðar hafa verið s. l. 2 ár. Í þessari grg. er að vísu ekki getið um fyrri leiðangra, sem farnir hafa verið á Grænlandsmið, og að sjálfsögðu er öllum kunnugt um, að togarar okkar hafa um langt árabil nýtt miðin bæði við austur- og vesturströnd Grænlands og fengið þar góðan afla. En hafandi í huga, hver útkoman varð af síldveiðunum á s.l. ári, hafandi það ennfremur í huga, að allt útlit er fyrir, að mögulegt sé fyrir okkur að stórauka sölu á frosnum fiski til Bandaríkjanna og hafandi það einnig í huga, að skipafloti okkar, fiskiskipastóllinn, hefur breytzt og stækkað svo á undanförnum árum, að sókn á þessi mið er allt önnur en var með flota okkar fyrir nokkrum árum, 10—20 árum, virðist ekki aðeins vera nauðsynlegt, heldur sjálfsagt að kanna, hvort ekki megi ýta undir og aðstoða útgerðarmenn okkar í því að stunda þessar veiðar.

Þær tilraunir, sem gerðar voru í fyrra og hitteðfyrra, virðast sýna, að þarna sé grundvöllur fyrir starfrækslu nokkurs hluta fiskiskipaflotans og öll líkindi eru á, að geti gefið mjög góða raun, ef ytri aðstæður, svo sem hafís, hamla ekki veiðum á þessum miðum. Við bendum einnig á það í grg., að auðvitað sé ákaflega þýðingarmikið vegna okkar atvinnuástands, að af þessum veiðum gæti orðið. Það er enginn vafi á því, að bæði þessi skip og hugsanlega sérstök flutningaskip geta flutt þennan fisk ísaðan til hafna hér á landi, a. m. k. þeirra hafna, sem eru á vesturströnd landsins, og allir geta þá séð, hve mikil atvinnuupplyfting gæti orðið af þessu á þessum stöðum eftir að vetrarvertíð lýkur og fram á haust.

Í grg. bendum við á nokkur atriði, sem við viljum, að verði athuguð og könnuð. Við bendum m. a. á þá reynslu, sem þegar er fengin í þessu máli, og það er enginn vafi á því, að þeir, sem sendu skip sín, ekki aðeins í fyrra, heldur einnig í hitteðfyrra, búa yfir reynslu, sem sjálfsagt virðist að reyna að virkja þannig, að öðrum geti orðið til góðs. Og virðist sjálfsagt, ef þessi till. verður samþ., að leita einmitt fyrst og fremst til þeirra.

Ég þykist ekki þurfa að hafa fleiri orð um till. Málið er skýrt í grg., og þar eru tekin fram ýmis atriði, sem bent er á, að athuga þurfi. Það má kannske bæta við, að það gæti og verður sjálfsagt verkefni þeirra, sem málið verður falið, að það getur jafnvel verið sjálfsagt að kosta til þess að annaðhvort eitt af væntanlegum veiðiskipum verði styrkt til þess að hafa fiskileit með höndum eða sérstakt skip verði sent til þess. Það er enginn vafi á því, að ef um einhvern flota að marki væri að ræða á þessum miðum, gæti verið mikil hagkvæmni í því, að allur flotinn væri ekki að endaskellast um þessi stóru og miklu mið, heldur væri einu skipi eða jafnvel fleirum falið að stunda þessa leit.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til sjútvn. hv. deildar.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 22. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 307, n. 485).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 485, mælir sjútvn. hv. deildar með samþ. þeirrar till. til þingsályktunar, sem er á þingskjali 307, með þeirri breyt. einni, að fyrirsögn orðist þannig: „Till. til þingsályktunar um aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland.“ Eins og kemur fram í þáltill. og í grg. með henni, hefur síðustu tvö ár farið í vöxt, að fiskibátar hafa stundað veiðar að vori til á Grænlandsmiðum. S. l. sumar munu 15—20 skip hafa stundað þessar veiðar. Það má öllum vera ljóst, að eins og hagar til í útgerð okkar nú orðið, þá er það mikilvægt, að flotinn dreifist þannig, að það stundi ekki allur skipastóll okkar sams konar veiðar á sömu miðum. Síldin hefur brugðizt, svo sem mönnum er kunnugt, undanfarin ár, og nú orðið er það þannig, að stór hluti bátaflotans, sem áður gat með nokkuð góðum árangri stundað síldveiðar við Norður- og Austurland, getur ekki lengur sótt á þau mið, þar sem síldin hefur haldið sig undanfarin 2 ár. Þangað leita einungis stærstu skipin. Mörg skip af stærðinni frá 70 og upp í 250 tonn mundu þannig hafa lítil verkefni, eftir að vetrarvertíð lýkur, ef ekki væri m. a. sá möguleiki að stunda veiðar við Grænland á vorin og fram eftir sumri. Það er ekki eins langt á þau mið og á síldarmiðin norður í hafi, en samt sem áður er það svo, að þetta verða að teljast fjarlæg mið við okkar aðstæður. Það er nauðsynlegt, að þau skip, sem þangað sækja, fái ýmsa aðstoð, m. a. glöggar upplýsingar um veður, ís og fiskileit. Það er m. a. þetta, sem fyrir flm. þáltill. vakir, að gert sé. Sömuleiðis, að þeim flota, sem kann að safnast á þessi mið, sé séð fyrir ýmiss konar fyrirgreiðslu annarri, svo sem sjúkraflutningum eða læknishjálp eftir atvikum og viðgerðarþjónustu eftir því, sem við verður komið.

Það fer að sjálfsögðu eftir því, hvernig veiðin er hér á heimamiðum og hvað hún helzt lengi fram eftir vori, hvenær á þessum veiðum er byrjað. Það fer líka eftir því, hvernig ísinn hagar sér á miðunum, og það er mjög mikilvægt allt, sem hægt er að gera til þess að greiða fyrir þessari útgerð með upplýsingaþjónustu um þessi atriði. Einnig þarf að athuga, á hvaða hátt á að reikna aflaverðmæti þeirra skipa, sem þessar veiðar stunda, ef til þess kemur, að þau þyrftu að leita til Aflatryggingasjóðs um bætur. Sjútvn. er sammála flm. till. um, að allt

þetta þurfi nánari athugunar við og mælir þess vegna með tillgr. óbreyttri.

Ég skal geta þess, að ég spurðist fyrir um það hjá Fiskifélagi Íslands í gær, hvort þar lægi fyrir yfirlit um þessar veiðar frá árinu í fyrra og hitteðfyrra, en svo er ekki. Fiskifélagið hefur ekki og gat ekki gefið mér upplýsingar um tölu skipanna, sem höfðu stundað þessar veiðar, og heldur ekki, hvað mikinn afla þau höfðu fengið, en það er augljóst, — það vita menn af fréttum — að skipin, sem þarna voru, bæði í fyrra og hitteðfyrra, fengu oft mjög góðan afla, og í 1. hefti Ægis frá 1968 er sagt frá árangrinum af fyrstu ferðunum, sem línuveiðarinn Þrymur BA 7 fór til A.-Grænlands vorið 1967. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef nú haldið, að maður hafi stundum séð fisk á mælunum, þegar verið var að leggja ofan í lóðningar á Breiðafirðinum í aflahrotu, en það er aðeins brot af þeim feiknadyngjum, sem fram komu á mælinum hjá mér í síðustu veiðiferð."

Þannig fórust skipstjóranum á m.b. Þrym BA 7, frá Patreksfirði orð, er hann kom úr einni veiðiferðinni af línuveiðum við A.-Grænland s. l. vor.

Hinn 29. apríl s.l. lagði mótorbáturinn Þrymur BA 7 úr höfn frá Patreksfirði til veiða með netum við A.-Grænland, en lítill árangur varð af þeirri veiðiferð, og var þá ákveðið að reyna línuveiðar. Hinn 10. maí er svo haldið af stað frá Patreksfirði í fyrstu veiðiferðina með línu við A.-Grænland, og hinn 16. júní, að lokinni 3. veiðiferðinni, var aflinn um 180 tonn af slægðum fiski með haus. Eftir fyrstu veiðiferð mótorbátsins Þryms var ákveðið að senda mótorbátinn Þorra ÞH 10, og lagði hann upp í fyrri veiðiferð sína frá Patreksfirði þ. 20. maí, og var aflinn, að lokinni veiðiferð, sem lauk 31. júní, um 130 tonn slægður fiskur með haus.

Þó að aflinn á línuveiðum væri góður, þá var heildarúthaldstíminn of stuttur, ýmsir byrjunarörðugleikar og ókunnugleiki á veiðisvæðinu það mikill, að rekstrarafkoma af þessum veiðitilraunum var í heild léleg. Aftur á móti hefur fengizt allgóð reynsla og þekking á öllum aðstæðum þarna, og talið er öruggt, að hefja megi veiðar við A.-Grænland um miðjan apríl og stunda þær fram eftir öllu sumri, jafnvel fram að síldveiðum, miðað við að síldin komi á miðin hér við land í ágúst, og væri þá viðunandi verkefni fundið fyrir stærri bátana allt árið."

Þannig segir í 1. hefti Ægis 1968 frá veiðitilraununum 1967, en eins og ég sagði áðan, þá liggur því miður ekki fyrir yfirlit um veiðina á s. l. ári, en þá voru miklu fleiri bátar gerðir út á Grænlandsmið en árið áður, og var afli þeirra, a. m. k. á köflum, mjög góður. Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en ég vænti þess, að þáltill. fái góðar undirtektir í hv. deild, eins og hún hefur fengið í sjútvn. deildarinnar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 485 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 532), með fyrirsögninni:

Þál. um aðstoð við fiskiskip, sem stunda veiðar við Grænland.

8. Athugun á auknum siglingum.

Á 50. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á auknum siglingum [147. mál] (A. 274).

Á 55. fundi í Nd., 25. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 57. fundi í Nd., 27. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 274 till. til þál. um athugun á auknum siglingum. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstj. að skipa þriggja eða fimm manna nefnd til athugunar á, hvort mögulegt sé og hagkvæmt fyrir Íslendinga að koma sér upp auknum skipastól til vöruflutninga milli erlendra hafna til atvinnuaukningar og gjaldeyrisöflunar. Ef svo telst, skal n. athuga sérstaklega, eftir hvaða leiðum því yrði helzt við komið, og þá einnig, hvaða stærð skipa væri talin arðvænlegust og bezt henta."

Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, hefur gjaldeyrisöflun þjóðarinnar á undanförnum árum og allt frá fyrstu að segja má byggzt nær eingöngu á útflutningi sjávarafurða. Er talið, að útflutningur sjávarafurða nemi milli 90—95% af útflutningi landsins. Það sem oft hefur valdið nokkrum erfiðleikum í sambandi við þá aðstöðu, sem Íslendingar eru í, að byggja gjaldeyrisöflun sína nær eingöngu á einum atvinnuvegi, eru þær sveiflur, sem oft og alltaf verða öðru hverju í aflabrögðum og verðlagi sjávarafurða á erlendum mörkuðum. Ég hygg, að það efnahagsfrv., sem fram var sett árið 1960 og þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar, hefðu orðið til þess að skapa nokkurt jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar, ef ekki hefðu komið til sveiflur, fyrst upp á við og síðan aftur niður á við, í sambandi við minnkandi afla og verðfall sjávarafurða á erlendum markaði. Meðan sveiflan gekk upp á við, meðan aflaaukning átti sér stað og verð á erlendum markaði hækkaði á sjávarafurðum, var þetta að

sjálfsögðu minni vandi við að ráða, því að þá fór fram skipting aukinna þjóðartekna í nokkuð eðlilegu hlutfalli á milli atvinnuveganna og launþega annars vegar. Þegar það aftur átti sér stað á miðju ári 1966, að verðfall varð á erlendum mörkuðum á sjávarafurðum, sem hélzt út allt það ár og árið 1967 og mestan hluta ársins 1968, þá skapaðist auðvitað verulegur vandi, því að þá var um minni þjóðartekjur að ræða en áður hafði verið og erfiðara fram úr því að komast og hafði vissulega mjög truflandi áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar í heild, sem leiddi til þess, eins og kunnugt er, að gengi íslenzku krónunnar var breytt, til þess að sjávarútvegur og fiskiðnaður gætu haldið áfram með nokkuð eðlilegum hætti.

Þegar litið er á, að Íslendingar hafa á undanförnum áratugum verið að byggja það upp, sem kallað er nútíma þjóðfélag, og sambærilegt því, sem þekkist annars staðar meðal nágrannaþjóða okkar og sennilega mun betra að sumu leyti en annars staðar þekkist, segir það sig sjálft, að óhjákvæmilegt mun reynast að renna fleiri stoðum undir þjóðartekjur og gjaldeyrisöflun en nú er, enda hefur verið að því stefnt, og má benda á aðgerðir stjórnvalda og Alþ. í því sambandi, bæði virkjun Þjórsár við Búrfell og, í framhaldi af því, álbræðsluna í Straumsvík, sem gert er ráð fyrir, að auki þjóðartekjur, veiti nokkurt atvinnuöryggi og auki einnig gjaldeyristekjurnar. Þá má einnig benda á í þessu sambandi þá athugun, sem fram fer á því, hvort hagkvæmt muni reynast að stofna til stórfellds efnaiðnaðar, er byggðist á jarðefnum og gufuorku á Reykjaneskaga, og einnig hugmyndina um olíuhreinsunarstöð.

Ég tel, að sú till., sem hér liggur fyrir, stefni í þá átt, að athugað verði, hvort Íslendingar hafi möguleika á því og það sé þeim hagkvæmt til atvinnuaukningar og gjaldeyrisöflunar að koma hér á auknum siglingum eða koma á auknum siglingum milli erlendra hafna. Það er vitað, að aðrar þjóðir og þjóðir okkur náskyldar, eins og t. d. Norðmenn, hafa um langan aldur byggt nokkurn og ég vildi segja verulegan hluta af gjaldeyrisöflun sinni á þessari leið. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að nefna nokkrar tölur í þessu sambandi, því að ég hygg, að það sé um það háar tölur að ræða hjá þeim í sambandi við siglingar á erlendum vettvangi, að það mundi ekki gefa rétta mynd af þeirri hugmynd, sem a. m. k. ég er með í huga í sambandi við auknar siglingar okkar. En hitt er staðreynd, sem alkunn er, að þetta er leið hjá mörgum öðrum þjóðum til þess að afla sér aukins gjaldeyris og til þess að byggja upp, að talið er, nokkuð öruggan atvinnuveg.

Íslendingar hafa frá fyrstu tíð, frá því að land var numið, verið siglingamenn og taldir sjófarendur góðir, og hygg ég, að svo megi segja um íslenzka sjómenn enn í dag, að þeir mundu vissulega verða til þess hæfir að taka að sér það verksvið, sem þessi till. gerir ráð fyrir. Íslendingar hafa á öðrum vettvangi getið sér nokkurn orðstír, en það er í sambandi við það átak, sem forsvarsmenn og framámenn Loftleiða h. f. hafa unnið á undanförnum árum. Íslendingar eru á þeim vettvangi — í loftsiglingum — orðnir nokkuð hlutgengir meðal annarra þjóða, og hafa þeir vissulega sýnt þar lofsvert framtak, sem hefur orðið til þess að auka hróður Íslands meðal annarra þjóða, og hygg ég, að einmitt þetta atriði sé mjög sterk ábending um það, að Íslendingar gætu einnig með siglingum farskipa staðið sig og verið samkeppnisfærir við aðrar þjóðir. Ég tel ekki nokkra ástæðu til að ætla annað en svo mætti verða, og við eigum vissulega dugandi sjómannastétt til þess að ráða við þann atvinnuveg ekki síður en Íslendingar hafa sýnt á undanförnum áratugum, að þeir standa öðrum þjóðum ekki að baki í sambandi við fiskveiðar, nema síður sé, þar sem sú staðreynd mun liggja fyrir, að afli á hvern sjómann hér á landi er mun meiri en annars staðar þekkist og — að ég hygg — einna hæstur að því er vitað er um nokkurs staðar hjá öðrum þjóðum.

Þá kemur spurningin um það, sem eðlilegt er, að fram komi, hvaða rekstrarfyrirkomulag ætti að viðhafa við slíkan atvinnuveg, eins og hér er gert ráð fyrir. Ég tel, að þar komi til greina fleiri en ein leið. Það er vitað, að Íslendingar eiga nú þegar nokkurn skipastól til vöruflutninga, og á ég þar aðallega við Eimskipafélag Íslands, sem er orðið gamalt félag og ætti vissulega að hafa bæði reynslu og þekkingu á þessu sviði. Ég tel, að einnig kæmi mjög til greina stofnun almenningshlutafélags í sambandi við þetta mál. Þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað á sínum tíma má segja, að það hafi verið stofnað eftir þeirri hugmynd, sem menn hafa nú um almenningshlutafélag, þar sem hlutafjár var leitað um land allt og þátttaka í stofnun þess mjög almenn, ekki einasta hér í Reykjavík, heldur víða og víðast um land. Sú leið hefur vissulega gefið góða raun. Eimskipafélag Íslands hefur frá fyrstu tíð verið traust og mjög gott fyrirtæki, og hygg ég, að svo geti enn farið. Ef ráðizt yrði í stofnun hlutafélags á þeim grundvelli um rekstur skipastóls til vöruflutninga milli erlendra hafna eða flutninga á erlendum vettvangi eins og benda má á, að Loftleiðir byggja sinn rekstur nú orðið á, þar sem þeir annast flutninga að langmestu leyti á erlendum farþegum þjóða og heimsálfa á milli, þá koma að sjálfsögðu einnig til greina einkaaðilar, í hvaða formi, sem það yrði, hvort það yrði um þrengri hlutafélög að ræða eða einstaklinga, sem fjármagn kynnu að hafa og vildu leggja í slíkan atvinnuveg eða fjármagn gætu útvegað til skipakaupa. En ef þetta ætti að vera í nokkrum verulegum mæli, er það fyrir fram vitað, að það útheimtir verulegt fjármagn, og spurningin er þá, hvort Íslendingum er kleift að fjármagna slíkt fyrirtæki og þá einnig, eftir hvaða leiðum það yrði gert. Ég hygg, að hér sé um það stórfellt eða mundi verða um það stórfellt fyrirtæki að ræða, ef talið væri hagkvæmt að ráðast í það, að stjórnvöld og Alþ. yrðu þar að koma til greina í sambandi við útvegun fjármagns, lántökur erlendis og einnig í sambandi við ríkisábyrgðir. Ég hygg, að þetta sé

stærra mál en svo, að einstaklingar eða samtök einstaklinga mundu við það ráða, nema til kæmi verulegur stuðningur ríkisvaldsins bæði í sambandi við útvegun fjár og eins í sambandi við nauðsynlegar ábyrgðir.

Ég skal nú ekki og tel ekki þörf á að hafa um þetta lengri framsögu. Till. fylgir allýtarleg grg., en ég tel, að þetta mál sé mjög þess virði, að það sé athugað mjög gaumgæfilega, hvort það gæti talizt hagkvæmt fyrir Íslendinga að stofna til slíks atvinnurekstrar sem hér er lagt til, að gert verði. Ég undirstrika það, sem ég hef áður sagt, að fyrir liggur óvefengjanlega, að hjá öðrum þjóðum – þarf ekki stórar þjóðir til – hefur þessi atvinnugrein þróazt nokkuð og verulega hjá sumum þeirra á undanförnum árum og er orðin snar þáttur í atvinnulífi þeirra og gjaldeyrisöflun. Ég sé ekkert, sem mælir því mót, að þetta geti eins orðið hjá okkur Íslendingum, ef við á annað borð teljum okkur ráða við það fjárhagslega að koma upp nægilega stórum skipastól, til þess að þessi atvinnuvegur gæti haft veruleg áhrif eða einhver áhrif á atvinnulíf hér á landi og gjaldeyrisöflun.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að umr. um málið verði frestað og till. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 22 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 81. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 274, n. 513).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 561).

9. Rannsóknir á málmvinnslu á Austurlandi.

Á deildafundum 9. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsóknir á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi og undirbúning stóriðju á Reyðarfirði [101. mál] (A. 127).

Á 19., 24. og 28. fundi í Sþ., 11. og 18. des. og 12. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Samkvæmt landnámssögu okkar hófst byggð í þessu landi á þann veg, að landnemarnir settust að um allt land frá strönd til dala. Þeim var þá strax ljóst, að undirstaða búsetu í landinu voru náttúrugæði þess, og þau varð að nýta. Það varð ekki gert og verður ekki gert, nema með búsetu um allt land. Í þær tæpar 11 aldir, sem liðnar eru frá upphafi Íslandsbyggðar, hefur íslenzk þjóð lifað í landi sínu með búsetu um það allt. Landið frá strönd til dala, fyrir sunnan og norðan, austan og vestan, hefur með kostum sínum og göllum gert Íslendinga að þjóð. Það er þessi íslenzka þjóð, sem við teljumst til, sem við erum að leitast við að vinna fyrir. Við kennum þess með klökku stolti að vera Íslendingar. Og það er sú kennd, sem knýr á mig að verja kröftum mínum á þann veg, að aldrei rofni tengsl þjóðar við landið allt. Því er það mikilvægt, að eftir því, sem hlutur iðnaðar vex í atvinnumálum þjóðarinnar, sé fyrst og fremst leitazt við að hagnýta þær verðmætalindir, sem finnast kunna í fórum landsins. Og til þess að treysta búsetuna sem jafnast um landið þarf ekki sízt, eins og nú stendur á, að gefa gaum að verðmætum, sem finnast kunna í hinum fábyggðari hlutum landsins, eins og t. d. austanlands, og þeim möguleikum, sem eru til iðnaðarframleiðslu þar.

Þessi þáltill., sem ég hef flutt á þskj. 127, er fram borin á grundvelli þeirrar þjóðfélagshugsunar, sem ég hef hér lýst. Þær rannsóknir, sem bent er á í fyrri hluta till., eru um jarðefni, sem frumrannsóknir hafa bent til, að gefa ætti gaum.

Um alllangt skeið hafa farið fram rannsóknir á biksteini í Loðmundarfirði. Þetta mál var rætt hér fyrir fáum dögum, þegar hæstv. iðnmrh. svaraði fyrirspurn frá mér um þetta efni, og hann lýsti því þá yfir, að rannsóknum yrði haldið áfram á þeim verðmætum, sem þarna væri væntanlega um að ræða. Og því er heldur ekki að leyna, að biksteinninn í Loðmundarfirði er mjög mikilvægt mál, fyrst og fremst fyrir Austurland, en einnig fyrir þjóðina alla mætti hann verða að verðmæti, sem við gætum flutt úr landi.

Rannsóknir á koparmagni í Svínhólalandi í Lóni hafa nokkrar farið fram nú þegar, og samkvæmt upplýsingum, sem Þorleifur Einarsson jarðfræðingur hefur gefið, hefur fundizt koparmagn í einstökum sýnishornum, sem hann telur, að sé tvöfalt meira en talið er þurfa til þess að vinnsla borgi sig, þ. e. a. s. ef slíkt kopargrýti hefði nægilega útbreiðslu. Þar liggur næsta verkefnið í rannsóknum á þessari koparnámu – að kanna útbreiðslu efnisins. Alþ. hefur nú þegar – við afgreiðslu fjárl. fyrir jólin – samþ. nokkra fjárveitingu í þessu skyni, og það liggur fyrir, að fjárhagsaðstoð fæst erlendis frá til þess að vinna að þessari rannsókn. Kopar er mjög verðmætur málmur, og má binda miklar vonir við þessi verðmæti í Lóni, ef útbreiðslan er nægileg. Það má einnig vera, að fleiri málmar kunni þar að finnast. Og ég vil minna hér á, að Einar frá Hvalnesi trúir á gullið í Hvalneslandi. Og hver veit, hvað kemur í ljós? Við könnumst við, að trúin flytji fjöll og margt gott mætti leiða af hetjuskap og bjartsýni Einars frá Hvalnesi.

Í þáltill. er bent á rannsóknarefni, þar sem er járnmagn í söndunum við Héraðsflóa og Hornafjarðarfljót. Eðlilegt er, að spurt sé, á hvaða röksemdum séu byggðar till. um slíkar rannsóknir, og vil ég þess vegna gera því máli nokkru nánari skil. Ég vil þá fyrst minna á, að þegar Jón Jónsson á Hvanná var alþm. fyrir N.-Múlas., kom hann í gegn löggjöf um einkaleyfi til járnvinnslu á Héraðssöndum. Þessi l. eru nr. 70 frá 3. nóv. 1915: „Um heimild til að veita einkarétt til að hagnýta járnsand." 1. gr. fyrri málsgr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Ráðherra heimilast að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði og Þórarni Böðvari Guðmundssyni á Seyðisfirði einkarétt um 50 ár til að hagnýta sér á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (vulkaniksand) fyrir innan landhelgislínu á Héraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lægsta fjöruborð."

Á 25. fundi Nd., 5. ágúst 1915, var útbýtt frv. um heimild til að hagnýta járnsand, fyrst og fremst við Héraðsflóa. Þetta frv. kom til 1. umr. í Nd. laugardaginn 7. ágúst. Flm. var Jón Jónsson á Hvanná, eins og áður segir, og fleiri alþm. Í þeirri framsöguræðu, sem hann flutti, komu fram ýmsar upplýsingar. Sumarið áður, 1914, hafði verið enskur maður, Lambert að nafni, á ferð um Fljótsdalshérað í leit að járnsandi, og fann hann járn í sandi við Jökulsá, sem hann taldi vera allálitlegan. Það hafði verið athugað um eignarhald á landi með hafnargerð við Unaós fyrir augum, jafnvel leigu á hálfum Lagarfossi til aflstöðvar. Enskt félag hugðist vinna sandinn og hagnýta, og talið var, að hraða þyrfti málinu. Þá varð að ráði að veita tveim Íslendingum — eða gerð till. um það — að veita tveim Íslendingum einkaleyfið, og stofnfé þessa félags átti að vera 3 millj. sterlingspunda. Sandinn átti að soga upp úr sævarbotni með dælum, en þetta enska „firma" var þá hið eina, er hagnýtti sand á þennan hátt. Upplýsingar um þetta enska félag var talið, að hægt yrði að fá hjá Bank of London og Bank of England, og fyrirhugaðar framkvæmdir voru miðaðar við Héraðsflóa og áformað að flytja út 1 millj. lesta af sandi. Sýnishorn af sandinum, sem hafði verið rannsakað af Ásgeiri Torfasyni efnafræðingi, sýndi sig að hafa að innihaldi 13.8% járn. Það var tekið á landi, en talið líklegt að mundi vera dálítið meira í sandinum, sem var í sjó. Þetta mál fékk ekki hlýlegar móttökur hjá öllum, en var þrátt fyrir það lögfest.

Ég hef rakið þetta hérna og vil minna á þetta, vegna þess að mér finnst, að þarna komi fram skemmtileg og lofsverð framsýni hjá Jóni á Hvanná og kjarkur og manndómur.

Í bókinni Náttúra Íslands, sem gefin var út af Almenna bókafélaginu fyrir nokkrum árum, er m. a. ritgerð eftir Tómas heitinn Tryggvason jarðfræðing um járnvinnslu hér og líkur á járnnámi. Hann segir þar, með leyfi hæstv. forseta: „Sums staðar við strendur landsins er fjörusandurinn nokkru ríkari af járni heldur en annað berg. Gerðar hafa verið tilraunir til þess að vinna járnið úr sandinum, en ekki hafa þær heldur borið svo góðan árangur, að unnt sé að binda við þær vonir um íslenzka járnvinnslu á nýjan leik."

Þannig komst hann þar að orði, en áður hafði hann rætt nokkuð um hina fornu járnvinnslu, rauðablásturinn. Segja má, að þetta sé ekki til þess að glæða vonir um, að hægt verði að hefja járnvinnslu, en þessu hefur verið haldið vakandi, og nú fyrir skömmu síðan hefur verið safnað sýnishornum af Héraðssöndum af áhugamanni og send bandarísku stálfirma, United States Steel, til rannsóknar. Þessi sýnishorn voru tekin á tvennan hátt. Annars vegar upp og ofan sandurinn, og hins vegar var tekið aðeins það, sem segulstál dró til sín, — það, sem tolldi við það. Við efnarannsókn á sandinum kom í ljós, að sýnishornin, sem tekin voru upp og ofan, innihéldu um 8—11% járn, en sýnishornin, sem voru tekin með segulstáli, innihéldu hins vegar frá 22—30%. En í sýnishornunum reyndist einnig vera mikið af öðrum málmi, þ. e. títan, allt upp í 8% og niður í 1—2%. En það er talið, að mikið magn af títan torveldi mjög vinnslu járnsins, en það er þó rétt að benda á, að títan er einnig mjög verðmætur málmur.

Fleira kann að koma til, sem rannsaka ætti og mætti verða til eflingar atvinnulífi á Austurlandi. Ég vil benda á skeljasandinn, sem mun vera víða við Austurland, t. d. við Djúpavog. Á nesinu austur af þorpinu er svonefndi Hvítisandur, en það er hreinn skeljasandur, sem aldan skolar þar í flæðarmál og hægt er að moka upp á þurru á fjöru. Einn af ráðunautum Búnaðarsambands Austurlands tók t. d. í nokkra poka þar s.l. sumar í því skyni að prófa hann til jarðvegsbóta, en e. t. v. er hann helzt til grófur óbreyttur. Það þarf að kanna magn skeljasandsins fyrir austan, því að ýmislegt kemur til greina með nýtingu hans, m. a. til jarðvegsbóta, þar sem það ætti við, og enn fremur kynni að mega nota hann fínmalaðan sem kalkgjafa í steinefnablöndu handa búfé. Björn Jóhannesson jarðvegsfræðingur, sem nú starfar í Ameríku, var á ferð hér heima um jólin og hélt því fram við mig, að skeljakalkið mætti nota með ágætum árangri sem kalkgjafa í steinefnablöndur, sem er mikilvægasti þáttur þeirra. Það er gömul reynsla fyrir gildi skeljasands handa hænsnum til þess að styrkja skurn eggja.

Ýmislegt fleira mætti minna á, sem þarf meiri rannsókna við. Ég vil minna t. d. á þaravinnslu og þangs. Hún er nú í undirbúningi, sérstaklega á Reykhólum, en t. d. á Breiðdalsvík fyrir austan er einnig mikið um þara, og á s.l. hausti var gerð þar tilraun með þaravinnslu í síldarverksmiðjunni, og var þar framleitt nokkuð af þaramjöli. Þetta var nú ekki nema lítil tilraun, en það sýndi sig þó, að þetta er hægt og raunar tiltölulega auðvelt til þess að gera að nota a.m.k. litlar síldarverksmiðjur í þessu skyni og þyrfti að gera þarna frekari tilraunir með slíka vinnslu.

Í þessu sambandi vil ég einnig minna á gasið við Lagarfljót. Það hafa verið gerðar nokkrar rannsóknir á því, sem bentu til þess, að hér væri ekki um

djúpgas að ræða. En ég held, að það sé ekki fullkannað, að þarna geti ekki veruleg verðmæti leynzt undir. Norðlægar slóðir eru sífellt að verða meira og meira rannsóknarefni einmitt í þessum efnum, t. d. hvað olíu snertir, eins og t. d. Svalbarði og svo einnig vestan við Grænland. Ég hef að vísu nýlega séð haft eftir Sigurði Þórarinssyni jarðfræðingi, að þau svæði væru eldri jarðfræðilega séð en Ísland og þess vegna kannske minni líkur fyrir þessu hér. En ég held þó, að ekki sé rétt að glata öllum vonum um, að það kunni að vera hér um einhver verðmæti að ræða. Hitt má telja nokkuð víst, að það verði a. m. k. í bráð okkur Íslendingum ofraun að framkvæma stórfelldar rannsóknir á þessu sviði og yrði því að koma til samninga við erlend félög, til að frekari rannsóknir mætti framkvæma í þessum efnum.

Í niðurlagi þáltill. er lagt til að hefja nú þegar undirbúning stóriðju á Reyðarfirði. Ég varð þess nokkuð var, eftir að till. kom fram, að nokkur tilhneiging var að hafa þessa málsgr. í flimtingum. Hún þótti eitthvað fjarstæðukennd. Ég kippi mér nú ekki upp við það. Stóriðju verður aldrei komið á fót nema stórhugur standi að baki. En einhlítur er hann náttúrlega ekki. Ég vík að því í grg., að ég hafi ekki sízt í huga álbræðslu eða — og ekki síður — að vinna úr áli, t. d. því, sem framleitt verður í Straumsvík. Annars sá ég það nýlega einhvers staðar, að aukning á notkun áls væri gífurleg í veröldinni og mundi að líkindum tvöfaldast á 10 ára bili. Má því vera, að enn verði leitað eftir aðstöðu fyrir slík iðjuver hér og um leið sé ástæða til að leita eftir því hjá erlendum aðilum, hvort þeir hafi ekki áhuga fyrir að koma hér upp frekari stóriðjuverum á þessu sviði. En í sambandi við þetta mál, — a. m. k. álvinnslu í svipuðum stíl og er í Straumsvík, — þá er spurningin um orku meginatriðið. Mun ég koma lítið eitt að því máli síðar. En hitt er augljóst að hafa það meginsjónarmið, ef möguleikar verða á fleiri álverksmiðjum, að dreifa þeim um landið til þess að styðja byggðina sem víðast. Og ég hef nefnt Reyðarfjörð vegna þess, að hann hefur að minni hyggju einna bezt skilyrði austanlands og er þá metið út frá m. a. hafnaraðstöðu, sem að vísu er ágæt miklu víðar, en einnig og ekki síður vegna landrýmis og svo þess, að hann liggur sunnarlega, og ísahætta er þar þess vegna minni. En ef ekki verður um möguleika til álbræðslu að ræða, m. a. af orkuástæðum, kemur til álita með vinnslu úr áli, hrááli, eins og það er nefnt. Og þar getur líka verið um stóriðju að ræða eða þá iðju í smærri stíl. En aðalatriðið er að taka þetta rannsóknarefni föstum tökum, ekki með spotti eða vantrú, heldur einbeitni og einbeittum vilja til að sigrast á öllum erfiðleikum, sem mannlegur máttur má ráða við, taka á því með einbeittum huga þess ásetnings að byggja traustar undirstöður mannlífs í öllum fjórðungum landsins, við landbúnað, sjávarútveg og iðnað, — sem fer vaxandi í þjóðfélaginu, — og þjónustustörf, sem líka vaxa við meiri framleiðslu og fjölbreytni.

Ég er sannfærður um, að með festulegri framkvæmd á þessari þáltill. fæst varanlegur árangur, t. d. í biksteinsvinnslu, í vinnslu kopars, járns og e. t. v. fleiri málma og í álframleiðslu eða úrvinnslu úr áli — í einhverju þessa, ef ekki á öllum þessum sviðum.

En í sambandi við stóriðju eru, eins og ég sagði áðan, orkumálin meginatriði. Það er kunn sú saga, að ég held, m. a. flestum alþm., að það skortir raforku á Austurlandi. Það er að vísu sæmilega séð fyrir henni í augnablikinu með dísilvélum, en það þarf ekki að fjölyrða um, að það er ekki framtíðarlausnin í orkumálum okkar. Eins og stendur er höfuðbaráttumálið fyrir austan að fá virkjun í Lagarfljóti. Þar er að vísu ekki um svo stóra virkjun að ræða, að hún mundi leysa orkuþörf fyrir álbræðslu í líkum mæli og t. d. verksmiðjuna í Straumsvík eða jafnvel þó að hún væri ekki nema hálfu minni. Þar yrði til að koma annað og stærra orkuver. Því var skotið að mér í sambandi við flutning þessarar þáltill. með áskorun um að undirbúa stóriðjuna, hvort ég mundi ekki e. t. v. með því bregða fæti fyrir þetta óskamál okkar fyrir austan — að virkja Lagarfljót. Ég held, að það sé fjarri því, að það hafi neikvæð áhrif á það mál.

Ég hef lagt mig fram að undanförnu að kynna mér virkjunarmálin, og ég fæ ekki annað séð, en að það sé í raun og veru mjög einfalt mál að taka ákvörðun um virkjun í Lagarfljóti. Ég skal draga fram hér nokkur höfuðatriðin, sem ég byggi þessa skoðun á.

Ég hef oft sagt, að það séu fjögur meginatriði, sem við lifum á í landinu og megi tilgreina þau í fernu lagi: 1. Moldin, 2. fiskimiðin, 3. vatnsorkan og 4. jarðhitinn. Þetta eru höfuðþættirnir. Vatnsaflinu breytum við í raforku, en eins og öllum er ljóst, er raforkan sífellt vaxandi stærð í öllu okkar lífi, — hlutfallslega stærri með hverju ári vegna tækniframfara, sem krefjast raforku. Og við vitum, að Ísland getur breytt feikimikilli vatnsorku í raforku. En vatnsföllin eru misjafnlega hagstæð. Það eru tveir höfuðkostir vatnsfalls, annars vegar mikil orka og hins vegar og ekki síður jöfn orka. Höfuðvandinn, sem víða er við að stríða, er of mikill breytileiki í vatnsmagni.

Það eru nokkrir staðir hér á landi, sem bera af um hagkvæmni vegna öruggs rennslis. Í mínum huga eru þrír fremstir, þ. e. Sogið, Laxá og Lagarfljót. En jafnvel þessir staðir geta verið dálítið mismunandi. Það er mest um vert að geta sett orkuverið þannig, að vatnsinntakið sé beint úr lygnu í stórri uppistöðu. Þetta mun vera svo með efsta orkuver Sogsins og svo við Lagarfoss í Lagarfljóti. Í þessu felst nær alger vörn gegn ístruflunum, sem er ómetanlegur kostur. Enn má nefna, að bæði Mývatn og Þingvallavatn eru með vatnsforða háð úrkomumagni umhverfisins. Mörg þurr ár í röð kunna að geta dregið úr vatnsmagni og miðlunarhæfni og þar með orkuvinnslu. En þetta á ekki við um Lagarfljót. Að því fellur Jökulsá í Fljótsdal úr Vatnajökli, sem tryggir fyllingu í Löginn á hverju ári. Virkjun við Lagarfljót eða við Lagarfoss hefur

því að öllu samanlögðu mest öryggi við að styðjast í orkuveri af hæfilegri stærð. Virkjunaraðstæður eru þar einnig mjög hagstæðar, fremur lágt fall, sem er að öðru jöfnu hagkvæmara í stofnkostnaði en hátt fall, og öruggt berg í undirstöðu. Allar þessar staðreyndir liggja nokkuð ljósar fyrir leikmannssjónum, að vísu með hjálp rannsókna og skýringa hinna tæknimenntuðu manna. Við athugun þessara staðreynda, sem ég hef lýst hér, virðist mér mjög einfalt mál að taka ákvörðun um orkuöflun fyrir Austurland með virkjun í Lagarfljóti. Með því er hrint í framkvæmd einni hagstæðustu virkjun á landinu. Með því er virtur nokkurs héraðaréttur til mannvirkja og með því stigið stærsta framfarasporið, sem enn hefur verið stigið á Austurlandi. Og með því er beinlínis kallað á framkvæmdir eystra til hagnýtingar orkunnar og þá ekki síst vil ég nefna á því stórfellda framleiðslusvið, sem enn er að mestu ónumið, húshitun með raforku.

Ég vil láta þetta koma fram hér við þessa umr. í sambandi við orkumálin, sem vitanlega eru undirstaða, þegar verið er að ræða um stóriðju á Austurlandi. Það má hugsa sér ýmsar tegundir iðnaðar, sem sjálfsagt má flokka undir stóriðju, þar sem virkjun í Lagarfljóti mundi nægja um orkuöflun til að byrja með. Ef maður miðar t. d. við framkvæmd á borð við Kísiliðjuna í Mývatnssveit, mun raforkuþörf þeirrar framleiðslu ekki meiri en svo, að orkuver af svipaðri stærð og virkjun í Lagarfljóti mundi nægja. En ætti að vera, eins og ég sagði áðan, — ef ætti að koma þarna á vinnslu áls, þá þyrfti að koma á fót öðru og stærra orkuveri.

Ég skal ekki leggja á það dóm, hvort þá mundi verða hugsað til Jökulsár á Fjöllum eða einhvers annars vatnsfalls. Ég hef séð það nýlega, að sérfræðingar okkar í raforkumálum hafa beint í vaxandi mæli augum að Jökulsá á Dal. Ég verð að játa, að ég hef ekki trú á því, að virkjun í Jökulsá á Dal sé alveg á næsta leiti, og það hefur nú hvarflað að mér, að e. t. v. væri sú hugmynd núna vakin upp með það fyrir augum að slæva eitthvað einhug Austfirðinga um virkjun í Lagarfljóti. En hitt er jafnvíst, að það kemur að því, að við snúum okkur að því að beizla orku Jökulsár á Dal. En ég hygg, að þrátt fyrir það sé hún með erfiðari vatnsföllum við að fást vegna hins geypilega aurframburðar, sem þar er um að ræða. Það yrði vitanlega að koma upp mikilli stíflu, miklu lóni, mikilli vatnsmiðlun, og þegar við hugsum til þess, að mikill hluti af Út-Fljótsdalshéraði mun vera framburður úr Jökulsá, þá kann að vera, að þar verði um meiri erfiðleika að ræða en við a. m. k. sjáum í fljótu bragði, hvernig á að ráða við, þó að allmikil uppistaða verði útbúin fyrir það fljót.

Það er líka rétt, — ég vil, að það komi hér fram, — að enda þótt vatnsmagn Jökulsár á Dal fari oft upp í um 700 kílólítra, eins og það er kallað, á sekúndu, sem er óhemju vatnsmagn, þá fellur það einnig mjög langt niður, og ég hef komið að Jökulsá á Dal 19. marz að vetri til, þar sem hún var blátær eins og Laxá í Þingeyjarsýslu. Og ég hef séð það í vatnafræði eftir Sigurjón Rist vatnamælingamann, að mig minnir, að hún geti farið niður í 15—20 teningsmetra á sekúndu, þ. e. vatnsrennslið.

Ég er engan veginn að draga þetta fram til þess að draga úr því, að gerðar séu ýtarlegar rannsóknir með þessa virkjunarmöguleika, og það er vafalaust um fleiri leiðir að ræða með vatnsorku á Austurlandi, en í bráð a. m. k. er enginn staður, sem nokkuð kemur til mála, að menn séu að velta fyrir sér til samanburðar við Lagarfljótið. Og það mætti vel segja mér, að hægt væri að koma upp einhverri tegund stóriðju, þar sem slík orkuöflun mundi nægja í fyrstu.

Ég hef nú dregið fram hér meginþættina í sambandi við þá þáltill., sem ég hef hér flutt. Ég held, að þarna sé um að ræða mörg rannsóknarefni, sem er nauðsynlegt að snúa sér að með festu að taka til rannsóknar. Og ég vildi að lokum leggja á það áherzlu, að þessi till. verði afgreidd. Henni verður væntanlega vísað til n., og ég vildi vænta þess, að hún dveldi þar ekki lengur en svo, að Alþ. gæfist tími til að afgreiða hana í svipuðu formi eða kannske eitthvað breyttu frá því, sem ég hef hér flutt málið. Ég er ekki alveg viss um, hvort ég á heldur að leggja til að vísa málinu til allshn. eða fjhn. Ég skal játa, að eðli málsins samkv. er sennilega eðlilegra, að fjhn. fengi þessa till. til athugunar, en ég hef þó nokkra tilhneigingu til þess, að hún færi til allshn., þar sem ég á sæti í henni, en ég vil sem sagt leggja það í úrskurð forseta, hvort hann telur eðlilegra, en alla vega verði málinu nú vísað til n. og síðari umræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 127, n. 546).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar þáltill., sem hv. 3. þm. Austf. flutti á þessu þingi um rannsóknir á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi og undirbúning stóriðju á Reyðarfirði. Allshn. leitaði umsagnar nokkurra aðila, m. a. Iðnaðarmálastofnunar Íslands og Rannsóknastofnunar iðnaðarins, og mæltu báðar þessar stofnanir með samþykkt till. Enn fremur var leitað umsagnar hjá Rannsóknaráði ríkisins, og var þáltill. tekin fyrir í framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs. Sendi framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins svar sitt til allshn., þar sem rakið er allýtarlega, hvað Rannsóknaráðið hefur gert í sambandi við rannsóknir á Suðausturlandi, og jafnframt er getið um fjárþörf til undirbúningsrannsókna á Suðausturlandi. En bein meðmæli Rannsóknaráðsins um

samþykkt till. eru ekki, hins vegar eins og ég sagði áðan, lýst því, hvað Rannsóknaráðið hefði gert, og fjárþörfinni, til þess að ýtarlegri rannsóknir geti átt sér stað á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi.

Að þessum umsögnum fengnum var allshn. sammála um að leggja til, að till. verði samþ. með nokkrum breytingum, þannig að fyrirsögn till. orðist þannig: „Till. til þál. um rannsóknir á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi og könnun til undirbúnings stóriðju á Austfjörðum.“ Breytingin frá upprunalegu till., eins og hv. 3. þm. Austf. bar hana fram, til þess, sem allshn. leggur til, er í niðurlagi till., sem orðist þannig: „Enn fremur að hefja nú þegar könnun til undirbúnings stóriðju á Reyðarfirði eða öðrum stað á Austfjörðum,“ en í upprunalegu till. var talað um að hefja nú þegar undirbúning stóriðju á Reyðarfirði. Allshn. taldi, að rétt væri að hafa hér ekki svo ákveðið orðalag og þó öllu heldur að miða þessa könnun ekki við einn ákveðinn stað á Austfjörðum, heldur einnig, ef slík könnun leiddi í ljós, að aðrir staðir væru jafnvel hagkvæmari en sá staður, sem flm. nefnir í sinni till., að þá nái þetta til Austfjarðasvæðisins alls.

Einn nm. í allshn. var fjarverandi afgreiðslu málsins, en eins og ég sagði áðan, mæla aðrir nm. með því, að till. verði samþ. eins og hún er prentuð á þskj. 546.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 2. maí, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 546, 1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

— 546, 2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 624), með fyrirsögninni:

Þál. um rannsóknir á málmvinnslu og jarðefnum á Austurlandi og könnun til undirbúnings stóriðju á Austfjörðum.

10. Listasafn Íslands.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um Listasafn Íslands [173. mál] (A. 339).

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við flytjum fjórir þm. till. til þál. á þskj. 339 um Listasafn Íslands, og er tillgr. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að sem fyrst verði teknar ákvarðanir um lóð handa Listasafni Íslands og hafinn undirbúningur að byggingum. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gera áætlanir og tillögur um nauðsynlega fjáröflun, til þess að framkvæmdir geti gengið sem greiðlegast.“

Till. þessi er flutt í áframhaldi af umr., sem hér urðu nýlega um ástandið í Listasafni Íslands, eftir að í ljós var komið, að húsakynni safnsins fullnægja engan veginn þeim skilyrðum, sem gera verður til listasafnsbyggingar. Þar sem þessi mál voru rædd svo ýtarlega við það tækifæri, sé ég ekki ástæðu til þess að rekja þau sérstaklega nú. Aðeins vil ég minna á þá staðreynd, að jafnvel þótt ekki kæmu til þeir annmarkar, sem í ljós hafa komið á byggingu þeirri, sem Listasafnið er til húsa í, er mikil þörf orðin á því að hefjast handa um endanlega listasafnsbyggingu, vegna þess að húsakynnin í þjóðminjasafnsbyggingunni eru orðin allt of lítil. Listaverkaeign safnsins er nú 1700 listaverk, og aðeins er hægt að sýna um 100 þeirra í senn, þannig að meginþorri listaverkanna er í geymslum, þar sem almenningur á ekki kost á að kynnast þeim.

Ég vil einnig minna á í þessu sambandi, að fyrir nokkrum árum barst íslenzku þjóðinni mesta listaverkagjöf, sem okkur hefur áskotnazt, með arfleiðsluskrá Ásgríms Jónssonar listmálara, en hann gaf íslenzku þjóðinni 400 málverk og fullgerðar vatnslitamyndir og enn fremur nokkur hundruð teikninga. Þessi gjöf var gefin með því skilyrði, að hún yrði varðveitt í húsi listamannsins, þangað til búið væri að koma upp endanlegri byggingu yfir Listasafn Íslands, þar sem hægt væri að sýna þessar myndir á verðugan hátt. Með því að veita þessari listaverkagjöf móttöku, hefur íslenzka þjóðin og Alþingi Íslendinga tekið á sig þá ábyrgð að koma upp slíkri safnbyggingu.

Ég vil einnig minna á í þessu sambandi, að fyrir 10 árum voru sett l. um byggingarsjóð Listasafnsins, og síðan hefur árlega verið varið fjárhæð til hans á fjárl. Stofnféð var fjárhæð, sem gefin var af Jóhannesi Kjarval listmálara, og hann hefur raunar gefið Listasafninu fleiri stórgjafir. Enn fremur hafa Listasafninu borizt fleiri verðmætar gjafir, þ. á m. tvær húseignir, Austurstræti 12 og Sóleyjargata 31, þannig að eignir safnins eru nú þegar það verulegar, að hægt er að ráðast í undirbúningsframkvæmdir, — þ. á m. teikningar — fyrir þá fjármuni, sem Listasafnið ræður yfir, þannig að fjárveitinga, sem óhjákvæmilega munu þurfa að koma, mun ekki verða þörf alveg á næstunni.

Ég vil vænta þess, að þessi till. til þál. sé í samræmi við vilja alþm. Mér virðist sá vilji hafa komið mjög skýrt fram hér í umr. um þetta mál áður, og ég vil vænta þess, að sú n., sem fær till. til meðferðar, flýti svo sem auðið er að fjalla um hana.

Ég vil að lokum geta þess, að Sþ. hefur borizt svohljóðandi álitsgerð frá safnráði Listasafns Íslands:

„Safnráð Listasafns Íslands fagnar þeim velvilja hins háa Alþingis í garð Listasafns Íslands, sem tillaga þeirra alþm. Magnúsar Kjartanssonar, Birgis Kjaran, Benedikts Gröndal og Þórarins Þórarinssonar ber með sér, og er það eindregið álit safnráðs, að höfuðmáli skipti fyrir myndlist í landinu og framtíð hennar, að listasafnsbygging rísi hið fyrsta.

Reykjavík, 20. marz 1969.
Selma Jónsdóttir,
Jóhannes Jóhannesson,
Ásmundur Sveinsson,
Þorvaldur Skúlason,
Gunnlaugur Þórðarson."

Að svo mæltu legg ég til, að till. þessari verði vísað til allshn. og umr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 339, n. 459).

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. þessa til þál. um Listasafn Íslands. Till. lýtur að því, að skorað verði á hæstv. menntmrh., að hann beiti sér fyrir því, að sem fyrst verði teknar ákvarðanir um lóð til handa Listasafni Íslands og byggingarundirbúningi hraðað. Nm. urðu sammála um að mæla með samþykkt till., en tveir voru fjarstaddir, eins og greinir í nál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 2. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 625).

11. Skóla- og námskostnaður.

Á deildafundum 17. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um námskostnað [23. mál] (A. 23).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er óhætt að segja, að tiltölulega skammt sé síðan umr. um almenn skólamál hófust að marki hér í þinginu, þannig að rökstuddrar gagnrýni gætti á framkvæmd fræðslulaganna í heild, einkum þess að jafna aðstöðumun í skólamálum. Ég hef átt nokkurn þátt í því, ásamt áhugasömum samflokksmönnum mínum hér á þingi, að flytja ýmsar till., sem miða til úrbóta á því ranglæti, sem ríkir í íslenzkum skólamálum. Með ranglæti á ég ekki sízt við þá staðreynd, að dregizt hefur langt úr hófi og langt fram yfir það, sem fræðslulög ákveða, að framkvæma skólaskyldu í sveitum. Fræðslulögin gerðu ráð fyrir, að farskólafyrirkomulaginu yrði útrýmt á 6–7 árum, þannig að fastir skólar á barna- og unglingastigi áttu að vera komnir til sögunnar um allt land þegar árið 1953. Nú er komið árið 1968 og stutt í árið 1969, og enn hefur farskólakerfinu ekki verið útrýmt. Það eru sem sé liðin 15–16 ár síðan því átti að vera lokið. Hlýtur hver maður að sjá, að hér er meira en lítið sleifarlag á ferð. Ég hygg, að það sé allt að því einsdæmi, að lagaframkvæmd hafi verið dregin með þessum hætti, og þetta hljóta að teljast bein svik í lagaframkvæmd, alger brigð á þingvilja og settum lögum. Ég vil leggja áherzlu á þessa staðreynd. Það er fyllilega kominn tími til, að ríkisstj. og Alþ. geri sér ljóst, hvernig staðið hefur verið að þessum málum og hverjar afleiðingarnar eru. Afleiðingarnar eru þær, að sveitabörn og unglingar fara á mis við skólagöngu í stórum stíl. Þau búa ekki aðeins við styttri skólagöngu ár hvert en gerist almennt í bæjunum, heldur hefja þau skólanám síðar á ævi sinni og ljúka því fyrr en lög gera ráð fyrir og tíðkast í Reykjavík og stærri kaupstöðum a. m. k. Þannig blasir ranglætið við að þessu leyti. Þegar á barnafræðslustigi og unglingastigi er kastað til höndunum fræðslu unglinga og barna. Í þessum efnum er haldið dauðahaldi í algera forneskju, sem nú orðið á engan rétt á sér. Það á alls engan rétt á sér lengur að gera mun á skólafræðslu eftir því, hvort er í sveit eða kaupstað. Hafi slíkur munur einhvern tíma verið réttlætanlegur, sem vel má vera, er það löngu liðin tíð, enda gerðu fræðslulögin ráð fyrir, að þessum mun yrði eytt á vissu árabili, eða 6–7 árum, en þetta hefur ekki verið framkvæmt. Sveitirnar hafa orðið svo stórlega aftur úr í skólamálum, að óhæfa er, hvernig sem á málið er litið. Hér er fyrst og fremst verið að fremja lögbrot, því að andi og bókstafur fræðslulöggjafarinnar hefur verið þverbrotinn. Það er einnig verið að fremja beint ranglætisverk á sveitaæskunni og yfirleitt á því fólki, sem í sveitunum býr. Þess vegna verður nú að breyta um stefnu í þessum málum. Það verður að bæta úr vanrækslu síðustu ára, – ég vil segja 10–20 ára vanrækslu, – sem við blasir í skóla- og fræðslumálum sveitanna. Það verður auðvitað fyrst og fremst gert með byggingu nútíma

skólahúsnæðis af hæfilegri stærð og með þeim tækjum og útbúnaði, sem hentar þeim og krafizt er.

Ég vil minnast á það, sem ég hef oft minnzt á áður og margsinnis flutt um frv. og till., að skólamál sveitanna verða ekki leyst með úrbótum á barna- og unglingafræðslu einni saman. Sveitirnar, þorpin í dreifbýlinu og landsbyggðina yfirleitt vantar gagnfræðaskóla. Og ekki er síður þörf á úrbótum á því sviði. Heilir landshlutar og héruð hafa verið þannig sett, að unglingar hafa átt lélegan kost barnafræðslunnar og annarrar skyldufræðslu og alls engan kost á framhaldsmenntun. Það hefur orðið alger stöðnun á framhaldsskólamálum sveitanna. Það, sem reynt hefur verið að gera, er oftast nær kák eitt án allrar heildaryfirsýnar. Till. okkar framsóknarmanna um að gera ráðstafanir til að fá slíka heildaryfirsýn, m. a. með því að gera raunhæfa áætlun um framhaldsskólabyggingar í sveitum, hafa verið drepnar niður. Sjálfsögðum réttlætiskröfum hefur ekki verið sinnt. En hversu lengi er hægt að slá slíku á frest? Hversu lengi er hægt að slá því á frest að fullnægja lögbundnum skyldum ríkisins til þess að koma á jöfnuði í skólamálum eða a. m. k. draga úr sívaxandi ójöfnuði?

Slíkur frestur má ekki verða ótakmarkaður. Það verður að hefjast handa með raunhæfum aðgerðum og eyða þessum mun á sem allra skemmstum tíma. Það verður m. a. gert með raunverulegri sókn í skólabyggingamálum, með því að hraða framkvæmdum í sambandi við skóla, sem þegar er ákveðið að reisa og gera nánari áætlun um skólabyggingar í heild. Slík skólabyggingaáætlun fyrir dreifbýlið er áreiðanlega miklu vandaminna verk en flestar aðrar áætlanir vegna þess m. a., að íbúatalan er ekki neinum stórsveiflum háð.

En fleira kemur til, þegar rætt er um að jafna aðstöðumun í skólamálum. Þar vil ég einkum benda á þá leið, sem um er rætt í þáltill. þeirri, sem hér er til umr. og ég vil leyfa mér að lesa:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa milliþinganefnd, er geri tillögur um fjárhagslegan stuðning við nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna vegna skólagöngu. Nefndin skal skipuð 5 mönnum, og tilnefni þingflokkarnir sinn manninn hver, en menntmrh. skipi fimmta manninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði."

Hér er um mikilsvert hagsmunamál að ræða, eins og aðstæður eru í okkar landi, þar sem útilokað er, að heimangöngu verði við komið í skólana. Það er augljóst, að alltaf verður verulegur hluti skólanemenda háður því að sækja skóla utan heimasveitar. Slíkt getur átt við um nemendur á öllum skólastigum, bókstaflega öllum skólastigum, allt frá barnaskóla og upp í æðstu skóla. Það getur átt við nemendur í héraðs- og gagnfræðaskólum, nemendur í verzlunarskólum, menntaskólum, háskólanum og öllum sérskólum yfirleitt, þ. á m. iðnskólum, sem stefnt er að, að verði færri og stærri en nú gerist. Það er gífurlegur kostnaðarauki af því að þurfa að sækja skóla langa vegu og verða að vista sig til langs tíma utan heimilis af þeim sökum. Þessi kostnaðarauki er svo mikill, að hann getur riðið baggamuninn um það, hvort unglingum er kleift að sækja skóla og afla sér nauðsynlegrar menntunar.

Hér kemur greinilega fram hinn mikli aðstöðumunur í skólamálum eftir búsetu. Þessum aðstöðumun má að nokkru eyða með því, að hið opinbera styrki slíka nemendur sérstaklega með því að greiða bein fjárútlát, sem rekja má til hinnar ójöfnu skólagönguaðstöðu. Nú er það svo að vísu, að flestum skólanemendum, sem náð hafa vissum aldri, ætti í eðlilegu árferði að vera kleift að vinna fyrir námskostnaði sínum að nokkru leyti og kannske að verulegu leyti í mörgum tilvikum, og það munu flestir reyna að gera. Ég þekki þess engin dæmi, að nemendur slái að því leyti til slöku við lífsbjörg sína. En því fer fjarri, að öruggt sé, að allur skóladvalarkostnaður verði uppi borinn með sjálfsaflafé nemendanna sjálfra. Það er m. a. útilokað, að nemendur á gagnfræðastigi, — þeir, sem stunda nám í miðskóla, héraðsskóla eða gagnfræðaskóla — séu þess umkomnir að vinna fyrir skóladvöl sinni utan heimila. Hér er um að ræða nemendur á aldrinum 15—16 ára, e. t. v. 17 ára. Unglingar á þessum aldri eru í reynd á framfæri foreldra sinna, og skólaganga þessara unglinga leiðir að sjálfsögðu af sér útgjaldabyrði fyrir heimilin. Með þeirri till., sem hér er flutt, er því hreyft miklu hagsmunamáli fyrir alþýðu manna í landinu, einkum það fólk, sem býr í sveitum og hinum fámennari kauptúnum og þorpum, þar sem skólaaðstaðan er verst og óhjákvæmilegt er að senda unglingana og oft börnin að heiman, til þess að öðlast þótt ekki sé nema lágmarksskólafræðslu. Hér er um mjög tilfinnanleg útgjöld að ræða á hundruðum, kannske þúsundum alþýðuheimila í landinu. Sérstaklega er þetta þung byrði fyrir barnmargar fjölskyldur. Þessu máli er hreyft hér til þess að nokkur lausn verði fundin á því að jafna aðstöðumun í skólamálum. Hér er um réttlætismál að ræða, sem ekki er hægt að loka augum fyrir.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, enda hélt ég allýtarlega ræðu um þessa till. í fyrra og skal láta máli mínu lokið nú. En það munu vera ákveðnar um þessa till. tvær umr. Þetta er sú fyrri, og ég legg til, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 43., 45., 47. og 48. fundi í Sþ., 23. og 30. apríl, 7. og 8. maí, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 23, n. 507).

Frsm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. á þskj. 23 og hefur orðið sammála um að leggja til, að till. verði samþ. með breytingum, eins og tilgreint er á þskj. 507.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka allshn. fyrir að hafa litið með vinsemd og nokkrum skilningi á þetta mál. Það hefur að vísu verið gerð breyting á till. frá því, sem hún var flutt af okkar hálfu, en ég ætla ekki að setja mig neitt upp á móti því. Ég er samþykkur breytingunni í þeirri trú, að með henni náist sami tilgangur og fyrir okkur flm. vakti með flutningi málsins. Við flm. erum mjög ákveðið þeirrar skoðunar, að aðstöðumunur til náms eftir búsetu sé orðinn óviðunandi. Það er óhjákvæmilegt nauðsynjamál að jafna þennan aðstöðumun. Það má raunar telja eitt hið brýnasta verkefni í skólamálum íslenzku þjóðarinnar nú að jafna þennan aðstöðumun. Ég er að vísu oft búinn að tala um þetta mál hér á hv. Alþ. og oft fyrir daufum eyrum. Og það gleður mig sannarlega nú, að skilningur er að vakna á því, að þetta þurfi að gera, m.a. eftir þeirri leið, sem bent er á í þáltill. okkar.

Ég lít á afgreiðslu allshn. sem viðurkenningu á, að þetta mál sé þess vert, að því sé gaumur gefinn og það þurfi að rannsaka. Ég efa ekki, hvað sú rannsókn muni leiða í ljós. Það mun sýna sig, að á því er reginmunur fjárhagslega að stunda nám fjarri heimili sínu og á hinu að sækja skóla beint að heiman frá sér. Þennan mun er ekki að fullu hægt að minnka með því að reisa fleiri skóla, sem þó má auðvitað ekki lát á verða, t. d. héraðsskóla, menntaskóla, hvað þá heldur barnaskólana. Það verður aldrei hægt í svo stóru og strjálbýlu landi sem Íslandi að tryggja öllum nemendum aðstöðu til að sækja skóla frá heimili sínu. Slíkt er auðvitað útilokað, og það þarf ekkert að útskýra það frekar. Engum hefur t. d. dottið í hug, að menntaskólar verði í náinni framtíð fleiri en sem svarar einum í hverjum fjórðungi. Gagnfræðaskólar verða heldur ekki öllu fleiri en einn í hverju héraði. Sú stefna er uppi að reisa barna- og unglingaskóla fyrir marga hreppa saman. Ýmsir sérskólar verða um sinn einungis á mjög fáum stöðum. Það er því ljóst, að framvegis sem hingað til þarf ótalinn fjöldi nemenda að sækja skóla í fjarlægar sveitir, fjarlæg héruð og jafnvel í fjarlæga landsfjórðunga. Þess vegna myndast sú kvöð á hið opinbera að finna leið til þess að jafna þann aðstöðumun, sem af þessu leiðir fyrir skólanemendur í landinu eða foreldra þeirra og heimili, sem rísa verða undir kostnaði af námsdvöl á fjarlægum stöðum um lengri eða skemmri tíma. Þennan mun má jafna með fjárhagslegri aðstoð af hálfu hins opinbera, og það er réttlætismál, að að því verði stefnt.

Ég treysti því, að ef þessi till. verður samþ., eins og allshn. leggur nú til, þá leiði það til þess, að þetta mál verði tekið til gagngerðrar athugunar og innan ekki of langs tíma þyki það sjálfsagður og nauðsynlegur þáttur í skólakostnaði hins opinbera að styrkja að nokkru námsdvöl þeirra, sem nauðsynlega verða að vista sig til náms utan heimila sinna. Í framsöguræðum mínum fyrir þessu máli hef ég oft áður rakið með tölum, hver óhjákvæmilegur aukakostnaður fylgir því fyrir nemendur að sækja skóla utan heimilissveita sinna. Og ég hef leyft mér að halda því fram, að þessi aukakostnaður geti verkað sem haft á fátækari ungmenni, sem vilja stunda skólanám. Ég ætla ekki að þessu sinni að rökstyðja þetta mál með mörgum tölum, en ég vil benda á, að þeir kostnaðarliðir, sem sérstaklega verður að taka tillit til í þessu sambandi, eru fæði, húsnæði og ferðakostnaður. Þetta eru yfirleitt mikilvægustu kostnaðarliðirnir, kostnaður, sem krefst beinna fjárútláta fyrir nemendur eða foreldra þeirra.

Ég hef hér eitt ákveðið dæmi, sem mig langar til að nefna, sem er kostnaður eins nemanda í MA nemanda sem kemur úr fjarlægum landshluta. Fæðiskostnaður þessa nemanda er yfir tímabilið, yfir veturinn, 27600, húsaleiga 8000 kr. og lágmarksferðakostnaður 3000 kr., samtals 38600 kr. Við þetta má einnig bæta sem aukakostnaði ferð heim í jólaleyfi og í páskaleyfi, samtals 6000 kr. Þá er kostnaðurinn orðinn 44600 kr.

Við flm. þessa máls höfum borið það fram hér í þinginu a. m. k. þrisvar sinnum, á þremur þingum. Okkur er það fagnaðarefni, að hv. allshn. hefur nú lagt til, að það verði samþ., þótt í nokkuð breyttu formi sé. Við treystum því, að upphaflegu markmiði okkar verði um síðir náð þrátt fyrir brtt. allshn. og erum því brtt. samþykkir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. allshn. hefur nú skilað nál. um þá þáltill., sem hér er til umr., en n. leggur til, að till. sé allverulega breytt. Í stað þess, sem í henni segir, að mþn. geri till. um fjárhagslegan stuðning við skólanemendur, er verða að vista sig utan heimilis við nám, leggur n. hins vegar til, að ríkisstj. láti kanna m. a. aðstöðumun nemenda, annars vegar þeirra, sem stunda nám fjarri heimilum sínum og hins vegar hinna, sem þurfa þess ekki með. Mér er tjáð, að sumir nm. hafi óskað eftir, að till. yrði samþ. efnislega, eins og hún var flutt, en sætti sig þó við þá breytingu, sem hér er lagt til að gera á henni. Þessi könnun, sem gert er ráð fyrir í brtt. n., er að sjálfsögðu nauðsynleg, en hún hefði orðið að fara fram, þó að till. hefði verið samþ. óbreytt, því að það er ekki hægt að gera rökstuddar till. um fjárhagslegan stuðning við nemendurna, nema slík könnun fari fram fyrst.

Það, sem ég er hins vegar óánægður með í þessari breyttu till., er, að ekki er í henni nokkurt fyrirheit um, að skólanemendum verði veittur fjárhagslegur stuðningur, og það felst í henni engin viðurkenning á því, að þörf sé á þessum stuðningi, þó að svo sé mælt fyrir, að könnun á aðstöðumun fari fram. Ég held þó, að mönnum ætti ekki að vera það ókunnugt, hversu gífurlegur fjárhagslegur aðstöðumunur er hjá skólanemendum landsins, annars vegar þeim, sem verða að fara að heiman og dvelja langdvölum að heiman við nám, og hins

vegar hinna, sem geta sótt skóla daglega heiman frá sér. Auðvitað eru aðalkostnaðarliðirnir fyrir þá, sem eru fjarri heimilum, fæðiskostnaður, húsnæðiskostnaður, ferðakostnaður og annað þess háttar.

Ég hef leitazt við að gera mér nokkra grein fyrir þessum fjárhagslega mun og leitaði ég í því efni aðstoðar hjá forstöðumanni skólaeftirlits ríkisins, Aðalsteini Eiríkssyni, og bað hann að reyna að afla nokkurra upplýsinga um þetta. Hann kvaðst ekki geta látið fara fram neina nákvæma rannsókn eða könnun á þessum hlutum, allra sízt á stuttum tíma, en kvaðst þó mundu geta gefið mér nokkrar upplýsingar í þessum efnum, sem hann og líka gerði eftir tiltölulega skamman tíma. Þessi könnun Aðalsteins náði til 29 skóla, en í þeim voru samtals um 4300 nemendur. Fjórir skólanna voru í Reykjavík, einn á Akureyri og 24 í dreifbýli víðs vegar um landið. Skólarnir eru þessir: Það eru 4 menntaskólar, 11 héraðsskólar og skyldir skólar, 2 bændaskólar, 9 húsmæðraskólar utan Reykjavíkur og auk þessa Kennaraskólinn, Íþróttakennaraskólinn og Stýrimannaskólinn.

Þeir kostnaðarliðir skólanemenda, sem Aðalsteinn gerði athugun á, voru fæðið, húsnæðið, þjónusta og ferðakostnaður. Flestir þessara kostnaðarliða hvíla á dvalarnemendum, sem ég vil svo kalla, umfram það, sem heimangöngunemendur þurfa að greiða. Það má segja, að það sé aðallega fæðið, sem kostar að sjálfsögðu nokkuð, þó nemendur borði heima hjá foreldrum sínum. En það kostar hins vegar miklu meira ef þarf að kaupa það sérstaklega. Niðurstöður Aðalsteins Eiríkssonar eru í fáum orðum þessar, hvað snertir þessa fyrrnefndu kostnaðarliði, að kostnaðurinn verði á hvern nemanda yfir skólaárið, þ. e. a. s. aðallega 7—8 mánaða skólaár, — í skólum í Reykjavík 45—52 þús. kr., í Menntaskólanum á Akureyri um 38 þús., ef nemandinn er ekki í heimavist, en annars um 27 þús. kr. Í Menntaskólanum á Laugarvatni um 30 þús. kr., í Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni um 30—34 þús. krónur, en hann mun standa eitthvað lengur árlega, í bændaskólunum 23—24 þús. krónur, í héraðsskólum, húsmæðraskólum og öðrum heimavistarskólum 23—27 þús. krónur. Ég þarf varla að taka fram, að þetta er ekki allur námskostnaðurinn og fjarri því, þetta eru aðeins þessir kostnaðarliðir, sem ég nefndi og Aðalsteinn Eiríksson hefur gert athugun á.

Af þessari bráðabirgðakönnun Aðalsteins má ráða, að dvalarkostnaður skólanemenda er langsamlega mestur í Reykjavík. T.d. er hann mun lægri á Akureyri í alveg sams konar skólum, eins og menntaskólum þessara tveggja staða. Þá er í þessum niðurstöðum mjög athyglisvert, hvað heimavistir skólanna gera nemendum námið ódýrara, þó dýrt sé. Og ég ætla, að þar ráði mestu húsnæðið og sameiginlegt mötuneyti. Ég leitaði einnig upplýsinga um það hjá Aðalsteini, hvernig nemendur nokkurra skóla skiptust á milli dvalarnemenda annars vegar og heimangöngunemenda hins vegar, þ. e. a. s. milli þeirra, sem verða að dvelja fjarri heimilum sínum meðan á námi stendur, og hinna, sem geta sótt skólana daglega heiman frá sér. Ég lít svo á, að af þeim upplýsingum megi ráða nokkuð, hvaða áhrif námskostnaður hefur á skólasóknina. Hér er um tvenns konar nemendahópa að ræða, hvað námskostnað snertir, og það munar mjög miklu, hvað dvalarnemendur eiga við harðari kosti að búa en hinir. Þessi athugun Aðalsteins leiddi eftirfarandi í ljós. Í menntaskólunum 2 í Reykjavík eru nú samtals 1470 nem. Af þeim eru um 1310 eða 89% úr Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði, þ. e. a. s. af því svæði, sem hægt er að sækja skólann heiman frá sér daglega. Aðeins 11% af þessum menntaskólanemendum eru úr öðrum landshlutum. Þetta segir sína sögu um það, hverjir sækja fyrst og fremst skólana og hverjir geta ekki sótt skólana. Í Menntaskólanum á Akureyri eru nú samtals 501 nemandi, en af þeim eru 369 eða 74% úr Akureyrarbæ eða svo nærri Akureyri, að þeir geta sótt skólann daglega að heiman. Í Menntaskólanum á Laugarvatni eru að sjálfsögðu svo að segja allir nemendurnir að komnir eða dvalarnemendur sem ég kalla. Samkvæmt manntali fyrir hálfu öðru ári síðan bjuggu um 52% þjóðarinnar á Reykjavíkursvæðinu, sem ég nefndi áðan, að viðbættri Akureyri. En 79% af menntaskólanemendum í landinu eru af þessu sama landssvæði, eru heimangöngunemendur. Þessi hlutföll eru þó á nokkuð annan veg, hvað snertir Kennaraskólann og Stýrimannaskólann. Í Kennaraskólanum eru 61% utan Reykjavíkursvæðisins og í Stýrimannaskólanum eru það 48%, en þess ber að gæta, að þeir, sem stunda vilja nám í þessum skólum, eiga ekki í annað hús að venda, því að það eru ekki aðrir skólar þessarar tegundar til í landinu, að undanteknum sjómannaskóla, sem hefur nýlega hafið störf í Vestmannaeyjum. Nemendur verða því að sækja þessa skóla, ef þeir ætla að læra það, sem þar er kennt.

Ég held, að þessi bráðabirgðakönnun Aðalsteins Eiríkssonar bendi mjög í þá átt, að þeir skólanemendur í landinu, sem ekki búa í heimahögum skólanna, ef svo mætti kalla það, verða að sæta svo hörðum kostum fjárhagslega, samanborið við hina nemendurna, að það er ekki við þetta unandi lengur. Þjóðfélaginu ber skylda til að veita æskufólki landsins sem jafnastan rétt til menntunar, hvar sem það er búsett. En þessi fjárhagslegi aðstöðumunur, sem ég hef nú bent á, er orðinn svo mikill, að um hróplegt misrétti er að ræða í þessum efnum. Og úr þessu misrétti verður að bæta.

Því miður er hæstv. menntmrh. ekki viðstaddur, en ég ætlaði mér að beina þeirri ósk til hans, að þrátt fyrir þetta orðalag á till., sem n. leggur til að verði, hlutist hann til um, að leitað verði eftir till. manna, á hvern hátt verði bætt úr þessum aðstöðumun, svo að slíkar till. gætu legið fyrir næsta þingi, enda þótt till. verði samþ. með því orðalagi, sem n. leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 507, 1 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

— 507, 2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 765), með fyrirsögninni:

Þál. um skóla- og námskostnað.

12. Veðurathugunarstöðvar í grennd við landið.

Á 30. fundi í Sþ., 21. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um veðurathugunarstöðvar á fiskimiðum [149. mál] (A. 278).

Á 32. fundi í Sþ., 25. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 278 flyt ég svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta gera áætlun um kostnað við að koma upp og starfrækja sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar úti á fiskimiðum, þar sem helzt væri talin þörf á, í því skyni að veita skipstjórnarmönnum sem nákvæmasta veðurlýsingu.“

Með till. þessari er lagt til, að kannað verði, hvort ekki er unnt af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum að veita sjómönnum aukna þjónustu í sambandi við veðurfregnir, með því að koma fyrir úti á fiskimiðum, þar sem þörfin væri talin brýnust, sjálfvirkum veðurathugunarstöðvum, sem sendu upplýsingar um veðurhæð, vindátt o. fl. beint af sjálfum miðunum. Slíkar upplýsingar ættu að geta komið sjómönnum að meira gagni en þær upplýsingar, sem þeir fá nú einungis frá landstöðvum, því að augljóst er, að oft og tíðum er mikill munur á veðri úti á miðum og því veðri, sem á sama tíma er á þeim veðurathugunarstöðvum, sem næst liggja. Verulegur munur getur t. d. verið á veðurhæð hjá veðurstöð í Keflavík og svo aftur úti á Faxaflóa. Í norðaustanátt segir veðrið á Síðumúla nokkuð nákvæmlega til um veðrið úti í Faxaflóa, en allt öðru máli gegnir svo í suðaustanátt. Veðurhæð undir Eyjafjöllum og á Stórhöfða í Vestmannaeyjum getur á sama hátt verið allt önnur en úti á miðunum rétt fyrir utan Vestmannaeyjar. Allt þetta læra sjómenn að vega og meta og reynslan kennir þeim að draga ályktanir af þeim upplýsingum, sem Veðurstofan veitir þeim frá þeim veðurstöðvum, sem næst liggja fiskimiðunum. En bæði kemur til, að öruggast væri að sjálfsögðu að fá vitneskju um veðrið á miðunum sjálfum og eins kynnu að vera tök á því, að sjómenn gætu átt kost á upplýsingum frá sjálfvirkum veðurstöðvum oftar en frá landstöðvunum með því t. d. að hafa samband við Veðurstofuna, ef á þyrfti að halda, milli þess, sem venjulegar veðurfregnir eru sendar út.

Enginn vafi er á því, að upplýsingar um veðrið á miðunum mundu gera veðurspár öruggari og hafa nokkurt gildi við almennar veðurfarsrannsóknir. Ef upplýsingar frá slíkum stöðvum gætu annars vegar í einstökum tilfellum leitt til þess, að bátar reru ekki í ófæru, sem þeir ella hefðu farið út í, og hins vegar gætu upplýsingar um veðrið úti á miðunum orðið til þess, að sjómenn yrðu ekki af bærilegu róðrarveðri, mundu slík tæki mega kosta nokkuð mikið, svo að þau borguðu sig ekki fljótlega. Og síðast en ekki sízt gætu slíkar veðurupplýsingar til viðbótar við þá þjónustu, sem Veðurstofan veitir nú, verið nokkur slysavörn. Ég hef átt tal um þetta mál við veðurfræðinga, og þeir hafa verið þeirrar skoðunar, að þetta mál sé þess virði, að það sé kannað. Með till. þessari er aðeins gert ráð fyrir athugun á tæknilegum og fjárhagslegum möguleikum við að koma upp og starfrækja slíkar sjálfvirkar veðurstöðvar úti á miðunum. Síðar, þegar frekari upplýsingar lægju fyrir, væri svo hægt að taka ákvörðun um, hvort unnt væri að láta verða af framkvæmdum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um málið að þessu sinni, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði nú frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. og 48. fundi í Sþ., 7. og 8. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 278, n. 487).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till. til meðferðar og athugunar og leggur n. til. eins og fram kemur á þskj. 487, að till. verði samþ. með nokkurri breyt., þannig að fyrirsögn till., sem var upprunalega um „veðurathugunarstöðvar á fiskimiðum,“ verði breytt þannig, að till. til þál. verði um „veðurathugunarstöðvar í grennd við landið“, og í tillgr. sjálfri verði þessu sama breytt, að í stað „úti á fiskimiðum“ komi „veðurathugunarstöðvar í grennd við landið“, og svo aftur í lok till. „að gefa skipstjórnarmönnum sem nákvæmasta veðurlýsingu og upplýsingar um veðurhorfur“. Þessar breytingar, sem n. leggur til, að verði gerðar á till., eru komnar fram frá Veðurstofu Íslands eða veðurstofustjóra, sem var sent málið til umsagnar. Hann segir í sinni umsögn, að á síðasta áratug hafi allmikið verið unnið að því að kanna og framleiða

sjálfvirkar veðurathugunarstöðvar, og eru einstaka framleiðendur nú farnir að bjóða þær til sölu. Fyrir 2—3 árum leitaði Alþjóðaveðurfræðistofnunin upplýsinga meðal aðildarríkja sinna um framleiðslu sjálfvirkra veðurathugunarstöðva á sjó. Af 5 þjóðum, sem svöruðu, framleiddu tvær stöðvar, sem ætla má, að hentuðu hér við land, Noregur og Vestur-Þýzkaland. Verð þessara stöðva frá framleiðanda er áætlað 700 þús. til 1 millj. og 60 þús. kr. að veðurathugunartækjum og útvarpssendi meðtöldum. Auk þess hafa Veðurstofunni borizt upplýsingar um japanska bauju, sem ætluð er fyrir veðurathugunarstöð. Samkvæmt tilboði er verð hennar kominnar hingað til lands 1240 þús. án veðurathugunartækja og sendis. Öllum þessum stöðvum er ætlað að vera 3—4 mánuði úti á sjó, án þess að um þær sé vitjað, en að þeim tíma liðnum þarf að skipta um rafgeyma í þeim, svo að rekstrarkostnaður þessara stöðva er mjög lítill.

Veðurstofan mælir mjög eindregið með samþykkt þessarar till. þannig breyttrar, eins og allshn. leggur til, og allshn. telur, að hér hafi verið hreyft gagnlegu máli, sem sé þess virði, að þessi till. sé samþ. og þetta mál sé athugað, því að á þessu er mikil nauðsyn að gera úrbætur og það sem allra fyrst.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka meðnm. mínum í allshn. góðar undirtektir undir þáltill. mína, sem hér er til umr. Ég kveð mér þó hljóðs við þessa umr. aðallega vegna þess, að ég tel ástæðu til að vekja athygli hv. alþm. á sérstökum atriðum, sem fram koma í umsögn veðurstofustjóra um þáltill.

Hér er um að ræða húsnæðisskort Veðurstofunnar og afleiðingar hans á veðurþjónustu fyrir íslenzka sjómenn. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa örstuttan kafla úr umsögn veðurstofustjóra, þar sem fjallað er um þetta atriði. Veðurstofustjóri segir:

„Mér þykir líklegt, að ef fýsilegt þykir að koma á fót þessu stöðvakerfi, verði leitað til Veðurstofunnar um hluta af viðhaldi þess, þ. e. a. s. viðgerðir og stillingar á veðurathugunartækjum stöðvanna. Ég sé ekki, að Veðurstofan geti við núverandi aðstæður orðið við slíkum óskum, aðallega vegna húsnæðisskorts. Af sömu ástæðu standa Íslendingar nú með tærnar, þar sem aðrar þjóðir hafa hælana, að því er varðar veðurþjónustu fyrir sjómenn."

Þetta er lýsing þess manns, sem gerst ætti til að þekkja, á þeirri veðurþjónustu, sem Veðurstofunni er gert kleift að inna af hendi við íslenzka sjómenn, í samanburði við það, sem gert er fyrir stéttarbræður þeirra í öðrum löndum. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé vakin athygli á mjög alvarlegu máli og hef talið ástæðu til þess að tryggja með þessum orðum mínum, að þessar upplýsingar fari ekki fram hjá hv. alþm. Ég vek sérstaka athygli allra hv. þm. á þessu máli, þar sem ég býst við, að þeir hafi ekki almennt gert sér grein fyrir, að svo sé ástatt um þá veðurþjónustu, sem íslenzkir sjómenn njóta, að hún þoli engan samanburð við þá þjónustu, sem sjómönnum er tryggð meðal annarra þjóða.

Eins og kunnugt er, hagar svo veðurfari við Ísland og sjósókn er hér svo hörð og óvægin, að þjónusta við sjómenn í sambandi við allt, sem lýtur að veðri, hafís o. fl., má sízt af öllu vera minni en um er að ræða meðal annarra fiskveiðiþjóða. Sízt af öllu er unnt að sætta sig við, að við Íslendingar höfum í þessu efni aðeins tærnar, þar sem aðrir hafa hælana, eins og veðurstofustjóri upplýsir sjálfur, að sé staðreynd málsins.

Í grg. með þeirri þáltill. minni, sem hér er til umr., segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo mikilvæg eru þjóðinni störf sjómanna, að um alla hugsanlega þjónustu við þá ber Íslendingum skylda til að standa framar því, sem þekkist meðal annarra þjóða."

Það er sannfæring mín, að yfirleitt séu hv. alþm. sammála þessum orðum mínum. Nú er upplýst, að um veðurþjónustu, — svo geysimikilvæg, sem hún er íslenzkum sjómönnum, — stöndum við ekki framar öðrum þjóðum, ekki einu sinni jafnfætis, heldur höfum tærnar, þar sem aðrar þjóðir hafa hælana. Þetta má þjóðin ekki una við, og ég vænti þess, að hv. alþm. láti þessar upplýsingar veðurstofustjóra verða til þess, að þeir geri sér betur ljóst, að nauðsynlegt er að gera þær ráðstafanir, sem duga til þess, að úr verði bætt.

Þá er komið að því, sem veðurstofustjóri telur ástæðuna til þess, hversu aftarlega við stöndum í samanburði við aðra um veðurþjónustu við sjómenn, en það er húsnæðisskortur Veðurstofunnar. Umsögn sinni lýkur veðurstofustjóri með þessum orðum, eftir að hann hefur greint frá því, eins og ég áðan las, að húsnæðisskortur Veðurstofunnar sé orsök þess, að við erum með tærnar, þar sem aðrar þjóðir eru með hælana í þjónustu við sjómenn, að því er varðar veðurspár og annað, er að veðri lýtur. Veðurstofustjóri segir í lok umsagnar sinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít, að hæstv. Alþ. beri nú skylda til að efna sem fyrst rúmlega fertugt fyrirheit sitt um byggingu handa Veðurstofu Íslands, enda hefur ýmsum yngri ríkisstofnunum verið fyrir löngu séð fyrir eigin húsnæði."

Ég hygg, að hv. alþm. hafi áður heyrt svipaðar ábendingar og alvarlegar áminningar frá þeim, sem ábyrgð bera á veðurþjónustu hér á landi, um þær erfiðu aðstæður, sem þeim eru búnar vegna húsnæðisskorts, og hversu mjög húsnæðisskorturinn er fjötur um fót öllum vilja og getu til bættrar veðurþjónustu jafnt við sjómenn sem aðra landsmenn. Ég held, að þegar við nú heyrum, hvar við stöndum í þessum efnum í samanburði við aðra, þá eigi alþm. ekki lengur og megi ekki lengur láta slíkar ábendingar og upplýsingar fara inn um annað eyrað og út um hitt, heldur verður nú að fara að taka á þessu máli og tryggja viðunandi lausn þess.

Íslenzkir veðurfræðingar standa erlendum

starfsbræðrum sínum sízt að baki, og Íslendingar hafa margra hluta vegna aðstöðu til þess að vera í fararbroddi í veðurfræði og veðurþjónustu, ef fjárveitingavaldið stendur fyrir sínum hlut. Ég held, að vegna starfa sinna og hæfni eigi bæði íslenzkir sjómenn og íslenzkir veðurfræðingar meira en skilið, að þeim sé búin aðstaða a. m. k. til jafns við það, sem annars staðar þekkist, en á það skortir nú mjög eftir 40 ára starf Veðurstofunnar.

Svo mjög markar veðurfarið alla atvinnustarfsemi Íslendinga, að bætt þjónusta Veðurstofunnar er beinn stuðningur við framleiðsluatvinnuvegina og óútreiknanlegt, hversu mikil fjárhagsleg áhrif bætt veðurþjónusta getur haft jafnt í sjávarútvegi sem landbúnaði, að því ógleymdu að fullkomnun veðurþjónustunnar er afar mikilvægur þáttur í slysavörnum á sjó. Það er ástæðulaust að loka augum fyrir því, að tregða fjárveitingavaldsins á því að tryggja beztu hugsanlegu aðstöðu Veðurstofunnar bitnar á sjómönnum og getur kostað mannslíf og mikið eignatjón.

Vegna þess, hversu atvinnuhorfur í byggingariðnaði eru ískyggilegar, hefur nokkuð verið rætt um þörfina á því, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að hraða opinberum framkvæmdum og örva þannig byggingarstarfsemina með sérstökum fjárútvegunum til framkvæmda ríkisins. Verði af slíkum ráðstöfunum, tel ég, að minnast beri hinnar brýnu þarfar Veðurstofunnar á nýju húsnæði, til þess að unnt sé að veita sjómönnum og öðrum landsmönnum alla þá þjónustu, sem íslenzkir veðurfræðingar eru færir um að veita, ef þeim er búin fullnægjandi starfsaðstaða.

Ég vænti þess, að samstaða geti tekizt sem allra fyrst með þm., hvar í flokki, sem þeir standa, um að leysa húsnæðisvandamál Veðurstofunnar á þann hátt, sem forráðamenn hennar og aðrir starfsmenn telja fullnægjandi.

ATKVGR.

Brtt. 487, 1 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

— 487, 2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 776), með fyrirsögninni:

Þál. um veðurathugunarstöðvar í grennd við landið.

13. Rannsóknir á loðnugöngum.

Á deildafundum 24. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsóknir á loðnugöngum [151. mál] (A. 281).

Á 32. fundi í Sþ., 25. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37., 39. og 40. fundi í Sþ., 26. marz og 9. og 16. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós þakklæti yfir því, að það hefur verið boðað til fundar í Sþ. á föstudegi, þ. e. a. s. tekinn aukafundartími. Það hefði mátt vera búið að því fyrr. Dagskrá Sþ. er þegar orðin nokkuð löng, eins og sjá má hér á borðunum, þar sem nú eru 19 mál á dagskránni.

Sú till., sem ég mæli hér fyrir, er á þskj. 281. Flm. hennar er Tómas Árnason, 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Tómas sat á þingi í febrúar og aftur um mánaðamótin marz—apríl, og þessi till. er lögð fram 24. febrúar að ég ætla. Og varaþm. fékk hvorki tækifæri til að mæla fyrir henni þann hálfa mánuð, sem hann sat á þingi hér í febrúar, né heldur, þegar hann tók sæti á Alþ. um mánaðamótin marz—apríl. Hann var þá einnig hálfan mánuð inni eða þar um bil. Þetta er þó ekki fyrir það, að till. sé á nokkurn hátt tekin út úr röð eða tafin sérstaklega, heldur hefur afgreiðsla mála í Sþ. gengið svona hægt af ástæðum, sem okkur eru öllum kunnar. Þetta er því áreiðanlega ekkert einsdæmi, og ég tek eftir því núna, að t. d. 18. mál á dagskrá hefur verið afgreitt úr n. fyrir um það bil mánuði. Það sjá allir, að þetta er ekki hægt, og þetta er alls ekki það, sem til er ætlazt. Það getur ekki verið ætlazt til þess, að alþm. eigi þess ekki kost að koma málum sínum til n. og fá þau athuguð á þinglegan hátt. Það er annað mál, að auðvitað á enginn rétt á því, að hans mál verði samþ. sem ályktun þingsins eða sem l., það er annað mál.

Ég veit, að það er æskilegt að hafa festu í störfum, og það er kannske ekki æskilegt út af fyrir sig að hringla með fundardaga Sþ. Hér verður þó að vera einhver hreyfing. Það er ekki endalaust hægt að sigla sama bóg og þetta verður að íhuga. Ég veit raunar, að þeir, sem tilnefndir hafa verið til þess að athuga starfshætti Alþ. ásamt með hæstv. forsetum þingsins, munu ígrunda þetta vel á milli þinga. En annars vil ég mega vænta þess, að það verði gert meira af því þann stutta tíma, sem væntanlega er eftir af þessu þingi, að halda aukalega fundi í Sþ., heldur en gert hefur verið til þessa. Það held ég verði ekki um deilt, að t. d. á dagskránni, sem hérna liggur fyrir í dag, eru ýmsar till., sem geta verið þýðingarmiklar. Ég vil t.d. halda því fram, að sú till., sem ég mæli hér fyrir, geti, ef samþ. yrði, haft mjög mikið gildi, og þannig er auðvitað um mörg fleiri mál, sem hér eru til meðferðar. Ég sé, að hér eru m. a. á dagskrá tvö mál, sem varða skólanema, atvinnumál þeirra og lánamál, og þau eru áreiðanlega ekki að ófyrirsynju fram komin. Það er öllum ljóst, hversu erfiðlega horfir um sumaratvinnu fyrir skólafólk. Einnig er hér till. um lánasjóð, og vafalaust er eitthvað hægt að liðka til á þeim sviðum. Þörfin er einnig orðin brýn fyrir einhverjar aðgerðir í þeim efnum.

Ég sakna þess mjög, að hæstv. sjútvmrh. hefur

ekki séð sér fært að sækja þennan fund, því að þessi till. varðar vissulega hans verksvið. En við því get ég auðvitað ekki gert og hlýt að flytja mitt mál eftir sem áður.

Ég vil mega segja það í byrjun, að síldarævintýrið svo kallaða er raunar ekki nema einn hlekkur í keðju fjármunalegra happdrættisvinninga, sem íslenzku þjóðinni hafa hlotnazt á undangengnum áratugum. Það er oft talað um það, og það er auðvitað rétt, að síldargróðanum hafi verið misjafnlega vel varið og af misjafnlega mikilli forsjá. En það kemur ekki með þessu tungli, og þannig hefur það verið áður, þegar þjóðinni hafa hlotnazt stórir vinningar, að mönnum hafa orðið mislagðar hendur um margt í þeim efnum. En raunverulega kemur það kannske heim við ríkjandi stefnu, að síðustu árin hefur verið farið nokkuð gálauslega með fjármuni, líka af einstaklingum. En þrátt fyrir allt held ég, að enginn neiti því og það sé ómótmælanlegt, að á síldarárunum var bjargað á land mjög miklum verðmætum fyrir þjóðarbúið, og þess sér nú víða stað í atvinnulífinu, atvinnutækjunum og í bættum hag heimilanna og ýmsum umbótum á hinu persónulega sviði. Það hefur oft verið á það bent og réttilega og lögð á það mikil áherzla, að af síldarævintýrinu hefði raunar ekkert orðið, ef ekki hefðu komið til stærri og meiri veiðiskip og ekki síður alveg ný og áður óþekkt veiðitækni, sem gerði mögulegt að veiða síldina við allt önnur skilyrði en áður þekktust. En mér finnst stundum í slíkum umr., — þó að því sé auðvitað ekki gleymt, — þá finnst mér því ekki nægur gaumur gefinn, að síldarævintýrið hefði aldrei getað gerzt, nema á undan hefði farið mjög mikil, harðsótt og skipuleg leit að síldinni og margs konar rannsóknarstarfsemi í sambandi við það. Það er ekki fyrr en farið er að fylgjast með göngum síldarinnar og lifnaðarháttum hennar í ríkum mæli, að veiðisvæðið er fært út og veiðitíminn lengist. Þetta hefur komið ákaflega greinilega í ljós. Það varð að fylgjast með göngu síldarinnar frá ári til árs og kunna skil á lifnaðarháttum hennar og styrkleika síldarstofnanna, hitastigi sjávarins, átumagni og margvíslegum öðrum aðstæðum á veiðisvæðunum og raunar á vegum síldarinnar yfir höfuð, þar sem hún fer um hafsvæðin. Þetta er ofur eðlilegt. Það er varla hægt að hugsa sér, að einstakir útgerðarmenn eða skipstjórar geti lagt í þá áhættu að leita nýrra miða á mjög fjarlægum slóðum og jafnvel ekki heldur að prófa sig áfram með nýja veiðitækni, nema að takmörkuðu leyti. En það var þó að vísu gert að ýmsu leyti í sambandi við síldina. Þetta vil ég leggja alveg sérstaka áherzlu á.

Nú hefur það gerzt, eins og allir vita, að dregið hefur stórkostlega mikið úr síldveiðunum. En ég vil þó aðeins í því sambandi leyfa mér að minna hv. alþm. á, að það er álit fiskifræðinga, að það sé ekki varanlegt ástand, heldur tímabundið. Ég vil í því sambandi vitna til ummæla dr. Jakobs Jakobssonar fiskifræðings í Ægi, 3. hefti þessa árs, þar sem hann ræðir um þessa hluti í grein, sem hann kallar Bræðslufisk og ég mun síðar vitna til, en hann segir: „Áður en lengra er haldið, verður þó ekki hjá því komizt að benda á, að ég tel minnkandi síldarafla tímabundið fyrirbæri og þá svartsýni, sem nú ríkir hjá mörgum um framhald síldveiða, vart á rökum reista."

Mér finnst ástæða til þess að minna á þetta, og ég held, að þeir, sem mest fordæma það, sem gert hefur verið og hversu lagt hefur verið mikið fé í að taka á móti síldinni, ættu að hugleiða málið betur, áður en svo harðir dómar eru felldir.

En þó að menn trúi ekki í blindni á álit fiskifræðinga, þá held ég, að augljóst sé, að það verður að halda áfram síldarleit og síldarrannsóknum af fullum krafti eftir sem áður, þó að nokkuð hafi dregið úr síldveiðum um stund.

Nú blasir við, að eftir þessi miklu síldarár er hér mjög stór floti ágætra skipa, sem er vel til þess fallinn að veiða ýmsar aðrar tegundir af þeim fiskum, sem dr. Jakob hefur kallað bræðslufisk. Og hitt er ekki síður vitað mál, að í landi eru ákaflega stórvirk atvinnutæki, þar sem eru allar síldarverksmiðjur okkar, sem byggðar hafa verið víðs vegar um landið eftir því, hvar síldin lagðist að þá og þá. Þessi tæki eru meira og minna ónotuð. Og þessi tæki eru svo stórvirk, að þau munu geta afkastað um 20 þús. smálestum hráefnis á sólarhring. Fram hjá þessu verður ekki gengið, og menn hljóta að leita allra úrræða til þess að nýta sem bezt afkastagetu bæði flotans og allra þessara verksmiðja.

Ég álít, að hér hafi ekki ríkt af hálfu valdhafa nægileg árvekni í þessu máli. Við höfum gert það, Íslendingar, og það er ekki að ástæðulausu, að það hafa verið byggðar bræðslur í mjög stórum stíl, síldarverksmiðjur víðs vegar á ströndinni, allt eftir því, hvar síldin hefur verið við land þá og þá. En það hefur undarlega lítið verið gert til þess og athugaðir möguleikar á því að tryggja þessum miklu vinnslufyrirtækjum verkefni. Þó má ekki gleyma síldarflutningunum í þessu sambandi. Það eru vissulega markverðar tilraunir, og ég hygg, að það þurfi miklu frekari athugunar við og rannsókna, hvort ekki er hægt að skipuleggja víðtækari starfsemi að því leyti, sem færi yfir á víðara svið, næði til fleiri fiskistofna og væri víðtækari. Hef ég, ásamt þremur öðrum þm. Austf., flutt till. um þetta efni á þskj. 407, — um athugun á flutningaspursmálinu, — hvort ekki sé hægt að brjóta þar nýja leið.

Um annað en þetta hefur varla verið að ræða, sem unnið væri í þá stefnu að afla hráefnis til verksmiðjanna og að nota þeirra afköst, þegar dregið hefur úr síldinni á hinum ýmsu stöðum og nú síðast svo mjög í heild, eins og öllum er kunnugt. En ef litið er á árangur þann, sem varð á sínum tíma, þegar hafin var öflug rannsókn og skipulögð síldarleit, þá hlýtur að vakna spurningin um aðrar fiskitegundir, hvort ekki er hugsanlegt að veiða aðrar fiskitegundir, sem vel væru til þess fallnar að vinnast í bræðslum í miklu ríkara mæli en gert hefur verið hér.

Í þeirri grein fiskifræðingsins, Jakobs Jakobssonar, sem ég vitnaði til áðan, er rætt um ekki færri en 4 tegundir fiskjar, sem veiðanlegar kynnu að vera með góðum árangri til vinnslu í bræðslu. Mér virðist álit fiskifræðingsins svo vel rökstutt, að óhjákvæmilegt megi kalla að taka ábendingar hans til nánari íhugunar af hálfu hins opinbera. Þurfa menn þá einnig að hafa í huga hina miklu ónotuðu afkastagetu síldarverksmiðjanna, sem ég áðan vék nokkuð að. Á þingskjali 404, hef ég, ásamt 7 öðrum þm., lagt fram till. um þetta efni í nokkuð öðru formi en þá, er ég mæli hér fyrir, þó að hún fjalli um einn þátt þessa máls. Í þeirri till. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd, er undirbúi í samráði við Hafrannsóknastofnunina tillögur um skipulagða og samræmda fiskileit, rannsóknir og veiðarfæratilraunir í því skyni að auka veiðar á bræðslufiski og gera þær veiðar fjölþættari."

Hvað snertir 3 af þeim fiskistofnum, sem um er fjallað í greininni Bræðslufiskur, er það svo, að þeir hafa ekki verið veiddir hér til nytja, og eigi að taka upp rannsóknir á því sviði, álít ég, að meiri undirbúning þurfi en til þess að framkvæma þá athugun, sem þessi afmarkaða till. fjallar um, og því er það, að hún er flutt sérstaklega.

Þessi till., sem hér liggur fyrir, fjallar aðeins um einn þáttinn, um eina fiskitegundina, þ. e. a. s. um loðnuna. Hún fjallar um þann þáttinn, sem mest er aðkallandi að rannsaka, og um leið um þann þáttinn, sem er þannig vaxinn, að hægt er að snúa sér að honum vafningalítið nú þegar.

Það er langt síðan menn fóru að veiða loðnu hér við land, og má lesa um sögu þeirra veiða í ágætri grein, sem Friðrik Steinsson skipstjóri ritaði í aprílhefti Ægis fyrir nokkrum árum. Ég skal ekki fara langt út í að rekja þá sögu, en aðeins drepa á örfá atriði.

Það er um 1920, sem menn byrja að nota loðnu til beitu á Hornafirði, og í byrjun er á svo frumstæðan hátt að þessu unnið, að loðnan er hreinlega týnd upp af söndunum. Það höfðu menn nú raunar áður gert í þeim landshlutum sér til bjargar, þegar hart var í ári, og kannske hefur ekki þurft harðindi til. En síðan tóku menn að veiða loðnuna í háf, og nokkru síðar taka menn upp loðnunæturnar, og 1924 er talið, að loðnuveiði sé orðin almenn þarna austurfrá. Það er svo ekki fyrr en löngu seinna, þegar farið er að veiða loðnuna við Suðurlandið, — ekki fyrr en eftir 1938, — að eitthvað er veitt úti á rúmsjó, en þó aðallega á grunnu vatni og upp við sanda. En það er alveg til 1964, sem menn veiða loðnu eingöngu til að nota hana sem beitu. Eftir það taka menn að veiða hana í bræðslu, og strax 1965 hefur loðnuveiðin töluvert gildi. Þá eru veiddar um 50 þús. lestir. Síðan hefur verið veitt eitthvað í kringum 100 þús. lestir á ári, stundum meira og stundum minna. Núna á þessum vetri nær loðnuveiðin hins vegar hámarki, eins og mönnum er kunnugt. Það veiddust rúmlega 170 þús. tonn að ég ætla, en mesta veiði áður hafði orðið um 125 þús. tonn. Hér er um veiðar að ræða, sem hafa mjög verulega þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn, því að útflutningsverðmæti loðnunnar í vetur hefur verið áætlað hátt í 350 millj. kr. Þannig standa sem sagt málin í dag varðandi loðnuna, að það er búið að sýna sig svo ekki verður um villst, að þarna er um að ræða fisk, sem getur haft mjög verulega þýðingu sem hráefnisgjafi fyrir hin afkastamiklu vinnslutæki okkar og einnig mjög mikla þýðingu í þjóðarbúskapnum sem útflutningsvara.

Í grein fiskifræðingsins í Ægi, sem ég hef áður margsinnis vitnað til, er nokkuð rakið, hversu loðnan hefur hagað sér hér við land. Hún hrygnir einkum við Suður- og Suðvesturland síðari hluta vetrar. Göngurnar eru oft tvær og stundum fleiri og þeirra verður oft fyrst vart við Suðausturland, sem ljóst er af því, sem ég hef áður sagt, að loðnuveiði hér byrjar á Hornafirði og þar um kring. Stundum gengur loðnan upp að suðurströndinni um Dyrhólaey, Vestmannaeyjar og Selvogsgrunn o. s. frv. Nú er mikil ástæða til að ætla, að veiða megi loðnuna víðar við land og lengja megi veiðitímann og jafnframt fá feitari og verðmætari fisk en algengast er að veiða nú.

Í grein dr. Jakobs er rakið, hversu oft hefur orðið vart við loðnuna fyrir norðan land á sumrin, og ég ætla að leyfa mér að lesa hérna orðrétt kafla úr grein fiskifræðingsins, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir:

„Þannig urðu síldarleitarskipin öðru hvoru vör við loðnu djúpt út af Norðurlandi á árunum 1960—1967. Hinn 7. júlí 1961 var v/s Ægir t. d. við síldarleit á svæðinu NV af Kolbeinsey eða nánar tiltekið á milli 19. og 20.° v.l. og um 67° 45' n.b., þ. e. um 90—100 sjm. N af Siglufirði. Er skemmst frá því að segja, að þarna fundust margar stórar torfur. Allmörg síldveiðiskip komu á þessar slóðir skömmu síðar, fjögur þeirra köstuðu og fengu öll loðnu. Ári síðar eða í júlí 1962 var v/s Pétur Thorsteinsson í síldarleit um 90—100 sjm. norður af Melrakkasléttu og fann þar stórt torfusvæði. Allmörg síldveiðiskip komu, en fengu eingöngu loðnu. Hinn 27. júní 1963 var v/s Ægir enn í síldarleit á svæðinu NV af Kolbeinsey. Margar góðar torfur fundust. Eitt síldveiðiskip kastaði þar daginn eftir og fékk loðnu. Rúmum mánuði síðar eða hinn 8. ágúst 1963 fundum við á Ægi mikið torfusvæði norður af Strandagrunnshorni eða nánar tiltekið á 67° 30' n.b. frá 21° — 22° v.l. Þegar rennt var í torfurnar hljóp þorskur þegar á færið. Hver einasti fiskur var þarna úttroðinn af loðnu."

Og hann heldur enn áfram og nefnir nokkur fleiri dæmi, þegar vart hefur orðið við loðnuna að sumarlagi fyrir norðan og norðaustan land.

Það er óhætt að slá því föstu, að ríki loðnunnar er ekkert kostaríki hafdjúpanna. Jakob Jakobsson kemur aðeins að því. Hann segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimkynni loðnunnar eru fyrst og fremst í köldum sjó allt frá Barentshafi um Ísland til

Austur-Grænlands og þaðan allt vestur að ströndum Ameríku við Labrador. Vafalaust er hér þó um a. m. k. 4 sérstaka loðnustofna að ræða."

Síðan ræðir hann nánar um þetta, og er auðséð af því, að hann álítur, að þarna sé um mjög mikið magn að ræða af þessum fiski. Það má þess vegna vera alveg ljóst, að loðnan er það stórveldi, sem vert er fyrir okkur Íslendinga að gefa gaum og auka heldur viðskiptin við. Ég vil enn — og það skal verða mín síðasta tilvitnun í grein dr. Jakobs, — vitna í niðurlagsorðin í kaflanum um loðnuna, en þar segir:

„Veiðitímabilið hefur verið fremur stutt eða frá miðjum febrúar til marzloka og veiðisvæðið hefur jafnan verið við suður- og suðvesturströndina. Ég tel nú alveg augljóst, að unnt sé að lengja loðnuvertíðina til mikilla muna. Athuganir þær, sem gerðar voru á loðnugöngum út af Austur- og Norðausturlandi núna í vetur, sýndu, að loðnan getur verið í ágætum torfum á leið sinni suður úr kalda sjónum. Það ætti því ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að hefja loðnuveiðar allt að tveimur mánuðum fyrr en gert hefur verið til þessa. Þá er ljóst af því, sem áður var sagt um lífshætti og uppeldisstöðvar loðnunnar, að allar líkur benda til þess, að unnt sé að stunda loðnuveiðar að sumarlagi út af Norðurlandi. Þar er þó nauðsynlegt að gera nánari athuganir á loðnusvæðunum, sérstaklega með tilliti til breyttra aðstæðna í sjónum, áður en hafizt verður handa um almenna veiði. Þannig er líklegt, að unnt sé að stunda loðnuveiðar allan síðari hluta ársins fyrir Norðurlandi og síðar úti af Austfjörðum einmitt á þeim árstíma, þega hún er feitust og gefur mestar afurðir."

Og hann bætir við, að sú loðna, sem leiðangursmenn á Árna Friðrikssyni veiddu í hafi úti af Austurlandi í s. l. mánuði, þ. e. a. s. í janúar, reyndist vera 14% feit, en það er miklu meiri fita en venja er á loðnuvertíð hér syðra.

Ég hygg, að þessar niðurstöður séu þannig, að vart verði gengið fram hjá þeim þegjandi og að óathuguðu máli. Loðnuveiðin í vetur hefur, eins og ég vék áðan að, orðið mjög þýðingarmikil búbót, og — eins og ég einnig hef áður komið að — höfum við mikinn veiðiskipaflota, og við höfum gnægð vinnslustöðva í landi til þess að vinna loðnuna á hinum ýmsu árstímum án þess að teppa þær fyrir annarri og arðvænlegri vinnslu þá, en síldin er miklu dýrari fiskur en loðnan, einnig í bræðslu. En til þess að unnt verði að útfæra veiðisvæðið og veiðitímann er alveg áreiðanlegt, að það þarf að framkvæma hörkuleit ásamt tilheyrandi rannsóknum og veiðarfæratilraunum, alveg eins og gert var við síldina, og þessa starfsemi þarf að hefja strax í sumar.

Þessi till. er, eins og ég áðan vék að, flutt strax í febr., og síðan hefur aðalloðnuvertíðin gengið yfir og orðið með þeim ágætum, sem raun ber vitni. Mér sýnist að allt, sem skeð hefur síðan þessi till. var flutt, mæli með skjótum aðgerðum í þessu efni. Þessi till. er almennt orðuð og er um það, almennt talað, að láta rannsaka og fylgjast með göngum loðnunnar að landinu og með ströndum fram. En mér finnst með tilliti til þeirra atburða, sem gerzt hafa á tæplega tveimur mánuðum, síðan þessi till. var flutt, — mér sýnist það eðlilegt, að ríkisstj. verði veitt ákveðin heimild til aðgerða, og ég mun leggja fram brtt., sem hv. fjvn., sem væntanlega fær þessa till. til athugunar, tekur þá einnig til skoðunar um leið og aðaltill.

Þessa brtt. hafði ég hugsað mér að orða eitthvað á þá leið, að Alþ. heimilaði ríkisstj. að taka á leigu skip í allt að 6 mánuði til að framkvæma leit og athuganir vegna loðnunnar allt að 6 mánuði umfram það, sem þegar hefur verið ákveðið að verja til fiskileitar. Ég legg ríka áherzlu á nauðsyn þess, að nokkrar veiðarfæratilraunir verði einnig gerðar. Loðnan hefur að undanförnu fyrst og fremst verið veidd á grunnu vatni, þar sem vel hentar að veiða hana í nót, en til þess að veiða hana með árangri á dýpra vatni mun þurfa að taka upp önnur veiðarfæri. Norðmenn veiða mikið af loðnu, og þeir munu veiða um helming af sínu loðnumagni í vörpu. Þetta þarf að athuga annað hvort á þann hátt að búa væntanlegt leitarskip þannig, að það geti sjálft framkvæmt þessar tilraunir ellegar senda annað skip með veiðarfæri, ásamt leitarskipinu, en það yrði náttúrlega dýrara. Ef svo færi hins vegar, að einhverjar útgerðir sæju sér fært og teldu ástæðu til þess að fara af stað á þessar veiðar án athugunar og fylgja eftir leitarskipinu, þá þarf auðvitað ekki þessar tilraunir. Þetta er það, sem gerist á síldveiðum, eins og við vitum. Veiðiskipin fylgja leitarskipunum og eru komin á vettvang, þegar þau geta vísað á síld. En mér þykir fremur ólíklegt, að af því gæti orðið í sumar varðandi loðnuna, og þess vegna legg ég áherzlu á nauðsyn þess, að einhverjar byrjunarveiðarfæratilraunir gætu farið fram um leið. Það virðist, eftir því sem ég kemst næst, ekkert því til fyrirstöðu að hefja slíkt starf í sumar, ef fjármunir fást til þess, því að svo mikið er þegar vitað um loðnuna, að það á að nægja til þess, að unnt sé að skipuleggja gagnlegar aðgerðir. Jafnhliða því, sem leitað yrði veiðanlegrar loðnu, yrði auðvitað hlutverk leitarinnar að fylgjast með göngum hennar og rannsaka hennar lifnaðarhætti.

E. t. v. dettur einhverjum til hugar, að hægt væri að framkvæma leit og athuganir vegna loðnunnar fyrir það fjármagn, sem ákveðið hefur verið að verja til fiskileitar nú þegar og taka að einhverjum hluta skip frá síldarleitinni í því skyni, en því miður er það alveg tómt mál að ætla sér það. Það var horfið að því óheillaráði árið 1968 að draga verulega úr síldarleitinni. Þetta var aftur gert núna í ár frá því, sem lagt var til af hálfu Hafrannsóknastofnunarinnar. Það var dregið úr fjármagni til síldarleitarinnar, sem svarar þriggja mánaða úthaldi eins leitarskips. Það er þess vegna alveg augljóst, að það fjármagn gerir ekki betur en hrökkva, sem henni hefur verið ætlað, og raunar hrekkur það ekki, því ef á að halda uppi eðlilegri síldarleit í sumar í samræmi við þær kröfur, sem gerðar eru, þá verður

lítið eftir til þess að hefja aftur leit hér á suðursvæðinu í haust, sem þá er talið nauðsynlegt að athuga.

Ég held, að það hafi verið mjög mikil mistök að draga úr fiskileitinni. Þvert á móti held ég, eins og ég hef sagt, að það hefði átt að auka hana og færa hana yfir á víðara svið. Hér á árunum voru 3 skip starfandi í síldarleitinni yfir aðalannatímann, og þannig var það um nokkur ár eða fram til 1967. Síðan hafa þau verið færri. Nú er engin ástæða til að draga nokkra dul yfir það, að með tilkomu Árna Friðrikssonar batnaði aðstaða síldarleitarinnar mikið. Árni Friðriksson getur haft helmingi lengri úthaldstíma en Ægir gat haft áður, og það er ekki lítill tími, sem fer í að sigla heim og út aftur, eftir að síldin er komin í mörg hundruð mílna fjarlægð frá landinu. En svo er á hitt að líta, að leitarsvæðið hefur færzt svona gífurlega út, kannske frá því að vera áður um 100 mílur upp í að vera nú 8—900 mílur út frá landinu. Það gefur auga leið, að þó að til komi ágætt og nýtt skip, sem er afkastameira en hin fyrri, þá gerir það auðvitað ekki einu sinni að vega upp á móti útfærslu leitarsvæðisins, hvað þá, að það geri fært að minnka þann skipakost, sem hafður hefur verið í þessari þjónustu áður. Það er ákaflega nauðsynlegt, ef síldarleit og rannsóknir eiga að koma að fullu gagni á djúpmiðum lengst austur í hafi, að skipin geti stöðugt skipzt á, þannig að ekki verði eyða, þegar aðalleitarskipið þarf að fara til lands, en sú sigling fram og til baka tekur ekki minna en 10 daga að ég hygg. En eins og nú er komið, þá er nokkur hætta á því, a. m. k. ef á að dreifa síldarleitinni yfir allt árið og sjá fyrir leit hér við Suðurlandið, — þá er hætta á þessu. Árni Friðriksson gæti þá orðið einskipa í leitinni, og það yrði áreiðanlega til mikils skaða. En ég vildi alveg sérstaklega undirstrika, því það rökstyður þessa till. og einnig mína brtt., að það er alveg útilokað, að síldarleitin geti að nokkru verulegu marki færzt yfir í leit að loðnu og rannsóknir á henni, þó hún að sjálfsögðu, eins og hún hefur áður gert, reyni að fylgjast með loðnunni eftir því, sem hægt er. En það sér náttúrlega hver maður, að þegar t. d. farið er að leita að síld á fjarlægum miðum, þá er ekkert komið nálægt þeim slóðum, sem þarf að kanna með tilliti til loðnunnar.

Ég vil svo að lokum aðeins árétta, að ég álít, eins og flm. þessarar till., að það sé mjög nauðsynlegt að halda áfram fiskileit og tilheyrandi rannsóknum af fullum krafti og færa leitina út á víðara svið. Reyna á þann hátt að bæta þann skaða, sem hlotizt hefur af þverrandi síldveiðum, með nýjum veiðum. Þó að þar komi margt fleira til en loðnuveiði, þá er loðnan nærtækust. En þó að nú þegar sé töluvert vitað um hátterni loðnunnar og göngur hennar, þá fer því fjarri, að með því hafi verið fylgzt á sama hátt og göngum síldarinnar. Og með hliðsjón af því, sem ég hef leitazt við að rekja hér að framan, og með hliðsjón af nytsemi loðnunnar og þýðingu loðnuveiða fyrir íslenzkt efnahagslíf, þá virðist mér til þess fyllsta ástæða að ráðast hið allra fyrsta í rannsóknir á göngum og lifnaðarháttum loðnunnar, í leit og í veiðarfæratilraunir, enda mun það vera viðurkennt meðal allra erlendra fiskveiðiþjóða, að langarðbærasta fjárfestingin, sem hugsanleg er, til þess að efla fiskveiðarnar og fiskiðnaðinn sé öflug fiskileit ásamt tilheyrandi rannsóknum og nauðsynlegum veiðarfæratilraunum.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn. og umr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 281, n. 526, 490).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. þá, sem hér greinir, og leggur einróma til, að hún verði samþ.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja. Ég hafði leyft mér að flytja brtt. við þessa þáltill. um rannsókn á loðnugöngum, sem prentuð er á þingskjali 490.

Þessi till., sem hérna er til meðferðar, var flutt nokkru fyrr í vetur í byrjun loðnuvertíðarinnar. Mér finnst, að það hafi gerzt síðan í þessu máli, sem réttlæti fyllilega, að Alþ. leggi aukna áherzlu á þau atriði, sem í till. felast, með því að samþykkja heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka skip á leigu til rannsóknastarfa. Það hefur á sannazt mjög greinilega við loðnuveiðarnar í vetur, hversu mikið þjóðhagslegt gildi loðnuveiðar geta haft. Það hefur líka á þessum síðustu mánuðum komið mjög greinilega fram álit fiskifræðinga um, að loðnuveiðarnar sé hægt að færa út, bæði hvað veiðisvæði snertir og veiðitíma. Og það fer ekki á milli mála, að Rannsóknastofnun sjávarútvegsins hefur alveg nóg verkefni fyrir þau skip, sem þegar hefur verið ákveðið að nota til leitar í sumar, þó að ekki bætist við sérstök verkefni vegna loðnunnar.

Allshn. tók ekki afstöðu til þessarar till., en ég greindi frá henni um leið og ég talaði fyrir þessu máli, og skal ekki endurtaka mín rök nú. Mér finnst rétt og sjálfsagt, að Alþ. leggi aukna áherzlu á afgreiðslu málsins með því að samþykkja þessa brtt., og ég vænti þess, að hv. þm. geti orðið mér sammála um það.

Ég hafði hugsað mér að grípa nú tækifæri, sem ekki gafst, þegar ég talaði fyrir þessu máli, og leggja eina eða tvær spurningar fyrir hæstv. sjútvmrh. En mér sýnist hann hafi vikið af fundi. Það er ákaflega ömurlegt að eiga þess yfirleitt ekki kost hér á hv. þingi að ræða mikilsverð mál við viðkomandi ráðh.

Það, sem ég sérstaklega ætlaði að spyrja hv. sjútvmrh. um, var um rannsóknir á tilteknum teg-

undum fiskjar, sem líklegt er talið, að hér sé hægt að veiða í ríkum mæli sem hráefni fyrir síldarverksmiðjurnar. Ég get varla búizt við því, að till. til þál. um sérstakar ráðstafanir vegna hráefnaskorts síldarverksmiðjanna, er ég, ásamt sjö öðrum þingmönnum, flutti í Sþ. fyrir nokkru, sigli svo hratt í gegnum þingið, að hún fái afgreiðslu. Það hefði þó verið að mínum dómi mjög mikil ástæða til þess. Það er staðreynd, að afköst íslenzku síldarverksmiðjanna allra saman eru eitthvað nálægt 20 þús. tonnum á sólarhring. Þetta feiknarlega bákn atvinnutækja stendur ónotað mestallan ársins hring. Og það er vissulega stórkostlegt mál, ef það er rétt, sem virðist vera samdóma álit fiskifræðinga, að í hafinu umhverfis landið séu til viðbótar við síld og loðnu ekki færri en 3 aðrar tegundir fiskjar, sem einnig mætti veiða sem bræðslufisk og skapa stórkostlega mikinn gjaldeyri og um leið vinnu fyrir þessi afkastamiklu atvinnutæki, sem nú standa ónotuð mestan hluta ársins víðs vegar um landið. Þetta er svo stórkostlegt hagsmunamál, að mér finnst það nánast furðulegt, að stjórnarvöld skuli ekki hafa nú þegar a. m. k. hafið undirbúning að því að nýta þessar auðlindir.

Það er, eins og ég tók fram hér um daginn, þegar ég mælti fyrir þessum till., — það er allt öðruvísi ástand með þær 3 tegundir fiskjar, sem ég nefndi áðan, heldur en um loðnuna. Það er svo mikið vitað um loðnuna, að hægt er að skipuleggja nú þegar leit og rannsóknir, sem að gagni mættu koma. En varðandi hinar tegundirnar, spærling, kolmunna og sandsíli, þá eru þær svo lítt þekktar og þeirra lifnaðarhættir, að ég veit, að það þarf töluverðan undirbúning að því, að hægt sé að hefja raunverulegar rannsóknir og byrja veiðarfæratilraunir. Og það er það, sem manni finnst svo ömurlegt, að lítið skuli vera um þessi mál hugsað og ekkert byrjað að undirbúa skipulegar aðgerðir á því sviði. En þetta er önnur saga.

En ég vildi sem sagt vænta þess, að hv. þm. skoðuðu vel brtt. á þskj. 490 og gætu fallizt á, að hún yrði samþ.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál sérstaklega, vegna þess að ég hygg, að við séum allir nokkurn veginn sammála um það. Það, sem gaf mér tilefni til þess að segja nokkur orð, var atriði, sem kom fram í ræðu hv. seinasta ræðumanns.

Það er ákaflega áberandi og ákaflega hvimleitt, hvað ráðh. eru oft fjarverandi, þegar mál eru til meðferðar, sem snerta þau rn., sem þeir eiga að sjá um. Ég get vel skilið, að það sé kannske nokkrum erfiðleikum bundið fyrir ráðh. að vera hér alltaf viðstadda, en mér finnst, að þeir eigi að kappkosta að vera viðstaddir, þegar fram fara umr. um þau mál, sem snerta sérstaklega rn. þeirra. Til þess eiga ráðh. sæti hér á Alþ. Það er gert ráð fyrir, að ráðh. ættu setu hér á Alþ., þótt þeir væru ekki þm. Það er ætlazt til, að þeir séu viðstaddir til þess að gefa upplýsingar, þegar um málefni er að ræða, sem snertir sérstaklega þau rn., sem þeir hafa með höndum. Það er ákaflega algengt hér á Alþ., bæði í Sþ. og deildum, að ráðh. séu ekki viðstaddir undir slíkum kringumstæðum. Mér finnst rétt að láta það koma fram, að sá ráðh., sem mér virðist sitja langsamlegast bezt fundi, er hæstv. forsrh., en sá galli er hins vegar á því, að þannig er frá verkahring hans gengið, að það heyra eiginlega engin rn. undir hann, þannig að seta hans kemur ekki að gagni að þessu leyti. En ég vildi í tilefni af þessu beina því *bæði til hæstv. forseta og líka hæstv. forsrh.*, að þeir hlutist til um, að ráðh. ræktu betur skyldu sína í þessum efnum, heldur en þeir hafa gert að undanförnu.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er þó gott, að einhver saknar manns, eins og einu sinni var sagt. Ég vildi geta þess út frá því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði áðan, að þannig vildi til, að ég heyrði þá umræddu ræðu, sem hann var að vitna í, og hann sagði, að enginn ráðh. hefði heyrt, að ég skildi svo, en hitt er rétt, að við erum oft óstöðugir hér.

Út úr efni málsins vildi ég taka fram, að auðvitað er stöðugt unnið að því í þeim rannsóknastofnunum, sem þessi mál heyra undir, að kanna þau mál, sem þessar till. fjalla um, og því fer fjarri, að þeim sé ekki sinnt. Hitt er annað mál, að ef menn vilja, að tilteknar ráðstafanir séu gerðar, þá er eðlilegt, að um það séu bornar fram ákveðnar till. Í sjálfu sér hefur mér skilizt, bæði af tillögugerð hv. þm. og ræðu hans, að það væri meira og minna um vitaðar staðreyndir að ræða, sem þegar er unnið að könnun á. En ætíð er gott að fá brýningu um að sinna góðum málum, og ég hygg, að augu allflestra séu nú opin fyrir því, að það þurfi að nýta betur þá fiskistofna, sem umhverfis landið eru. Um það er ég hv. þm. mjög sammála og met hans mikla áhuga í þeim efnum.

Varðandi aftur á móti athugasemdir hv. 4. þm. Reykv., þá vil ég ekki kannast við, að það sé algild regla, að ráðh. séu ekki viðstaddir umr. Ég hygg þvert á móti, að allir ráðh. reyni eftir því sem föng standa til að vera við, þegar þau mál eru rædd, sem undir þá heyra. Hitt vitum við og getum sagt alveg ádeilulaust, hver á annan, að umr. — og þá ekki sízt í Sþ. — fara svo mjög á dreif og eru með þeim hætti, að það er ákaflega erfitt fyrir starfsbundna menn að fylgjast með þeim til hlítar. Við skulum taka sem dæmi, að nú er það þannig, að hálfur sá tími eða nærri því, sem er búinn af þessum þingfundi, fór í umr. um mál, sem var ekki á dagskrá. Þetta er auðvitað ekki góður máti til starfa. Ég skil, að menn vilji hreyfa hér mikilsverðum málum. Við því er ekkert að segja, en þetta eru ekki góðir starfshættir.

Oft er það þannig, að mikill hluti þinghalds í Sþ. fer í fsp., sem aðrir ráðh. sitja ekki yfir með eðlilegum hætti en þeir eða sá, sem hverju sinni á að standa fyrir svörum, og ekki er hægt að ætlast til þess. Varðandi aftur á móti tillöguflutning þann, sem nú er kominn til umr. þá er þetta mest svo

almenns eðlis, – það er ekki undantekningalaust, – en mest og oftast er þetta svo almenns eðlis, að það er illa varið tímanum, hvort heldur fyrir ráðh. eða þm. að hlusta á það. Ég segi þetta alveg eins og það er. Þm. hafa rétt til þess að flytja þessar till., en margar þeirra eru svo almenns eðlis, að það er ákaflega lítill vinningur fyrir nokkurn mann að sitja undir þeim umr. Málin eru send til athugunar í n., og ef um ákveðnar till. er að ræða, eru þær teknar þar til athugunar og eftir atvikum felldar eða samþ. Þetta er eðlileg þingleg meðferð. Ef menn hins vegar telja sig eiga sérstaklega vanmælt við ráðh., alveg eins og ráðh. telur sig eiga vanmælt við einhvern hv. þm., þá er ekki nema eðlilegt, að boðum sé komið til aðila um það, hvort heldur ráðh. eða þm. Við getum sagt, að formlega hvílir á okkur öllum sú skylda að vera viðstaddir á þingfundum, en við vitum, að það fer eftir atvikum, hvort við getum fullnægt þeirri skyldu eða ekki. Oftast nær er það þó þannig, að við erum í kallfæri eða hægt er að ná í okkur, og þá er það ekki nema eðlilegt, að það sé gert og sérstök boð eftir mönnum send. Ég kannast ekki við, að ef þess er sérstaklega óskað eða um mál þess eðlis er að ræða, að eðlilegt sé, að ráðh. fylgist þar sérstaklega með eða láti til sín taka, þá standi á þeim að vera staddir við umr. Ég kannast ekki við það.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég skil vel, að hæstv. forsrh. reyni að bera blak af starfsbræðrum sínum í ríkisstj., en það breytir ekkert þeirri staðreynd, að það mætti nefna fjölmörg dæmi þess, að þegar mál hefur verið til umr., þá hefur ráðh., sem þessi málaflokkur heyrði undir, ekki verið viðstaddur. Ef hæstv. forsrh. efar þetta, þá mætti kannske gera meira af því í framtíðinni að benda á, þegar slík tilefni gefast. En eins og ég sagði áðan, þá hefur forsrh. yfirleitt rækt þá skyldu mjög vel að vera hér á þingfundum, jafnvel manna bezt. Ég álít, að þess vegna sé honum mjög vel fært að leggja fyrir starfsbræður sína að sinna ráðherraskyldu sinni og þingmannsskyldu sinni á sama hátt.

Nú er það svo um alla núverandi ráðh., að þeir eru kjörnir þm. jafnframt og eiga þess vegna að sinna sömu skyldu hér á þinginu og við aðrir þingmenn. Okkur ber að sjálfsögðu að vera viðstaddir umr. Það er engin afsökun í þessu efni, hvort okkur þykir málin vera ómerkileg eða leiðinleg.

Ég er ekki sammála forsrh., að þau mál, sem t. d. eru á dagskrá í dag í Sþ., séu neitt sérstaklega ómerkileg eða leiðinleg mál, og ég álít, að það eigi að vera skylda okkar að vera viðstaddir og fylgjast með umr. og ráðh. ekkert síður en hinir.

Forsrh. minntist nokkuð á starfshætti Sþ. Ég álít, að það séu miklir gallar á starfsháttum Sþ. að því leyti, að Sþ. sé ætlaður allt of skammur tími, óþarflega skammur tími. Eins og ráðh. réttilega minntist á, kemst hér yfirleitt ekki annað að en fsp. Það er hægt að finna rýmri tíma fyrir Sþ. en bara þessa tvo tíma á miðvikudögum. Þm. geta vel komið hér saman á kvöldfundum og jafnvel næturfundum. Það er óþarfi að fella niður föstudagsfundi. Það á að byrja á þeim miklu fyrr á veturna en gert hefur verið. Mér finnst það satt að segja hálfgert hneyksli að þurfa að horfa á dagskrána í dag og sjá þar mál á dagskrá, sem er búið að flytja fyrir 2 mánuðum og hefur ekki enn komið til umr. Þetta eru ekki vinnubrögð, sem eru til fyrirmyndar. Þau þarf vissulega að bæta, alveg eins og það þarf að bæta, að ráðh. mæti betur á fundum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 47. og 48. fundi í Sþ., 7. og 8. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 490 samþ. með 21 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 767).

14. Alþjóðasamningur um að dreifa ekki kjarnavopnum.

Á deildafundum 27. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta alþjóðasamninginn um að dreifa ekki kjarnavopnum [202. mál] (A. 414).

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41. og 43. fundi í Sþ., 16., 18. og 23. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í till. þessari er lagt til, að Alþ. heimili ríkisstj. að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um að dreifa ekki kjarnavopnum, þann samning, sem gerður var í Washington, London og Moskvu 1. júlí 1968.

Í höfuðdráttum er tilgangur samningsins fjórþættur: Í fyrsta lagi að hefta frekari dreifingu kjarnavopna. Í annan stað að tryggja eftirlit með því, að kjarnorku verði ekki beitt til vopnaframleiðslu. Í þriðja lagi að efla friðsamlega notkun kjarnorku. Og loks er samningurinn allur mikilvægt spor í átt til raunverulegrar afvopnunar og eftirlits með vígbúnaði, enda hvetja samningsaðilar til áframhaldandi og áhrifameiri átaka á þeim vettvangi.

Eins og segir í tillgr. sjálfri, var þessi samningur undirritaður í Washington, London og Moskvu hinn 1. júlí s. l., og skrifuðu þá þegar fulltrúar 56 ríkja undir samninginn. Íslendingar skrifuðu undir strax á fyrsta degi, og enn fremur fulltrúar allra hinna þjóða Norðurlanda annarra en Svía, sem undirrituðu samninginn 19. ágúst s. l. Hinn 5. febr., en frá þeim degi er síðasta skýrsla, sem utanrrn. hefur um stöðu málsins, var svo komið, að fulltrúar 81 ríkis höfðu skrifað undir samninginn, en þeim á eflaust eftir að fjölga. Undirskriftirnar eru hins vegar háðar staðfestingu hlutaðeigandi löggjafarsamkomu, og fjallar till. um það, að hið háa Alþ. staðfesti þessa undirskrift með samþykki sínu.

Samningurinn tekur gildi, þegar 40 ríki hafa staðfest hann auk kjarnavopnaríkjanna þriggja, sem hafa skrifað undir, Bandaríkjanna, Bretlands og Sovétríkjanna. Bretar hafa þegar staðfest samninginn og voru í hópi þeirra 9 ríkja, sem ég gat um áðan, að hefðu staðfest samninginn hinn 5. febrúar s. l., en búizt er við, að hin stórveldin staðfesti samninginn innan skamms.

Þetta er efni þess máls, sem hér er um að ræða, og vildi ég mega leyfa mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 53. fundi í Sþ., 17. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 414, n. 695).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Utanrmn. hefur rætt till. og leggur einróma til, að hún verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 802).

15. Vegáætlun 1969–1972.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969–1972 [181. mál] (A. 354).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969–1972.

Ég tel rétt, áður en þessi till. er tekin til umr., að rifja það upp, sem sagt var hér um skýrslu um framkvæmdir vegamála á árinu 1968. En eins og þá var tekið fram, vantaði niðurstöðutölur á ýmsa liði, en þeir liggja nú að mestu fyrir, og er þá rétt að byrja á því að rifja það upp. Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar árið 1968 er halli vegasjóðs á árinu áætlaður 28,8 millj. kr. Er talið, að tekjuhallinn muni skiptast þannig, að 10,3 millj. kr. muni vanta á, að tekjuáætlun stæðist, en gjöld yrðu 18,5 millj. kr. umfram áætlun, eins og nánar er sundurliðað á bls. 5 og 6 í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Þar sem skýrsla um vegáætlun fyrir árið 1968 var samin í nóv. s. l., lágu hvorki fyrir reikningsskil um tekjur eða gjöld vegasjóðs og því var stuðzt við áætlun í því efni. Í till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969–72 er greiðsluhalli á vegáætlun 1968 áætlaður 31,8 millj. kr. eða 3 millj. kr. hærri en í skýrslu um vegáætlun sem að framan greinir. Þó að reikningsskilum vegasjóðs fyrir árið 1968 sé enn ekki að fullu lokið, er talið, að ofangreind niðurstöðutala um halla vegasjóðs á árinu 1968 muni ekki breytast neitt teljandi.

Samkvæmt reikningsyfirliti ríkisbókhaldsins í byrjun marz þessa árs urðu heildartekjur vegasjóðs á árinu 1968 alls 441,8 millj. kr. Skiptast tekjurnar þannig á einstaka tekjustofna:

Benzíntekjur nettó eru áætlaðar 295,6 millj., raunverulegar tekjur 298,4 millj. Þungaskattur er nettó áætlaður 114,7 millj., raunverulegar tekjur 113,2 millj. Gúmmígjald er nettó áætlað 40,7 millj., raunverulegar tekjur 30,2 millj. Áætlaðar tekjur voru 451 millj., en raunverulegar tekjur urðu 441,8 millj. Samkvæmt þessu hafa tekjur af benzínskatti orðið 2,8 millj. eða tæpu 1% meiri en áætlað var. Tekjur af þungaskatti hafa orðið 1,5 millj. kr. eða 1,3% lægri en áætlað var. Tekjur af gúmmígjaldi hafa orðið 9,5 millj. kr. eða 25,8% lægri en áætlað var. Hefur sala á gjaldskyldum hjólbörðum og slöngum á árinu numið 920 tonnum, og er það 340 tonnum eða um 27% minna en á árinu 1967.

Gjöld umfram vegáætlun urðu á einstökum liðum eins og tilgreint er í 2.10 í aths. með till. til þál. um vegáætlun 1969–72 eða eins og hér segir:

Útgjöld við stjórn og undirbúning vegna hækkunar á vísitölu 1 millj. kr. Útgjöld til vegaviðhalds 20 millj. kr. Hækkun vega í kaupstöðum og kauptúnum samkvæmt skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968 0,9 millj. kr. Hækkun á tryggingagjöldum 0,7 millj. kr. eða samtals 22,6 millj. kr. Hækkun á einstökum útgjaldaliðum er óbreytt frá skýrslu um framkvæmd vegáætlunar að undanskildum kostnaði við vegaviðhaldið, sem er 5 millj. kr. hærri en þar er tilgreint. Af þeirri upphæð er um 1 millj. kr. hækkun á vetrarviðhaldi og 1 millj. kr. hækkun vegna flóða á Austurlandi í nóvember 1968, en 3 millj. kr. hækkun á almennu vegaviðhaldi.

Þá er það till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969–72. Á árinu 1969 eru tekjurnar áætlaðar samtals 502,4 millj., 1970 530,5 millj., 1971 571,1 millj., 1972 611,5 millj. Endurgreiðslur af benzíngjaldi og þungaskatti eru áætlaðar 1969 af benzíngjaldi 11,5 millj., af þungaskatti 8 millj. Nettótekjur á árinu 1969 eru því áætlaðar 482,9 millj., nettótekjur 1970 510,5 millj., nettótekjur 1971 551,1 millj. og nettótekjur 1972 591,5 millj. Tekjurnar, sem vegasjóður fær, eru af þessum þremur liðum, þ. e. benzíngjald, þungaskattur og gúmmígjald, og eru þá vitanlega eftir því, hversu bílaeignin er mikil og hversu notkun þeirra er mikil.

Gerð hefur verið spá um bifreiðafjölgun á áætlunartímabilinu og um notkun þeirra, og á þessarri spá er vegáætlunin byggð. Það er vitanlega erfitt að gera þannig spá, sem ekki getur breytzt til hækkunar eða lækkunar, en þessi spá miðast við það, sem líklegt þykir, og er þá tekið tillit til þess, að bifreiðar hafa hækkað mjög mikið nú í seinni tíð og má þess vegna búast við, að innflutningur á bifreiðum dragist mjög saman a. m. k. á þessu ári og þá sennilega á næsta ári einnig. Það má hins vegar reikna með því, að verðlagið jafni sig, þegar frá líður, eins og reynslan hefur sýnt, þrátt fyrir gengislækkanir, sem orðið hafa í okkar þjóðfélagi á ýmsum tímum. Fyrsta árið eftir gengisbreytinguna verður röskun, en síðan hefur þetta jafnað sig nokkurn veginn eftir því, sem reynslan kennir.

Þá eru það útgjöld til vegamála. Stjórn og undirbúningur árið 1969, þ. e. launagreiðslur, eftirlaunagreiðslur, skrifstofukostnaður, verkfræðilegur undirbúningur og umferðartalning og eftirlit 22,5 millj., 1970 23,9 millj., 1971 24,8 millj., 1972 25,5 millj.

Viðhald þjóðvega er áætlað á árinu 1969 182,2 millj., 1970 205 millj., 1971 214,8 millj. og 1972 220 millj.

Til nýrra þjóðvega er áætlað á árinu 1969 112.1 millj., 1970 145.1 millj., 1971 164.8 millj. og 1972 194.3 millj. Sú breyting er á þessu frá því síðast var samin vegáætlun til fjögurra ára og aftur endurskoðuð eftir tvö ár, að nú er gert ráð fyrir að leggja verulega upphæð til hraðbrauta. Það eru 50 millj. kr. á þessu ári, 85 millj. 1970, 100 millj. 1971, 125 millj. 1972 eða samtals 360 millj. kr. til hraðbrauta. Þá er einnig gert ráð fyrir lántökuheimild til hraðbrauta, um 700 millj. kr. Þetta eru þá 1060 millj. kr., sem hraðbrautafé nemur, ef þessi lánsheimild verður notuð, sem ekki er hægt að fullyrða um á þessu stigi málsins. En það er stefnt að því að taka lán til hraðbrautaframkvæmda, ef hagstætt lán fæst, en það liggur ljóst fyrir, að ef taka á stórar fjárhæðir að láni til vegaframkvæmda, þarf það lán að vera til langs tíma og helzt með vægum vöxtum. Það er einnig ljóst, að ef ekki tekst að fá slíkt lán, þá gerum við ekki stórt átak í þessum málum á stuttum tíma. En það er vitanlega mjög æskilegt, að þeir vegir, sem eru fjölfarnastir og dýrastir í viðhaldi, verði gerðir með varanlegu slitlagi, og mun það spara viðhald og slit á ökutækjum og þannig borga sig þjóðhagslega séð.

Til fjallvega er varið á árinu 1969 eftir þessari till. 2.7 millj., 1970 2.9 millj., 1971 2.9 millj., 1972 2 millj.

Til búargerða er gert ráð fyrir að verja á árinu 1969 41 millj., 1970 42.4 millj., 1971 48.2 millj., 1972 50 millj.

Til sýsluvega er gert ráð fyrir að verja 17.1 millj. á árinu 1969, 17.5 millj. 1970, 17.5 millj. 1971, 17.5 millj. 1972.

Til vega í kaupstöðum og kauptúnum er gert ráð fyrir að verja 1969 54.1 millj., 1970 53.2 millj., 1971 56.4 millj., 1972 58.3 millj.

Til véla- og áhaldakaupa er gert ráð fyrir að verja 1969 17 millj., 1970 18 millj., 1971 19 millj., 1972 20 millj.

Til tilrauna í vegagerð er gert ráð fyrir að verja á árinu 1969 2.4 millj., 1970 2.5 millj., 1971 2.7 millj., 1972 2.9 millj. og til greiðslu halla á vegáætlun 1968 verður að verja 31.8 millj. Niðurstöðutölur útgjalda eru þá hinar sömu og tekna, þannig að með þessu er tekjunum varið eins og ég nú hef lesið.

Nú má vera, að ýmsir hv. þm. telji, að það sé smátt skammtað á hina einstöku liði, eins og þetta er flokkað niður og þeir vilji breyta því á einhvern hátt. Þá er því til að svara, að þetta er aðeins till., sem hér er lögð fram og verður væntanlega send til hv. fjvn., og það er vitanlega Alþ. að lokum að ákveða meðferð fjárins.

Þetta er 47% hærri fjárhæð, sem nú er til ráðstöfunar, en var, þegar rætt var um endurskoðaða vegáætlun 1967, en vegagerðarvísitala hefur vitanlega hækkað síðan. Ég held, að ég fari rétt með, að hún hefur hækkað um 38% síðan, en vegaféð hefur hins vegar aukizt um 47%, þannig að það er a. m. k. eins mikið úr að moða og þá og þó nokkru meira.

Viðhald þjóðvega verður alltaf mikið til umr., vegna þess að undan því er kvartað, að vegirnir séu ekki nógu góðir. Umferðin er mikil, ökutækin verða þyngri og þyngri, og bifreiðum hefur fjölgað mjög mikið í landinu á undanförnum árum, þótt fjölgunin liggi aðallega í hinum léttari bifreiðum, fólksbifreiðunum. En þótt kvartað sé undan vegunum, held ég, að það verði viðurkennt, að þrátt fyrir aukna umferð og aukinn þunga ökutækjanna, hafi vegirnir yfirleitt batnað í seinni tíð. Það hefur gerzt með því, að með hverju árinu hefur verið aukið það fjármagn, sem notað hefur verið til vegaviðhaldsins. Að vísu hefur verðbólga komið í veg fyrir, að sú fjárhæð hafi nýtzt eins og skyldi. En það vegur talsvert á móti verðhækkuninni, kaupgjaldshækkuninni og verðhækkuninni, að vegagerðin hefur fengið til notkunar fullkomnari og betri vélar en áður voru fyrir hendi, og afköstin hafa þess vegna aukizt, og það fæst þannig meira fyrir hverja krónu nú en jafnvel áður, á meðan krónan var í meira gildi heldur en nú.

Til viðhaldsins heyra hinar ýmsu viðgerðir á vegum. Vegirnir spillast vegna náttúruhamfara,

vegna vatnavaxta, vegna snjóflóða, og snjómoksturinn dregur til sín árlega mjög stórar fjárhæðir. Á þessum vetri hefur snjómoksturinn þó orðið ódýrari en oft áður. Framan af vetri var snjómoksturinn mjög lítill, og einnig hefur nú seinni hluta vetrarins og um miðbik hans verið minna um snjó en oft áður. Kemur það væntanlega vegaviðhaldinu til góða á næsta vori og næsta sumri. En vatnavextir og flóðin, sem spilla vegunum, draga alltaf til sín talsvert fjármagn, og það er ekki um það spurt, hvað kostar að gera við veginn, þegar hann teppist allt í einu, heldur er að því spurt, hversu fljótt má það verða, að viðgerðinni verði lokið, svo að umferð takist að nýju.

Til nýrra þjóðvega verður varið að þessu sinni, eins og áður var um getið, talsverðum fjárhæðum. Hraðbrautir lengjast nokkuð frá því, sem áður var, og verða nú 334.4 km, en ákvörðun um það, hvaða vegir fara í hraðbrautaflokk er umferðarmagnið, sem á vegunum er. Í árslok 1968 voru 37.5 km eða 11% af hraðbrautunum taldar fullgerðar sem slíkar. Er það Reykjanesbraut frá Engidal við Hafnarfjörð til Keflavíkur. Þó að ekki hafi verið lokið lagningu fleiri hraðbrauta en Reykjanesbrautar, hefur þó verið byrjað á lagningu nokkurra annarra hraðbrauta, eins og Reykjanesbrautar í Breiðholti um Blesugróf, Suðurlandsvegar frá Svínahrauni að Sandskeiði og síðast Vesturlandsvegar austan við Elliðaár, en þar voru hafnar framkvæmdir á s. l. hausti. Hefur verið samið um það verk við Íslenzka aðalverktaka, sem einnig lána fé til verksins samkv. heimild í síðustu vegáætlun. Nær samningur þessi til um 1 km kafla.

Svo sem nánar er greint í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar árið 1968, hefur Vegagerð ríkisins á undanförnum þremur árum unnið mikið við undirbúning hraðbrautaframkvæmda. Var þar og greint frá því, að á s. l. ári var samið við verkfræðifyrirtækið Kampsax um heildarathugun á samgöngumálum landsins, og var það gert með hugsanlega lántöku hjá Alþjóðabankanum fyrir augum, svo sem nánar greinir í þeirri skýrslu. Mun niðurstaða þessarar samgöngumálaathugunar liggja fyrir innan skamms.

Þar sem fjárveiting til hraðbrauta á síðasta vegáætlunartímabili nam ekki nema 40 millj. kr., hefur mestur hluti framkvæmda í hraðbrautum verið unninn fyrir lánsfé, og voru föst framkvæmdalán til einstakra hraðbrauta í árslok 1968 eins og hér segir: Reykjanesbraut 362.2 millj. kr., Reykjanesbraut um Breiðholt 10.7 millj. kr., Þrengslavegur og Austurvegur 4.4 millj. kr., samtals 377.3 millj. kr. Greiðslur vaxta og afborgana af framangreindum lánum til hraðbrauta munu á næsta vegáætlunartímabili verða eins og hér segir: Árið 1969 60.5 millj. kr., 1970 53.5 millj. kr., 1971 51.8 millj. kr., 1972 50.2 millj. kr. eða samtals 216 millj. kr. Tekjur af umferðargjaldi á Reykjanesbraut eru áætlaðar 15 millj. kr. nettó á árinu 1969, og er áætlað, að þær hækki um 1 millj. kr. á ári næstu 4 ár. Hrekkur því umferðargjaldið skammt til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum, sem hvíla á Reykjanesbraut. Fjárveiting til hraðbrautaframkvæmda er ráðgerð 50 millj. kr. á árinu 1969, en þessi fjárveiting hækkar í 125 millj. á árinu 1972, og verða því heildarfjárveitingar til hraðbrauta á vegáætlunartímabilinu 306 millj. kr. Greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum nema hins vegar 216 millj. kr. á áætlunartímabilinu, en tekjur af umferðargjaldi 66 millj. kr. Bundnar greiðslur umfram tekjur af umferðargjaldi nema því 160 millj. kr. Ef inna ætti þessar bundnu greiðslur af fjárveitingum til hraðbrautaframkvæmda af hendi á áætlunartímabilinu, yrði að mjög litlu leyti hægt að leysa þau brýnu verkefni, sem fyrir hendi eru um lagningu hraðbrauta. Af þessum sökum er hér gert ráð fyrir, að af fjárveitingum til hraðbrauta gangi aðeins 6.8 millj. kr. árlega til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum, og er það sama upphæð og varið var til slíkra greiðslna í síðustu vegáætlun. Það, sem á vantar til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum að frádregnum tekjum af umferðargjaldi á Reykjanesbraut, verði greitt úr ríkissjóði.

Til þjóðbrauta verður varið, eins og áður hefur verið greint, en þjóðbrautir eru veigamikill þáttur í vegakerfinu, eins og kunnugt er. Á síðasta vegáætlunartímabili hefur verið unnið að verulegum framkvæmdum við þjóðbrautir fyrir lánsfé. Á eftirfarandi yfirliti eru tilgreind föst lán í árslok 1968 á einstökum þjóðbrautum og vextir og afborganir þeirra lána á næsta vegáætlunartímabili, talið í millj. kr. Eftirstöðvar lána í þjóðbrautum 1968 voru 110.2 millj. kr., en þau voru á þessum vegum: Ólafsvíkurvegur 4 millj., Vestfjarðavegur sunnan Þingmannaheiðar 14.2 millj., Breiðadalsheiði 29.8 millj., Siglufjarðarvegur 46.6 millj., Ólafsfjarðarvegur 8.1 millj., Austurlandsvegur 1.1 millj., Suðurfjarðavegur 6 millj. Gert er ráð fyrir, að afborganir og vextir af lánum verði á árinu 1969 17.2 millj., 1970 17.1 millj., 1971 17.7 millj. og 1972 18.1 millj. Auk framangreindra fastra lána höfðu í árslok 1968 verið tekin bráðabirgðalán til hraðbrauta að upphæð tæpar 1.9 millj. kr., svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Er þar aðallega um að ræða bráðabirgðalán til Þingeyjarsýslubrautar samkv. sérstakri heimild í vegáætlun. Á ofangreindu yfirliti yfir föst lán til þjóðbrautarframkvæmda nema þau alls um 110 millj. kr., en vextir og afborganir af þeim á áætlunartímabilinu um 70 millj. kr. Þó að lán til Siglufjarðarvegar sé tæpur helmingur hinna föstu lána, nema vextir og afborganir af því láni um 36.9 millj. kr. á áætlunartímabilinu eða liðlega helmingi allra vaxta og afborgana af þjóðbrautarlánum. Stafar þetta af því, að lán til Vestfjarðavegar samkv. Vestfjarðaáætlun eru erlend lán, sem eru afborgunarlaus fyrstu 5 árin og koma því afborganir af þeim lánum ekki með fullum þunga inn á áætlunartímabilið. Fjárveitingar til þjóðbrauta á áætlunartímabilinu eru alls 120 millj. kr. Afborg-

anir og vextir nema hins vegar um 70 millj. kr. á þessu tímabili eða liðlega helmingi allra fjárveitinga. Með þessum miklu bundnu greiðslum yrði erfitt að leysa ýmis aðkallandi verkefni við lagningu þjóðbrauta á áætlunartímabilinu. Af þessum sökum er gert ráð fyrir, að ríkissjóður sjái um greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum til Siglufjarðarvegar á árunum 1970–1972 og lækka greiðslur afborgana við það um 27 millj. kr. Við það verða fastar bundnar greiðslur af þjóðbrautarframkvæmdum 43.1 millj. kr. eða um þriðji partur af fjárveitingunum.

Á framangreindu yfirliti eru föst lán vegna þjóðbrauta talin 1.1 millj. kr. hærri en í skýrslu um framkvæmdir vegáætlunar 1968. Stafar þessi mismunur af því, að í þeirri skýrslu er um 1.1 millj. kr. lán samkvæmt rekstraráætlun til Flateyrarvegar. Þá hefur verið unnið mikið að landsbrautum, en föst lán vegna framkvæmda í landsbrautum í árslok 1968 og vextir og afborganir þessara lána á áætlunartímabilinu eru eins og hér segir: Föst lán í árslok 1968 til landsbrauta voru 32.8 millj. kr. Afborganir og vextir 1969 verða 2.5 millj. kr., 1970 3.9 millj. kr., 1971 4.1 millj. og 1972 4.8 millj. Auk ofangreindra fastra lána höfðu í árslok 1968 verið tekin bráðabirgðalán til landsbrauta að upphæð 2.5 millj. kr. eins og greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Röskur þriðjungur þessara lána er vegna Strandavegar, og voru þau á sínum tíma tekin til þess að koma Árneshreppi í vegasamband. Önnur lán eru flest smá og dreifast á marga vegi. Föst lán vegna landsbrauta eru því 32.8 millj., og er það 1.1 millj. kr. lægri upphæð en greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968, og stafar það af því, að lán til Flateyrarvegar er ekki talið með.

Fjárveiting til landsbrauta á áætlunartímabilinu er 94.3 millj. kr., en greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum eru 15.3 millj. kr. Þar sem gert er ráð fyrir, að vegaframkvæmdum samkv. Vestfjarðaáætlun verði haldið áfram á þessu ári að verulegu leyti fyrir lánsfé, munu greiðslur vaxta og afborgana af lánum á árinu 1970–1972 hækka, sem hinum nýju lánum nemur.

Þá verður, eins og áður, varið talsverðu fé til girðinga og uppgræðslu og tryggingagjöld og orlof eru útgjaldaliður.

Til fjallvega er varið nokkru fé og nokkru meira en áður hefur verið, eins og fram kemur í þeirri till., sem hér er til umr.

Þá er varið, eins og sjá má, talsverðu fé til brúargerða og veitir ekki af, því að enn eru margar brýr nokkuð gamlar og veikbyggðar, þótt vel hafi miðað í áttina á undanförnum árum að endurnýja brýr og byggja brýr, þar sem þær hafa ekki áður verið. Kostnaðaráætlanir fyrir brýr eru í þessari áætlun byggðar á sömu forsendum og nánar greinir frá í þessari skýrslu, sem hv. þm. hafa fyrir framan sig. Samkvæmt því hækkar brúargerðarkostnaður í ár úr 804 stigum 1968 í 1020 stig 1969. Verður vísitala brúargerðarkostnaðar á næsta áætlunartímabili því eins og greinir á bls. 36 hér með till., þ. e. 1969 1020 stig, 1970 1045 stig, 1971 1070 stig og 1972 1070 stig. Það er sem sagt gert ráð fyrir nokkrum hækkunum á efni og kaupgjaldi á tímabilinu og áætlunin byggð á því. Þá er og varið talsverðu fé til smábrúa eins og venjulega, svo sem fram kemur hér í þessari skýrslu.

Frá því hefur verið greint, hverju er varið til sýsluvegasjóða. Það eru 17–18 millj. kr. á ári á áætlunartímabilinu.

Þá er fé til vega í kaupstöðum og kauptúnum samkvæmt vegal., og er það mikil upphæð, sem í það fer og hefur komið að góðu haldi bæði í kauptúnum og kauptöðum við gatnagerð. Á árinu 1969 er gert ráð fyrir, að greitt verði til kaupstaða og kauptúna 48.7 millj. kr., 1970 47.9 millj. kr., 1971 50.8 millj. kr. og 1972 52.5 millj. kr. Áætluð íbúatala í kaupstöðum og kauptúnum er 1969 168593 og 1972 172702. Áætluð upphæð á íbúa í kaupstöðum er 1969 288 kr. og 1972 302 kr., en það eru kaupstaðir og kauptún með 300 íbúa eða fleiri, sem njóta þess að fá af þessu svonefnda kaupstaða- og kauptúnafé.

Gert er ráð fyrir að verja til vélakaupa allmiklu fé á þessum árum, en á undanförnum árum hafa vélar verið endurnýjaðar og meðalaldur þeirra lækkað nokkuð. Það má þó segja, að betur má, ef duga skal, og það er vitanlega ákaflega mikið atriði fyrir vegagerðina að hafa fullkominn og góðan vélakost. Með því mun nýtast miklu betur það fé, sem vegagerðin hefur undir höndum, en það er þó ekki nauðsynlegt, að vegagerðin eigi allar þær vélar, sem notaðar eru við vegagerð, sem ekki gætu þá verið fullnýttar. Því hefur það ráð verið tekið að leigja vélar að sumrinu til, þegar mest er að gera, og hefur það oft komið sér vel sérstaklega fyrir ræktunarsamböndin að fá þannig vinnu fyrir vélarnar, sem annars hefðu kannske orðið að standa ónotaðar. En vélarnar eru dýrar, bæði í innkaupi og rekstri og því dýrari, sem þær eru eldri. 1965 var meðalaldur véla 12.2 ár, en í janúr 1969 var meðalaldur véla 9.8 ár og má segja, að þessi meðalaldur vélanna sé enn of hár. En stefna ber að því að endurnýja vélarnar örar en tekizt hefur til þessa, en það verður að viðurkenna, að það var breytt um stefnu í sambandi við vélakaup vegagerðarinnar, því að á löngu árabili voru ekki keyptar nýjar vélar handa vegagerðinni, heldur að mestu leyti notaðar vélar af Keflavíkurflugvelli, sem fengust fyrir lágt kaupverð, en voru vitanlega mjög dýrar í rekstri.

Þá er rétt að geta um þær framkvæmdir, sem ekki verða greiddar að öllu leyti af fé vegasjóðs á framkvæmdatímabilinu. Það er, eins og áður hefur verið á minnzt, áætlað, að það verði 360 millj. kr. á áætlunartímabilinu til hraðbrauta, en af þeirri upphæð er áætlað að greiða 28 millj. til greiðslu vaxta og afborgana af Reykjanesbraut, og verða þá eftir 332 millj. kr. Það er áætlað, að kostnaður við að fullgera Vesturlandsveg frá enda Miklubrautar og upp að Leirvogi og tengja hann við Þingvallaveg, ljúka lagningu Suðurlandsvegar frá Reykjavík

að Selfossi og byggja nýja akbraut á Hafnarfjarðarvegi frá Kópavogi að Engidal muni kosta um 1200 millj. kr. miðað við núverandi verðlag. Áætlað er þó, að með 700 millj. kr. lánsfé til viðbótar þeirri fjárveitingu, sem að ofan greinir, megi ljúka að mestu lagningu framangreindra vega á áætlunartímabilinu með því að fresta byggingu dýrra umferðarmannvirkja við enda Miklubrautar. Og í samtali, sem ég átti við vegamálastjóra í morgun, taldi hann, að það mætti gera þessa vegi og lengra og meira af Vesturlandsvegi en upp að Þingvallaafleggjara fyrir þessa upphæð. Það væri undir því komið, hversu þykkt slitlagið væri haft í byrjun og hvernig frá því væri gengið. Þannig taldi hann, að það mundi kosta um 800 millj. kr. að gera veginn frá Reykjavík austur að Selfossi með því vandaðasta og sterkasta slitlagi, sem hægt er að reikna með, en fyrir 550 millj. kr. mætti gera þennan veg með sæmilegu slitlagi, sem síðar yrði endurbætt seinna.

Það er áætlað, að Hafnarfjarðarvegurinn kosti um 100 millj. kr. og vegurinn upp í Leirvog með tengingu við Þingvallaveg um 300 millj. kr. Það er ekki enn ákveðið, hvernig með slitlagið verður farið. Það er gert ráð fyrir, að ef það verður malbik, sé það 16 cm þykkt, þegar það er fullunnið, en talið er, að það kæmi vel til mála að hafa það ekki svo þykkt í byrjun, heldur bæta ofan á það síðar, og mætti þá komast lengra áleiðis með Vesturlandsveg fyrir 1200 millj. kr. eða jafnvel þótt gengið væri frá Austurvegi austur að Selfossi að mestu leyti, þannig að það yrði talið varanlegt slitlag, þótt gert væri ráð fyrir að bæta ofan á það síðar. En hvort takast megi að gera þessar hraðbrautir á áætlunartímabilinu, fer eftir því, hve mikið fé verður til ráðstöfunar. Verður hægt með endurskoðaðri vegáætlun að auka það fjármagn, sem hægt er að leggja í vegina strax, eða tekst að fá nógu hagkvæmt lán, til þess að það þyki fært að leggja vegina að svo miklum hluta fyrir lánsfé, eins og sýnist vera samkv. þessu? Á það mun reyna áður en langt um líður, og að því verður stefnt að útvega hagstætt lán í þessu skyni. Það hafa jafnvel heyrzt raddir um það, að það mundi verða gerð stórhækkun á benzínverði og þungaskatti í því skyni að auka tekjur vegasjóðs. Ég held, að það sé ekki „praktískt“ að gera það að svo stöddu. Benzínverð hjá okkur mun nú láta nærri að vera það sama og í nágrannalöndunum. Við vorum lengi með nokkuð lægra benzínverð en nágrannalöndin, en eins og það er nú, er það mjög svipað og það er á Norðurlöndum og í Bretlandi og Vestur-Þýzkalandi. Það gæti meira að segja skeð, að það yrði ekki tekjuaukning fyrir vegasjóð að hækka þungaskattinn og benzínverðið. Það gæti verið, að ef þungaskatturinn yrði hækkaður frá því, sem nú er, leiddi það til þess, að menn tækju númerin af bifreiðunum og hefðu þær lengur inni en annars. Það gæti jafnvel orðið til þess að rýra tekjur vegasjóðs frekar en að auka þær. Og sama máli gegnir með mikið hækkað benzín frá því, sem nú er. Það gæti leitt til þess, að það yrði minna notað en ella. En það er mín skoðun, að það sé engin ástæða til þess að kvarta undan benzínverði hér á landi, meðan það er ekki hærra en í nágrannalöndunum. Og þótt kvartað sé undan háum þungaskatti á vörubifreiðum, þá er hann þó lægri en gerist í nágrannalöndunum. Það er svo annað mál, að það kemur dálítið rangt niður með þungaskattinn á þungum vörubifreiðum, þegar menn í kaupstöðum og bændur nota þessa bíla mjög lítið, aka kannske ekki nema 10–12 þús. km á ári, en skatturinn er miðaður við, að ekið sé 30 þús. km. Þess vegna er það í athugun hjá vegagerðinni að taka upp gjaldmæla í bifreiðarnar eða þá sjálfritara, eins og það er kallað, og yrði að sumu leyti kannske hentugri en gjaldmælarnir. En það er að því stefnt að gera einhverjar ráðstafanir, sem gætu komið til framkvæmda ekki seinna en um næstu áramót til þess að jafna þann mismun, sem óneitanlega er hjá þeim, sem aka mikið, og hinum, sem ekki hafa tækifæri til þess að aka nema lítið, en borga jafnmikinn þungaskatt af bifreiðinni fyrir því.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þessi orð ekki öllu fleiri að svo stöddu. Ég geri ráð fyrir því, að það gefist tækifæri til þess að segja nokkur orð seinna í tilefni af því, sem ýmsir hv. þm. vildu um þetta mál segja, og kannske vegna fsp., sem fram kynnu að koma. En ég legg til, að till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til hv. fjvn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það orkar ekki tvímælis, að Alþ. hefur verið verulega örlátt við núv. hæstv. vegamálaráðh. um tekjur til vegagerðar. Strax í upphafi þeirrar ríkisstj., sem hann var vegamálaráðherra í haustið 1959, voru benzínskattur og þungaskattur hækkaðir verulega til vegagerðarinnar. 1963 voru svo vegalög sett, og þá sameinaðist Alþ. um að auka tekjur vegasjóðs um 100 millj. kr. með nýjum sköttum. 1965 voru þessir skattar hækkaðir á nýjan leik og 1968 — í fyrravor — voru þessir skattar enn hækkaðir, svo að gert var ráð fyrir, að árstekjur af þeirri hækkun mundu vera um 150–190 millj. kr. Þegar hæstv. ráðh. gat um það hér áðan, að það væri aukið fé, eins og hann orðaði það, til framkvæmda í vegagerð umfram þær verðhækkanir, sem orðið hefðu á kostnaði við vegaframkvæmdina frá því að síðasta vegáætlun var endurskoðuð, þá gleymdi hann að geta þess, hver breyting var gerð á tekjustofnunum til vegagerðarinnar á s. l. ári, sem nam þeirri fjárhæð, sem ég hef nú greint. Ég tel það öfugmæli, að nú fáist meira fyrir hverja kr. í vegagerð en fékkst, þegar vegáætlun var sett haustið 1965. Svo mikil breyting hefur orðið á verðlagi í landinu og kostnaði við framkvæmdirnar, að ég held, að hér hafi hæstv. ráðh. misnefnt sig.

Mig langar við þessa fyrri umr. vegáætlunarinnar að víkja nokkuð að ástandinu í vegagerð í landinu og þeim atriðum, sem koma efst í huga, þegar vegáætlun er rædd. Ég kem nokkuð inn á notagildi fjárins, sem hæstv. ráðh. vék hér að áðan.

Þessi vegáætlun, sem hér liggur fyrir til fyrri umr., er sú fyrsta, sem gerð er, eftir að lögin hafa staðið í 5 ár, og bráðabirgðaákvæði um ýmsa vegi, sem ekki voru felld niður úr þjóðvegatölu, þegar lögin voru sett, tapa nú gildi sínu. Þess vegna styttast landsbrautirnar um 682.3 km frá því, sem var, þegar vegáætlunin var afgreidd hér síðast. Hins vegar lengjast sýsluvegirnir um 430 km, en 252 km falla alveg úr þjóðvegakerfinu.

Þetta er nýtt hér á hv. Alþ., því að venjan hefur verið sú, að þjóðvegakerfi landsmanna hefur verið að lengjast, og það var kapp hv. þm. að koma því yfirleitt þannig fyrir, að vegir færu yfir í þjóðvegatölu og ríkissjóður annaðist framkvæmdir þeirra. Um þetta er það að segja, að margir af þeim vegum, sem nú falla út úr þjóðvegakerfinu, verða ekki fyrir nokkru tjóni, vegna þess að það hefur ekki verið hægt að sinna fjárþörf þeirra með þeim fjárhæðum, sem hafa verið til skipta í landsbrautum og þjóðbrautum. Þess vegna er það von okkar þm., að einmitt við að færast úr þjóðvegatölu, verði þeim betur sinnt en áður var. Svo er um suma af þeim vegum, sem falla nú úr þjóðvegatölu í Vesturlandskjördæmi, að það hefur ekki verið hægt að veita fé til þeirra á síðustu árum eða sinna þeim að nokkru marki. Af þessari ástæðu mun þar ekki verða sá harmagrátur, sem hefði mátt reikna með, þegar þessir vegir færast í aðra vegaflokka. Hins vegar sýnir þetta, að þrátt fyrir þær stóru aukningar á fjárveitingum til vegamála með nýjum sköttum hefur ekki verið hægt að sinna þeim sem skyldi.

Þegar litið er á einn stóran flokk útgjalda í sambandi við vegamálin, sem er viðhald þjóðvega, er fróðlegt að bera saman, hvernig þróunin hefur orðið í þessum málum einmitt nú síðustu árin. Hæstv. ráðh. gat þess, að vegakerfið í landinu væri alltaf að batna, en því er ekki að neita, að viðhald þjóðvega er nú mjög fráleitt og er víða orðið þannig, að það er í raun og veru orðið erfitt að halda uppi eðlilegri umferð um vegina. Ef við tökum síðustu árin, árin 1967 og 1968, og berum þau saman við þá áætlun, sem hér liggur fyrir til fyrri umr., varð kostnaður eða fjárveiting til hvers ekins km í viðhaldskostnaði árið 1967 6.9 aurar og árið 1968 6.3 aurar á hvern ekinn km. 1969 er gert ráð fyrir, að ekki verði hægt að verja til viðhaldsins nema 5.3 aurum á ekinn km, 1970 5.4, 1971 5.1 og 1972 4.8. Þessi þróun sýnir, að það er alltaf að minnka það fjármagn, sem varið er til viðhalds á hvern ekinn km, þrátt fyrir það, að þróunin hafi orðið sú á síðari árum, að bílarnir stækka með hverju ári og umferðin krefst þess vegna meira viðhalds en ella hefði verið. Þessi þróun er mjög alvarleg og sýnir, að þessum málum er ekki sinnt sem skyldi og fjarlægist mjög, eftir því sem lengra gengur í þessa áttina, að viðhaldið sé eðlilegt.

Á bls. 29 í grg. þáltill., kemur fram, að árið 1960 var 81% bifreiða af stærðinni 2–5 tonn. 1967 hefur þetta breytzt þannig, að 42.1% er af þessari stærð, en á bilinu 5–7 tonn voru árið 1960 12.3%, en nú 33.7%. Hins vegar var á árinu 1960 6.1% af bifreiðum stærri heldur en 7 tonn, en nú eru þær 21.8%. Þannig hefur þróunin orðið á síðari árum, að bifreiðarnar hafa þyngzt og þess vegna hefur skapazt meiri þörf fyrir aukið viðhald veganna, en í staðinn fyrir þessa auknu þörf viðhaldsins fer það minnkandi með hverju árinu miðað við ekinn km.

Á síðasta ári flutti ég og nokkrir hv. þm. till. um, að vegagerðin ynni verulega í því að skipta blindhæðum og blindbeygjum. Eins og venja er, urðum við stjórnarandstæðingar að sætta okkur við, að þessi till. var ekki afgreidd hér á hv. Alþ. Höfðu menn ýmislegt við hana að athuga. Hins vegar hafði hún þau áhrif, að sérstakri fjárhæð var varið í þeirri áætlun, sem gerð var hér í fyrravor í sambandi við hækkun á tekjustofnum vegasjóðs, til þess að framkvæma þetta. Það hefur nokkuð áunnizt í því að gera það, og ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. samgmrh., hvort ekki verði stefnt að því núna að hafa nokkra fjárhæð til þess. Ennfremur hefur verið tekin af þessu viðhaldsfé nokkur fjárhæð til þess að setja upp vegamerki, og ég geri ráð fyrir, að því verði haldið áfram. Þess vegna sýnist mér og ekki sýnist, heldur er það augljóst, að með þessari vegáætlun verður haldið enn þá lengra áfram á þeirri braut að draga úr eðlilegu viðhaldi veganna. Er það þó langt frá því, að svo megi verða.

Þegar kemur til framkvæmdanna, er ekki uppi nein gleði yfir því að ég hygg hjá hv. þm., þegar þeir fara að virða fyrir sér, hvað verður til framkvæmda á næstu árum í vegamálunum. Ég kem þar fyrst að þjóðbrautunum, en á árinu 1968 voru til framkvæmda í þjóðbrautum 31.8 millj. kr., þegar frá eru dregnar þær fjárhæðir, sem fóru til þess að greiða vexti og afborganir af eldri lánum. Á árinu 1968 verður samkv. till. vegáætlunarinnar 17.7 millj. kr. til framkvæmda í þjóðbrautum. Ef hefði átt að mæta þeirri verðhækkun, sem er á vegavísitölunni frá 1968–1969, þá hefði þurft, til þess að notagildi fjárins væri sama 1969 og var 1968, að verja 38.1 millj. til framkvæmda í þjóðbrautum í staðinn fyrir 17.7, eins og gera á. Ég held, að menn verði ekki almennt sammála hæstv. ráðh. um það, að vel sé fyrir þessu séð.

Ef við snúum okkur að landsbrautunum, þá var varið til framkvæmda í landsbrautum árið 1968 22.4 millj. kr. Það er gert ráð fyrir, að til framkvæmda í landsbrautum 1969 verði varið 17.5 millj. kr. Það hefðu þurft að verða 26,8 millj. kr., ef miðað er við sama notagildi og árið 1968, í staðinn fyrir 17.5 millj. kr. Ef tekið er árið 1970, þá er gert ráð fyrir að verja 21.3 millj. kr. til þjóðbrauta, en hefði átt að vera, ef notagildi hefði átt að vera sama og var 1968, 40.4 millj. kr., þegar búið er að umreikna það með vegavísitölunni.

Í landsbrautum er gert ráð fyrir að verja til framkvæmda á árinu 1970 19.1 millj. kr., en hefði þurft að vera 28.4 millj. til þess að halda notagildinu frá 1968. 1971 er gert ráð fyrir því að verja til nýbygginga í þjóðbrautum 22.3 millj. kr., en hefði með notagildinu 1968 átt að verða 42.5 millj. kr. eða hér um bil tvöföld fjárhæðin, ef notagildi

hefði átt að verða sama. Í landsbrautum er gert ráð fyrir að hafa til framkvæmda 1971 20.9 millj. kr., en hefði þurft að vera 29.9 samkvæmt notagildi ársins 1968. Og 1972 er gert ráð fyrir að verja til nýbygginga í þjóðbrautum 23.5 millj. kr., en hefði þurft að vera 42.5 og 21.5 í landsbrautum í staðinn fyrir 29.9. Þetta er miðað við s. l. ár. Ég held, að allir séu sammála um það, hv. alþm. og aðrir, að framkvæmdir í þjóðbrautum og landsbrautum árið 1968 hafi sízt verið um of.

Ef hv. alþm. líta á bls. 41 í grg. þáltill., sjá þeir, hvað ógert er í bæði þjóðbrautum og landsbrautum og ég held, að það hafi verið á s. l. ári, sem afgreidd var hér till. til þál. um að skora á hæstv. ríkisstj. að hraða framkvæmdum í að leggja hringveg í kringum landið, en samkv. þessari skýrslu, sem ég vitnaði hér til, eru um 300 km rúmir, sem eru algerlega óvegaðir af þjóðvegakerfi landsins. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um kostnað við gerð km, þá mun hann hlaupa frá 0.6 millj., þar sem bezt er að gera veg, en þá þarf í raun og veru ekkert að gera annað en ýta upp melum og ekki að bera ofan í sérstaklega. Ef þannig land er til staðar, mundi vera hægt að gera km fyrir 600 þús., en kostnaður er allt að 3 millj. við gerð km í landsbrautum og þjóðbrautum. Þó er ekki gert ráð fyrir því, að þar þurfi að fara fram nokkrar sprengingar. Það má því gera ráð fyrir því, að að meðaltali kosti km a. m. k. 1½ millj. kr., og sjá þá hv. alþm., hvað okkur muni miða áfram í gerð vega í landsbrautum og þjóðbrautum á næstu 4 árum með þeim fjárveitingum, sem hér er gert ráð fyrir, að til þeirra gangi. Ég vek athygli á þessu, að þrátt fyrir, að hv. Alþingi hafi hvað eftir annað hækkað verulega tekjustofna til vegasjóðs á síðustu árum, gengur ekki betur en þetta að skila þeim verkefnum, sem þarf að leysa á næstu árum í vegamálunum, svo að litlu mun fram haldið á næstu 4 árum með þessum fjárveitingum, sem hér er lagt til.

Um hraðbrautaþáttinn vil ég segja, að þegar gerð var breyting á vegamálunum eða tekjustofnum til vegasjóðs hér á hv. Alþ. vorið 1968, þá var það rökstutt með því, að þetta fé ætti að ganga til hraðbrauta. Eins og fram kemur í grg. till., er ástandið svo í sambandi við hraðbrautirnar, að ef vegasjóður ætti að standa undir greiðslum afborgana og vaxta af þeim lánum, sem á vegasjóði hvíla nú vegna hraðbrautargerðanna, yrði um sama og engar framkvæmdir að ræða, því að gert er ráð fyrir, að um 226 millj. kr. þurfi að ganga til greiðslu vaxta og afborgana af lánum til hraðbrauta, eins og þau eru í dag. En þau hafa sem kunnugt er, lán til vegagerða, hækkað á annað hundrað millj. kr. vegna tveggja gengisbreytinga haustin 1967 og 1968. Nú voru góð ráð dýr, ef átti að bjarga sér frá því, að algerlega væri gengið á bak orðanna um að nota fé, sem var sótt í gegnum hv. Alþ. í fyrra til bifreiðaeigenda til vegagerðar og í hraðbrautir.

Það hefur staðið yfir nokkur deila hér á hv. Alþ. s. l. 4 ár út af því, að þegar vegal. voru sett 1963, var því heitið af núv. hæstv. vegamálaráðh., að ekki minna en 47 millj. kr. skyldi verða veittar úr ríkissjóði til vegamála. Þetta stóð óbreytt, eins og lofað var, árið 1964. 1965 var þessi fjárveiting minnkuð með 20% skerðingu á framkvæmdafé það ár, og 1966 var þetta gersamlega þurrkað út. Við Framsfl.-menn höfum flutt brtt. við afgreiðslu fjárl. öll þessi ár síðan til þess að fá þetta leiðrétt. Það hefur verið útmálað hér á hv. Alþ., bæði í sambandi við afgreiðslu fjárl. og oft við ýmis önnur tækifæri, að þetta sýndi ábyrgðarleysi okkar um fjárhag ríkisins, að við skyldum krefjast þessa af ríkissjóði. Þessu var haldið fram meira að segja það ár, þegar ríkissjóður hafði í tekjur um 800 millj. kr. umfram áætlun fjárlaga. En hvað gerist nú? Það gerist nú, að loksins sést árangur af þessari baráttu okkar. Og satt að segja óska ég hæstv. samgmrh. til hamingju með það, að tekizt hafi að leiðrétta það, sem hann átti auðvitað aldrei að láta hafa sig til — að fella þetta út af fjárl. Þetta er auðvitað afturfótafæðing á þessu, því að nú er lagt til, að ríkissjóður greiði á árinu 1969 38.7 millj. kr. til vegasjóðs vegna afborgana og vaxta af lánum hraðbrautanna, þó að það sé ekki gert ráð fyrir því á fjárl. Og nú er ekkert ábyrgðarleysi, þó að þessu sé bætt við fjárl. þrem mánuðum eftir að þau voru afgreidd. Það var ábyrgðarleysi að ætla að taka þetta með í des., þegar verið var að afgreiða fjárl. Þá var það ábyrgðarleysi að gera till. um, að þessi útgjöld gætu verið á fjárl. 1969. Nú er þetta hins vegar þannig breytt, og það gerir ekkert til. Það góða hlýtur alltaf að sigra, og eins hefur það farið í þessu tilfelli, og þó að þetta beri að með svona leiðinlegum hætti, þá gleðst ég yfir því og endurtek, að ég óska hæstv. ráðh. til hamingju með það að hafa þó lagað sinn hlut þar. Og á næstu 4 árum á að bæta þetta, þannig að það á að vera ekki langt frá því að halda inni 47 millj. Það er nú eitthvað fyrir neðan það. Ég held, að það vanti eitthvað 29 millj. til, en — nei, það er nú ekki alveg svo mikið, — en það eru nú smámunir miðað við annað, og þess vegna hefði mér fundizt eðlilegt, að það hefði verið hægt að framkvæma fyrir þessar 6.4 millj., sem eiga að ganga til þess að greiða vexti og afborganir af hraðbrautalánum á ári næstu 4 ár. Mér finnst, að sá þáttur sé bara hafður til þess að skemmta okkur stjórnarandstöðunni, því að hann er ekki umtalsverður og hefði náttúrlega verið eðlilegt að taka það með. En fyrst menn vilja hafa þetta sem skemmtiþátt, þá hef ég ekkert við það að athuga út af fyrir sig. En mér er það fullkomlega ljóst, eins og við framsóknarmenn erum búnir að halda fram ár eftir ár, að það er vonlaust að tala um vegagerð að nokkru marki nema ríkissjóður standi undir hraðbrautafénu, — það verði gert með ríkislánum, því að eins og lagt er til með þessari vegáætlun, er framkvæmdafé í hraðbrautirnar tekið af eðlilegu fé til framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum. En ég vil endurtaka, að í raun og veru er það eina, sem er nýtt og að gagni í þessari till. um vegáætlun, að opna nú aftur inn í ríkissjóð, því að það er vonlaust að koma áfram vegamálunum í

landinu, svo að nokkurt lag sé á, nema ríkissjóður leggi þar til fé með sínum framlögum, meðan hann heldur þeim tekjum, sem hann heldur af vegagerðinni í landinu, eins og hann gerir nú. Þess vegna er þetta eini þátturinn, sem er nokkurs virði í vegáætluninni. Hitt er svo annað mál, að hefðu þessar 47 millj. kr. þegar verið veittar 1966, 1967 og 1968 á fjárl. þeirra ára og svo nú aftur, þá hefði notagildi þess fjár orðið margfalt meira, því að það hefur verið staðið undir greiðslu á lánum vegna Keflavíkurvegarins með því að taka ný lán, sem tvær gengisbreytingar hafa svo hækkað um nærri 150 millj. kr. Það eru vextirnir, sem við verðum að greiða, vegna þess að við tókum upp þá skammsýnu stefnu að fella þessa fjárveitingu niður. Ef við hefðum haft þessar 150 millj. kr., þá stæðum við meira en 150 millj. kr. betur nú en við stöndum í vegamálunum. Þetta vil ég minna hv. alþm. á um leið og ég undirstrika, að barátta okkar fyrir því að leiðrétta þetta aftur ber nú loks árangur.

Um brúaféð er það að segja, að hæstv. ráðh. hafði orð á því áðan, að það hefði nokkuð vel til tekizt, en betur má, ef duga skal. Á árinu 1968 var varið 50.1 millj. kr. til brúargerða í landinu. Á árinu 1969 á að verja 39.8 eða rúmlega 11 millj. lægri fjárhæð en 1968, en hefði notagildi fjárins 1968 átt að vera sama 1969, þá hefði í staðinn fyrir 39 millj. kr. þurft að verja 63 millj. kr. Hækkunin á brúarframkvæmdum er það mikil, að við hefðum þurft að verja 63 millj. kr., svo að hér vantar hvorki meira né minna en 24 millj. kr., til þess að við getum unnið jafnmikil verk í brúargerð árið 1969 og við unnum á s. l. ári. Árið 1970 er gert ráð fyrir 41.2 millj. til brúargerðar, en hefðu eftir sömu reglu þurft að vera 65 millj. kr. 1971 er gert ráð fyrir 46.8, en þá hefði þurft að vera 66.7 og 1972 48.5 í staðinn fyrir 66.7. Þessi samanburður sannar okkur, að við erum hér áfram á rangri leið, því við erum fjær því að geta sinnt verkefnunum í brúargerð á næsta ári og næstu árum en við vorum þó á s. l. ári.

Í sambandi við vélakost vegagerðarinnar vil ég segja, að það er eðlilegt og sjálfsagt að vegagerðin hafi nokkurn vélakost til þess að geta innt af hendi ýmis verk, m. a. til þess að eiga aðgang að heppilegum samanburði um kostnað við framkvæmdir við vegagerð. Ég vil hins vegar segja það sem mína skoðun, að það er ekki eðlilegt, að vegagerðin eigi öll tæki sem unnið er með í vegagerð. Það er ekki heppilegt, að opinber aðili eigi nema takmarkað af slíkum tækjum, svo að ekki þurfi að búa til verkefni handa þeim, en hitt er jafnóeðlilegt, eins og nú á sér stað, að tæki og vélar vegagerðarinnar og sá mannskapur, sem hún hefur vegna þeirra og eru ársmenn, skuli ekki hafa verkefni á sama tíma og aðrir verktakar eru að vinna að vegamálum rétt fyrir framan áhaldahúsið, eins og nú á sér stað. Sú stefna, sem tekin var með afgreiðslu á málum Vesturlandsvegar í haust, er ekki rétt og passar ekki til framkvæmda í vegagerð. Það verður þó fyrst og fremst að hugsa um það, að vegagerðin sjálf hafi vinnu fyrir þær vélar og tæki, sem vegasjóður og ríkissjóður eru búnir að leggja fjármuni sína í, til þess að vegagerðin geti eignazt, og það verður ekki eðlileg nýting á tækjunum, ekki eðlilegar afskriftir og það kemur fram í því, nema nóg verkefni séu fyrir hendi, að leigan á þessum tækjum verður dýrari í þeim vegum, sem þau eiga að vinna. Þess vegna vil ég undirstrika, að vegagerðin á ekki að eignast nema hæfilega mikið af tækjum, því það er réttmætt og sjálfsagt að vinna einnig í vegagerð með tækjum annarra, en hún á að fá að nota sín tæki á undan þeim vélum, sem leigðar eru frá öðrum aðilum.

Ég skal ekki þreyta hv. þm. með langri ræðu, en ég vil leggja áherzlu á þetta að lokum: Viðhaldið á þjóðvegunum hefur ekki verið og er ekki eðlilegt, og það verður að auka fé til viðhalds, ef vegirnir eiga að vera sæmilega vel færir. Það verður að leggja margfalt meira fé til framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum, og við verðum fyrr en seinna að ljúka því verki að gera hringveg í kringum landið. Til þess að við getum það, verðum við að auka framkvæmdafé í þessum málaflokkum vegagerðarinnar, bæði þjóðbrautum og landsbrautum. Það verður ekki hægt að leysa þörfina í gerð hraðbrauta, nema með ríkislánum. Tekjur vegasjóðs eru ekki meiri en það, að hann er full hart reyrður til þess að standa undir gerð þjóðbrauta og landsbrauta. Ríkissjóður verður að taka að sér að greiða vexti og afborganir af þeim lánum, sem nú eru á vegasjóði, til þess að framkvæmdirnar fái aukið fé, og á þessu tímabili mundi það muna um 70 millj. kr. Það munar vegasjóð að nokkru leyti, en ríkissjóð sem sagt ekki neitt. Þess vegna verð ég að segja, ekki sízt þegar miðað er við framkvæmd á vegamálunum síðustu árin eða þátt ríkissjóðs í þeirri framkvæmd, að hæstv. vegamrh. hefði átt að beita sér fyrir því, að ríkissjóður tæki þessa greiðslu að fullu, en færi ekki að skilja þessar 70 millj. eftir, eins og gert er. Ég legg áherzlu á, að þannig verður að standa að vegagerðinni í landinu, ef við eigum að ná sæmilegum árangri í vegamálum.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal leitast við að lengja ekki mikið þessar umr. Mér er kunnugt um að koma á þessu máli til n. og ljúka þessari umr. í dag, og sé ég, að þetta er eðlilegt, þar sem mjög er liðið á þing.

Það komu fram í ræðu hæstv. ráðh. upplýsingar um vexti og afborganir af lánum, sem hvíla nú á þjóðinni vegna vegaframkvæmda, en öll eru föst lán á síðustu áramótum 516 millj. En það sem mig langaði til að spyrja hæstv. ráðh. um, ef hann hefði það við hendina, er, hversu mikil upphæð þetta verður t. d. á þessu ári, vextir og afborganir til samans. Hann nefndi upphæðir í hverjum flokki vega að mér virtist, en ég a. m. k. náði því ekki, hvað þessi upphæð muni verða há á þessu ári, vextir og afborganir af lánum alls. Mér sýnist fljótlega séð með því að líta á þetta, að þá hljóti það að vera einhvers staðar á milli 70—80 millj., ef maður reiknar með, að að meðaltali séu vextir og afborg-

anir um 15% af upphæðinni, en það getur verið, að það sé eitthvað hærra eða lægra.

Þá tók ég eftir því, að hæstv. ráðh. skýrði frá því, að nú mundi ríkissjóður taka á sig að greiða vexti og afborganir af hraðbrautarlánum, ef ég hef skilið það rétt, en ég vil spyrja hann að því, hvort það eru aðeins lán vegna hraðbrauta, sem ríkissjóður ætlar að taka að sér eða hvort það verða líka lán, sem tekin hafa verið vegna þjóðbrauta og landsbrauta, og hversu há upphæð það verður í heild, sem ríkissjóður tekur þannig að sér? Mér finnst þetta skipta nokkru máli, hvort þessum vöxtum og afborgunum verður létt af fjárveitingum til veganna, því að hingað til hafa þær að sjálfsögðu verið teknar af fjárveitingunum. Það skiptir ekki litlu máli, hvort ákveðnir vegir losna við þessar greiðslur og geti því notað allar fjárveitingarnar samkvæmt vegáætlun í nýjar framkvæmdir eða hvort þær skerðast mikið vegna afborgana og vaxta. Með öðrum orðum spyr ég um, hvort það sé af öllum vegum, sem ríkissjóður ætlar að taka að sér greiðslu vaxta og afborgana, eða af hvaða vegum er það, og hversu há er upphæðin t. d. á þessu ári?

Aðallega stóð ég þó upp til þess að vekja athygli hv. fjvn. á því, að mér sýnist fjárveitingar úr vegasjóði til þjóðbrauta og landsbrauta fara ískyggilega lækkandi, ef miðað er við heildartekjur vegasjóðs. Ég hef gert mér nokkra grein fyrir þessu, og mér sýnist, að fjárveitingar samkvæmt vegáætlunum undanfarin ár til þjóðbrauta og landsbrauta hafi á árinu 1964 verið 21,4% af heildarupphæðinni, heildartekjum vegasjóðs, 1965 hafi þetta verið 19,4%, 1966 17,3% og 1967 14,1%. Ég hef ekki athugað þetta fleiri ár, enda getur hver og einn athugað þetta, en samkvæmt þessari vegáætlun sýnist mér, að á árinu 1969 verði þetta komið niður í 11,4% og síðasta ár hinnar væntanlegu vegáætlunar, 1972, verði þetta komið niður í 10%. Þetta finnst mér ákaflega ískyggileg þróun með fjárveitingar til nýrra vega. Við vitum, að það er talsvert mikið eftir að leggja af nýjum vegum í landinu. Menn eru yfirleitt sammála um, að það þurfi að koma hringvegur um landið. Það hefur verið gerð samþykkt um það á Alþ., og ákaflega margir vegakaflar eru þannig komnir, að það þarf hreinlega að endurbyggja þá. Þörfin fyrir fjárveitingar til þjóðbrauta og landsbrauta er því ákaflega mikil, og mér finnst það ískyggilegar horfur, ef það á alltaf að fara hlutfallslega minnkandi, sem til þeirra er lagt. Þetta vil ég benda á strax við þessa umr.

Hraðbrautirnar aftur á móti eru alveg geysilegt vandamál. Mér heyrðist, að hæstv. ráðh. skýrði svo frá í ræðu sinni hér áðan, að í ráðagerðum um hraðbrautir austur að Selfossi, suður í Hafnarfjörð og upp í Leirvog sé áætlað, að þær kosti um 1200 millj. miðað við núverandi verðlag, að Hafnarfjarðarvegur kosti um 100 millj., leiðin austur að Selfossi um 800 millj. og vegur upp í Leirvog um 300 millj. Er þá ekki ætlunin, að ríkissjóður taki að sér að greiða vextina og afborganirnar af þeim lánum, sem til þess yrðu tekin, því fyrst og fremst yrðu tekin lán, og það er engin smáræðis upphæð, vextirnir og afborganirnar af slíkum upphæðum. Þetta er allt ógert, en þetta er ráðgert að komi á tímabili vegáætlunarinnar, 4 árum. Það getur verið, að það sé misskilningur, en vextir og afborganir af 1200 millj., þó að við reiknuðum ekki með hærri upphæð en 15% hvoru tveggja að meðaltali, þá eru það um 180 millj. Svo eru þær skuldir, sem nú eru um 516 millj. til viðbótar. Þær hljóta að vísu að lækka, en það getur verið, að áfram verði tekin lán, sem nemi a. m. k. afborgununum, og þá lækka þær ekki.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta meira, en mér þætti vænt um, ef hæstv. ráðh. hefði þessar tölur við hendina. Annars skal ég sætta mig við, að það bíði til síðari umr., ef hann hefur þær ekki svo að segja fyrir framan sig.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Margt af því, sem ég hafði hugsað mér að segja hér, hefur hv. 1. þm. Vestf. bent á. Það, sem ég vildi vekja athygli á, er þetta: Hvert stefnir með því að telja bílafjölda, sem yfir sumarmánuðina fer um vegina og leggja það til grundvallar því, hvar vegir eru lagðir? Á að láta sunnudagsumferð bæjarbúanna ráða því, hvar eru lagðir vegir um landið, en taka ekki tillit til erindis vegfarandans? Jafnt er talið, hvort sem bíll er stór eða lítill, hvort sem ferðin er sportferð eða í lífsnauðsyn. Trukkarnir, sem fara langt yfir vegunum norður í Þingeyjarsýslu með mjólkina til Húsavíkur, og sú mjólk þarf síðar að koma til Reykjavíkur, svo að börnin fái sína mjólk. Enginn segir, að þeir séu í erindisleysu. Þeir koma aldrei fram á vegatalningu. Hins vegar verða þeir að borga fullan benzínskatt af þeim 200—300 lítrum af benzíni, sem þeir nota í eina ferð, en þeir koma þó aldrei við vegina, því að þar er þykkt snjólag á milli, og ekki kosta þær ferðir viðhald. Hins vegar kostar snjómoksturinn mikið. Þann snjómokstur borgar ríkið að vísu að miklu leyti, en bændur verða einnig að borga hann af mjólkinni. En það mætti líka benda á, að fyrir peningana, sem fara í snjómokstur, mætti á skömmum tíma byggja upp háa og góða vegi. Og það vil ég leggja áherzlu á, að það verður að koma vetrarfærum vegum um öll aðalhéruðin og þetta er hægt. Það er hægt að gera vetrarfæra vegi um öll héruðin.

Þar sem ég þekki bezt til, þ. e. í Suður-Þingeyjarsýslu, einu snjóþyngsta héraði landsins, þá vil ég taka dæmi þaðan. Búið er að byggja upp 27 km langan kafla suður frá Húsavík, háan og góðan veg. Þetta hefur verið drifið áfram með lánsfé úr héraði, og oft hefur orðið að beita töluvert hörðu til að fá að nota heimanfengið lánsfé til að byggja upp smávegakafla. En þetta er þó svo komið, og á þessum vegum hafa undanfarna snjóavetur, sem hafa verið mjög miklir snjóavetur, aldrei orðið vandræði með að komast áfram, þar sem vegirnir eru uppbyggðir. Ég hef það eftir vegaverkstjóra á Húsavík, að þessi vegakafli hefur aldrei orðið ófær í fyrstu stórhríðarlotu og aldrei verið dýrt að ryðja af honum

snjó. Ég hef kynnzt þessu af eigin raun, bæði í vetur og undanfarna vetur, að þeir kaflar, sem þarna eru uppbyggðir, eru yfirleitt færir. Ég er ekki, og taki enginn orð mín svo, að ég sé að mæla á móti því, að gerðir séu varanlegir vegir hér í þéttbýlinu. Þess er vissulega þörf. Það finnum við allir, sem hér erum, við finnum það allt of sárt beinlínis á líkama okkar, þegar við erum að reyna að fara yfir vegina. Þeir eru ekki of góðir. En ég vil leggja áherzlu á, að þetta ófremdarástand, sem hér er á aðalþjóðvegunum, má ekki koma niður á vegunum út um landið, þannig að ekki verði gerðir færir vegir þar, vegir, sem eru færir allt árið um öll aðalbyggðarlögin til allra staða og um öll byggileg og byggð héruð. Þetta er hægt, það vil ég mega telja sannað með því dæmi, sem ég hef rakið hér úr einu snjóþyngsta héraði landsins.

Þá vil ég benda á, hvernig nýtingin er, þegar fjármagninu er varið í hraðbrautirnar, sem eru svo óheyrilega dýrar, en þó verður vitanlega að byggja, og þegar verið að byggja upp, ég vildi segja lífsbjargarvegi út um héruðin. Nú á s. l. sumri var byggður vegur í Aðaldalshrauni, – hluti af þeim sem ég hef áður nefnt, – 8 km fyrir 1.7 millj. kr. Það er lægra en áætlanir og yfirleitt er talið hægt að gera. Jafnvel er sagt, að viðkomandi verkstjóri hafi frekar fengið bágt fyrir að hafa getað komið vegi þessum upp svo ódýrum. Það mælist ekki alltaf vel fyrir. Mér reiknast til, að þar sem verið er að byggja veg hér upp á Ártúnshöfða og sagt er, að hvert skref kosti 30 þúsund kr., – ég tek það fram, að ég hef kannske ekki glöggar heimildir fyrir því, en eitthvað mun það láta nærri, – að fyrir það, sem væri hægt að byggja 1 km upp fyrir norður í Aðaldalshrauni, væri hægt að byggja upp ca. 83 m hér á Ártúnshöfðanum.

Ég vil nefna að lokum eitt dæmi um það, hvernig þetta getur leitt menn í villu, ef því sjónarmiði er sleppt, hvar þörfin er virkilega brýnust fyrir fólkið að komast leiðar sinnar allan árstímann. Það dæmi er einnig að norðan. Nú er komið að því, að Vaðlaheiði kemur í hraðbrautaflokk, og við getum kannske orðið glaðir yfir því, en hvað blasir þá við? Það er um fleiri leiðir að velja, t. d. Víkurskarð, en Vaðlaheiði er stytzt, og hana fara menn gjarnan að sumarlagi í góðu veðri og eru þá fljótir. Nú mundi hraðbraut yfir Vaðlaheiði kosta ærna peninga, og það er sennilegt, að áætlun yrði gerð, en hvenær mundi koma að framkvæmdinni? Hins vegar yrði það svo óheyrilega dýrt, af því að það er nokkrum km lengra að byggja veg í hraðbrautaflokki yfir Víkurskarð, en það er ábyggilega sá vegur, sem þarf að koma á næstunni og ekki aðeins fyrir héruðin þarna fyrir norðan. Ég hef rakið, að stundum þarf að flytja mjólkina til Reykjavíkur. Þetta er líka lífæðin fyrir allt Norðaustur- og Austurland, og þetta er lífæð t. d. á hafístímum.

ATKVGR.

Frv. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Sþ., 17. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 354, n. 769 og 773).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969–1972 var vísað til fjvn. þann 20. marz s. l., og hefur n. síðan rætt málið á samtals 18 fundum. Við athugun sína á till. hefur n. notið góðrar aðstoðar vegamálastjóra, sem hefur veitt n. mikilsverðar upplýsingar, en auk þess hafa verkfræðingar vegagerðarinnar aðstoðað n. við afgreiðslu málsins og þá ekki sízt við lokaafgreiðslu till. í sambandi við leiðbeiningar um skiptingu fjármagns á milli einstakra vegaframkvæmda. Þá átti n. fund með 3 fulltrúum Efnahagsstofnunarinnar, sem unnið höfðu að tillögugerð varðandi tekjubálk vegáætlunarinnar. Gerðu þeir n. grein fyrir vinnubrögðum sínum í sambandi við áætlunargerð um heildartekjur vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Með hliðsjón af þeim upplýsingum var n. ljóst, að með tilliti til þess samdráttar, sem nú á sér stað í bifreiðainnflutningi til landsins, getur svo farið, að tekjur, sem miðaðar eru við bifreiðaspár stofnunarinnar, geti raskazt nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í áætluninni. Hins vegar telur n., að samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um benzínnotkunina, megi gera ráð fyrir, að áætlunin standist fullkomlega.

Svo sem lög ákveða eru tekjustofnar vegasjóðs þrír. Í fyrsta lagi innflutningsgjald af benzíni, í öðru lagi þungaskattur af bifreiðum og í þriðja lagi innflutningsgjald bifreiða á gúmmíi. Nettótekjur af þessum þremur tekjustofnum var áætlað, að mundi nema samtals á áætlunartímabilinu 2136 millj. kr. Við athugun n. á vegáætluninni kom fljótlega í ljós það álit hjá nm., að með þeirri skiptingu, sem till. gerir ráð fyrir á fjárveitingum til hinns ýmsu vegaflokka, færi ekki hjá því, að um verulegan samdrátt yrði að ræða í nýbyggingu þjóðbrauta og landsbrauta. Svo sem venjulegt er leitaði fjvn. frumtill. hjá vegamálastjóra um skiptingu á fé til vegaframkvæmda og brúargerða og þá með hliðsjón af þeirri heildarskiptingu, sem í till. felst. Þann 21. apríl bárust svo n. till. vegamálastjóra um umræddа skiptingu. Kom þar fram, sem n. hafði óttazt, að um verulegan samdrátt á nýbyggingu þjóðbrauta og landsbrauta var að ræða. Er það ekki eingöngu vegna þess, að áætlað sé að verja minna fé til þessara framkvæmda, heldur einnig vegna þess, að miklar áhvílandi skuldir, bráðabirgðalán, voru á þessum vegaframkvæmdum frá síðasta áætlunartímabili, sem að sjálfsögðu verður nú að greiða. Með hliðsjón af þessari staðreynd taldi n., að einkum tvennt kæmi til greina. Annars vegar að draga úr fjárveitingu til hraðbrauta og flytja þá fjármagn yfir til þjóðbrauta og landsbrauta eða þá að athuga möguleika á aukningu heildartekna vegasjóðs. Að athuguðu máli taldi n. rétt að velja síðari leiðina. Það var því úr, að n. samþykkti einróma að mæla með því, að flutt yrði frv. til l. um breyt. á vegal. nr. 71 30. des. 1963 og hækka innflutningsgjald af

benzíni um 1 kr. af hverjum lítra. Umrætt frv. er nú orðið að lögum, og er því gert ráð fyrir, að tekjuaukning vegasjóðs á áætlunartímabilinu verði sem hér segir. Árið 1969 — og er þá miðað við, að lögin taki gildi 1. júní — 31,2 millj., árið 1970 73,1 millj., árið 1971 77,4 millj. og árið 1972 83,3 millj. eða samtals á öllu áætlunartímabilinu 265 millj. kr. Auk þessa hefur svo verið fallizt á, að ríkissjóður taki að sér greiðslur afborgana og vaxta af föstum lánum vegna þjóðbrauta og landsbrauta, sem til falla samkvæmt vegáætlun á árunum 1970–1972, umfram það, sem áður hafði verið ákveðið, og nemur sú upphæð, sem hér segir: Árið 1970 11 millj., árið 1971 13 millj. og árið 1972 14,6 millj. eða samtals á tímabilinu 38,6 millj. kr. Heildartekjuaukning verður því samtals á öllu tímabilinu 303,6 millj. kr.

Þá hefur verið gerð sú breyting á vegal., að nú falla allir vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum undir sýsluvegi, og þótti því rétt að hækka framlag til sýsluvegasjóða um 1 millj. kr. fyrir hvert árið 1970–1972.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjvn., var ekki um ágreining að ræða innan n. um afgreiðslu málsins. N. flytur því allar brtt. sameiginlega, svo sem fram kemur á sérstöku þingskjali. Um skiptingu einstakra fjárveitinga til þjóðbrauta og landsbrauta hafði n. samráð við þm. viðkomandi kjördæma. En þrátt fyrir einróma afgreiðslu n. á öllum brtt. við vegáætlunina og heildarafgreiðslu málsins, skilar minni hl. n. séráliti um málið, þar sem hann skýrir afstöðu sína til vegamála almennt.

Samkvæmt till. fjvn. verða heildartekjur vegasjóðs á áætlunartímabilinu því samtals 2401 millj. kr. og hækkar því um 265 millj., svo sem fyrr segir, en þar til viðbótar lækka útgjöld sjóðsins um 38,6 millj. frá því, sem ráðgert hafði verið samkvæmt till., en það eru vextir og afborganir af föstum lánum þjóðbrauta og lán landsbrauta, eins og ég áðan sagði. Með hliðsjón af þessu eru brtt. fjvn. við till. til þál. um vegáætlun fyrir 1969–1972 bornar fram. Við II. kafla, skiptingu útgjalda, eru ekki brtt. frá n. við 1. og 2. tölulið. Það er kostnaður við stjórn og undirbúning annars vegar og viðhald þjóðvega hins vegar. Þar undir koma vegmerkingar, tryggingagjöld, orlof og fleira. Við þessa tvo liði gerir n. ekki brtt. Þó skal það tekið fram, að gjarnan hefði n. viljað verja hærri fjárupphæð til vegaviðhaldsins, þó að hún sjái sér ekki fært að leggja það til miðað við það heildarfjármagn, sem fyrir hendi er að þessu sinni. Við 3. lið II. kafla eru aðalbreytingartill. n. Þar koma fyrst hraðbrautir. Till. n. um 100 millj. kr. hækkun á lántökuheimild til nýbygginga vega, sem verða ekki að öllu leyti greiddir af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu, er við það miðuð, að Suðurlandsvegur til Selfoss og Vesturlandsvegur frá Miklubraut að vegamótum Þingvallavegar í Mosfellssveit verði fullbyggðir á áætlunartímabilinu. Eins og ég hef áður minnzt á, kom til álita í n., hvort ekki væri rétt að draga úr fjárveitingum til hraðbrauta og fara sér þá hægar í þeim efnum en lagt er til í till. Það var hins vegar niðurstaða n., að ekki mætti fresta öllu lengur að gera stórátak í þessum efnum og leggur n. því til, að umrædd fjárveiting verði ekki skert og auk þess hækkuð lántökuheimild um 100 millj. kr., eins og fyrr segir. Á það má líka benda, að til þess að réttmætt geti talizt að taka veggjald af umferðinni, sem ætla má, að gert verði, þegar slíkum áfanga verður náð, þarf að ná einhverjum lágmarksáföngum í hverju tilfelli. Ég hygg, að flestir muni sammála um, að stórátak í hraðbrautaframkvæmdum geti því aðeins átt sér stað, að samningar takist um hagstæða lántöku til langs tíma. Fáist ekki slík lán, er einsýnt, að umræddar hraðbrautaframkvæmdir munu takmarkast við það fjármagn, sem vegasjóður er fær um að veita til framkvæmdanna, en það er samkvæmt till. 360 millj. kr.

Á undanförnum árum hafa verið samþ. á Alþ. till. til þál. um rannsóknir á nokkrum vegasamgöngum. Má þar nefna leiðina um Hvalfjörð, hugsanlega brúargerð á Borgarfjörð hjá Borgarnesi og veg yfir Skeiðarársand. Til allra þessara rannsókna eru till. um fjárveitingar, þannig að þeim ljúki að fullu á áætlunartímabilinu.

Við fjárveitingar til þjóðbrauta og landsbrauta eru aðalbrtt. n. í þáltill. er lagt til, að varið verði til þjóðbrauta 127,9 millj. kr., en samkvæmt till. n. er lagt til, að upphæðin verði 223,6 millj. eða hækkun, sem nemur 95,7 millj. Til landsbrauta er samkvæmt till. lagt til að verja 94,3 millj. kr. á áætlunartímabilinu, en samkvæmt till. n. verður upphæðin samtals 208,5 millj. kr. eða hækkun, sem nemur 114,2 millj.

Lagt er til, að framlög til brúargerða verði svipuð og gert er ráð fyrir í þáltill. Þó voru gerðar smávægilegar breytingar, sem fela í sér samtals 3,6 millj. kr. hækkun yfir allt áætlunartímabilið.

Til vega í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa og fleiri hækkar framlag í beinu sambandi við ákvörðun laga, sem leiðir af hækkun benzíngjaldsins. Samkvæmt því kemur í hlut þéttbýlisins samtals 33,1 millj. kr. á tímabilinu, og verður þá samtals fjárupphæðin 255,1 millj.

Til véla- og áhaldakaupa og nýbyggingar áhaldahúsa er samkvæmt till. lagt til að verja samtals 74 millj. kr. N. sér ekki ástæðu til þess að bera fram brtt. við þennan lið, og leggur því til, að hann verði samþ. óbreyttur.

Til tilrauna í vegagerð er lagt til að verja nokkurri upphæð árlega. Er það frá 2,6 millj. á yfirstandandi ári til 3,3 millj. á árinu 1972. Augljóst er, að ekki getur verið um miklar tilraunaframkvæmdir að ræða fyrir jafnlítið fjármagn og hér um ræðir. Ég tel, að það sé mikið álitamál, hvort ekki sé rétt að verja meira fé í þessu skyni, því vel getur svo farið, að það borgi sig, þótt síðar verði.

Loks er síðasti liður á gjaldabálki till. 31,8 millj. Er þeirri upphæð ætlað að jafna þann halla, sem eftir stendur sem skuld hjá vegasjóði frá s. l. áætlunartímabili.

Eins og ég hef áður vikið að, verður um nokkra aukningu á sýsluvegum að ræða, þar sem ýmsir styttri vegakaflar, sem áður heyrðu óskiptir undir vegasjóð, flytjast yfir í sýsluvegi. Á síðasta áætlunartímabili reyndust tekjur sýsluvegasjóða nokkru meiri en áætlað hafði verið. Verður því að taka tillit til þess í þessari áætlun, en auk þess er lagt til, að framlag vegasjóðs hækki um 1 millj. kr. hvert ár 1970—1972. Samtals er gert ráð fyrir, að sýsluvegasjóðir hafi til ráðstöfunar á áætlunartímabilinu 108,9 millj. á móti 68,5 millj. á síðasta áætlunartímabili. Hér er því um hækkun að ræða, sem nemur rúmlega 40 millj. kr.

Um till. n. til einstakra vegaframkvæmda, eins og fram kemur á þingskjali nr. 768, sé ég ekki ástæðu til að gera frekar að umtalsefni, en vísa til þess, sem fram kemur í þskj. Ég vil þó endurtaka, að um fjárveitingar til einstakra vega hafði n. samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma um skiptinguna, og er n. ekki kunnugt um annað, en um þær hafi náðst fullkomið samkomulag. Ég vil því vænta þess, að brtt. fjvn. nái fram að ganga og till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1969—1972, þannig breytt., verði samþ.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Vesturl., þá stendur fjvn. óskipt að till. til vegáætlunar fyrir næstu 4 árin eða þeim brtt., sem gerðar voru í fjvn. N. stóð frammi fyrir þeim vanda í upphafi, er hún fór að vinna í vegamálunum, að ekki yrði um teljandi vegagerð næstu 4 árin að ræða í landinu, nema það, sem lagt var til, að gert yrði í hraðbrautum. Nm. var ljóst, að þannig gat fjvn. ekki staðið að afgreiðslu þál. um vegáætlun, og því var samstaða innan n. að leggja til í þingflokkunum, að lagður yrði á vegaskattur, að benzínskatturinn yrði hækkaður um 1 kr. og jafnhliða yrði ríkissjóður að greiða af vegalánum þeim, sem greiða ætti af á vegáætlunartímabilinu, að undanteknu því, sem fellur undir árið í ár. Þetta varð niðurstaða n., og eru þær brtt., sem gerðar eru til skiptingar fjárins, miðaðar við þá tekjuöflun, sem þar var gerð. Eins og kemur fram í nál. okkar og fram var tekið í ræðu frsm. meiri hl., hv. 2. þm. Vesturl., þá varð samstaða, að því er við bezt vitum, meðal allra þm. í kjördæmunum um skiptingu fjárins innan þeirra, fjvn. hafði ekki önnur afskipti af því máli en staðfesta það samkomulag. Í sambandi við afgreiðslu vegáætlunarinnar vil ég svo fyrir hönd minni hl. leggja áherzlu á það, sem hefur komið fram í sambandi við vegasjóðinn og áætlun um vegagerð í landinu, að það, sem er undirstaða undir því, að áætlunargerð sem þessi hafi varanlegt gildi, er, að verðlag í landinu og gengi peninganna sé stöðugt. Fjárhagserfiðleikar vegasjóðs, sem voru orðnir og eru miklir, þar sem sjóðurinn skuldaði yfir 500 millj. kr. í lok síðasta árs, stafa af þeirri verðhækkun, sem hefur orðið á framkvæmd verka og svo því, að sjóðurinn tapaði vegna gengisbreytinga 150 millj. kr. á tveimur síðustu árum, og er það hrikaleg fjárhæð. Skuldir vegasjóðs voru í árslok 1968 meiri fjárhæð en varið hafði verið til þeirra stórframkvæmda, sem gerðar hafa verið á síðustu árum, eins og Keflavíkurvegar, Siglufjarðarskarðs og Ólafsvíkurennis. Það er líka ljóst af þessu, að það verður að gæta fullkominnar varfærni í að taka erlent fé til vegagerðar í landinu og svo þess, að alltaf verður að vera samband á milli ríkissjóðs og vegasjóðs, svo að ríkissjóður geti jafnað metin á milli þessara sjóða. Annars fer eins og nú hefur farið. Það er líka nauðsynlegt, þegar vegáætlun er gerð til 4 ára, að möguleikar séu til þess, að ríkissjóður aðstoði vegasjóðinn með framlagi vegna þeirra hækkana og þess kostnaðar, sem verður við viðhald, snjómokstur og annað í sambandi við vegagerð í landinu, sem aldrei er hægt að sjá svo vel fyrir um langan tíma, að ekki reynist meiri en áætlað er.

Ef átt hefði að afgreiða vegáætlunina, eins og hún var lögð fyrir í upphafi, hefði ekki orðið um aðra vegagerð að ræða í landinu næstu 4 ár, svo teljandi sé, annað en það, sem hefði verið gert í hraðbrautum, því að framkvæmdir í vegunum, bæði þjóðbrautum og landsbrautum, voru fyrst og fremst miðaðar við það, samkvæmt till., að leggja vegi að og frá þeim brúm, sem gerðar yrðu á tímabilinu. Og jafnhliða var ekki lagt til að byggja eina einustu nýja brú á fjögurra ára tímabilinu. Hins vegar átti að endurbyggja nokkrar brýr á þjóðbrautum og landsbrautum. Þessi svipur hefur nú allur breytzt við þá ákvörðun, sem tekin var í fjvn., að afla nýs fjár til vegagerðarinnar. Þá viljum við í minni hl. leggja áherzlu á og lýsa okkar skoðun um það, að eðlilegt sé, að vegagerðin sjálf annist framkvæmdir í vegagerð að svo miklu leyti, sem hún getur gert það vegna þeirra tækja, sem hún hefur yfir að ráða, en ef aðrir aðilar eiga að sjá um verk fyrir vegagerðina, þá verði að bjóða það verk út og taka hagstæðasta tilboði, sem sé til staðar, en ekki að láta það ráða, eins og dæmi eru til um, að þeir fái að vinna verkið í tímavinnu, sem lofa vegagerðinni því, að hún geti dregið greiðslur. Þetta er mjög hættuleg stefna, sem við viljum mjög vara við og vildum láta koma fram við þessa áætlun vegagerðarinnar.

Þá viljum við að lokum undirstrika, að þar sem enn er gert ráð fyrir því að taka lán til framkvæmda í hraðbrautum og okkur er það ljóst, að þrátt fyrir þær tekjur, sem gert er ráð fyrir, að vegasjóður hafi yfir að ráða á tímabilinu, þá verður ekki verulegt átak gert í hraðbrautum, nema með lántöku. Við gerum ráð fyrir, að í þessari lántöku verði að einhverju leyti um erlent lán að ræða, og það er enn þá brýnna en nokkru sinni fyrr fyrir valdhafa landsins, hverjir sem þeir verða á þessum tíma, að stöðugt gengi peninga er forsenda þess, að þetta sé í raun og veru framkvæmanlegt. Þá teljum við, að það hafi sýnt sig, að nauðsynlegt sé, áður en til afgreiðslu þessa máls komi, að vegagerðin hafi meira samband við þm. um undirbúning málsins, því að það mundi flýta störfum, þegar til afgreiðslu kemur.

Hins vegar vil ég taka það fram, að vegagerðin, bæði vegamálastjóri og verkfræðingar vegagerðarinnar, voru mjög fúsir og unnu mjög gott verk í samstarfi við þm. um að koma þessu til afgreiðslu þó ekki seinna en í dag, því að vegna þeirra breytinga, sem urðu fyrir áhrif fjvn., varð að vinna það verk allt upp. Ég skal svo, herra forseti, ekki lengja tímann til umr. að þessu sinni, en undirstrika, að við stöndum að þessari till., en leggjum áherzlu á þau atriði í sambandi við framkvæmd í vegamálum, og fjármálum vegasjóðs, sem fram eru tekin í nál. okkar á þskj. 773.

ATKVGR.
Brtt. 768 samþ. með 47 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 803).

16. Hagnýting jarðhita til ræktunar.

Á 9. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um hagnýtingu jarðhita til ræktunar og rannsóknir í þágu garðyrkju [48. mál] (A. 51).

Á 11. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 24. og 35. fundi í Sþ., 4. og 18. des. og 12. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ásgeir Pétursson): Herra forseti. Með flutningi þessarar till. um hagnýtingu jarðhita, sem hér er til umr., hef ég leyft mér að fara þess á leit við hv. Sþ., að það samþykki að skora á ríkisstj. að hefja skipulegar, fræðilegar rannsóknir á því, á hvern hátt jarðhiti verði bezt hagnýttur m. a. til garðyrkju í landinu. Verði þá einkum kannað, hvaða efni reynist bezt til flutnings á heitu vatni og til byggingar gróðurhúsa, svo og verði kannað, hvort unnt er að draga úr kostnaði við byggingu húsanna t. d. með samræmingu í uppbyggingaraðferðum og stærð gróðurhúsa eða smíði einstakra húshluta og alls tæknibúnaðar þeirra. Þá er enn fremur lagt til að auka og hagnýta þekkingu á jarðvegsfræði, áburðarþörf og gróðurvali á sviði þessara þátta landbúnaðar okkar.

Það er ljóst, að vatnsorkan og jarðhitinn eru kol okkar og olía. Þessi náttúruauðæfi eru enn að litlu leyti hagnýtt, einkum þó jarðhitinn, en stórátök eru nú gerð til virkjunar vatnsfalla. Hins vegar er ljóst, og ekkert sýnir okkur það betur en þróunin í atvinnu- og efnahagsmálum, hve lífsnauðsynlegt það er fyrir þjóðina að fjölga og efla þær atvinnugreinar, sem eru árvissar. Til þess að því marki verði náð, verður að byggja á tveimur algerum grundvallaratriðum, tækniþekkingu og fjármagni. Mikið átak hefur verið gert til þess að efla tækni og verkþekkingu í landinu og sérstaklega nú síðustu árin. Enn fremur hefur þeirri skoðun mjög vaxið fylgi, að stórstígum framförum til virkjana vatnsfallanna verði enn ekki komið á, án þess að til fáist erlent fjármagn. En þótt stórvirkjanir og kostnaðarsöm stóriðja verði vissulega forsenda bættrar efnahagsafkomu, eru þó þær ráðstafanir ekki einhlítar til þess að tryggja nauðsynlega fjölbreytni í atvinnuháttum okkar, a. m. k. ekki um öll byggðarlög.

Jarðhitinn finnst víða um landið sem laus orka, þ. e. a. s. það er ekki þörf verulegra mannvirkja eða mikils kostnaðar til þess að hagnýta hann til upphitunar húsa eða til gróðurhúsa og ylræktar. Sem stendur er hann einkum hagnýttur til slíkra þarfa, og er öllum ljóst, hversu stórkostlegur gjaldeyrissparnaður er þegar orðinn við að hagnýta jarðhitann til upphitunar og vissulega fjölgar stöðugt því fólki, sem atvinnu sína byggir á garðrækt og hagnýtir þannig jarðhitann. Flatarmál þess gróðurlendis, sem er undir gleri, fer einnig vaxandi, og neyzla gróðurhúsaafurða vex jafnt og þétt nú síðustu árin.

Þótt jarðhitinn renni víða sjálfkrafa upp á yfirborðið og verði því auðveldlega hagnýttur, er auðvitað jarðhiti víðar fyrir hendi neðanjarðar, en finnst ekki eða nýtist, nema með borunum eða vísindalegum mælingum. Slíka jarðhitaleit þarf að stórefla. Í Borgarfjarðarhéraði hafa sýslunefndirnar látið slíka jarðfræðilega leit fara fram nú um 5 ára skeið með tilstyrk raforkumálastjórnarinnar. Þær eru almenns eðlis, en geta síðar orðið forsenda raunhæfra borana, en þá þarf að sjálfsögðu meira fé að koma til en þeir fjármunir, sem sýslunefndir hafa yfir að búa. Jarðhitaleit mun áreiðanlega skila góðum vöxtum af því fé, sem til hennar verður varið, og það mun áreiðanlega mörgum bóndanum og öðrum landsmönnum þykja vænkast hagur sinn, þegar hann fær og ef hann fær heitt vatn í nágrenni sitt. En erfið aðstaða þessarar atvinnugreinar er þó vissulega ekki öllum ljós. Má í því efni benda á þá staðreynd, að einatt er handahófskennt, hvernig gróðurhús eru byggð, bæði að stærð og gerð, enda liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar um, hvaða byggingarefni séu haldbezt og veiti ákjósanlegasta einangrun. Kunnugt er, að nú eru gerðar tilraunir erlendis með ný gerviefni, sem bæði munu bera meiri birtu og þola betur átök veðra en þau efni, sem tíðast eru notuð hér. Þá er mikilvægt að rannsaka verðlag slíkra byggingarefna, sem allra víðast.

Þótt margir einstaklingar, svo og Garðyrkjuskólinn, hafi að megni reynt að kanna suma þeirra þátta, sem að framan greinir, brestur þó mjög á, að glögg fræðileg og fjárhagsleg yfirsýn, sem þennan atvinnuveg varðar, fáist. Úr því virðist einsýnt að

bæta með því að fela það tveimur rannsóknastofnunum atvinnuveganna, sem nú þegar eru starfandi. Það er ekki þörf nokkurs nýs aðila í þessum efnum, en þeim, sem fyrir eru, verða fengin verðug viðfangsefni.

En fleira þarf að kanna í þágu þessa vaxandi atvinnuvegar. Það er m. a. dreifing afurðanna og varanleg geymsla þeirra, þegar uppskera er mest. Kemur þar til bæði athugun á niðursuðu og frystingu. Mér er kunnugt um eina gróðrarstöð, sem hefur látið sjóða talsvert magn af tiltekinni uppskeru niður, og hefur reynslan sýnt, að þær afurðir hafa jafnan selzt upp og ekki verið unnt að anna eftirspurninni, þar sem þeir aðilar, sem í hlut eiga og kaupa þessar afurðir, telja þær jafngóða vöru og erlenda eða betri og verðið samkeppnisfært. Þá er sennilegt, að unnt sé að koma upp frystingu í öskjum eða öðrum umbúðum, t. d. á afurðum úr tómötum. Sú litla reynsla, sem fengizt hefur í þeim efnum, bendir til þess, að þar megi finna leiðir til margvíslegrar hagnýtingar uppskerunnar. Það er áreiðanlega ómaksins vert að kanna þessa hluti vandlega. Við erum stundum nokkuð vanafastir í þessu landi, en megum ekki láta okkur sjást yfir þær líkur, sem eru á því, að hér geti vaxið upp nýr, arðbær og snar þáttur í þjóðarafkomunni.

Samfara þeim athugunum, sem fyrr var bent á, þarf að fara fram mjög nákvæm tæknileg athugun á því, hvernig bezt sé að haga sjálfvirkni um vökvun og loftræstingu í gróðurhúsum. Þau efni ráða miklu um magn og gæði uppskerunnar. Auðvitað eru það margir aðrir þættir, sem þennan atvinnuveg varða og þarf að kanna, þótt ég hafi ekki aðstöðu til að telja þau nánar upp hér. En það má ekki skiljast svo við þennan tillöguflutning, að ekki sé vakin athygli á því, að aukin þekking á þessari atvinnugrein ætti ekki einungis að geta leitt til aukins magns afurða, heldur einnig til lækkaðs afurðaverðs. Að efla þennan atvinnuveg getur einnig haft talsvert félagslegt gildi í för með sér. Fjölbreytni í störfum sveitanna vex, og þeir, sem ekki kjósa hinn hefðbundna kvikfjárræktarbúskap, eiga þá völ annarra starfa, nýrrar búgreinar eða vinnslu þeirra afurða, sem gróðrarstöðvarnar leggja til. Það eykur á jafnvægi byggðanna og verður strjálbýlinu til eflingar. Má í því efni benda á, að nýjar félagsheildir, smáþorp, hafa nú þegar myndazt á nokkrum stöðum í landinu, þar sem hagnýting jarðhitans er í senn atvinnugjafinn og forsenda aukinnar byggðar. Það ættu allir að geta séð, hvaða gildi það hefur fyrir búsetu okkar í þessu landi.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47., 48. og 50. fundi í Sþ., 7., 8. og 14. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Sþ., 17. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 51, n. 606).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þessi þáltill. um hagnýtingu jarðhita til ræktunar hefur legið fyrir hv. allshn., og hún var send til umsagnar 5 aðilum. Svör bárust frá þeim öllum, og mælt var með því, að þessi þáltill. yrði samþ. Allshn. mælir einróma með samþykkt hennar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 804).

17. Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á deildafundum 28. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum o. fl. [204. mál] (A. 427).

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Með till. þeirri til þál., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 427, er stefnt að því, að Alþ. álykti að fela landbrh. að láta endurskoða lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, svo og önnur þau lög og lagafyrirmæli, er varða ríkisframlög til ræktunar, bygginga og byggðaþróunar í sveitum landsins, og taka til athugunar jafnframt, hvort eigi sé ástæða til að samræma þau og fella inn í stofnlánadeildarlögin.

Lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eru, sem kunnugt er, frá 1962 og lítillega breytt síðan. Meginbreytingin við gildistöku laganna 1962 frá því, sem áður hafði verið, var, að Stofnlánadeild landbúnaðarins var fengið í hendur hlutverk ræktunarsjóðs og byggingasjóðs sveitabæja. Það hlutverk var aukið, og deildinni var gert kleift að byggja sig upp fjárhagslega. Í þáltill. er tekið fram, að ekki sé lagt til að hreyfa við þeim hluta laganna, er fjalla um þessi efni, þ. e. a. s. II. kafla stofnlánadeildarlaga. Aðrir þættir þessara laga, þ. e. a. s. þeir, er snerta landnám, ræktun og byggingar í sveitum, eru að meginefni mikið eldri. Fyrst munu hafa verið sett lög um Landnám ríkisins 1941, en áður, eða 1928, höfðu verið sett lög, er sinntu

skyldum verkefnum, þ. e. lög um bygginga- og landnámssjóð. Enda þótt lagaákvæðin um Landnám ríkisins hafi verið endurskoðuð á tiltölulega fárra ára fresti, er andi þeirra og tilgangur í aðalatriðum hinn sami enn í dag og í upphafi, þ. e. að hamla gegn því, að jarðir fari í eyði, endurbygging eyðijarða og stofnun nýbýla. Hin síðustu ár hefur þó starfsemi landnámsins beinzt í vaxandi mæli að aukinni aðstoð við hin smærri býli, enda þótt þar hafi ekki verið um raunverulegt landnám að ræða. Þó að landnámið hafi enn veigamiklu hlutverki að gegna á þessum sviðum, tel ég, að tímabært sé að endurskoða ýmis þau ákvæði laganna, er þetta varða, með tilliti til breyttra búskaparhátta og þeirrar þróunar, sem ætla má, að verði í framtíðinni.

Öllum eru kunnar hinar stórfelldu framkvæmdir og framfarir í sveitum landsins á undanförnum árum. Ræktunin hefur stóraukizt, nýræktarframkvæmdir munu hafa verið um 5—6 þús. hektarar á ári hin síðustu ár, og vegna hinna stórkostlegu byggingarframkvæmda eru nú bæði íbúðarhús og útihús í sveitum öll önnur en áður var, hvað gerð og hagkvæmni snertir. Þá er og þess að minnast, að bændur hafa tekið tæknina í sína þjónustu. Þessi nýi tæknibúnaður gerir þeim kleift að nýta mun stærra ræktunarland en áður var, jafnframt því sem hann nálega krefst stærra ræktunarlands en áður tíðkaðist. Það, sem segir því fyrst og fremst til um framtíðarmöguleika hverrar jarðar og er um leið meðal mestu verðmæta hvers býlis, er stórt og gott ræktunarhæft land. Þess vegna teldi ég nauðsynlegt, ef þáltill. þessi verður samþ., að krefjast stærra ræktunarhæfs lands við stofnun nýbýla en nú er gert í lögum, en nú er, sem kunnugt er, gert ráð fyrir 25 hekturum. Þó gæti komið til mála að veita undanþágu frá slíku ákvæði í einstaka tilfelli, þar sem sérstakar ástæður mæltu með því. Þá er í lögunum ákvæði um aðstoð til þeirra smábýla í sveitum, sem hafa aðalatvinnu af öðru en landbúnaði, og þar þarf ekki nema 6 hektara ræktunarhæfs lands. Ég tel athugandi, hvort ekki sé full ástæða til að fella þetta ákvæði niður.

Í grg. fyrir þáltill. er vikið að því, að lög hafa á síðari árum virzt ýta um of undir skiptingu á jörðum vegna mishárra ræktunarframlaga eftir stærð ræktunarlands. Landnámið hefur á undanförnum árum greitt aukaframlag til ræktunar á þeim býlum, sem hafa lítil tún. Í fyrstu var það bundið við 10 hektara túnstærð, en nú hin síðustu ár hefur markið verið hækkað í áföngum og er nú 25 hektarar. Reyndin hefur orðið sú, að þegar 25 hektara markinu hefur verið náð, hefur gætt mikillar tilhneigingar til þess hjá bændum að skipta jörðinni t. d. milli feðga, svo að við áframhaldandi ræktun verði enn notið aukaframlagsins. Slík skipting jarða getur í vissum tilfellum átt rétt á sér, einna helzt í góðsveitum, þar sem landrými er nóg. En allt of mörg dæmi eru þess, að sú ráðstöfun hefur reynzt til óþurftar, og er hætt við, að þess gæti meira í framtíðinni en hingað til. Það er að mínu viti einkar óheppilegt að ýta undir þá þróun með löggjöf, enda mun ekki hafa verið til þess ætlazt, að svo væri. Við endurskoðun laganna er því nauðsynlegt að taka til athugunar, hvort ekki sé réttmætt og um leið fært að afnema hámarkið, sem bindur aukaframlagið við 25 hektara, eða a. m. k. færa það stórum ofar, en ella að jafna jarðræktarframlaginu niður, svo að ekki væri lengur um mismun að ræða eftir stærð ræktunarlanda. Sums staðar hefur jörðum verið skipt til þess að auðvelda ættliðaskiptingu í búskap, og væri í mörgum tilvikum heppilegra, að yfir þau tímaskeið yrði að komast með félagsrekstri í einhverju formi.

Lögunum um stofnlánadeild o. fl. og þá ekki sízt þeim köflum þeirra, sem fjalla um Landnám ríkisins og starfsemi þess, er ætlað að hafa áhrif á viðhald og þróun byggðar í sveitum landsins, jafnhliða því, sem þau hafa átt sinn gilda þátt í að stuðla að hinum stórfelldu framkvæmdum bænda undanfarin ár. Við blasir, að á þessum sviðum hefur mjög mikill og heillaríkur árangur náðst. Eigi að síður hefur nokkuð af jörðum farið í eyði á undanförnum árum. Hefur þess mest gætt í afskekktum byggðum og svo aftur í nábýli við kauptún og kaupstaði en þó óvíða meira en hér í nágrenni Reykjavíkur. Hér er um tímanna tákn að ræða, sem síður en svo er einsdæmi fyrir okkar land. Búrekstur á mjög afskekktum jörðum og jörðum, sem hafa mjög þrönga landkosti, og svo stundum á þeim, sem liggja næst þéttbýlinu, stenzt illa samkeppni, þegar velmegun vex í þjóðfélaginu. Naumast þýðir að loka augunum fyrir því, að þessi þróun heldur eitthvað áfram. Enn eru nokkur býli í byggð, sem tæpast hafa framtíðarskilyrði til búrekstrar. Þær jarðir hafa, eins og ég nefndi áðan, ýmist mjög lítil ræktunarlönd, liggja sérlega afskekkt eða verða beint að víkja fyrir þéttbýlinu. Verði af þeirri endurskoðun laganna, sem hér er stefnt að, sýnist vera ástæða til að taka meira tillit til þessara staðreynda en nú er gert og standa þá þeim mun fastar gegn niðurníðslu og auðn góðjarða um leið og stefnt er að alhliða uppbyggingu í sveitum landsins.

Í grg. er lítillega vikið að lögunum um Jarðeignasjóð ríkisins frá 1967, en hann hefur það hlutverk að hjálpa bændum til að losna við afskekktar og lítt byggilegar jarðir. Hér skal ekkert um það sagt, hvort heppilegra sé, að jarðeignasjóður sé undir yfirstjórn jarðeignadeildar landbrn. eða hann sé í tengslum við stofnlánadeild og Landnám ríkisins. En verði af endurskoðun laga um landnám og þar mörkuð skýrari ákvæði um þróun byggðar í sveitum, er eðlilegt að líta jafnframt yfir lögin um jarðeignasjóð, svo að þar rekist ekkert á, enda er ýmislegt í framkvæmd þeirra laga, sem byggjast skal á mati eða umsögn landnámsins.

Auðvitað fylgir þessari endurskoðun, ef af verður, að nauðsynlegt er að taka til athugunar fjárþörf landnámsins um leið og gera verður grein fyrir, hvernig fénu skuli verja. Þar þarf hvort tveggja í

senn að taka tillit til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa, og þess hlutverks, sem landnáminu verður ætlað á komandi árum. Í því sambandi er rétt að minna á frv. hv. 1. þm. Norðurl. e. á þskj. 286 um hækkun byggingarstyrks til íbúðarhúsa í sveitum. Að sjálfsögðu fellur það atriði inn í þá endurskoðun, sem hér er stefnt að, og þó svo kunni að fara, að það frv. nái ekki afgreiðslu á þessu þingi vegna þess, hve liðið er á þingtímann, þá væri auðvelt að láta slík smærri atriði verka aftur fyrir sig, ef komizt verður að þeirri niðurstöðu við endurskoðun laganna, að það sé rétt, sem ég ætla, að sé eðlilegt að nokkru. Till. um breytingar á slíkum einstökum atriðum laganna krefja hins vegar fram fremur en ella, að gerð sé sú heildarendurskoðun á l., sem hér er stefnt að.

Tilgangurinn með ríkisframlögum til jarðræktar er, eins og ljóst má vera, að efla ræktunarframkvæmdir, stuðla að aukinni fóðurframleiðslu og um leið nægri fóðurframleiðslu fyrir búsmala landsmanna, að bæta landið og auka hagsæld í sveitum landsins og þar með þjóðarinnar í heild. Nú kynnu einhverjir að ætla, að doka mætti við í þessum efnum. Því fer þó víðs fjarri. Þrátt fyrir hinar stórfelldu ræktunarframkvæmdir á síðustu árum, eru enn fáar framkvæmdir brýnni fyrir landbúnaðinn en þær, sem leiða til aukinnar fóðurframleiðslu. Enn er það svo í heilum byggðarlögum og jafnvel heilum landshlutum, að heyskortur er yfirvofandi, ef verulega bregður út af með veðurfar, og má jafnvel segja, að hvað eftir annað hafi undanfarna vetur brugðið til hins betra, eins og eftir pöntun á hrossasvæðunum norðanlands, þegar allt hefur verið að komast í vandræði vegna hagleysis. Vegna ónógra heyja undanfarin kuldaár hafa bændur neyðzt til mjög aukinnar kjarnfóðursnotkunar, svo að fóðurvörur hafa verið fluttar inn fyrir hundruð millj. árlega. Það er mjög stórt þjóðfélagslegt atriði, að takist að draga mjög úr hinum mikla fóðurvöruinnflutningi með aukinni fóðuröflun og bættri fóðurnýtingu innanlands. Til þess að svo megi verða, þarf að leita allra þeirra ráða, sem hagkvæm reynast. Meðal þeirra leiða, sem eru athygli verðar í því sambandi, er t. d. ræktun í stórum stíl, ýmist sem félagsræktun eða til heykögglagerðar, eins og vikið var að í þáltill. þeirri, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. mælti fyrir hér áðan. Við þess háttar verkefni er Landnám ríkisins eðlilegur framkvæmdaaðili, en aftur á móti hljóta tilraunir í því skyni að lúta yfirstjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Framleiðsla kolvetnaauðugs fóðurs í formi heyköggla virðist gefa góðar vonir, eins og nú standa sakir, og það er stórmerkilegt hagsmunamál bændastéttarinnar og þjóðarheildarinnar, ef með heykögglaframleiðslu á samkeppnishæfu verði mætti takast að vinna í landinu sjálfu fóðurvöru, sem leysti af hólmi meginhlutann af því kjarnfóðri, sem ella þarf að flytja inn fyrir ærinn gjaldeyri, en á síðasta ári voru fluttar inn fóðurvörur fyrir 304 millj. kr.

En það þarf jafnframt að hafa augun opin á fleiri sviðum. Taka þarf til gaumgæfilegrar athugunar, hvort eigi sé unnt með hagkvæmum hætti að nýta til fóðurs úrgang frá sláturhúsum og hið mikla magn af verðlítilli feiti, sem til fellur í landinu. Sú athugun fellur að vísu ekki undir þau lög, sem hér er lagt til að endurskoða, heldur undir rannsóknastofnun landbúnaðarins. Um leið og stuðlað er að auknu öryggi í fóðuröflun með ríkisframlögum og öðrum hætti, virðist mér eðlilegt, að framfylgt verði betur en hingað til lögum um fóðurbirgðir og forðagæzlu, svo að ekki verði um of fallið í þá gryfju að stækka búin jafnmikið eða meira hverju sinni, er fóðuröflun eykst.

Svo sem kunnugt er, eru ríkisframlög til ræktunar og byggingaframkvæmda í sveitum innt af hendi af tveimur aðilum, Búnaðarfélagi Íslands eftir jarðræktarlögum og Landnámi ríkisins eftir lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Í till. minni er að þessu vikið og farið fram á, að þessi skipan verði tekin til athugunar. Eðlilegra sýnist, að meðferð þessara mála sé öll hjá einni stofnun. Útdeiling þessa fjár yrði á þann veg væntanlega bæði einfaldari og hagkvæmari í framkvæmd. Eins og nú er, þarf að halda spjaldskrá yfir alla bændur í báðum stofnununum og færa inn á þær árlega jarðabætur hvers bónda. Þess utan er ósennilegt annað en takast mætti að lækka skrifstofukostnað með því að færa þessa starfsemi á einn stað.

Um það má sjálfsagt deila, hvort eðlilegra sé að fela Búnaðarfélagi Íslands eða Landnámi ríkisins framkvæmd laga um þessi ríkisframlög, væru þau öll færð undir eina stofnun. Í því sambandi sýnist mér eðlilegt að gera sér grein fyrir þeirri skiptingu, sem verið hefur á þessum áratug að þróast í landbúnaðarlöggjöfinni, sem öll heyrir að sjálfsögðu undir landbrn. Má í því sambandi t. d. minna á, að tilraunastarfsemin og allar vísindalegar rannsóknir á sviði landbúnaðar lúta nú yfirstjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Verkefni á sviði landgræðslu og gróðurverndar er fjallað um eftir sérstökum lögum um það efni. Framkvæmdalán til landbúnaðar og verksvið Landnáms ríkisins er, eins og fyrr er að vikið, fært undir lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl., frá 1962. Mér virðist, að þessi skipan yrði markvissari, ef annar kafli jarðræktar og húsabóta í sveitum, — væri færður undir stofnlánadeildarl. og landnáminu fengin framkvæmd þeirra mála, sem þar er fjallað um. Væntanlega þyrfti að breyta nokkrum fleiri ákvæðum jarðræktarl., ef að þessu væri horfið. Búnaðarfélag Íslands hefði þá svo sem hingað til undir sinni stjórn hina félagslegu uppbyggingu á sviði landbúnaðar, búfjárræktarl., Vélasjóð ríkisins og ýmis ákvæði jarðræktarl. og svo sem höfuðviðfangsefni leiðbeiningaþjónustuna. Leiðbeiningaþjónustan hefur lengi verið þýðingarmesta verkefni Búnaðarfélagsins og er þörf á því að efla hana, ekki sízt á sviði beinnar búnaðarhagfræði eða hagkvæmni í búskap. Og þó að leiðbeiningaþjónustan hafi á síðari árum færzt meira út um landið með

héraðsráðunautunum, sem er til mikilla bóta, lýtur hún þó öll yfirstjórn Búnaðarfélagsins og er eðlilegt, að svo verði áfram.

Til stuðnings því, að framlög til jarðræktar og húsagerðar í sveitum væru færð undir stofnlánadeildarl., má enn nefna, að Stofnlánadeild landbúnaðarins þarf iðulega að leita umsagnar landnámsins vegna lánsumsókna, sem henni berast, jafnframt því, sem oft þarf að fá vottorð frá Búnaðarfélagi Íslands um ræktunarframkvæmdir einstakra bænda. Það má því ætla, að töluvert hagræði væri í því, að framkvæmd mála, er varðar hvort tveggja, lánveitingar og ríkisframlög til bygginga, ræktunar og tæknibúnaðar í sveitum, væri í jafnnánum tengslum hvort við annað, eins og nú er um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Landnám ríkisins innan vébanda Búnaðarbanka Íslands og lagafyrirmæli þar að lútandi væri öll að finna innan stofnlánadeildarlaganna.

Ég sé hvorki ástæðu til þess, herra forseti, að draga fram fleiri ástæður fyrir því, að þessi þáltill. er flutt né fleiri rök henni til stuðnings. Verði hún samþ. leyfi ég mér að láta þá von í ljós, að við endurskoðun laganna takist að marka með þeim skýrari framtíðarstefnu á sviði uppbyggingar og byggðaþróunar í sveitum landsins og samræma þau nýjum viðhorfum, svo að þau verði í framtíðinni ekki síður en hingað til landbúnaðinum öflug lyftistöng og þjóðarheildinni til mikilla hagsbóta.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þær hugmyndir, sem mér virðast koma fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., er hann talar fyrir þessari þáltill. um að fela landbrh. að láta endurskoða lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Eins og hv. þm. er kunnugt og hlýtur að vera ljóst, er þessi till. mjög nálægt þeirri till., sem ég talaði fyrir áðan, en það eru þó viss veigamikil atriði, sem þarna skilja á milli, og vil ég aðeins benda á þau.

Í fyrsta lagi eru það brot á þeirri hefð, sem ég aðeins minntist á, að ríkt hefði við setningu nær allrar landbúnaðarlöggjafar hér á landi, að ég hygg að segja megi frá upphafi, en það er, að bændasamtökin, fyrst og fremst Búnaðarfélag Íslands og síðar Stéttarsamband bænda, eftir að það kemur til, hafa átt aðild að samningu laganna. En það er engin trygging fyrir því, ef þessi till. yrði samþ., að svo yrði, þar sem það er lagt í vald hæstv. landbrh. Að vísu gætum við vel treyst þeim manni til að velja menn frá þessum stofnunum til endurskoðunar laganna, en það er engin trygging fyrir því að svo verði.

Í öðru lagi vék frsm. að framkvæmdaatriðum í sambandi við jarðræktarstyrk. Ef það væri megintilgangur með flutningi þessarar till. að fá breytingu á þeirri framkvæmd, þá hefði hann greinilega átt að flytja þáltill. um breytingu á jarðræktarl., en jarðræktarstyrkur er fyrst og fremst greiddur eftir þeim. Um framkvæmd þeirra laga hefur Búnaðarfélag Íslands alltaf séð. Hins vegar hafa með löggjöf verið tekin einstök atriði frá Búnaðarfélagi Íslands, og það er það óeðlilega í hlutunum, að fleiri og fleiri atriði séu tekin frá Búnaðarfélagi Íslands í þessum málum. Það, sem ég tel eðlilegt og vék að í minni till., er raunar að snúa þessari þróun við, það yrði sameining til þess að gera hlutina einfaldari. Það ætti miklu frekar að athuga það alvarlega.

Ég reikna með því, að fyrst þessar tvær till. eru komnar fram, þá sé sennilegt, að af einhverri endurskoðun á lögum um Landnám ríkisins verði. Þá ætti frekar að hafa í huga sameiningu og færa hlutina til baka til Búnaðarfélags Íslands, heldur en halda áfram að kljúfa þá frá því.

Ég vil aðeins benda á, hvað Búnaðarfélag Íslands er. Það er samtök íslenzkra bænda. Það er sérstakt íslenzkt fyrirbæri, að bændur hafa þetta sjálfstæða félag, sem Búnaðarfélag Íslands er, sem hefur töluvert mikil völd í sambandi við framkvæmd sérmála þeirra. Ég vil minna á Búnaðarþing, sem er yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands, kosið af bændunum, og það ályktar árlega um málefni bændanna, og að það er ákaflega mikill styrkur fyrir íslenzka bændastétt að hafa Búnaðarþing og Búnaðarfélag Íslands til þess að standa að sínum málum. Það má segja, að Búnaðarfélagið sé að nokkru leyti starfandi sem ráðuneytisdeild. Því er falin framkvæmd ákveðinna laga. Og ég hygg, að frá hálfu ráðuneytanna sé ekkert upp á það að klaga. Það gerir það ákaflega trúverðuglega. En það er ákaflega mikill styrkur fyrir bændastéttina að hafa þetta félag, og því ber alveg tvímælalaust að vinna gegn því, að verkefnin séu frá því tekin og vald þess eða áhrifamáttur þess skertur. Ég vil benda á, að Búnaðarfélagið hefur auk ráðunautaþjónustunnar, hinnar faglegu ráðunautaþjónustu, með að gera ákaflega mörg framkvæmdatriði einmitt eftir jarðræktar- og búfjárræktarl., og það er t. d. með skipulagningu jarðabótanna og úttekt þeirra. Það er mikill trúnaður, sem ráðunautum Búnaðarfélags Íslands og búnaðarsambandanna er falinn. Og það hefur borið á þeirri óeðlilegu þróun, að Búnaðarbankinn væri að fela þessum starfsmönnum búnaðarsambandanna og Búnaðarfélags Íslands önnur verkefni, sem þeir að vísu hafa sinnt. En þetta er óeðlileg þróun, og það er miklu meiri ástæða til að færa þarna til baka en kljúfa áfram. Ég get ekki varizt því, að mér fannst hálfgerður Búnaðarráðsblær á þessari framsöguræðu hv. þm.

Varðandi það, sem hann nefndi um skiptingu jarða og þann hátt, sem hafður hefur verið á að undanförnu, að veita hærri ræktunarstyrk til þeirra, sem hafa minni ræktun og minni bú, vitum við, hver meiningin hefur verið. Hún er sú að jafna bústærðina til þess raunverulega, má segja, að stækka meðalbúið til þess að lækka framleiðslukostnaðinn. Og þetta hefur verið talið eðlilegt. Þó að kannske eitthvað hafi borið á því, að væri tilhneiging til að skipta jörðum, þá vil ég fullyrða, að það sé hlutfallslega lítið, og það hefur einmitt gengið miklu meira í þá átt að undanförnu, að það

hefur verið stofnað til félagsrekstrar, og það er ekki óeðlilegt. Þessi félagsrekstur er einmitt hagkvæmur. Þar er komizt fram hjá hinu erfiða einyrkjaspursmáli, og það auðveldar einnig ættliðaskipti á jörðunum. Þá kemur oft að því, að það eru byggð tvö íbúðarhús á sömu jörðinni og þó að bændurnir njóti á einhverju stigi e. t. v. hærra framlags á meðan á þessu stendur, þá er það alls ekki óeðlilegt. Jarðræktarframlag er alls ekki það hátt miðað við þann stuðning, sem landbúnaður hefur til svipaðra framkvæmda erlendis. Það er langt frá því, að ástæða sé til þess að sjá eftir því, þó e. t. v. komi fyrir, að einhverjir bændur hefðu þarna aðeins hagkvæmari ræktun af þeim sökum.

Í þáltill. þeirri, sem ég flutti ásamt hv. meðflm., er ekki vikið sérstaklega að þessu atriði, sem að vísu má telja óeðlilegt, að jarðræktarstyrkur sé greiddur út á tveimur stöðum, en ég gæti vel fallizt á, að það væri tekið til endurskoðunar. E. t. v. þarf þá einhverja breytingu á jarðræktarl., en það ætti að vera endurskoðun, sem miðaði að því að færa þetta allt saman til baka. Ég vék að því, að það væri e. t. v. hugsanlegt, að með skipulagsbreytingu mætti fela Búnaðarfélagi Íslands hlutverk Landnáms ríkisins og þannig spara í rekstrinum. En það er í fyllsta máta óeðlilegt, ef þróunin ætti að ganga í hina áttina.

Ég vil aðeins geta þess og raunar taka undir það með hv. 4. þm. Norðurl. v., að það þarf að auka ræktunina. Ég vil benda á, að á nýafstaðinni gróðurverndarráðstefnu var það mjög undirstrikað af þeim mönnum, sem við verðum að telja, að hafi bezta þekkingu á hlutunum, að íslenzkt gróðurlendi er ofnýtt eins og er, þ. e. a. s. sú áhöfn, sem er á landinu, er of mikil. Beitilöndin eru ekki nægileg og ekki nægilega góð, en leiðin til þess að bæta úr þessu er alveg tvímælalaust sú að auka ræktunina í landinu, og ég held, að það ætti ekki að vera að flytja till., sem hægt væri að benda á, að mundu leiða til minnkandi ræktunarframlaga.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. minntist á nokkur atriði, sem fram komu í framsöguræðu minni og er að finna í þeirri þáltill., sem ég hef hér flutt.

Í fyrsta lagi sagði hann, að hún væri mjög svipuð eða bæri mikinn keim af þeirri þáltill., sem þessi hv. þm. flutti hér áðan. Hún fjallar að vísu að nokkru leyti um sama efni, en hún nær þó miklu lengra. Í þáltill. hv. 1. þm. Norðurl. e. er talað um að skipa n. til þess að endurskoða hlutverk landnámsins að því er varðar félagsræktun og heykögglagerð. Lengra nær sú till. raunar ekki. Þar er einnig að því vikið, ef ég man rétt, að sú n. skuli láta fram fara rannsóknir þar að lútandi. Rannsóknir í þessu efni hljóta, eins og ég gat um í minni fyrri ræðu, að heyra undir Rannsóknastofnun landbúnaðarins, eins og allar tilraunir og vísindalegar rannsóknir á sviði landbúnaðar.

Þá sagði þessi hv. þm., að ég hefði brotið hefð með því að kveða ekki á um það í minni till., hvernig sú n. væri skipuð, sem væntanlega yrði falin þessi endurskoðun. Ég hef nú ekki kynnt mér sögu Alþ., hvað þetta varðar, og má vera, að hv. 1. þm. Norðurl. e. hafi gert það betur, en mér virðist, að óhætt sé að fela hæstv. landbrh. þetta hlutverk. Ég geri ekki ráð fyrir því, að ef þessi till. mín verður samþ., að hann láti þessa endurskoðun fara fram án skipunar n., og ég tel ekki nokkurn vafa á því, að hann muni velja til þeirrar n. menn, sem eru nákunnugir landbúnaðinum og menn úr forystuliði félagsmálasamtaka landbúnaðarins. Hins vegar tel ég óþarft að taka það sérstaklega fram í till. sem þessari frá hvaða stofnunum á að velja hvern og einn mann.

Hv. þm. sagði, að sér skildist á þeirri till., sem ég hef hér flutt, að það væri aðalmarkmiðið að færa II. kafla jarðræktarl., þ. e. þann hluta þeirra, sem varða ríkisframlög til jarðræktar- og húsabóta, undir aðra stofnun. Ég hefði því fremur átt að flytja þáltill. um endurskoðun jarðræktarl. Það er rétt, að ég vék að þessu, en í till. er um þetta rætt á þann hátt, að það sé tekið til athugunar, hvort eigi sé ástæða til þess að samræma lög um stofnlánadeild o. fl. við önnur þau lög, er varða ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta og að fella þau inn í stofnlánadeildarl. Það er sem sagt fram tekið í þáltill. minni, að það sé ekki einungis ætlunin með þeirri till. að fá fram endurskoðun á stofnlánadeildarl., heldur einnig á öðrum þeim lögum og lagafyrirmælum, sem varða þessi ríkisframlög til ræktunar og bygginga í sveitum landsins. Og þar eru vissulega jarðræktarl. efst á blaði. Það kom mér að sjálfsögðu ekkert á óvart, að það yrðu skiptar skoðanir um það, hvaða stofnun ætti að fela framkvæmd laga um ríkisframlög til jarðræktar og húsabóta, ef þau væru falin einni stofnun til meðferðar. Ég lét í ljós þá skoðun mína á þessu máli, að ég teldi eðlilegt fyrir ýmissa hluta sakir, einkum að því er varðar þau nánu tengsl, sem eru á milli stofnlánadeildarinnar, sem sér um lánveitingar til þessara framkvæmda, og landnámsins, að Landnámi ríkisins væri falið þetta hlutverk. Þó er ekki þar með sagt, að á það sjónarmið verði fallizt af þeim mönnum, sem til þess verða valdir að endurskoða þessi lög, og er ekkert um þetta sagt beinlínis í þáltill.

Hv. þm. minntist á þýðingu Búnaðarfélags Íslands og Búnaðarþings, og dreg ég ekkert úr því, sem hann í rauninni sagði um það efni. Búnaðarfélag Íslands hefur forustu í ýmsum félagslegum málum og í framkvæmd ýmissa mála, hann nefndi t. d. jarðræktarl. og búfjárl. Ég tel eðlilegt og mér hefur ekki komið annað til hugar en það sé sjálfsagt, að Búnaðarfélagið hafi framkvæmd búfjárl. með höndum og það hafi að miklu leyti framkvæmd jarðræktarl. með höndum, þó svo að útdeiling fjárins fari í gegnum annan aðila. Búnaðarfélagið hefði yfirstjórn með leiðbeiningaþjónustunni, eins og jafnan hefur verið og undir það heyrði úttekt og skipulagning jarðræktarframkvæmda, enda eru þau mál að mestu í höndum héraðsráðunautanna og kemur ekki beint við útdeilingu fjárins.

Þá talaði hv. þm. um, að á þessari till. minni og ræðu minni áðan hefði verið að skilja, að það væri verið að sjá eftir jarðræktarframlögum til bænda og hann hefði grunsemdir um, að með þessu væri stefnt að því að gera jarðræktarframlögin minni. Ég álít, að ég hafi tekið það svo tryggilega fram í minni framsöguræðu, að ekki þyrfti að orka neins tvímælis, að svo er ekki. Varðandi það, sem ég sagði, að hið misháa jarðræktarframlag hefði með óheppilegum hætti, að ég tel, í mörgum tilfellum valdið því, að bændur hafa leiðst út í það að skipta jörðunum til þess að fá enn sem fyrr aukaframlagið, þá tók ég það einmitt fram, að ég vildi við þessa endurskoðun láta athuga, hvort ekki þætti fært að afnema hámarkið og þá fengju allir bændur jafnt framlag. Út af fyrir sig er þetta síður en svo af því, að ég sjái eftir jarðræktarframlagi til þeirra bænda, sem hafa minni túnstærð. Það er fjarri því. En ég held, að það sé staðreynd, að þessi skipting á jarðræktarframlaginu hafi átt verulegan þátt í því að búta niður góðjarðir, sem í mörgum tilfellum er til verulegrar óþurftar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um ræðu hv. þm. Hann er einn af starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands, og var þess sannarlega að vænta, að hann léti eitthvað til sín heyra varðandi þær hugleiðingar mínar, sem ég vakti máls á hér áðan um aðra skipan á framkvæmd laga um ríkisframlög til jarðræktar, húsabóta og tæknibúnaðar í sveitum. En ég held, að það hafi verið ástæðulaust af honum, miðað við þá ræðu, sem ég flutti áðan, að gera því skóna, að ég væri með flutningi þessarar till. að stefna að því að draga úr framlögum til þessara framkvæmda bænda og verða þeim þannig til óþurftar. Það held ég sé algerlega út í hött.

Ég vil svo aðeins að lokum segja, að verði þessi till. samþ., þá vænti ég þess enn, að út úr þeirri endurskoðun komi löggjöf, sem verði landbúnaðinum um þetta efni ekki síður hagstæð en sú löggjöf, sem nú er búið við. Og það er alls ekki óeðlilegt, að sú heildarendurskoðun fari fram, sem ég hef hér minnzt á, þegar þess er gætt, að margsinnis er búið að breyta ýmsum smærri ákvæðum þessara laga, og fyrir þingi liggja nú eitt frv. og ein þáltill., er varða einstaka þætti þeirra. Ég tel, að þegar þannig hefur hvað eftir annað verið breytt ýmsum smærri ákvæðum laga, hljóti að koma að því, að heildarendurskoðun þurfi að fara fram.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hv. 4. þm. Norðurl. v. um, að þetta geti ekki orðið á nokkurn hátt til þess að draga úr stuðningi við ræktun landsins, enda verð ég að játa, að ég mundi alls ekki gruna hann um það beinlínis, en ég vildi samt vara þarna við einstökum atriðum. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hæstv. þm., að í minni till. eða till. okkar framsóknarmanna um þetta efni, væri ekki lögð til heildarendurskoðun á starfsemi Landnáms ríkisins. Það er gert, því að þar stendur, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela landbrh. að skipa 5 manna n. til að endurskoða ákvæði um starfssvið Landnáms ríkisins með tilliti til breyttra aðstæðna.“ Síðan kemur: „N. taki m. a. til athugunar og geri till. um eftirfarandi atriði.“

Ég benti fyrst og fremst á ný atriði, sem ég teldi æskilegt, að yrðu falin Landnámi ríkisins til framkvæmda, vegna þess, sem ég rakti í minni framsöguræðu, að nokkuð bæri á því, að þau verkefni, sem Landnámið hafði upphaflega, væru minni en áður, m. a. stofnun nýbýlahverfa, sem nú er ekki unnið að.

Ég vil svo aðeins benda á, að það er kannske ekki svo gott, þó að frómt sé hugsað, að segja, að það eigi að afnema hámark á framlagi, — ákvæði fyrir aukaframlag — og segja, að allir bændur eigi að fá hámarksframlag. Það er hætt við, að þá yrði bara minna á hvern. En þetta atriði að reyna að hjálpa fram þeim jörðum, sem hafa minni ræktunina, það hefur ábyggilega haft stuðning hjá bændasamtökunum, enda er hægt að benda á, að það er þjóðhagslega rétt, vegna þess að þá verður þjóðarframleiðslan í heild hagkvæmari.

Ég vil einnig benda á, að ég álít, að þar munu flestir forystumenn bænda vera mér mjög sammála, að tryggast sé við endurskoðun á þessum lögum, að þar eigi þeir sína fulltrúa, eins og almennt hefur tíðkazt við endurskoðun á landbúnaðarlöggjöf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Sþ., 17. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 427, n. 668).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þessi þáltill. er á þskj. 427 um endurskoðun laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Henni var vísað til allshn. hv. Sþ. Enn fremur var annarri till. á þingskjali 394 einnig vísað til n., en sú till. fjallaði einnig um dálítið svipað viðfangsefni. Allshn. tók báðar þessar till. til athugunar og fram kemur í nál. á þingskjali 668, að allshn. varð sammála um það, eftir að hafa haft samráð við aðalflm. beggja till., að mæla með samþykkt þáltill. á þskj. 427 með þeirri breyt., sem fram kemur í nál. á þskj. 668.

ATKVGR.

Brtt. 668 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 805).

Þingsályktunartillögur felldar.

1. Vantraust á ríkisstjórnina.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vantraust á ríkisstjórnina [62. mál] (A. 81).

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var till. tekin til einnar umr. (útvarpsumr.).

Forseti (BF): Hver þingflokkur fær 50 mínútna ræðutíma, sem skiptist í þrjár umferðir, fyrsta 20 mín., önnur 20 mín og hin þriðja 10 mín. Röð flokkanna er þessi: Framsfl., Sjálfstfl., Alþb. og Alþfl. Af hálfu Framsfl. tala Ólafur Jóhannesson, Ingvar Gíslason, Ágúst Þorvaldsson og Tómas Karlsson, af hálfu Sjálfstfl. Bjarni Benediktsson, Ólafur Björnsson, Steinþór Gestsson og Matthías Bjarnason, af hálfu Alþb. Lúðvík Jósefsson, Eðvarð Sigurðsson og Karl Guðjónsson, af hálfu Alþfl. Gylfi Þ. Gíslason, Eggert G. Þorsteinsson, Bragi Sigurjónsson og Benedikt Gröndal.

Hefst þá umr., og til máls tekur af hálfu Framsfl. fyrri flm. vantrauststill., hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Gengisfelling ríkisstj. mun ekki leysa þann vanda, sem við er að glíma í efnahagslífinu. Þau vandamál eru fyrst of fremst þríþætt, þ. e. a. s. fjárskortur og hallarekstur atvinnuveganna, og þá alveg sérstaklega sjávarútvegsins, viðskiptahalli við útlönd, rekstrarhalli ríkissjóðs og fjárþrot ýmissa framkvæmdasjóða.

Flest öll fyrirtæki eru sögð rekin með tapi. Samkvæmt áætlun sérfræðinga hefði að öllu óbreyttu þurft að flytja til sjávarútvegsins, í einu eða öðru formi, 12—1400 millj. kr. á næsta ári, ef hann átti að skrimta. Rekstrarfjárskortur háir iðnaði og veldur samdrætti. Atvinnuleysi er víða byrjað, en annars staðar yfirvofandi. Mikill fjöldi bænda er að sligast undir skuldum, og þeir eiga yfir höfði sér lokun viðskiptareikninga. Hinn svonefndi gjaldeyrissjóður er tæmdur. Áætlaður viðskiptahalli á síðasta ári og á þessu nemur mörghundruð milljónum króna. Skuldir þjóðarinnar við útlönd námu á gamla genginu 8—9 milljörðum, en verða samkv. hinu nýja gengi um 12.5 milljarðar eða um 60 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu. Árlegar afborganir þeirra og vextir munu nema rúmum 15% af öllum gjaldeyristekjum þjóðarinnar á útflutningi og þjónustu, og menn éta upp andvirði alls freðfisksútflutnings. Gert var ráð fyrir, að greiðsluhalli hjá ríkissjóði yrði um 350 millj. kr. á þessu ári. Yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann nemur um 800 milljónum kr. og hefur hækkað stórkostlega á árinu. Talið er, að fjárfestingarsjóði vanti á næsta ári um 450 milljónir kr., ef framkvæmdir ættu að verða nokkuð viðlíka á þessu ári.

Þannig eru nokkrir aðaldrættir þeirrar myndar, sem blasti við í viðræðum stjórnmálaflokkanna, samkv. upplýsingum embættismanna. Ég tek að sjálfsögðu enga ábyrgð á þeim, en ég hef heldur ekki aðstöðu til að vefengja þær. Það er athyglisvert, að þetta er lýsing stjórnarinnar sjálfrar á því neyðarástandi, sem skapazt hefur í stjórnartíð hennar. Þetta eru þau reikningsskil, sem ríkisstj. leggur á borðið eftir nær 9 ára viðreisnarstjórn. Mér finnst, að stjórn, sem slíka reikninga leggur fram, eigi að fara frá. Það er von, að þjóðin spyrji, hvernig á því standi, að svona er komið aðeins tveimur árum eftir að einu mesta góðæristímabili í sögu þjóðarinnar lauk. Og þá ekki síst vegna þess, að í kosningunum fyrir 1½ ári sögðu stjórnarflokkarnir, að allt væri í lagi.

Ég held, að orsakir efnahagsvandamálanna séu fyrst og fremst fjórar, þ. e. röng stjórnarstefna, verðbólga, verðfall útflutningsafurða og aflabrestur á vissum veiðum. Tvær hinar síðasttöldu eru óviðráðanlegar. Þær eru mikið áfall, eins og á stendur, en þó engan veginn jafnmikið og stjórnarflokkarnir láta í veðri vaka. Sannleikurinn er sá, að þessi óviðráðanlegu atvik eru engan veginn sú afsökun fyrir ríkisstj., sem hún vill vera láta. Sveiflur í aflamagni og afurðaverði eru hér á landi regla, en ekki undantekning, eins og öll okkar atvinnusaga sýnir. Þess vegna er út í hött að afsaka erfiðleikana með

minnkandi afla og lækkandi afurðaverði. Það verður jafnan að gera ráð fyrir því, að mögur ár komi á eftir góðum. Það var óðs manns æði að gera ráð fyrir metafla og metverði til frambúðar. Það geta verið afglöp hjá ríkisstj. að gera ráð fyrir slíkri framvindu. En auk þess er það svo, að samkv. opinberum upplýsingum er vísitala viðskiptakjara nú nokkurn veginn sú sama og árin 1961—1963. Viðskiptakjörin í fyrra voru svipuð og árið 1964. Ef verðbólgunni hefði verið haldið í skefjum, svo sem stjórnin á sínum tíma hét að gera, væri verðfallið og minnkandi aflabrögð ekki tilfinnanlegt vandamál. En undirrót verðbólgunnar er röng stjórnarstefna, ég vil segja stjórnleysi á sumum sviðum. Ýmsar ráðstafanir stjórnvalda á undanförnum árum hafa ýtt undir verðbólguna.

Stjórnarstefnan hefur einnig að ýmsu leyti verið röng í grundvallaratriðum gagnvart atvinnuvegunum. Þeim hefur verið íþyngt óhæfilega með álögum og fjármagnskostnaði, of mikið af ráðstöfunarfé þjóðarinnar hefur farið í vafasama fjárfestingu og almenna eyðslu, en atvinnuvegirnir hafa fengið of lítið af því í sinn hlut sem rekstrarfé. Taumlaus innflutningur hefur leitt til gjaldeyrissóunar og valdið innlendum iðnaði þungum búsifjum. Reynslan talar hér sínu máli. Hún sýnir í hvert öngþveiti stjórnarstefnan hefur leitt þjóðina.

En það, sem ríkisstj. er alveg sérstaklega ámælisverð fyrir að mínum dómi, er það, að hún skuli ekki hafa gripið fyrr í taumana og gert viðeigandi ráðstafanir til að mæta vandanum, því að hann hefur í öllum meginatriðum legið lengi ljós fyrir. Vissulega hefði verið auðveldara að fást við hann, ef fyrr hefði verið snúizt við honum og raunhæfar ráðstafanir gerðar í tæka tíð. En stjórnin lét reka á reiðanum, trúði á happdrættisvinning, sem aldrei kom, eyddi öllum sjóðum. Hún tók öll hugsanleg lán og fleytti þjóðarbúskapnum og lífskjörunum áfram allt þetta ár á fölskum forsendum. Samtímis horfði hún á, að fyrirtækjunum blæddi út. Þess vegna er vandinn orðinn miklu meiri og óviðráðanlegri en áður var. Hinn óhæfilegi dráttur hefur kynt undir kaupæði, gjaldeyriseyðslu og spákaupmennsku. Sparifénu hefur beinlínis verið sópað út úr bönkunum. Í októbermánuði einum drógust t. d. bankainnlán saman um rúmar 150 milljónir. Með innflutningsgjaldinu var glæframennskunni gefið grænt ljós. Gengisfelling var í rauninni leynt og ljóst boðuð af ráðamönnum um tveggja mánaða skeið. Þegar í óefni er komið, hafa svo stjórnarflokkarnir gripið til fjórðu gengisfellingarinnar á valdaferli sínum og ætla með henni, ásamt boðaðri kaupbindingu, að vísu dulbúinni, að lækna allan vanda. Það er fullkomin blekking að halda því fram, að slík hrossalækning muni lukkast.

Þetta er fjórða gengisfelling ríkisstj. Þegar hún kom til valda, var skráð gengi bandaríkjadollars rúmar 16 kr., en með gjaldeyrisálagi raunverulega eitthvað yfir 20 kr. Nú kostar bandaríkjadollar rúmar 88 kr. Á einu ári hefur dollarinn við tvær gengisfellingar hækkað úr 43 kr. í 88 kr. eða meir en tvöfaldazt. Þetta er ljótur ferill. Allar þessar gengisfellingar hafa runnið út í sandinn. Þær hafa skapað fleiri vandamál en þær hafa leyst. Þær hafa magnað dýrtíðina, spillt vinnufriði, ýtt undir eyðsluna, dregið úr sparifjármyndun og grafið undan gjaldmiðlinum og viðskiptasiðgæði. Örskömmum tíma eftir hverja gengislækkun hefur vandinn í raun og veru verið orðinn enn meiri en hann áður var. Aldrei hefur þetta verið ljósara en við gengisfellinguna í fyrra. Ég held, að hvert og eitt einasta varnaðarorð okkar stjórnarandstæðinga í sambandi við þá gengislækkun sé komið fram. Auðvitað verður reynslan af þessari gengisfellingu sú sama og af hinum fyrri, sem þessi ríkisstj. hefur staðið að. Gengisfellingin verkar kannske eins og morfínssprauta í bili. En það verður ekki lengi. Hún mun innan tíðar renna út í sandinn. Hún mun reisa nýja dýrtíðaröldu. Talið er, að hún muni hafa í för með sér 20% kjaraskerðingu, þegar öll áhrif hennar eru komin fram. Þá kjararýnun er öllum launþegum ætlað að taka á sig, hvort sem laun þeirra eru lítil eða mikil. Hvernig eiga menn, sem aðeins hafa 120—130 þús. kr. árstekjur, að taka á sig 20% kjararýrnun? Slíkt er útilokað. Hvernig eiga menn að komast af, ekki sízt, þegar atvinnuleysið má heita fyrirsjáanlegt? Það er spurning, sem leita mun á margan á næstunni. Ekkert bólar enn á hliðarráðstöfunum til að létta byrðarnar eða til að tryggja atvinnu. Enginn veit, hvað byggja má á óákveðnum og afsleppum fyrirheitum ríkisstj. Það eru ekki orð og fyrirheit, heldur athafnir, sem hér skipta máli. Til þessarar gengislækkunar er stofnað án alls samráðs við launþegasamtökin. Þess er engin von, að þau geti sætt sig við hana bótalaust, eins og allt er í pottinn búið. Það er augljóst mál, að vinnufriði er stefnt í voða. Viðbrögð verkalýðssamtakanna bera því vitni, hvers vænta má. Um áhrif gengisfellingarinnar á hag sparifjáreigenda þarf ekki að ræða. Þau liggja í augum uppi. Sama máli gegnir um aðstöðu námsmanna, einkanlega þeirra, sem stunda nám erlendis. Framundan þeim eru lokaðar dyr. En gengislækkunin verður ekki heldur án stefnubreytingar að öðru leyti það bjargráð fyrir atvinnuvegina, sem látið er í veðri vaka. Hún hefur í för með sér stórhækkaðan rekstrarkostnað, kallar á meira lánsfé og leggur óbærilega bagga á þau fyrirtæki, sem skulda erlendis, en þau eru býsna mörg. Þannig munu t. d. erlendar skuldir fiskiskipanna hækka um 350 millj. kr.

Gengisbreyting getur aldrei borið tilætlaðan árangur að mínum dómi, nema um hana sé víðtæk samstaða, að skilningur ríki á þörf hennar og hún sé innan hóflegra marka. Ekkert þessara skilyrða er nú fyrir hendi. Þess vegna er þessi gengisfelling, eins og til hennar er stofnað, fullkomið glæfraspil, sem getur innan tíðar leitt til enn meira öngþveitis. Sannleikurinn er sá, að þessi gengislækkun læknar líklega ekki vanda neins, nema þá fjmrh., þ. e. ríkissjóðsins.

En hvað átti að gera? Var nokkur valkostur fyrir hendi? Í viðræðum stjórnmálaflokkanna bentum

við stjórnarandstæðingar á ýmis úrræði til þess að minnka þann vanda, sem við var að glíma. Að sjálfsögðu eiga þau sum hver ekki við, eftir að gengisfelling hefur verið framkvæmd. Við bentum t. d. á eftirtaldar ráðstafanir til að bæta stöðu atvinnuveganna og til að stuðla að atvinnuöryggi:

Að tilteknum fyrirtækjum yrði veittur greiðslufrestur. Að lausaskuldum framleiðslu- og atvinnuveganna yrði breytt í föst lán og skuldaskil framkvæmd í vissum tilvikum og komið yrði á fót sérstökum aðstoðarlánasjóði í því skyni. Að lækkaðir yrðu vextir af stofn- og rekstrarlánum atvinnuveganna. Að lækkaðir yrðu eða felldir niður ýmsir sérskattar á atvinnuvegina. Að ýmis þjónustustarfsemi við atvinnuvegi yrði tekin til lagfæringar, svo sem byggingar, rafmagnskostnaður o. fl. Að tekin yrði upp skipuleg fjárfestingarstjórn og verkefnum raðað niður, en þetta er auðvitað óhjákvæmilegt, þegar lánsfé er takmarkað.

Stjórnleysið í fjárfestingu á undangengnum árum er kannske, þegar allt kemur til alls, ein aðalrót efnahagsvandans. Við bentum á, að hið opinbera ætti að hafa forustu um ráðstafanir til uppbyggingar og eflingar atvinnulífinu og ætti að hafa um það samráð við sveitarfélög og stéttarsamtök. Við lögðum alveg sérstaka áherzlu á ráðstafanir til að tryggja atvinnu, hvar sem er á landinu. Við nefndum ýmsar ráðstafanir til að bæta hag og samkeppnisaðstöðu iðnaðarins, svo sem lækkun eða niðurfellingu tolla á framleiðslutækjum, hráefni og rekstrarvörum, sérstaka lánafyrirgreiðslu, m. a. til jafns við aðrar atvinnugreinar, takmörkun innflutnings á iðnaðarvörum á þeim sviðum, þar sem vörur til sömu notkunar eru framleiddar hér á landi.

Til þess að rétta stöðu landsins út á við höfum við lagt til, að tekin sé upp heildarstjórn á gjaldeyris- og innflutningsmálum með hliðsjón af gjaldeyrisöflun og þörfum framleiðsluatvinnuveganna. Jafnframt yrði lögð áherzla á aukna gjaldeyrisöflun með fullnýtingu afurða, framleiðslutækja og vinnuafls ásamt bættu markaðskerfi. Ég er ekki talsmaður hafta- eða leyfakerfis. Ég vil hafa svo mikið viðskiptafrelsi í innflutnings- og útflutningsmálum, sem ástæður frekast leyfa. En vil ekki fórna þjóðfrelsi fyrir braskfrelsi, fyrir frelsi til að eyða meira en tekjurnar leyfa. Það verður vitaskuld að hafa stjórn á þessum málum. Algert frelsi í þeim efnum hjá þjóð, sem býr við jafnóvissar og sveiflukenndar gjaldeyristekjur og er jafnháð utanríkisviðskiptum og Íslendingar, er útilokað. Þann sannleik verður að segja, hvort sem mönnum líkar hann betur eða verr. Hitt er ekki síður mikilsvert að auka gjaldeyristekjurnar með fullvinnslu afurða og bættri meðferð. Þar hefur skort forustu af hálfu ríkisins. Hvað hefur t. d. verið gert til að tryggja betri meðferð á fiski, sem fluttur er í land til frystingar, t. d. með því að setja hann í kassa? Tilraunir einstaklinga benda til þess, að með þeim hætti mætti stórauka verðmæti framleiðslunnar. Sölukerfið allt þarf að taka til endurskoðunar. Það þarf að taka upp ný vinnubrögð um markaðsöflun og markaðsleit. Það þarf að snúast við vandanum með jákvæðri sókn og baráttu eftir því, sem unnt er. Í þessum efnum erum við orðnir eftirbátar annarra, m. a. fyrir tómlæti og forustuleysi ríkisvaldsins.

Halla ríkissjóðs vildum við mæta með vægðarlausum niðurskurði á rekstrarútgjöldum ríkisins, hertu skattaeftirliti og auknum álögum á eyðslu og óþarfavöru. Þegar gerðar eru tilfinnanlegar kjaraskerðingarráðstafanir, verður ríkið einnig að spara og draga úr sinni eyðslu. Við töldum, að fulltrúar úr öllum flokkum ættu að fá það verkefni að koma fram með sameiginlegar sparnaðartill.

Við framsóknarmenn töldum, að með þessum og öðrum slíkum ráðstöfunum mætti minnka verulega þau vandamál, sem við var að glíma. Hitt viðurkenndum við, að þær leystu ekki allan vandann. Til viðbótar hefði þurft að gera einhverja tilfærslu til atvinnuveganna, en miklu viðráðanlegri en ella. Þegar þessar ráðstafanir hefðu verið gerðar eða teknar með í reikninginn, átti að okkar dómi að athuga, hvaða frekari ráðstafana væri þörf til að kom atvinnuvegunum á rekstrarhæfan grundvöll og afla fjárfestingarsjóðum nauðsynlegs fjármagns. Þar gátu m.a. komið til greina gengisbreyting, uppbótaleið og niðurfærsla og blandaðar leiðir. Af þessum leiðum átti að velja þá, án allra fordóma, sem hafði minnsta lífskjararöskun í för með sér.

Ég tel þessi úrræði boðlegan valkost, þó að þau leysi ekki allt vandamálið. Við framsóknarmenn höfum aldrei haldið því fram, að efnahagsmeinsemdirnar mætti lækna með einu pennastriki. Og mér dettur ekki í hug að reyna að afla mér og mínum flokki fylgis með því áð halda því fram, að hægt sé að komast út úr vandanum án allra fórna. Það getur engin ríkisstj. gert úr því, sem komið er. Það gerir enginn af okkur kraftaverk. En málin komust aldrei á það stig í viðræðunum, að um val milli leiða væri að ræða. Það kom glöggt fram, að stjórnarflokkarnir vildu ekki sinna ábendingum okkar. Þeir gerðu lítið úr og vildu ekki fallast á úrræði þau, sem við nefndum. Þeir vildu ekki breyta um stefnu. Þeir sáu ekkert annað en gengislækkun eða hækkun söluskatts og uppbætur. Það kom auðvitað aldrei til mála, að við léðum máls á slíku, áður en önnur úrræði hefðu fyrst verið reynd eða við færum að taka afstöðu til þessara leiða, eins og að málum var staðið. Af hálfu sérfræðinganna var og aldrei lögð fyrir viðræður stjórnmálaflokkanna nokkur grg. um þessar mismunandi leiðir eða samanburður á þeim.

Þegar ljóst var, að stjórnarflokkarnir höfðu upp á eindæmi valið hina margreyndu gengisfellingarleið, — að þeir vildu ekki breyta um stefnu í neinum grundvallaratriðum og fengust ekki til að segja af sér til að skapa jafnræðisgrundvöll til viðræðna stjórnmálaflokkanna, — var allt samstarf á breiðara grundvelli útilokað. Að mínum dómi hefði þó verið þörf á víðtækri samstöðu um nauðsynlegar efnahagsaðgerðir, bæði á milli stjórnmálaflokka og stéttasamtaka. Þá hefði verið möguleiki til að koma málum þessum öllum á sæmilegan grundvöll.

Sannleikurinn er sá, að efnahagsörðugleikarnir nú stafa í raun réttri ekki af minnkun afla og lækkun afurðaverðs, heldur má rekja rætur þeirra til ógætilegrar fjármálastjórnar. Á undangengnu góðæristímabili var látið undir höfuð leggjast að safna til verri ára. Þjóðartekjunum var öllum ráðstafað og eytt og að auki tekin mörg og mikil lán, sem einnig eru að verulegu leyti runnin út í sandinn. Afleiðingin er ekki aðeins sú, að engir sjóðir, — hvorki gjaldeyrissjóðir né aðrir, — eru fyrir hendi til aðstoðar, heldur vaxandi verðbólga af völdum hinnar ógætilegu fjármálastjórnar á tímabilinu, þannig að samkeppnisaðstaða útflutningsatvinnuveganna hefur stórversnað. Ríkisstj. hefur með öllu brugðizt þeirri grundvallarskyldu sinni, sem viðurkennd er í öllum helztu menningarríkjum, að hamla með fjármálastefnu sinni gegn hagsveiflum, þ. e. að draga sem mest má úr fjárfestingu og eyðslu á verðbólgutíma, en auka hana eftir þörfum, þegar atvinnuástand býður.

Það horfir því miður þunglega fyrir þjóðinni. Verði ekki skipt um stefnu, eru allar líkur á því, að gengisfellingin og aðrar efnahagsaðgerðir ríkisstj. geri illt verra, að efnahagsvandræðin verði orðin innan tíðar miklu óviðráðanlegri en þau hafa áður verið. Að fátækt og atvinnuleysi verði hlutskipti allt of margra á næstunni. Að gjaldþrotum og nauðungaruppboðum fjölgi og að margur missi það húsnæði, sem þeir hafa verið að reyna að koma sér upp með ærnum erfiðismunum. Skuldirnar við útlönd eru iskyggilegar. Greiðslubyrðin er sligandi, yfir 2 þús. millj. á ári, og maður getur varla gert sér grein fyrir því, hvernig þjóðin á að standa undir henni á næstunni. Þar hafa ljótir baggar verið lagðir á framtíðina. Og enn dettur stjórninni sjálfsagt í hug að fleyta sér á erlendum lánum. Hvað verður langt í þjóðargjaldþrot, ef ekki verður skipt um stefnu? Atvinnuhorfurnar eru uggvænlegar. Atvinnuleysið er víða orðið staðreynd. Það mun vaxa stórlega á næstunni, nema gagnráðstafanir verði gerðar.

En þó að dökkt sé í álinn, dugar ekki að æðrast. Landið á mikinn náttúruauð. Fólkið er menntað og dugmikið, en það vantar nýja stjórn og ný vinnubrögð. Það þarf að marka og fylgja fram nýrri heildarstefnu í atvinnumálum, ekki sízt í iðnaðarmálefnunum, sem framtíð þjóðarinnar er svo mjög háð. Sú stefna þarf að vera mótuð af forustu, sem fólkið treystir.

Gengisfellingin er staðreynd. Frá henni verður ekki horfið. En nú skiptir mestu í bili að gengislækkuninni sé mætt með skynsamlegum ráðstöfunum til að draga úr kjaraskerðingu og þá sérstaklega hjá þeim verst settu. Það þarf að gera margvíslegar hliðarráðstafanir, ef hér á að afstýra hreinu neyðarástandi. Umfram allt þarf strax, alveg strax, að gera raunhæfar ráðstafanir til atvinnuaukningar. Ekki aðeins í Reykjavík og nágrenni, heldur hvarvetna, þar sem atvinnuleysisplágan herjar.

Ekkert af þessu verður gert, svo að gagn sé að, nema skipt sé um stefnu í grundvallaratriðum, en það verður ekki gert, nema þessi ríkisstj. fari frá og ný stjórn sé mynduð. Sú stjórn, sem leitt hefur þjóðina í þær ógöngur, sem hún er í nú, á að fara frá. Þess vegna berum við stjórnarandstæðingar fram till. um að lýsa vantrausti á ríkisstj. Stjórnin hefur haft meiri hl. á Alþ. Hún hefur hann kannske enn. Það sýnir sig skjótt. En hefur hún meiri hl. hjá þjóðinni? Það held ég ekki. Vantraustið bergmálar og endurómar æ sterkar frá fólkinu í landinu frá innstu dölum að yztu nesjum. Ríkisstj. eru nú kveðnar bersöglisvísur á vinnustöðum, í verzlunum, á heimilum og í skólum og svo að segja alls staðar, sem tveir eða fleiri menn hittast. Þær bersöglisvísur ætti stjórnin að skilja og fara frá sem fyrst. Hún hefur ekki ráðið við vandann. Hún ræður allra sízt við hann nú. Þá á hún að fara frá. Það hafa meira að segja ungir sjálfstæðismenn sagt henni. — Góða nótt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Vel metinn guðsmaður lét fyrir skemmstu að því liggja, að við Íslendingar værum nú komnir á hreppinn. Aðrir tala um, að sjálfstæðið sé í hættu vegna of mikillar eyðslu, og enn aðrir spyrja, hvort Ísland sé nógu stór efnahagsheild til að halda sjálfstæði sínu.

Það er alveg rétt, að í erfiðleikunum nú birtist höfuðveikleiki íslenzks þjóðfélags. Veikleiki, sem margir hafa þó bent á áður og stjórnmálabarátta síðustu ára hefur að verulegu leyti verið um. Þeir, sem hafa viljað leita lækninga á þessum veikleika, hafa iðulega verið sakaðir um vantrú á landinu og hinum „þjóðlegu atvinnuvegum", eins og einn spekingurinn kemst að orði. Sakarefnið er þó það eitt að hafa brýnt fyrir mönnum hætturnar af einhæfum atvinnuháttum í okkar örðuga, en ástkæra landi. Nú ásaka þeir, sem andvaralausastir hafa verið, okkur, sem varað höfum við hættunni, fyrir að leiða kjaraskerðingu yfir landsfólkið með ráðstöfunum okkar. Sú ásökun er fjarri sanni. Kjaraskerðing nú stafar ekki af gengisbreytingu, heldur er skerðingin afleiðing okkur óviðráðanlegra orsaka. Gengisbreytingin er þvert á móti ráð til þess að draga úr kjaraskerðingu eftir föngum og gera hana sem skammvinnasta.

Á þessu ári eru allar horfur á því, að þjóðartekjur verði h. u. b. 15% lægri á mann en þær voru fyrir 2 árum, þ. e. á árinu 1966. Hvernig, sem að er farið, komumst við ekki hjá að taka afleiðingum þessa og sníða okkur stakk eftir vexti, ef við viljum ekki hleypa okkur í sívaxandi skuldir. Þessi mikla tekjurýrnun, sem færir okkur 5 ár aftur í tímann eða á sama tekjustig og á árinu 1963, sprettur hins vegar fyrst og fremst af versnandi hag sjávarútvegsins. Hreinar útflutningstekjur hans verða nú ekki fullur helmingur þess, sem þær voru á árinu 1966. Nær allar útflutningstekjur þjóðarinnar eru sprottnar úr sjávarútvegi. Hann er okkar undirstöðuatvinnuvegur, sem gerir okkur fært að búa við sambærileg lífskjör og nágrannaþjóðirnar. Áföll

þessarar undirstöðuatvinnugreinar eru sem sagt þrisvar til fjórum sinnum meiri en nemur meðaltalsrýrnun þjóðartekna. Þess vegna er óhjákvæmilegt að flytja tekjur stórkostlega til sjávarútvegsins frá öðrum, svo að hann stöðvist ekki með öllu, enda sýnir samdrátturinn, sem þar er þegar orðinn, hver hætta öllum er búin, ef sjálf undirstaðan bregzt.

Á umrótstímum fer ævinlega margt í súginn, en þjóðarauður Íslendinga hefur vaxið meira á þessum áratug en nokkru sinni áður og miklu meira en skuldaaukningu nemur. Við skulum heldur ekki gleyma gjaldeyrisvarasjóðnum, sem safnað var, en nú er þrotinn, en auðveldaði mjög þau umskipti, sem óumflýjanleg eru, og urðu hans vegna mun hægari en ella. Sá tekjuflutningur, sem hér þarf að gera, er svo stórfelldur, að ekkert smáræði dugar. Víst lætur vel í eyrum að tala um sparnað og að betur megi með sitt hvað fara. Sukk og óhófseyðsla mega aldrei eiga sér stað. En hv. stjórnarandstæðingar hafa ekki fengizt til að nefna nokkra ákveðna sparnaðartill. í öllum þeim viðræðum, sem við höfum átt við þá í haust.

Á viðleitni til aukinnar hagnýtingar og hagræðingar má aldrei slaka. En viðfangsefnið er stærra og af öðrum rótum runnið en við það verði ráðið með þessum úrræðum. Ekki tjáir að ímynda sér, að vandinn eyðist við það, þótt tínd séu saman allmörg atriði, jafnvel mun fleiri en boðorðin tíu, ef skoðun sýnir, að hvert og eitt og öll saman hafi enga úrslitaþýðingu. Hvorki fögur orð né sundurleitar og gagnstæðar aðgerðir, sem litlum eða engum sárindum eiga að valda, geta komið í stað raunsæis og átaka, sem erfiðis krefjast, en óhjákvæmilegar eru.

Verðfall, sölustöðvun eða sölutregða og aflabrestur eru höfuðorsakir vandans nú, sem fyrst og fremst lýsir sér í samsvarandi minnkun útflutnings og þar af leiðandi gjaldeyrisskorti, sem aftur hefur í för með sér nauðsyn á samdrætti innflutnings. Auðvitað hefur vandinn vaxið vegna hás tilkostnaðar innanlands. Tilkostnaðurinn stafar aftur á móti einkum af launahækkunum, sem jafnóðum færðu gróða góðu áranna til almennings og tryggðu hér meiri tekjujöfnuð en annars staðar þekkist. En launahækkanirnar sköpuðu einnig meiri verðbólgu á Íslandi en í öðrum nálægum löndum. Þegar talað er um, að aflabrögð og viðskiptakjör séu nú ekki verri en á árunum 1961 og 1963, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, má það rétt vera. En það leiðir óhrekjanlega til þess, að við höfum nú ekki efni á hærri launagreiðslum en þá, enda mundi meginvandinn leystur, ef menn vilja sættast á þá viðmiðun, því að sú kjaraskerðing, sem viðurkennd er með gengislækkuninni, mun, þegar öll kurl koma til grafar, nema h. u. b. því, að lífskjörin færist aftur til þess, sem þau vori á árinu 1963, þegar þjóðartekjurnar á mann voru svipaðar og nú.

Með gengisbreytingunni vinnst hvort tveggja, að mjög hlýtur að draga úr innflutningi á innfluttum vörum og útflutningurinn fær samsvarandi örvun. Algjör misskilningur er, að unnt mundi að ná nauðsynlegri minnkun innflutnings með höftum eða innflutningsbönnum á einstökum vörutegundum. Reynsla okkar á slíkum ráðstöfunum um mannsaldursskeið sannaði, að þær megna ekki að rétta viðskiptahalla út á við, auk þess, sem þær hafa þau helzt áhrif á tekjuskiptinguna inn á við, að magna svartamarkað og spillingu. Á síðasta haftatímanum, árum vinstri stjórnarinnar, var þeim meira að segja beitt til að tryggja innflutning á óþarfa vöru til tekjuauka fyrir ríkissjóð og gjaldeyrisleyfi í því skyni látin njóta forréttar fram yfir innflutning á miklu þarfmeiri vöru fyrir almenning, þ. á m. til margs konar framkvæmda.

Hækkun á erlendu vöruverði vegna gengisbreytingarinnar dregur að sjálfsögðu úr innflutningi erlendrar vöru og skapar innlendum iðnaði miklu betri samkeppnisskilyrði en áður. Jafnframt því hlýtur hún að hindra óþörf ferðalög til útlanda. Á hinn bóginn hvetur gengisbreytingin mjög til aukins útflutnings. Auðvitað gagnar engin gengisbreyting til að bæta upp verð á afla, sem brestur að mestu eða öllu, en hún ýtir undir leit að nýjum leiðum. Hún getur orðið einkaframtaki, dug og áræði sú driffjöður, sem öllu öðru fremur þarf nú á að halda. Aftur á móti skapar hvort heldur svokölluð lækkunarleið eða uppbætur ásamt sköttunum, sem afla þarf til að greiða þær, hættu á stöðnun og bitnar sízt léttar á almenningi en gengislækkunin.

Aðalatriðið er, að það er ekki gengisbreytingin, sem skapar kjaraskerðinguna, heldur valda henni ytri aðstæður, og kjaraskerðing í svipuðum mæli varð ekki umflúin, hvaða leið, sem valin hefði verið. Að sjálfsögðu fylgja ýmsir ókostir gengislækkuninni. Tekjuflutningur til útflutningsframleiðslunnar og minnkun innflutnings er ekki sársaukalaus. Hvort tveggja bitnar mjög á verzlunarstéttinni. Algert öfugmæli er þess vegna, þegar því er haldið fram, að henni sé ívilnað með þessum ráðstöfunum. Þvert á móti reynir nú meira en nokkru sinni fyrr á þjóðhollustu hennar. Allir frjálshuga menn skyldu þó minnast þess, að þótt eðlilegt sé, að ríkisvaldið hlutist til um leiðréttingu ýmiss konar misræmis, sem af gengisbreytingunni leiðir, svo sem ráðstafanir til að létta aukinn þunga námskostnaðar erlendis, er með þessu móti hægt að bægja frá hinni lamandi hönd allsherjar ríkisafskipta, eins og hv. síðasti ræðumaður gerðist talsmaður fyrir.

Misskilningur er, að erlendar skuldir þjóðarinnar í heild vaxi við breytinguna. Þær eru þvert á móti allar í erlendum gjaldeyri, svo að þær standa í stað, en gengisbreytingin auðveldar yfirleitt greiðslur þeirra vegna meiri gjaldeyrisöflunar en ella og minni eyðslu til þess, sem unnt er að vera án. Annað mál er, að upphæð þeirra í innlendri mynt hækkar, sem breytingunni nemur, en nokkuð lýsir sér í þessu afleiðing óhjákvæmilegs fjárflutnings innanlands, og er á okkar færi að sníða þar af verstu missmíðarnar eftir því, sem efni standa til. Innlent sparifé lækkar að verðmæti. Þess vegna væri vaxtalækkun varhugaverð, auk þess, sem hún mundi koma

sjávarútveginum að hlutfallslega litlu gagni, en bitna hart á sparifjáreigendum, sem raunar hafa hlotið nokkra bót í skattfríðindum og möguleikum til kaupa á verðtryggðum sparifjárskírteinum.

Gengislækkunin kemur ekki að tilætluðu gagni, nema menn fáist til þess, meðan við erum að rétta efnahag okkar, að taka á sig þá kjaraskerðingu, sem hún ber vitni um. En hið sama á við um hverja aðra leið, sem valin hefði verið. Hlutasjómenn verða og ekki verr úti, þótt leið gengisbreytingar sé farin en hver önnur, svo sem uppbætur til útgerðarmanna langt umfram það, sem sjómenn fá í sinn hlut, eins og var á vinstristjórnarárunum og hv. þm., Lúðvík Jósefsson, setti m. a. ýtarlegar reglur um í bréfi hinn 30. desember 1957. Hér er í öllum tilfellum um að ræða tekjuflutning fyrir ákvörðun ríkisins, og ríkisvaldið hlýtur að ráðstafa honum til hinna brýnustu þarfa.

Stjórnin viðurkennir, að gera þarf sérstakar ráðstafanir til hjálpar hinum lakast settu, svo sem einstæðum gamalmennum, öryrkjum og barnmörgum fjölskyldum. Ákveðið er að hækka framlög til almannatrygginga í því skyni og mun leitað samkomulags um að verja því fé svo, að sem mest gagn verði að. Ríkisstj. leggur og áherzlu á víðtæka könnun annarra leiða til úrbóta fyrir hina lakar settu og mun efna til samninga við almannasamtökin um það og þá einkum úrræði til að tryggja atvinnu, því að nú er sú þörfin brýnust, að komið verði í veg fyrir atvinnuleysi. Ríkisstj. er raunar sökuð um aðgerðarleysi í atvinnumálum. Við, sem stjórnmálaþjarki erum vanir, kippum okkur ekki upp við ásakanir, þótt ósanngjarnar séu. En af öllu því, sem ég hef heyrt um mína daga, hygg ég þessa ásökun ósanngjarnasta og sízt á rökum reista. Hún er algert öfugmæli. Það var einungis fyrir harðfylgi ríkisstj. gegn heiftúðugri mótstöðu flestra stjórnarandstæðinga, að samþykkt var bygging álbræðslunnar og þar með tryggð Búrfellsvirkjun. Framtíðargildi þessara mannvirkja er vissulega mikið. En alveg óháð því, hafa þau undanfarin missiri fært ómetanlega björg í bú hjá þeim, sem ella hefðu átt erfitt með að afla sér vinnu. Aðgerðir ríkisstj. til að hlaupa undir bagga með fiskveiðum, fiskverkun og þá ekki sízt hraðfrystihúsunum hafa gert þennan rekstur mögulegan nú í ár. Eins er fullvíst, að úr síldveiðum hefði lítið orðið og hvalveiðum ekkert, ef atbeini ríkisstj. hefði ekki komið til. Aflinn brást að vísu, en harður hefði dómurinn orðið, ef ekki hefði verið ýtt úr vör til þessara veiða nú í sumar, eins og við blasti. Þá aflaði ríkisstj. framkvæmdaláns í Bretlandi, sem nam hátt á þriðja hundrað millj. kr. og greiddi fyrir margháttaðri atvinnuaukningu.

Lækkandi verðlag og aflabrestur gerðu fyrri ráðstafanir með öllu ófullnægjandi. En það var ekki fyrr en í haust, að slíkt ástand hafði skapazt, og þá fyrst mátti vænta verulegs skilnings á þörf róttækra aðgerða. Jafnskjótt efndi ríkisstj. til viðræðna allra stjórnmálaflokkanna um lausn vandamálanna. Árangurinn varð því miður ekki sú allsherjarsamvinna, sem vonir okkar stóðu til og þjóðarþörf krafði. En nú geta a. m. k. engir skotið sér undan ábyrgð með því, að hann hafi ekki átt kost á að kynna sér ástandið jafnvel og ríkisstj. Það er annað, sem skortir en vitneskjan um, hversu ástandið er alvarlegt. Þáltill. um vantraust á ríkisstj. sýnir, hvað stjórnarandstæðingum er efst í huga. Það er að koma núv. ríkisstj. frá. Sá tilgangur sýnist helga öll meðul. Raunar stóð ekki og stendur enn ekki á okkur um afsögn, ef tryggt væri, að önnur þingræðisstjórn væri jafnharðan mynduð. En slíkt þykir smánarboð. Stjórnin skal segja af sér, þótt fullkomið stjórnleysi og öngþveiti blasi við á miklum örðugleikatímum, þegar vegna utanaðkomandi ástæðna hefur orðið mestur afturkippur í íslenzku efnahagslífi á þessari öld. Hv. stjórnarandstæðingar þykjast sýna sérstaka hófsemi, þegar þeir segja meirihlutaflokkana mega vera með, ef þeir vilja breyta alveg um stefnu frá því, sem þjóðin sjálf hefur nú kveðið á um í þremur alþingiskosningum í röð. Ekki var látið sitja við kröfur, að upp skyldu tekin höft og hömlur, þó að sízt þurfi nú að draga úr framkvæmdum, heldur örva, og hv. síðasti ræðumaður ítrekaði mjög þessar kröfur um ríkisafskipti, höft og hömlur. Við hlutum einnig magnað ámæli fyrir að leitast við að fá hraðað framkvæmd fyrirhugaðrar stækkunar álbræðslunnar, einmitt til að bæta úr atvinnuástandi, svo og til að taka með eðlilegum hætti þátt í starfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samstarf við hann er þó forsenda þess, að við getum með minni sársauka en ella brotizt fram úr erfiðleikunum, alveg eins og gjaldeyrisvarasjóðurinn hjálpaði okkur, meðan hann entist til þess að forða frá enn örari lífskjaraskerðingu en ella. Traustið, sem söfnun hans og ráðstöfun ávann okkur, gerir það að verkum, að við eigum nú kost á nauðsynlegri aðstoð til að forðast verstu skakkaföllin, ef við sjálfir óskum og sýnum svo í verki. En það var sagt ganga landráðum næst, að embættismennirnir, sem að þessum málum eiga að vinna, sæktu aðalfund þessarar stofnunar. Og nú í síðustu viku urðu ákafar deilur um það hér á Alþ., hvort við ættum að senda umsókn um aðild að Fríverzlunarsamtökunum, EFTA. Flestir andstæðingarnir sögðust þó eiginlega ekki vera á móti þessari umsókn. Minnir það raunar mjög á afstöðu þeirra til gengislækkunarinnar, sem þeir hafa a. m. k. ekki fyrr en í kvöld lýst sig andvíga, og hv. síðasti ræðumaður tvísté enn í afstöðu sinni til hennar, þótt hann reyndi að magna ókosti hennar og láta svo sem minni háttar aðgerðir hefðu dregið úr þörf hennar. Svipað er um EFTA. Þeir þykjast vilja kanna málið og viðurkenna, að aðild hafi marga kosti og muni að lokum reynast óhjákvæmileg með einum eða öðrum hætti. En og en. Öllu á að fresta. Aldrei má segja hreint til um, hvað gera skal. Borið er fyrir, að óheppilegur tími sé til að taka málið upp, þegar við öllum blasir, að erfiðleikar okkar nú eru alveg sérstaklega til þess lagaðir að vekja með okkur samhug og vilja til að veita okkur atbeina til að sigrast á örðugleikum, sem allir skynbærir,

hlutlausir menn viðurkenna, að við eigum enga sök á. Þetta lýsir sér m. a. í samþykkt þingmannafundar Atlantshafsbandalagsins, sem einmitt beinist að framtíðarlausn þeirra vandamála, sem hér er um rætt.

Enginn efi er á því, að ef vel tekst til, getur aðild Íslands að EFTA orðið til að skapa hér ótalda möguleika til aukinnar atvinnu, og á það jafnt við um okkar gömlu atvinnuvegi og aðra nýja. Í bili er gengisbreytingin aftur á móti langlíklegasta og raunar eina færa leiðin til að örva atvinnulífið. Hv. andstæðingar hafa aldrei fengizt til að segja, hvort þeir vildu fara þá leið eða ekki. Þeir báðust berum orðum undan að fá nokkrar till. um ákveðna gengisbreytingu frá sérfræðingunum, en án slíkra till. var auðvitað allur samanburður við aðrar leiðir þýðingarlaus. Þó kvartaði hv. þm., Ólafur Jóhannesson, undan því, að samanburðurinn skyldi ekki gerður. Sannleikurinn er sá, að hv. andstæðingar vildu aldrei láta uppi hug sinn til gengisbreytingarinnar, en án slíkrar hreinskilni var auðvitað samstarf óhugsanlegt. Ríkisstj. valdi gengisbreytinguna, af því að stjórnin setur atvinnu og aukna framleiðslu öllu öðru ofar.

Í upphafi máls síns minntist ég á efasemdir sumra um það, hvort Ísland gæti haldið sjálfstæði sínu. Því miður getum við gloprað því niður. Svo hefur farið fyrir margfalt stærri og öflugri þjóðum en okkur. En sízt af öllu þurfum við að fara svo að. Auðvitað verðum við að skilja, að úr því að margfalt mannfleiri þjóðir telja sig þurfa á samvinnu við aðrar að halda, þurfum við hennar því fremur við. En þótt slík samvinna takist, megum við Íslendingar aldrei glata sjálfstæði okkar, aldrei láta okkur til hugar koma að leysa vandræði okkar með því að gerast hluti annarrar stærri ríkisheildar. En við skulum gæta þess, að að slepptum varnarmálunum, sem okkur hefur tekizt að leysa á okkur einkar hagfelldan hátt, þarf hver Íslendingur í miklu ríkara mæli en einstaklingar annarra þjóða að leggja sig fram til að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar og bæta hennar hag. Vegna fámennis þjóðarinnar, en stærðar landsins og aðstöðu allrar, má Ísland af engum dugmiklum manni missa. Í því felst einmitt ævintýrið að vera Íslendingur, sú mikla gjöf, sem okkur er gefin, og hlýtur að hvetja okkur til að leggja okkur alla fram.

Að þessu sinni skiptir mestu, að allir leggist á eitt um að bægja frá víðtæku atvinnuleysi í bráð og tryggja öruggan velfarnað til frambúðar með því að koma hér upp fjölbreyttari atvinnuvegum og hagnýta öll gæði landsins þess eigin börnum til aukinnar hagsældar. Þetta kann að verða örðugt, en það er verðugt verkefni fyrir alla þjóðholla Íslendinga og þá einkum hina þróttmiklu æskumenn, sem nú hafa framtíð Íslands í hendi sér.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er ekki að undra, þó að alþýða manna víða um land spyrji gersamlega forviða, hver ósköp séu eiginlega að gerast í efnahagsmálum, eftir þær stórkostlegu fréttir, sem borizt hafa síðustu daga frá stjórnarvöldum landsins um nýjar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Fyrir tæpu ári var verð á erlendum gjaldeyri flestra þjóða hækkað gagnvart íslenzkri krónu um 32.6%, og nú er aftur tilkynnt hækkun hins erlenda gjaldeyris, sem nemur 54.4%. Þetta þýðir í reynd, að verðgildi t. d. norskrar krónu, þýzka marksins, sænskrar krónu og Bandaríkjadollars, svo að dæmi séu tekin, hefur hækkað á einu ári um rúmlega 100% gagnvart íslenzkri krónu. Í viðskiptalífinu merkir þetta, að fiskibátur, sem samið var um smíði á í Noregi fyrir ári síðan og þá kostaði 20 millj. kr., kostar nú 40 millj. Sams konar vél og keypt var í Bandaríkjunum fyrir ári síðan á 100 þús. kr. kostar nú 200 þús. kr. eða með öðrum orðum, vörur, sem keyptar eru frá þessum viðskiptalöndum okkar, kosta nú helmingi meira í íslenzkum peningum en þær kostuðu fyrir tæpu ári síðan. Það er ekki að undra, þó að fólk standi agndofa frammi fyrir slíkum stórkostlegum verðbreytingum með aðeins árs millibili. Það standa líka margir undrandi í dag og vita varla, hvernig við skuli bregða. Jafnvel stjórnmálaskrifarar Morgunblaðsins komast í vanda að skýra þessi ósköp. Einn þeirra skrifar t. d. í Morgunblaðið s. l. sunnudag þetta:

„Atburðir síðustu tveggja ára vekja upp tvær spurningar. Önnur er sú, hvort Ísland sé nægilega stór efnahagsleg eining til þess að vera fjárhagslega sjálfstætt. Hin, hvort við kunnum að stjórna efnahagsmálum okkar."

Já, fyrst dettur sem sagt þessum áróðursmanni ríkisstj. það í hug, að e. t. v. séu öll þessi vandræði landinu sjálfu að kenna, að Ísland sé raunverulega of lítil eining til þess að geta verið fjárhagslega sjálfstætt land. Þetta kemur þeim auðvitað í hug, sem trúað hafa á stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, sem haldið hafa því fram, að allt, sem hún hefur gert í efnahagsmálum að undanförnu, væri rétt. En þessi Morgunblaðsskrifari er augljóslega farinn að efast um réttmæti stefnunnar, því að önnur spurning hans er, hvort við höfum raunverulega kunnað að stjórna efnahagsmálum okkar. Já, bragð er að, þá barnið finnur, stendur einhvers staðar. Skyldu þeir ekki fara að verða fleiri stuðningsmenn ríkisstj., sem nú fara að efast um réttmæti stefnunnar í efnahags- og atvinnumálum. Ríkisstj. situr þó við sinn keip og neitar enn öllum breytingum á stefnunni. Hún og efnahagsráðunautar hennar telja allt í lagi utan það eitt, að kaupmáttur launa almennings sé of mikill og hann verði því að skerða um a. m. k. 20%. Verði það gert, telja þeir, að allt muni lagast, gjaldeyrismálin komast í jafnvægi og atvinnuvegirnir hressast við. Afsakanir ríkisstj. á því, hvernig komið er fyrir atvinnuvegum landsins, eru eingöngu þær, að fiskafli sé nú minni en áður og verð á erlendum mörkuðum okkar óhagstæðara en áður var. Víst hefur fiskafli orðið minni en áður og verð á sumum útflutningsvörum lækkað, og víst er það rétt, að af þessum ástæðum hafa gjaldeyristekjur orðið minni en áður, svo að verulegri

upphæð nemur. En að skýra það ástand, sem nú er komið upp í okkar atvinnu- og fjárhagsmálum með ytri áföllum einum saman, er hin versta kórvilla. Minni fiskafli og lægra fiskverð hefur þegar bitnað sárt á sjómönnum, sem nú hafa helmingi lægra kaup í mörgum tilfellum en þeir höfðu áður, og afleiðingarnar af þeim áföllum hafa þegar skollið á því verkafólki, sem við fiskaflann vinnur og reyndar á nær öllu vinnandi fólki í sjávarplássum landsins, þar sem atvinna hefur stórlega minnkað frá því, sem áður var. Áföllin hafa því þegar dunið á þessu fólki. Það þurfti því sannarlega ekki að gera nokkrar efnahagsráðstafanir í formi gengislækkunar og aukinnar dýrtíðar til þess að skerða enn frekar en orðið er lífskjör sjómanna og verkafólks.

Tap gjaldeyristekna, sem nemur 1500—2000 millj. kr. vegna ytri áfalla, er vissulega þungt fyrir þjóðarbúið. En þeim áföllum hefði verið hægt að mæta án verulegra vandræða, ef skynsamlega hefði verið á málum haldið og stefna undanfarandi ára í atvinnu- og efnahagsmálum verið með eðlilegum hætti. Hefðu stjórnarvöld landsins farið eftir till. okkar Alþb.-manna og hugsað um endurnýjun og uppbyggingu togaraútgerðarinnar í landinu í stað þess að láta hana grotna niður, hefðum við á þessu ári haft t. d. í rekstri 20 nýtízku togara og haldið þannig hlut okkar á við aðrar togaraútgerðarþjóðir. Þá hefði sá floti lagt okkur 500—700 millj. kr. í gjaldeyri í ár umfram það, sem við öflum nú. Hefði ríkisstj. á sama hátt séð um, að hinir minni fiskibátar landsmanna, þeir, sem aðallega afla hráefnis fyrir fiskvinnslustöðvar, væru reknir með eðlilegum hætti, þ. e. a. s. væru ekki bundir við bryggjur vegna fjárhagsvandræða mánuðum saman eða reknir með aðeins hálfum afköstum vegna lélegs rekstrargrundvallar og hefði ríkisstj. séð um á undanförnum árum, að þessi hluti fiskibátaflotans væri endurnýjaður eftir þörfum, hefði gjaldeyrisöflun vegna rekstrar slíkra báta ábyggilega numið 500—600 millj. kr. hærri upphæð en nú verður. Hefði ríkisstj. beitt sér fyrir aukinni fullvinnslu á fiski, fyrir því, að komið væri upp niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjum og unnið að því að afla markaða fyrir slíka framleiðslu, þá hefði verið auðvelt að afla á þann hátt 500—600 millj. kr. meiri gjaldeyris en nú hefur verið gert eða verður gert á þessu ári fyrir slíkar vörur. Og hefði ríkisstj. fylgt þeirri stefnu í efnahagsmálum að efla innlendan iðnað og hlutast til um, að þau iðnfyrirtæki, sem landsmenn höfðu þegar komið sér upp, væru rekin með fullum afköstum í stað hálfra afkasta, eins og nú hefur verið í mörgum greinum, þá hefði ábyggilega mátt spara gjaldeyri á þann hátt, sem numið hefði 500—600 millj. kr. á þessu ári. Hefði ríkisstj. t. d. farið að till. okkar Alþb.-manna og beitt sér fyrir því, að innlendar skipasmíðastöðvar tækju að sér smíði á öllum okkar fiskiskipum, en kaup okkar á þeim erlendis frá hafa numið 300—400 millj. kr. á ári, hefði mátt spara gjaldeyri þannig, sem næmi 200 millj. kr. á ári. Hefði hér ráðið önnur stjórnarstefna, hefði mátt koma í veg fyrir óþarfa fjárfestingu og óþarfa gjaldeyriseyðslu, sem numið hefur 100 millj. kr. á hverju ári, og gjaldeyristekjurnar hefðu einnig getað verið miklum mun meiri en þær hafa verið eða verða nú á þessu ári. Þeir erfiðleikar, sem nú er við að fást í efnahagsmálum, stafa því ekki nema að nokkru leyti af ytri áföllum. Röng stjórnarstefna veldur hér ennþá meiri örðugleikum og kemur í veg fyrir, að hægt sé að takast á við vandann á þann eina hátt, sem að gagni mætti koma.

Það er háttur ríkisstj. að halda því fast að fólki, að engar aðrar leiðir hafi verið fyrir hendi út úr þeim efnahagsvanda, sem við var að glíma, en mikil gengislækkun eða miklar nýjar álögur. Og jafnframt er svo þrástagazt á því, að stjórnarandstaðan hafi engar till. haft og af því megi menn sjá, að óhugsandi hafi verið að komast hjá almennri kjaraskerðingu, einnig hjá hinum tekjulægstu. Þessar staðhæfingar ríkisstj. eru alrangar. Við Alþb.-menn höfum gert ýtarlega grein fyrir till. okkar, og þær miða að því að leysa vanda efnahagsmálanna án þess að rýra hefði þurft launakjör almennings í landinu. Ég skal víkja hér með nokkrum orðum að þessum till. okkar:

Við bendum m. a. á eftirtaldar ráðstafanir, sem miða að því að leysa aðsteðjandi rekstrarvandamál atvinnuveganna, og þá einkum útflutningsatvinnuveganna. Fyrst af öllu verði unnið að því að lækka margvísleg útgjöld atvinnuveganna og að færa niður rekstrarútgjöldin eftir því, sem fært er. Í þeim efnum nefnum við í fyrsta lagi lækkun vaxta, yfirleitt um 2—3%, en þó meira í ýmsum greinum útflutningsframleiðslu. Í öðru lagi, að stofnlán verði lengd í það, sem þau voru fyrir viðreisn, og stutt og óhagkvæm lán verði lengd og gerð hagkvæmari. Í þriðja lagi, að útflutningsgjöld verði felld niður að mestu leyti og um leið tekið upp nýtt vátryggingarkerfi fiskiskipa í stað þess óhæfa og kostnaðarsama kerfis, sem nú er. Í fjórða lagi, að olíuverð verði lækkað, m. a. með ríkisverzlun með olíuvörur. Í fimmta lagi, að tekin verði upp sameiginleg innkaup á veiðarfærum og þýðingarmiklum nauðsynjavörum útflutningsframleiðslunnar með forgöngu ríkisins. Í sjötta lagi, að felldur verði niður söluskattur á ýmsum nauðsynjavörum útflutningsatvinnuveganna og jafnframt létt af margs konar öðrum gjöldum, sem lögð hafa verið á framleiðsluna hin síðari ár. Væru þessar till. okkar framkvæmdar undanbragðalaust, mætti örugglega létta útgjöldum t. d. af sjávarútveginum, sem næmi 3—400 millj. kr. á ári.

Þá leggjum við áherzlu á, að skuldamál atvinnuveganna verði tekin til rækilegrar athugunar og þannig gengið frá málum, að óeðlilegar skuldir, sem hrúgazt hafa upp í fjármálaóreiðu síðustu ára, geti ekki stöðvað nauðsynlegan rekstur atvinnutækjanna.

Í till. okkar Alþb.-manna gerum við ráð fyrir, að nauðsynlegt verði að styrkja útflutningsatvinnuvegina meir en því nemur, að rekstrarútgjöldin væru færð niður á þann hátt, sem ég hef greint frá.

Við teljum, að auðvelt sé að afla fjár, sem næmi 1000 millj. kr. til slíkrar aðstoðar, án þess að nýir skattar yrðu lagðir á almenning eða vöruverð þyrfti almennt að hækka frá því, sem nú er. Í þeim efnum bendum við m. a. á eftirfarandi leiðir:

Í fyrsta lagi, að sparað verði í rekstri ríkisins á næsta ári, sem nemi 5% frá útgjöldum yfirstandandi árs. Slíkur sparnaður mundi nema um 300 millj. kr. Í annan stað teljum við, að aukið skattaeftirlit og sérstaklega nýtt eftirlitskerfi með innheimtu söluskatts gæti gefið á ári um 200 millj. kr. umfram það, sem nú er. Í þriðja lagi teljum við réttmætt að leggja á sérstakan fasteignaskatt á fasteignir ýmissa gróðaaðila, skatt, sem lagður yrði á í eitt ár eða tvö. Hér væri um að ræða fasteignir eftirtaldra aðila m. a.: Fasteignir bankanna, vátryggingafélaga, skipafélaga, flugfélaga, verzlunarfyrirtækja, skatt á hótelbyggingar, skrifstofubyggingar o. fl. slíkar fasteignir. Við Alþb.-menn teljum sjálfsagt, að eigendur þessara fasteigna, sem tvímælalaust hafa hagnazt mikið á verðsveiflum síðustu ára, leggi nú fram nokkurt framlag til að leysa vandamál útflutningsatvinnuveganna, t. d. skatt, sem næmi 100 millj. kr. í 1—2 ár.

Þá bendum við á, að til mála kæmi að breyta 20% innflutningsgjaldinu, sem lagt var á í haust og þegar er komið út í verðlagið í flestum greinum — að breyta því þannig, að það verði afnumið á nauðsynjavörum og rekstrarvörum atvinnuveganna, en verði látið hvíla áfram á lúxusvörum og ýmsum öðrum varningi. Við ætlum, að skatturinn gæti gefið þannig um 400 millj. kr. á næsta ári. Á þennan hátt væri hægt að afla 1000 millj. kr. án þess að hækka vöruverð frá því, sem nú er og án þess að leggja nýjar byrðar á launafólk. Með framkvæmd á þessum till. okkar væri hægt að veita atvinnuvegunum meiri raunhæfan stuðning en samkv. gengislækkunartill. ríkisstj.

Jafnframt þessum ráðstöfunum, sem við gerum till. um, leggjum við svo til, að breytt verði um stefnu í efnahagsmálum í grundvallaratriðum. Við leggjum til, að tekin verði upp stjórn á fjárfestingarmálum og þannig reynt að tryggja sem skynsamlegasta notkun á fjármagni þjóðarinnar. Við leggjum til, að komið verði í veg fyrir sóun á gjaldeyri með skipulegri stjórn gjaldeyrismála. Og við teljum óhjákvæmilegt að taka til rækilegrar endurskoðunar allt verðlag í landinu með það fyrir augum að lækka verðlagið alls staðar, þar sem það er hægt. Og við teljum nauðsynlegt að breyta um stefnu í skattheimtumálum, m. a. með því, að lækka tolla og söluskatt á nauðsynjavörum, draga úr nefsköttum tryggingana, en auka að sama skapi skatta á stóreignir, gróða og eyðslu. Í till. okkar leggjum við áherzlu á, að jafnhliða ráðstöfunum til þess að ráða fram úr rekstrarvandamálum atvinnuveganna, verði einnig að ákveða nú þegar framkvæmdir, sem miða að aukinni atvinnu og uppbyggingu atvinnulífsins. Við leggjum því til, að þegar í stað verði ákveðið að semja við innlendar skipasmíðastöðvar til fjögurra ára um endurnýjun fiskibátaflotans. Við leggjum einnig til, að tekin verði ákvörðun um kaup á 10—12 skuttogurum. Og við leggjum til, að ríkið hefjist þegar handa um að koma upp aukinni fullvinnslu á sjávarafla og ýmsum nýjum útflutningsgreinum. Við leggjum einnig til, að þegar í stað verði stöðvaður innflutningur á vörum, sem hægt er með góðu móti að framleiða innanlands og að unnið verði jafnframt að því að koma á nýjum iðnfyrirtækjum í landinu.

Ég hef hér drepið á nokkur atriði úr till. okkar. Þær eru byggðar á gjörsamlega öðru viðhorfi til þess vandamáls, sem hér er við að glíma, en till. ríkisstj. Till. ríkisstj. eru miðaðar við það að leysa vandann einhliða á kostnað launafólks í landinu. Samkv. þeim eiga allar byrðarnar að leggjast á herðar vinnandi fólks. Laun verkamannsins, sem nú hefur 10 þús. kr. á mánuði fyrir fulla atvinnu, eiga að lækka að verðgildi um 20% og laun sjómannsins, sem búið hefur við lágmarkskauptryggingu, eiga einnig að lækka í sama hlutfalli, og þannig eiga öll laun að lækka.

Í till. ríkisstj. er gert ráð fyrir sérstaklega harkalegum ráðstöfunum gagnvart sjómönnum. Þó að allir viti, að kaup sjómanna hefur lækkað meira en kaup annarra vinnandi manna vegna minni fiskafla og lægra verðlags og sérstaklega á þessu ári, þar sem síldveiðar hafa brugðizt jafnhrapallega og raun er á, leggur ríkisstj. samt til, að aflahlutur þeirra verði með lögum lækkaður til muna frá því, sem verið hefur í kjarasamningum. Samkv. till. ríkisstj. á nú að lögbinda, að 10% af fiskverðinu og þar með einnig síldarverði verði tekið af óskiptu, en varið til greiðslu á afborgunum og vöxtum af stofnlánum útgerðarinnar. Síðan á að taka 17% til viðbótar af fiskverðinu, einnig áður en hlutaskipti fara fram, og greiða upp í aukinn rekstrarkostnað útgerðarinnar. Þannig á að taka 27% af fiskverðinu af óskiptu og raska þannig stórlega þeim gömlu og heðbundnu hlutaskiptakjörum, sem sjómenn hafa samið um. Hæstv. forsrh. var að reyna að afsaka þessar gerðir með því að vitna í ráðstafanir vinstri stjórnarinnar, en vinstri stjórnin gerði ekkert varðandi hlutakjör sjómanna annað en að semja við fulltrúa sjálfa um meiri hækkun sjómönnum til handa, heldur en aðrar stéttir fengu á þeim tíma. Hér er um ótrúlega ruddalega árás á sjómannastéttina að ræða, árás, sem telja má víst, að sjómenn uni ekki, heldur hrindi af sér strax um næstu áramót. Margir sjómenn hafa á þessu ári legið mánuðum saman norður við Svalbarða í von um að fá þar síldarafla. Síðan hafa þeir verið langtímum út í Norðursjó eða langt út af Austurlandi við síldveiðar. Sömu menn hafa í mörgum tilfellum verið vikum og mánuðum saman fjarri heimilum sínum á vetrarvertíð. Aflahlutur þeirra hefur þó orðið sáralítill og kjör þeirra lakari en þeir hefðu verið í landi, a. m. k. í mjög mörgum tilfellum. Á þessa menn telur ríkisstj., að leggja þurfi sérstakar aukabyrðar, umfram það, sem lagt verður á aðra. Aflahlut þeirra á að lækka með lögum, og auk þess eiga þeir svo að taka á sig 20—30% dýrtíðaraukningu.

Viðhorf ríkisstj. til millilíða og stóreignaaðila er hins vegar annað. Samkvæmt gengislækkunarl. á að tryggja verzluninni hærri álagningu í krónum en áður gilti. Hún fær rétt til þess að lækka á 30% þeirrar verðhækkunar, sem verður af gengislækkuninni, og þó má hún leggja á alla verðhækkunina í vissum tilfellum, og er þar einkum um að ræða brýnustu nauðsynjavörur. Jón Sigurðsson, formaður sjómannasambandsins og einn af forustumönnum Alþfl. sagði nýlega í ræðu, að með gengisfellingarl. væri hagur verzlunarinnar stórbættur frá því, sem verið hefði. Hann taldi, að verðhækkun á sykri og mjölvörum yrði um 50%. Jón mótmælti árásinni á sjómenn og launafólk og skoraði á allt alþýðufólk að sýna í verki, að landinu yrði ekki stjórnað í andstöðu við samtök launafólks. Í till. ríkisstj. örlar hvergi á því, að aðrir eigi að taka á sig byrðar en launafólk. Í þeim er hvergi að finna ákvæði um það, að skerða eigi hlut bankanna, að skerða eigi hlut vátryggingafélaga, skipafélaga, heildverzlunarfyrirtækja eða stóreignaaðila, eða yfirleitt millilíða. Á slíka aðila hugsar ríkisstj. sér ekki að leggja neinar álögur. Og ríkissjóður sjálfur, sem aukið hefur tekjur sínar um 500—700 millj. króna á ári í mörg undanfarin ár og aukið hefur eyðslu og margvísleg vafasöm útgjöld stórkostlega, þar á heldur ekki að spara um einn eyri, heldur þvert á móti. Útgjöld ríkissjóðs eiga að hækka um nokkur hundruð millj. kr. á næsta ári. Alþýðuheimilin í landinu eiga að færa niður útgjöld sín um 20%, en ríkisstj. sjálf ætlar ekki að færa niður útgjöldin á ríkisheimilinu um einn einasta eyri. Það er ekki að undra, að margir séu orðnir gáttaðir á háttalagi ríkisstj. og stefnu hennar í atvinnu- og fjárhagsmálum. Fjórar gengislækkanir á 8 árum, nú síðast tvær gengislækkanir á tæpu ári, og skuldir þjóðarinnar við útlönd komnar upp í 12.5 milljarða og það eftir einstakt góðæristímabil. Atvinnuvegir þjóðarinnar eru illa á sig komnir og einstakir þættir þeirra beinlínis að grotna niður. Togaraútgerðin hefur minnkað um meir en helming, og framleiðsla frystiiðnaðarins hefur dregizt saman um þriðjung á 10 árum. Kaupmáttur launa hefur farið minnkandi, og atvinnuleysi er þegar skollið á víða um land. Stefna ríkisstj. í atvinnu- og fjárhagsmálum hefur gjörsamlega orðið gjaldþrota. En samt stritast stjórnin við að sitja. Samt heldur hún fast í þá stefnu, að duttlungar og gróðasjónarmið skuli ráða í fjárfestingamálum. Samt heldur hún fast í þá stefnu að leyfa hverjum og einum, sem peninga hefur, að ráðskast með gjaldeyrissjóðinn. Og samt heldur hún áfram þeirri ógæfustefnu að efna til stórátaka, svo að segja árlega, við allt launafólk í landinu um kjaramál og neita því um réttmæta verðtryggingu launa.

Fyrir nokkrum dögum skrifaði landskunnur bókaútgefandi, Ragnar Jónsson, grein í Morgunblaðið og vék þar að landsmálum. Ragnar hefur talið sig stuðningsmann ríkisstj., eins og kunnugt er. Í grein þessari segir Ragnar m. a.:

„Nauðsynlegt er að gera sér ljóst, að hið auma ástand þjóðarbúskapar okkar nú er því miður ekki einvörðungu afleiðing hinna hrottalegu verðlækkana á útflutningsafurðum okkar, þó að það eitt nægi til að skapa hér gífurlega erfiðleika að glíma við. En það eru líka sjálfskaparvíti, og þau eru verst, en vonandi ekki óyfirstíganleg. Við höfum ekki á undanförnum góðærum kunnað okkur neitt hóf, og þeirri skuld skulum við ekki reyna að skella á aðra en okkur sjálf.“ Og Ragnar segir ennfremur: „Við höfum látið ginnast af raupi um óraunhæft verzlunarfrelsi. Frelsi, sem háþróaðar iðnaðarþjóðir leyfa sér tæplega.“

Þeir eru sennilega orðnir margir, sem áður studdu ríkisstj., en gera það ekki lengur, sem hafa séð, að þeir höfðu látið ginnast af óraunhæfu raupi.

Við eigum við mikinn vanda að glíma, eins og komið er í okkar efnahagsmálum, en því fer fjarri, að rétt sé að kenna landinu um þennan vanda. Því fer fjarri, að ástæðurnar séu þær, að Ísland sé of lítil efnahagseining til þess að geta verið sjálfstætt land, en eigi að tryggja efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, þarf að breyta um stefnu í atvinnu- og fjárhagsmálum og það fyrr en síðar. Óraunhæft raup um verzlunarfrelsi, fjárfestingarfrelsi og álagningarfrelsi verður að víkja fyrir skynsamlegu mati, fyrirhyggju og raunhæfum aðgerðum og áætlunarbúskap, en til þess þarf að taka upp nýja stefnu, ný vinnubrögð, og af þeim ástæðum þarf núv. ríkisstj. að fara frá og það sem allra fyrst.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Síðustu daga hefur verið mikið rætt um skyldur ríkisstj. og stjórnarflokkanna og ábyrgð þá, sem á þessum aðilum hvíli. Það er hverju orði sannara, að mikil ábyrgð hvílir á ríkisstj. og stjórnarflokkum í lýðræðisríki. Þeir, sem ábyrgð bera á stjórn lands, hafa ríkri skyldu að gegna, skyldu til þess að gera rétt, skyldu til þess að þora að gera það, sem þeir telja þjóðarhag krefjast. Skyldu til þess að hika ekki á örlagastund og horfa þá ekki á það, sem líklegast kann að vera til vinsælda í bráð, heldur gera það, sem þeir trúa, að sé til farsældar, þegar til lengdar lætur. Og ekki skal ég draga úr því, hversu mikil ábyrgð hvílir á þeim, sem stjórna lítilli þjóð, sem lent hefur í mestu erfiðleikum í áratugasögu sinni, næstum ótrúlegum erfiðleikum. Ég skal ekki draga úr því, hver skylda hvílir á stjórnendum slíkrar þjóðar, til þess að leita þeirra leiða, sem líklegastar séu til farsælla úrbóta, þeirrar leiðar, sem leiðir til minnstra búsifja fyrir allan almenning. En þessa daga heyrist lítið um það talað, að á stjórnarandstöðunni hvíli einhver ábyrgð, að stjórnarandstaðan hafi einhverjar skyldur. Öll vitum við þó, að í lýðræðisríki er jafneðlilegt og sjálfsagt að hafa stjórnarandstöðu og stjórn, en sé stjórnarandstaða einn af hornsteinum lýðræðisskipulags, eins og löglega kjörin ríkisstj., hefur hún þá ekki einnig skyldur, hvílir þá ekki einnig ábyrgð á hennar herðum?

Ég ætla í þessum orðum mínum fyrst og fremst að ræða, hvernig stjórnarandstaða Framsfl. og Al-

þb. hefur gegnt lýðræðislegum skyldum sínum, hvernig hún hefur rækt lýðræðislega ábyrgð sína. Ég mun leiða rök að því, að stjórnarandstaðan hafi brugðizt lýðræðislegri skyldu sinni og ábyrgð, og af þessum sökum sé það hún, en ekki ríkisstj., sem eigi vantraust skilið.

Íslenzk þjóð á nú við stórkostlega erfiðleika að etja. Þessir erfiðleikar eru svo gífurlegir, að þeir hljóta að snerta hvern einasta mann í landinu. Engu að síður endurtekur stjórnarandstaðan í sífellu þrjár staðhæfingar. Í fyrsta lagi, að afli og verðlag erlendis er þrátt fyrir allt ekki verra en hefur verið að meðaltali s. l. áratug og t. d. ekki verra en það var 1962. Í öðru lagi, að ríkisstj. hafi beðið allt of lengi með ráðstafanir sínar. Og í þriðja lagi, að ríkisstj. grípi nú til gengislækkunar.

Um þessi þrjú atriði skal ég segja þetta: Það er í hæsta máta óheiðarlegur málflutningur að reyna að gera minna úr efnahagsörðugleikunum en efni standa til með því að bera saman afla og verðlag á einhverju fyrra ári eða fyrri árum án þess að bera einnig saman framleiðslukostnað og laun nú í ár og á þessu fyrra ári eða árum. Ef framleiðslukostnaður og laun væru ekki hærri en meðaltal s. l. áratugs eða ársins 1962, þá væri hér ekki um neina efnahagsörðugleika að ræða. Það er einmitt vegna þess, að við búum nú við framleiðslukostnað og laun góðæranna, sem útflutningsframleiðsla hefur stórtapað á s. l. tveim aflabrests- og verðfallsárum. Þetta skilja allir, sem vilja skilja. Samt leyfir stjórnarandstaðan sér að hamra á þessu sí og æ og endurtaka það með þeim mun sterkari rómi, sem því er andmælt rækilegar. Þetta kalla ég að bregðast lýðræðislegri skyldu. Þetta er ekki ábyrgur málflutningur. Leiðtogar stjórnarandstöðunnar eru áreiðanlega greindari menn en svo, að þeir geri sér þetta ekki ljóst, en þeir eru hvorki nógu heiðarlegir né nógu kjarkmiklir til þess að þora að játa sannleikann. Fyrir þennan málflutning eiga þeir vantraust skilið.

Þá kem ég að öðru atriðinu, að ríkisstj. hafi beðið of lengi með ráðstafanir sínar. Í þessu sambandi er fyrst rétt að vekja athygli á því, að stjórnarandstaðan gerir hvort tveggja, þ. e. hún segir, að ráðstafanirnar komi of seint og telur þær of þungbærar. Skyldi stjórnarandstaðan hafa talið ráðstafanirnar léttbærari, ef þær hefðu komið fyrr? Sannleikurinn er sá, að veigamikil rök eru fyrir því, að ekki var gripið til endanlegra ráðstafana gegn vandanum fyrr en nú. Erfiðleikarnir hófust sumarið 1966. Þá féll verð á útflutningsafurðum, þorskafli minnkaði nokkuð, en síldveiðar voru meiri en nokkru sinni fyrr. Útflytjendur vonuðu, að verðlag myndi bráðlega hækka á nýjan leik og engin ástæða virtist til þess að ætla annað en aflabrögð gætu orðið með eðlilegum hætti á árunum '67 og '68. Þess vegna var ákveðið að nota gjaldeyrisvarasjóðinn til þess að koma þjóðarbúskapnum yfir erfiðleika, sem taldir voru bráðabirgðaerfiðleikar. Jafnframt var þessi viðleitni studd með verðstöðvuninni haustið 1966. En erfiðleikarnir héldu áfram að aukast á árinu 1967. Voru þá fyrst auknar styrkveitingar til þeirra greina sjávarútvegsins, sem mest áttu í vök að verjast. Síðan voru niðurgreiðslur lækkaðar í október í fyrra og gengið síðan lækkað í nóvember, þegar sýnt var, að síldveiðar höfðu brugðizt og verðfall hélzt áfram. Þrátt fyrir lækkun niðurgreiðslna og gengis í fyrra héldust lífskjör almennings á því ári, sem næst óbreytt, þótt sjómenn yrðu fyrir miklu tekjutapi og atvinna drægist nokkuð saman hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum. Það var fyrst og fremst notkun gjaldeyrisforðans, sem gerði það kleift, að lífskjör almennings héldust nokkurn veginn óbreytt. Er það þetta, sem stjórnarandstaðan er óánægð með? Vildi hún endilega fá kjaraskerðinguna strax í fyrra? Gengislækkunin í fyrra var við það miðuð, að bæði afli og verðlag erlendis hefðu þá náð lágmarki og mundi ástandið batna á þessu ári. Vonir voru taldar standa til, að greiðslujöfnuður mundi lagast og draga úr minnkun gjaldeyrisforðans. Allar þessar vonir hafa því miður brugðizt. Síldveiðarnar hafa í ár brugðizt enn hrapallegar en í fyrra. Verðlagið í ár er enn lægra en í fyrra og gjaldeyrisvarasjóðurinn er þrotinn. Þess vegna er kjaraskerðingin nú orðin óumflýjanleg. Hún er orðin staðreynd. Þá varð að grípa til endanlegra ráðstafana.

Ef það er í raun og veru skoðun stjórnarandstöðunnar, að stjórnin hafi beðið of lengi með ráðstafanir sínar, getur það ekki þýtt annað en hún hafi viljað halda í gjaldeyrisvarasjóðinn, en láta kjaraskerðinguna koma þeim mun fyrr. Þetta hefði auðvitað verið hægt, en stjórnarandstöðuna skortir bæði heiðarleik og kjark til þess að játa, hvað þessi gagnrýni hennar í raun og veru þýðir, ef hún er krufin til mergjar. Stefna ríkisstj. hefur verið sú að fresta því, að kjaraskerðingin bitni með fullum þunga á almenningi, þangað til öll von væri úti, að verðfallið og aflabresturinn væri stundarfyrirbæri. Stjórnarandstaðan gagnrýnir stjórnina fyrir að hafa ekki hafizt handa fyrr, þ. e. a. s. fyrir að hafa frestað kjaraskerðingunni, samtímis því, sem hún gagnrýnir kjaraskerðinguna nú. Þetta er ekki að gegna skyldu sinni í lýðræðislegum umr. Þetta er ekki að sýna ábyrgðartilfinningu í málflutningi. Þetta er ekki aðeins að sýna litla virðingu fyrir sannleikanum, heldur einnig fyrir dómgreind almennings. Fyrir þennan málflutning á stjórnarandstaðan einnig vantraust skilið.

Þá kem ég að þriðja og síðasta atriðinu í gagnrýni stjórnarandstöðunnar, því, að gengislækkunarleiðin hafi verið valin út úr vandanum. Áður en gengislækkunarleið var valin, voru allar hugsanlegar leiðir athugaðar vandlega og ræddar ýtarlega. Í miðstjórn, framkvæmdastjórn og þingflokki Alþfl. voru haldnir margir fundir um þessi mál, grg. voru athugaðar og málin rædd ýtarlega. Beindist athyglin aðallega að þrem leiðum, sem taldar voru geta komið til greina, gengislækkunarleið, niðurfærsluleið og leið útflutningsuppbóta og innflutningsgjalda. Valið milli leiðanna fór í Alþfl. fram með lýðræðislegum hætti í kjölfar lýðræðis-

legra umræðna. Eitt sjónarmið, fyrst og fremst, réði endanlegri afstöðu flokksins. Gengislækkun var talin vænlegasta leiðin til þess að tryggja fulla atvinnu, en það hefur ætíð verið grundvallaratriði í stefnu Alþfl., að allir hafi atvinnu, að atvinnuleysi sé bægt frá dyrum almennings. Það var vegna þessarar stefnu sinnar, að Alþfl. styður gengisfellingarleiðina, en jafnframt gerir flokkurinn sér fyllilega ljóst, að þessi leið er erfið. Allar leiðir út úr vandanum eru erfiðar, af því að vandinn sjálfur er mikill. Af þessum sökum hefur Alþfl. lagt og mun áfram leggja sérstaka áherzlu á, að reynt verði til hins ýtrasta að gæta hagsmuna þeirra, sem höllustum fæti standa í lífsbaráttunni og lægst hafa launin og þá ekki sízt bótaþega almannatrygginga. Ríkisstj. mun kappkosta að gera allt, sem í hennar valdi stendur, í þessu skyni. En fyrst stjórnarandstaðan gerir hróp að stjórnarflokkunum fyrir að hafa valið gengislækkunarleiðina, þá skyldi maður auðvitað halda, að hún hafi t. d. heldur viljað fara uppbótaleiðina og rökstutt það, eins og heiðarlegri og ábyrgri stjórnarandstöðu sæmdi. En hefur nokkur heyrt stjórnarandstöðuna segjast vilja fara uppbótaleiðina? Ég spyr: Gefur nokkur sig fram, sem segist hafa heyrt stjórnarandstöðuna vilja fara uppbótaleiðina? Nei, það gefur sig áreiðanlega enginn fram, því að stjórnarandstaðan hefur aldrei sagt, að hún vildi fara uppbótaleiðina. En hefur hún þá kannske sagt, að hún vildi fara niðurfærsluleiðina? Hefur einhver heyrt það? Nei, ekki heldur. Eða hefur kannske einhver heyrt, að stjórnarandstaðan hafi viljað blanda þessum liðum saman með einhverjum hætti? Ekki einu sinni það hefur heyrzt til stjórnarandstöðunnar. En er þá ekki von að menn spyrji: Hvers konar stjórnarandstaða er þetta eiginlega, sem starfar hér á Íslandi? Gerir hún enga tilraun til þess að átta sig á vandamálunum? Hefur hún aldrei heyrt, að þrjár leiðir hefðu getað komið til greina út úr vandanum? Þær hefðu allar getað komið til greina, þótt árangur þeirra hefði áreiðanlega orðið misjafn. En getur það verið, að stjórnarandstaðan hafi aldrei um þetta heyrt? Nei, auðvitað ekki. Leiðtogar hennar vita það jafnvel og við í stjórnarflokkunum, að það var milli þessara leiða að velja. Munurinn á leiðtogum stjórnarandstöðunnar og okkur er aðeins sá, að við þorðum að velja, þeir ekki. Einhverjir kunna að segja, að við höfum orðið að velja, af því við berum ábyrgðina. Þetta er rétt. Auðvitað urðum við að velja, og við völdum það, sem við töldum réttast. En það, sem ég vildi leggja áherzlu á í þessu sambandi, er þetta: Stjórnarandstaða í lýðræðisþjóðfélagi hefur líka skyldur. Hún hefur þær skyldur að skýra almenningi frá, hvaða leiðir hún vill fara, ef hún er andvíg þeirri leið, sem ríkisstj. fer. Þessari skyldu hefur stjórnarandstaðan á Íslandi brugðizt. Hún hefur reynzt ábyrgðarlausari en stjórnarandstaða nokkurs nálægs lands. Fyrir þetta á hún skilið mesta vantraustið.

Sjálfsagt er að láta stjórnarandstöðuna njóta þeirrar sanngirni að segja frá þeim úrræðum, sem leiðtogar hennar hafa nefnt til úrbóta í efnahagsörðugleikunum, en í heild er um þessi úrræði að segja, að þau snerta öll aukaatriði vandans, en láta sjálfan aðalvandann óleystan. Ég skal samt nefna helztu þeirra. Stjórnarandstaðan segist vilja lækkun vaxta. Nú hefur verulegum hluta þess fjár, er gengið hefur til stofnlána sjávarútvegsins, verið aflað með erlendum lántökum eða föstum lánsamningum innanlands. Vexti slíkra lána er ekki hægt að lækka. Væru vextir hins vegar lækkaðir um ⅓ af þeim lánum, sem veitt hafa verið af eigin fé fjárfestingarlánasjóða, mundi það spara sjávarútveginum 50 millj. kr. á ári, en að sjálfsögðu skerða útlánagetu sjóðanna í framtíðinni. Ef rekstrarvextir sjávarútvegsins væru lækkaðir um 2% mundi útvegurinn spara um 30—40 millj. á ári. Slík vaxtalækkun — og meiri vaxtalækkun dettur varla nokkrum manni með viti í hug, — mundi þannig spara sjávarútveginum 80—90 millj. kr. á ári. Þessar upphæðir eru 2% af heildarkostnaði sjávarútvegsins og um 5% af áætluðum rekstrarhalla hans. Hver heldur í alvöru, að slíkt hefði orðið stórt framlag til lausnar vandans? Auk þess gleymir stjórnarandstaðan alltaf að segja frá því, að jafnframt er hún að leggja til að taka stórfé af sparifjáreigendum. Eiga þeir það skilið? Stjórnarandstaðan segist vilja lækka tryggingakostnað fiskiskipa. Enginn ágreiningur er um það við stjórnarflokkana, að þessi kostnaður eigi að vera sem lægstur, en það hefur verið og er mikill halli á tryggingakerfi sjávarútvegsins, og nauðsynlegur sparnaður á þessu sviði, sem nú er verið að koma á, verður að ganga til þess að jafna þann halla. Stjórnarandstaðan segist vilja lækka raforkuverð frystihúsanna. Þótt raforkuverð til frystiiðnaðarins yrði lækkað niður í það verð, sem nú er einna lægst, þ. e. a. s. Reykjavíkurverðið, mundi frystiiðnaðurinn spara 4 millj. á ári. Ekki er þetta myndarlegt bjargráð. Stjórnarandstaðan segist vilja lækka aðstöðugjöld. Ef öll aðstöðugjöld yrðu lækkuð niður í það, sem þau gerast nú lægst, þ. e. a. s. 0,5% af veltu, mundu frystihúsin spara 5 millj. á ári. Stjórnarandstaðan segist vilja lækka sérálögur á útflutninginn, en skyldi hún ekki vita, að útflutningsgjöldin renna að öllu leyti til sjávarútvegsins sjálfs? Hér er því einfaldlega um það að ræða að taka með annari hendinni, sem gefið er með hinni. Stjórnarandstaðan segist vilja stjórn á innflutningi og fjárfestingu og virðist þá eiga við bein innflutningshöft og fjárfestingarhömlur í stað þeirrar stjórnar þessara mála, sem framkvæmd er eftir öðrum leiðum, enda fer því víðs fjarri, að engin stjórn sé á þessum málum, eins og stjórnarandstaðan lætur í veðri vaka. Ríkisstj. telur að sjálfsögðu vel geta komið til mála að takmarka í bili og á takmörkuðum sviðum frelsi til innflutnings og til fjárfestingar. En hún telur allsherjar innflutningshöft og fjárfestingarhöft ekki aðeins verða gagnslaus, heldur beinlínis skaðleg fyrir þróun atvinnulífsins og viðleitnina til að halda uppi fullri atvinnu. Það er algjörlega út í bláinn að telja slíkar

ráðstafanir hafa getað leitt til lausnar á þessum vanda, sem steðjað hefur að útflutningsatvinnuvegunum. Og þá eru upptalin öll þau aðalúrræði, sem leiðtogar stjórnarandstöðunnar hafa nefnt.

Öllum skynsömum mönnum hlýtur að vera ljóst, að þetta eru engin heildarúrræði til lausnar vandanum. En svona er að hafa hvorki til að bera heiðarleik né kjark til þess að velja á milli heildarleiðanna, sem til greina koma. Þá leiðast menn út í að tala þannig, að þeir gera sig að glópum. Það eru slíkir menn, sem eiga vantraust skilið.

Stjórnarflokkarnir hafa tekið örlagaríkar ákvarðanir. Það er fjarri mér að gera lítið úr því, að erfiðir tímar séu framundan hjá öllum almenningi. Hins vegar eru það hreinar ýkjur, þegar stjórnarandstaðan staðhæfir, að almenningur megi búast við allt að 20% kjaraskerðingu á næsta ári. Sannleikurinn er, að búast má við 10—12% kjaraskerðingu. En það er ekki ríkisstj., sem valdið hefur þessum erfiðleikum. Hún stjórnar ekki fiskigöngum við landið né verði á erlendum mörkuðum. Hún hefur hins vegar gegnt þeirri skyldu sinni að gera ráðstafanir, sem eiga að geta komið atvinnulífinu aftur á réttan kjöl, einmitt til þess að vinna gegn kjaraskerðingunni. Nauðsynlegt er þó að taka skýrt fram, að gengisbreyting ein sér er engin allra meina bót. Hún er aðeins nýr grundvöllur fyrir atvinnuvegina til að starfa á, forsenda þess, að framfarir geti hafizt að nýju.

Ég er nú kominn að lokum máls míns. Það er niðurstaða þessara orða minna, að stjórnarflokkarnir hafi með nýgerðum ráðstöfunum í efnahagsmálum gegnt lýðræðislegri skyldu sinni. Að vandlega athuguðu máli hafa þeir stefnt út úr vandanum eftir ákveðinni leið. Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa brugðizt lýðræðislegri skyldu sinni. Þeir hafa ekki bent á neina heildarlausn á vandanum. Þeir hafa ekki lagt fyrir almenning neina heildarstefnu um leið út úr erfiðleikunum. Þeir, sem gegna skyldu sinni, eiga ekki að hljóta vantraust. Hinir, sem bregðast skyldu sinni, eiga það skilið. Ef stjórnarandstaðan hefði lagt fram vantraust á ríkisstj. meðan hún taldi hana ekkert aðhafast, hefði það verið skiljanlegt. Hitt verður ekki tekið alvarlega, að stjórnarandstaðan skuli leggja fram vantraust á ríkisstj., þegar hún hefur gert ráðstafanir gegn vanda, sem stjórnarandstaðan stendur algjörlega úrræðalaus andspænis. Öll sagan af því, hvernig stjórnarandstaðan hefur brugðizt hlutverki sínu, er þó ekki sögð með þessu. Alvarlegasti þátturinn er eftir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að stjórnarandstaðan gerði örvæntingarfulla tilraun til þess að hnekkja þingmeirihluta stjórnarflokkanna í síðustu alþingiskosningum. Meirihluti kjósenda kaus hins vegar að framlengja umboð núverandi stjórnarflokka. Þeir hafa því fulla lýðræðislega heimild og raunar skyldu til þess að taka á vandamálum efnahagslífsins, eins og þeir telja rétt og þjóðinni fyrir beztu. En samtímis því, sem stjórnarandstaðan er úrræðalaus í vandanum, gera ofstækismenn úr röðum hennar hverja tilraunina af annari til þess að draga valdið úr sölum Alþ. út á götuna. Þessir menn bera enga virðingu fyrir lýðræði eða þingræði, heldur óska eftir glundroða, sem torveldar lýðræðislega stjórnarhætti. Og þegar launþegasamtökin eru hvött til þess að brjóta á bak aftur með verkföllum löglega teknar ákvarðanir á Alþ. Íslendinga, þá er ekki um að ræða hvatningu til kjarabaráttu, heldur hvatningu til uppreisnar gegn sjálfu lýðræðisskipulaginu.

Þess vegna er sök stjórnarandstöðunnar mikil. Hún er ekki aðeins fólgin í því að bregðast þeirri skyldu sinni að gera till. Hún er ekki aðeins fólgin í því að vera úrræðalaus. Meðan hún stendur beint og óbeint að baki þeim, sem hvetja til aðgerða utan Alþ. gegn meirihluta Alþ., þá er hún einnig að berjast gegn sjálfu lýðræðinu. Því lýðræði er hornsteinn þeirrar stofnunar, sem við, sem hér sitjum, höfum verið kosnir til, ekki aðeins til að skiptast hér í stjórnarflokka og stjórnarandstöðu, heldur einnig og ekki síður til þess að standa sameiginlega vörð um Alþ. sem merkustu stofnun íslenzkrar þjóðar, sem þá stofnun, sem er grundvöllur frelsis okkar og mannréttinda.

Sú stjórnarandstaða, sem bregzt þeirri skyldu sinni að standa vörð um rétt þessarar samkomu Alþ. til að stjórna málum Íslendinga, mun hljóta þungan dóm. Hún mun fá það vantraust í sögu Alþ., sem hún verðskuldar.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur nær og fjær. Hv. viðskmrh. ræddi um skyldur stjórnmálamanna í lýðræðislandi. Nokkuð var sú ræða einhliða og gekk út á að sannfæra hlustendur um, að stjórnarandstaðan hefði brugðizt skyldum sínum. Þeirri fullyrðingu vísa ég til föðurhúsanna, því að stjórnarandstaðan hefur fylgt fram þeirri skyldu sinni að sýna fram á mistök og stjórnleysi ríkisstj. Hins vegar hefur ríkisstj. brugðizt einni höfuðskyldu sinni, sem er að segja af sér, þegar hún hefur ekki lengur vald á verkefni sínu.

Vantraust á núverandi ríkisstj. er auðvelt að rökstyðja, vegna þess að rökin blasa við hvers manns augum. Ríkisstj. er ekki vanda sínum vaxin. Ræður tveggja ráðh. hér í kvöld breyta ekki þeirri staðreynd í neinu, heldur staðfesta, svo að ekki verður á móti mælt, að það eru þreyttir menn og úrræðalitlir, sem halda um stjórnvöl íslenzku þjóðarskútunnar í dag. Þeir hafa ekki upp á aðra leið að bjóða en endurtekna gengisfellingu og bjóða síðan upp á eitthvað, sem þeir kalla samninga við launþegasamtökin um einhver meira og minna ótiltekin atriði. Launþegasamtökin hafa vonda reynslu af slíkum samningum við ríkisstj. og ástæðu til að gjalda varhug við slíku samningstilboði. Það, sem er nauðsynlegt, er að fá fram stefnubreytingu í íslenzkum efnahags- og fjármálum. Það er nauðsyn hugarfarsbreytingar hjá íslenzkum valdamönnum.

Hin mótaða stefna ríkisstj. og hugarfarið, sem að baki býr, er að leiða þann ófarnað yfir þjóðina, sem e. t. v. verður aldrei bætt fyrir. Það er engin fjar-

stæða að láta sér til hugar koma, að ef svo heldur sem horfir, sé stefnt að hreinu ríkisgjaldþroti. Það er ástæða til að hugleiða í fullri alvöru, hvort málum okkar sé ekki í rauninni svo komið, að við kynnum að glata fjárhagslegu sjálfstæði okkar að óbreyttri stjórnarstefnu og án hugarfarsbreytingar hjá æðstu ráðamönnum þjóðarinnar. Við erum m. a. komnir á slíkan skuldaklafa gagnvart útlendingum, að vandséð er, hvernig undir verður risið, enda máttarstoðir efnahagslífsins holgrafnar eftir margra ára ófremdarstjórn. Krafa um stefnu- og hugarfarsbreytingu er því ekki að ófyrirsynju. Það er krafa, sem hugsandi menn í öllum stjórnmálafl. og af öllum starfsstéttum taka undir. Það er krafa, sem pólitískir þrásetumenn geta ekki skellt skollaeyrum við.

Ríkisstj. skýrir efnahagserfiðleikana þannig, að þeir stafi af tímabundnum orsökum, verðfalli, söluörðugleikum og aflabresti. Víst eru þetta nokkur rök, en harla léttvæg. Það er svo komið, að efnahags- og atvinnulífi verður ekki haldið gangandi, nema saman fari metafli og beztu markaðsskilyrði. Efnahagskerfi viðreisnarinnar þolir hvorki meðalafla né meðalverðlag. Það hrynur til grunna, þegar nokkuð blæs á móti um sinn. Af lítilli fyrirhyggju, en miklum misskilningi á eðli íslenzks atvinnulífs, hefur ríkisstj. timbrað upp fölsku eyðslukerfi, sem nú riðar til falls. Orsök núverandi efnahagskreppu, liggur því fyrst og fremst í stjórnarstefnunni sjálfri. Þess vegna er þörf á stefnubreytingu.

Það er útilokað að einhliða gengisfelling sé varanleg úrbót á ríkjandi kreppuástandi. Allir heilvita menn sjá, að það er óðs manns æði að ætla að stjórna efnahagslífinu með gengisfellingum, eins og nú er gert. Því miður virðist t. d. hv. forsrh. ekki gera sér þetta ljóst, eins og lofgerð hans um gengisfellinguna hér í kvöld bar vitni um. En af leið gengisbreytinganna, gengisfellinganna, verðum við að hverfa inn á nýja braut, sem hefur að markmiði að vernda verðgildi krónunnar og veitir tryggingu fyrir því, að slíku markmiði megi ná. Til þess að ná slíku markmiði er óumflýjanlegt að taka upp nýja stjórn á efnahagsmálum, taka upp nýja stjórnarhætti í banka- og lánamálum, í gjaldeyris- og fjárfestingarmálum. Við verðum einnig að gera okkur ljósan muninn á efnahagslegum grundvelli okkar þjóðfélags og ýmissa annarra þjóðfélaga. Á þessu tvennu er ærinn munur, sem leiðir til þess, að við verðum að sætta okkur við ýmsar aðrar aðferðir í efnahagsstjórn en gilda í hinum auðugu iðnaðarríkjum Evrópu. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að Ísland er ekki iðnaðarland í eiginlegum skilningi, þó að iðnaðarstéttin sé fjölmennasta starfsstétt þjóðfélagsins og ein hin þarfasta. Í efnahagslegum skilningi erum við bænda- og fiskimannaþjóð, og svo lengi, sem við búum við núverandi efnahagsmálagrundvöll, þ. e. a. s. á meðan við erum bænda- og fiskimannaþjóð, verðum við líka að haga stjórn efnahagsmála í samræmi við það.

Framsóknarmenn marka andstöðu sína gegn núverandi stjórnarstefnu m. a. á þessu atriði. Við verðum að stjórna efnahagsmálum okkar í samræmi við okkar sérstöku aðstæður. Undanfarin ár hefur þetta ekki verið gert. Þess vegna er nú komið, sem komið er. Þess vegna er atvinnulíf landsmanna að meira eða minna leyti stöðvað. Þess vegna er rekinn hallabúskapur hjá ríkissjóði, þrátt fyrir óhemju ríkissjóðstekjur ár eftir ár. Þess vegna eigum við enga gjaldeyrisvarasjóði, þrátt fyrir óhemju gjaldeyristekjur ár eftir ár. Þess vegna eru erlendar skuldir eins og klafi á þjóðinni. Þess vegna tala menn í fullri alvöru um hættu á ríkisgjaldþroti, eftir lengsta og samfelldasta góðæriskafla í sögu landsins.

Út úr þessum vanda, út úr vanda efnahagskreppu og atvinnuleysis, komumst við ekki án stefnubreytingar í grundvallaratriðum. Því miður verður þess ekki í nokkru vart, að ríkisstj. hugsi til stefnubreytingar. Hún heldur áfram gengisfellingarpólitíkinni, sem engan enda hefur. Ef ekki kemur fleira til, munu þau atvinnufyrirtæki, sem í mestum vanda eru stödd, ekki fá lausn á erfiðleikum sínum. Í því sambandi er þörf skjótra og róttækra úrræða. Þar er efst á blaði, að atvinnufyrirtækin verði leyst af skuldaklafanum með beinum skuldaskilum eða samningum um greiðslufrest á skuldum. Það er brýnt mál, að iðnaðurinn verði styrktur með því m. a. að hefta allan óþarfa innflutning iðnaðarvara, — þess varnings, sem framleiða má í landinu sjálfu. Útlánastefnu bankanna verður að breyta með það fyrir augum fyrst og fremst að sjá atvinnulífinu fyrir eðlilegu rekstrarfé og auknum afurðalánum í samræmi við eðli og þarfir okkar atvinnulífs. Taka verður upp nýja stefnu í gjaldeyris- og verzlunarmálum og stöðva þá óforsjálu gjaldeyriseyðslu, sem nú á sér stað. Slíkt má gera með því að setja hömlur á vörukaupalán, breyta tollum á ýmsum vörum og einnig með því að breyta frílistanum. Það hlýtur að vera markmið okkar Íslendinga, eins og annarra þjóða, að reka hallalaus utanríkisviðskipti og spara gjaldeyri, svo sem framast má verða. Í því sambandi verðum við að beita þeim ráðum, sem okkur eru tiltækust og eðlilegust geta talizt við íslenzkar aðstæður. Og það er engin ástæða til að taka gjaldeyrissukkið neinum vettlingatökum. En öllu öðru fremur verður að taka upp fjárfestingarstjórn og jákvæðan áætlunarbúskap.

Uppbyggingin innanlands þarf að vera markvís og skynsamleg og miðast við almannaþörf. Hún verður m. a. að vera innan þeirra marka, sem framleiðslugetan setur á hverjum tíma, og varast verður það heimskulega fjárfestingarkapphlaup, sem viðgengizt hefur í Reykjavík t. d. undanfarin ár. Skipulagslaus fjárfesting af því tagi, sem hér þekkist, er ein meginorsök verðbólgu, sem við verðum þó að varast meira en flest annað. Verðbólgan er skaðvaldur fyrir atvinnulífið og allt efnahagskerfið, ekki sízt fyrir ríkissjóð, sem segja má, að sé margsprunginn undan þunga eyðslubáknsins og óðaverðbólgunnar, enda hefur ríkisstj.

farið með samþykkt fjárl. síðustu ára eins og þau væru ómerkilegt málamyndaplagg.

Núverandi ríkisstj. hefur lengi átt vantraust skilið, en aldrei sem nú. Hún er ekki vanda sínum vaxin að neinu leyti og næsta ólíklegt, að hún eigi meirihlutafylgi að fagna meðal kjósenda í landinu.

Horfur í þjóðmálum eru allar hinar ískyggilegustu. Atvinnuleysisdraugurinn bíður við húsdyr þúsunda manna af öllum starfsstéttum í öllum landshlutum. Rekstrargrundvöllur aðalatvinnuvega þjóðarinnar er enn í fullkominni óvissu. Kjaraskerðing verkamanna og annarra láglaunamanna er smánarverk, sem ólíklegt er, að forustumenn launþega láti viðgangast. A. m. k. er ólíklegt, að launþegasamtökin setjist að samningaborði með ríkisstj., sem þekkt er að því að hagræða efndum loforða sinna og samninga að eigin geðþótta. Það er sameiginlegt hagsmunamál alþýðu manna til sjávar og sveita og allra þeirra, sem stunda heiðvirðan atvinnurekstur í útgerð, fiskvinnslu, iðnaði eða verzlun, að losna við þessa ríkisstj. Í skjóli hennar þrífst pólitískt siðleysi, hugsjónadoði, fjármálaspilling og vesæl gæðingapólitík og svo dæmalaust þróttleysi gagnvart útlendingum og útlendu áhrifavaldi, að tæpast er einleikið. Er þetta ekki ömurlegt tímanna tákn á hálfrar aldar afmæli íslenzka fullveldisins?

Hafi þessar staðreyndir ekki legið nægilega skýrt fyrir í alþingiskosningunum fyrir 17 mánuðum, þá gera þær það nú. Þess vegna er vantraust á ríkisstj. tímabært. Látum þrásetumennina víkja, ella mun verr fara. Góðir hlustendur, ég býð góðar nætur.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Heiðruðu áheyrendur. Þegar hæstv. forsrh. óskaði eftir því við stjórnarandstöðuflokkana í lok ágústmánaðar s. l., að þeir tækju þátt í að rannsaka leiðir til úrbóta í efnahagsmálum þjóðarinnar, þá brugðust þeir vel við þeirri málaleitan, og langar viðræður hófust og upplýsingasöfnun um stöðu þjóðarbúsins, því að ekki var nú hirðusemin meiri á stjórnarheimilinu en svo, að leita varð í mörgum hillum og skúffum og tína saman úr ýmsum áttum þann fróðleik um þetta, sem eðlilegt hefði verið, að þá lægi fyrir á skrifborðum ráðh. Loksins eftir tvo mánuði lágu hinar ljótu heimildir um ástandið fyrir. Bjuggust þá flestir við, að ríkisstj. hypjaði sig úr fletinu, segði af sér og tæki síðan þátt í því að koma hér á stjórn allra flokka, sem einbeitti sér að því að hreinsa til og byggja upp nýtt og heilbrigðara stjórnarfar með heiður og hag þjóðarinnar að leiðarljósi. Þetta fór þó á annan veg. Þessa tvo mánuði, sem það tók að tína saman upplýsingatætlurnar frá liðnum óstjórnartíma, notaði stjórnin til að búa sér í hendur og smíða ný amboð, til að hún gæti slegið enn á akri og engjum þeirra, sem minnstu hafa að miðla og sízt mega missa af sínu. Nú er hún líka búin að reyta saman og draga í hlöðu feng, sem hún ætlar, að duga muni sér til náðugrar setu. En auk þess hafa borizt fréttir um, að miskunnsamir samverjar á þingmannafundi Atlantshafsbandalagsríkjanna muni beita sér fyrir einhvers konar samskotum til hennar, og hefur sú mannúðarstefna glatt og hresst hjörtu ráðh. og gefið þeim vonir um varanlega setu í sínum elskuðu ráðherrastólum.

Fjórar stórgengisfellingar hefur stjórnin gert á 9 árum, sem öll hafa verið mikil aflaár, svo að áður hafa ekki komið önnur slík. Að vísu hefur nokkuð dregið úr aflanum á tveimur síðustu árum og verðið lækkað. Er þessu um kennt af stjórnarinnar hálfu, hvernig komið er. Er hart, að öllu skuli hafa verið eytt frá hinum miklu góðærum, þegar þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur voru hér meiri að meðaltali á mann, en þekkzt hefur í hinum auðugustu löndum. Og ekki nóg með það, að öllu þessu hefur verið eytt, heldur hefur þjóðinni verið sökkt í það skuldafen, sem hún situr nú föst í, og er hætt við, að hún geri um langan tíma, jafnvel þó eitthvað kynni að rofa til um tekjuöflun og stjórnarfar ætti fyrir sér að batna. Skuldir Íslendinga við aðrar þjóðir eru nú taldar vera fast að 13 þús. millj. kr. Svarar það til 65 þús. kr. á hvert nef í landinu eða sama sem 260 þús. kr. að meðaltali á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Árlegar afborganir og vextir af þessari fúlgu verða að líkindum ¼ til ⅓ af útflutningsverðmætum þjóðarinnar á næstu árum. Ekki verður það notað til innkaupa á lífsnauðsynjum hennar. Enginn gjaldeyrissjóður er nú til. Hvað hefur verið gert við allt það mikla fjármagn, sem þjóðin hefur fengið fyrir framleiðslu sína á liðnum 10 góðærum? Sú spurning er nú á hvers manns vörum.

Höfuðatvinnuvegir landsins, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður eru að þrotum komnir. Hvað liggur eftir viðreisnina af varanlegum verðmætum eða verkum? Í vegamálum má nefna einn 50 km langan vegspotta úr varanlegu efni, sem gerður var fyrir lánsfé og er allur í skuld. Aðrir vegir eru úr mold og möl, ófærir og illfærir flesta árstíma, þegar ekki er gaddur í jörð. Hvernig er með skólamál þjóðarinnar? Háskólinn rúmar ekki orðið þá, sem þar vilja nema. Í Kennaraskólanum, sem er nýbyggður, nálgast að vera neyðarástand vegna þrengsla. Fjöldi annarra skóla er í vandræðum með að anna sínu hlutverki. Þannig mætti lengi telja, en ég mun hér staðar nema að sinni.

Við framsóknarmenn höfum alltaf varað við stjórnleysinu með fjármagn þjóðarinnar. Höfum við margflutt till. og gert kröfur um, að gerðar væru skipulegar áætlanir um röðun verkefnanna í þessu fámenna þjóðfélagi og það látið ganga fyrir öðru að treysta fjárhagsgrundvöll atvinnuveganna og efla menntun fólksins. Við höfum talið, að hér yrði að hafa stjórn á fjárfestingarmálum. Munu nú margir sjá, þegar allt fjármagn er þrotið í eyðslu og sukk og gengisfellingar hafa jafnharðan étið upp reytur hinna bjargálna borgara í landinu, að betur hefði sú stefna, sem við höfum krafizt í þessu efni, verið látin ráða og tillit hefði verið tekið til okkar till.

Ef skipulag hefði verið haft hér á fjárfestingarmálum, hefði þensla og dýrtíðarskrúfa farið hægar. Þá hefði meira fjármagn safnazt fyrir sem sparifé.

Þá hefði gjaldeyrissjóður skapazt, ef gætt hefði verið hófs í innflutningi, en á því sviði hafa yfirvöld hagað sér eins og börn. Hér var fyrir nokkrum árum risinn á legg fjölbreyttur iðnaður, sem veitti íbúum landsins mjög nytsamlega þjónustu bæði á því sviði að framleiða góðar vörur og veita fjölda fólks atvinnu. Hér voru saumuð næstum öll föt á landsfólkið og prjónafatnaður framleiddur, skór smíðaðir og líkaði þessi iðnaður vel. Reynslan sýndi, að þetta og margt annað gat þjóðin tekið hjá sjálfri sér, og þá varð hún að eflast um leið. En tertubotna- og kexbragðið í útlöndum reyndist valdhöfum vorum svo gómsætt, að þeir létu drjúgan hluta af aflafé þjóðarinnar fara fyrir slíkan varning, eins og börn, sem verja skotsilfri sínu í sælgætiskaup. Ef að slíku var fundið af stjórnarandstöðunni, þá svöruðu valdhafarnir með útúrsnúningum og háðsyrðum. „Ekki veldur sá er varar", segir forn málsháttur. Framsfl. hefur oft varað við og talið slíkan glannahátt í meðferð gjaldeyris hættulegan. Þau varnaðarorð hafa stjórnarliðar kallað hrunsöng og barlómsvæl og talið okkur skömmtunar- og haftapostula.

Nú eru augu almennings að opnast fyrir því, að okkar stefna var og er skynsamleg, og ef hún hefði verið farin, þá væri öðruvísi umhorfs. Þá væri ekki atvinnuleysi framundan, þá væri krónan verðmeiri en nú, og þá væri þjóðin ekki sokkin í skuldir við útlendinga, eins og nú.

Ríkisstj. getur að vísu bent á, að hér hefur mikið verið byggt í hennar tíð af verzlunar- og skrifstofuhöllum og ævintýralegum íbúðarvillum, sem helzt líkjast að stærð og búnaði því, sem sagt er frá í Þúsund og einni nótt, að kalífarnir í Bagdad létu reisa sér. Sjúklegt munaðarlíf og óhóf hinna ríku, sem grætt hafa á stjórnleysi viðreisnarvaldhafanna, er undrunarefni margra erlendra manna, sem hér koma.

Bankakerfið hefur þanizt út, eins og gorkúla á haug. Fjárfesting þessara stofnana er 350 milljónir kr. á fáum árum. Nú trjóna þessar hallir með tóma sjóði og þykka doðranta af skuldalistum og óreiðuvíxlum. Ekki virðist eiga að snúa af eyðslubrautinni á þessu sviði, ef rétt er hermt, sem dagblaðið Vísir birti í fréttum í gærdag, því að þar var frá því sagt, að tíu arkitektar vinni að því að teikna hús fyrir Seðlabankann. En hvað er um þá, sem sparað hafa saman af tekjum sínum og falið það fé bönkum landsins til geymslu? Þetta þjóðholla fólk er annað hvert ár féflett með felldri krónu. Svona hefur viðreisnarstefnan svonefnda reynzt í verki, og er þá ekki hér nema fátt eitt talið. Það er því engin furða, þó borið sé fram vantraust hér á hinu háa Alþ. á ríkisstj., sem þannig hefur stjórnað.

Ég býst við því, að enn séu þeir, sem stjórnina hafa stutt hér á þingi, svo fastir við sinn keip, að þeir verji hana falli, svo hún geti hangið áfram við völd. En ef þjóðin öll mætti greiða hér atkvæði um þessa vantrauststill., þá er ég viss um, að hæstv. ríkisstj. yrði fljót að fara fram af ætternisstapanum. Þjóðin vill nýtt stjórnarfar, nýja stefnu, sem miðar að almenningsheill og traustum þjóðarbúskap. Íslendingar vilja vera stjórnarfarslega og efnahagslega sjálfstæðir. Þeir vilja halda þjóðlegum metnaði. Þeir vita, að Ísland er þrátt fyrir sín ísköldu él svo gott land, að fólkið, sem landið byggir, getur lifað hér góðu lífi, ef hófsemi er beitt í lífsháttum og stjórnað er með það í huga að jafna lífskjörin.

Sú hæstv. ríkisstj., sem hér situr að völdum, vill ekki og kann ekki að beita öðrum ráðum, þegar stjórnleysi hennar hefur leitt til vandræða en að fella gjaldmiðil þjóðarinnar. Með því klípur hún af hvers manns diski nokkurn skammt, og munar þar mestu hjá þeim, er lítinn áttu forðann fyrir. Hún minnir á Tugason gamla á Bátsendum, danska kaupmanninn, sem Grímur Thomsen orti um. Þar á meðal var þetta erindi:

> En reizlan var bogin og lóðið var lakt
> og létt reyndist allt sem hún vo.
> Útnesjafólkið var fátækt og spakt,
> flest mátti bjóða því svo.

Gengisfellingarvopn ríkisstj. er nýr Bátsendapundari. Með hverri gengisfellingu er ríkisstj. að beygja reizluskaftið og létta lóðið, eins og Tugason gamli. Á þann hátt vegur viðreisnarpundari stjórnarinnar lýðnum léttari og léttari mála fyrir störf hans og stríð. Tugason gamli gerði sig stundum blíðan í geði og bauð inn fyrir disk og veitti brennivínstár. Þá var hann með kænsku sinni að villa mönnum sýn og ná vináttu þeirra. Svona fer ríkisstj. líka að fyrir kosningar. Þá býður hún kjósendum inn fyrir disk upp á kosningakræsingar í loforðum um eitt og annað, og hafa margir látið vélast. En eins og Tugason gamli, sem oftast var tyrfinn og grár í geði, þá hefur ríkisstj. sama lag. Hún bregður pundara sínum á loft og vegur hinu fátæka og spaka útnesjafólki, þ. e. a. s. verkamönnum, bændum, sjómönnum og öðru láglaunafólki léttari skammt í hvert sinn. Tugason flutti gróðann af sínum pundara til Kaupmannahafnar og þar voru fyrir hann byggðar hallir og fögur torg. Gróðinn af pundara ríkisstj. fer að vísu ekki allur út úr landinu, hann lendir hjá þeim, sem verja verulegum hluta hans í villur, lúxusbíla og verzlunarhallir hér heima. Og ef á þetta er minnzt og að því fundið, þá verður ríkisstj. tyrfin og grá í geði, eins og Tugason gamli á Bátsendum var að öllu jafni, og mátti glöggt heyra það á mæli hæstv. viðskmrh. áðan, að hann var í slíkum ham sem Tugason, þegar hann var verstur.

Herra forseti, mínum ræðutíma er að verða lokið. Ég vil að endingu segja þetta. Landi og þjóð væri fyrir beztu að ríkisstj. væri leyst frá störfum strax í kvöld og málefnin hið fyrsta lögð í hendur kjósendanna, svo að þeir gætu með atkvæði sínu valið nýja stefnu í stað úreltra kennisetninga, sem reynsla hefur áþreifanlega dæmt úr leik. Hér er hin mesta nauðsyn að skapa þjóðlega einingu um hag og velferð hinna starfandi alþýðumanna í byggð og borg,

ásamt allsherjar sókn að því marki að bæta uppeldis- og menntunarskilyrði uppvaxandi kynslóða. Það mun reynast betri fjárfesting en allt annað. Þá mun eflast þjóðarhagur og nýr blómatími geta farið í hönd. Ég skora á íslenzku þjóðina að taka höndum saman um það takmark við fyrsta tækifæri. — Góða nótt.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur fjær og nær. Þið hafið nú hlustað á stórorðar fordæmingar stjórnarandstæðinga á þeim efnahagsráðstöfunum, sem nýverið hafa verið gerðar af hálfu ríkisstj. og vafalaust eiga fleiri digurmæli eftir að safnast í þann orðabelg. En stóryrði leysa engan vanda, sízt af öllu í efnahagsmálum, og hafið þið ekki veitt því eftirtekt, hve ræður hv. stjórnarandstæðinga, þó ríkar hafi verið af stóryrðum, hafa verið fátækar að till. og ábendingum um aðrar og betri leiðir, er fara megi til þess að leysa efnahagsvandann. Stjórnarandstæðingar tala mikið um nauðsyn stefnubreytingar, sem þeir nefna svo. En um hitt segja þeir minna, í hverju hin nýja stefna, sem þeir telja nauðsynlegt, að upp verði tekin, eigi að vera fólgin. Það ætti þó að vera vandalítið, ef stefna og úrræði ríkisstj. eru svo fráleit, sem þeir láta í veðri vaka, að benda á eitthvað annað betra. En það gera stjórnarandstæðingar ekki og hvers vegna ekki? Af því að þeir vita, að önnur úrræði en þau, sem gripið hefur verið til, eru annað hvort ekki líkleg til þess að leysa vandann eða þau mundu koma enn verr við hag almennings en þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið. Það hafa að vísu verið tilburðir til þess af hálfu stjórnarandstöðunnar að benda á það, sem þeir kalla aðrar leiðir. En allt er þetta með því marki brennt, sbr. ræður formanns Framsfl. og formanns þingflokks Alþb., sem fluttar voru hér áðan, að séu slíkar till., — ef því nafni skyldi nefna, — skoðaðar ofan í kjölinn, er þar ekki um að ræða nein úrræði til lausnar efnahagsvandanum, heldur aðeins frómar óskir um hitt og annað, sem æskilegt sé að gera til lausnar fjárhagsvanda atvinnurekstrarins. Það er réttilega á það bent að útvega þurfi fé til eins og annars, en hvergi að því vikið, hvernig féð skuli útvegað, en það er í því, sem hið raunverulega vandamál er fólgið. Það eina, sem stjórnarandstaðan hefur ymprað á og hægt er að skoða sem till. um það, að efnahagsvandamálin eigi að taka öðrum tökum en nú er gert, er það, sem þeir kalla stjórn á innflutnings- og gjaldeyrismálum, en með því eiga þeir við, að hverfa skuli aftur til haftafyrirkomulagsins, sem hér ríkti um 30 ára skeið, — fram að þeim tíma, sem núverandi stjórnarsamstarf hófst. — Hefur þetta komið skýrt fram í ræðum allra þeirra stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað til þessa, að stefnubreytingin þýðir, að innleiða verði höftin að nýju. Og þessi till. er að því leyti sú málefnalegasta, sem fram hefur verið borin af hálfu stjórnarandstöðunnar, að þar er um að ræða einu leiðina, sem til er, ef hverfa á frá þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið. Ef talið um stefnubreytingu er annað en glamuryrði, þá er það þetta, sem átt er við, og vissulega væri það mikil stefnubreyting að hverfa aftur að leyfaúthlutuninni og höftunum.

Þriðja leiðin, sem framsóknarmenn töluðu svo mikið um fyrir fáum árum og átti að vera allt annað en sú stefna, sem ríkisstj. hefur fylgt, og haftastefnan, týndist fljótt og hefur ekki fundizt síðan, því að s. l. 2 ár hafa ekki einu sinni framsóknarmenn minnzt á hana.

Við Íslendingar höfum nú, sem kunnugt er, langa reynslu af þessari nýju stefnu, sem svo er nefnd. Og e. t. v. lætur það ekki illa í eyrum, þegar gjaldeyrir er af skornum skammti, að gera beri ráðstafanir til þess að stöðva óþarfan innflutning, eins og það er kallað. En hvað er þarft og hvað er óþarft? Skoðanir á því eru sennilega jafnmargar og borgararnir í þjóðfélaginu. Og hvernig var framkvæmd innflutningshaftanna og annarra leyfaúthlutana? Ætli það hafi farið fram eitthvert vísindalegt mat á því, fyrir hverju ætti að úthluta leyfum og fyrir hverju ekki? Engum dettur í hug, að svo hafi verið, enda engar slíkar vísindalegar reglur til, sem hægt sé að fara eftir við úthlutun leyfa. Þeir, sem úthlutanirnar önnuðust, voru líka fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka, sem með völd fóru hverju sinni, og töldu það trúnaðarstarf sitt að sjá til þess, að sem mest af leyfunum kæmi í hlut einstaklinga og fyrirtækja, er flokkinn studdu með fjárframlögum eða á annan hátt. Það er að vísu sjaldnast hægt að sanna það með tölum, hvernig þeir, sem leyfaúthlutanir hafa haft með höndum, hafa hyglað fyrirtækjum, er tengd voru flokkum þeirra. En þó gefur það athyglisverða vísbendingu í þessa átt, að samkvæmt reikningum Sambands ísl. samvinnufélaga, sem birtir eru m. a. í 40 ára afmælisriti sambandsins eftir Gísla Guðmundsson alþm., kemur í ljós, að á kreppuárunum 1933—1937 óx vörusala SÍS úr 4.8 millj. kr. í 11.3 millj. eða meira en tvöfaldaðist á tímabili, þegar almennur samdráttur var í öllum viðskiptum. SÍS er samt ekki eina fyrirtækið, sem notið hefur þannig forréttinda í skjóli pólitískrar aðstöðu, og framsóknarmenn eru ekki þeir einu, sem notað hafa aðstöðu sína í úthlutunarn. til framdráttar hagsmunum fyrirtækja og einstaklinga, er flokkinn studdu. Hér var um leikreglu að ræða, sem allir flokkar fylgdu, og held ég, að allur metingur milli flokkanna um það, hver hafi verið skeleggastur að skara þar eld að sinni köku, mundi enda í bræðrabyltu. Í því liggur skýringin á því, að ekki hefur fyrr verið kveðið upp úr með það, á hvern hátt framkvæmd leyfaúthlutananna var. A. m. k. hafa svonefndir ábyrgir stjórnmálamenn ekki gert það. Nú mega orð mín ekki misskiljast svo, að ég sé að deila á þá menn persónulega, sem voru fulltrúar hinna ýmsu flokka á hverjum tíma í þessum nefndum, né heldur, að ég sé að deila á stjórnmálamenn almennt og saka þá um spillingu. Með slíku mundi ég líka höggva nærri sjálfum mér svo lengi sem ég er búinn að vera við þau riðinn. Mergur málsins er að mínu áliti sá, að framkvæmd haftastefnu hér í landi kunnings-

skaparins getur varla hugsazt öðruvísi heldur en hún hefur verið, hverjir svo sem með leyfaúthlutun fara og eru við völd. Þegar opinber leyfi þarf til alls, svo sem að kaupa gjaldeyri, byggja sér bílskúr eða kaupa bíl eða jeppa, taka menn það gjarnan til bragðs að leita til fulltrúa síns flokks í n., sem leyfum úthlutar, og biðja hann ásjár. Ef það gekk ekki, t. d. vegna þess að borið var við einhverjum reglum, sem fylgja ætti við úthlutunina, þá leitaði maðurinn í öngum sínum til ráðh. flokks síns eða annarra forustumanna, tíundaði afrek sín í þágu flokksins og mæltist til þess, að forustumaðurinn beitti áhrifum sínum við piltana í úthlutunarnefndinni, til þess að leyfið fengist. Þannig togaði Þríbjörn í Tvíbjörn og Tvíbjörn í Einbjörn og gagnstætt því, sem var í þjóðsögunni, gekk rófan stundum, — leyfið fékkst. Óþekktur almúgamaður, sem ekki átti sér aðstöðu í neinum flokki, fékk hins vegar ekki leyfi til neins. Hann hafði engan til að toga í rófuna. Ég býst við, að hinir rosknari stjórnmálaleiðtogar a. m. k. þekki þessa sögu vel. Mér kæmi á óvart, ef einhver þeirra fyndi hvöt hjá sér til þess að andmæla þessu, og ef sá ólíklegi hlutur skeði, þá mundi mig gruna, að stjórnmálaklókindin hefðu borið sannleiksástina ofurliði hjá þeim hinum sama. En mundi stefnubreyting í þá átt að taka upp haftafyrirkomulagið að nýju, sem stjórnarandstaðan telur svo aðkallandi, að hún heitir á öfl utan þings til að knýja slíka stefnubreytingu fram, vera líkleg til þess að forða þjóðinni frá kjaraskerðingu af völdum þeirra áfalla, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir vegna stórfelldrar verðlækkunar útfluttra afurða og aflabrests? Þeirri spurningu ber að svara afdráttarlaust neitandi. Stefnubreytingin mundi engan vanda efnahagsmálanna leysa, heldur þvert á móti auka hann. Vissulega var gjaldeyrisúthlutunarn. Búkolla fyrir þá flokka, sem þar áttu fulltrúa. Hún og aðrar úthlutunarn. veittu mönnum aðhald til að greiða sín gjöld til flokkanna og sýna þeim hollustu á annan hátt, því að annars gátu menn ekki búizt við fyrirgreiðslu af hálfu þeirra, er sækja þurftu um leyfi. En haftan. mjólkuðu ekki þjóðarbúinu jafnvel og flokkunum. Þetta fyrirkomulag kollvarpaði í rauninni allri hagsýni í efnahagsmálum. Það var ekki spurt um það, hvort fyrirtæki gerðu hagkvæm innkaup, þegar innflutningsleyfi voru veitt, heldur hvaða flokk fyrirtækið styrkti. Fyrir stríðið var spurt, hvar framsóknarmaðurinn væri, þegar um var að ræða nauðsynlegar leyfaveitingar til stofnunar iðnfyrirtækja, og sennilegt má telja, að á nýsköpunarárunum hafi á sama hátt verið spurt: Hvar er sjálfstæðismaðurinn eða komminn? Hins vegar var ekki spurt um það, hvort iðnrekstur sá, sem um var að ræða, væri hagkvæmur þjóðhagslega séð.

Þá mundi haftafyrirkomulagið gera Íslendinga óhæfa til þátttöku í allri alþjóðlegri samvinnu á sviði efnahagsmála, svo sem innan GATT, EFTA og fleiri slíkra samtaka, en slík þátttaka er að mínum dómi nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að við Íslendingar getum notið lífskjara sambærilegra við þau, sem nágrannaþjóðir okkar njóta. Hin svonefnda stefnubreyting stjórnarandstæðinga er því engin lausn á vandanum, sem við er að etja. Á hinn bóginn verður kjaraskerðing um stundarsakir ekki umflúin, hvað sem gert verður. Hvorki ríkisstj. eða nein hagsmunasamtök, launþegasamtök eða önnur, hafa yfir neinum tekjum að ráða, er forðað geti því, að áföllin, sem útflutningsatvinnuvegirnir hafa orðið fyrir, leiði til nokkurrar almennrar kjaraskerðingar um stundarsakir.

Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, eru nauðsynleg skilyrði þess, að þjóðarskútan geti á sem skemmstum tíma komizt úr þeim öldudal, sem hún nú er í. Það er nauðsynlegt að sveigja verðmyndunarkerfið útflutningsframleiðslunni í vil, svo sem gert hefur verið með gengislækkuninni. Frá sjónarmiði launafólks er spurningin því miður ekki um það, hvort kjaraskerðingu skuli una eða ekki, heldur um hitt, í hvaða mynd hún komi fram. Þar verður um það að velja, hvort meiri áherzlu beri að leggja á atvinnuöryggi eða hitt, að kaupmáttur launa verði á pappírnum skertur sem minnst, þannig að lögð sé áherzla á kröfur um sem mestar vísitölubætur. Það er álit okkar stuðningsmanna ríkisstj., að atvinnuöryggi skipti mestu máli fyrir velferð verkalýðsins, þannig að fyrir það megi fórna einhverjum vísitölubótum um stundarsakir. Sú óþægilega staðreynd verður nú einu sinni ekki umflúin, að þjóðin hefur minni fjármuni til ráðstöfunar en áður og sömu fjármunirnir verða ekki notaðir nema einu sinni, þannig að þeir peningar, sem nota verður til greiðslu vísitölubóta, verða ekki notaðir líka til tryggingar atvinnunni. Í venjulegu árferði er eðlilegt, að launþegar leggi mikla áherzlu á, að kaupmáttur launa rýrni ekki, en í óvenju slæmu árferði, svo sem nú er, getur það verið launafólki í hag að slaka nokkuð til í því efni um stundarsakir. Og sú lagfæring verðlagsmála, sem gerð hefur verið með gengisbreytingunni, gæti á skemmri tíma en nokkur þorir e. t. v. að vona leitt til þeirrar aukningar framleiðsluafkasta, ef gætt er hófs í kröfum á hendur atvinnurekstrinum á þeim þrengingatímum, sem nú eru, að hægt verði að taka upp þráðinn að nýju í sókn þjóðarinnar til betri lífskjara. — Góða nótt.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Till. sú til þál. um vantraust á ríkisstj., sem hér liggur fyrir til umr., er að sjálfsögðu andvana fædd og marklaus, þegar þess er gætt, að flm. hennar fullyrða í fyrsta lagi, að stefna ríkisstj. í efnahags- og atvinnumálum sé meginorsök þeirra efnahagsörðugleika, sem Íslendingar eiga nú við að etja og telja í öðru lagi, að sú leið, sem valin er út úr efnahagsvandanum, þ. e. gengisbreyting með hliðarráðstöfunum til tekjuöflunar innanlands, leiði yfir allan almenning mikla kjaraskerðingu. Á þessum meginforsendum byggja flm. þá skoðun sína, að ríkisstj. eigi að fara frá.

Hér hefur nú af öðrum verið rætt um efnahagsmálin og mun ég ekki sérstaklega tala um þau. En á

þeim stutta tíma, sem ég hef til umráða, mun ég aðeins drepa á einn þátt atvinnuuppbyggingarinnar, þann, sem snýr að landbúnaðinum.

Á þeim tíma, sem núv. landbrh. hefur markað landbúnaðarstefnuna, hefur með tilstyrk ríkisstj. og stuðningsmanna hennar á Alþ. allt kapp verið á það lagt að gera landbúnaðinn færari um að svara kalli tímans um meiri og fjölbreyttari framleiðslu til sölu á innlendum markaði, svo að hinn ört stækkandi neytendahópur mætti jafnan eiga þess kost að hafa að meginuppistöðu til daglegra þarfa þær fæðutegundir, sem framleiddar eru og unnar í landinu sjálfu. Þetta hefur tekizt vegna þeirrar ræktunar- og uppbyggingarstefnu, sem fylgt hefur verið s. l. 9 ár. T. d. get ég nefnt, að túnin hafa stækkað á þessu tímabili um 40—50 þús ha og munu þau nú vera um 110—120 þús. ha að stærð. Þessi stóraukna ræktun hefur svo orðið þess valdandi, að þrátt fyrir óhagstætt tíðarfar á s. l. sumri og óvenju léleg hey, einkum á mjólkursölusvæði Reykjavíkur, mun trúlega heppnast að forða þéttbýlinu við Faxaflóa frá mjólkurskorti í vetur og þó því aðeins, að unnt verði að flytja mjólk milli héraða eða frá fjarlægari landshlutum. Hér má þó ekki miklu muna, og má af því sjá, hversu stutt getur verið á milli offramleiðslu og vöruskorts. Af þessu má einnig glögglega sjá, að sú örvun, sem löggjöf síðari ára hefur verið ræktunarmönnum, var byggð á raunsæi og framsýni. Á sama tíma hafa byggingar og vélvæðing tekið miklum framförum. Sú löggjöf, sem sett var um Stofnlánadeild landbúnaðarins 1961, var hér mjög mikilvæg, enda vel til hennar stofnað, þar sem deildinni voru tryggðir vaxtarmöguleikar með árlegum tekjum frá bændunum sjálfum úr ríkissjóði. Stofnlánadeildin á því stóran hlut í þeirri hröðu þróun í byggingum og vélvæðingu, sem hér hefur orðið á fáum árum. Sú þróun var alger forsenda þess, að full not yrðu að hinum miklu ræktunarframkvæmdum, sem ég lýsti áðan, hversu miklar hafa verið og hverja þýðingu þær hafa haft. Á þeim 7 árum, sem liðin eru frá því að stofnlánadeildin var efld, svo sem fyrr var lýst, hafa lánveitingar numið hærri fjárhæð en samanlagðar fjárveitingar frá upphafi deildanna til þess tíma. Bændum hefur fækkað nokkuð á þessum árum við það, að jarðir, sem flestar eru erfiðar til búreksturs, hafa fallið úr ábúð og lagzt undir næstu jarðir og bætt þær upp. Við alla þessa þróun hefur meðalbúið á landinu stækkað á 10 árum frá því að vera 270 ærgildi í 400 ærgildi eða um 33%. Það má því með sanni segja, að íslenzkir bændur hafi ekki flýtt sér hægt, heldur hafi þeir hagnýtt sér þær lagasetningar, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir að koma fram, til þess að auka hagkvæmni í rekstri og framleiðni í landbúnaði til hagsbóta fyrir þjóðina í heild.

Þessi hraða uppbygging landbúnaðarins jafnt í ræktun, byggingum og tækjum hefur að sjálfsögðu kostað stórfé. Eins og ég hef þegar lýst, hafa lánasjóðirnir lagt fram stærsta hlutann, en bændur hafa mátt leggja fram æðiháar fjárhæðir í þessu skyni. Síðustu 2—3 ár hafa verið áfallasöm víða um land, og vegna harðæris hafa ráðstöfunartekjur bænda óvíða verið svo háar, að þeir hafi getað lagt fram nægilega mikið fé til þessara framkvæmda. Það er því talið, að á þeim hvíli nokkur þungi vegna lausaskuldasöfnunar. Landbrh. er nú að láta kanna það mál, og að þeirri könnun lokinni verður tekið til athugunar, hverra úrbóta er þörf í því efni.

Á árinu 1962 var lausaskuldum bænda breytt í föst lán og gerðu menn sér vonir um, að sú ráðstöfun hefði bætt aðstöðu bænda til lengri tíma. En bændur notuðu sér ekki þá fyrirgreiðslu í jafnríkum mæli og ætlað var, og mun ástæðan hafa verið sú, að allt of margir þeirra, sem þurftu á aðstoð að halda, hlustuðu á og trúðu þeim fullyrðingum framsóknarmanna, að fyrirgreiðsla Búnaðarbankans væri haldlaus og óaðgengileg. Fyrir þessar sakir nötuðu færri bændur en skyldi þá aðstoð, sem stóð mönnum til boða. Við skulum vona, að færri taki nú alvarlega úrtölunöldur framsóknarmanna, ef horfið verður að því ráði að jafna afkomumöguleika bænda með hliðstæðum ráðstöfunum.

Ég tel, að þessar fáu svipmyndir, sem ég hef brugðið hér upp af þróun landbúnaðarins á s. l. 9 árum, sanni, að nú er sá atvinnuvegur máttugri að mæta áföllum en nokkru sinni áður sakir þeirrar alhliða uppbyggingar, er þar hefur orðið. Og ég hygg, að hið sama muni sannast um aðra atvinnuvegi landsmanna, þótt ég reki það ekki hér. Og ég fullyrði, að þegar stjórnarandstæðingar telja, að ríkisstj. hafi vanrækt að byggja upp atvinnuvegina, er það algerlega út í hött. Hver væru aflabrögðin nú, ef ný og góð skip með beztu veiði- og leitartæki væru ekki fyrir hendi? Hvað um innlendar skipasmíðar, ef allt hefði verið látið reka á reiðanum í því efni? Hvað um raforkuvirkjanir og stóriðjuframkvæmdir, sem hafa skapað stóraukna atvinnu? Hvað um þessar framkvæmdir, ef stjórnarandstaðan hefði mátt ráða? Um margt fleira hliðstætt þessu mætti spyrja, en ég spara mér að telja, en læt ykkur, góðir áheyrendur, um að svara með sjálfum ykkur.

Þá vil ég með örfáum orðum víkja að öðrum þeim áfellisdómi, sem stjórnarandstæðingar hafa kveðið upp yfir ríkisstj., þeim, að hún hafi með gengisbreytingunni, sem gerð var, leitt kjaraskerðingu yfir allan almenning. Ég vil vekja athygli manna á því, að kjaraskerðing var orðin að veruleika áður og það fyrir orsakir, sem allir þekkja og viðurkenna og íslenzkum stjórnvöldum var gersamlega ómögulegt að ráða við. Nei, gengisbreytingin, sem gerð var og þær hliðarráðstafanir, sem boðaðar eru, var sú ráðstöfun, sem tiltæk var og líklegust til þess að leiða okkur út úr efnahagsvandanum á þann hátt, sem átakaminnstur er fyrir þá, sem höllustum fæti standa. Svo sem vænta má, spyr margur þessa: Hvernig koma þessar ráðstafanir við mig og minn efnahag? Því er til að svara, að gengisbreytingin er líkleg til þess að færa nýtt líf í atvinnuvegina og bæta atvinnuástandið í landinu. Sjávarútvegur og iðnaður fá bætta aðstöðu á er-

lendum mörkuðum, og hið sama er að segja um landbúnað að því er varðar þær vörur, sem selja þarf úr landi. Útflutningsuppbæturnar ættu því miklu fremur að nægja til þess að grundvallarverðið standist. Hins vegar er öllum ljóst, að ekki verður hjá því komizt, að hver einstaklingur verður fyrir nokkurri kjaraskerðingu í bili.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að sú till. til þál., sem hér er til umr., væri marklaus. En ef við gerum nú ráð fyrir því, að hún sé flutt af alvöru og hún næði samþykki, þá mundi núv. ríkisstj. að sjálfsögðu fara frá. Hvar væri þá samstaðan um myndun nýrrar ríkisstj.? Og hvar eru úrræði stjórnarandstöðunnar um lausn efnahagsvandans? Eru þau úrræði líklegri til að leggja léttari byrðar á almenning en þær till., sem ríkisstj. hefur kynnt alþjóð? Ég held varla. Formaður Framsfl. segir svo í Tímanum 15. nóvember s.l., eftir að hafa tínt til eitt og annað, sem þyrfti að bæta með styrkjum og framlögum, sem hann reyndar endurtók hér áðan. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við viðurkennum, að þær ráðstafanir, sem við höfum bent á, leysa ekki allan þennan vanda og til viðbótar þeim muni þurfa einhverja aðgerð. Það er mín skoðun, að eins og komið er, muni það vera erfitt að komast hjá því að leggja einhverjar byrðar á menn í einu eða öðru formi."

Þetta segir formaður Framsfl. Í sjónvarpi og útvarpi hefur formaður þingflokks Framsfl. lýst því yfir, að hér verði annaðhvort að breyta gengi íslenzkrar krónu eða taka upp kerfi uppbóta og styrkja, nema hvort tveggja þyrfti til að koma. Ég hygg, að það vefjist fyrir fleirum en mér að finna rétta lausn á því dæmi, sem sett er upp með þeim hætti, sem forsvarsmenn Framsfl. hafa gert að þessu sinni.

Herra forseti. Að lokum vil ég segja þetta. Við Íslendingar eigum við alvarlegan efnahagsvanda að etja vegna minnkandi aflabragða og gífurlegs verðfalls á erlendum mörkuðum. Þessi vandi er svo stór, að ég hygg, að hann sé hverjum manni augljós. Ríkisstj. hefur lagt fram ákveðnar till. til lausnar vandanum, till., sem líklegar eru til þess að koma okkur yfir örðugasta hjallann út úr þeim öldudal, sem við höfum dregizt niður í vegna óviðráðanlegra orsaka. Ef við hlítum þeim ráðum og stöndum saman um framkvæmd þeirra aðgerða, sem ríkisstj. hefur ákveðið að koma fram, munum við fyrr en varir hefja nýja sókn til bættra lífskjara. Þá sókn má enginn hefta. Góða nótt.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Flutt er vantraust á ríkisstj. og má sannlega um það segja, að oft var þörf en nú er nauðsyn.

Gengi íslenzku krónunnar hefur verið fellt í fjórða sinn á 8 árum af sömu ríkisstj. og nú meir en nokkru sinni áður eða um 35%. Það þýðir, að erlendur gjaldeyrir hækkar í verði um nærri 55%. Erlent verð á innfluttri vöru hækkar, sem þessu nemur, og ofan á það koma svo tollar í sömu hlutföllum og áður, en það þýðir, að ríkissjóður tekur til sín stóran hluta í leiðinni. Talið er, að verðlag í landinu muni hækka um 20% af völdum gengisfellingarinnar eftir mælikvarða vísitölunnar. En vitað er, að margar nauðsynjavörur muni hækka um 40—50%. Jafnframt er svo boðað, að enn einu sinni skuli kaupgjaldsákvæði í frjálsum samningum verkalýðshreyfingarinnar afnumin með lagaboði. Það á að banna að greiða umsamda verðtryggingu á kaupið. Launafólki er sagt, að það skuli taka á sínar herðar allar byrðar gengisfellingarinnar bótalaust. Á þennan einfalda hátt hyggst ríkisstj. lækka umsamið kaup í landinu um 20%. Þá er einnig boðað, að með lögum verði samningum hlutasjómanna breytt. Annað og lægra fiskverð á að gilda til fiskimanna en samningar segja fyrir um. Með valdboði á að færa stærri hluta aflans yfir til útgerðarmannsins og taka það frá sjómanninum. Hér kveður óneitanlega nokkuð við annan tón í garð sjómannastéttarinnar en í hillingarræðum ráðh. til hetju hafsins á hátíðisdögum stéttarinnar. Ég efast ekki um, að sjómenn munu meta það eins og efni standa til.

Gengisfellingin, afnám verðtryggingar á kaupið og skertur hlutur sjómanna felur í sér eina mestu skerðingu á lífskjörum almennings, sem um getur á síðari tímum og er um leið hin harkalegasta árás á samningsfrelsi verkalýðshreyfingarinnar. Það er áreiðanlega ekki úr vegi að taka til athugunar hugmynd, sem Alþfl.-maður í Dagsbrún varpaði fram á fundi í því félagi s. l. sunnudag. Hann vildi, að ríkisstj. yrði kærð fyrir Alþjóðavinnumálaskrifstofunni í Genf, sem Ísland er aðili að, fyrir brot á samþykktum þeirrar stofnunar um samningsfrelsi verkalýðshreyfingarinnar. Þessum Alþfl.-manni fannst nú nóg komið af árásum ríkisvaldsins á samningsréttinn og svo mun vera um marga af fylgjendum stjórnarflokkanna. Hæstv. viðskmrh. taldi það áðan jafngilda að hvetja til uppreisnar gegn löglegum ákvörðunum, ef hvatt væri til baráttu gegn lögþvinguðu afnámi á kjaraákvæðum í samningum verkalýðsfélaganna. Þennan hæstv. ráðh. mætti minna á, að alþýða þessa lands þekkir ýmis nöfn yfir þennan verknað, nöfn eins og ólög og ofbeldislög og af slíkum lögum telur almenningur sig ekki bundinn. Þau stríða gegn réttlætiskennd hans. Og það er sannarlega ekki í fyrsta sinn, sem ríkisstj. heggur í þennan knérunn.

Í tengslum við gengisfellinguna 1960 var samningum breytt með lagaboði og bannað að semja um vísitölu á kaup. Afleiðing þess varð meiri ófriður á vinnumarkaðinum en við höfum áður þekkt. Á haustmánuðum 1963 átti að banna kauphækkanir tímabundið og var frv. þess efnis komið gegnum allar umr. á Alþ., þegar verkalýðshreyfingunni tókst að forða því glapræði. Með júnísamkomulaginu 1964 má segja, að þessu styrjaldartímabili lyki. Þá var með samningum við ríkisstj. lögfest verðtrygging á kaupið miðað við framfærsluvísitölu. Þetta samkomulag var í gildi þar til í nóv. í fyrra, að ríkisstj. rauf það um leið og gengið var fellt. Í marzmánuði s. l. voru gerðir samningar við

atvinnurekendur um nýjar reglur varðandi vísitölu á kaup. Þeir samningar voru gerðir í lok víðtækasta verkfalls sem hér hefur verið háð. Þessa samninga, sem þó voru um mikið skerta vísitölu frá því, sem áður gilti, á nú að ónýta með lagaboði. Andsvör verkalýðshreyfingarinnar við þeirri gífurlegu kjaraskerðingu, sem nú blasir við, og árásinni á gerða samninga eru nú sem óðast að koma í ljós. Hvert félagið af öðru segir upp samningum sínum og mótmælir gengisfellingunni. Hinn fjölmenni útifundur Alþýðusambandsins hér í Reykjavík s. l. sunnudag sýndi glögglega hug launþega í höfuðstaðnum. Samningar verkalýðsfélaganna renna út um áramótin. Þeir valdamenn, sem í alvöru hugsa sér að koma á þessari miklu kjaraskerðingu verða að gera sér ljóst, að með því er stofnað til nýs ófriðar á vinnumarkaðinum og stórfelldra stéttaátaka í landinu.

Áreiðanlega eru ekki svo fáir menn í þessu landi, sem geta tekið á sig þessar miklu verðhækkanir bótalaust, án þess að það komi við pyngju þeirra. Það eru þeir menn, sem hafa á hverjum mánuði margföld verkamannalaun. Væri ekki hollt, áður en lengra er haldið, að þessir menn, t. d. hæstv. ráðh., sem hér ganga fram fyrir skjöldu, reyndu að setja sig í spor þess fólks, sem aðeins hefur 10—12 þús. kr. á mánuði til allra þarfa fjölskyldunnar, en þetta eru nú almenn laun þess verkafólks, sem atvinnu hefur. Það verður að vera öllum ljóst, að kaup þessa fólks er ekki hægt að skerða.

Af því hefur verið státað, m. a. í aðalmálgagni ríkisstj., að hér á landi væru þjóðartekjur á mann þær þriðju hæstu, sem þekktust í heiminum. Nú er að vísu sagt, að þær hafi lækkað um 15% á mann, en við munum samt vera meðal þeirra Evrópuþjóða, sem hæstar þjóðartekjur hafa á mann. Rétt er það, að nú hefur þjóðarbúið orðið fyrir verulegum áföllum í viðskiptum út á við, og ég vil sízt gera lítið úr þessum erfiðleikum. En áður en ráðizt er á kjör hins almenna launþega, sem aðeins hefur til hnífs og skeiðar, verða þeir að fórna, sem tekið hafa til sín bróðurpartinn af því, sem þjóðin hefur aflað á liðnum árum. Krefjast verður réttlátari skiptingar þjóðarteknanna, og er ekki einnig sjálfsagt, að fram fari eignakönnun, er leiði í ljós eignaskiptinguna? En það virðist ekki hafa verið ætlunin að koma verulega við þá, sem ætla mætti, að frekar gætu tekið á sig byrðarnar en verkafólkið. Athyglisvert er, að á sama tíma og launþegunum er ætlað að búa við óbreytt kaup í nýju dýrtíðarflóði, fær kaupsýslustéttin fleiri krónur er áður fyrir að afhenda sama vörumagn. Og er þá ótalinn sá mikli greiði, sem hæstv. ráðh. gerðu öllum bröskurum með því að tilkynna gengisfellinguna eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir með margra vikna fyrirvara. Í öðrum löndum er litið á slíkar tilkynningar sem alvarlegt trúnaðarbrot, og þeir, sem það gera, látnir segja af sér.

Í sambandi við gengisfellinguna er því mikið haldið á lofti, að allir verði að fórna og taka á sig kjaraskerðingu. En það er einmitt þetta, sem almennir launþegar hafa þegar gert. Kjaraskerðing gengisfellingarinnar kemur í kjölfar stórskertra tekna af völdum minnkandi atvinnu og atvinnuleysis. Þá er kaupmáttur launanna nú einnig minni sökum þeirra skertu vísitöluuppbóta, sem launþegar hafa búið við allt þetta ár. Í mörgum tilvikum er ætlað, að tekjur launafólks hafi þegar lækkað um 20—30%. Launþegar hafa því vissulega tekið á sig þungar byrðar.

Mesta áhyggjuefni verkafólks og verkalýðsfélaganna hefur á þessu ári verið atvinnuástandið, hinn mikli samdráttur í atvinnulífinu. Víða um landið hefur verið nær samfellt atvinnuleysi hjá mörgu fólki á þessu ári og aðeins unnin dagvinnan hjá þeim, sem vinnu hafa haft, en þá hrökkva tekjurnar skammt. Hér í Reykjavík kynntumst við atvinnuleysinu alvarlega fyrr á þessu ári, en þá komst tala skráðra atvinnuleysingja í 600. Nú er útlit í atvinnumálum uggvænlegra hér um slóðir en það hefur verið í áratugi. Í Reykjavík eru nú skráðir nokkuð á þriðja hundrað atvinnuleysingjar og fréttir berast sífellt um nýjar uppsagnir. Á næstu vikum getur skollið hér á fjöldaatvinnuleysi, ef ekkert verður að gert. Flestir munu geta gert sér í hugarlund, hvert er hlutskipti þess fólks, sem verður fyrir þeirri þungu raun að verða atvinnulaust. Við því blasir neyðin ein.

Í marga mánuði hefur verið ljóst að hverju stefndi í atvinnumálum verkafólks og verkalýðsfélögin hafa varað við og gert kröfur um úrbætur. En þrátt fyrir það hefur ríkisstj. lítið aðhafzt til að hindra þessa óheillaþróun. Nú ber hins vegar svo til, að hæstv. forsrh. lýsir því yfir í framsöguræðu hér á Alþ. fyrir frv. um ráðstafanir vegna gengisfellingarinnar í síðustu viku, að ríkisstj. væri fús til samráðs við verkalýðshreyfinguna um framkvæmdir til atvinnuaukningar og þetta endurtók hann hér í kvöld. Er naumast hægt að skilja þetta á annan veg en verkalýðshreyfingin eigi að sætta sig við kjaraskerðingu gengisfellingarinnar gegn úrbótum í atvinnumálum. Miklu berlegar kom þetta fram í forystugrein Alþýðublaðsins s. l. sunnudag, en þar er sagt, að verkalýðshreyfingin eigi að knýja fram hliðarráðstafanir í stað kauphækkana. Hún eigi að knýja ríkisvaldið til verulegra aðgerða í atvinnumálum og húsnæðismálum og ríkisstj. muni hafa skilning á því sviði, eins og blaðið orðar það. Vegna þessarar skrifa og þeirra, sem kynnu að hugsa eitthvað þessu líkt, er nauðsynlegt að taka fram, að verkalýðshreyfingin gerir nú aðeins kröfu til óbreytts kaupgjalds miðað við verðlag. En hún vill ekki sætta sig við verðhækkanir bótalaust. Hún gerir kröfu til verðtryggingar á kaupið. Þá verða menn enn fremur að skilja, að atvinnuöryggi verkafólks er ekki verzlunarvara og verkalýðshreyfingin mun ekki verzla með eitt eða neitt, til þess að þessi ríkisstj. gæti þeirrar sjálfsögðu skyldu allra ríkisstj. að gera allt til þess að halda uppi fullri atvinnu í landinu.

Sagt er, að gengisfellingin eigi að auka atvinnu og tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Hið

sama var einnig sagt fyrir ári síðan. Forsvarsmenn hinna ýmsu greina atvinnulífsins lýstu því í Morgunblaðinu í fyrri viku, að gengisfellingin ein nægði ekki til þeirra hluta. Það mun og sanni nær. Ekki nægir gengisfellingin til að opna þau frystihús, sem nú eru lokuð vegna milljónaskulda eða haldið er gangandi um skamma hríð með bráðabirgðaráðstöfunum. Ekki mun lækkun á hefðbundnum hlutaskiptum fiskimanna nægja til að standa undir auknum skuldabyrðum fiskibátanna af völdum gengisfellingarinnar, og þannig mætti lengi telja. En það eru til atvinnurekendur, sem augljóslega græða á gengisfellingunni. Svissneski álhringurinn og bandaríska herstjórnin geta nú greitt vinnustundir Íslendinga með mun færri frönkum eða dollurum en áður. Land okkar verður nú eftirsóttara fyrir erlenda auðjöfra til arðráns á íslenzku vinnuafli. Hin mikla gengisfelling, sem nú hefur verið framkvæmd, og boðuð kjaraskerðing af völdum hennar, kemur í lok mesta góðæristímabils, sem komið hefur á þessu landi. Góð aflabrögð, hagstæð verzlunarkjör og þrotlaus vinna verkafólks hefur fært þjóðinni mikinn auð á undangengnum árum. Einnig hafa verið tekin stór erlend lán. Engir valdamenn þessa lands hafa nokkru sinni haft viðlíka auð úr að spila og núv. ríkisstj. hefur haft. En stefna hennar hefur verið óheft frelsi. Dýrmætum gjaldeyri þjóðarinnar hefur verið sóað og sjónarmið verzlunargróðans verið látin ráða. En undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar hafa drabbazt niður. Þúsundir bifreiða hafa verið fluttar inn að ógleymdum tertubotnum, en enginn togari. Hundruðum millj. í erlendum gjaldeyri hefur verið varið til kaupa á vélum og tækjum til iðnrekstrar, en síðan standa þessi tæki að mestu verklaus vegna óhefts innflutnings á þeim vörum, sem framleiða átti. Þessi stefna er orsök þess, að allt skuli komið í þrot um leið og nokkuð bjátar á í þjóðarbúskapnum eftir hin miklu veltiár. Það er vissulega merki óstjórnar, sem mál er, að linni.

Hin harkalega kjaraskerðing, sem boðuð hefur verið, leysir engan vanda, en stofnar til ófriðar í landinu. Frá henni verður að hverfa. En verði hún knúin fram, á alþýða landsins aðeins einn kost. Hún verður að fylkja liði í samtökum sínum og beita afli þeirra til að rétta sinn hlut. Og það verður að marka nýja stefnu í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, stefnu sem tryggir batnandi lífskjör, örugga atvinnu og fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Hv. stjórnarandstæðingar hafa legið ríkisstj. á hálsi fyrir aðgerðarleysi í efnahagsmálum og fyrir ófyrirgefanlegan drátt á því að ráðast gegn vandanum. Málgögn þeirra og málflutningur allur hefur mótazt af hnútuköstum út af því, að ríkisstj. hafi hvorki vit né kjark til að beita sér fyrir úrlausn í efnahagsmálum. Um 7 vikna skeið stóðu yfir viðræður við þessa ágætu menn og geysimikil vinna innan stjórnarráðs og utan var í það lögð að útvega þeim allar þær upplýsingar, sem þeir báðu um varðandi ástand atvinnu- og efnahagsmála. Eftir að allar þessar upplýsingar lágu fyrir, gátu þeir stjórnarandstæðingar samt ekki mótað afstöðu sína til lausnar efnahagsvandanum og leggja þess í stað fram till. um vantraust á ríkisstj. Það er þeirra framlag til lausnar vandanum.

Þessi frammistaða getur e. t. v. talizt mannleg, en stórmannleg verður hún aldrei talin. Það er vitanlega léttara og í alla staði auðveldara að finna að og gagnrýna en þurfa að framkvæma ráðstafanir, sem vitað er fyrirfram, að hljóta um sinn a. m. k. að verða óvinsælar meðal almennings. Ástæða væri því til að ætla, að nú hefði skapazt skilningur á því, að ráðizt verði til lausnar vandanum. Að mjög vel athuguðu máli varð niðurstaðan sú að framkvæma gengisbreytingu. Um engan kost góðan var að velja. Allar mögulegar leiðir leiddu til kjaraskerðingar um sinn í einu eða öðru formi. Hjá því varð ekki komizt.

Ástæðurnar til þess, að gengisbreyting var valin, eru einkum fólgnar í eftirfarandi: Hún á í fyrsta lagi að skapa útflutningsatvinnuvegunum á ný viðunandi rekstrargrundvöll, sem er skilyrði þess, að tækifæri til framleiðsluaukningar, betri nýtni og fjölbreyttari framleiðslu verði notuð til hins ýtrasta. Gengisbreytingin hefur hins vegar ekki eingöngu áhrif á útflutningsatvinnuvegina, heldur mun hún hafa örvandi áhrif á aðrar framleiðslugreinar, einkum í iðnaði, þar sem ný tækifæri í framleiðslu án tollverndar til útflutnings ættu að geta skapazt í vaxandi mæli í skjóli hagstæðara gengis. Yfirleitt má segja, að áhrifamáttur gengisbreytingar sé í því fólginn, að hún hefur áhrif á hlutföllin milli erlends og innlends kostnaðar í öllum greinum þjóðarbúskaparins, jafnt í framleiðslu sem neyzlu. Hvarvetna hvetur hún til meiri gjaldeyrisöflunar jafnframt því, sem öll verðhlutföll færast íslenzkri vöru og þjónustu í hag. Það er einmitt slíkur tilflutningur eftirspurnar frá erlendum til innlendra framleiðsluþátta, sem er nauðsynlegur til þess að jafnvægi geti náðst að nýju í greiðsluviðskiptum við útlönd eftir hina stórfelldu lækkun útflutningstekna, sem átt hefur sér stað undanfarin 2 ár. Gengisbreytinguna nú þarf sérstaklega að miða við nauðsyn þess, að ný tækifæri skapist til að auka fjölbreytni útflutningsatvinnuveganna og koma á fót nýjum, sterkum og vaxandi framleiðslugreinum við hlið sjávarútvegsins. Eigi Íslendingar ekki vegna lækkunar útflutningsteknanna að bíða varnalegan hnekki í baráttu sinni fyrir bættum lífskjörum, verður á næstu árum að eiga sér stað stórkostleg aukning útflutningsframleiðslu og hvers konar gjaldeyrisöflunar, þótt margvísleg tækifæri séu tvímælalaust enn ónotuð í sjávarútveginum, og þau verður að fullnýta, er engu að síður ljóst, að treysta verður í framtíðinni mjög á auknar gjaldeyristekjur af annarri starfsemi. Gjaldeyrisöflun þjóðarinnar á ekki að hvíla svo að segja eingöngu á einum atvinnuvegi, sjávarútveginum, og flestar

aðrar greinar geti notið verndar og góðra lífskjara í skjóli hans.

Íslendingar standa nú frammi fyrir því mikla verkefni að gera iðnaðarframleiðslu landsins samkeppnishæfa, ekki aðeins á innanlandsmarkaði, heldur einnig í vaxandi mæli á erlendum mörkuðum. Þetta verður hins vegar aldrei gert nema á grundvelli gengis, sem er hagstætt innlendri framleiðslu jafnframt því, sem afnema þarf það verndarkerfi, sem hér á landi hefur byggzt upp í skjóli hinna miklu yfirburða sjávarútvegsins. Loks er það mikilvægt markmið gengisbreytingarinnar, eins og nú er komið efnahagsmálum, að hún nægi til þess að skapa efnahagslegt svigrúm til þess að auka atvinnu og tryggja eðlilegt atvinnustig á komandi árum. Takist okkur hins vegar að koma greiðslujöfnuðinum í viðunanlegt horf ásamt því að ná viðráðanlegum erlendum lántökum, á að geta skapazt nýtt tækifæri til að örva efnahagsstarfsemina með innlendum aðgerðum á sviði peninga- og fjármála, sem aftur er undirstaða alls atvinnuöryggis í landinu.

Í þessum umr. verður þó að segja hv. stjórnarandstæðingum eitt til hróss, en það er, að síðan þeim var gefinn kostur á að fá allar umbeðnar upplýsingar, hafa þeir stórlega dregið úr þeim áróðri sínum, að vandinn, sem nú steðjar að, væri að langmestu leyti heimatilbúinn. Það sannast hér, að jafnvel áróðri og blekkingum fluttum gegn betri vitund eru þó nokkur takmörk sett. Síldaraflinn á yfirstandandi ári er einungis ¼ hluti eða 25% þess síldarafla, sem veiddist á s. l. ári, og þótti hann þá nægjanlega lítill, og verðlag á afurðum þess hluta, sem veiddur er til bræðslu, hefur lækkað um 30% frá árinu 1966. Nokkur aukning hefur hins vegar orðið á þorskafla vélbáta og togara. Verðlækkun þessara afurða erlendis hefur hins vegar gert mun meira en að éta þessa aflaaukningu upp, en verðlækkun frystra fiskafurða einna síðan 1966 mun hafa numið því sem næst 20—30%. En frá árinu 1966 til þessa árs hefur tekjutapið alls orðið 2400 millj. kr. Þegar tillit er til þess tekið, að hér er um helztu útflutningsvörur okkar að ræða, sem námu um 75% af heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar á árinu 1966, sjá allir, sem vilja sjá, hve gífurlegur vandinn er. Hér er þó ótalin verðlækkun á öðrum sjávarafurðum, eins og rækju, og mörgum öðrum niðurlögðum og frystum sjávarafurðum. Verðhrun erlendis ásamt mun minni afla verður aldrei hægt að færa á reikning innlendra valdhafa, hverjir, sem þeir eru. Sé það gert, er það ódrengileg leið til að koma ósannri sök á hvern, sem slíkum trúnaðarstörfum gegnir. Alþfl. vó og mat þær leiðir, sem um var að ræða til lausnar þessum gífurlega efnahagsvanda. Hann og ríkisstj. öll hefðu sjálfsagt átt þann kost að hlaupast frá vandanum með því að setja einhver þau skilyrði, sem vitað var, að ekki voru framkvæmanleg. Það hefur verið háttur sumra stjórnmálaflokka hér á landi, þegar horfzt hefur verið í augu við erfiðan vanda. Það hefði verið auðveldasta leiðin, sem mörgum hefði sjálfsagt fallið vel í geð og þá ekki sízt stjórnarandstæðingum, sem eiga þá von æðsta, að ríkisstj. fari frá. Þessa ósk bera þeir fram í hverri ræðunni á fætur annarri ásamt tilheyrandi níðskrifum í málgögnum sínum án þess að boða nokkra ákveðna leið út úr vandanum.

Fólkið í landinu kýs þm. og þá um leið ríkisstj. til þess að fara með umboð sitt á milli kosninga. Reynist hlutaðeigendur ekki færir um að fara með þetta umboð og hljóta dóm að kjörtímabili loknu, eiga þeir að boða til nýrra kosninga. Enn þá er ekkert tilefni til þess. Verði þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera til úrlausnar á efnahagsvandanum, brotnar á bak aftur með utanaðkomandi áhrifum, ber þjóðinni að velja á ný milli ákveðinnar stefnu ríkisstj. annars vegar og þokukennds stefnuleysis og óvissu stjórnarandstöðu hins vegar. Vandinn, sem við er að etja, stæði hins vegar jafn óleystur eftir.

Hinn almenni maður segir í dag: Vitanlega eru þetta þungar klyfjar, sem þið ætlið okkur að bera. Eina leiðin, til að okkur verði mögulegt að bera þær, er að tryggð verði viðunanleg atvinna. Annars verður það varla mögulegt. Þetta var það, sem réði afstöðu Alþfl. Gengisbreytingarleiðin reyndist að vel athuguðu máli gefa mesta möguleika, til að haldið yrði uppi fullnægjandi atvinnu, þótt um kjararýrnun yrði að ræða um sinn. Þess vegna var sú leið valin.

Í síðustu kosningum sagði Alþfl., að hann mundi reynast ábyrgur flokkur, jafnvel þótt það væri ekki ávallt vinsælt. Þess vegna hefur hann stutt og mun styðja ábyrgar tilraunir til lausnar þeim þjóðarvanda, sem að okkur steðjar nú, eins og hann hefur áður ótrauður í starfi sínu gert. — Góða nótt.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur fjær og nær. Um það er ekki deilt, að til stórfelldra og þungbærra aðgerða varð að grípa í efnahagsmálum okkar atvinnuvegunum til aðstoðar til greiðslujafnaðar við útlönd og vegna verulegs halla ríkissjóðs. Um hitt er deilt, hvers vegna svo er komið, sem komið er. Stjórnarandstæðingar staðhæfa, að hér sé fyrst og fremst vanstjórn og óstjórn um að kenna, stjórnarsinnar, að höfuðástæðan sé aflabrestur og markaðshrun auk ýmissa þjóðfélagslegra aðstæðna, sem ekki hafi reynzt gerlegt að ráða við. Fyrir því hafa verið færð rök, sem stjórnarandstaðan hefur ekki treyst sér til að bera brigður á, að frá árinu 1966 og til ársins í ár hafi útflutningsverðmæti okkar lækkað fast að 45%, og ætti þá engum að leynast, hve gífurlega aðstaða þjóðarinnar hefur breytzt til hins lakara. Að við höfum enn ekki fundið meir fyrir þessari tekjurýrnun þjóðarinnar í daglegu lífi okkar en raun ber vitni, stafar af því, að gjaldeyrisvarasjóði þeim, sem skapaðist á árunum 1960—1966 hefur verið eytt til afbötunar tekjurýrnuninni. Segir þó stjórnarandstaðan ýmist, að hann hafi aldrei verið til nema á pappírnum eða það hafi verið óstjórn að eyða honum upp. Leynist víst engum, að tvísagan bendir á veikan málflutning, því að ekki getur hvort tveggja

verið, að gjaldeyrissjóðurinn hafi enginn verið og þó ráðleysi að eyða upp á tveim árum því, sem ekki var. Auðvitað var gjaldeyrissjóðurinn til og nú liggur fyrir, að honum hefur verið eytt til að halda uppi svipuðum lífskjörum almennings árin 1967 og 1968 og þjóðin naut 1965 og 1966, þótt gjaldeyristekjur þjóðarinnar hefðu farið stórminnkandi. Það blasir nú við, að þetta var ofrausn. Það er auðvelt að vera vitur eftir á, en vandasamara er að sjá hluti fyrir. Hér er afsökunin sú, að ráðamenn hugðu aflabrest síldar og verðfall síldarafurða stundarfyrirbæri, sem hins vegar reyndist viðvarandi um lengra skeið. En sá stjórnarandstaðan betur fyrir? Hvatti hún til varúðar? Mælti hún fyrir lækkun á fjárl. í fyrra? Fylgdi hún aðgæzlustefnu í kaupkröfum, svo að rekstrargetu atvinnuvega yrði ekki teflt í tvísýnu? Hverjir minnast þessa?

Auðvitað hefðum við átt að herða mittisólina um nokkur göt strax í fyrra. Auðvitað hefðum við átt að taka upp 20% aðflutningsgjaldið strax á s. l. vori, eins og þingflokkur Alþfl. raunar lagði til, en yfirstjórn bankanna taldi þá ekki tímabært. En er hægt að segja, að það sé vanstjórn eða óstjórn að spá ekki alltaf rétt í framtíðina, sjá ekki alltaf 6 mánuði eða eitt ár fram í tímann?

Önnur höfuðröksemd stjórnarandstöðu fyrir því, að óstjórn og vanstjórn sé meginorsök núverandi vandræðaástands í efnahagsmálum okkar, er sú, að framleiðsluverðmæti þjóðarinnar séu nú ekki undir meðaltali áranna 1962—1964 og hafi þjóðin þó þá lifað sældar- og uppgangslífi á framleiðslu sinni og atvinnuvegirnir staðið með hinum mesta blóma. Hinu skýtur stjórnarandstaðan undan, að nú þurfa framleiðsluverðmætin að fæða fjölmennari þjóð en fyrr, standa undir fleiri og meiri afborgunum fjárfestingarframkvæmda og vöxtum en fyrr og greiða drjúgum hærri kostnað við verðmætasköpunina en fyrr. Þannig mætti lengur telja. Nú sjáum við að vísu öll eftir á, fyrst mál hafa þróazt, svo sem þau hafa gert, að við hefðum þurft með einhverjum hagstjórnaraðgerðum að halda eftir verulegum hluta af gróðakúf áranna 1965 og 1966, fjárfesta minna í óarðbærum framkvæmdum, hleypa síldargróðanum minna út í verðlag og kaupgjald. Það er auðvelt að vera vitur eftir á. En hugleiðið samt, hlustendur góðir, hvort nokkurri stjórn hefði haldizt slíkt uppi þessi ár, eins og stórgróðagállinn var þá á okkur. Man nokkur til þess, að stjórnarandstaðan varaði þarna við? Minnast nokkrir þess t. d., að hv. 4. þm. Austf. og 2. flm. vantrauststill. þeirrar, sem hér er til umr., Lúðvík Jósefsson, varaði við þjóðhættulegri offjárfestingu í síldarverksmiðjum á Austfjörðum þessi árin? Man nokkur til þess, að stjórnarandstaðan varaði við ótímabærum kauphækkunum, sem leiddu til verðbólguaukningar og lömunar á rekstrargetu atvinnuvega, ef harðnaði í ári? Var stjórnarandstaðan hófsöm í kröfum sínum á hendur ríkissjóði, og hverjir vildu taka gjaldeyrisvarasjóðinn til fjárfestingarframkvæmda í stað þess, að hann væri kornforði feitra ára til magurra? Ég er ekki með þessum orðum að ásaka stjórnarandstöðuna fyrir að hafa ekki séð hlutina fyrir 1965 og 1966, eins og þeir birtast í dag. En minnast skyldi hún þess, að það, sem hún kunni ekki að spá fyrir, getur hún ekki með góðri samvizku álasað öðrum fyrir að hafa ekki kunnað að reikna rétt út. Ég vil enn fremur vekja athygli á, að jafnvel þótt ríkisstj. og stjórnarliðar hefðu verið svo miklu framsýnni 1965 og 1966 en stjórnarandstaðan að sjá þá fyrir núverandi aðstæður og þá jafnframt gera sér fulla grein fyrir, hvað gera þurfti til að afstýra vandanum, mundi það hafa verið takmarkað, sem ríkisvaldið hefði komizt fram með að gera af þeim ráðstöfunum. Þetta þykja kannske stór orð, en það er engum til gagns að horfast ekki í augu við það, hvar við erum á vegi stödd með stjórnfestu. Við látum ekki létt að stjórn, Íslendingar. Og skilningur okkar á heildarhag er takmarkaður. Í þjóðfélaginu ráða mjög öflugir hagsmunahópar, sem eiga það til að beita afli sínu miskunnarlaust sér til framdráttar, þótt almannaheill bjóði annað. Íslenzk ríkisstj. hefur ekki að baki boðum sínum öfluga lögreglu, sem geti gefið framkvæmdavaldinu áherzluþunga, þaðan af síður her, sem betur fer. En af þessu leiðir, að engin ríkisstj. kemst lengra í ráðstöfunum sínum en almenningur eirir gerðum hennar, hve skynsamlegar og nauðsynlegar, sem þær annars eru, og þarf enda ekki alltaf almenning til. Takmarkaðir hagsmunahópar geta komið hér á afdrifaríkan hátt við sögu. Hér er það, sem ábyrgð og vandi stéttarsamtaka og hagsmunahópa er ekkert barnameðfæri. Festa og viðsýni er þar nauðsyn, en óbilgirni og þröngsýni bráður háski. Af þessum sökum mætti ætla, að það væri skynsamlegt og mjög til bóta, að ríkisvaldið veitti hinum ýmsu stéttarsamtökum viðtækari og nákvæmari upplýsingar í efnahagsmálum þjóðarinnar en verið hefur síður til þessa. Kynni það að eyða óþarfa tortryggni og væri forustu samtakanna mjög til fróðleiks. Á sama hátt er skynsamlegt og enda fróðlegt að veita stjórnarandstöðunni slíkar upplýsingar, svo að gagnrýni hennar byggist meira á staðreyndum en ímyndunum og blekkingum, svo sem stundum hefur þótt vilja brenna við, vísast af fáfræði og skorti á upplýsingum. Á þessu var einmitt byrjað á mjög ýtarlegan hátt í haust, þar sem stjórnarandstöðunni voru veittar allar tiltækar upplýsingar um efnahagsástandið í sambandi við umr. um hugsanlega breikkun stjórnarsamstarfs, og er nú eftir að sjá, hve drengilega stjórnarandstaðan notar þessar upplýsingar og hvort henni tekst að reka gagnsamlegri gagnrýni en þótt hefur vera undanfarið, því að um það eru ekki skiptar skoðanir, að ákveðin og blekkingarlaus stjórnargagnrýni er þjóðarnauðsyn. Engin stjórn er gallalaus og því síður algóð. Allir hafa sína galla og gera sínar skyssur. Þegar ég hins vegar sá vantrauststill. hv. stjórnarandstöðu s. l. mánudag og nú er hér til umr., duttu mér í hug orð Jónasar frá Hriflu um Steingrím í Nesi, er hann hafði snúizt gegn Jónasi, en með Birni á Brún í framboði til Alþ. Vetri fyrr hafði Steingrímur verið

hætt kominn, legið týndur, svo dægrum skipti í hraungjótu og ritað síðan um hugrenningar sínar þar athyglisverða grein af trúarlegum toga. Jónas mælti: „Ekki hefur Steingrímur vitkazt við það að sjá guð í Aðaldalshrauni.“

Ekki hefur stjórnarandstaðan vitkazt við efnahagsupplýsingar, datt mér í hug. Hér er sem sagt nákvæmlega sama till. á ferðinni og í fyrravetur um svipað leyti og þá var sungið og messað út af sem mest. Vitandi þá sem og nú, að efnahagsráðstafanir varð að gera og báðir stjórnarandstöðuaðilar þá eins og töldu gengislækkun hagfelldustu úrlausnina, þótt þá skorti hreinskilni til að viðurkenna það, heldur reyndu þá eins og nú að þyrla upp moldviðri kringum málið. Eða því beið hv. stjórnarandstaða 5 vikur af þingi með það að koma með vantraust á ráðlausa og dáðlausa ríkisstj. að sínum dómi? Hélt vonin um ráðherrastóla í þjóðbjörgunarhemilinn á þeim svona lengi, eða vildu þeir vera vissir um, að gengislækkunin kæmist örugglega á, þá fyrst væri óhætt að hefja messu? Og hví hefja þeir tvísönginn, áður en vitað er um hliðarráðstafanir ríkisstjórnarflokkanna? Skipta þær afstöðu þeirra engu? Allt eru þetta spurningar, sem hljóta að leita á hugann, en þótt svör við þessum spurningum kunni að þykja forvitnileg, varða þau engan þjóðarvanda.

Þjóðarvandinn er, að hér hefur orðið enn ein gengislækkun af illri nauðsyn að dómi okkar, sem töldum okkur ekki geta skorazt undan því að greiða henni atkv. á Alþ. Og hvers vegna, spyr þú sjálfsagt, hlustandi góður? Ég get aðeins svarað fyrir mig persónulega. Ég hefði talið æskilegra, að um þær efnahagsaðgerðir, sem nú verða gerðar, hefði náðst víðtækari samstaða á Alþ. en raun ber vitni. Ég veit, að þær verða svo sársaukafullar og snerta svo hag hvers einasta einstaklings, að miklu hefði varðað, að um þær hefði náðst samstöðufriður, svo að þær næðu sem víðtækustum árangri án átaka milli stétta, sem tefðu fyrir og drægju úr efnahagsbata. En fyrst þetta náðist ekki, tel ég núverandi stjórnarflokka eiga að standa eða falla með aðgerðum sínum til úrbótar vandanum. Vafalaust höfum við sums staðar teflt skakkt í leiknum leik og skulum þá ekki skorast undan afleiðingum leikblindunnar. En í megindráttum tel ég rétt leikið og því ekki þörf að hvika.

Af þeim gögnum, sem okkur þm. hafa verið lögð í hendur, og af þeim athugunum, sem ég hef sjálfur getað gert, tel ég engan vafa á, að stórfelldum efnahagsaðgerðum varð ekki frestað. Ég dreg enga dul á, að ég hafði mikla tilhneigingu til að fylgja svonefndri niðurfærsluleið, því að mér hrýs hugur við smækkun krónunnar, sérstaklega með sparifé í huga. En ástæður fyrir því, að ég fylgdi gengislækkun sem úrlausn nú, voru þessar helztar.

Gengislækkun mundi fljótar örva atvinnulífið og þar með glæða atvinnu manna, en atvinnuleysi er flestu böli erfiðara. Gengislækkun yrði almenningi ekki eins snöggleg kjaraskerðing og aðrar efnahagsaðgerðir og gæfi fólki meiri tíma til að aðlaga sig hlutunum, t. d. færa ýmiss konar neyzlu af erlendri vöru á innlenda. Gengislækkun kæmi nýjum og í fjölmörgum tilfellum fátækum húsbyggjendum ekki eins erfiðlega og aðrar aðgerðir. Launþegasamtökin mundu betur eira gengislækkun en öðrum efnahagsþrengingum og hún væri brotaminnst í framkvæmd. Efnahagssérfræðingar ríkisstj., en á þeim mundi verulega mæða framkvæmd málsins, virtust helzt hallast að þessari efnahagsaðgerð. Ég skammast mín ekkert fyrir að viðurkenna, að sem leikmaður taldi ég mig ekki geta horft framhjá skoðunum þeirra.

Nú er mér ljóst, að mikið veltur á framkvæmd þessara mála, hvernig almenningur og ýmis hagsmunasamtök taka þeim og hvað gert verður til að bera þyngstu blökin af þeim, sem sízt mega við auknum byrðum. Samkomulag er um að verja 150 millj. kr. til að forða bótaþegum almannatrygginga frá tekjurýrnun af gengislækkuninni. Fyrirhugaðar eru ráðstafanir í skattamálum, sem miði til hagræðis barnmörgum fjölskyldum. Sjúkrakostnaður verði frádráttarbær. Afla á aukins fjár til íbúðabygginga og freistað verður að stuðla að atvinnuaukningu, þar sem þess er brýnust þörf. En allt er þetta enn á athugunarstigi, og sér hver, sem af góðvild vill hugsa málið, að hér þarf nokkurn tíma til. Skiptir því afar miklu, að engir flasi að andstöðu við aðgerðirnar, meðan þær eru í mótun, heldur noti áhrifavald sitt til að stuðla að uppbyggingu þeirra, sem bezt og hraðast. Þar geta launþegasamtökin og ýmis önnur hagsmunasamtök haft úrslitaþýðingu, hvort vel eða illa tekst um þessar aðgerðir allar. Ef þau standa með ríkisvaldinu að þeim, munu þær takast landi og þjóð til hagsældar. En snúist þau gegn þeim, höfum við brotið enn á ný út úr krónunni okkar aðeins til stundarfriðar. Kannske er það þetta, sem vantraustsmennina dreymir? Þó held ég ekki. Þetta eru sómamenn, en ekki misindismenn, að ég bezt þekki. Væri okkur ekki öllum sæmst að taka höndum saman og vinna saman landi og þjóð til farnaðar en ekki sundrungar? Hér þarf allra góðra krafta við. Svo mikið er í húfi. — Lifið heil.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh., Bjarni Benediktsson, gaf þjóðinni í upphafi þessara umr. hér í kvöld fróðlegar upplýsingar og fyrirheit um það, hvaða áhrif hin fjórða og nýjasta og stórfelldasta gengisfelling núv. ríkisstj. mundi hafa. Samkvæmt því fagnaðarerindi, er hann boðaði, átti þjóðin ekki að þurfa að kvíða, síður en svo, heldur fagna. En það, sem ráðh. sagði, var þó svipað og okkur var sagt, að mundu verða áhrif gengisbreytingarinnar í fyrrahaust, og því er eðlilegt, að menn spyrji nú eftir fagnaðarerindi forsrh.: Af hverju hafði gengislækkunin í fyrra ekki þau sömu áhrif og þessari er ætlað að hafa? Af hverju hafði hún á þessum 11½ mánuði, sem leið frá því, að hún var gerð og þar til gera varð hina síðustu gengislækkun og hina mestu, — af hverju hafði hún ekki þessi sömu áhrif og ráðh. heitir nú þjóðinni, að þessi muni hafa? Ráðh.

láðist að skýra það, og að öðru leyti voru röksemdir hæstv. forsrh. um væntanleg áhrif gengislækkunarinnar svo fáránleg og blygðunarlaus gagnvart dómgreind þjóðarinnar, að í hnúkana tekur. En enn er ekki of seint að skýra þetta mál fyrir þjóðinni í þessum umr. Vill ekki ræðumaður Sjálfstfl., sem hér talar á eftir mér, hv. þm. Matthías Bjarnason — og ég skora á hann að gera það — skýra það, af hverju þessi síðasta gengisfelling muni hafa svo miklu betri og hagstæðari áhrif en þessi næstsíðasta, sem gerð var fyrir rúmum 11 mánuðum. Reynslan er ólygin, og því bíður þjóðin eftir skýringum á þessum nýja töframætti síðustu og stórfelldustu gengislækkunar ríkisstj. Er hér ekki sú leikblinda einmitt á ferð, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um? Hér þarf svara við, því að þetta er sjálfur mergurinn málsins í þessum umr. hér í kvöld og mættum við fá meira að heyra.

Þá sagði hæstv. forsrh., að stjórnin væri reiðubúin að víkja, en hún gerði það bara ekki af umhyggju fyrir þjóðinni, vegna þess að þá mundi ekkert taka við í landinu annað en stjórnleysi. Ráðh. lét eins og hann hefði alls ekki heyrt þá kröfu, sem fram hefur verið borin, að málin verði lögð í dóm þjóðarinnar í almennum kosningum, eins og þjóðin á skýlausan rétt til nú. Í stað þess reyndi forsrh. að hræða þjóðina með stjórnleysi, ef núv. ríkisstj. færi frá. Sannleikurinn er sá, að stjórnleysið í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur verið slíkt að undanförnu, að verra getur það naumast orðið. Það þarf kosningar, og það þarf nýja, öfluga ríkisstj. að loknum kosningum, sem hefur traust þjóðarinnar og getur stjórnað. Það er kominn tími til að fara að stjórna á Íslandi, og það verður ekki gert fyrr en þessi ríkisstj. er farin frá. Það veit þjóðin nú.

Það, sem hv. síðasti ræðumaður, Bragi Sigurjónsson, upplýsti um vilja þm. Alþfl. á s. l. vori, en þeir hefðu ekki fengið að koma fram, vegna þess að bankastjórar vildu það ekki, er enn ein staðfesting um það, að það eru embættismenn og sérfræðingar hæstv. ríkisstj., sem ráðin hafa í þessu landi, og hlutverk hv. þm. stjórnarflokkanna hér á hinu háa Alþ. er ekki annað en segja já eða nei eftir skipunum, þegar kippt er í spotta. Þetta skulið þið, áheyrendur góðir, hafa í huga, þegar þið verðið vitni að atkvgr. hér á eftir.

Herra forseti. Á því hefur ræki lega verið vakin athygli í þessum umr., að skuldabyrðin við útlönd er orðin geigvænleg eða samtals um 12—13 milljarðar kr. Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, sagðist hún sérstaklega ætla að miða stefnu sína við það að minnka greiðslubyrðina við útlönd, sem væri hættulega mikil, þótt hún hafi þá aðeins numið broti af því, sem nú er um að ræða, því að nú svarar hún hvorki meira né minna en til allrar freðfiskframleiðslu landsmanna á heilu ári. Hvað er það, sem hér hefur skeð? Það hefur komið fram í þessum umr. hér í kvöld, að þetta erfiðleikaár, árið 1968, er þó ekki verra en það, að það er meðalár í afla og útflutningsverðlagi afurða, þegar tekið er meðaltal nokkurra undanfarandi ára. En meira að segja á mestu toppárunum, sem hér hafa komið í sögu þjóðarinnar, 1965 og 1966, jók þessi ríkisstj. við skuldir landsins um 2000 millj. kr., einmitt þeim árum, þegar átti að leggja til hliðar til mögru áranna. Ungu menn og konur, sem á mál mitt hlýðið. Gerið þið ykkur fulla grein fyrir því, hvað hér hefur raunverulega verið að gerast? Það, sem núv. ríkisstj. hefur gert á undanförnum árum, er að lifa í sinni viðreisnarveizlu og óráðsíu á kostnað okkar, sem tilheyrum yngri kynslóðinni í þessu landi og á kostnað okkar barna. Stórkostlegum byrðum, svo geigvænlega þungum, að menn hryllir við, hefur verið velt yfir á okkur og okkar börn og framtíð okkar og þeirra í þessu landi, okkar, sem eigum að taka og erfa þetta land. Og þessu á nú að halda áfram til þess, segja þeir, að tryggja þjóðinni frelsi. Illt er þeirra ranglæti, en verra er þeirra réttlæti. Þeirra réttlæti, þeirra frelsi grundvallast á því, að við hinir yngri eigum í framtíðinni að borga brúsann, borga kostnaðinn af þessum frelsiskokkteil, þar sem skálað hefur verið fyrir því, að á Íslandi gætu gilt að öllu leyti þau sömu efnahagslögmál og stjórnunaraðferðir í efnahagsmálum og peningamálum, sem henta tugmilljónaþjóðum í iðnaðarþjóðfélögum með yfirfljótandi fjármagn í sínum löndum. Nú eru dreggjarnar drukknar, og þær eru beizkar. En því miður ekki nógu beizkar fyrir þessa háu herra. Þar skal skenkt á skálina aftur. Það á að halda áfram sömu stefnu óbreyttri. Það á að taka meira af erlendum lánum, það á að velta meiri byrðum yfir á okkur hin yngri. Það erum við, sem eigum að axla þær byrðar í framtíðinni. Ég spyr: Ungu menn og konur, eruð þið reiðubúin að samþykkja það að taka á ykkur slíkar byrðar til langrar framtíðar til þess eins, að þessi ráðlausa og dáðlausa ríkisstj., þessi hæstv. óráðsíu- og skuldastjórn geti hangið lengur í ráðherrastólum? Nei, við hljótum öll að segja nei. Nú er nóg komið. Hingað og ekki lengra, herrar mínir, og það segir þjóðin nú nær öll með okkur, þótt þeir, sem ráða meiri hl. hér á hv. Alþ. muni í atkvgr. hér á eftir sjálfsagt ekki viðurkenna það og séu tilbúnir að halda áfram að berja höfðinu við steininn.

Það er sagt, að við ungu mennirnir séum reiðir. Það er rétt. Og við erum einnig leiðir á þrásetu þessara manna í valdastólunum. Og það á ekki bara við um unga framsóknarmenn, heldur ungt fólk í landinu almennt. Og höfum við ekki fulla ástæðu til þess, eins og hér hefur komið fram? Jú, vissulega, því að nú hafa spilin verið lögð á borðið og blekkingarnar afhjúpaðar. Þessi ömurlega mynd blasir nú við okkur. Nú er meðalárferði í landinu og við vitum og við munum ekki gleyma því, eins og sumir virðast gera, að við búum á Íslandi, sem er gott land og gjöfult land, ef rétt er á málum haldið. Við búum ekki í háþróuðu iðnaðarþjóðfélagi tugmilljónaþjóðar, eins og hæstv. ráðh. virðast halda, ef dæma skal af verkum þeirra. Og við viljum ekki heldur vera það. Við viljum vera Íslendingar og við viljum vera stoltir af því að vera það. Við teljum, að gera megi reisn Íslands meiri en nú er og tryggja

sjálfstæði þess, efnahagslegt og stjórnarfarslegt, betur en gert hefur verið. En jafnframt þessu erum við raunsæ. Við gerum okkur grein fyrir því, að á Íslandi getur komið hart ár, og það er forsjálni ein og fyrirhyggja skynsamra manna að gera ráð fyrir því. Það er ekki sagt landinu til hnjóðs, heldur með það í huga, að gæði þess séu svo mikil, ef þau eru nýtt, að jafna megi auðveldlega milli ára, þótt á móti blási eitt eða tvö ár. Þetta er raunsæi. Með raunsæi af sama toga spyrjum við nú, þegar eins er komið og hér hefur verið lýst í meðalárferði: Hvar stöndum við t. d. í lok kjörtímabils núverandi ríkisstj., ef hún heldur áfram að bæta við erlendu skuldirnar, eins og allt bendir til, heldur áfram að velta meiru af byrðum yfir á okkur hin yngri? Hvar stöndum við eftir 2—3 ár, ef þá kemur virkilega hart ár, verulega hart ár? Hvar stöndum við þá? Svarið við þeirri spurningu er svo geigvænlegt, að það hlýtur að vekja hroll með hverjum þjóðhollum Íslendingi. Við værum þá gjaldþrota. Við værum þjóð, sem í fávizku og óráðsíu hefði glatað efnahagslegu sjálfstæði sínu, gæti ekki staðið í skilum vegna þess að hún hefði sólundað verðmætum sínum á kostnað þeirra, sem taka áttu við og erfa áttu landið. Svarið við þessari geigvænlegu en eðlilegu spurningu, sem við spyrjum nú, er það, að við værum beiningaþjóð á ómagaframfæri annarra þjóða og hefðum þar með a. m. k. að nokkru glatað stjórnarfarslegu sjálfstæði okkar, vegna þess að ómagaframfæri fylgja skilyrði, fylgja kvaðir, ef ekki beint, þá óbeint. Þetta svar liggur beint við þeirri spurningu, sem eðlilegt er, að menn spyrji nú, eins og málum er nú komið. Og þeir, sem svona hafa komið málefnum þjóðarinnar og þannig lagt drápsklyfjar á yngri kynslóðina og þær næstu í þessu landi meira að segja á mestu góðæristímunum til þess eins að geta sjálfir setið við hið fjölbreytta veizluborð viðreisnarfrelsisins, þeir létu kjósa sig í síðustu kosningum til að framfylgja vísindalegri verðstöðvunarstefnu, sem þeir sögðu, að auðveldlega mætti fylgja hér fram um mörg komandi ár. Þeir sögðu, að það væri kosið um stöðvun verðlagsins ásamt frelsi. Þeir hömpuðu gjaldeyrisvarasjóði, sem nú er upplýst, að voru bara víxlar, sem þeir höfðu slegið erlendis og lagt inn á bók í Seðlabankanum. Síðan hafa þeir hækkað verðlag á innfluttum vörum um meira en 100%, meira en helming, og fellt gengið tvisvar á 11½ mánuði og þó mest nú síðast, er þeir hækkuðu erlendan gjaldeyri um 55%, en það var fjórða gengisfelling þessarar hæstv., en mjög svo veiku ríkisstj. Leiðin út úr þeim ógöngum, sem nú er komið í, verður ekki farin undir forustu núverandi ríkisstj. Það verður æ fleirum ljóst, og sú skoðun nær langt inn í raðir stjórnarflokkanna sjálfra. En þessi ríkisstj. sýnir slíka óbilgirni, að hún hafnar breiðri samstöðu og samvinnu um lausn þess mikla vanda, sem hún hefur sjálf skapað.

Leiðin út úr ógöngunum nú er sú að efla atvinnugreinar landsmanna með öllum tiltækum ráðum og styðja menn til að koma upp nýjum atvinnugreinum og tryggja þeim heilbrigðan rekstrargrundvöll og vinna markvisst að aukinni framleiðni á öllum sviðum. Það er tryggasti og bezti gjaldeyrissjóðurinn, sem þessi þjóð getur eignazt. En til þess að svo verði, þarf forustu ríkisvaldsins og skilning ráðamanna yfirleitt. Þá forustu fáum við ekki frá ríkisstj., sem í 8 ár hefur lofað okkur meiri fjölbreytni í atvinnulífi og traustan grundvöll atvinnuveganna, en skilið eftir sig rústir einar. Ríkisstj., sem nú er rúin öllu trausti, þótt þeir hv. 32 þm., sem hér segjast styðja hana á hv. Alþ., muni sjálfsagt hlýða í kvöld sínum húsbændum sem endranær. Þjóðinni er nauðsyn á nýrri forustu og samstilltu átaki við lausn vandans, sem nú er við að glíma. Hún krefst þess, að málin verði lögð í þjóðardóm og þessi ríkisstj. fari frá. Á þá lýðræðiskröfu verður hlustað, kannske ekki í kvöld af þessum 32, en ef krafan er nógu sterk og nógu almenn og hljómar um allar byggðir landsins á næstu mánuðum, þá verður þessi ríkisstj. að fara frá. Þá er aftur von, að rofi til og þjóðin geti snúið við á óheillabrautinni og unnið markvisst að því að rífa sig upp úr því öngþveiti, sem nú er komið í á öllum sviðum.

Í síðustu kosningum blekkti núv. ríkisstj. þjóðina herfilega um leið og hún kallaði þá, sem reyndu að segja henni satt, svartsýnis- og barlómsmenn. Nú, er blekkingarnar hafa verið afhjúpaðar, sýnir hún dómgreind þjóðarinnar mikið vantraust, ef hún heldur, að hún geti fengið stuðning hennar til að halda lengra út í fenið. Því vantrausti á dómgreind almennings í þessu landi mun þjóðin svara með vantrausti á þessa ríkisstj. Því fyrr, sem ríkisstj. skilst, hve það vantraust er nú almennt og dregur af því rétta lærdóma, því betra fyrir okkar þjóð og hennar framtíð í okkar landi. Herra forseti, því ber að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir. — Góðir hlustendur. Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er ekki í fyrsta skipti, sem hv. stjórnarandstæðingar halda því fram, að stjórnarflokkarnir hafi fyrir síðustu kosningar blekkt þjóðina og neitað því, að hætta steðjaði að í efnahagsmálum hennar. Í þessu sambandi á að nægja að minna á, að um áramótin 1966—1967 var svo komið, að bátaflotinn hefði stöðvazt, ef fiskverð ekki hækkaði og hraðfrystihúsin og annar fiskiðnaður gátu ekki vegna verðfallsins greitt hærra fiskverð. Þá leystu ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar þennan vanda með því að ríkissjóður greiddi alla fiskverðshækkunina, sem nam um 100 millj. kr. Jafnframt tók ríkissjóður á sig að greiða allt að 75% af verðlækkuninni á frystum fiski, til þess að hraðfrystiiðnaðurinn gæti haldið áfram starfrækslu sinni. Síðan þetta gerðist, hefur afkoma útflutningsatvinnuveganna farið hríðversnandi vegna minnkandi afla, verðfalls á erlendum mörkuðum, samfara sífellt hækkandi tilkostnaði við veiðarnar. Síldin hefur fjarlægzt landið, dýrari veiðarfæri og skip hefur þurft til þess að ná þeim

afla og vinnslukostnaður hefur aukizt í landi. Útflutningsverðmæti þjóðarinnar var á árinu 1966 6 milljarðar 47 millj. kr., en á árinu 1967 lækkaði útflutningsverðmætið niður í 4 milljarða 204 millj. kr. eða um 1 milljarð 848 millj. kr. Á árinu 1968 er áætlað, að útflutningsverðmætið verði um 4 milljarðar 500 millj. kr. Ef gengi krónunnar hefði ekki verið breytt á s. l. ári, mundi þessi upphæð nema á árinu 1968 3 milljörðum 600 millj. kr. Ég vona, að síðasti ræðumaður, blaðamaðurinn Tómas Karlsson, skilji nú og hafi fengið svar við sinni spurningu.

Menn verða ekki vel upplýstir af því að lesa um stjórnmál og efnahagsmál í Tímanum einum blaða. Þessum hv. þm. vil ég einnig svara því til, að þegar hann talar um skuldahækkunina, sem orðið hefur í erlendum skuldum, sleppti hann því alveg að nefna, hvað hefur verið keypt fyrir allt það fé. Honum varð ekki á að segja frá því, að á árinu 1965 voru keypt skip, vélar og flugvélar til landsins fyrir tæplega 2 þús. millj. og á árinu 1966 fyrir svipaða upphæð eða bara á þessum eina lið var eignaverðmæti um 4000 millj. kr. Hann hefur aldrei, blessaður drengurinn, séð þetta í Tímanum, og þess vegna trúir hann því ekki, að þetta hafi átt sér stað. Ég held, eftir að hafa hlustað á ræðu þessa hv. þm., að hér sé kominn leikritahöfundurinn, sem hann hefur lagt til í frumvarpsformi, að ráðinn verði að Þjóðleikhúsinu.

Þessar tölur, sem ég nefndi áðan um útflutninginn, sýna bezt, hvað vandamálin er í raun og veru alvarleg. Svo var komið, að stór hluti útflutningsfyrirtækja var stöðvaður eða um það bil að stöðvast og þarf engan að undra eftir slík áföll, sem við höfum orðið fyrir og enginn hefur ráðið við. Erfiðleikar sjávarútvegsins eru almennt miklir, en þó nokkuð mismunandi eftir hinum ýmsu greinum. Í fiskiðnaði eru áföll hraðfrystihúsanna langgeigvænlegust, og skreiðarframleiðsla hefur að verulegu leyti lagzt niður vegna söluvandræða. Síldveiðar hafa dregizt stórkostlega saman á síðasta ári, en út yfir hefur tekið á þessu ári. Afkoma fólks og framleiðslufyrirtækja er nokkuð misjöfn eftir landshlutum. Austfirðir hafa orðið fyrir einna þyngsta áfallinu vegna síldveiðanna. Víða á Norðurlandi hefur lagazt með aflabrögð á þessu ári, en þar hefur afli verið lakastur á undanförnum árum. Á Suðvesturlandi og við Faxaflóa hefur ástandið hvað afla snertir verið skárra en annars staðar. Við Breiðafjörð hefur mjög dregið úr afla, en á Vestfjörðum eru þessir erfiðleikar mestir og þar hefur orðið mikill samdráttur vegna gífurlegrar minnkunar á afla, sem sennilega á helzt rót sína að rekja til óvenjuslæmrar veðráttu á síðustu tveimur vertíðum, en þó einkum á síðustu vertíð.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að framkvæmd ýtarlegra rannsókna á afkomu atvinnuveganna og á hvern hátt sé hægt að leysa vandamál þeirra og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Stjórnarflokkarnir hafa kynnt sér ýtarlega öll þessi gögn og allar till. þar að lútandi. Að vandlega athuguðu máli og miðað við stærð þessa vandamáls hefur verið farin sú leið að skrá nýtt gengi íslenzkrar krónu til þess að bæta rekstursstöðu allra greina útflutningsins og á þann hátt reynt að tryggja eðlilegan rekstur. Með nýrri gengisskráningu er mögulegt að auka fjölbreytni útflutningsins, bæði hvað snertir nýjar greinar á sviði fiskiðnaðar og annars iðnaðar, sem þarf nú ólíkt betri samkeppnisaðstöðu fyrir sínar vörur á erlendum mörkuðum. Gengisbreytingin styrkir aðstöðu innlends iðnaðar og gerir aðstöðu hans sterkari í samkeppninni við innfluttar iðnaðarvörur. Innlendar skipabyggingar hafa nú fengið samkeppnisstöðu við erlendar skipasmíðastöðvar með gengisbreytingunni og þeirri ákvörðun, sem ríkisstj. tók í byrjun þessa árs, að hækka lán til skipa, sem byggð eru innanlands úr 75% í 85%. Þetta ætti að verða til þess að stórauka verkefni málmiðnaðarins, en þar hefur samdráttar orðið meira vart en í flestum öðrum iðngreinum. Gengisbreytingin og þær ráðstafanir, sem fylgja í kjölfar hennar, eru við það miðaðar að bæta rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna. Hins vegar er það ótvírætt, að efnahagur margra útflutningsfyrirtækja er mjög illa kominn vegna taprekstrar á undanförnum árum. Það er þess vegna brýn nauðsyn, að jafnhliða bættri rekstrarstöðu verði efnahagsvandamál þessara aðila tekin til bráðrar úrlausnar og lagt kapp á, að þeim fyrirtækjum, sem þegar hafa orðið að stöðva rekstur sinn eða eru af þessum sökum komin að því að stöðva hann, verði gert kleift að komast í gang, því að stöðnun fyrirtækja leiðir til samdráttar í framleiðslu og minnkandi gjaldeyrisöflunar, sem veldur algeru atvinnuleysi á þeim stöðum, sem næstum eingöngu eiga atvinnu sína undir því, að þessi framleiðslufyrirtæki starfi með eðlilegum hætti. Í þessu sambandi er eðlilegt og skylt að taka tillit til óvenju mikilla erfiðleika í ákveðnum landshlutum og leysa þeirra mál með sérstökum aðgerðum umfram þær almennu aðgerðir, sem fram þurfa að fara. Ég tel eðlilegt, að stofnsjóðir og bankar taki að einhverju leyti á sig að létta hinar þungu byrðar framleiðslufyrirtækjanna eftir þessi erfiðu ár með því að gefa eftir hluta af skuldum þeirra við þá eða breyta þeim í föst lán til langs tíma með lágum vöxtum. Það er rétt að taka fram, að þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera, eru ekki gerðar fyrir sjávarútveginn einan, heldur vegna þjóðarinnar í heild. Starfræksla útgerðar og fiskvinnslu er undirstaða þess, að atvinna sé fyrir hendi og jafnframt, að ekki verði samdráttur í öðrum atvinnugreinum.

Það kemur engum á óvart, að þær efnahagsráðstafanir, sem nú er verið að gera eftir þau þungu áföll, sem þjóðin hefur orðið fyrir, leiða af sér skerðingu á lífskjörum. Það er engin ástæða til þess að draga fjöður yfir það. Hitt er þjóðinni mikilvægara, að atvinna haldist og ekki verði farið út í þær aðgerðir, sem eyðileggja þessar ráðstafanir. Slíkt mundi aðeins leiða til stöðvunar atvinnulífsins og atvinnuleysis. Atvinnuleysið er mesta böl, sem yfir okkur getur komið.

Báðir flm. þessarar vantrauststill. hafa haft greiðan aðgang að öllum gögnum um ástand efnahagsmálanna og stöðu útflutningsatvinnuveganna. Þeir vita mætavel, að það varð ekki hjá komizt að gera ráðstafanir, sem höfðu í för með sér kjaraskerðingu. Það er hyggilegra að taka á sig kjaraskerðingu um hríð, meðan verið er að komast yfir þessa erfiðleika, og það er skoðun mín, að þeir, sem koma með úrræði til þess að haldið sé atvinnu í landinu, muni ekki reynast launþeganum verri en hinir, sem aldrei þora að hafa ákveðna skoðun til lausnar vandamálunum, en kynda í þess stað eld að glóðum óánægju og sundrungar. Það er víst, að jarðskjálftadeild hins nýja Alþb. vísar ekki þjóðinni leiðina til bættra lífskjara með grjótkasti í Alþingishúsið og kröfu um að lífláta forustumenn þjóðarinnar.

Núverandi stjórnarflokkum er fyrir löngu ljóst, að einhæft atvinnulíf, sem byggist á sveiflukenndum atvinnurekstri, eins og sjávarútveginum, skapar aldrei jafna framleiðslu. En þó að sjávarútvegurinn muni um ófyrirsjáanlega framtíð verða höfuðmáttarstólpi útflutnings okkar, er brýn nauðsyn að auka fjölbreytni atvinnulífsins og eiga ekki alla afkomu undir duttlungum hafs og veðráttu. Stjórnarflokkarnir hikuðu ekki við að taka ákvörðun í stóriðjumálinu. Bygging álverksmiðjunnar í Straumsvík og Búrfellsvirkjunin eru stærstu framkvæmdir, sem hefur verið ráðizt í. Þær hafa tekið við miklu vinnuafli, sem sannarlega hefur ekki veitt af. Þegar álverksmiðjan tekur til starfa, mun framleiðsla hennar auka útflutningstekjur þjóðarinnar og sköttum af henni verður varið til uppbyggingar atvinnulífsins úti á landsbyggðinni. Hver var afstaða stjórnarandstöðunnar til stóriðjumálsins? Þeir börðust hatramlega á móti málinu. Alþb. leggst að venju á móti öllum slíkum málum. Framsfl. hafði um hríð fá orð um afstöðu sína til málsins, en að lokum varð hann að taka afstöðu. Það var vitað, að menn innan flokksins voru með stóriðjumálinu, en eins og jafnan áður réði afturhaldið innan þess flokks ferðinni og hinir létu beygja sig að undanskildum tveimur þm., sem brutu af sér hlekki handjárnanna, en höfðu þó ekki þrek til að fylgja sannfæringu sinni betur fram en það, að þeir sátu hjá við atkvgr. um frv. hér á hv. Alþ.

Sagan endurtekur sig. Nú fyrir skömmu lagði ríkisstj. fram till. á Alþ. um, að henni væri heimilað að sækja um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Framsfl. átti samleið með kommúnistum í því máli og taldi ekki tímabært að sækja um aðild að EFTA. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, er það staðreynd, að þjóðir Evrópu eru í þremur sjálfstæðum markaðsbandalögum að undanteknum tveimur þjóðum auk okkar. Við þolum það ekki að vera til lengdar utan gátta. Langstærsti hluti útflutnings okkar er til þjóða innan Fríverzlunarbandalagsins og á árinu 1966 voru 37.4% af heildarútflutningi okkar til EFTA-landanna og 20.4% til landa innan Efnahagsbandalags Evrópu. Þar næst komu Bandaríki Norður-Ameríku með 16.5%, Austur-Evrópulöndin með 11.9% og önnur lönd með 13.8%.

Eins og fram hefur komið í umr. hér í kvöld hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar, hafa þeir enga lausn á takteinum til þess að stýra úr þeim efnahagsvanda, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir. Vandinn, sem vinstri stjórnin átti við að glíma 1958, er hreinn hégómi á við það, sem nú er við að stríða. En hvernig tókst hún á við vandamálin þá? Þeir komu sér ekki saman um neitt og urðu felmtri slegnir, þegar þjóðarskútan kenndi grunns og stungu sér hið snarasta fyrir borð, svo að sást í iljar þeirra. Samstaða þessara manna hefur ekkert breytzt síðan. Þeir eiga samstöðu, þegar tekin er neikvæð afstaða til mála, en eiga ekkert sameiginlegt, þegar leysa þarf aðkallandi vandamál. Formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, taldi upp nokkur atriði hér í ræðu sinni í kvöld til úrbóta, sem hann sagði Framsfl. vilja gera, en honum láðist að geta þess, á hvern hátt skuli afla fjár til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem þessar bætur kosta. Honum fórst líkt í þessum efnum og barni, sem lítur í búðarglugga og segir: Þetta allt ætla ég að kaupa, en gerir sér enga grein fyrir því, að varan í glugganum kostar peninga.

Lúðvík Jósefsson átti í ræðu sinni mörg úrræði. Ég held, að hann hafi með slíkum málflutningi sýnt oftrú sína á fáfræði manna. Sami ræðumaður taldi ríkisstj. vera að vega að sjómönnum. Þeir, sem í glerhúsi búa, eiga ekki að kasta steinum að öðrum. Þessi sami maður ákvað, þegar hann var sjútvmrh., skiptaverð 1.48 kr. á kg, en verðið til útgerðarinnar var frá 14—30% hærra en skiptaverð til sjómanna. Auk þess hlutu útgerðarmenn margvísleg önnur hlunnindi, sem sjómenn fengu ekki á þeim tíma.

Þjóðin vottaði núverandi stjórnarflokkum traust í síðustu kosningum, og það er skylda þeirra, sem sýnt er traust, að takast á við vandamálin, leggja fram sínar till. og standa á því, eins og frekast er unnt, að þær nái tilætluðum árangri. Sjálfstfl. hefur verið forustuflokkur þjóðarinnar um langt árabil. Undir hans forystu hafa orðið stærri og meiri framfarir um allt land, hvort sem er til sjávar eða sveita. Hann lítur á það sem skyldu sína að takast á við erfiðleikana. Sjálfstfl. heitir á alla Íslendinga að horfa af raunsæi og skilningi á úrlausn þessara vandamála og treystir því, að fólk, hvar sem það er í stétt eða flokki, taki höndum saman, en láti ekki blekkjast af þeim hjáróma röddum, sem nú hvetja til sundrungar. Það er eins víst og dagur kemur að morgni, að ef við stöndum saman, munum við sigrast á þessum erfiðleikum og vonandi verður þess ekki mjög langt að bíða, að aftur fari lífskjör þessarar þjóðar batnandi. — Góða nótt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það var mikill siður ríkisstj. á þeim árum, sem hún enn hafði þrek til að kalla sig viðreisnarstjórn, að gorta af íslenzku krónunni og vitna í það, að fyrir viðreisn hefðu erlendir bankar ekkert viljað

með krónuna verzla, en nú væri öldin önnur, og var helzt á ræðum sumra stjórnarherranna að skilja, að nú þætti bönkunum í útlandinu fremur lítið til annarra peninga koma en krónunnar okkar. Mætti af þessu marka, hvað viðreisnarstjórnin væri miklum mun merkilegri en aðrar stjórnir, sem með veikum burðum hefðu fengizt við ráðsmennsku hér uppi á landi á undan henni. Og á þeirri tíð var svo að skilja á stjórnarvöldunum, að mannfólkið væri til þess borið að þjóna undir veg og virðingu krónunnar, en að hugmyndirnar um, að peningarnir væru þjónustutæki mannfólksins væru nú endanlega úreltar. Og bak við öll ræðuhöldin í þessum dúr mátti svo glöggt skynja, að eins og verkið lofaði meistarann, væri ljómi krónunnar hinn sanni dýrðarbaugur stjórnarinnar. Já, svona ræður heyrast nú ekki lengur úr stjórnarherbúðunum, enda er það sannast mála, að ef stjórnin bæri sig og sitt gengi saman við krónuna nú hin síðustu ár, væri þessi till. til vantrausts á ríkisstj., sem nú er hér til umr., öldungis óþörf, þá væri stjórnin þegar búin að segja af sér.

Við stjórnarandstæðingar viðurkenndum aldrei á góðu árunum og gerum ekki enn, að velgengni þjóðarinnar eða hið aukna álit, sem íslenzki gjaldmiðillinn naut erlendis, væri stjórninni að þakka, heldur töldum við þetta vera afleiðingu af aflasæld á fiskimiðunum og hagstæðri verðlagsþróun á okkar útflutningsvörum á heimsmörkuðunum, hvort tveggja í svo ríkum mæli, að engin óstjórn og ekkert stjórnarkerfi á byggðu bóli væri svo fráleitt, að það megnaði að gera þetta allt að engu. Okkur ber þá auðvitað að játa það nú, að þegar aflinn hefur minnkað og verðlagið breytzt okkur í óhag, þá er ekki hægt að láta eins og ekkert þurfi að færast úr skorðum á Íslandi. Ef það hefði verið rétt, sem stjórnin hélt fram, að hinn bætti hagur, sem Íslendingar vissulega bjuggu við um skeið, væri fyrst og fremst grundvallaður á hinni góðu stjórnarstefnu, þá mundi hann haldast enn. Þá hefði ekki þurft að grípa til jafn harkalegra ráðstafana og nýafstaðin gengisfelling er.

Í fyrra reyndi stj. að réttlæta nóvembergengisfellinguna með verðfellingu, sem orðin var á sterlingspundi. Nú var stjórnin óheppnari, lokaðar kauphallir og gjaldeyrisbankar úti í löndum verða henni engin réttlæting nú, krónan okkar var áður fallin, en ef stjórnin héldi enn sínum gamla og fráleita hroka og oftrú á veldi sitt og krónunnar, þá gæti hún sem bezt haldið því fram, að gengisbreytingin okkar valdi þeirri ringulreið á heimsviðskiptum, sem nú er upp kominn, en þá mundi nú margur brosa að einfeldni hennar, sem áður tók alvarlega ámóta raunhæft hjal hennar um dýrð og veldi krónunnar.

Gengið var fellt í fyrra og rétt í kjölfar þess, var tekið upp nýtt uppbótakerfi, sem nam hundrað milljónum. Enn er gengið fellt. Og nú hrikalegar en nokkru sinni fyrr. Hliðarráðstafanir, sem ekki hafa þó enn séð dagsins ljós, eiga að verða til þess, að launþegar landsins fái að nokkru uppi borið þá dýrtíðaröldu, sem yfir mun skella vegna þessa, eða upp á það hljóðar boðskapur stjórnarinnar a. m. k. Er þó á allra vitorði, að af lægstu launum er þegar ókleift fyrir fjölskyldumenn að lifa jafnvel í lágmarki hinna frumstæðustu þarfa. Hér er því alveg óumflýjanlegt að jafna að einhverju afkomumöguleika milli þeirra sem geta og hinna sem alls ekki geta axlað byrðar, þannig að skerðing hins blásnauða þurfi ekki að vera hin sama og bjargálna eða vel stæða mannsins.

Eðli gengisfellingar er að draga fjármuni til í þjóðfélaginu. Sparifjáreigandinn fær minni verðmæti út úr bankanum en hann lagði þar inn. Innlendur skuldari getur borgað skuld sína með smærri krónum en hann fékk hjá lánardrottni sínum, m. ö. o. sparifjáreigandinn er nauðugur látinn greiða lán hins skulduga. Gengisfelling ár eftir ár hlýtur því að hafa mjög slæmar þjóðfélagslegar afleiðingar. Atvinnuvegirnir okkar og uppbygging grundvallast að mestu á sparifjármyndun landsmanna, en hverjar afleiðingar hljótast svo af því, að sparifjáreigendur eru rændir árlega? Skyldi það hafa örvandi áhrif á sparifjármyndunina? Nei, um slíkt þarf raunar ekki að spyrja. Við höfum enn við síðustu aðgerðir fjarlægzt það að ná festu í atvinnulífi okkar og uppbyggingu. En því verður ekki með sanngirni neitað, að aðgerða var þörf í efnahagsmálum okkar, og þrátt fyrir alla ókosti gengisfellingarinnar var hún þó eitt af því, sem til mála kom, vegna þess að útflutningsatvinnuvegirnir verða að fá fyrir afurðir sínar álíka margar krónur og kostar að framleiða þær. Og þó að ég hafi hér gagnrýnt þessa ráðstöfun og aðrir stjórnarandstæðingar einnig réttilega, þá tel ég ráðstöfunina þó ekki aðaláeiluefnið á stjórnina, heldur hitt, hvernig hún hefur staðið að framkvæmdum hennar, en það er með meiri endemum en með nokkru móti er réttlætanlegt og ærið efni til vantrausts á stjórnina eitt fyrir sig.

Engin stjórn má vera svo sljó, að hún fylgist ekki með því, í hverja átt stefnir um þjóðarhagi langtímum saman og hafi þá jafnan uppi viðleitni til að gera viðeigandi ráðstafanir til að afstýra stóráföllum, ef til þeirra virðist draga. Ekki vil ég heldur ætla hæstv. ríkisstj. það, að hún sé ekki löngu búin að sjá, að hér stefndi í hreinan voða. Hitt hefur hún trassað lengur en afsakanlegt er að ráðast gegn háskanum. Forsenda þess, að hinn jákvæði árangur verði í átt við það, sem ætlazt er til af gengisfellingu eins og þeirri, sem nú er orðin, er umfram allt sú, að aðgerðin komi í tíma, en ekki í ótíma, að hún valdi ekki óróa í viðskiptalífinu eða framleiðslutruflunum. Einskis þessa hefur hér verið gætt. Mánuðum saman fyrir gengisfellinguna voru ýmist stjórnarherrarnir sjálfir eða blöð þeirra talandi um það beint og óbeint, að aðgerða af þessu tagi væri von á næstunni. Eftirspurnin eftir gjaldeyri varð alveg óeðlilega mikil í bönkum landsins. Þá greip stjórnin til ýmiss konar kákráðstafana, sem voru tilbrigði í afgreiðslu, en ekkert stoðuðu til þess að spara hinn þverrandi gjaldeyri, sem þjóðin átti

þá enn yfir að ráða, heldur þvert á móti varð með öllu þessu æst upp kaupæði í landinu, ekki bara eitt innkaupaæði, heldur mörg, hvert á fætur öðru, uns vörubirgðir margra verzlana voru til þurrðar gengnar og gjaldeyrissjóðurinn, stolt stjórnarinnar, orðinn neikvæð stærð. Þá hefði nú mátt ætla, að mælirinn væri fullur og skekinn og lengra væri ekki komizt á þessarri braut. En stjórnin átti samt enn eftir að vinna eitt afrekið, versta óhæfuverkið í fráleitum undirbúningsráðstöfunum sínum að því, sem að fór.

Á góðu tímunum hafði stjórnin heimilað innflytjendum að taka sér lán erlendis til skamms tíma fyrir vörukaupum sínum. Þessi kaup gátu haldið áfram, þrátt fyrir versnandi gjaldeyrisstöðu, og gerðu það líka. En fyrir lausmælgi stjórnarinnar og blaður um það, hvað til stæði, fannst sumum innflytjendanna ekki ráðlegt að selja vöru sína á gildandi verðlagi í landinu, heldur vildu þeir fá fyrir hana það verð, sem koma mundi, þegar stjórnin væri búin að gera bragð úr sínum boðorðum. Kaffiheildsalar og einhverjir fleiri úr þeirri stétt hófu því verkfall á alla kaffisölu og a. m. k. tvær eða þrjár aðrar vörutegundir drógust inn í þetta fyrsta verkfall, sem gert var vegna ráðstafananna þá ókominna. Og stjórnin, sem hefur það að sinni sérgrein að lunka landsmenn til þess að taka þessum árlegu ráðstöfunum sínum af þegnskap og án verkfalla, hún tók heildsalaverkfallinu af þess háttar höfðingskap, að engin dæmi eru þekkt um annað eins. Hún gaf þeim út tryggingu fyrir því, að ekki skyldu þeir bíða tjón af væntanlegum stjórnarráðstöfunum í efnahagsmálum. Ekki er að efa, að á þeim tíma, sem þetta furðulega tryggingarskírteini var út gefið, hefði margur viljað fá slíka tryggingu fyrir sig eða sitt fyrirtæki. Verkalýðshreyfingin hefði ábyggilega þegið tryggingu fyrir óbreyttu raungildi kaups, opinberir starfsmenn sömuleiðis. Rafmagnsveitur ríkisins hefðu þegið tryggingu fyrir því, að erlendar skuldir þeirra stæðu óbreyttar í íslenzkum kr. talið. Það hefði Flugfélag Íslands vafalaust þegið líka, og svo mætti lengi telja. En enginn þessara aðila hóf verkfall, og allir urðu þeir fyrir barðinu á ráðstöfunum. Hins vegar hefur stjórnin nú lagt fyrir verðlagsn. að leyfa kaffikaupmönnum og þeim félögum úr heildsalaverkfallinu að verðleggja varning sinn samkvæmt tryggingunni góðu, og njóta þeir um þetta sérréttinda umfram þá, sem engan strækinn gerðu.

Herra forseti. Ég hef hér sýnt fram á, að stjórninni hefur ekki tekizt að framkvæma gengisbreytinguna síðustu með þeim hætti, að sæmilegt sé á nokkurn hátt, þrátt fyrir meiri æfingu, sem hún hefur og reynslu í slíkum athöfnum en nokkur önnur íslenzk stjórn. Hún er búin að fella gengið fjórum sinnum á ferli sínum, og er það saga sér á parti, að skaplegast tókst henni framkvæmdin úr hendi í fyrsta skiptið, en síðan alltaf með endemum. Minni ég þar á, að í annarri gengisfellingarlotunni hafði stjórnin það af að brjóta stjórnarskrána í leiðinni. Sú gengisfelling var framkvæmd með bráðabirgðalögum og gengisskráningarvaldið jafnframt tekið af Alþ. og fengið Seðlabankanum. Þess háttar tilfærsla á valdi er greinilegt stjórnarskrárbrot, þegar hún er gerð með bráðabirgðalögum, því til hennar gat enga brýna nauðsyn borið. Við þriðju gengisfellinguna í nóv. í fyrra var gjaldeyrisviðskiptum bankanna haldið lokuðum á aðra viku, sem mun óþekkt fyrirbæri úr öðrum stöðum. En aðdraganda hinnar fjórðu og nýjustu hef ég áður rakið, og er augljóst, að hún er stjórninni til einskis sóma. Vegna slíkra mistaka hefði hver ærukær stjórn sagt af sér og ekki beðið vantrausts, en þessi hæstv. ríkisstj. verður aldrei flokkuð undir það. Það er því nauðsyn að leysa hana með vantrausti frá því að fremja fleiri slík afglöp. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er ánægjulegt að fá að heyra það rétt undir miðnætti frá síðasta ræðumanni Alþb., Karli Guðjónssyni, að hann virðist alls ekki vera á móti gengislækkun. Hann er einungis á móti því, hvernig hún er framkvæmd. Hann flutti í ræðu sinni lýsingar á því, hvernig sumar gengislækkanir hafa verið vel og dásamlega framkvæmdar og sumar illa, sumar eru fögur blóm, aðrar ekki eins fögur. En hann virðist ekki vera sammála ýmsum flokksbræðrum sínum í þessu máli, og er ekki nýtt að heyra um nýjan ágreining í Alþb.

Nálega hver ræðumaður stjórnarandstöðunnar í þessum umr. hefur hneykslazt á því, hve skuldir þjóðarinnar erlendis hafi aukizt mikið við gengislækkunina. Sannleikurinn er sá, að Íslendingar gætu í dag greitt allar skuldir sínar erlendis með nákvæmlega jafnmörgum fiskum og fyrir gengislækkun. Breyting á verði fiskjarins í íslenzkum kr. er í rauninni heimilismál okkar, tilfærsla innanlands, en þjóðin stendur sízt verr að vígi en áður gagnvart öðrum þjóðum.

Ungur framsóknarmaður talaði hér fyrir skömmu síðan og gerði sér tíðrætt um skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis. Hann talaði um tvö þúsund millj., sem núv. stjórn hefði velt yfir á unga fólkið og meira að segja börn þess, og kallaði þetta drápsklyfjar.

Hverjar eru þessar drápsklyfjar, sem stjórnin hefur verið að leggja á unga fólkið? Hvað höfum við fengið fyrir þá peninga, sem við skuldum erlendis? Ætli það séu ekki 150 nýtízku vélbátar eða eitthvað þar um bil? Þetta kallar ungur framsóknarmaður drápsklyfjar. Ætli það séu ekki flugvélar Loftleiða og Flugfélagsins? Þær kallar ungur framsóknarmaður drápsklyfjar. Ætli það séu ekki nýjustu kaupskipin, hvort sem þau heita fossar eða fell? Þau kallar ungur framsóknarmaður drápsklyfjar? Ætli það sé ekki Búrfellsvirkjun? Hana kallar ungur framsóknarmaður drápsklyfjar. Nei, mér sýnist þessi ungi maður vera að sligast undan drápsklyfjum blekkinga, sem hann hefur hlotið við veizluborð Framsóknarflokksins, og verð ég að segja, að hann verður laglegur, þegar hann nær fertugu, orðinn svona slæmur strax.

Karl Guðjónsson og ýmsir fleiri ræðumenn stjórnarandstöðunnar hafa sýnt mikla umhyggju fyrir sparifjáreigendum og hafa sagt okkur, að ríkisstj. sé að ræna sparifjáreigendur með gengislækkuninni. Það er rétt hjá þeim, að sparifjáreigendur verða fyrir slæmum skakkaföllum, og það er einn versti gallinn á gengislækkun. En hafa ekki bæði Alþb.-menn og framsóknarmenn barizt fyrir því leynt og ljóst árum saman, að vextir í landinu yrðu lækkaðir stórkostlega? En það er víst ekki að ræna sparifjáreigendur.

Þegar formaður Framsfl. flytur till. um vantraust á ríkisstj., rifjast ósjálfrátt upp eitt furðulegasta atvik úr stjórnmálasögu Íslands á síðari áratugum. Það gerðist á árinu 1950. Þá voru mikil efnahagsvandræði og stjórnarkreppa að auki. Sjálfstfl. fór með minnihlutastjórn og lagði fyrir Alþ. frv. um gengislækkun. Framsóknarmenn tóku því víðs fjarri og svöruðu alveg eins og nú með till. um vantraust. Þessi till. var samþykkt, og minnihlutastjórn Sjálfstfl. féll, en strax á eftir gátu Sjálfstæðismenn náð samningum við Framsókn um nýja ríkisstj., sem hafði gengislækkun að aðalstefnumáli sínu. Nú vitum við af reynslu, að maddama Framsókn hefur ekki breytzt mikið með árunum. Þess vegna sækir sú hugmynd á, að það væri í raun og veru enginn vandi að fá framsóknarmenn til að samþykkja þá gengislækkun, sem þegar hefur verið gerð. Til þess verða stjórnarþingmenn aðeins að samþykkja fyrst vantraust á sjálfa sig og bjóða síðan framsóknarmönnum ráðherrastóla. Þá verður allt klappað og klárt. Það þarf raunar ekki að leita aftur til ársins 1950 til að sanna þetta, heldur hefur mátt skilja þetta á blaðaskrifum og ummælum forustumanna Framsfl. nú undanfarið.

Í þessu sambandi er rétt að rifja upp, hvað stjórnarandstaðan hefur aðhafzt í sambandi við lausn efnahags- og atvinnumálanna á þessu hausti. Ríkisstj. bauð bæði Framsfl. og Alþb. til viðræðna um þessi mál. Þar fengu fulltrúar þeirra allar þær upplýsingar, sem þeir óskuðu eftir, og þeir hljóta að hafa gert sér grein fyrir, hve vandamálið var mikið og erfitt. Það var og er vitað mál, að hefðu stjórnarandstöðuflokkarnir viljað taka þátt í lausn þessa vanda, þá var hægt að mynda um það mál sérstaka ríkisstj., svo að þeir hefðu fengið tækifæri til að fylgja málum sínum eftir. Þetta vildu framsóknarmenn og Alþb.-menn ekki. Þeir fengust ekki til að segja, hvaða heildarleið þeir studdu til lausnar vandanum. Þeir töldu ekki ómaksins vert fyrir kjósendur sína að gæta hagsmuna þeirra með ábyrgri þátttöku í lausn vandamálanna. Til hvers taka þessir menn þátt í íslenzkum stjórnmálum? Finnst ykkur, hlustendur góðir, að framsóknarmenn og kommúnistar hafi sterka aðstöðu til að gagnrýna efnahagsráðstafanir, er þeir neituðu fyrir hálfum mánuði að taka þátt í lausn vandans og hafa áhrif á stefnuna? Það er erfitt að komast að því, hvað þeir vilja. Einu sinni var það „hin leiðin", nú er hún gleymd. Nú virðist það vera einhvers konar hulduleið. Lúðvík Jósefsson þykist að vísu geta aflað þús. millj. án þess að koma við neinn. En ég er hræddur um, að slík kraftaverk gerist aðeins í hugarórum stjórnarandstæðinga. Þegar Lúðvík var ráðh. og vantaði peninga til að halda sjávarútvegi gangandi, þá voru þeir ekki teknir úr lausu lofti.

Af hverju segja ekki stjórnarandstæðingar okkur, hvaða heildarleiðir þeir hefðu farið, ef þeir réðu einir? Þeir virðast vera á móti gengislækkun sumir hverjir, sumir þó ekki. Það er augljóst, en eru þeir fylgjandi stórfelldri uppbótaleið með hækkun söluskatts upp í 15—20%? Ekki er svo að heyra. Eða eru þeir fylgjandi niðurfærsluleið með stórfelldri lækkun á kaupgjaldi? Ekki virðist það vera. Framkoma þessara flokka á erfiðum tímum, sem þjóðin nú lifir, er næsta furðuleg. Þeir vilja ekki taka þátt í stjórn landsins og lausn vandans. Þeir vilja ekki segja þjóðinni, hvaða heildarleið þeir mundu fara, ef þeir réðu einir. Samt vilja þeir ekki una því, að ríkisstj. hefur gert það, sem gera varð. Eina framlag þeirra er sú neikvæða till., sem hér er til umr., vantraust á þá ríkisstj., sem axlaði byrðarnar ein, eftir að framsóknarmenn og kommúnistar hlupu frá.

Gengisbreytingin sjálf hefur þegar verið gerð. Henni er ætlað að flytja stórfelldar fjárhæðir frá landsfólkinu til atvinnuveganna til að tryggja áframhaldandi atvinnu og framleiðslu. Við Alþfl.-menn samþykktum þessa leið, af því að við teljum hana skársta af þeim slæmu kostum, sem völ er á, sérstaklega af því hún virðist muni örva atvinnu meir en aðrar leiðir.

Nú bíður þjóðin eftir hliðarráðstöfunum. Er þá rétt að gera sér fyllilega grein fyrir, að þær ráðstafanir geta ekki eytt álögum gengisbreytingarinnar á allan þorra landsmanna. Hins vegar geta hliðarráðstafanir létt byrðar einstakra hópa innan þjóðfélagsins, sem sérstök ástæða er til að vernda, svo sem láglaunafólks, barnmargra fjölskyldna, gamla fólksins og öryrkja.

Í næstu viku verður haldið í Reykjavík Alþýðusambandsþing. Þar munu launþegar kjósa sér nýja forustu. Þegar það hefur gerzt munu væntanlega hefjast viðræður milli leiðtoga Alþýðusambandsins, hverjir sem þeir verða, og ríkisstj. Er einlæg von Alþfl., að úr þeim viðræðum komi samkomulag, þar sem verkalýðshreyfingin tryggir sínu fólki eins góðan hlut og framast er kostur á, en þó svo að megintilgangur þeirra ráðstafana, sem gerðar hafa verið, náist eftir sem áður. Þar verður rætt um ýmsar hliðarráðstafanir og Alþfl. hefur þegar á þingi sínu talið fram ýmsar þeirra, sem hann mun leggja sérstaka áherzlu á. Þar er atvinnan í fyrirrúmi. Þar er óskað eftir sérstöku tilliti til hagsmuna láglaunafólks, barnafjölskyldna og bótaþega almannatrygginga. Þar er talað um ákvörðun um stofnun lífeyrissjóðs allra landsmanna eftir tiltekinn tíma og aukningu á almannatryggingum. Þar er óskað eftir endurskoðun skattal. til að gera skattakerfið einfaldara og réttlátara. Þar er talað um aukið eftirlit með skattframtölum og tollgreiðslum til að koma í veg fyrir skattsvik og tollsvik. Þar er talað um nýja tekju-

stofna til íbúðabygginga og margvíslega aukna aðstoð á því sviði, og loks er talað um breytingar á lögunum um ákvörðun búvöruverðs. Þetta eru nokkur þeirra atriða, sem Alþfl. væntir, að komi til umræðu milli verkalýðshreyfingar og ríkisstj., þótt þau geti að sjálfsögðu orðið fleiri. Ríkisstj. hefur látið fram fara athuganir á flestum þessum málum og undirbúið þau á ýmsa lund, en hún hefur ekki talið rétt að taka um þau ákvarðanir, fyrr en hún hefur haft samráð við verkalýðshreyfinguna.

Það eru alvarlegir tímar framundan hjá þjóðinni. Skiptir miklu máli, að fundin verði lausn vandamálanna með friði, svo að ekki komi til ófriðar, sem gæti leitt til upplausnar í þjóðfélaginu og aukið vandann í stað þess að minnka hann. Takmarkið er að hefja nú nýja sókn til að vinna það upp, sem við höfum tapað á síðustu tveim árum. Þjóðin í heild hefur orðið fyrir kauplækkun á erlendum mörkuðum og ýmsum öðrum erfiðleikum, og þeirri lækkun skiptum við á milli okkar þessa dagana, en jafnframt verðum við að hefja kröftuga uppbyggingu, sérstaklega á sviði iðnaðar, útvega okkur fjármagn, efla fyrirtækin, koma á fót nýjum iðngreinum og tryggja þannig betur en hingað til undirstöðuafkomu okkar. Ekkert af þessu mun takast, ef við eyðum næstu misserum í innbyrðis deilur og bræðravíg.

Nú er að ljúka umræðum um till. til vantrausts á ríkisstj., sem framsóknarmenn og kommúnistar flytja. Þessi till. er vanhugsuð, óraunhæf og óþjóðholl. Till. er óþjóðholl af því, að það er þegar búið að leita ráða hjá stjórnarandstöðunni og bjóða henni þátttöku í lausn vandans. Það boð var ekki þegið. Till. er óþjóðholl af því, að með samþykkt hennar mundi leiða til stjórnleysis í marga mánuði og stóraukinna erfiðleika. Till. er óþjóðholl af því, að hún mundi stofna afkomu og atvinnu fólksins í nýja óvissu og kosta þjóðina stórkostleg verðmæti. Þess vegna samþykkjum við ekki þetta vantraust. Ríkisstj. hefur árangurslaust leitað samstarfs stjórnarandstöðuflokkanna. Fyrir það á ekki að samþykkja vantraust á hana. Ríkisstj. hefur gert það, sem gera varð og ekki hlaupið af hólmi. Fyrir það á ekki að samþykkja vantraust. Ríkisstj. ætlar nú að hefja viðræður við verkalýðshreyfinguna um hliðarráðstafanir og framvindu málsins. Fyrir það á ekki að samþykkja vantraust á hana. Þess vegna fellum við þessa vantrauststill. — Góða nótt.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: SE, SkG, SV, SP, VH, KTh, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, BP, EðS, TK, EystJ, GeirG, GilsG, GíslG, HS, HH, IG, JSk, HjH, KGuðj, LJós, MK, ÓlJ, PÞ.

nei: PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, EmJ, ÁP, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, Jón Á, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÓB, PJ, PB, BF.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Björn Jónsson: Herra forseti. Heiðruðu tilheyrendur. Ég vona, að það verði ekki talið til þingspjalla, þótt ég geri með örfáum orðum grein fyrir atkv. mínu um vantraust það, sem hér er flutt á ríkisstj.

Svo er mál vaxið, að nú um eins árs skeið hefur okkur þrem þm. Alþb. verið varnað máls hverju sinni, sem umr. frá Alþ. hefur verið útvarpað. Er þar að verki tæpur og tvíræður meiri hl. þess þingflokks, sem við skipuðum okkur í eftir kosningar 1967, en gátum aðeins um skamma hríð átt fulla samleið með vegna tillitslausrar beitingar flokksræðis og ágreinings um starfsháttu og stefnu. Þess er nú hefnt í skjóli úreltra þingskapa með því að varna okkur þess siðferðilega réttar að gera alþjóð grein fyrir okkar skoðunum og túlkun mála. Er hér aðeins eitt dæmi þess, hvernig alræði flokkavaldsins bitnar á hverjum þeim, sem ekki kýs að lúta því í auðmýkt.

Ég veit, að þúsundir kjósenda um land allt krefjast þess af okkur, sem hér eigum hlut að máli, að við brjótumst út úr þeirri herkví, sem flokksræðið reynir að hneppa okkur í. Við heitum því hér og nú að verða við þeim kröfum. Til þess höfum við bæði vilja og möguleika. Ég vona því, að fyrir næstu útvarpsumr. höfum við skipað svo okkar málum, að við getum mætt andstæðingunum á jafnréttisgrundvelli og hið sama, þegar að því kemur, að þjóðin fær tækifæri til þess að kveða upp sinn dóm í kosningum. Við erum enn fáir, sem erum staðráðnir í því að bjóða flokksræðinu byrginn, en við getum orðið margir, ef þjóðin vill.

Um afstöðuna til vantrauststill. get ég tímans vegna aðeins sagt þetta: Öll íslenzka þjóðin stendur nú á örlagaríkum tímamótum. Háskaleg verðbólgustefna, stjórnleysi í utanríkisviðskiptum, fjárfestingarmálum og atvinnumálum hefur ýtt henni fram á brún gjaldþrots og öngþveitis í efnahagslegu tilliti, og ríkisstj. sér engin úrræði önnur en stórfellda almenna skerðingu lífskjara og miskunnarlausa samdráttarstefnu, sem ógnar atvinnuöryggi og afkomu almennings og er dæmd til að reynast atvinnuvegunum, sem þjóðin byggir efnahag sinn á, haldlaus með öllu. Sú stjórn, sem þannig hefur haldið á málum og lýsir yfir, að hún muni enn halda á málum, á að víkja. Það er þjóðarnauðsyn og þjóðarvilji. Yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar krefst ekki aðeins, að stjórnin víki. Hann krefst einnig nýrra kosninga svo fljótt, sem stjórnarskrá og lög leyfa, í þeim tilgangi, að þess verði freistað að skapa með atkvæðaseðlinum þá þjóðareiningu um lausn höfuðvandamála þjóðfélagsins, sem við þörfnumst nú öllu öðru fremur. Samþykkt vantraustsins er spor í þá átt að skapa þá einingu, einingu, sem byggir á róttækri, framfarasinnaðri og frjálslyndri umbótastefnu, stefnu, sem hefur að markmiði batnandi lífskjör hinna mörgu, sem nú sjá hag sínum og framtíð ógnað. Ég samþykki því fyrirliggjandi till. og segi já.

Haraldur Henrýsson: Herra forseti. Með það í huga, að hæstv. ríkisstj. reyndist þess gersamlega vanmegnug að treysta grundvöll þjóðarbúskaparins í mestu góðærum íslenzkrar sögu, að hún hefur algerlega vanrækt uppbyggingu og endurnýjun höfuðatvinnuveganna og veikt stórlega stöðu þeirra, að hún hefur ætíð fylgt stefnu í efnahags- og atvinnumálum, sem mótast af handahófi og stundarhagsmunum án tillits til raunverulegra þarfa þjóðarheildarinnar og sízt þeirra, sem minnst bera úr býtum, að hún hefur nú engar áætlanir né ráðagerðir uppi, sem miða að skipulegri og varanlegri lausn þeirra vandamála, sem nú blasa við, þá hlýt ég að vantreysta henni til stjórnar á málefnum þjóðarinnar á þeim erfiðu tímum, sem framundan eru. Ég tel því eðlilegast og réttast, að hún fari nú frá og efnt verði til nýrra kosninga. Að öðru leyti vísa ég til grg. hv. þm. Björns Jónssonar og segi já.

Hjalti Haraldsson: Herra forseti. Þar sem ég tel, að stefna núv. hæstv. ríkisstj. leiði til upplausnar í þjóðfélaginu og í viðræðum stjórnmálaflokkanna nú nýverið var enginn viðhlítandi grundvöllur undir víðtækara stjórnarsamstarf fundinn, þá tel ég, að þjóðin eigi tvímælalaust heimtingu á því að ganga til kosninga. Að öðru leyti vísa ég til grg. Björns Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., sem hann flutti hér áðan og segi já.

2. Rannsóknarnefnd vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu.

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík [29. mál] (A. 29).

Á 7., 8. og 9. fundi í Nd., 29. og 31. okt. og 4. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Nd., 5. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hér á hinu háa Alþ. fylgjumst við með því af mikilli vandvirkni, ef fasteign er látin úr eigu ríkisins. Þótt aðeins sé um að ræða eyðijörð eða íbúð, sem ekki er lengur talin hæfa sem embættisbústaður, eru lögð fram frv. um sölu á slíkum eignum. Um þau er fjallað a. m. k. í 6 umr. í báðum d. Alþ., n. grandskoða slík mál og afla sér allrar hugsanlegrar vitneskju. Þessi lofsverða nákvæmni er hins vegar ekki viðhöfð, þegar opinberir aðilar kaupa fasteignir. Þá er ákvörðunarvaldið hjá ráðh. einum, og þm. lesa það aðeins í almennum blaðafréttum, að milljónafúlgum hafi verið varið til kaupa á tilteknum lóðum eða húseignum. Í fyrra man ég t. d. eftir því, að hér á þingi voru um það hvorki meira né minna en sjö umr., hvort selja skyldi biskupsbústað, sem ekki var lengur talinn nothæfur fyrir embættið, en hins vegar var ekki talin nein ástæða til þess, að Alþ. fjallaði um kaup á biskupsbústað, sem nam þó miklu hærri upphæðum. Mér virðist þessi starfstilhögun vera óeðlileg með öllu. Eigi Alþ. að fjalla um sölu á fasteignum ríkisins, ber því einnig að fjalla um kaup á slíkum eignum, þótt vel mætti hugsa sér einfaldari starfsaðferð en hinn þunglamalega gang frv. um 6 umr. í tveimur deildum. Þetta er þeim mun mikilvægara, sem slík viðskipti ríkissjóðs hafa á undanförnum árum oft verið talin orka tvímælis og vakið almenna gagnrýni. Þau hafa stundum verið talin til marks um það, að flokkaáhrif og hin frægu sambönd einstakra valdamanna geta orðið næsta áhrifarík, þegar um slík atriði er að ræða. Ég vil t. d. minna menn á kaupin á bæjarfógetabústaðnum í Hafnarfirði fyrir nokkrum árum, en þau kaup vöktu mjög almenna gagnrýni hjá mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum. Önnur slík viðskipti, sem vakið hafa allverulega gagnrýni að undanförnu, eru kaup Landssímans á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík og lóð þess fyrir 16.2 millj. kr.

Landssíminn er opinbert fyrirtæki og fjárhagsáætlun hans er lögð fyrir Alþ. Hann er undir yfirstjórn ráðh., sem starfar í umboði þingsins. Engu að síður fengu alþm. fyrst um það vitneskju af frétt í Morgunblaðinu, að þessi opinbera stofnun hefði ráðstafað yfir 16 millj. kr. af almannafé til kaupa á einhverri dýrustu lóð, sem sögur fara af á hinum síhækkandi verðbólgumarkaði í miðbiki Reykjavíkur.

Í sambandi við þessi viðskipti hafa margar spurningar vaknað. Margir hafa dregið mjög í efa, hvort það sé rétt stefna hjá Landssímanum að streitast við að þenja út starfsemi sína í miðborginni, þar sem lóðir eru seldar á okurverði og aðstaða til þjónustu verður æ erfiðari, m. a. vegna skorts á bílastæðum, í stað þess að hagnýta sér staði, þar sem framkvæmdir yrðu mun ódýrari og aðstaða til þjónustu betri. Hér er um að ræða mjög mikilvægt mál, m. a. fyrir viðskiptamenn Landssímans, sem í sífellu verða að greiða hærri gjöld fyrir þjónustu stofnunarinnar, en hún hefur jafnan fylgt þeirri stefnu að velta öllum fjárfestingarkostnaði jafnharðan yfir á viðskiptavini sína í hækkuðum afnotagjöldum.

Í annan stað hefur mönnum fundizt verðið, sem greitt er fyrir lóðina undir Sjálfstæðishúsinu, ósæmilega hátt. Lóðin er um 600 fermetrar, en verðið, eins og áður segir, 16.2 millj. kr. Verðið á fermetra er þannig 27 þús. kr., og fara naumast sögur af hærra verði á lóðabrasksmarkaðinum í miðbiki Reykjavíkur.

Ég las í sumar grg. frá póst- og símamálastjóra, þar sem reynt var að færa rök að því, að þessi kaup væru hagstæðari en ýmis önnur hliðstæð viðskipti, sem fram hefðu farið að undanförnu. Var þar m. a. beitt þeirri reikningsaðferð að verðleggja Sjálfstæðishúsið sjálft og draga það verðmæti frá

heildarupphæðinni til þess að fá lóðarverðið. En ég fæ ekki séð, að húsið sjálft hafi nokkurt gildi fyrir Landssímann. Keppikefli hans hlýtur að vera að fjarlægja húsið af lóðinni með sem minnstum tilkostnaði. Upphæðin, 16.2 millj. kr., er einvörðungu greidd til þess að komast yfir lóðina, og því er raunverulegt lóðarverð óumdeilanlega 27 þús. kr. á hvern fermetra. Margir hafa orðið til þess að halda því fram, að þetta verð sé fjarri öllu skynsamlegu mati, og það viðhorf hefur ekki aðeins komið fram í málgögnum stjórnarandstöðunnar. 16. ágúst s.l. sagði annað aðalmálgagn ríkisstj., Alþýðublaðið, í forustugrein um þessi viðskipti, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er ástæða til að hafa gætur á þessum húsa- og lóðakaupum. Ár eftir ár hefur verð eignanna hækkað hröðum skrefum, og verður því gróði þeirra, sem eiga gömlu húsin, meiri og meiri. Þetta er að sjálfsögðu óeðlilegur gróði, þar sem húseigendur þessir hafa ekkert til þess gert að auka svo verðmæti eignanna, heldur hefur vöxtur og skipulag borgarinnar valdið þar mestu um. Þjóðfélagið ætti að taka þennan óeðlilega gróða í sína vörzlu."

Þannig telur annað aðalmálgagn ríkisstj., að í verði því, sem greitt var fyrir Sjálfstæðishúsið, komi fram óeðlilegur gróði, sem þjóðfélaginu beri að endurheimta.

Í þessari forustugrein Alþýðublaðsins er raunar vikið að vandamáli, sem er mjög stórfellt. Lóðaokrið í miðbænum hefur ýtt mjög undir brask og spákaupmennsku, og það á verulegan þátt í þeirri samfelldu verðbólguþróun, sem einkennir efnahagsástandið hér. Óhagkvæm og dýr verzlun stafar m. a. af þeim óhemju tilkostnaði, sem bundinn er lóðum og fasteignum við verzlunargöturnar í Reykjavík. En í stað þess að stjórnarvöldin stöðvi þessa annarlegu starfsemi með félagslegum ráðstöfunum í þágu almennings, hafa þau ýtt mjög undir braskið með kaupum sínum á lóðum og fasteignum. M.a. hækkaði Seðlabankinn allt lóðaverð í miðborginni með fordæmi sínu, og hliðstæð áhrif munu tvímælalaust hljótast af verði því, sem greitt hefur verið fyrir lóð Sjálfstæðishússins.

Enn eitt atriði, sem mjög hefur ýtt undir gagnrýni. er það, að seljandi Sjálfstæðishússins er stærsti og valdamesti flokkur landsins, sá flokkur, sem einnig ræður mestu í landsstjórninni, þar sem ákvörðun var tekin um að kaupa fasteignina. Sami aðilinn fjallar þannig að verulegu leyti um kaup og sölu. Það hefur verið komizt svo að orði, að Ingólfur Jónsson, forustumaður Sjálfstfl., hafi þarna verið að semja við hæstv. símamálaráðh., Ingólf Jónsson. Þegar þannig stendur á, að valdaflokkur í ríkisstj. kemst í þá aðstöðu að verða að taka afstöðu til máls, þar sem hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta, ber honum að kappkosta sérstaklega, að um þá ákvörðun sé fjallað á óvilhallan hátt. Einmitt vegna þess að svona stendur á, hefði ég talið það alveg sérstaka skyldu hæstv. símamálaráðh. að hafa frumkvæði að því að bera sjálfur þetta mál undir Alþ. og láta aðra taka ákvörðunina.

Að undanförnu hefur borið mjög á gagnrýni meðal almennings vegna þess, að flokkum og valdamönnum hættir stundum við að misnota aðstöðu sína, og því verður að gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíka atburði með því að taka sem mest ákvarðanir fyrir opnum tjöldum, með því að tryggja landsmönnum, að þeir hafi fullt aðhald á trúnaðarmönnum sínum. Gagnrýni af þessu tagi hefur verið uppi innan allra stjórnmálaflokka. Till. um þetta efni hafa t. a. m. verið mjög háværar í röðum ungra sjálfstæðismanna. Þessi krafa um aukið lýðræði og vaxandi eftirlit almennings með störfum og ákvörðunum valdaaðila er mjög ánægjulegur vottur um aukinn stjórnmálaáhuga, og ég tel, að það sé skylda stjórnmálaflokkanna að koma til móts við þær kröfur. Kaupin á Sjálfstæðishúsinu eru eins og skóladæmi um ákvörðun, sem ekki má taka í lokuðum hagsmunahring.

Í þeirri till., sem ég flyt hér ásamt hv. 6. landsk. þm., er ekki lýst neinni skoðun á þessum viðskiptum, aðeins lagt til, að Alþ. geri ráðstafanir til þess að fjalla um þessi 16 millj. kr. lóðakaup af sömu nákvæmni og þingið fjallar árlega um sölu á eyðijörðum og lélegum húsum, sem stundum nema aðeins að verðmæti tugum eða hundruðum þúsunda. Við leggjum til, að d. notfæri sér ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar í þessu skyni. Þar er einmitt gert ráð fyrir því, að þingdeildir skipi n. til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Ég lít svo á, að þessi stjórnarskrárákvæði séu mjög þarfleg, ekki sízt nú, þegar æ meiri brögð eru að því, að hinar mikilvægustu ákvarðanir eru teknar af stjórnarstofnunum, embættismönnum og svokölluðum sérfræðingum án afskipta Alþ. Í mörgum öðrum löndum eru slík ákvæði í stjórnarskrá og lögum og þar er það mjög algengt, að þjóðþing haldi uppi mjög umfangsmikilli starfsemi á þessu sviði. T. a. m. eru rannsóknarnefndir á vegum Bandaríkjaþings mjög athafnasamar. Hér á landi hefur þessu stjórnarskrárákvæði hins vegar verið beitt sárasjaldan. Ég held, að ástæðan sé sú, að mönnum finnist, að í skipan rannsóknarnefndar felist einhver dómur fyrir fram um þau málsatvik, sem lagt er til, að rannsökuð séu. En sú afstaða er auðvitað hreinn misskilningur. Rannsóknin á aðeins að vera hlutlaus könnun á málsatvikum. Í ákvörðunum um slíka rannsókn eru þm. aðeins að rækja þær skyldur, sem á þeim eiga að hvíla samkvæmt stjórnarskránni. Ég tel því einsætt, að menn geti sameinazt um þessa till., hvaða skoðanir, sem þeir kunna að hafa á réttmæti þeirrar ákvörðunar að kaupa Sjálfstæðishússlóðina á rúmar 16 millj. kr. handa Landssímanum.

Ég legg svo til, að að lokinni þessari fyrri umr. verði málinu vísað til síðari umr. og til hv. allshn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar till. hefur nú lokið máli sínu, og hann tók það sérstaklega fram, að í þessari till. fælist engin skoðun um það, hvort kaupverð á lóð

Sjálfstæðishússins væri of hátt eða ekki og ekki heldur það, hvort það hafi verið rangt að kaupa lóðina eða ekki. Samt sem áður sjá allir, sem lesa þessa till. og grg., sem henni fylgir, að gert er eins og hægt er til þess að vekja þá skoðun og tortryggni í þessu máli, að ráðh. sá, sem fer með mál Landssímans, hafi misnotað aðstöðu sína.

Hv. flm. ræddi um það, að óeðlilegt væri, að lög þyrfti að setja í hvert skipti, sem fasteignir ríkisins væru seldar, en ríkisstofnanir gætu keypt eignir á háu verði, án þess að skoðanir Alþ. kæmu til. En það er rétt að upplýsa, hvað Landssímann snertir, að það hefur viðgengizt, að hann hefur í hvert sinn, sem hann hefur þurft að byggja stöðvarhús eða færa út starfsemi sína, keypt lóðir í kauptúnum, kaupstöðum og jafnvel í sveitum þessa lands. En það mun ekki hægt að finna dæmi þess, að Landssíminn hafi keypt lóðir, án þess að það væri brýn nauðsyn fyrir hann til þess að geta haldið uppi þeirri þjónustu, sem óskað er. Það má vel vera, að ýmsir hv. þm. telji hæpin kaupin á Sjálfstæðishúsinu og þeirri lóð, og þá er vitanlega sjálfsagt, að þeir reyni að kynna sér eftir því, sem mögulegt er, hvað hér er um að ræða.

Póst- og símamálastjórnin gerði grein fyrir þessum kaupum í dagblöðunum í sumar og hélt ég, að það væri fullnægjandi. Og ég held, að hv. alþm. yfirleitt hafi sannfærzt um, að hér var rétt að unnið. Ég held það. Og ég held einnig, að hv. flm. þessarar till. séu í hjarta sínu sammála um það, að þetta hafi verið rétt gert af Landssímanum, þótt þeir sjái ástæðu til að flytja þessa till. og gefa í skyn, að þetta gæti nú öðruvísi verið. Og fyrir mitt leyti er ég ánægður með, að þessi till. er fram komin, svo að umr. geti orðið um þetta mál og Alþ. fjalli um það og allshn., sem fær þetta mál eftir till. flm., kynni sér það. Það er að vísu farið fram á, að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd með rannsóknarheimild. Það er í till. Það er á valdi Alþ. að gera út um það, hvort nauðsyn ber til þess. En eðlilegt þætti mér, að hv. allshn. athugaði fyrst, hvort hún þyrfti rannsóknarheimild, hvort það þyrfti sérstaka rannsóknarheimild til þess að geta fengið gögnin á borðið og allar þær upplýsingar, sem þessu máli tilheyra. Ef það skyldi nú verða svo, að hv. allshn. gæti fengið allar þær upplýsingar um þetta mál, sem hún óskar, væri þá þörf á að skipa aðra n.? Ég geri ráð fyrir, að flestir alþm. teldu þess ekki þörf, nema allshn. væri neitað um upplýsingar, sem hún óskar eftir að fá varðandi þetta mál.

Ég tel eðlilegt að rekja nokkuð sögu þessa máls, og ég vil þá upplýsa, að þetta mál byrjar þannig, að póst- og símamálastjóri skrifar mér sem símamálaráðh. 9. nóvember 1967, og ég tel rétt að lesa þetta bréf upp, — það er stutt, — með leyfi hæstv. forseta:

„Póst- og símamálastjórnin leyfir sér hér með að biðja ráðh. að kanna, hvort hægt væri að fá Sjálfstæðishúsið, Thorvaldsensstræti 2 keypt og með hvaða kjörum.

Eins og ráðh. er kunnugt var viðbyggingin við símahúsið stórlega minnkuð frá upphaflegri áætlun og leiddi til þess að byggja varð fyrir glugga á fjölda herbergja og hefur stofnunin orðið að taka húsrými á leigu í öðrum húsum, og er það mikið óhagræði að kljúfa þannig deildir í sundur. Væri því mjög æskilegt, ef unnt yrði að bæta við húsnæði með nefndum kaupum með hagstæðum kjörum, enda náist jafnframt viðunandi samningar við borgaryfirvöld um væntanlega nýbyggingu á þessum stað.“

Þetta er í nóv. 1967. Eftir að ég fékk þetta bréf, minntist ég á það við miðstjórn Sjálfstfl., hvort það kæmi til mála, að flokkurinn vildi selja þetta hús og gæti misst það. Landssíminn hefði áhuga fyrir því og teldi sér brýna nauðsyn á að geta stækkað gamla Landssímahúsið og byggt á þessari lóð, sem liggur þar við.

Það má segja, að allan veturinn 1967—1968 hafi þetta verið til umhugsunar hjá miðstjórn Sjálfstfl. Vitað var, að flokkurinn þurfti á húsnæði að halda fyrir sínar skrifstofur, og þægilegt var að hafa fundi í þessu húsi, og það hafa flm. þessarar hv. till. áreiðanlega fundið, þegar þeir héldu sinn landsfund í húsinu, og einhver sagði mér, — ég veit ekki, hvort það var grín eða alvara, — að flm. hefðu aldrei flutt þessa till., ef þeir hefðu verið búnir að kynna sér, hvernig þetta hús var út af fyrir sig, þó að Landssíminn kaupi ekki lóðina vegna hússins, heldur lóðina til þess að geta byggt hentugt húsnæði fyrir Landssímann. En það er svo vorið 1968 eða á s. l. vori 6. maí, sem matsgjörð hafði verið gerð á húsinu og á lóðinni af mönnum, sem miðstjórnin bað um að framkvæma. Þessir menn voru Guðlaugur Þorláksson fasteignasali og Helgi Eyjólfsson húsameistari. Það mun hafa verið í marz eða apríl, sem þeir voru beðnir um að gera athugun á því, hvers virði þetta hús væri, ef það kæmi til mála að selja það og miða þá við kaup og sölur á fasteignum og lóðum í miðbænum, sem nýlega höfðu farið fram. Og samkvæmt þessari matsgjörð er verðið 16 millj. 243 þús. Lóðarverðið er 9 millj. 403 þús. og húsverðið 6 millj. 840 þús., þegar reiknað er með 57% af brunabótamatsverði hússins, en þannig var matið framkvæmt á lóðum og húsum í Kirkjustræti, sem ríkið keypti 1957. Þetta er dagsett 6. maí. Ég tel ekki ástæðu til þess að lesa þetta upp, enda sjálfsagt, að hv. allshn. fái öll þessi bréf og gögn í hendur, sem ég er hér með og því ástæðulaust að eyða tíma í að lesa þetta allt hér upp að þessu sinni.

30. maí skrifar Gísli Halldórsson arkitekt póst- og símamálastjóra bréf, þar sem hann lætur sitt álit í ljósi um þetta nefnda verð á eigninni, og telur Gísli að þetta sé hagstætt verð. Þetta sé í rauninni talsvert lægra verð en á Kirkjustrætislóðinni, eins og seinna kemur fram, og tel ég ekki heldur ástæðu til þess að lesa það bréf upp hér að þessu sinni, en minnist á það hér, og n. getur fengið það einnig til aflestrar. Og 30. maí s. l. skrifar póst- og símamálastjóri mér bréf, þar sem hann lætur sitt álit í

ljósi á þessu verði, sem hér hefur verið nefnt og ítrekar beiðnina um það, að af þessum kaupum geti orðið. Í þessu bréfi segir m. a.:

„Póst- og símamálastjórnin hefur átt nokkrar umr. við fulltrúa eigenda Thorvaldsensstrætis 2, og töldu þeir að lokum, að lóðin með núverandi húsi mundi fást fyrir 16 millj. 250 þús. og greiðsluskilmálar gætu orðið þannig, að 2 millj. kr. yrðu greiddar, þegar salan færi fram, 2.25 millj. kr. hálfu ári síðar og 2 millj. kr. árlega í 6 ár. Vextir yrðu eins og almennir sparisjóðsvextir.“ Þá segir enn fremur: „Með tilliti til verðsins liggur fyrir, að vorið 1967 var póst- og símamálastjórninni heimilað að kaupa viðbótarlóð að Kirkjustræti sunnan við símahúsið að stærð 693 fermetrar fyrir 12 þús. 150 kr. hvern fermetra. Vegna skipulags borgarinnar var aðeins heimilt að reisa á þessari lóð fjögurra hæða byggingu ofan jarðar að samanlögðum gólffleti 781 fermetrar. Hins vegar telst, eins og framan er getið, mega byggja hús á allri hinni fyrirhuguðu lóð, þ. e. Thorvaldsensstræti 2, þar sem Sjálfstæðishúsið stendur, 600 fermetra á a. m. k. 2000 fermetra heildargólffleti ofan jarðar, auk kjallarans, þ. e. þremur hæðum með inndreginni 4. hæð eða sem svarar 3½ hæð. Enn fremur má benda á, að ekki mun þurfa að greiða gatnagerðargjald af þeirri byggingu, sem reist verður þarna síðar, en það var áætlað, að mundi nema 1½ millj. kr., ef annars staðar væri byggt. Nýting hinnar fyrirhuguðu lóðar er því ólíkt betri en á þeirri, er áður var keypt. Á lóðinni stendur hús með brunabótamati kr. 12 millj. 46 þús., og það þarf að kaupa til þess að geta byggt þarna nýtt hús, er henti þörfum Pósts og síma. Með tilliti til þess, sem að framan greinir og sérstaklega hinnar góðu nýtingar lóðarinnar, virðist póst- og símamálastjórninni ofannefnt verð, 16 millj. 250 þús., ekki óeðlilegt.“

Þegar hv. 1. flm. talar um, að fermetrinn sé 26 þús. kr., þá reiknar hann aðeins með einnar hæðar byggingu. En sé hins vegar reiknað með, að þarna megi nýta allt að 2000 fermetra ofan jarðar, verður náttúrlega útkoman allt önnur. Og þá er það eins og seinna mun fram koma, að lóðin í Thorvaldsensstræti 2, þó að húsið sé alveg afskrifað, verður miklu ódýrara en lóðin hér, sem Alþ. keypti 1967, en að því kem ég síðar. Auk þess er það margtekið fram af póst- og símamálastjóra, verkfræðingum hans og ráðunaut, Sveinbirni Jónssyni, sem hefur verið ráðunautur Landssímans og lögfræðingur í áratugi, að það sé svo mikið hagræði fyrir Landssímann að fá þessa lóð, af því að hún er áföst við gamla Landssímahúsið, að það verði ekki reiknað í millj., heldur jafnvel í tugum millj., af því að þetta er samstætt, en annars þyrfti að byggja á sérstökum stað, kljúfa deildir og leggja í milljónakostnað með nýjum jarðstrengjum. Það er þess vegna fráleitt, þegar verið er að halda því fram, að það sé verið að leggja nýjar byrðar á viðskiptamenn Landssímans með því að fá þessa lóð og nýta, fá hana á lægra verði en lóðir, sem eru nýkeyptar hér á sama reit.

3. júlí s. l. skrifar Jón Skúlason, yfirverkfræðingur Landssímans, rn. bréf, þar sem hann vekur athygli á því, að það sé mjög hagstætt fyrir Landssímann að fá þessa lóð. Jón Skúlason var orðinn dálítið þreyttur að bíða eftir endanlegu svari frá rn. og taldi, að það væri mikið tjón fyrir Landssímann, ef ekki gæti orðið úr þessum kaupum. Hann gerir samanburð á verði lóðarinnar í Thorvaldsensstræti 2, Sjálfstæðishúsinu, og öðrum lóðum, sem seldar hafa verið. Þá kemur fram, að lóðin í Thorvaldsensstræti 2 verður 6250 kr. á fermetra miðað við nýtingu, en lóðin í Thorvaldsensstræti 6 var 10755 kr. fermetrinn. Lóðin aftur í Kirkjustræti, sem keypt var fyrir Alþ., var mun dýrari miðað við notagildi, því að þar má ekki byggja nema sem svarar 1½ hæð, og kemur það fram í öðru bréfi.

5. júlí skrifar Sveinbjörn Jónsson, ráðunautur Landssímans, langt bréf um þetta mál, því að ég hafði sent honum þetta mál til umsagnar og vildi ekki taka ákvörðun endanlega, fyrr en ég hafði fengið hans umsögn. Það vita allir, að hann er reyndur lögfræðingur, hefur haft mikið með fasteignasölu að gera hér í bænum. Það vita líka allir, að hann hugsar um hagsmuni Landssímans. Við getum a. m. k. verið sammála um að segja, að hann væri hlutlaus í þessu máli. En það, sem hv. 1. flm. till. vildi gefa í skyn hér áðan og sagði beinlínis hér áðan, að væri ámælisvert af ráðh. að hafa ekki leitað umsagnar hlutlauss aðila. Ég leitaði umsagnar Sveinbjörns Jónssonar. Ég leitaði umsagnar yfirverkfræðinga Landssímans og fleiri aðila. Hverjum dettur í hug, að þessir aðilar þekki ekki hagsmuni Landssímans og vilji leggja til, að hlutir séu gerðir, sem ganga í berhögg við það? Það dettur engum manni í hug. Og hverjir væru dómbærari á það, hvort það væri hagur fyrir Landssímann að fá þessa lóð heldur en þessir menn? [Frh. — Ræðunni frestað vegna rafmagnsbilunar.]

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 7. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson) [frh.]: Herra forseti. Þegar fundi var frestað s.l. þriðjudag, hafði ég minnzt á umsögn Sveinbjörns Jónssonar hrl. og lögfræðings Landssímans. Málið sendi ég honum til umsagnar. Kemur fram í bréfinu, að hann telur verðið eðlilegt, sérstaklega, ef stór hluti eignarinnar fæst með greiðslufresti og með tilliti til þess verðs, sem lóðir og aðrar fasteignir hefðu verið seldar á á þessu svæði bæjarins. Eigendur lóðarinnar og hússins buðu 6 ára greiðslufrest með jöfnum afborgunum á 12 millj. kr. eða ¾ verðsins.

Landssímanum var ekki gefin heimild til þess að gera kaupin, fyrr en umsögn Sveinbjörns Jónssonar lá fyrir. Ég las kafla úr því s. l. þriðjudag og sé ekki ástæðu til að endurtaka það né lesa það alveg í heild. Hv. allshn. getur fengið það í hendur, ef hún óskar og lesið það frá orði til orðs. Til viðbótar því, sem áður hefur verið á minnzt, tel ég rétt að geta hér um bréf frá Hauki Þorleifssyni fulltrúa í Bún-

aðarbanka Íslands, en eftir beiðni Sveinbjörns Jónssonar gaf hann upplýsingar um fyrrnefnda lóð og gerir grein fyrir því í bréfi dags. 20. júní í ár. Í þessu bréfi, sem Haukur kallar „Hugleiðingar um lóðaverð í Reykjavík", segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Lóðin, sem tekin verður hér til athugunar, er nr. 2 við Thorvaldsensstræti. Hún er 601.8 fermetrar og sennilegt, að byggja megi á henni 500 fermetra hús upp á 5 hæðir og kjallara. Byggingarkostnaður þess húss má telja, að verði sá sami og sams konar húss á lóð í úthverfi borgarinnar. Leigutekjur húss á þessari lóð yrðu hins vegar mun hærri en hins hússins. Sá tekjumismunur er lóðinni tilheyrandi. Til frádráttar verður að reikna kostnað við bílastæði í miðbænum, og væri hægt að hugsa sér að taka til þeirra nota tvær hæðir hússins með lyftu, þannig að ekki fengist nema fjögurra hæða nýting úr húsinu, þ. e. 3 hæðir og kjallari. Í úthverfum borgarinnar er leigan til jafnaðar, hvort heldur er fyrir iðnaðarskrifstofur eða íbúðir, ekki hærri en 70 kr. á fermetra eða í þessu tilfelli 70x500x5, sama sem 175 þús. kr. á mánuði fyrir allt húsið eða 2.1 millj. kr. á ári. Í húsinu við Austurvöll er ekki hægt að reikna með verzlunarhúsnæði, heldur fyrir veitingastað, samkomuhús og skrifstofur og því ekki eins háa leigu og tíðkast við aðalverzlunargötur í miðbænum. Má ætla, að neðsta hæð mundi gefa af sér 250 kr. á fermetra, eins og á 2. hæð í Austurstræti, kjallari 100—150 kr. á fermetra og efri hæðir 150 kr. eða svipað og við Austurstræti. Þetta táknar til jafnaðar, að leigan yrði 160 kr. á fermetra á mánuði, þ. e. 90 kr. hærri en í áðurgreindu húsi í útjaðrinum. Ef við reiknum með 4 hæðum 500 fermetra, yrðu þær samtals 2000 fermetrar. Gólfrými á 160 kr. sama sem 320 þús. á mánuði í leigu. Það eru 3 millj. 840 þús. á ári. Mismunur á leigutekjum á ári yrði þá 1 millj. 740 þús., sem eru leigutekjur lóðar, en það svarar til verðmæta frá 18—25 millj. kr. eftir því, hvort reiknað er með 10% eða 7% vöxtum af kapitali. Það eru 30—42 þús. kr. pr. fermetra lóðarinnar miðað við 600 fermetra."

Ég geri ráð fyrir, að Sveinbjörn Jónsson hafi snúið sér til Hauks Þorleifssonar, þegar hann vildi svara mér um verðmæti lóðarinnar við Thorvaldsensstræti 2, af því að Haukur er kunnugur þessum málum. Hann hefur haft afskipti af lóðasölu og fasteignakaupum hér í bæ og er mörgum mönnum kunnugri, hvað þetta snertir. Og til viðbótar þessu bréfi, sem ég áðan las, sem var dags. 20. júní s. l., er hér enn bréf frá Hauki dags. 1. júlí 1968.

„Hr. hrl. Sveinbjörn Jónsson. Samkvæmt beiðni yðar get ég upplýst, að nokkur hluti lóðarinnar nr. 9 við Aðalstræti var seldur fyrir 2—3 árum við verði, sem svarar kr. 50 þús. pr. fermetri, verðmæti hússins innifalið. Lóðin var keypt með tilliti til nýbyggingar og húsið því ekki metið til neins verðs í þeim viðskiptum."

Þetta var fyrir 2—3 árum. Eftir að ég hafði fengið umsögn Steingríms Jónssonar, sem er, eins og hann segir, til orðin eftir að hann hafði kynnt sér þetta mál og tók sér góðan tíma til þess að svara, þá gaf ég Landssímastjóra heimild til þess að ganga frá þessum kaupum, og heimildin er gefin 31. júlí s. l. Og þessi heimild er gefin með bréfi, sem hljóðar svo:

„Hér með heimilast póst- og símamálastjóra að kaupa húseignina Thorvaldsensstræti 2 í Reykjavík með tilheyrandi eignarlóð fyrir kr. 16 millj. 243 þús. með þeim greiðsluskilmálum og kjörum, sem tilgreint er í kaupsamningi dags. 31. júlí 1968."

Eigendur Sjálfstæðishússins höfðu gefið kost á því, að 12 millj. kr. yrðu greiddar með jöfnum afborgunum á 6 árum. Ég hins vegar setti það að skilyrði, að það yrði 10 ára greiðslufrestur, en ekki 6, og var á það fallizt. Þetta metur Sveinbjörn Jónsson í bréfi, sem ég áðan nefndi, allt að 33% afslátt á ¾ verðs lóðarinnar, þannig að í staðinn fyrir 16.2 millj. færist verðið raunverulega niður eftir hans orðum í 12.6 millj. Og greiðsluskilmálarnir eru: 2 millj. borgist við undirskrift, 2.6 millj. eftir 6 mánuði, en afgangurinn á 10 árum eða 71% verðsins.

Það er nú svo, að hér í hv. Alþ. er þetta nokkuð gagnrýnt, að verðið sé hátt. Þetta er sett á svið, og sumir mundu kalla þetta pólitískt svið og það væri leikinn hér leikur í því skyni að gera einn ráðh. tortryggilegan, láta í það skína, að hann hafi misnotað aðstöðu sína. Það getur vel verið, að sumir segi, að þetta sé mannlegt af andstæðingi að gera svo, og skal ég ekkert út í það fara nánar. Hitt er ég sannfærður um, að hv. alþm. fylgjast svo vel með því, sem gerist í þjóðlífinu, að þeir hafa sannfært sig um það, að kaupin á Sjálfstæðishúsinu og lóðinni þar eru hagstæð fyrir Landssímann. Það er enginn hv. alþm., sem efast um það, að póst- og símamálastjóri, að yfirverkfræðingar Landssímans, að ráðunautur Landssímans og lögfræðingur, Sveinbjörn Jónsson, hafi viljað festa kaup á þessari eign, nema það samrýmdist hagsmunum Landssímans. Ég get gjarnan játað það hér, að ýmsir sjálfstæðismenn hafa átalið mig fyrir að hafa heimilað þessa sölu, vegna þess að þessi eign hljóti alltaf að hækka í verði, og það hafi ekki verið ástæða fyrir Sjálfstfl. að láta hana af hendi, enda tók það nú heilan vetur eða meira að fá samþykki fyrir því í miðstjórn flokksins að selja þessa eign.

Til viðbótar því, sem hér hefur verið sagt og vitnað hefur verið í bréf og heimildir, tel ég rétt, með leyfi hæstv. forseta, að rifja upp þá grg., sem póst- og símamálastjóri gaf s. l. sumar í tilefni af blaðaskrifum, sem fóru fram um þetta mál. Þessi grg. var send öllum dagblöðunum. Og eitt veit ég, að ýmsir, sem töldu ástæðu til að gagnrýna þessi kaup, áður en þeir höfðu kynnt sér þau, hafa sagt við mig, að eftir að hafa lesið þessa grg., sjái þeir, að Landssíminn hafi gert góð kaup miðað við sölur á lóðum hér í miðbænum áður, þ. e. a. s. ef Landssíminn hafi not fyrir lóðina.

Það kom fram í blaðaskrifum í sumar, að það væri óeðlilegt og það hefði verið óhyggilegt á sínum tíma að setja Landssímastöðina hér niður í miðbænum, sem hlyti að vera dýrasti staðurinn. En ég hygg, að það hafi ekki út af fyrir sig verið af fyrir-

hyggjuleysi gert, heldur vegna þess, að frá þessum stað var hægast að dreifa Landssímanum, bæjarsímanum, út um bæinn, nú borgina. Í grg. póst- og símamálastjórnarinnar segir m.a. — þetta er þó ekki nema önnur grg. eða ein grg., þær voru víst tvær eða þrjár. Það var svarað því, sem hafði komið fram í blöðunum alveg sérstaklega, en ég vil, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að lesa hér aðalgrg., sem fram kom til upprifjunar og þá einnig til þess að fá þessa grg. inn í þingtíðindin vegna síðari tíma.:

„Í tilefni af blaðaskrifum, sem orðið hafa út af kaupum póst- og símamálastjórnarinnar á fasteigninni Thorvaldsensstræti 2 í Reykjavík, eruð þér góðfúslega beðnir að birta eftirfarandi grg.:

Núverandi símahús að Thorvaldsensstræti 4 var byggt fyrir 37 árum og var staðsett í miðju Reykjavíkur, þar sem flestir símar voru þá þar í kring. Þetta hús er löngu orðið of lítið, og hefur orðið að flytja ýmsar deildir í leiguhúsnæði í aðra staði í bænum, þótt það væri mun óhagkvæmara. Þegar borgin byggðist langt austur á við, var byggð önnur símastöð við Grensás fyrir þá símanotendur, er búa þar í kring, og eru rúmir 4 km á milli stöðvanna. Vegna vaxandi viðskipta, svo sem tvöföldun notenda á 10 árum, hefur orðið að auka húsrýmið, og er nú verið að reisa nýbyggingu að Thorvaldsensstræti 6, sem að vísu mátti ekki byggja nærri því eins stóra og áætlað hafði verið. Er nú aðeins um frekari stækkanir að ræða þarna með framtíðarviðbyggingu að norðanverðu á Thorvaldssensstræti 2, því að of dýrt þótti að kljúfa miðbæjarstöðina í tvennt, þ. e. a. s. hafa hana á tveim stöðum í miðbænum. Þar sem fréttir bárust um síhækkandi verð á næstu lóðum Landssímahússins, jafnvel upp í allt að kr. 43 þús. á hvern fermetra, þótti ábyrgðarhluti að draga lengur að reyna að ná viðunandi *samningum um fasteignina Thorvaldsensstræti* 2, þar sem búast mætti við, að t.d. við eignarnámsmat yrði að hafa hliðsjón af nýjustu fasteignakaupum í næsta nágrenni. Var að sjálfsögðu leitað samþykkis ráðh. um að hefja samningagerð og síðar að samþykkja það verð, er um gat samizt og póst- og símamálastjórnin og ráðunautar hennar töldu hagstætt.

Lóðin er 601.8 fermetrar að stærð, en brunabótamat hússins, sem á henni stendur og er vel við haldið, er rúmlega 12 millj. kr. Stærð lóðar í miðbænum er ekki eina atriðið, sem máli skiptir varðandi verðmætið, heldur m.a., hve mikið má byggja á henni samkvæmt skipulagi borgarinnar eða hve stóran samanlagðan gólfflöt má byggja á henni. Upplýst hefur verið, að á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg keypt ýmsar fasteignir í borginni, og hafa hús á lóðunum þá verið keypt fyrir brunabótamatsverð þeirra, ef þau hafa verið í góðu ásigkomulagi, en annars tilsvarandi lægra verði, ef þau hafa verið mjög gömul og viðhaldsfrek. Lóðarverðið hefur farið eftir stað og aðstöðu og farið síhækkandi. Ríkisstj. keypti á síðasta ári fasteignir við Kirkjustræti nr. 8, 8b og 10 að sunnanverðu gegnt Landssímahúsinu. Áður hafði hún látið fara fram mat á þeim, og var sá grundvöllur lagður við matið, að hver fermetri lóðar var metinn á kr. 12150, en timburhúsin á þeim, Kirkjustræti 8, 57 ára gamalt, á 57% af brunabótaverði, en hin, sem voru eldri, á 40% af brunabótaverði. Hluti af verðinu, sem átti að greiðast á 10 árum, var reiknaður 25% hærri. Á fasteignunum við Kirkjustræti var veittur 10 ára gjaldfrestur á helmingi verðsins, og var hver fermetri lóðarinnar þá hækkaður úr 12 þús. 150 kr. í 13700 kr. og húsin tilsvarandi. Sami grundvöllur var notaður við mat fyrir kaup póst- og símamálastjórnarinnar á lóðinni Thorvaldsensstræti 6 og Thorvaldsensstræti 2. Verð lóðar og húss á Thorvaldsensstræti 2 var kr. 16 millj. 243 þús. og er þá miðað við, að 2 millj. kr. greiðist við undirskrift samnings, 2 millj. 619 þús. að 6 mánuðum liðnum, en það, sem eftir er, 71.2% verðsins á 10 árum. Ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða, hefði verðið orðið um 13.9 millj. kr., sem má skipta í lóðarverð, 7.3 millj., húsverð 6.6 millj. eða um 55% af brunabótaverði. Meginhluti hússins er steinhús, 21—22 ára gamalt."

Nú getur hv. 4. þm. Reykv. borið saman Thorvaldsensstræti 2, húseignina þar og Kirkjustræti, 57 ára gamalt timburhús. Þar var miðað við brunabótamatsverð 57%, en 55% í Thorvaldsensstræti 2. Samkvæmt skipulagi Reykjavíkurborgar, bls. 146 og 150 má aðeins byggja lág hús, 1—2 hæða, sunnan Kirkjustrætis með samtals gólffleti á hæðunum ofan jarðar 50% meiri en lóðastærðin, þ.e. nýtingarstuðull 1.5 og þar sem lóðir nefndra þriggja húsa eru samtals 1170 fermetrar að stærð, svarar það til, að byggja megi þar hús með samanlögðum gólffleti 1755 fermetra ofan jarðar eða minni en á Thorvaldsensstræti 2, sem er 2000 fermetrar ofan jarðar. Lóðin, 693.5 fermetrar, sem póst- og síma*málastjórnin* hafði áður keypt að Thorvaldsensstræti 6, kostaði kr.12150 hver fermetri og var það verð miðað við lóðakaup ríkisstj. norðan Kirkjustrætis, en þar mátti aðeins byggja á 781 fermetra samanlagðs gólfflatar, og verður hver fermetri gólfflatar þar því talsvert dýrari en í Thorvaldsensstræti 2. Það er því augljóst, að kaup á Thorvaldsensstræti 2 eru mun hagstæðari en á Kirkjustrætiseignunum.

Af framansögðu er ljóst, að miðað við gólfflöt, sem byggja má á, er Thorvaldsensstræti 2, sem nú var keypt, mun ódýrara á samanlagðan gólfflöt ofan jarðar en á lóðunum sunnan Kirkjustrætis eða miðað við staðgreiðslu Thorvaldsensstræti 2 6950 kr. á fermetra en á Kirkjustræti 8 13000 kr. á fermetra og á Kirkjustræti 8b og 10 9834 kr. á fermetra. Fyrir Landssímann er Thorvaldsensstræti 2 þá enn hagstæðara, vegna þess að sú lóð liggur alveg upp að núverandi húsi, sem hefur inngang, stigagang og lyftu við hliðina, og þarf því ekki að byggja slíkt í fyrirhuguðu húsi, og hafa má beinan aðgang að öllum hæðunum milli húsanna og sameiginlega gæzlu fyrir samliggjandi vélasal. Það má einnig benda á, að í Thorvaldsensstræti 2 þarf ekki

að borga gatnagerðargjald, sem meta má 1.6 millj. kr. af svona byggingu. Það er, held ég, óþarfi að taka það fram öðru sinni, en ég geri það þó, að miðað við nýtingu lóðarinnar kostar fermetrinn í Thorvaldsensstræti 2 6950 kr., í Kirkjustræti 8 13000 kr. og í Kirkjustræti 8b og 10 9834 kr. á fermetra. Þrátt fyrir þetta er gefið í skyn, að Landssíminn hafi gert slæm kaup á þeirri lóð, sem hér um ræðir.

Ef nauðsynlegt hefði orðið að leita annars staðar fyrir framtíðaraukningu miðbæjarstöðvarinnar, hefði það valdið miklum aukakostnaði, m.a. vegna aukinna jarðsíma milli stöðva, sjálfvirks búnaðar fyrir millistöðvagreiðsluna, aukins gæzlukostnaðar og margs konar annars óhagræðis. Taka má fram, að áður en kaupin voru gerð, hafði ýtarleg könnun farið fram á fasteignakaupum í miðbænum að undanförnu, og var það sameiginlegt álit allra, sem um málið fjölluðu, að hagkvæmt væri fyrir póst- og símamálastjórnina að gera þessi kaup.

Ég tel ekki þörf á að hafa þessi orð mikið fleiri. Það liggur fyrir, að miðað við kaup á lóðum á þessum reit er lóðin í Thorvaldsensstræti 2 mun ódýrari, og þau kaup hafa ekki verið gagnrýnd. Kaupin á lóðunum í Kirkjustræti fóru fram eftir að mat hafði verið gert á þeim, og það sögðu að vísu margir, að þetta væri hátt verð, en það vildi enginn gagnrýna það. Lóðin í Thorvaldsensstræti 6, sem Landssímastjórnin keypti á s. l. ári, var miðuð við þetta mat og lóðin í Thorvaldsensstræti 2 var einnig að nokkru leyti miðuð við þetta mat, en kemur síðar í ljós, að miðað við nýtingu hennar verður hún miklu ódýrari en fyrrnefndar lóðir og við þetta bætist það mikla hagræði, sem Landssíminn hefur af því að geta byggt við gamla húsið.

Eins og segir íbréfi póst- og símamálastjóra er það brýn nauðsyn fyrir Landssímann að fá þessa lóð. Ég hafði ekki búizt við því, að hv. 1. flm. till. segði, að ég hefði metið meira hagsmuni Landssímans en flokksins. En það eru kannske aðrir, sem segja, að það hefði verið hægt fyrir Sjálfstfl. að fá hærra verð fyrir þessa eign, ef beðið hefði verið með að selja.

Allshn. mun fá þetta mál til meðferðar. Með till. er farið fram á, að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd. Ég held, að það sé nú eðlilegast, að á það reyni, hvort hv. allshn. getur fengið þau gögn í hendur, sem hún óskar og hún telur nauðsynlegt að fá til þess að fá rétta mynd af þessu máli, áður en um rannsóknarnefnd er rætt. En ég er að sjálfsögðu ekki aðeins fús til, heldur er ég feginn því að eiga kost á því að láta allshn. og Alþ. í té allar þær upplýsingar og gögn um þetta mál, sem óskað verður eftir. Og ég tel alveg sjálfsagt, að n. kalli fyrir sig póst- og símamálastjóra, yfirverkfræðinga Landssímans, lögfræðing Landssímans og alla aðra, sem talið er, að geti gefið upplýsingar um þetta mál, til þess að hv. alþm. geti sannfært sig um, hvort Landssíminn hefur gert hér góð kaup eða hvort ég sem ráðh. hef misnotað aðstöðu mína og þvingað þessi kaup fram til hagsbóta fyrir Sjálfstfl. Ég tel, herra forseti, að það sé ekki ástæða að svo komnu máli að segja öllu meira um þetta mál og bíð þá eftir því að sjá, hvort eitthvað nýtt kemur fram, sem gefur tilefni til þess.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hæstv. símamrh. vék að því í upphafi ræðu sinnar og raunar einnig síðar, að enda þótt sjálf till., sem hér liggur fyrir, kveði ekki upp neinn dóm um þau viðskipti, sem hér er um að ræða, þá hafi komið fram greinilega, bæði í grg. fyrir till. og þeirri framsöguræðu, sem ég flutti, að því sé haldið fram, að hæstv. ráðh. hafi misnotað aðstöðu sína. Ég gerði mjög skilmerkilega grein fyrir því, að þær ásakanir hafa komið fram opinberlega, að þessi viðskipti séu ákaflega óeðlileg, og ég veit, að hæstv. ráðh. minnist þvílíkra skrifa í blöðunum. Þar voru bornar fram mjög harðar ásakanir á hæstv. ráðh., sem ég tel óþarfa að rifja hér upp, þær eru það ferskar. Þó er e. t. v. ástæða til að minna á, að dagblaðið Tíminn, sem er málgagn annars stærsta stjórnmálaflokks á Íslandi, bar fram þá kröfu, að hæstv. ráðh. yrði vikið úr ríkisstj. og framkvæmd réttarrannsókn af þessu tilefni. Þegar bornar eru fram svona alvarlegar ásakanir, eigum við ekki að taka þeim af neinni léttúð. Þeir menn, sem bera fram ákærur af þessu tagi, eiga að vita, hvað þeir eru að gera, og þeir eiga að bera ábyrgð á slíkum ummælum, og ég vil vænta þess, að einhver af forustumönnum Framsfl. geri hér grein fyrir þessari afstöðu málgagnsins. Ég tel einnig, að hæstv. ráðh., sem borinn er slíkum sökum, eigi ekki að taka þeim með þegjandi þögninni, heldur eigi hann að beita sér fyrir því, að allir málavextir séu rannsakaðir gaumgæfilega, svo að rétt rök komi í ljós.

Ég lagði til með þessari till., að Alþ. ætti að framkvæma þessa rannsókn, og það tel ég algerlega rétt samkvæmt eðli málsins, þetta á að vera verkefni Alþ. og Alþ. á að taka á því af mun meiri alvöru en láta þessa till. fara til n., sem fjalli um það á þann hátt, sem tíðkast venjulega um störf n. á þinginu. Hér þarf miklu alvarlegri aðgerðir til. Og mér finnst, að ef hæstv. ráðh. er jafnsannfærður um það og hann segir hér, að hann hafi gert rétt eitt, ætti hann að vera fyrstur manna til að fagna slíkri till. í stað þess að mælast til þess, að á þessu máli verði hafður annar háttur.

Þótt í þessari till. felist enginn dómur um sjálf málsatvikin, er mér engin launung á því, að ég tel, að hæstv. ráðh. hafi komið sjálfum sér í aðstöðu, sem er algerlega óviðunandi, aðstöðu, sem alls ekki má viðgangast. Það er föst regla á Íslandi, að t.d. dómarar telja það siðferðilega skyldu sína að víkja úr dómarasæti, ef þeir eiga að fjalla um mál, sem þeir eru tengdir á einhvern hátt persónulega, annaðhvort með fjölskyldutengslum eða hagsmunatengslum. Þetta er alveg sjálfsögð regla, jafnvel þótt grandvörustu menn eigi hlut að máli. Menn eiga að hafa til þá sjálfsvirðingu, að þeir hafi þennan hátt á, og ég hefði talið, að hæstv. símamálarh. hefði átt að sjá þessa einföldu staðreynd. Honum var í lófa

lagið að leita til annarra aðila til þess að taka loka-ákvörðun um þetta mál. Það er ekki sæmandi, að ákvörðun um fjárhæðir, eins og þarna er um að ræða, 16—17 milljónir, séu teknar af manni, sem á hagsmuna að gæta hjá báðum samningsaðilum. Og í því sambandi endurtek ég það, sem ég sagði áðan. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, hvort í hlut eiga grandvarir menn eða ekki. Þetta á að gilda um alla, þetta á að vera föst regla. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar tekin var um það ákvörðun að kaupa eignir Sambandsins hér í nágrenni þinghússins, þótti hæstv. ríkisstj. óhjákvæmilegt að bera það undir alla flokka, vegna þess að þarna átti hlut að máli stofnun, eins og Sambandið, sem hefur mjög öflug tengsl við einn sterkasta stjórnmálaflokk á Íslandi. Ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt, að þetta væri kannað með viðræðum við alla flokka, og það fylgdi með þeirri orðsendingu, að ríkisstj. mundi ekki gera þessi kaup, ef fram kæmi gagnrýni frá einhverjum aðila. Þetta tel ég rétta aðferð, en þetta gerði hæstv. símamálarh. ekki í sambandi við ákvörðunina um kaupin á eign Sjálfstfl.

Hæstv. ráðh. las upp mikið af bréfum og grg., og ég hef ekki hugsað mér að fara að ræða þau atriði nákvæmlega, sem þar komu fram. Ég tók þó eftir einu, sem vakti furðu mína. Í einu bréfinu var frá því sagt, að miðstjórn Sjálfstfl. hefði falið tveimur mönnum, Guðlaugi Þorlákssyni fasteignasala og Helga Eyjólfssyni húsameistara, að meta eignina. Niðurstaða þeirra varð sú, að verðmætið væri 16,2 milljónir króna. Það er eigandinn sjálfur, sem gengst fyrir þessu mati, og það er þetta mat eigandans, sem síðan er grundvöllur viðskiptanna. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt um þennan hátt á viðskiptum áður. Venjulega koma menn sér saman um eitthvert óháð mat. Slíkir samningar hefjast venjulega á því, að samningsaðilar hafa dálítið mismunandi skoðanir á því, hvað eignirnar kosti, og ef þeir ná ekki samkomulagi á venjulegan hátt, kemur óháð mat. En þarna er um að ræða mat, sem framkvæmt er að tilstuðlan miðstjórnar Sjálfstfl., og það verður grundvöllur kaupanna.

Í bréfum þeim, sem hæstv. ráðh. las, koma fyrir býsna mörg nöfn, sem eru í innsta hagsmunahring Sjálfstfl. engu síður en hæstv. ráðh. Hann las m.a. bréf frá Gísla Halldórssyni arkitekt. Hitt er svo rétt, að ráðamenn Landssímans hafi verið fýsandi þessara kaupa, eins og fram kom í grg. hæstv. ráðh., bæði póst- og símamálastjóri, yfirverkfræðingur og Sveinbjörn Jónsson lögfræðingur, sem er trúnaðarmaður stofnunarinnar.

Í þessu sambandi er dálítið fróðlegt að íhuga stöðu þessarar stofnunar, Landssíma Íslands. Landssími Íslands hefur ákaflega þægilega aðstöðu í þjóðfélaginu. Hann er einokunarstofnun, hann getur ákveðið verðið á þeirri þjónustu, sem hann lætur landsmönnum í té. Ef hann þarf að ráðast í framkvæmdir og fjárfestingu, aflar hann sér fjár með því, að hann hækkar aðeins taxtann á viðskiptavinum sínum. Þessi stofnun þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af því, hvort hún er að taka réttar fjárhagslegar ákvarðanir, hvort hún er að spara 5 eða 10 millj. eða hvort hún er að eyða 5 eða 10 millj. Þetta jafnar sig ákaflega auðveldlega, vegna þess að þetta er lagt á viðskiptavini stofnunarinnar jafnóðum. Og Landssíminn hefur haft þá ákjósanlegu aðstöðu, að hann hefur getað ráðizt í mjög stórfellda fjárfestingu á þann hátt að taka hana jafnóðum af árlegum tekjum sínum. Hann þarf ekki að sæta því, eins og aðrir, að taka lán til stórframkvæmda og greiða þau upp á löngu árabili. Hann tekur þetta jafnóðum. Og slík aðstaða hefur óhjákvæmileg sálfræðileg áhrif á forustumenn slíkrar stofnunar. Þegar menn stjórna fyrirtæki, þá velja þeir ævinlega leið hinnar minnstu fyrirstöðu, og þegar menn eiga þennan kost að leggja tilkostnaðinn ævinlega á viðskiptavini sína, án þess að nokkur aðili geti haft eftirlit með því, þá er það ákaflega auðveld leið að hafa þann hátt á, sem Landssíminn gerir, að taka þátt í keppninni um okurlóðirnar hér í miðborg Reykjavíkur. Þetta er ekkert vandamál fyrir Landssímann, hann veltir þessu yfir á viðskiptavinina. Auk þess er það svo, að þeir útreikningar, sem gerðir eru af Landssímanum og ýmsum öðrum og hér hefur verið vitnað til, eru þannig uppbyggðir, að forsenda þeirra er að taka gilt það ástand, að lóðir og fasteignir hér í miðborg Reykjavíkur fari hækkandi ár frá ári. Þetta er talið eðlilegt ástand. Þetta er viðmiðunin hjá þeim, sem hafa búið til þá útreikninga, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir áðan. En þessi þróun í miðborg Reykjavíkur er sannarlega ekkert eðlilegt eða æskilegt fyrirbæri og sízt af öllu fyrirbæri, sem ríkið og stofnanir þess eiga að ýta undir. Verðhækkunin á lóðum og eignum í miðborginni er ákaflega alvarlegt einkenni á sjúku efnahagsástandi, og þetta stighækkandi verð er ríkur þáttur í verðbólguþróuninni á Íslandi. Þar er ekki aðeins um að ræða sölu á lóðum og fasteignum, heldur hefur sala á einni fasteign áhrif á leiguna í þeirri næstu. Það er svo komið, að svo til allar verzlanir við verzlunargötur í Reykjavík verða að sæta hreinum afarkostum að því er varðar leigu vegna þessa brasks. Þessum tilkostnaði er auðvitað velt yfir á viðskiptavinina. Þetta er einn þátturinn í því, hvað vörudreifing er fjarskalega dýr á Íslandi. Ég held, að þessi tegund gróða sé einhver sú ósiðlegasta, sem hugsast getur. Ég skil í sjálfu sér, að því sé haldið fram, að menn, sem stjórna sínum fyrirtækjum vel og eru duglegir og útsjónarsamir, eigi að hafa gróða af starfsemi sinni. Þetta sjónarmið er hægt að skilja, en gróði sem aðeins helgast af því, að menn eiga einhvern tiltekinn blett, gróði sem menn hafa ekkert á sig lagt til þess að tryggja sér, er ósæmilegasti gróði, sem til er.

Ég held, að það hafi lengi verið ákaflega brýn nauðsyn, að gerðar væru félagslegar ráðstafanir hér í Reykjavík til þess að ráðast gegn þessu vandamáli, annaðhvort með því að koma þessum eignum í eigu borgarinnar, eins og ætti að vera almenn regla um allar slíkar eignir, eða með því að stíga það skref í fyrstu að taka mjög stórfelldan verðhækkunarskatt

af eignum af þessu tagi. Hæstv. ráðh. sagði, að menn hefðu sagt við hann innan Sjálfstfl., að það væri ekki víst, að hann hefði verið að gera nægilega góð viðskipti fyrir hönd flokksins. Þessi eign mundi halda áfram að hækka í verði. Það væri býsna fróðlegt að fá um það vitneskju hjá hæstv. ráðh., hvað þessi eign hefði hækkað í verði síðan Sjálfstfl. eignaðist hana á sínum tíma, hvað Sjálfstfl. hefur fengið þarna mikil verðmæti án þess að hafa lagt fram nokkurn skapaðan hlut til þjóðfélagsins, aðeins með því að verða þátttakandi í þessu siðlausa gróðabraski í miðborginni.

Það muna ýmsir eftir því, að þegar Sjálfstæðisflokkurinn settist að á þessum stað, fékk hann næsta óvenjulega fyrirgreiðslu hjá opinberum aðilum. Hann gat ekki fært sér í nyt þessa eign, nema með því að fá heimild til þess að byggja yfir eina af götum borgarinnar. Ég minnist þess ekki, að annar aðili hafi notið jafnelskulegrar fyrirgreiðslu af hálfu opinberra aðila hér í Reykjavík. En það er þessi fyrirgreiðsla, sem flokkurinn hefur síðan hagnýtt sér til þess að hækka þessa eign sína sífellt í verði og hirða nú loks ágóðann á þurru. Hitt dreg ég ekki í efa, að flokkurinn hefði vel getað haldið áfram að safna þarna miklum nýjum verðmætum.

Mér skilst, að eftir tiltölulega stuttan tíma hugsi hæstv. ríkisstj. sér að gera fjárhagsráðstafanir, sem munu verða til þess, ef að vanda lætur, að allar þessar eignir í miðborginni stökkva upp í verði rétt einu sinni. Með þessari stjórnarstefnu, sem hér er haldið uppi, er hægt að færa rök að því, að allar slíkar eignir haldi áfram að hækka og hækka. En hugleiðingar af slíku tagi og áhugi á þess háttar braski ætti ekki að nota sem rök hér á Alþ. Íslendinga.

Ég vil að lokum leggja á það áherzlu, að hér er lögð fram tillaga um, að skipuð verði rannsóknarnefnd í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég tel, að hér sé um að ræða það stórfellt mál, að það rökstyðji gjörsamlega þessa aðferð, og ég vil minna á það hér rétt einu sinni, sem ég sagði í framsögu minni, að uppi hefur verið að undanförnu mjög hörð og mjög réttmæt gagnrýni hjá almenningi á það, að flokkar og valdaaðilar misnoti aðstöðu sína. Okkur ber að hlusta á þessa gagnrýni, og okkur ber að læra af henni. Og ég tel, að það væri bæði Alþ. og hv. ráðh. til sóma, ef við samþ. einróma að hafa á þessa aðferð. Með slíkri rannsóknarnefnd er aðeins verið að kanna málavexti til fullrar hlítar, og með því að hafa þennan hátt á er verið að leggja á það áherzlu, að Alþ. sé fullkomin alvara. Ég vil vænta þess að hv. ráðh. fallist á, að einnig hann þarf á því að halda, að þetta mál sé skoðað af fullri einlægni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú ekki mikið, sem ég tel ástæðu til að segja í sambandi við þessa síðustu ræðu hv. 1. flm. Hann var að tala um, að það væri eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. tæki þetta mál til nákvæmrar athugunar og gerði það í fullri alvöru. Úr því að þessi tillaga er fram komin, þá er ég honum algjörlega sammála um, að Alþ. taki þetta mál til alvarlegrar athugunar. Ég beinlínis óska eftir því, að þessi tillaga verði afgreidd, fái afgreiðslu. En hvort n. heitir rannsóknarn. eða allshn. Alþ. skiptir ekki máli, nema hv. allshn. fái ekki þau gögn, sem hún óskar eftir, nema hún hafi rannsóknarnefndarheimild. Þetta er aðeins orðaleikur, sem hv. 1. flm. er með, og sé ég ekki, hvað fyrir honum vakir til þess að komast að réttri niðurstöðu í þessu máli. Enda hygg ég, að það sé ekki það, sem um er að ræða frá hans hendi. Ég veit, að hann hefur sjálfur skapað sér skoðun á því og gert sér grein fyrir því, að Landssíminn hefur gert góð kaup, þegar hann keypti þessa lóð. Enda talar hann um, að líklega muni þessar eignir hækka í verði, en telur það út af fyrir sig vera bölvald og kennir þar um núverandi stjórnarstefnu. Hitt vita þó allir, að hverjir sem hafa verið í ríkisstjórn á Íslandi, hvaða flokkar og hvaða stefna, sem hefur verið ráðandi, þá hafa fasteignirnar í miðbænum stöðugt farið hækkandi og ekki síður, þótt flokkur fyrra flm. hafi stutt ríkisstj. Þetta veit hann.

Hv. fyrri flutningsmaður talar einnig um, að það opinbera eigi ekki að ýta undir hækkun á lóðum eða fasteignum í miðbænum. Þetta má kannske segja, að sé rétt, en studdi ekki þessi háttv. þm. og hans flokkur kaupin í Kirkjustræti? Það eru fyrstu kaup hins opinbera á þessu svæði. Það fór fram eftir mati. Það samþykktu allir flokkar. En þau kaup, sem Landssíminn gerði 1967 og á þessu ári eru miðuð við það, og þeir, sem voru að hugsa um hagsmuni Landssímans, tryggðu, að þessi kaup, sem Landssíminn gerði, væru hagstæðari en kaup Alþ. Og ástæðan til þess, að kaupin á Kirkjustrætislóðunum voru borin undir alla þingflokka, var ekki sú, að Sambandið átti þessar eignir, því að vitanlega skipti það ekki neinu máli, hvort Sambandið átti eignirnar eða einhver annar, heldur það, að verið var að taka ákvörðun um, hvort Alþ. ætti að kaupa þessar lóðir fyrir sig og hvort það passaði fyrir framtíðaráætlanir Alþ. að eignast þessar lóðir. Það var það, sem um var að ræða. En þarna kom hv. 1. flm. upp um sig, eins og stundum er sagt, þegar hann talar um, að það hafi verið vegna þess, að Sambandið átti eignirnar, að það hafi þurft að tala við alla flokka. Það er vegna þess, að Sjálfstfl. átti Thorvaldsensstræti 2, að þessi till. er flutt. Það var ekki talað neitt um það, þegar Landssíminn keypti lóðina í fyrra fyrir sunnan Landssímahúsið á þó hærra verði en Thorvaldsensstræti 2. Það er af því, að það var Sjálfstfl., sem seldi þessar eignir, að hv. flm. sér ástæðu til að fara með þetta inn í Alþ.

Hv. 1. flm. talar um, að það hafi komið gagnrýni í Tímanum í sumar. Það er rétt. En þeir hættu að skrifa um þetta mál í Tímann, eftir að þeir fengu grg. frá póst- og símamálastjórninni. Og hv. framsóknarmenn fluttu enga till. hér á Alþ. Veit ég þó ekkert um það, nema þeir séu eitthvað óánægðir með þessi kaup. Ég skal ekki segja það, en þeir hættu að skrifa, og þeir létu að minnsta kosti hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. Geir Gunnarssyni eftir, að

vera einir að till. í staðinn fyrir að vera með þeim. Ég tel nú, að það sé eðlilegra, að ef menn sannfærast, þá láti þeir gagnrýnina niður falla, en það gat ekki þessi hv. þm. gert eða hans flokksbróðir, af því að hann vildi setja þetta mál á pólitískt svið, af því að það var Sjálfstfl., sem átti þá eign, sem Landssíminn keypti.

Og enn segir hv. þm., að það sé vítavert af mér að hafa ekki leitað til annarra til þess að taka þessa ákvörðun. En hv. þm. veit þó, að ég leitaði til hinna fróðustu mann, hlutlausra manna, um þetta, sem töldu, að Landssímanum væri nauðsyn ein að fá þessa eign og þetta verð, sem um var að ræða, mætti telja hagstætt.

Hv. þm. undrast, að miðstjórn Sjálfstfl. fékk tvo mæta menn, sem kunnir eru fasteignasölum hérna í bænum, til þess að gera sér grein fyrir því, hvers virði þessi eign væri og — ef til kæmi, að hún væri seld, — hvað það verð mætti lægst vera til þess að flokkurinn fengi það, sem eðlilegt væri. Ja, til hverra átti að leita, nema manna, sem voru kunnugir slíkum málum, — verðmæti fasteigna hér í miðbænum? En það eru þeir, sem við fasteignasölur fást. Ég veit ekki um pólitískar skoðanir allra þessara manna, sem hv. þm. nefndi. Ég veit ekkert um, hvar þeir eru í flokki Sveinbjörn Jónsson, Haukur Þorleifsson eða yfirverkfræðingur Landssímans, og því síður veit ég í hvaða pólitískum flokki landssímastjóri er. En hitt veit ég, að allir þessir menn, hvar í flokki sem þeir standa, þessir trúnaðarmenn Landssímans, bera hag hans fyrir brjósti. Og það voru óviðeigandi orð, sem hv. 6. þm. Reykv. viðhafði hér áðan um Landssímann og forráðamenn Landssímans, því að hv. þm. sagði eitthvað á þá leið, að þeim mætti standa á sama, — þessari stofnun mætti standa á sama, hvort þeir keyptu dýrt, hvort þeir keyptu einnig á óhagstæðu verði, vegna þess að þeir hugsuðu ekkert um annað en bara að velta því yfir á viðskiptamennina. Landssíminn hefði einokunaraðstöðu og gæti borið þetta uppi, þótt vitlaus kaup væru gerð, Landssíminn stæði stöðugt í miklum framkvæmdum og mátti skilja, að það væri jafnvel af fyrirhyggjuleysi og óþörfu. Það er rétt, Landssíminn hefur staðið í miklum framkvæmdum. Landssíminn hefur komið síma inn á næstum hvert heimili í landinu, byggt sjálfvirkar stöðvar í kaupstöðum og kauptúnum og veitt góða þjónustu í okkar fámenna og strjálbýla landi. Það er þess vegna illt verk að koma hér með ásakanir í garð mætra manna, sem leggja sig fram um að stjórna stofnuninni vel og veita almenningi þá beztu þjónustu, sem auðið er að veita.

Þegar hv. þm. er að tala um einokunaraðstöðu og okur hjá Landssíma Íslands, þá tel ég rétt fyrir hv. þm. að vita á hvaða verði Landssími Íslands selur sína þjónustu borið saman við verð í nágrannalöndunum. Það er ákaflega fróðlegt að kynnast því, því að þetta er náttúrlega ekki eina röddin, sem er með ásökun í garð Landssíma Íslands fyrir, að hann reki okurstarfsemi í skjóli einokunarinnar. Ef við tökum afnotagjöld, sem eru miðuð við 2300 samtöl á ári, þá er afnotagjald í Noregi 7656 kr., en á Íslandi 3000 kr. Hvert samtal, sem er yfir 2300 samtöl, kostar í Noregi 2,16 kr. en á Íslandi 1,30 kr. Símskeyti innanlands kosta í Noregi 40 kr., en 24 kr. á Íslandi. Ef við tökum bréf, þá er það í Noregi 5,20 kr. undir einfalt bréf, en 4 kr. á Íslandi, prentað mál 3,20 kr. í Noregi, 2,50 kr. á Íslandi, bögglar 1 kg 28 kr. í Noregi, 8,50 kr. á Íslandi, póstávísanir innanlands 8 kr. í Noregi, 6 kr. á Íslandi, póstkröfugjald 8 kr. í Noregi, 4 kr. á Íslandi. Þetta eru aðeins sýnishorn, og ég hef ekki nefnt nema Noreg, en ef við nefnum afnotagjöldin í öðrum nágrannalöndum án þess að nefna umframsímtölin, sem eru yfirleitt einnig talsvert hærri en hér, að þá voru, eins og ég áðan sagði, afnotagjöldin í Noregi 7656 kr., 3000 kr. á Íslandi, í Danmörku 6470 kr., í Finnlandi 4522 kr., í Svíþjóð 3784 kr., í Bretlandi 5257 kr., í Frakklandi 11180 kr., í Vestur-Þýzkalandi 8930 kr., í Sviss 4228 kr. og í Bandaríkjunum 10417 kr. Hér er miðað við 2300 samtöl á ári og tveggja mínútna samtöl. Ég held við Íslendingar séum ein af þeim þjóðum, sem nota mikið síma, og síminn er óvíða eins útbreiddur og hjá okkur. Aðstaðan til þess að koma símanum hér inn á hvert heimili er vitanlega miklu erfiðari, og það er miklu dýrara hér í okkar strjálbýli en í þéttbýlu löndunum. Samt hefur þetta gerzt, og þjónusta Landssíma Íslands er miklu ódýrari heldur en hjá milljónaþjóðunum, þéttbýlu þjóðunum. En það gerist eigi að síður hér á hv. Alþ. Íslendinga árið 1968, að einn af þm. kemur í rauninni með ákæru á hendur ráðamönnum þessarar stofnunar og telur, að þeir í fullkomnu samvizkuleysi með einokunaraðstöðu velti óþarflega þungum byrðum yfir á almenning, vegna þess að þeir geri ráðstafanir, sem íþyngja almennum borgara. Það er þó mat verkfræðinga og þeirra, sem þessum málum eru kunnugir, að síðustu kaupin við Landssímahúsið, bæði Thorvaldsensstræti 2 og Thorvaldsensstræti 6, verði til þess að spara millj., jafnvel milljónatugi, — verði til þess, að afnotagjöld Landssímans geti á næstu árum orðið talsvert ódýrari en ef þeir hefðu látið það vera að kaupa þessar lóðir. En svo gerist það eigi að síður, að menn, sem annaðhvort gefa sér ekki tíma til þess að setja sig inn í þessi mál eða láta aðrar óeðlilegar hvatir ráða, koma hér á hv. Alþ. til þess að strá fræjum tortryggni og niðurrifs aðeins í því skyni að reyna að gera pólitískan andstæðing tortryggilegan. Þetta er starfsemi, sem ég hygg, að ekki margir þm. vilji taka þátt í og niðurstaðan verði sú, að á hv. Alþ. sitji yfirleitt þm., sem vilja skoða þetta mál eins og önnur á hlutlægan hátt og vilji fara eftir því sem í ljós kemur við nákvæmlega hlutlaust mat, eftir að öll gögn í málinu hafa verið fram lögð.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hafði sig upp í býsna mikinn leikaraskap og þóttist vera að bera blak af forystumönnum Landssímans gegn persónulegum árásum mínum. Þessi leikaraskapur var gersamlega óþarfur. Það

var ekki um neinar slíkar árásir að ræða hjá mér. Ég þekki vel forustumenn Landssímans og veit, að þeir eru bæði miklir hæfileikamenn og duglegir á sínu sviði. Það var ekki það, sem ég var að tala um. Ég var að tala um hitt, að stofnun, sem hefur þá aðstöðu, sem Landssíminn hefur, að hafa algera einokun á tiltekinni tegund þjónustu, þarf óhjákvæmilega á aðhaldi að halda. Og það aðhald þarf að koma annaðhvort frá viðskiptavinum stofnunarinnar eða frá Alþ. Ef menn hafa sömu aðstöðu og Landssíminn hefur haft, að þurfa aldrei að hafa neinar áhyggjur út af fjárfestingarframkvæmdum, heldur geta jafnóðum velt þeim yfir á viðskiptavinina, þá leiðir það til þess, að menn hafa þá þægilegu leið. Önnur fyrirtæki verða ævinlega að horfa í það, hvort þau kaupa fasteign fyrir 16—17 millj. í miðborg Reykjavíkur eða hagnýta sér aðrar lóðir, sem fáanlegar er hér í borginni og ekki þarf að greiða slíkt okurverð fyrir. Landssíminn hefur það fjárhagslega kerfi, að hann þarf ekki að hafa slíkar áhyggjur. Og ég tel, að það sé skylda Alþ. að fylgjast með því, að þessi aðstaða sé ekki notuð til þess að leggja á almenning hærri gjöld en óhjákvæmilegt er.

Ég ætla ekki að halda áfram að deila við hæstv. ráðh. um einstök atriði í þessu sambandi. Hugmyndin var ekki sú, að við ættum kappræður í þingsölum um þetta, heldur að tekin væri upp raunveruleg rannsókn á málinu. Þegar þeirri rannsókn er lokið, getum við hæstv. ráðh. farið að ræða málin á grundvelli hennar. Það leysir ekkert mál, að við séum með deilur í þessum ræðustóli. Aðalatriðið er hitt, að rannsóknin verði framkvæmd. Og ég á enn ákaflega erfitt með að skilja, hvers vegna hæstv. ráðh. vill ekki á það fallast, að þarna verði um að ræða rannsóknarnefnd í samræmi við 39. gr. stjórnarskrárinnar. Hvað er það, sem hæstv. ráðh. óttast í því sambandi? Hvers vegna hefur hæstv. ráðh. ekki áhuga á því, að málið sé kannað á þann hátt? Ég er ekki að vekja neina ástæðulausa tortryggni. Ég er einmitt að gera till. til þess að bægja frá getsökum og tortryggni í þessu sambandi. Að lokinni slíkri rannsókn liggja málavextir nákvæmlega fyrir, eins og þeir eru eða eiga að gera, ef n. hefur getað lokið verkefni sínu. Og aðeins á þann hátt er hægt að bægja frá tortryggni og getsökum.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði fallizt á kaup á lóð í Kirkjustræti, þá er það ekki rétt. Ég átti ekki sæti á þingi, þegar sú ákvörðun var tekin. Hitt vil ég enn leggja áherzlu á, að ég tel, að rannsóknarnefnd, sem skipuð verður, beri einnig að rannsaka allt baksvið slíkra viðskipta hér í miðborginni, þetta ósæmilega lóðabrask, sem magnast ár frá ári og sjálf ríkisstj. og stjórnarstofnanir hafa haft forustu fyrir.

Hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefði verið um önnur slík kaup að ræða en Kirkjustræti. Ég vil minna á, að Seðlabankinn hefur staðið fyrir fasteignakaupum hér í miðborginni, sem fóru langt fram úr venjulegu gangverði á þeim tíma og stuðluðu að því að stórhækka allt þetta okurverð í miðborginni. Hæstv. ráðh. sagði einnig, að ég skyldi bera saman Sjálfstæðishúsið og húsin við Kirkjustræti. Ég minntist á það í framsöguræðu minni, að það skiptir ekki nokkru máli, hvernig Sjálfstæðishúsið er á sig komið. Eina áhugamál Landssímans er að losna við það, og sennilega væri auðveldara að fjarlægja það, ef það væri lélegra en það er. Sennilega er það, að húsið er þó sæmilega á sig komið aðeins til aukins kostnaðar fyrir Landssímann. Keppikefli hans er að losna við það. En sem sagt, ég ætladi ekki að fara út í deilur við hæstv. ráðh. um einstök málsatvik í þessu sambandi. Till. mín er um að fella slíkar deilur niður, en taka þetta sem rannsóknarverkefni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki heldur að halda hér uppi málþófi um þetta. Það mætti vitanlega taka nokkurn tíma í að ræða við þennan hv. þm., ekki aðeins um þetta mál, heldur og fleira, sem gæti orðið þessu skylt, en látum það niður falla í bili. En ég sá aðeins ástæðu til þess að koma hér upp aftur vegna þess, að hv. þm. sagðist ekki skilja í því, af hverju ég vildi ekki láta athuga þetta mál. Það er einmitt það, sem ég vil. Ég sagði það áðan, að ég vildi, að öll gögn í þessu máli yrðu lögð á borðið, til þess að hv. alþm., sem ekki hafa enn gert sér grein fyrir því, hvort hér hefur verið rétt að farið eða ekki, eigi þess kost. En hvort n. heitir rannsóknarn. eða þn., sem þetta mál fær til meðferðar, það út af fyrir sig skiptir ekki neinu máli. Aðalatriðið er, að málið verði kannað og komizt verði að hinni eðlilegu og réttu niðurstöðu og hv. þm. viti þá, hvað hér er um að ræða.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 20. febr., var till. tekin til síðari umr. (A.29, n. 256 og 259).

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessari þáltill. um skipun rannsóknarnefndar vegna kaupa á Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík var vísað til allshn., og hefur n. haft þetta mál til ýtarlegrar málsmeðferðar, og m. a., eins og fram kemur í nál. meiri hl. allshn., voru Gunnlaugur Briem póst- og símamálastjóri og Jón Skúlason, forstjóri símatæknideildar Landssímans, kvaddir á fund n. til viðræðna um þetta mál. Nm. gafst þá kostur á að beina ýmsum fsp. til þeirra varðandi kaupin á Sjálfstæðishúsinu, og svöruðu þeir öllum fsp. nm., röktu gang þessa máls frá upphafi og komu með afrit af öllum þeim bréfum, sem fram fóru í sambandi við þessi kaup. Nm. hefur gefizt kostur á að kynna sér efni þeirra bréfa, jafnframt að ræða við þá og gera frekari fsp. Að þessu öllu athuguðu og eftir að hafa kynnt sér mjög ýtarlega gang þessara mála, telur meiri hl. n. ekki ástæðu til að samþykkja þessa till., því að í fyrsta lagi erum við, sem skipum meiri hl. n., sannfærðir um það, að Landssíminn þarf á auknu húsnæði að

halda, og við föllumst á rök forsvarsmanna Landssímans fyrir því, að það sé hyggilegt að byggja við hús Landssímans við Thorvaldsensstræti 4 og bæði vegna stofnkostnaðar vegna kaupa á þessu húsi og lóð og rekstrarlega séð, sé það Landssímanum hagstætt að fara þessa leið.

Í öðru lagi teljum við, að gangur þessa máls hafi verið með eðlilegum hætti. Hvað verð snertir, er það að okkar dómi síður en svo hærra en á mörgum öðrum lóðum og húseignum, sem keyptar hafa verið í miðbænum hér í Reykjavík. Í því sambandi finnst okkur ekki úr vegi að nefna kaup Alþ. á húsunum við Kirkjustræti. Enginn sá þá ástæðu til að gagnrýna þau kaup eða það verð, og í raun og veru fellur fyrri flm. þessarar till., sem er hv. 6. þm. Reykv., frá sinni upprunalegu till., eftir að hafa hlustað á rök forsvarsmanna Landssímans og þau gögn, sem hafa verið fram færð í þessu máli, því að hann stendur að áliti minni hl. allshn. ásamt tveimur öðrum nm., en þar leggja þeir til, að till. verði gerbreytt og skipuð verði n. samkv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka breytingar á lóðaverði í miðborg Reykjavíkur á síðustu þremur áratugum og gera sér eftir föngum grein fyrir því, hver áhrif þær breytingar hafa haft á verðbólguþróun í landinu. Mér þykir rétt að taka það fram, að hv. fyrri flm. till., sem sæti á í allshn., óskaði eftir því og reyndi að leita um það samkomulags í n., að hún gæti gert þessa breytingu á till. og orðið sammála um það, en við, sem skipum meiri hl. allshn., gátum ekki fallizt á það og vildum afgreiða þetta mál sérstaklega. En út af því, sem fram kemur í áliti minni hl. allshn., að rétt sé að hafa rannsóknina víðtækari en lagt var til í upphafi og hin öra og stórfellda hækkun á lóðaverði í miðborg Reykjavíkur sé alvarlegt vandamál, sem mjög hafði stuðlað að verðbólguþróun og annarlegri gróðasöfnun, þá langar mig aðeins til þess að segja að þó að ég sé ekki hagfræðingur, get ég eiginlega ekki skilið, að hið háa lóðaverð í miðborg Reykjavíkur hafi stuðlað að verðbólguþróun, heldur mundi ég frekar vilja skilja það á þann veg, að verðbólguþróunin almennt í landinu hafi stuðlað að hinu háa lóðaverði, m. a. í miðborg Reykjavíkur. Og hvaða eign er það, sem ekki hækkar verulega í verði á tímum verðbólgu? Með því að leggja þessa skoðun til grundvallar, öfugt við það, sem kemur fram hjá hv. minni hl. allshn., sé ég ekki ástæðu til þess að fela 4 mönnum að rannsaka allar lóða- og húsasölur í miðborg Reykjavíkur í 30 ár. Ég hygg, að það séu svo mörg önnur mál, sem sé miklu frekar ástæða til þess að binda menn við störf, sem koma að meira gagni og liggur meira á að gera, því að þegar allt kemur til alls held ég, að þegar menn hugsa hleypidómalaust um þá öru verðbólguþróun og þá þær fáu lóðasölur og húsasölur, sem átt hafa sér stað í miðborg Reykjavíkur, annars staðar í Reykjavík og víða annars staðar á landinu, þar sem einhver gróska hefur verið, þá hefur verðbólgan leitt til þess, að þessar eignir hafa farið upp úr þessu verði og langt úr hófi fram. Ástæðan fyrir því er auðvitað verðbólgan sjálf. Ég hygg, að það eigi ekki neitt að fara á milli mála, að verðbólgan er völd að því, hvernig þessi þróun hefur átt sér stað, en húsasölurnar hafa ekki að mínum dómi skapað verðbólguna.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara um þetta mál fleiri orðum. Það hefur komið fram, að það var reitt nokkuð hátt til höggs út af kaupum á Sjálfstæðishúsinu í ákveðnum blöðum, eftir að þessi kaup áttu sér stað á s. l. sumri. Það er nú eins og gerist og gengur oft og tíðum í stjórnmálabaráttunni. Af því að þar á stjórnmálaflokkur hlut að máli, þá þykir kannske öðrum, sem eru andstæðingar, rétt að vekja athygli á því og reyna að láta líta út fyrir almenningi, að hér hafi verið óeðlilega að farið. Ég segi fyrir mitt leyti, að hvort sem Sjálfstfl. á hlut að máli eða aðrir flokkar eða hver sem er, á auðvitað að ganga jafnt yfir alla í þeim efnum. Engum ætti að vera leyfilegt að ganga lengra en talið er sæmandi, og löll gögn, sem fyrir liggja, sýna okkur og hafa raunar sannfært fyrri flm. þessarar till. um, að við þessi kaup hefur ekkert verið frábrugðið frá öðrum kaupum og venjum í sambandi við lóðasölu og eignasölu hér í miðborg Reykjavíkur og þó að víðar væri leitað.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi þáltill. var flutt af okkur 6. landsk. þm. í þríþættum tilgangi.

Í fyrsta lagi vildum við koma á framfæri hér á Alþ. gagnrýni á vinnubrögð hæstv. símamálarh. Sú gagnrýni hafði verið borin fram í blöðum og manna á milli. Hún var svo alvarlegs eðlis, að okkur þótti óhjákvæmilegt, að sú gagnrýni væri einnig flutt hér á hinu háa Alþ. Ég rakti þessa gagnrýni ýtarlega við 1. umr. málsins, en kjarni hennar er sá, að hæstv. ráðh. setti sig í þá aðstöðu að verða að taka ákvörðun, þar sem hann hafði hagsmuna að gæta beggja vegna. Hann tók lokaákvörðun um það fyrir hönd ríkisstofnunar, Landssímans, að kaupa tiltekna fasteign fyrir mjög hátt verð, yfir 16 millj. kr., og sá, sem seldi fasteignina, var Sjálfstfl., þar sem þessi hæstv. ráðh. er í forustu. Þannig var hæstv. ráðh. með nokkrum hætti bæði kaupandi og seljandi í þessum viðskiptum. Slíkur háttur er auðviltað ósæmilegur með öllu, og það er regla, að menn forðast að koma sér í aðstöðu sem þessa. Ef dómarar eiga t. d. að kveða upp dóma í málum, sem þeir eru tengdir á einhvern hátt, er það föst regla, að þeir úrskurða sig frá slíkum dómi. Þetta bar hæstv. ráðh. að sjálfsögðu að gera, og þessari reglu ber að fylgja alveg án tillits til þess, hvort menn meta niðurstöður á einn hátt eða annan. Þetta er aðferð, sem sómakærir embættismenn eiga að fylgja og þeim ber að fylgja. Ég ræddi um þetta ýtarlega við 1. umr. Ég vil ítreka það hér nú, og ég vil láta í ljós þá eindregnu von mína, að hæstv. ráðh. geri sér þessa staðreynd ljósa, og það komi ekki fyrir hann framar að afgreiða mál á þennan hátt. Og slíkt hið sama tel ég, að aðrir ráðh. eigi að hafa í minni.

Annað atriði, sem við vildum vekja athygli á í sambandi við flutning þessarar þáltill., er, að hér á þingi er hafður einkennilegur háttur á annars vegar í sambandi við sölu fasteigna ríkisins og hins vegar við kaup. Ef seld er fasteign, verður að fjalla um það hér í frumvarpsformi við 6 umr. í báðum deildum. Hins vegar geta ráðh. tekið ákvarðanir um að kaupa eignir fyrir mjög hátt verð, án þess að það sé nokkuð borið undir Alþ., ef þeir hafa aðeins til þess rammaheimild. Í þessu sambandi má t. d. minna á, að undanfarna daga hefur Alþ. verið að fjalla um frv., sem heimilar að selja dálítinn blett, 230—400 m úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu. Um þetta er rætt við þrjár umr. í hvorri þd., um þetta er fjallað á nefndarfundum, það er leitað álits margra manna, og biskupinn yfir Íslandi sendi sérstakt bréf, þar sem hann fer fram á, að sóknarpresturinn fái að vera með í ráðum um það, hver upphæðin verði og hvernig hún verði notuð. Svona nákvæmni er viðhöfð í sambandi við slík mál og jafnvel slíka smámuni. En hæstv. símamálarh. getur keypt örlítinn blett hér í miðri Reykjavík fyrir 16 millj. kr., án þess að það sé borið undir Alþ. Og slíkt hið sama geta aðrir ráðh. gert að því leyti, sem slík mál heyra undir þá. Þetta eru vinnubrögð, sem eru gersamlega ótæk. Ég tel algerlega nauðsynlegt, að úr þessu verði bætt. Þarna verður að vera eitthvert samræmi á milli. Það verða að gilda hliðstæðar reglur um kaup og sölu á fasteignum og á þetta vildum við benda með flutningi þessa frv.

Í þriðja lagi var tilgangur till. sá að vekja athygli á þróun, sem hefur verið að gerast hér í Reykjavík og hefur haft mikil áhrif á mörgum sviðum, en þar á ég við þær óhemju verðhækkanir, sem orðið hafa á lóðum og fasteignum í miðborg Reykjavíkur. Þarna er um að ræða mjög stórfellda tilfærslu á fjármunum í þjóðfélaginu. Hv. frsm. meiri hl. vildi halda því fram, að það væri rangt að orða þetta svo, eins og gert er í nál. minni hl., að hækkun á lóðaverði í miðborg Reykjavíkur hafi stuðlað að verðbólguþróun. Hann vildi meina, að þar væri einvörðungu um afleiðingu að ræða. En málið er ekki svona einfalt. Verðhækkanir á lóðum og fasteignum í miðborg Reykjavíkur hafa mjög mikil verðbólguáhrif og leiða m. a. til þess, að leiga fyrir verzlunarhúsnæði hefur hækkað óheyrilega, og slík hækkun hefur auðvitað bein áhrif á verzlunartilkostnaðinn. Einmitt þessi hækkun á lóðum í miðbiki Reykjavíkur hefur stuðlað ótvírætt að verðbólguþróun, jafnvel einstök húsakaup. Allir hv. þm. vita, að þegar Seðlabankinn keypti hér lóð fyrir verð, sem var mun hærra en tíðkazt hafði fram að þeim tíma, leiddi það til snöggrar verðbreytingar á öðrum lóðum í miðborginni. Það stökk varð orsök að nýrri verðbólguþróun. Þarna fléttast saman orsakir og afleiðingar í sífellu, og ég held, að engin ástæða sé til þess að telja þetta einvörðungu afleiðingu. Hins vegar eru áhrifin af þessu mjög alvarleg. Þau stuðla m. a. að því, að alls konar breytingar á skipulagi Reykjavíkur verða örðugri og örðugri. Það er ekki hægt að hagnýta slíkar lóðir, nema fyrir ákaflega fjársterka aðila og þá helzt til einhvers atvinnureksturs, sem skilar miklum arði. Ég geri ráð fyrir því, að hv. borgarstjóri Reykjavíkur, sem nú er kominn til okkar, mundi geta greint rækilega frá þessu vandamáli, því að þetta er mikið og alvarlegt vandamál. Og þetta er að sjálfsögðu bakgrunnur kaupanna á Sjálfstæðishúsinu.

Á það hefur verið bent, að hægt sé að tilfæra dæmi um hliðstætt verð og greitt var fyrir lóð Sjálfstæðishússins. Og það er alveg ótvírætt, að hægt er að benda á slík dæmi. En það breytir engu um það, að verðhækkunin á lóð Sjálfstæðishússins er algerlega óeðlileg, þó að hún sé í samræmi við hækkanir, sem orðið hafa á öðrum hliðstæðum eignum. Öll þessi þróun er óeðlileg og öll þessi þróun er andfélagsleg. Þessir aðilar, sem eiga þessar lóðir, hafa margir tekið þær í arf, þeir hafa ekki skilað þjóðfélaginu neinni félagslegri þjónustu. Þeir hirða aðeins afleiðingar af verkum annarra. Margir þeirra eru hreinir þiggjendur, hreinar, þjóðfélagslegar afætur. Þetta er sú tegund gróðasöfnunar, sem er einna ógeðfelldust af öllum. Og þetta vandamál er svo stórfellt, að það hefur lengi verið mikil nauðsyn, að það verði tekið föstum tökum og sett sérstök löggjöf um þessi efni. Slík löggjöf gæti verið á marga lund. Þar gæti verið um að ræða eignaupptöku, eignarnám. Þar gæti einnig verið um að ræða eftirlit með sölu á slíkum eignum, þar sem óeðlileg eignaaukning væri tekin til einhverra annarra þarfa, einhverra félagslegra þarfa. Það væri einnig hægt að hugsa sér, að lagður verði sérstakur verðbólguskattur á slíkar eignir.

Ég er ekki einn um að hafa þessa skoðun. Þessa skoðun hafa einnig menn í stjórnarflokkunum. Ég vil t. d. minna á, að Alþýðublaðið, annað aðalmálgagn hæstv. ríkisstj., birti forystugrein 16. ágúst í fyrra í tilefni af kaupunum á lóð Sjálfstæðishússins. Og þar komst Alþýðublaðið svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er ástæða til að hafa gætur á þessum húsa- og lóðakaupum. Ár eftir ár hefur verð eignanna hækkað hröðum skrefum, og verður því gróði þeirra, sem eiga gömlu húsin, meiri og meiri. Þetta er að sjálfsögðu óeðlilegur gróði, þar sem húseigendur þessir hafa ekkert til þess gert að auka svo verðmæti eignanna, heldur hefur vöxtur og skipulag borgarinnar valdið þar mestu um. Þjóðfélagið ætti að taka þennan óeðlilega gróða í sína vörzlu.“

Þetta var sú stefna, sem mörkuð var í Alþýðublaðinu. Og einmitt þess vegna lagði ég til í allshn., að málið yrði tekið upp á þessum grundvelli, vegna þess að ég gerði mér vonir um, að unnt mundi vera að ná samstöðu í n. um þetta sjónarmið. Það skiptir mestu máli, ef við þm. vekjum máls á vandamálum, að við getum þokað þeim áleiðis. Svo illa tókst til í n., að um þetta varð ekki samkomulag, en ég vil engu að síður gera mér vonir um, að samstaða um þessa aðgerð geti tekizt hér í hv. þd. og þdm. komi sér saman um að ákveða þessa könnun. Hún er ekki eins umfangsmikil og menn kunna að

ímynda sér, vegna þess að þessi gögn eru tiltæk. Það er ekki neitt fjarskalega mikið verk að gera yfirlit yfir þessa þróun, og síðan væri hægt að hagnýta það yfirlit til nýrrar lagasetningar, eins og t. d. þeirrar, sem ég var að geta um hér áðan.

Ég vil einnig minna þm. á, að þetta vandamál er tengt öðru vandamáli, sem mönnum er nú ofarlega í huga, og það er sú stórfellda breyting, sem nú er verið að framkvæma í þjóðfélaginu á högum manna. Hæstv. ríkisstj. er að gera ráðstafanir, sem eru mjög nærgöngular við alla launamenn. Hún kveður það vera ætlun sína að skerða umsamið dagkaup launamanna, verkafólks, með 10 þús. kr. mánaðartekjur um allt að 20%. Þetta eru mjög alvarlegar efnahagsaðgerðir, og það er gersamlega ósæmilegt að orða aðgerðir af þessu tagi, án þess að gerðar séu á sama tíma ráðstafanir til þess að láta þá, sem mest megna, bera sinn hluta af byrðunum í þjóðfélaginu.

Ég minntist á þetta í síðustu viku í sambandi við till., sem ég flyt um eignakönnun. Og ég minnti þá á ummæli, sem hæstv. forsrh. hafði hér á þingi fyrir rúmum tveimur árum, en þar sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt segi ég og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun framar, nema því aðeins, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni, fái að borga sinn brúsa fyllilega."

Þetta var fyrirheit hæstv. forsrh. Ég hef ekki séð neinar slíkar ráðstafanir. Hitt veit ég, að ef ekki verður að gert, munu þessar eignir í miðborg Reykjavíkur hækka mjög verulega í verði af völdum gengislækkunarinnar. Gengislækkunin, sem var framkvæmd núna síðast, mun færa eigendum þessara eigna milljónatugi án nokkurs tilverknaðar þeirra, án þess að þeir hafi lagt fram nokkuð til þjóðfélagsins. Slíkri þróun mega alþm. ekki una, og því vil ég vænta þess, að samstaða takist hér í hv. þd. um að fallast á þann hátt, sem minni hl. allshn. leggur til, að þetta vandamál verði rannsakað.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð og gerist raunar ekki þörf, en ég vildi aðeins vekja athygli á nokkru, sem fram hefur komið frá því, að þetta mál var til fyrri umr. Það hefur nefnilega gerzt, að sú till., sem þá var rædd, hefur verið dregin til baka, en önnur till. flutt og fyrir henni mælt hér af hv. fyrri flm. fyrri till. Hv. alþm., sem lesa upphaflegu till. og brtt., sjá, að hér er um allt annað mál að ræða, og eitt er það, sem ég sé ástæðu til þess að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir. Það var, að hann skyldi hafa hreinskilni til þess að viðurkenna það, sem var náttúrlega erfitt fyrir hann að neita, að það megi finna dæmi, jafnvel mörg, um að lóðir hér í miðbænum hafi verið seldar á hærra verði heldur en Sjálfstæðishúsið og sú lóð, sem því fylgdi. Þetta er ákaflega mikið atriði fyrir mig, að hv. flm. viðurkenndi þetta, og ég met hann í sjálfu sér nokkru meira fyrir það, vegna þess að um leið og hv. fyrri flm. till. viðurkennir þetta, þá fara menn að efast um, að það hafi raunverulega verið ástæða til að flytja þetta mál inn í Alþ.

Annað er það, sem ég vil vekja athygli á og hv. ræðumaður sagði hér áðan og ég skrifaði nokkurn veginn orðrétt niður eftir honum: Síðasta gengislækkun mun færa eigendum fasteigna og lóða í miðbænum millj. gróða. Það er einmitt þetta, sem ég er alveg sannfærður um, að eftir fáein ár mun verða viðurkennt, jafnvel af hv. 6. þm. Reykv., að Landssíminn hafi gert góð kaup árið 1968, þegar hann keypti Sjálfstæðishúsið og skapaði sér möguleika til þess að stækka gamla símahúsið, og nota þá aðstöðu, sem tæknimenn Landssímans hafa lagt svo mikið upp úr, að fengist einmitt með því, að geta byggt við gamla húsið og sparað margar millj., eins og þeir segja, í jarðstrengjum og öðrum tækniútbúnaði við það að nýta þessa lóð og þurfa ekki að byggja annars staðar.

Ég skal taka undir það með hv. 6. þm. Reykv., að áður en menn taka ákvarðanir, þá ber að vega og meta, hvað sæmilegt er, og það verður ráðh. að gera. Hann verður að gerta sér grein fyrir því, hvað sæmilegt er, og sannarlega væri ég illa staddur sem embættismaður, ef það yrði viðurkennt, að ég hefði átt hlut að því að snuða ríkisstofnunina Landssímann. En að ég fái ámæli fyrir það nú að hafa gert þannig viðskipti við Landssímann, sem hann óumdeilanlega hefur hagnazt af, sem fæst viðurkennt nú strax, en þó sérstaklega síðar, það held ég ekki, að verði mælt af mikilli festu ekki einu sinni af hv. 6. þm. Reykv., sem sagt, ég hef ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta. Ég talaði nokkuð við fyrri umr. málsins, og þá voru lögð fram gögn í málinu. Hv. allshn. fékk þessi gögn til meðferðar og hefur leitað upplýsinga hjá póst- og símamálastjóra og ráðgjöfum hans, og allt stefnir þetta að sama marki og hefur nægt til þess að sannfæra hv. 6. þm. Reykv. um það, að út af fyrir sig hafi þetta verið góð kaup fyrir Landssímann miðað við þær sölur, sem hafa átt sér stað í miðbænum áður, en samt sem áður hafi það verið vítavert fyrir Sjálfstfl. að selja þessa eign. Það er vitanlega einungis vegna þess, að það er Sjálfstfl., sem átti þessa eign, að þetta mál var flutt inn í Alþ. Salan miðaðist að nokkru leyti við það, sem áður hafði gerzt, og salan á Sjálfstæðishúsinu og lóðinni, sem því fylgdi, var miðuð við að vera lægri og hagstæðari en aðrar sölur, sem hafa farið fram hér. Svo er auk þess sérstaða Landssímans að geta nýtt sér þá aðstöðu, sem þetta gefur honum. En um þessa nýju till., — þörfina á því að samþykkja hana og rannsaka, hvaða þátt lóðaverð í Reykjavík hefur átt í verðbólguþróuninni, — þá vil ég taka undir með hv. frsm. meiri hl. og þá skoðun, sem hann færði fram, að það er vegna þess, að verðbólgan var komin, að lóðirnar hafa hækkað, en ekki, að verðbólgan eða verðhækkunin hafi byrjað á lóðum og fasteignum hér í miðbænum. Það er vegna þess, að kr. hafði rýrnað á síðustu árum og áratugum, að fasteignirnar hækkuðu. Þess vegna er það rétt, sem

hér hefur fram komið, að það er ekki ástæða til þess að skipa sérstaka rannsóknarn. til þess að rannsaka þetta atriði. Þetta virðist vera á algjörum misskilningi byggt, og þess vegna er rétt, eins og hv. meiri hl. leggur til, að fella þessa till., enda þótt þar sé alveg um gjörbreytt mál að ræða frá því, sem áður var um rætt.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ræða hv. ráðh. var býsna ruglingsleg og ekki til marks um samfellda hugsun, svo að ég þarf ekki að svara miklu úr henni.

Hann vildi halda því fram, að ég hefði breytt um afstöðu í þessu máli, ég hefði sannfærzt um það, að þessi viðskipti hefðu verið eðlileg með öllu og hagstæð í samanburði við annað. Ég útskýrði í fyrstu ræðu minni, að ég teldi þessi viðskipti algjörlega óeðlileg, þó að hægt væri að færa rök að því, að önnur viðskipti væru jafnóeðlileg. Ég bar sakir á hæstv. ráðh. vegna þeirrar aðstöðu, sem hann setti sig sjálfan í, og því atriði svaraði hann ekki einu einasta orði, enda fæ ég ekki séð, að nein málsvörn sé hugsanleg til varnar slíkum vinnubrögðum. Menn eiga að forðast að standa að málum á þennan hátt, og ég vænti þess, að þögn hv. ráðh. um það atriði sýni, að hann fallizt á það sjónarmið. Auðvitað er hægt að færa rök að því, að Landssími Íslands muni hagnast ekki síður en aðrir, sem eiga lóðir í miðborginni, á verðbólguþróuninni, þ. e. Landssíminn hagnast á henni, ef hann ætlar að braska með þessar eignir, en ég veit ekki til þess, að það standi til. Hagnaður manna af lóðum í miðborginni er annaðhvort af því, að þeir geta leigt þessar eignir með vaxandi verðlagi eða þeir geta hagnýtt sér verðbólguþróun til þess að græða á henni. Það var það sem Sjálfstfl. gerði, hann komst yfir þessa lóð fyrir lágt verð og seldi hana fyrir margfalt hærra verð, án þess að flokkurinn hefði nokkuð lagt fram þjóðfélaginu til gagns til þess að rökstyðja þau verðmæti, sem hann fékk þarna. En stofnun eins og Landssíminn, sem rekur þjónustustarfsemi, hefur auðvitað engan verðbólgugróða af einhverju hugsanlegu verði, sem er á lóðinni undir húsinu. Slíkt er aðeins bókhaldsatriði. Hins vegar verður Landssíminn að leggja á viðskiptavini sína þær 16 millj. kr., sem Sjálfstfl. fékk í sinn hlut. Það eru viðskiptavinir Landssímans, sem greiða þann kostnað.

Það, sem skiptir meginmáli í þessu sambandi, er auðvitað þessi þjóðfélagsþróun, því að hún hefur leitt til þess, að hundruð millj. kr. hafa flutzt til aðila, sem ekki hafa neinn þjóðfélagslegan rétt á að fá þessar fjárhæðir. Og þessi þróun mun ágerast, ef ekki verður spyrnt á móti, og hún mun leiða til vaxandi vandamála hér í höfuðborginni, m. a. í skipulagsmálum borgarinnar.

Að rökstyðja þá afstöðu að fella beri till. minni hl. út af ágreiningi um það, hvort kalla eigi hækkun á lóðum orsök eða afleiðingu yfirgengur minn skilning. Ég held að orsök og afleiðing séu þarna fléttuð saman. Hvort sem menn litu á þetta sem orsök eða afleiðingu, breytir það engu um það, að þessu ástandi verður að breyta. Þarna verða félagsleg sjónarmið að koma í staðinn fyrir gróðasjónarmið, og um það fjallar till. okkar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Hv. 6. þm. Reykv. fullyrðir, að Landssíminn hagnist ekkert á þessari eign, þótt að hún hækki í verði. Hann hagnist aðeins, ef hann fari að braska með þessa lóð. En nú er það svo, eins og hv. 6. þm. Reykv. hefur margsinnis heyrt, að forstöðumenn Landssímans, landssímastjóri, verkfræðingar hans og aðrir tæknimenn hafa sagt: Landssíminn verður að eignast þessa lóð, Landssíminn verður að hagnýta sér þá aðstöðu, sem þarna er hægt að fá. Ef Landssíminn hefði ekki keypt húsið árið 1968, þá er enginn vafi á því, að hann hefði haldið áfram að sækjast eftir því að fá þessa eign, og ef það hefði dregist í 5 ár, þá er alveg víst, að verðið hefði orðið hærra heldur en nú er. Þess vegna hagnast Landssíminn á þessu að hafa ekki dregið það lengur að festa þessi kaup, vegna þess að hvernig sem þróunin verður hjá okkur, þá hefur það alltaf verið, bæði á Íslandi og í öðrum löndum, að peningarnir hafa lækkað í verði, einnig þó að ekki teljist vera verðbólgutímar, og seinna meir verður lóðin, sem Sjálfstæðishúsið stendur á, meira virði en hún var á árinu 1968, og hv. 6. þm. Reykv. viðurkenndi áðan, að einmitt gengisbreytingin í nóv. gerir þessar eignir miklu verðmætari, en salan fór fram fyrir gengisbreytinguna. Þetta gildir alveg eins með Landssímann, þó að hann selji ekki lóðina, af því að hann nýtir lóðina, og þegar hv. 6. þm. Reykv. segir, að Landssíminn þurfi að leggja 16 millj. á notendurna, þá er það vitanlega einnig rangt, vegna þess að það er viðurkennt, að Landssíminn sparar stórfé — fleiri millj. — á því að þurfa ekki að byggja hús annars staðar í bænum og leggja í þann mikla kostnað, sem af því leiðir að leggja jarðstrengi út frá miðstöðinni hér í miðbænum. Þetta hefur margsinnis verið sagt, og þarf ekki að endurtaka það hér, að með því að kaupa þessa eign fyrir 16 millj. kr., sparar Landssíminn í framtíðinni miklu meira en það, og þetta verður ekki til þess að hækka símagjöldin á notendunum, heldur verður það til þess, þegar fram í sækir, að þau verða lægri en annars hefði orðið, ef Landssíminn hefði ekki getað fengið þessa lóð.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þar sem hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur, en hann hefur verið borinn hér talsverðum sökum, finnst mér rétt, að ég taki svari hans, fyrst að aðrir verða ekki til þess.

Í áliti meiri hl. þeirrar n., sem hefur fjallað um þetta mál, og eins hér í umr., hefur komið fram það álit að kaup þau, sem framkvæmd voru á vegum Alþ. á lóðum hér í nágrenninu á s. l. ári, væru nokkuð hliðstæð þeim kaupum, sem höfðu átt sér stað hjá Landssímanum, þegar hann keypti Sjálf-

stæðishúsið. Eins og kunnugt er, var það forsrh., sem hafði forgöngu um þessi kaup af hálfu Alþ., og ég tel það með öllu rangt að bera þessi kaup saman, því að ég álít, að sá kaupsamningur, sem forsrh. hefur náð í þessu tilfelli, sé stórum hagstæðari en sá, sem símamálarh. hefur náð, þegar hann keypti Landssímahúsið.

Báðar þessar eignir eru fyrst og fremst keyptar til þess að fá þær lóðir, sem þar er um að ræða, en ekki vegna þeirra húseigna, sem á þeim eru, enda er sannleikurinn sá, að þar sem áformað er að reisa nýjar byggingar á þessum lóðum, þá er sjálfsagt gert ráð fyrir, að þær byggingar, sem nú eru á þeim, verði rifnar niður, og í báðum tilfellum er hér um gamlar byggingar að ræða, gömul hús, sem eru ekki sérlega mikils virði, þegar þau eru metin ein sér, en það, sem gerir þau hins vegar verðmæt, eru lóðirnar, sem þau eru á. Og ef maður leggur það meginatriði til grundvallar, þá er útkoman sú, að sú lóð, sem fékkst með því að kaupa Sjálfstæðishúsið, er 600 fermetrar. Fyrir það eru greiddar 16 millj. kr. Sú lóð, sem fékkst við kaupin, sem forsrh. gerði fyrir Alþ., er 1600 fermetrar. Fyrir þá voru ekki borgaðar nema 20 millj. kr. Ég held, að það ættu allir að geta séð, að forsrh. hefur komizt að mjög hagstæðum samningum, þar sem hann fær 1600 fermetra fyrir 20 millj. kr., en símamálarh. fær 600 fermetra fyrir 16 millj. kr. Ég held, að það liggi alveg í augum uppi, að hv. forsrh. hefur gert þarna miklu hagstæðari kaup en símamálarh., og þess vegna er það með öllu rangt að bera kaup þeirra saman í þessu tilfelli. Þetta var nú það, sem átti meginþátt í því að ég kom hér upp, því að ég vildi ekki láta forsrh., þar sem hann var fjarverandi, liggja undir röngum ásökunum í þessu sambandi.

Annars finnst mér, að viðbrögð símamálarh. í þessu tilfelli séu nokkuð einkennileg. Ef ég hefði verið í hans sporum og talið, að ég hefði þarna algjörlega hreint mjöl í pokahorninu, þá hefði ég fúslega samþykkt að rannsókn færi fram á þessum kaupum, til þess að það kæmi fullkomlega í ljós, að ég hefði ekki haft neitt að fela, og ég hefði gert hliðstætt því hér á þingi. Ég var ásamt nokkrum þm. borinn þeim sökum, að ég hefði framið trúnaðarbrot í utanrmn., og ég fór fram á, að skipuð yrði alveg hliðstæð n. og sú, sem hér um ræðir, til þess að rannsaka, hvort þessi áburður væri réttur, en því miður fékkst þingið ekki til að fallast á, að þessi rannsókn færi fram. Ég álít, að hæstv. símamálarh. hefði í þessu tilfelli átt að gera nákvæmlega það sama. Hann er borinn hér þeim sökum, að hann hafi staðið að óhagstæðum kaupum fyrir ríkið og það sé vegna þess, að flokkur hans sé viðriðinn. Mér finnst slíkt mál einmitt vera þannig vaxið, að ef hæstv. ráðh. teldi allt í lagi hjá sér, þá ætti hann beinlínis að heimta rannsókn á þessu og sýna með niðurstöðum hennar, að við þessi viðskipti væri ekki neitt að athuga, en það, að ráðh. vill ekki fallast á slíka rannsókn og ekki einu sinni, þó að hún eigi að fara fram á víðtækari hátt, svo að þetta mál mundi upplýsast enn þá betur, — það gefur mér ástæðu til þess að halda, að ráðh. telji sinn málstað ekki eins góðan og hann vill vera láta. Því ef hann hefur ekkert að fela, hvers vegna vill hann ekki láta rannsóknina fara fram?

Það, sem ég vildi svo vekja athygli á að síðustu, er það, að kaup ríkisins sjálfs á fasteignum og ríkisstofnana annars vegar fara fram með mjög ólíkum hætti. Kemur mjög til athugunar, að það sé gerð samræming á því. Ríkið getur sjálft enga fasteign keypt og enga fasteign selt, nema það sé borið undir Alþ. og Alþ. hafi þannig aðstöðu til þess að fylgjast með gerðum þess í þessum efnum. Aftur á móti virðist ríkisstofnunum vera alveg í sjálfsvald sett að selja og kaupa fasteignir á því verði, sem þeim sýnist. Og því er ekki að neita, að á undanförnum árum hafa átt sér stað fasteignakaup af hálfu ríkisstofnana, sem eru sennilega ekkert skárri en þau kaup, sem hér um ræðir, og það hefur verið gert, án þess að Alþ. fengi nokkuð um það að fjalla. Ég álít, að það eigi að koma á samræmingu í þessum efnum á þann veg, að það verði að bera það undir Alþ. með einhverjum hætti, þegar ríkisstofnanir kaupa og selja fasteignir. Þetta gildir um ríkið sjálft, og öðruvísi er ekki hægt að koma á fullri samræmingu í þessum efnum. Þetta er atriði, sem ég álít, að Alþ. eigi að taka til athugunar, ekki sérstaklega í sambandi við þetta mál, heldur til þess að skapa almenna reglu um það, hvernig þessum málum verður háttað í framtíðinni, þ. e. fasteignakaupum og fasteignasölum af hálfu ríkisins og ríkisstofnana.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, enda var það aldrei ætlun mín að taka þátt í þessum umr. og hefði ekki gert það, ef ég hefði ekki talið nauðsynlegt að verja forsrh., þar sem hann var fjarverandi.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vissi það nú áður, að hv. 4. þm. Reykv. bar hlýjan hug til hæstv. forsrh. og einnig til mín, og það var gott að fá það staðfest í dag hér í hv. deild, að hann vill ekki, að forsrh. sé borinn röngum sökum, þegar hann er fjarverandi, en ég hafði ekki skilið það svo, að verið væri að bera sakir á hv. forsrh. í þessum umr. af einum eða öðrum.

Lóðin í Kirkjustræti var samþykkt og kaupin á þeim lóðum voru borin undir alla flokka. Þær þóttu dýrar og það var borið undir alla flokka, og það eru allir þar ábyrgir. Einmitt vegna þess, að það var borið undir alla flokka og þetta þóttu eðlileg kaup, þá var talið gott fyrir Landssímann að geta fengið lóð á svipuðum stað með mun betri kjörum heldur en Kirkjustrætislóðin var.

Nú verður að afsaka, að hv. 4. þm. Reykv. talaði af sér áðan, vegna þess að hann mun ekki hafa verið hér í hv. Alþ., þegar þetta mál var rætt í vetur, en ég hafði búizt við því samt, að hann kynnti sér málið, áður en hann færi að tala um það. Í tilefni af því, að hv. þm. fullyrti hér áðan, sem ekki er rétt, þegar hann var að gera samanburð á kaupum á Kirkjustrætinu og Sjálfstæðishúsinu, þá vil ég endurtaka nokkuð af því, sem kom fram í gögnum í þessu máli

fyrr í vetur, en þar segir m.a., með leyfi hv. forseta:

„Sami grundvöllur var notaður við mat fyrir kaup póst- og símamálastjórnarinnar á lóðinni Thorvaldsensstræti 6 og Thorvaldsensstræti 2. Verð lóðar og húss að Thorvaldsensstræti 2 var 16 millj. 243 þús. kr., og er þá miðað við, að 2 millj. kr. greiðist við undirskrift samnings og 2 millj. 619 þús. að 6 mánuðum liðnum, en það sem eftir er, 71.2% verðsins, á 10 árum. Ef um staðgreiðslu hefði verið að ræða, hefði verðið orðið um 13.9 millj. kr., sem má skipta á lóðarverð 7.3 millj. kr. og húsverð 6.6 millj. kr. eða 55% af brunabótaverði. Meginhluti hússins er steinhús 21 — 22 ára gamalt."

Nú getur hv. 4. þm. Reykv. borið saman Torvaldsensstræti 2, húseignina þar, og Kirkjustræti, 57 ára gamalt timburhús. Þar var miðað við 57% brunabótamatsverð, en 55% í Thorvaldsensstræti 2. Samkvæmt skipulagi Reykjavíkurborgar, bls. 146 og 150 má aðeins byggja lág hús, 1 — 2 hæða, sunnan Kirkjustrætis með samtals gólffleti á hæðum ofan jarðar 50% meiri en lóðarstærðin. Nýtingarstuðull er aðeins 1.5. Þar sem lóðir nefndra 3 húsa eru samtals 1170 fermetrar að stærð, svarar það til að byggja megi þar hús með samanlögðum gólffleti 1755 fermetrum ofan jarðar eða minni en að Thorvaldsensstræti 2, sem er 2000 fermetrar ofan jarðar. Lóðin, sem póst- og símamálastjórnin hafði áður keypt að Thorvaldsensstræti 6 er 693.5 fermetrar og kostaði 12150 hver. Var það verð miðað við lóðakaup ríkisstj. norðan Kirkjustrætis, en þar mátti aðeins byggja á 781 fermetra samanlagðs gólfflatar. Nú fullyrti hv. 4. þm. hér áðan, að lóðin í Kirkjustræti væri ódýrari en í Thorvaldsensstræti 2, og þó má ekki byggja þar nema 1755 fermetra ofanjarðar, en í Thorvaldsensstræti 2 má byggja 2000 fermetra á fjórum hæðum. Lóðin í Kirkjustræti kostaði, eins og hv. 4. þm. sagði hér áðan, 20 millj. kr., en 16 millj. kr. í Thorvaldsensstræti 2. Samt segir hv. 4. þm. Reykv., að kaupin að Thorvaldsensstræti 2 hafi verið óhagstæðari. Ég læt hv. alþm. um að reikna dæmið og draga ályktanir. Út af því tel ég ekki þörf á að eyða fleiri orðum þar yfir.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þessar tölur, sem hæstv. ráðh. var að lesa hér upp, breyta ekki neitt þeirri staðreynd, að forsrh. gerði hagstæðari kaup, þegar hann keypti lóðirnar í Kirkjustræti, heldur en símamálarh., þegar hann keypti Sjálfstæðishúsið. Það stendur alveg óhaggað, að fyrir 600 fermetra lóð gaf símamálarh. 16 millj. kr., en fyrir um 1600 fermetra lóð gaf forsrh. ekki nema 20 millj. kr. Ég held, að það geti hver og einn reiknað út, hvor kaupin muni vera hagstæðari af þessum tölum. Hæstv. símamálarh. var að vitna til þess, að ekki mundi verða leyft að byggja hús við Kirkjustræti, nema af ákveðinni hæð. Það hefur enn ekkert verið ákveðið endanlega um þetta, því að það ég bezt veit er ekki búið að ganga endanlega frá skipulagi miðbæjarins, þannig að það liggur ekkert endanlega fyrir um það, hver niðurstaðan verður í þessum efnum. Það er eitt af þessum eilífðarmálum, sem enn hefur ekki verið ráðstafað, hvernig á að skipuleggja miðbæ Reykjavíkurbæjar. Eg man ekki betur en hæstv. forsrh. væri að lýsa því fyrir þingheimi í fyrra, þegar hann var að ræða um þinghúsbygginguna og fleiri slík mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta. Mér fannst rétt, að það kæmi þarna fram, að forsrh. hefði staðið sig miklu betur í þessum efnum en símamálarh., og það liggur líka ljóst fyrir af þeim tölum, sem ég hef hér nefnt. Svo vil ég líka bæta því við, sem gerir málstað forsrh. enn betri, að hann tók það ekki á eigin ábyrgð að ákveða þessi viðskipti. Hann bar það undir þingflokkana og fékk þannig samþykki Alþ. fyrir því, að þessi kaup yrðu gerð. Ég veit ekki til þess, að hæstv. símamálarh. hafi leitað eftir slíku samþykki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., 20. febr., var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., 24. febr., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 256,1 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, EðS, EystJ, GeirG, JJ, HS, IG, JSk, JónasÁ, MK.

nei: PS, SÍ, SvJ, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, BrS, EmJ, FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, GeirH, JP, MB, AJ, PJ, SB.

BP greiddi ekki atkv.

2 þm. (HV, LJós) fjarstaddir.

Tillgr. á þskj. 29 kom ekki til atkv. og till. þar með fallin.

3. Frjáls umferð Íslendinga á Keflavíkurflugvelli.

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Till. til þál. um frjálsa umferð Íslendinga að og frá aðalflugstöð íslenzka ríkisins á Keflavíkurflugvelli [53. mál] (A. 60).

Á 14. fundi í Ed., 14. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Tómas Karlsson): Herra forseti. Á þskj. nr. 60 flyt ég till. til þál. um frjálsa umferð Íslendinga að og frá aðalflugstöð íslenzka ríkisins á Keflavíkurflugvelli. Till. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Efri deild Alþingis ályktar að skora á utanríkisráðherra að hlutast til um, að sérstakur vegur, afgirtur ef þess er talin þörf, verði lagður að flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli og tryggður frjáls aðgangur Íslendinga sem annarra að og frá flugstöðinni. Þannig verði gengið frá málum, að tryggt verði, að þeir menn, sem erindi eiga í flugstöðvarbygginguna, þurfi ekki að hlíta eftirliti og leyfi bandarískra herlögreglumanna við aðalflugstöð íslenzka ríkisins.“

Herra forseti. Ég tel óþarfa að fara mörgum orðum um þessa till. Hún skýrir sig sjálf. Ég tel víst, að hv. þdm. hafi allir margoft komið í flugstöð ríkisins á Keflavíkurflugvelli og hafi því kynnzt aðstæðum af eigin raun. Í till. er reyndar kveðið á um, að lagður verði sérstakur vegur og þá væntanlega afgirtur að flugstöðvarbyggingunni. Auðveldara væri að sjálfsögðu að girða þann veg, sem fyrir er að flugstöðinni og fela varnarliðinu að leggja nýjan veg fyrir sig. Hvor leiðin yrði valin, skiptir hér engu höfuðmáli, ef málið verður leyst með viðunandi hætti. Framhjá því verður auðvitað ekki horft, að afgirtur vegur mundi sneiða í sundur varnarsvæði Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli. Þar ætti þó að vera auðvelt úr að bæta með því að hafa göng undir hinn afgirta veg til afnota fyrir varnarliðið eða þá hafa brýr yfir þann veg. Þá mætti einnig hugsa sér, að umferð varnarliðsins milli hinna sundurskornu svæða færi þannig fram, að farið yrði út fyrir aðalflugvallargirðinguna til að komast á milli svæðanna, en þar yrði ekki um ýkjamikla vegalengd að ræða.

Þessu máli hefur áður verið hreyft opinberlega. Ég ritaði t. d. í mitt blað um þetta mál sumarið 1966 og aftur vorið 1967, þar sem bent var á nauðsyn þess að leysa þetta mál og hve það mætti gera með auðveldum hætti. Hinn 9. ágúst 1967 var svo tekið undir þessar skoðanir í forustugrein Alþýðublaðsins, málgagns Alþfl. og hæstv. utanrrh., sem þá var formaður flokksins. Komst Alþýðublaðið þá m. a. svo að orði um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Loks er ófært, að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli sé lokuð af her- og lögregluverði. Hún verður að vera opin öllum.“

Síðan hefur ekkert heyrzt af þessu máli opinberlega, en þar sem hæstv. utanrrh. mun ekki á landi nú og ekki hér í d., getur hann við þessa umr. ekki gefið upplýsingar um, hvort eitthvað hefur verið aðhafzt í þessu máli, en ég vil beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að kanna, hvort eitthvað hafi verið athugað um þetta mál að undanförnu.

Það er auðvelt og kostnaðarlítið að leysa þetta mál með þessum hætti, og það ætti að vera eðlilegt þjóðarstolt, sem hér knýr á. Það er vansæmandi að láta þessar eðlilegu og sjálfsögðu ráðstafanir dragast lengur úr hömlu, þar sem hér er um að ræða umferð að og frá aðalflugstöð íslenzka ríkisins.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., 22. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 60, n. 475 og 488).

Frsm. meiri hl. (Pétur Benediktsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, er hluti af þeim fyrningum, sem hv. staðgengill 11. þm. Reykv. lét okkur í té eftir stutta búskapartíð, en sögulega hér í d. Allshn. hefur, sem vera ber, athugað málið mjög gaumgæfilega og m. a. fengið á sinn fund deildarstjóra varnarmáladeildar utanrrn., sem góðfúslega fræddi okkur nm. um mörg atriði, sem málið snerta og sýndi okkur uppdrætti að væntanlegu skipulagi og núverandi skipulagi umferðar á þessum hluta flugvallarins. Það kom í ljós, að það er á misskilningi byggt, þegar hv. flm. gerir ráð fyrir því, að þeir, sem erindi eiga um hliðin að flugvellinum á leið í flugstöðvarbygginguna, þurfi að hlíta eftirliti og leyfi bandarískra herlögreglumanna við þessa aðalflugstöð íslenzka ríkisins. Sannleikurinn er sá, að engir aðrir en varnarliðsmenn og erlendir starfsmenn varnarliðsins eru háðir eftirliti bandarísku varðmannanna við flugvallarhliðið. Íslenzku varðmennirnir hafa einir allt eftirlit með öllum íslenzkum ríkisborgurum, svo og erlendum ferðamönnum og öðrum gestum, sem fara um hliðið. Þar með er nú í sjálfu sér botninn dottinn úr þessari till. og þeir, sem oft hafa átt leið um þetta svæði, hafa einnig líklega flestir veitt því eftirtekt, að þarna er ekki um stórkostlegt eða óþægilegt eftirlit að ræða. Þarna sitja tveir menn í skýli og þegar almenningsvagnar flugfélaganna fara þarna um, er þeim ævinlega veifað að halda áfram án stöðvunar, og ég hef a. m. k. aldrei orðið fyrir því að vera stöðvaður á ferðum mínum í einkabifreið, þegar ég hef þurft að fara um Keflavíkurflugvöll á leið til útlanda eða frá útlöndum.

Varnarmáladeildin hafði einnig athugað það atriði nánar, hvort þarna væri um tíða árekstra að ræða. Í ljós kom, að hvorki flugvallarstjóranum, lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli né varnarmáladeild hafði borizt ein einasta kvörtun um árekstra við varðmennina í þessum frægu hliðum. Það næsta, sem mætti segja, að hafi komizt við kvartanir, var það, að sagt er, að einhverjum hafi verið veifað áfram af amerískum varðmanni, þótt íslenzkir ríkisborgarar væru ekki stöðvaðir, en veifað að halda áfram. Og af hverju stafar þá þetta? Jú, það stafar af því, að sumir af varðmönnum okkar hafa verið, — hvernig eigum við að orða það — ofurlítið botnþyngri en hinir ungu amerísku varðmenn, sem þarna eru, og að Íslendingarnir hafa af eðlilegum ástæðum fleiri erindi til símtala við náunga sína hérlendis heldur en Ameríkan-

arnir. Þessir góðviljuðu nágrannar okkar hafa því í bezta skyni tekið af íslenzkum félaga sínum ómakið með að banda hendinni til merkis um, að landinn mætti fara frjáls ferða sinna.

En segjum nú svo, að undan einhverju hefði verið að kvarta þarna, að hér hefði ekki verið um hreina hótfyndni að ræða, eins og er, þá er það mikill misskilningur, þegar hv. flm. segir í grg., að hér sé auðvelt úr að bæta, það sé auðvelt og kostnaðarlítið að leysa þetta mál. Hann hugsar sér að girða núverandi veg eða leggja sérstakan veg afgirtan að flugstöðvarbyggingunni. Í sjálfu sér mundu nú slíkar aðgerðir auðvitað ekki framkvæmdar að kostnaðarlausu, þótt aðstæður væru á allan hátt auðveldar á þessu svæði. En þess gleymdist að geta í grg. fyrir till., að vegurinn að flugstöðvarbyggingunni liggur um byggt svæði í íbúða- og athafnasvæði varnarliðsins og með afgirtri vegarlagningu frá aðalhliðinu að flugstöðvarbyggingunni hefði ekki verið hjá því komizt að gera annaðhvort göng undir veginn eða brýr yfir hann til þess að trufla ekki eðlilega umferð gangandi fólks og farartækja um völlinn. Þótt engar áætlanir liggi fyrir og ekki sé kostandi upp á slíkar áætlanir til að framkvæma jafnfjarstæðar till. og hér eru á ferðinni, þá ætti hverjum manni að vera ljóst, að slík göng eða brýr yrðu ekki gerð öðruvísi en með ærnum kostnaði.

En svo kemur eitt atriði enn til sögunnar. Deildarstjóri varnarmáladeildar upplýsti, að vegna vaxandi flugumferðar er gert ráð fyrir því, að innan mjög fárra ára þurfi að koma upp nýrri flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, og samkvæmt skipulagsuppdrætti, sem n. var einnig sýndur, yrði hin nýja stöð þannig staðsett, að hún lenti utan flugvallargirðingarinnar beint við áframhald núverandi Reykjanesbrautar, þannig að aksturinn að stöðvarbyggingunni og innganga í hana yrði án allra íslenzkra eða amerískra varðmanna og gæti þess vegna jafnvel ekki truflað hinar viðkvæmustu taugar. Því er það, að meiri hl. n. telur, að hér sé um ástæðulausa og óþarfa till. að ræða og leggur til við hv. þd., að till. verði borin undir atkv. og felld.

Frsm. minni hl. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Minni hl. allshn. hv. Ed., 6. þm. Sunnl. og hv. 4. þm. Sunnl. ásamt mér, leggur til, að þessi till. verði samþykkt og teljum hana hvorki fráleita né ástæðulausa, eins og fram kemur á nál. hv. meiri hl. Ég mun gera örstutta grein fyrir þessu áliti okkar, án þess að ég fari í neinar kappræður um það, hvort Íslendingar telji það sér henta eða sæma að þurfa að fara gegnum herstöðvarhlið, þegar þeir fara að eða frá aðalflugstöð íslenzka ríkisins, eins og nú er orðið. En staðreyndin er, að það þurfum við að gera með því fyrirkomulagi, sem nú er haft á þessu.

Keflavíkurflugvöllur hefur á síðari árum orðið miðstöð millilandaflugs Íslendinga. Meginhlutinn af millilandaflugi Loftleiða er fluttur á Keflavíkurflugvöll. Það er búið að úrskurða, að Reykjavíkurflugvöllur sé ekki hæfur lendingarstaður fyrir þotu Flugfélags Íslands, og þau erlend flugfélög, sem hafa hér viðkomu, munu oftast nær, að ekki sé sagt í öllum tilfellum, hafa viðkomu á þessum flugvelli. En þannig háttar til, eins og hér hefur raunar komið fram, að þessi flugvöllur og flugstöðvarbygging er á yfirráðasvæði varnarliðsins, bandarískra varnarliðsins í Keflavík og um það svæði allt er hafður hervörður. Þess vegna er það, að í gegnum flugvallarhliðið þurfa allir að fara, sem erindi eiga á þennan stað, og í þessu flugvallarhliði er íslenzkur lögreglumaður ásamt varðliða frá varnarliðinu. Og þó að það kunni að vera rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að af þessu sé ekki verulegur farartálmi, þá er á þessu heldur leiðinlegur svipur, sem æskilegt væri, að hægt væri að bæta úr, svo að ekki sé nú fast kveðið að orði. Þetta gefur heldur ekki þeim útlendu ferðamönnum, sem hingað koma, skemmtilega fyrstu sýn af landinu eða viðkunnanlega hugmynd um stöðu þjóðarinnar. Það má vera, að það sé hægt að útskýra það fyrir öllum ferðamönnum. En það er tafsamt, og það væri gott að vera laus við það, ef hægt væri.

Ég get út af fyrir sig fallizt á það, sem hér var sagt áðan, að það muni ekki hafa orðið miklir árekstrar í þessu hliði, a. m. k. hef ég ekki heyrt um það núna upp á síðkastið, að svo hafi verið, og það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að samkvæmt upplýsingum deildarstjórans í varnarmáladeild hafa þessi samskipti gengið mjög friðsamlega fyrir sig. En að það sé svo, að öllum, sem þarna aka í einkabíl, sé bara veifað áfram, hygg ég ekki vera. Ég a. m. k. minnist þess að hafa verið stöðvaður þarna í þessu hliði. Ég er náttúrlega ekki þm. Reykn., og það kannske gerir nokkurn aðstöðumun. En allt var það friðsamlegt og alls ekki neinir árekstrar. Því vil ég engan veginn halda fram. En ég get ekki fallizt á, að flutningur þessarar till. eigi neitt skylt við hótfyndni, eins og hv. 4. þm. Reykn. vildi kalla það hér áðan. Ég veit, að þetta mál hefur verið alllengi í athugun, m. a. í stjórnarráðinu, og a. m. k. annar stjórnarflokkurinn, Alþfl., hefur oft haft þetta við orð, að það þyrfti að koma þessum málum öðruvísi og betur fyrir. Þess vegna held ég, að það sé engin goðgá, þó að hv. Alþ. samþykki áskorun á hendur ríkisstj. um það, að einhverjar ráðstafanir svipaðar því, sem hér er lagt til, væru gerðar. Ég get ómögulega trúað því, að það sé óviðráðanlegur kostnaður að girða af aðra hvora þessara leiða, sem liggja inn að flugvallarbyggingunni eða flugstöðinni. Þarna er eins og allir vita um tvo vegi að ræða og annan þó miklu skemmri. Ég tel sjálfsagt, að athugunum mundi verða beint að veginum, sem liggur upp úr Njarðvík og ég hygg, að þessari girðingu mætti auðveldlega koma fyrir, þannig að til mjög lítils trafala þyrfti að vera vegna umferðar á flugvellinum. Það verða margir fleiri en íslenzka ríkið að girða lönd sín. Það er alltaf verið að girða. Bændur eru að girða og húseigendur eru að girða og að tala um það sem eitthvert óviðráðanlegt verkefni, að þessi braut verði afmörkuð inn á flugvöllinn, slíkan málflutning felli ég mig ekki við og

fæ satt að segja ekki skilið. Og ég tel það engu máli skipta í þessu sambandi, þó að það sé talað um, að eftir 4—8 ár verði þessum málum einhvern veginn öðruvísi fyrir komið. Það er ástand þessara mála í dag, sem við erum að ræða um, og flm. og við, sem stöndum að nál. minni hl., teljum, að það ætti að láta fara fram athugun á þessu og meira en það. Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek þá á því, að kostnaðurinn þurfi að vera svo gífurlegur, að ekki sé hægt að hrinda málinu í framkvæmd þess vegna. Og satt að segja finnst mérþað sýna litla alvöru í þessum málum, að varnarmáladeildin skuli ekki einu sinni hafa haft fyrir því að gera þó ekki væri nema lauslega kostnaðaráætlun um það, hvernig þessu yrði fyrir komið. Og auðvitað sýnir það, að í varnarmáladeildinni er, eins og hér, talað um óþarfamál og hótfyndni einstakra nöldurmanna, sem ekki vilji gera sér það að góðu, að allir, sem um Keflavíkurflugvöll fara, biði eftir, að einhver vinki til þeirra, svo að þeir megi reka erindi sín á íslenzku landi, eins og hér er um að tefla.

Við leggjum til í minni hl., að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 11:7 atkv.

Till. þar með fallin.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Lækkun tolla á vélum til iðnaðarins.

Á 2. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins [18. mál] (A. 18).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till., sem er flutt af okkur 7 þm. Framsfl., er á þá leið, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta nú þegar endurskoða tollal. með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnum og vélum til iðnaðarins verði hinir sömu og nú eru á efni og vélum til fiskveiða. Strax og þessari endurskoðun er lokið, skal ríkisstj. leggja fyrir Alþ. frv. um breytingar á tollal. í samræmi við hana.

Ég tel, að það sé ekki nauðsynlegt að fara mörgum orðum um þessa till., því að hún skýrir sig nokkurn veginn sjálf. Það er mjög talað um það nú, að atvinnuleysi kunni að vera framundan og sérstakar ráðstafanir þurfi að gera til að koma í veg fyrir það. Það liggur í augum uppi af hverju þessi ótti stafar fyrst og fremst. Hann stafar fyrst og fremst af því, að við búum við mjög fábreytta atvinnuvegi, höfum veika undirstöðu, þar sem þeir eru, til þess að tryggja næga atvinnu. Þess vegna þurfum við að kappkosta að auka fjölbreytni atvinnuvega okkar sem allra mest, og það verður ekki gert svo vel sé á annan hátt en að efla iðnaðinn, koma upp nýjum iðngreinum og styrkja þær, sem fyrir eru.

En aukinn iðnaður rís að sjálfsögðu ekki upp af sjálfu sér. Það verður að gera margháttaðar ráðstafanir til þess að það takmark náist, að hér verði starfandi fjölbreyttari iðnaður en nú er og þær iðngreinar eflist, sem fyrir eru.

Þessi till. fjallar um eina af þeim ráðstöfunum, sem mundi stuðla að því, að iðnaður gæti aukizt og eflzt. Í þessari till. er gert ráð fyrir, að tollar á vélum og efni til iðnaðarins verði að mestu eða öllu felldir niður. Mér finnst rétt að geta þess í þessu sambandi, að iðnaður í nágrannalöndunum, sem við þurfum að keppa við, þarf yfirleitt enga slíka tolla að greiða, þ. e. a. s. tolla af vélum og efni, sem hann þarf að nota. Það gerir líka enn nauðsynlegra en ella að lækka þessa tolla, að vegna hinnar öru tækniþróunar, sem nú á sér stað, þarf endurnýjun á vélum að gerast miklu hraðar en áður. Það er alltaf að koma ný og ný tækni til sögunnar, og breytingar verða á vélum, og við þurfum að geta fylgzt með því. Þess vegna er endurnýjun á vélakostinum miklu nauðsynlegri og þarf að verða hraðari en áður átti sér stað. En það kunna einhverjir að segja, að ef sú breyting yrði gerð á tollal., sem þessi till. fjallar um, mundi það verða til þess að rýra tekjur ríkissjóðs. Það er rétt, þær kunna eitthvað að skerðast við þessa breytingu, en það ber að athuga, að ef þetta yrði til þess, að atvinna ykist, þá mundu tekjustofnar ríkisins aukast og þannig kynni hann að fá það bætt aftur, sem hann tapaði um skeið, vegna þess að þessir tollar væru felldir niður.

Ég vil svo að síðustu nefna, að ríkisstj. og hennar flokkar munu hafa tekið ákvörðun um, að Ísland gerist aðili að EFTA, ef innganga fæst þar. Það liggur í augum uppi, að aðild að EFTA mun þrengja að iðnaðinum á margan hátt, og þess vegna er nauðsynlegt nú þegar að hefjast handa um að undirbúa hann undir að verða færan um að mæta þeirri auknu samkeppni, sem þessu hlýtur að fylgja. Einmitt sú till., sem hér liggur fyrir, væri nokkur þáttur í því að gera íslenzkan iðnað hæfari til að mæta þeirri samkeppni, sem af aðild að EFTA mundi leiða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að sinni, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 41., 43. og 50. fundi í Sþ., 18. og 23. apríl og 14.

maí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 18, n. 342 og 524).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

2. Milliþinganefnd til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Á 2. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál [19. mál] (A. 19).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till. um kosningu mþn. til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál er flutt af okkur 4 þm. Framsfl. Efni hennar er, að Alþ. álykti að kjósa 7 manna mþn. með hlutfallskosningu í Sþ. til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli og reglugerðir um útflutningsverzlun landsmanna, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlun. N. skal sérstaklega kynna sér, hvernig er háttað framkvæmd umræddra laga og reglugerða og hvaða endurbóta muni þörf og semja samkvæmt því frv. til nýrra heildarlaga um þessi mál. Kappkosta skal, að n. ljúki störfum sem fyrst.

Eins og fram kemur í grg. till., er öll útflutningsverzlun landsmanna nú háð leyfisveitingum og hefur verið svo um langt skeið. Þessi háttur var á sínum tíma upp tekinn vegna þess, að það þótti ekki heppilegt að hafa útflutningsverzlunina í höndum margra aðila, því að af því hafði oft hlotizt samkeppni, sem leiddi til undirboða á erlendum markaði og varð útflutningnum þannig í heild til tjóns eða útflutningsatvinnuvegunum. En það hefur hins vegar komið í ljós, að þetta langvarandi fyrirkomulag leyfisveitinga hefur ýmsa ókosti í för með sér. Í sumum tilfellum hefur þetta leitt til þess, að viss fyrirtæki hafa haft einokunaraðstöðu um langt skeið, og það er segin saga, að þegar einhver einokun stendur lengi, þá fer oft og tíðum áhuginn að minnka og ekki er eins vel unnið og gert var um skeið. Ég hygg, að þetta hafi komið mjög greinilega í ljós í sambandi við starfsháttu sumra þeirra útflutningsfyrirtækja, sem hafa haft eins konar einokunaraðstöðu um langt skeið. Eitt dæmi þess hefur verið rætt allmikið í dagblöðunum nú að undanförnu. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rifja það upp, vegna þess að ég hygg, að öllum hv. þm. sé það í fersku minni.

Þetta kerfi leyfisveitinga getur einnig leitt til þess, að af pólitískum ástæðum og kunningsskaparástæðum, þá sé aðilum veitt útflutningsleyfi, sem alls ekki eru færir um að annast slíka starfsemi eða útflutning. Það liggur einnig fyrir ljóst dæmi um það, sem gerðist ekki fyrir löngu síðan og nú er verið að fjalla um af dómstólum. En ég ætla heldur ekki að ræða frekar um það, vegna þess að ég býst við, að öllum hv. alþm. sé einnig kunnugt um þetta mál. Þessi dæmi sýna, að það er nauðsynlegt alltaf öðru hverju að láta fara fram endurskoðun á því kerfi, sem byggt er á leyfisveitingum, athuga, hvort ekki sé hægt að koma við, ef talið er nauðsynlegt, að þetta kerfi haldist áfram að einhverju leyti, — að athuga, hvort ekki sé hægt að koma við einhverju traustara eftirliti en nú á sér stað og hvort það gæti ekki verið heppilegt í vissum tilfellum að leyfa meira frjálsræði og meiri samkeppni en nú á sér stað innan vissra marka.

Það er af þessum ástæðum, sem við þessir 4 þm. leggjum til, að öll lög og lagafyrirmæli og reglugerðir um útflutningsverzlunina verði tekin til sérstakrar athugunar af þingkjörinni n. Við leggjum það enn fremur til, að sama n. taki til athugunar þau lög og þær reglur, sem nú gilda um gjaldeyrisverzlunina.

Eins og kunnugt er, er landsmönnum nú gert skylt að gera skil á öllum gjaldeyri, sem þeir afla, til Seðlabankans og gjaldeyrisbankanna, en það er tvímælalaust, að það hafa orðið verulegir misbrestir á þessu í seinni tíð, sem stafar af mörgum ástæðum, m. a. þeirri, að gjaldeyrisverzlunin og öll viðskipti hafa stórkostlega aukizt og jafnframt hafa skapazt auknir möguleikar til þess, að hægt sé að koma gjaldeyri undan. Af hálfu bankanna mun eitthvað hafa verið gert af því að undanförnu að herða gjaldeyriseftirlitið, en þó hygg ég, að fullyrða megi, að hvergi nærri hafi verið nægilega gert af því. Það er af þessum ástæðum, sem við flm. leggjum til, að lögin og reglugerðirnar um gjaldeyrisverzlunina verði einnig tekin til athugunar af sömu nefnd.

Ég held, að nauðsyn þessarar endurskoðunar hljóti að vera þm. það ljós, að óþarft sé að hafa um það mörg orð eða fleiri orð en ég hef nú þegar haft, og ég leyfi mér því að leggja til, að till. verði vísað til síðari umr. og allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 35., 41., 43. og 50. fundi í Sþ., 12. marz, 18. og 23. apríl og 14. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 19, n. 327 og 350).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

3. Löggjöf um þjóðaratkvæði.

Á deildafundum 17. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði [26. mál] (A. 26).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Við 3 þm. Framsfl. höfum leyft okkur að flytja á þskj. 26 till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði. Þessi till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal nefndin, ef hún telur ástæðu til, semja lagafrumvörp um það efni. Nefndin skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal reynslu annarra þjóða í þeim efnum, en einkum ber nefndinni að athuga eftirtalin atriði:

a) hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu;

b) hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda; og

c) hvort úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar."

Í grg. fyrir þessari till. er að því vikið, að þjóðaratkvæði tíðkist nokkuð með ýmsum þjóðum. Það eru í allmörgum stjskr. ákvæði um þjóðaratkvæði. Þau ákvæði eru með mismunandi hætti, ýmist þannig, að það er skylda til þess að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál eða þá skilorðsbundin heimild, þannig að einhverjir tilteknir aðilar hafa heimild til þess að fara fram á, að þjóðaratkvæðagreiðsla verði látin fara fram um mál. Það getur t. d. verið ákveðinn fjöldi þm., ákveðinn fjöldi kjósenda eða einhverjir aðrir, sem tilgreindir eru, sem þessa heimild hafa. Auk þess, sem það er þannig ákveðið í stjskr. nokkurra ríkja, að þjóðaratkvæði sé viðhaft, hefur það tíðkazt a. m. k. eitthvað hjá nokkrum þjóðum, að það væri sett í lög, að þau einstöku lög skyldu borin undir þjóðaratkvæði og þá venjulega þannig, að þau kæmu ekki til framkvæmda, fyrr en þau hefðu verið samþykkt við þjóðaratkvæði.

Það má segja, að hér á landi hafi tiltölulega lítið kveðið að þjóðaratkvæði. Það er að vísu ákvæði í stjskr. um þjóðaratkv. Þar er um tvö tilvik að tefla, annars vegar 26. gr. stjskr. og hins vegar 2. mgr. 79. gr. Í fyrra tilfellinu er um að ræða, að ef forseti synjar lögum staðfestingar, fái þau að vísu lagagildi eigi að síður, en framtíðargildi þeirra skuli vera háð því, hvort þau nái samþykki við þjóðaratkvæðagreiðslu. Lög, sem forseti synjar staðfestingar, á sem sagt að bera undir þjóðaratkvæði hér samkv. 26. gr. stjskr. Hitt tilvikið er samkvæmt 2. mgr. 79. gr., sem segir, að ef gerðar eru breytingar á þeim ákvæðum, sem í 62. gr. eru um kirkjuskipunina, þ. e. a. s., ef því á að breyta, að hin evngelisk-lútherska kirkja skuli vera þjóðkirkja hér á Íslandi og ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda, skuli lög um það efni borin undir þjóðaratkvæði.

Önnur ákvæði um þjóðaratkvæði eru ekki í stjskr., og eins og frá þessum ákvæðum er gengið, eru þau sannast að segja bæði óraunhæf. Það hefur aldrei reynt á þau, og það eru ekki líkur til þess, að á þau reyni, því að eins og staðfestingu forseta er háttað, er ekki líklegt, að hann grípi til þess ráðs að synja lögum staðfestingar. Þessi tilvik eru bæði lítils háttar að mínum dómi.

Í stjskr. frá 1920 voru ákvæði um þjóðaratkvæði, þ. e. a. s. þar var ákveðið um það síðara tilvik, sem ég nefndi áðan um kirkjuskipunina, en auk þess, eins og menn vita, um sambandslögin, að þau skyldu borin undir þjóðaratkvæði.

Það hefur ekki tíðkazt hér, að það væri sett í einstök lög, að þau skyldu borin undir þjóðaratkvæði og framkvæmd þeirra undir því komin, hver úrslit þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu yrðu. Það hefur stundum komið fram í frv. um einstök atriði, að þau ætti að bera undir þjóðaratkvæði. En ég man ekki eftir, að slík ákvæði hafi verið samþykkt. Hins vegar hefur það þekkzt hér og gerzt, að ákveðið hefur verið af Alþ. hálfu að kanna hug kjósenda til tiltekinna löggjafarmálefna. Það var gert um bannlögin á sínum tíma, og það var gert um hugmyndina um þegnskylduvinnu. Þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram um það, hvort hér skyldi sett á bann samkvæmt þál., sem Nd. Alþ. samþykkti 1908. Úrslit þeirrar þjóðaratkvæðagreiðslu urðu á þann veg, að 3/5 kjósenda greiddu atkvæði með banni, en 2/5 á móti. Og síðan var sett löggjöf, sem var í samræmi við þann vilja, sem birtist í þessari atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan um þegnskylduvinnu fór fram árið 1916 samkvæmt þál., sem báðar d. Alþ. samþykktu 1915. Úrslit þeirrar atkvæðagreiðslu urðu þau, að 80% kjósenda voru á móti þegnskylduvinnu, og í samræmi við það voru aldrei nein lög sett um þegnskylduvinnu. 1933 fór svo fram samkvæmt ályktun frá Sþ. atkvæðagreiðsla um það, hvort bann skyldi vera hér áfram. Og þá varð niðurstaðan sú, að tæpir 3/5 kjósenda vildu aflétta banni, en rúmlega 2/5 vildu halda í það. Niðurstaðan varð sú, að farið var eftir þeim meirihlutavilja, sem birtist í þessari atkvæðagreiðslu og áfengislög sett, þar sem horfið var frá banni. Þetta sýnir, að það hefur nokkrum sinnum verið gripið hér til þjóðaratkvæðis, og sá vilji, sem birzt hefur í því þjóðaratkvæði, hefur verið látinn ráða um úrslit málsins. Auk þessa fór svo auðvitað fram þjóðaratkvæðagreiðsla um stjskr. og afnám sambandslaganna á sínum tíma, og 1918

fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um sambandslagasamninginn.

Ég held, að það sé orðið tímabært að taka til athugunar, eins og hér er lagt til, hvort við eigum ekki að grípa í meira mæli til þjóðaratkvæðis en hér hefur verið gert. Það er að vísu satt, að þjóðaratkvæði er ekki mjög mikið tíðkað annars staðar, og að mínum dómi á ekki að grípa til þjóðaratkvæðis, nema nokkuð mikið liggi við. En það hefur að undanförnu komið fram gagnrýni á Alþ. og vinnubrögð þess, og það hefur meðal annars verið gagnrýnt, að ekki væri haft nægilegt samband við kjósendur og þeir hefðu ekki færi á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, svo sem æskilegt væri. Sjálfsagt er nú sitthvað ofsagt í slíkri gagnrýni, sem hér hefur komið fram og ég skal ekki fara lengra út í. En áreiðanlega er þó sitthvað einnig til í henni, svo að það er vissulega ástæða til þess fyrir Alþ. að kanna, hvort ekki sé hægt að taka upp starfshætti, sem tryggi það meir en nú, að bein þátttaka kjósenda komi til, m. a. í löggjafarstarfinu, og það er það, sem hér er lagt til að athugað sé.

Því verður ekki á móti mælt, að það er lýðræðislegt að spyrja kjósendur þannig um einstök mál. Það er í rauninni hið upprunalega lýðræði, vegna þess að hið upprunalega lýðræði var auðvitað fólgið í því, að borgararnir höfðu beina þátttöku í stjórn ríkisins. En þó að slíkt gæti átt sér stað í litlum borgríkjum, verða þeir hættir ekki lengur viðhafðir, og verða því kjósendur venjulega að láta sér nægja áhrif á stjórnarmálefni ríkisins eftir þeirri óbeinu leið að kjósa fulltrúa til þess að ráða þeim málum til lykta. En ef hægt er með góðu móti að kanna það á beinan hátt, hver afstaða kjósenda er til einstakra mála, er það æskilegt að mínum dómi.

En þetta er hin jákvæða hlið. Það er auðséð, að benda má á vissa annmarka í sambandi við að stofna til þjóðaratkvæðagreiðslu, a. m. k. ef nokkuð verulega á að kveða að því. Það er auðséð, að nokkur kostnaður hlýtur að vera slíku samfara, og það er líka auðséð, að nokkur fyrirhöfn hlýtur að fylgja því. Þess vegna er það, eins og ég sagði áðan, að það á auðvitað ekki að nota þjóðaratkvæðisúrræði, nema eitthvað talsvert liggi við. En þegar svo stendur á, getur að mínum dómi verið æskilegt, að það væri hægt að leita beint til þjóðarinnar og spyrja um vilja hennar. Ég held, að það mundi á ýmsan hátt hafa bætandi áhrif á stjórnarhætti hér á landi, ef hægt væri að hverfa meira að því fyrirkomulagi. Og það ætti að vera hægt hér, vegna þess að þó að sjálfsagt sé að líta til fyrirmynda erlendis frá og það sé gert ráð fyrir því í þessari þáltill., að það yrði sérstaklega athugað, hver reynsla annarra þjóða er í þessu efni, þá eru aðstæður hér þær, að það er svo miklu einfaldara hér en annars staðar að koma þjóðaratkvæði við. En eins og ég sagði, er ýmislegt, sem þarf athugunar við í því sambandi, og þess vegna er lagt til, að þetta mál allt sé athugað. Það sé athugað, hvort það eigi að taka ákvæði um þetta efni upp í stjskr., hvort það eigi að taka þannig ákvæði upp í hana, að skylt skuli að hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál eða hvort það eigi að taka upp í stjskr. skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu í ákveðnum tilvikum. Hitt er líka til, að það sé kannske ekki talin nauðsyn á því að taka ákvæði um þetta efni upp í stjskr., heldur mætti nægja a. m. k. til að byrja með og meðan menn væru að fá reynslu að setja ákvæði um þetta í lög, sem að vísu yrði þá aftur breytt, eins og hverjum öðrum lögum.

Ég tel eðlilegt, að athugun á þessu fari fram af hálfu þingkjörinnar n., en hins vegar er það auðvitað algert aukaatriði, hver tala nefndarmanna er í því sambandi, og það legg ég auðvitað á vald þeirrar n., sem þetta fær til meðferðar, að breyta tölu nm., ef henni sýnist það rétt vera, og auðvitað er ég til viðræðu og við flm. um aðrar breytingar á þessari till., sem við nánari athugun mætti sýnast, að betur færu.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en leyfi mér að leggja til, að þessari þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. allshn. Vænti ég þess, að till. hljóti skjóta og góða afgreiðslu hjá þeirri n., en þá ósk tel ég sérstaklega þörf á að bera fram, af því að hún hefur áður sofnað í hv. allsherjarnefnd.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 43., 47. og 48. fundi í Sþ., 23. apríl og 7. og 8. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 26, n. 508).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá framar.

---

4. Ferðamál.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um þriggja ára áætlun um ferðamál [34. mál] (A. 34).

Á 6., 8., 11., 15. og 17. fundi í Sþ., 30. okt., 6., 13., 20. og 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt þrem öðrum hv. þm. till. til þál. um ferðamál. Efni till. er, að skorað er á ríkisstj. að hlutast til um gerð þriggja ára áætlunar, sem miði að því að margfalda ferðamannastraum til landsins á áætlunartímabilinu og skapa sem traustastan grundvöll fyrir því, að Ísland geti orðið mikið ferðamannaland. Verði þetta gert með því að bæta á skipulegan hátt öll skilyrði til að veita auknum ferðamannastraumi alla nauðsynlega þjónustu

með því að gera hvers konar hagkvæmar ráðstafanir til þess að opna leiðir að hinni ósnortnu náttúru landsins fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn og með því að treysta fjárhagslega undirstöðu ferðamannaþjónustu.

Í till. er gert ráð fyrir, að áætlunargerðin verði falin samtökum þeirra aðila í landinu, sem fremur öðrum eiga beinna hagsmuna að gæta varðandi umrætt málefni eða eru öðrum líklegri til að leggja þar gott til mála og kæmu þá enn fleiri aðilar til greina um afskipti af slíkri áætlunargerð en í till. eru nefndir. Loks er svo gert ráð fyrir því í till., að gerð áætlunarinnar verði hraðað, svo að hún geti legið fyrir Alþ., sem nú situr, og byrjunarframkvæmdir samkvæmt henni geti komið til þegar á næsta ári.

Grg. sú, sem till. okkar fjórmenninganna fylgir, skýrir í öllum aðalatriðum, hvað fyrir þeim vakir með tillögugerðinni. Við erum þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða atvinnugrein, sem geti, ef rétt er á haldið, vaxið mjög hratt og orðið mikill styrkur efnahagslegri afkomu og efnahagslegu öryggi þjóðarinnar. Bent er á, að flestar þjóðir, jafnt hinar auðugri sem fátækar, hafa um langan aldur lagt mikla áherzlu á að laða til sín ferðamenn. Koma þar fyrst og fremst til fjárhjagslegar og atvinnulegar ástæður. Einnig bendum við á, að í ýmsum löndum og ekki sízt í Vestur-Evrópu er ferðamannaþjónusta, túrismi, meðal mikilvægari atvinnugreina og sums staðar meðal hinna stærstu og ræður úrslitum um þjóðarafkomu, sérstaklega að því er gjaldeyrisbúskap snertir. Bent er á, að við Íslendingar höfum frá náttúrunnar hendi upp á að bjóða ýmislegt, sem stórir hópar þeirra, sem ferðast, hvort heldur er í sumarleyfum eða öðrum tilefnum, sækjast eftir. Við höfum óvenjulega heilnæmt loftslag, stórbrotna náttúrufegurð, hvert sem augum er litið, ósnortnar víðáttur öræfafjalla og jökla, náttúrlegar heilsulindir og ótölulegan fjölda fiskgengra stöðuvatna og fallvatna, þar sem þúsundir manna gætu unað sér við eina eftirsóttustu tómstundaiðju þeirra, sem þjakaðir eru af þröngbýli stórborganna og vilja og geta eytt nokkru af fjármunum sínum í að leita sér hvíldar og ánægju í stundarsambýli við þá ósnortnu náttúru, sem er óðum að glatast milljónaþjóðunum. Óbyggðir lands okkar má í raun og veru skoða sem einn risavaxinn þjóðgarð, sem býr yfir geysilegu aðdráttarafli vegna fjölbreytilegra náttúruundra, stórbrotinnar fegurðar og e.t.v. ekki sízt vegna þeirrar kyrrðar og friðsældar, sem verða flestum nútímamönnum hvort tveggja í senn framandi og eftirsóknarverð. Á þetta er bent því til augljósrar sönnunar, að land okkar hefur mikla möguleika sem ferðamannaland og að ýmsu leyti meiri en mörg önnur, sem eru stórveldi á þessu sviði. En þá vakna spurningarnar um það, að hve miklu leyti sé æskilegt að nýta þessa möguleika og hvernig þurfi að standa að verki, ef menn eru þeirrar skoðunar, að rétt sé og hagkvæmt að stuðla að eflingu ferðamannaþjónustu sem atvinnugreinar.

Spurningunni um það, hvort æskilegt sé að nýta þá þjóðarauðlegð, sem hér er fyrir hendi, svara ég fyrir mitt leyti á þann veg, að ég tel á því engin vandkvæði, ef rétt er á málum haldið, hvorki frá félagslegu sjónarmiði né heldur frá sjónarmiði náttúruverndar. Því verða hin hagrænu sjónarmið þung á metum. Sem dæmi þess, hve ferðamannaþjónusta skipar stórt rúm í viðskiptum þjóðanna, má nefna, að árið 1965 nam heildarvelta hennar samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslum 11.6 billj. Bandaríkjadala eða um 6.2% af allri heildarveltu heimsbyggðarinnar í vörum og þjónustu. Á árinu 1966 fóru 128 millj. manna í leyfum sínum til annarra landa, og hlutu Evrópulönd 95.5 millj. af þeim ferðamannafjölda, og óefað fara svo hliðstæðar tölur hækkandi ár frá ári.

Enda þótt hlutur okkar hafi farið vaxandi í þessum viðskiptum, er hann enn furðulega lítill, þegar þess er gætt, hve stórfelld þau eru í heild sinni og möguleikar okkar miklir. Á árinu 1966 var tala erlendra ferðamanna, sem til landsins komu til einhverrar dvalar, meira en einnar nætur í sambandi við flug, tæp 35 þús. manns eða tæplega 40 af hverjum 100 þús., sem gistu Evrópulönd á því ári. Skráð gjaldeyriskaup þessa hóps var á sama ári aðeins um 94 millj. til eyðslu innanlands, en samt mun það vera svo, að heildartekjurnar munu hafa orðið um eða yfir 300 millj. kr., ef tekið er með í reikninginn, að flestir hinna erlendu ferðamanna nota íslenzka farkosti, fyrst og fremst flugvélar, svo og kaup þeirra í fríhöfn Keflavíkurflugvallar. Ef dæmið er þannig reiknað, verður útkoman sú, að ferðamannaþjónustan hafi gefið okkur í gjaldeyri sem svarar 5.4% af öllum útflutningi okkar. Það liggur því fyrir, að ferðamannaþjónustan er nú þegar orðin — þrátt fyrir að hún er örsmátt brot af heildarviðskiptum Evrópulanda — umtalsverð atvinnugrein og gjaldeyrisgjafi. Og rétt er að muna, að þeim fer nú hríðfjölgandi, sem leggja leið sína til landsins og um leið aukast þær tekjur, sem þjóðin nýtur af þjónustu við þá. En að áliti okkar flm. þessarar till., gæti þróun þessarar atvinnugreinar orðið stórfellt örari með viðeigandi ráðstöfunum, bæði þeirra, sem beinastra hagsmuna hafa að gæta og hins opinbera. Í þeim tilgangi er till. flutt, að grandskoðað verði af þeim, sem gerzt ættu til að þekkja, hvernig hagkvæmast sé að standa að þeim aðgerðum, sem líklegastar eru til þess að efla þessa atvinnugrein á næstu árum. Við flm. erum bjartsýnir á, að árangur geti orðið mikill, ef allir þessir aðilar leggjast á eitt.

En þó að möguleikarnir séu vafalausir, er hitt líka auðsætt, að við ýmis vandamál er að stríða, og á þeim þarf að sigrast. Í fyrsta lagi kemur það til, að landkynningar- og auglýsingastarfsemi er skipulagslítil og algerlega ónógu fjármagni er til hennar varið. Þessa starfsemi þarf að sameina sem allra mest og samræma og auka fjármagn til hennar.

Þátt samgangna í ferðamálum þarf að gaumgæfa og taka til rækilegrar athugunar nauðsynlegar aðgerðir í þeim með tilliti til þróunar ferðamál-

anna. Þar á meðal þarf að opna sumarleiðir um óbyggðir landsins og notkun flugvéla til öræfaferða og o.fl.

Hagkvæmni í byggingum gisti- og veitingastaða og ekki kannske sízt sumarhúsa á öræfum og við veiðivötn er örugglega mjög mikilvægt atriði og þá jafnframt nýting fjárfestingar í því sambandi, en það hefur lengi verið eitt helzta vandamál íslenzkrar ferðamannaþjónustu, hve annatími slíkrar starfsemi á ári hverju er skammur, en ýmsar athyglisverðar hugmyndir eru uppi meðal þeirra, sem við ferðamál fást, um úrbætur í þeim efnum. Framkvæmd þeirra kostar auðvitað nokkurt fé, en af þeim mætti líka vænta verulegs árangurs í því að nýta betur en nú er gert þá fjárfestingu, sem í þessum fyrirtækjum liggur.

Aukin ræktun laxfiska í ám og vötnum er vafalaust mikilvægt atriði, og eru þar vel samrýmanlegar hugmyndir manna um vaxandi framleiðslu og útflutning þessara fisktegunda og um aukna arðsemi af sportveiði. Í þessu sambandi má nefna, að verðlag á veiðileyfum er lágt hér á landi, sé miðað við það, sem tíðkast t.d. í Bretlandi og víða annars staðar. Munurinn er svo mikill, að svara mundi til þess, miðað við fárra daga veiðileyfi, að það mundi borga sig fyrir brezkan sportveiðimann að kaupa sér flugfar til Íslands og heim aftur, fremur en að sæta brezka verðlaginu miðað við það íslenzka. Þykir okkur Íslendingum þó, að veiðileyfi í laxveiðiám hér séu í ærið háu verði.

Ef stefna á að því að efla ferðamannaþjónustu sem atvinnugrein á skömmu tímabili, verður að útvega verulegt fé til fjárfestingar í margvíslegum framkvæmdum. Virðist mér auðsætt, að leita beri eftir erlendu lánsfjármagni í því sambandi, enda eru miklar líkur taldar til, að slíkt fjármagn væri tiltölulega auðfengið, ef traustar áætlanir um framkvæmdir og arðsemi þeirra lægju fyrir og ekki sízt, ef þeir mörgu og a.m.k. að hluta nokkuð fjársterku aðilar, sem með ferðamál fara, stæðu saman að framkvæmd slíkrar áætlunar, sem hér er um rætt. Einhverjum mun kannske finnast, að við höfum um þessar mundir fremur öðrum hnöppum að hneppa en að sinna mikið þeim málefnum, sem hér er rætt um, þegar svo er ástatt, að atvinnuvegir okkar, þeir sem hafa verið okkar eina lífsbjörg, eru að hruni komnir, og endurreisn þeirra þolir enga bið. En ég held þó, að ef betur er að gáð, sé hér um að ræða málefni, sem á engan hátt nema síður sé getur orðið andstætt endurreisn okkar heðbundnu atvinnuvega, heldur getur átt með henni fullkomna samleið og raunar stutt mjög að því að efla og styrkja aðrar atvinnugreinar með beinum og óbeinum hætti. Ferðamannaþjónusta skapar vafalaust víkkaðan markað fyrir framleiðslu landbúnaðar og iðnaðar. Hún eflir verzlun og viðskipti og kynnir framleiðslu okkar meðal erlendra manna og greiðir þannig götu þeirra á erlendum mörkuðum. Og síðast en ekki sízt þurfum við að auka fjölbreytni í atvinnuvegum okkar og skapa hverjum manni ört vaxandi þjóðarverkefni við þjóðhagslega hagkvæm störf. Ekkert úrræði má liggja ónotað, sem hér má að gagni verða. Og sannist það hvort tveggja við þá athugun, sem hér er lagt til, að verði gerð, að aukin ferðamannaþjónusta sé ein ódýrasta leið okkar til þess að auka gjaldeyristekjur og stofnfjárframlag til framkvæmda sé auðfengið, er ekki um að villast, að okkur ber að snúa okkur af alefli að skjótum aðgerðum í þessu máli.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. fjvn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er vissulega ánægjulegt að heyra, hversu áhugi manna hefur vaxið á síðustu tímum fyrir ferðamálum. Sú aukning ferðamannastraums, sem orðið hefur til landsins síðustu árin, hefur opnað augu manna fyrir því að þetta getur orðið þýðingarmikil atvinnugrein í landinu. Og vissulega þarf meira hér til að koma en gert hefur verið hin síðari ár, enda þótt því verði ekki neitað, að ferðamannastraumurinn til landsins hefur aukizt mjög mikið síðustu 5—10 árin frá því, sem áður var.

Til þess að hægt sé að taka á móti ferðamönnum til landsins, þarf vitanlega ýmislegt að gera. Það þarf að vera aðstaða, nægilegur hótelkostur, ekki aðeins í höfuðborginni, heldur einnig víðs vegar um landið. Þegar lög voru sett um ferðamál og ferðamálaráð var sett á laggirnar og ferðamálasjóður stofnaður, var hv. Alþ. og ríkisstj. þetta ljóst. Nú hefur ferðamálaráð og ferðamálasjóður starfað á 5. ár og árangurinn er talsverður. Ég má jafnvel segja mjög mikill. Ferðamálasjóður hefði auðvitað þurft að hafa meira fjármagn til útlána, heldur en hann hefur haft. Eigi að síður hefur mikið um þetta munað og mikil breyting á orðið í aðstöðunni til að taka á móti ferðamönnum frá því, sem áður var. Þarf ekki að lýsa því fyrir hv. alþm., svo kunnugt sem það er.

Ferðamálaráð hefur unnið að skipulagningu ferðamála, hefur mælt með þeim lánum, sem veitt hafa verið úr ferðamálasjóði, hefur aflað sér yfirlits yfir húsakost og möguleika til þess að hýsa ferðamenn og gert ýmsar ráðstafanir til þess að greiða fyrir þessu máli. Ferðamálaráð vinnur nú að því, að gerð verði allsherjaráætlun í ferðamálum á Íslandi, ekki til þriggja ára, heldur til 10 ára, tveimur 5 ára tímabilum. Að þessu hefur verið unnið, en þessari áætlun er ekki lokið og ferðamálaráð hyggst nota aðstoð þeirra manna, sem færir eru á þessum sviðum. Nú nýverið barst bréf frá Sameinuðu þjóðunum, þar sem boðizt er til að leggja fram starfskrafta okkur til aðstoðar í þessu skyni. Og ég geri ráð fyrir, að ef slík aðstoð er ekki neinum sérstökum skilyrðum háð, sem ekki er ástæða til þess að ætla, verði hún þegin með þökkum.

Við vitum allir, að Ísland er að mörgu leyti vel fallið sem ferðamannaland. Það þarf ekki að lýsa náttúrufegurðinni, og við vitum, að hér eiga erlendir ferðamenn þess kost að sjá það, sem þeir hafa ekki séð áður, ósnortna og stórbrotna náttúru og umhverfi, sem er alls ólíkt því, sem þeir hafa áður

séð. Þess vegna er vissulega ástæða til þess að ætla að Ísland geti orðið ferðamannaland, ef nauðsynlegum skilyrðum er fullnægt, þ.e. að geta veitt þá þjónustu, sem ferðamenn vilja fá. Hún þarf að vera góð, og hún má ekki heldur vera allt of dýr. Ferðamálaráð hefur, eins og ég sagði, gert ýmsar ráðstafanir til þess að greiða fyrir ferðamönnum. Á landsbyggðinni utan Reykjavíkur og Akureyrar eru nú 900 gistirúm, sem eru starfrækt allt árið. Þetta hefur aukizt sennilega um 100% síðustu fáu árin. Á sumrum eru tiltæk gistirúm í 36 heimavistarskólum, að vísu misjafnlega góðum, en þar eru ca. 1700 gistirúm. Ferðaskrifstofa ríkisins og ferðamálaráð hafa átt þátt í að skipuleggja þetta og þetta hefur gefizt ágætlega. Þjónustan í sumargistihúsunum hefur reynzt með ágætum og verðinu stillt í hóf. Í Reykjavík eru nú starfandi sumarmánuðina 10 gistihús með 484 herbergjum og 849 rúmum, en eins og kunnugt er, eru ekki nema fá ár síðan 3 hótel tóku til starfa hér í Reykjavík, Saga, Loftleiðir og Holt, og nú skilja fáir, hvernig var hægt að komast af áður en þessi hótel komu hér til starfa. Það hefur vissulega einhvern tíma verið þröngt með gistirúm hér í Reykjavík áður.

Á Akureyri eru starfrækt sumarmánuðina 156 herbergi með 325 rúmum. Auk þess eru leigð út herbergi á einkaheimilum bæði í Reykjavík og á Akureyri og kauptúnum úti á landsbyggðinni. Þetta út af fyrir sig er allt í áttina, en ef við ætlum að auka ferðamannastrauminn, þarf vitanlega að halda áfram á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið seinni árin og ekki aðeins að tvöfalda möguleikana til gistingar, heldur margfalda í samræmi við aukningu ferðamannastraumsins.

Fyrir 10 árum munu hafa komið hingað til lands eitthvað um 9 þús. ferðamenn en 1967 37 þús., og ef taldir eru með farþegar Loftleiða, sem gistu hér aðeins eina nótt eða tvær, munu þetta hafa verið um 44 þús. ferðamenn. En vitanlega væri æskilegt, að þessir ferðamenn skildu eftir meiri gjaldeyri en raun ber vitni og þeir hefðu tækifæri til þess að eyða meira fé, heldur en þeir hafa gert til þessa. En til þess þarf vitanlega að gera ýmsar ráðstafanir, þannig að þeir hafi áhuga fyrir því að dvelja hér lengri tíma eftir að þeir hafa komið hingað. Og það er vitanlega mikið atriði fyrir flugfélögin, að ferðamannastraumurinn geti aukizt, því að það tryggir góða sætanýtingu hjá þeim og skapar möguleika til þess, að rekstursgrundvöllur þeirra verði mun betri.

Það er ekkert nema gott um þann áhuga að segja, sem lýsir sér hjá flm. þessarar till. og enginn vafi á því, að það er aðeins gott eitt meint með því, að flytja þetta mál hér inn á Alþ., en ég kemst ekki hjá því að nefna ferðamálaráð í þessu sambandi og starfsemi þess á undanförnum árum, en það starfar algerlega í þeim anda, sem þeirri n., sem lagt er til, að skipuð verði samkvæmt þessari till., er ætlað að gera. Og þess vegna er það, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, hlýtur að athuga og kynna sér nákvæmlega hvers konar verkefni ferðamálaráð hefur með höndum og hvort óhætt er að treysta ferðamálaráði til þess að vinna eftir þeirri stefnu, sem flm. þessarar till. vilja marka. Það er lagt til að skipa hér n. manna samkv. tilnefningu ferðamálaráðs og í sumum tilfellum eru það sömu aðilarnir, sem eiga að tilnefna menn í þessa n. og þeir, sem tilnefna fulltrúa í ferðamálaráð. Í ferðamálaráði eru 9 menn tilnefndir af ýmsum aðilum, sem gleggst þekkja til ferðamála. Þetta er matsatriði, en ég leyfi mér að efast um, að þótt skipuð verði ný n., hafi hún meiri eða betri möguleika til þess að vinna heldur en ferðamálaráð gerir nú í samráði við ferðaskrifstofuna. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég sé að vanmeta þessa viðleitni hv. flm. till. En ég kemst ekki hjá að vekja athygli á því og mælist til þess, að hv. n., sem þetta mál fær til meðferðar, athugi þetta rækilega og geri sér fulla grein fyrir því, hvað hér er um að ræða.

Eins og ég benti á áðan, er það álit þeirra, sem við ferðamál hafa fengizt, að 3 ár séu alltof stuttur tími í áætlunargerð í þessu sambandi. Það sé sjálfsagt að gera áætlun til 10 ára, sem væri þá skipt í tvö 5 ára tímabil og reyna að skapa sér þannig trausta yfirsýn yfir þessi mál til nokkurrar frambúðar. Það er rétt, sem hv. flm. sagði hér áðan, að vitanlega er nauðsynlegt að auka landkynninguna, því að hún hlýtur að vera að nokkru leyti a.m.k. undirstaðan undir því, að útlendir ferðamenn sæki okkur heim. En við skulum ekki gera allt of lítið úr þeirri starfsemi, sem farið hefur fram undanfarið, þótt fjármagnið hafi vitanlega verið takmarkað. Landkynning hefur átt sér stað allmikil og allvíðtæk. Loftleiðir hafa kostað á okkar mælikvarða miklum fjárhæðum til landkynningar og árangurinn er mikill af því. Flugfélag Íslands hefur einnig gefið út bækling í þessu skyni, landkynningarbækling, sem hefur verið útbýtt og upplagið af þessum bæklingum er allstórt miðað við það, sem við eigum að venjast. Eimskipafélag Íslands hefur einnig átt nokkurn þátt í landkynningunni. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur árlega gefið út bæklinga og ferðamálaráð stendur nú að útgáfu slíks bæklings. Enda þótt æskilegt væri að nota meira fjármagn til þessarar starfsemi og verður ugglaust gert í framtíðinni, þá skulum við ekki vanmeta það, sem gert hefur verið áður, enda er það alveg vitað mál, að ferðamannastraumurinn á síðustu 5—10 árum hefði ekki aukizt hingað til lands um 400%, ef ekkert hefði verið gert til þess að auka ferðamannastrauminn hingað til landsins.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Það er hér gert ráð fyrir því, að félag áhugamanna um fiskirækt eigi fulltrúa í þessari n., ef hún kæmist á laggirnar, því að fiskirækt í sambandi við ferðamálin væri þýðingarmikið atriði. Þetta er allt saman rétt, að fiskiræktin er vitanlega mikið atriði. Ferðamenn, sem hingað koma, vilja sumir dvelja við laxveiðar eða láta sér nægja að stunda aðeins silungsveiði. Fulltrúar í ferðamálaráði gera sér alveg grein fyrir þessu, og síðan laxeldisstöðin í Kollafirði tók til starfa, hefur áhugi um fiskirækt einnig farið mjög vaxandi og unnið er nú að því.

Það má alltaf segja, að það mætti gera meira til þess að efla þessa atvinnugrein, og ég skal taka undir það. Það má gera meira og er þörf á að gera meira. Þá vil ég segja það, að nú a.m.k. skortir engan skilning á þessu. Og ég efast um, að þótt fulltrúi frá félagi áhugamanna um fiskirækt ætti aðild að þessari n., ýtti það nokkuð sérstaklega undir fiskirækt. Ég er þó hins vegar ekkert að mæla gegn því. Það gæti vel komið til greina, að maður frá þeim samtökum fengi sæti í ferðamálaráði, ef svo vildi við horfa.

Það eru tekin fram í grg. nokkur atriði, sem gætu komið til greina, að þessi n. ætti að vinna eftir. Það hefur verið skipulögð landkynningarauglýsing í landinu á vegum ríkisins, en að því er unnið og það má auka, enda þótt engin ný n. kæmi til. Miklar samgöngubætur um óbyggðir landsins, sem auðveldi aðgang að náttúruundrum landsins og veiðisvæðum öræfanna. Þetta er alveg sjálfsagt, að unnið verði að og ferðamálaráð hefur áreiðanlega mikinn skilning á. Það verður vitanlega unnið að þessu eftir því, sem fjármagn verður til hverju sinni. Hagkvæmar framkvæmdir í byggingu gistihúsa og veitingastaða og sumarhúsa í óbyggðum og við veiðivötn. Þetta er einnig vettvangur ferðamálaráðs eins og reynslan hefur sýnt. Stóraukin laxfiskirækt í ám og vötnum ásamt vernd þeirra fiskistofna, sem fyrir hendi eru. Þetta er líka nokkuð, sem er fyrir hendi. Fjármagnsþörf í samræmi við markmið áætlunarinnar verði gaumgæfð og þá um leið möguleikar á erlendu lánsfjármagni til að hrinda henni í framkvæmd. Einnig þarf þetta að fylgja með og er vitanlega með í útreikningunum. Aukin samvinna þeirra, sem að atvinnugreininni starfa m.a. með tilliti til öflunar fjárfestingarfjármagns og nýtingar þess.

Allir þessir punktar eru nauðsynlegir og nauðsynlegt að hafa með, þegar hugsað er um þessi mál og framkvæmd þeirra, og ákveðið er að efla þau, þannig að mér dettur ekki í hug að mótmæla því á neinn hátt, en vil eigi að síður vekja athygli á því, að öll þessi atriði hefur ferðamálaráð á sinni stefnuskrá og hefur unnið eftir meira og minna.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri, en vil aðeins óska þess, að sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, sem ugglaust hefur sama áhuga og hv. flm. fyrir eflingu ferðamála í landinu, kynni sér rækilega starfsemi ferðamálaráðs og þá stefnu, sem það hefur unnið eftir síðan það var sett á laggirnar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Sem einn af flm. þessarar till. vildi ég mega segja örfá orð. Okkur var það auðvitað ljóst, að með lögum um ferðamálaráð nr. 29 frá 30. apríl 1964 var stigið mjög jákvætt spor fram á við til eflingar ferðamálum í landinu. Eins og hæstv. ráðh. kom inn á, er ekkert nema gott um það að segja, og ferðamálaráð hefur sannarlega ýtt mörgu fram á við. Engu að síður viðurkennir ferðamálaráð eða a.m.k. hafa einstakir nm. gert það í samtölum við mig, að það þarf að ýta við sumum þáttum hérna, til þess að þeir eða aðrir nái þeim árangri, sem æskilegt væri. Vil ég í því sambandi nefna, að ferðamálaráð hefur beðið hótelin um ákveðnar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir alla áætlunargerð, en því miður er það staðreynd, að hótelin eru mjög treg að láta svona í té. Virðist það næsta undarlegt, að ekki skuli vera hægt að fá nauðsynlegar upplýsingar fyrir stofnun eins og ferðamálaráð, sem er að vinna að því að hótelin geti fengið sem beztan rekstur.

Fyrst ég er að tala um hótelin,vil ég aðeins upplýsa það hér, sem vakti furðu mína og áreiðanlega margra annarra, að þegar gengisfellingin varð, rigndi yfir ferðaskrifstofuna fsp. um nýtt verð í erlendum gjaldeyri til útlanda eða fyrir útlendinga. Mér skilst, að hótelin hafi tilkynnt mjög einfaldlega óbreytt verð í dollurum. Og ég verð að spyrja hæstv. samgmrh., hvort það þýði það, að Íslendingar séu á lægra verði eða útlendingar á hærra verði? Ég veit um það, átti um það langt samtal við forstöðumann einnar ferðaskrifstofu hér, að hann varð að senda skeyti út og tilkynna bæði til Þýzkalands og Ameríku og Englands óbreytt verð í dollurum, pundum og mörkum, og þeir trúðu honum ekki. Þetta sagði hann við mig persónulega, og gæti ég nefnt manninn, ef nauðsyn krefði. Það er ýmislegt svona. Svo sagði hann mér frá öðru og það er nauðsynlegt að ýta við slíku, að það er ómögulegt að fá fast verð á ákveðnar ferðir núna. Þeir vilja bíða einhvern tíma fram á vorið. Þetta er mjög erfitt, því að það er nú einu sinni svo, að fólk frá Bandaríkjunum eða Suður-Evrópu vill ákveða sín ferðalög með sæmilegum fyrirvara. Við getum fengið upplýsingar frá erlendum ferðaskrifstofum um fast verð og það er alveg tilviljun, ef það breytist. En við á Íslandi getum með engu móti tilkynnt fast verð. Þessu verður að kippa í lag.

Það er mjög margt, sem mætti ýta við, og það er ekkert vanmat á starfsemi ferðamálaráðs, síður en svo, alls ekki frá minni hálfu og ég held annarra flm. till., að við viljum gera aukið átak í þessu efni. Okkur er ljóst, að svo mikilvægur þáttur, sem ferðamálin eru orðin hjá öðrum þjóðum, kemur að því, að þau geta orðið snar þáttur hjá okkur, einmitt af því að við höfum óspillta og góða náttúru og fólkið kemur hingað til að sjá náttúru, fallega náttúru, og vera hér í kyrrð og friði, en ekki til að búa á Hótel Sögu eða Hótel Loftleiðum. Við þurfum að greiða fyrir ferðamönnunum á margvíslegan hátt með skipulagðri upplýsingastarfsemi og laða fólkið til landsins.

Eitt dæmi má nefna, sem er mjög þýðingarmikið. Það er menntun á túlkum. Það er í verkahring ferðamálaráðs að stuðla að slíku. Mér er ekki kunnugt um, að þeir hafi beitt sér fyrir námskeiðum fyrir túlka. Hér er ákveðinn hópur manna, sumir eru kennarar, aðrir með mismunandi menntun, sem taka að sér að vera túlkar. Stundum vantar 50 túlka, stundum 100 allt eftir því, hvað skipin eru mörg, sem koma sama dag og margir fara í land. Þetta fólk túlkar auðvitað mjög misjafnlega

sjónarmið hér á Íslandi, náttúrufegurð, sögu landsins og þar fram eftir götunum. Það er enginn skipulagður bæklingur fyrir utan þessa ensku bók, „Iceland in a nutshell", gott rit um þessi mál. Einnig vantar gífurlega á, að vegir, vötn og brýr og sögustaðir séu merktir. Það vantar gífurlega mikið á það. Allt þetta má gera til þess að sýna, að við höfum áhuga á, að ferðamenn geti ferðazt hér um. Það eru ekki allir, sem vilja ferðast í lúxus og fínheitum, og margt fólk fer hér um gangandi eða í smáhópum á eigin spýtur og verður að fá aðstoð hins opinbera.

Sem dæmi um, hve ferðamálin eru orðinn stór þáttur hjá sumum þjóðum, má nefna, að á Írlandi reikna þeir núna með um 100 millj. punda í ferðamannatekjur, og er ferðamannastraumurinn og ferðamannastarfsemin að komast í annað sæti hjá þeim í þjóðartekjum. Þeir eru mjög bjartsýnir, og það er vitað mál, að með aukinni hagsæld um allan heim leggur fólk meira í ferðalög, því að það er orðið þægilegt að ferðast og þoturnar stytta allar vegalengdir niður í klukkutíma eða þar um bil, kannske aðeins meira á milli heimsálfa. Við verðum því að fylgjast vel með þeirri þróun, sem er að ske alls staðar hér í kringum okkur í ferðamálum. Við eigum að geta tekið hér inn fast að 100 þús. ferðamönnum mjög fljótlega, ef átak er gert í þá átt. En eins og hæstv. ráðh. upplýsti, komu s. l. ár tæplega 38 þús. ferðamenn eða 37700. Við missum líka marga Íslendinga út úr landinu. Samt sem áður höfum við svolítið nettó af ferðamönnum og gjaldeyrisskil 1967 voru rúmlega 97 millj. og á Keflavíkurflugvelli voru seldar tollfrjálsar vörur fyrir rúmlega 27.8 millj., þannig að þetta er mikilvægt atriði. Flugfélögin höfðu mjög miklar tekjur af ferðamannaþjónustu, og svona mætti lengi halda áfram.

Eitt er mjög mikilvægt í aukinni ferðamannaþjónustu hér við land. Það er að selja íslenzkan heimilisiðnað. Við höfum þar mjög gott dæmi frá Noregi. Þar eru prjónaðar peysur úti um allt land og seldar í tugþúsundavís, og þetta gæti orðið mjög góður iðnaður hér úr íslenzkri ull og mikilvæg starfsemi úti um alla landsbyggðina.

Ég vil ekki tefja umr. lengi um þessi mál, en ég vænti þess, að þessi till. geti orðið til þess að ýta áfram ferðamálunum hérna og þau verði sem snarast góður þáttur í okkar starfsemi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil ekki tefja fyrir málinu með löngu ræðuhaldi, en fyrst aðrir töluðu en 1. flm., þá langar mig til þess að segja hér nokkrar setningar.

Ég álít, að óðfluga stefni í þá átt, að hreint loft, ómengað vatn og fjölbreytilegt og fagurt landslag verði einn sterkasti þáttur í þjóðarauði Íslendinga. Það þykir e.t.v. einkennilegt að taka svona til orða, en þetta er mín sannfæring. Það fækkar alltaf þeim löndum á jörðinni, sem geta boðið upp á þetta. Loftið á þeim þéttbýlu, stóru svæðum er að verða meira og minna mengað. Við sjáum dálítið sýnishorn af því, hvernig þetta er, þegar hann gerir sunnanátt, og kolareykurinn frá Evrópu berst jafnvel alla leið hingað og þeir, sem hafa dálitla ferðareynslu, finna, hvernig það er að koma úr svækjunni og mengaða loftinu, sem víða er að verða í þéttbýlinu erlendis. Hvernig menn draga andann léttara, þegar hingað kemur, vegna þess að hér höfum við, sem betur fer hreint loft. Og það sama er að segja um vatnið og önnur atriði, sem þarna koma til greina.

Við höfum tæplega enn gert okkur ljóst, hve gífurlegt verðmæti við eigum í þessu, og ég held, að Ísland, sem liggur einmitt á milli Evrópu og Ameríku, hafi þarna alveg sérstöku hlutverki að gegna, ef við förum skynsamlega að og skemmum ekki né mengum loftið og vatnið né náttúruna yfirleitt. Við það eigum við að geta ráðið og ekki sízt af því, að við höfum hér orkulindir eins og heita vatnið, sem gerir okkur mögulegt að koma þessum málum betur fyrir en nokkur önnur þjóð.

Ég vil taka undir það, sem ræðumaður hér á undan sagði, að ekki sé gerandi ráð fyrir, að við getum komizt ákaflega langt í því að heilla til okkar það ferðafólk, sem leggur mest upp úr lúxushóteldvöl og öðru slíku, en við eigum að geta fengið hingað mikinn fjölda fólks, sem vill fyrst og fremst sjá eitthvað sérkennilegt og jafnvel komast í ævintýri. Upp á þau ættum við að geta boðið, ævintýri af þeirri gerð, sem verða, þegar menn ferðast í alveg óvenjulegu og heillandi umhverfi. Ég hef oft vitnað til Kjalvegar í þessu sambandi t.d. og þess, sem þar er að finna. Hvað haldið þið, að margir staðir á jörðinni geti boðið upp á það, sem hægt er að fá á Kjalvegssvæðinu einu? Þar getur hvert barn gengið á jöklana svo að segja beint úr bifreiðunum. Þar er eitt mesta jarðhitasvæði landsins utan í jöklunum, og má jafnvel finna dæmi þess, að jarðhitinn bræði jökulinn. Þá eru á þeim slóðum mikil stöðuvötn, þar sem jakar fljóta á sumrin, og þar eru ákjósanlegir reiðvegir. Þar er aðstaða til þess að hafa skíðaiðkanir allt sumarið og fjallgöngur og sennilega allan veturinn líka, ef skynsamlega væri að farið og hafðar samgöngur loftleiðis t.d. í þyrlum.

Þetta er aðeins eitt lítið dæmi um þá óhemju möguleika, sem er að finna hér á landi. Ef það væru lagðar t.d. 80 – 100 millj. í Kjalvegssvæðið með því að byggja þar ákjósanlega aðstöðu fyrir fólk, sem vildi dvelja í svo óvenjulegu umhverfi og komast í ævintýri af þessu tagi, þá mætti gera stórvirki. Það mætti svo í áföngum byggja hótel, sundlaugar og sundhallir úr gleri og hafa nægilegan hita allan ársins hring, því að segja má, að heita vatnið sé þarna alveg ótakmarkað fast við jöklana og snjóinn.

Hér er um náttúruauðæfi að ræða, sem eiga sér engan líka að ég hygg, og með skynsamlegri notkun eiga þau að geta orðið ein hin traustasta stoð undir þjóðarbúskap okkar framvegis. Það mætti endalaust tilgreina dæmi af þessu tagi.

Það vakir ekki fyrir okkur flm. að flytja vantraust á ferðamálaráð eða nokkra aðra stofnun. Ég held, að okkur hafi alls ekki dottið ferðamálaráð í hug

eða tæpast, nema þá sem einn aðila í þessu, og þetta byggist ekki á vantrausti, heldur á því að koma ofurlítið meiri hreyfingu á þessi mál án þess að vanmeta nokkuð, sem í þeim hefur verið gert. Við teljum, að öll hreyfing og allar umr. um þetta séu til góðs. Það sé gott að opna gluggana í þessu tilliti og það geti verið ágætt fyrir ferðamálaráð eða fulltrúa frá því að setjast niður með fulltrúum frá öðrum samtökum.

Það er ekki leiðin til stórkostlegra átaka í þessu að vera sífellt að telja það fram, sem búið er að gera. Það kann að vera, að vel hafi verið gert og ástæða sé til þess að þakka það. Ég held, að það skipti þó mestu máli í þessu að horfa fram, og það sé ekkert vanþakklæti í því fólgið með það, sem gert hefur verið. Og það er gott að leiða marga aðila saman, gott að hræra ofurlítið upp í þessu af og til, og það er það, sem fyrir okkur vakir. Ég vona, að við nána athugun verði því vel tekið af öllum.

Síðast vil ég segja, að það er skylt að geta þess, að hingað hefur borizt til Alþ. meðmælabréf frá Sambandi matreiðslu- og framreiðslumanna, þar sem mælt er með því, að þessi athugun fari fram og samtökin láta í ljósi mikinn áhuga um þetta mál og vilja gjarnan fá að vera með í þeirri endurskoðun, sem þarna kemur til greina. Það finnst okkur flm. vel geta komið til, að þeir væru þarna með, því að þeir eiga þarna stóran hlut að og e.t.v. fleiri aðilar, sem ástæða væri til að taka með. Okkur er auðvitað alls ekki fast í hendi, að n. sé skipuð nákvæmlega eins og þarna er gert ráð fyrir, en hins vegar, að í þetta mál verði gengið og allir beztu kraftar virkjaðir til þess að gera yfirlit um, hvað skuli gera á næstunni til þess að notfæra sér þessa stórfelldu möguleika.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða margorður um þá till., sem hér liggur fyrir, en ég tel, að hér sé enn á ný hreyft mjög merku máli. Það er áreiðanlega rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að Ísland á ýmis verðmæti, sem hingað til hefur ekki verið veitt mikil athygli, en munu reynast dýrmæt, þegar stundir líða, dýrmæt fyrir þá þjóð, sem landið byggir og einnig mikilsverð öðrum.

Ég hygg, að ferðamannastraumur sunnan að til hinna norðlægu landa muni fara vaxandi á komandi tímum. Það, sem því veldur, er fyrst og fremst hið hreina og tæra loft þessa lands. Ég veit, að eitt af því, sem mesta athygli vekur hjá útlendum, sem slíku gefa gaum, þegar þeir koma hingað, er hið mikla útsýni yfir landið, vegna þess að loftið er tært. Við sjáum hér af íslenzkum fjöllum miklu lengra, miklu meiri víðáttu en við sjáum af t.d. fjöllum sunnar í álfunni, a.m.k. um sumartímann, vegna þeirrar móðu, sem þar er alltaf í lofti, en hér er loftið tært. Og það er líka þessi tærleiki loftsins, sem listamenn gefa gaum að og skapar hina sérkennilegu íslenzku náttúruliti.

Það hefur verið margt rætt um það á undanförnum áratugum, hvort stefna ætti að því, að Ísland yrði ferðamannaland eða ekki, og ég ætla ekki að fara að rifja það upp. Fyrr eða síðar mun landið verða miklu meira ferðamannaland en það er nú. Hvort sem hægt er að koma því í kring, eins og hér er orðað í till., að ferðamannastraumurinn margfaldist á komandi árum eða ekki, þá hlýtur Ísland að verða í framtíðinni miklu meira ferðamannaland en það er nú. Og þá þurfum við að sjálfsögðu, eins og tillögumenn segja, að gera mönnum kleift, sem hér vilja ferðast um, að kynnast því t.d., sem óbyggðir og öræfi landsins búa yfir, en við eigum þó fyrst og fremst að gera þeim kleift að kynnast því, sem hægast er að kynnast, þ.e.a.s. hinum byggða hluta landsins. Þó að ekki sé farið inn í óbyggðirnar, þá býr hinn byggði hluti Íslands yfir mikilli fegurð.

Það, sem ég vildi koma að í þessu sambandi, við verðum að hafa í huga í þessum efnum kannske fyrst og fremst, er, að Ísland er vanþróað land í vegamálum. Ferðamönnum, sem koma frá þeim löndum, þar sem samgöngur á landi eru komnar á venjulegt stig, hvort sem það er vestan eða austan Atlantshafsins, bregður mörgum hverjum í brún, þegar þeir sjá vegina hér á Íslandi, eins og þeir eru úti um byggðirnar og í ýmsum þeim héruðum, sem fegurst eru á landinu, — hvernig þeir geta orðið í misjafnri tíð, þótt um sumar sé. Og við getum ekki gert ráð fyrir því, að Ísland verði mikið ferðamannaland, fyrr en bót er ráðin á þessari vanþróun í vegamálum. Það er þess vegna í raun og veru mjög vel til fallið, að ferðamálin skuli heyra undir sama ráðh. og samgöngumálin. Samgöngurnar á landi eru einmitt undirstaða þess, að Ísland geti orðið mikið ferðamannaland. Þessu megum við ekki gleyma. Það þarf að vera hægt að komast um landið, til þess að hægt sé að skoða það. Þó að við Íslendingar teljum okkur geta farið þessa vegi á bifreiðum, sem í raun og veru þola alls ekki slíka vegi, sem hér eru á landi, þá þykir annarra þjóða mönnum, sem öðru og betra eru vanir, þetta mörgum hverjum ekki fært. Ef Ísland á að verða mikið ferðamannaland, verðum við að hefja okkur upp úr þeirri vanþróun í vegamálum, sem enn er hér í landi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins leiðrétting. Mér þykir það mjög leitt, að ég hafði misskilið það, að það er Farmanna- og fiskimannasambandið, sem hefur sent inn meðmæli með þáltill. og óskað eftir þátttöku í n., en ekki Samband matreiðslu- og framreiðslumanna. Þetta vil ég, að komi fram strax, að ég hafði misskilið þetta. Það er frá Farmanna- og fiskimannasambandinu. Og það er ekki hægt að segja annað en því sambandi komi það mjög mikið við, hvernig á þessum málum verður haldið.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Þar sem ég er einn af flm. þessarar till. til ál. um þriggja ára áætlun um ferðamál, vildi ég gera grein fyrir minni skoðun með nokkrum orðum og stikla á stóru. Á því leikur enginn vafi, að ef við ætlum að gera Ísland að

ferðamannalandi og margfalda hingað erlendan ferðamannastraum, verðum við að skipuleggja þessi mál mjög ýtarlega allt frá grunni, leita álits færustu manna og gera raunhæfa áætlun um ferðamál. Við verðum nauðsynlega að byggja fjárhagslega trausta undirstöðu að ferðamannaþjónustunni og beita hugkvæmni í því að laða erlenda ferðamenn til landsins og sjá til þess, að þeir fái alla hugsanlega fyrirgreiðslu og þjónustu, og við ættum að geta byggt upp á skömmum tíma arðbæra atvinnugrein, sem mundi afla þjóðinni erlends gjaldeyris og þar að auki skapa fjölda Íslendinga atvinnu í sambandi við vaxandi ferðamannastraum til landsins.

Þessi þriggja ára ferðamálaáætlun er þó ekki eingöngu ætluð útlendingum. Hún yrði auðvitað um leið ferðamálaáætlun fyrir Íslendinga. Ég held, að það sé rétt, að stór hluti Íslendinga hefur ekki enn þá séð nema hluta af okkar landi. Tvennt getur komið til. Það er, að fólk hafi ekki haft fjárhagslega getu til þess, því að vissulega geta slíkar ferðir verið dýrar, eða hitt, að það hefur ekki vaknað hjá því sérstakur áhugi fyrir þessu. Við vitum, að allar þjóðir gera nú allt til að laða ferðamenn til landa sinna til þess að skapa aukinn gjaldeyri og til þess að auka þekkingu á landi og þjóð. Þetta verðum við að gera líka. Við vitum, að Ísland getur haft upp á margt að bjóða sem ferðamannaland, sem aðrar þjóðir hafa ekki eða takmarkað. Það mætti til nefna hið mikla víðsýni, sem hér er, vegna hins tæra lofts. Við höfum hér jökla, eldfjöll, hveri, jarðhita, vatnsföll, veiðiár, veiðivötn og þannig má lengi telja. Við eigum að geta boðið erlendum ferðamönnum upp á margvíslega þjónustu. Fyrir utan hina almennu náttúruskoðun er hægt að minnast á laxveiðar, silungsveiðar, sjóstangaveiði, hestaferðir, skíðaferðir, ökuferðir og flugferðir upp í óbyggðir landsins. Þá mætti koma hér upp heilsulindum, ölkeldum, gufuböðum og leirböðum. Þannig mætti telja áfram óendanlega. En við megum ekki gleyma því, að erlendir ferðamenn leggja áherzlu á eitt nú til dags og það er fámennið hér. Það er orðin hrein plága hjá erlendum ferðamönnum í öðrum löndum að geta eiginlega hvergi notið einverunnar eða fámennis, því að alls staðar er orðið svo mikið af fólki. Þá megum við ekki gleyma því, að hér mundu skapast margvíslegir möguleikar í sambandi við að auglýsa afurðir okkar, bæði kjöt- og fiskafurðir. Þannig mætti hafa víðtæka kynningu í sambandi við þetta.

Ég hef verið svo heppinn að hafa fengið tækifæri til að ferðast um mestallt landið, og hér áður fyrr þurfti ég að vinna eitt ár á Vestfjörðum, eitt ár á Norðurlandi og eitt ár á Austfjörðum. Þá notaði ég hverja frístund til þess að ferðast. En á þeim tímum var samgöngukerfi okkar mjög lélegt, og þá var venjulega farið fótgangandi upp á fjöll og yfir fjöll til að sjá meira. En á undanförnum árum hef ég lagt meiri áherzlu á að kynnast hinum víðáttumiklu óbyggðum landsins, og þeir, sem hafa komið upp í óbyggðir landsins, þekkja aðdráttarafl þess.

Ég hef sannfærzt um það á mínum ferðalögum, að með góðu skipulagi og hóflegum fjárveitingum mætti gera margar leiðir mun greiðfærari upp í óbyggðir landsins en nú er. Ef við tökum sem lítið dæmi hinn svokallaða Kjalveg, þá vitum við, að í dag leggur fjöldi fólks leið sína yfir hálendið á venjulegum fólksbifreiðum, en segja má, að þessi leið sé ótrygg vegna ýmissa farartálma, eins og nokkurra óbrúaðra áa. En það liggur í augum uppi, að með litlum tilkostnaði mætti brúa þessar ár á sumrin með hreyfanlegum trébrúm, sem setja mætti upp á vorin og taka niður á haustin, og með því að lagfæra örlítið ákveðna vegarkafla á Kjalvegi gætu allir, sem hafa bifreiðar til umráða, farið þessa leið áhyggjulausir og notið hinnar ósnortnu og stórbrotnu náttúrufegurðar, sem þar er að sjá.

Við vitum, að allir landshlutar geta bent á sínar fögru sveitir og sínar fögru óbyggðir. Síðan samgöngukerfi okkar batnaði hefur ferðamannastraumurinn legið að mestu leyti eftir vegakerfi okkar, og auðvitað er sjálfsagt, að fólk sjái allt, sem sést frá okkar þjóðvegum. En hinu ber ekki að neita, að strax og vikið er út frá hinu venjulega þjóðvegakerfi, opnast nýr heimur. Og með því að auka og bæta allverulega svokallaða fjallvegi, má opna óteljandi svæði, sem fáir Íslendingar hafa augum litið og margvíslegir möguleikar mundu skapast.

Á Vestfjörðum eru víða sérstaklega fallegir staðir. Þar er hrikaleg og stórbrotin náttúrufegurð, en ef við lítum aðeins á svæðið frá Ísafjarðardjúpi og norður á Strandir, þá er þarna stórt landssvæði, sem nú er að mestu komið í eyði. Þetta svæði ætti og mætti vissulega friða og gera síðar meir að þjóðgarði.

Ég veit, að sumir, sem þekkja óbyggðir okkar, eru ekki hrifnir af því, að útlendingar ferðist um þessi svæði. En við megum ekki gleyma því, að ótrúlega stór hópur útlendinga hefur einmitt ferðazt um óbyggðir landsins, jafnvel mun meira en Íslendingar sjálfir. Þetta eru oft hópar af erlendu skólafólki, sem hafa fengið styrki til að ferðast til Íslands, og þetta fólk hefur unnið að margvíslegum rannsóknarstörfum. En það er einmitt þetta fólk, sem hefur dásamað okkar náttúrufegurð.

Vegna okkar stutta sumars verðum við að reyna að byggja okkar ferðamannaþjónustu allt árið, en til þess þurfum við að hafa fjallahótel, þar sem unnt er að stunda vetraríþróttir og jafnframt að hafa þar heilsulindir eða fara líkt að og t.d. Svisslendingar, en þangað hópast tugþúsundir ferðamanna að vetrinum.

Fullvíst má telja, að Ísland geti orðið eftirsótt ferðamannaland í framtíðinni. Það getur haft upp á margt að bjóða. Þess vegna er sjálfsagt að gera allt, sem hægt er, til að skipuleggja þetta mál vandlega. Og það þolir ekki bið, því að okkur veitir sannarlega ekki af því að afla gjaldeyristekna fyrir þjóðina. Þessi möguleiki liggur nú opinn fyrir, en við skulum gera okkur grein fyrir því, að í mörg horn er að líta og þetta hefst ekki nema með sameiginlegu átaki allra góðra manna. Ég vænti þess,

að hv. þm. styðji þetta mál og lausn þess landi okkar til heilla.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til fjvn. með 40 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Skylduþjónusta ungmenna.

Á deildafundum 14. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skylduþjónustu ungmenna [55. mál] (A. 74).

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þáltill. þessi, sem hér liggur fyrir til umr. á þskj. 74, er að öllu samhljóða till., sem ég flutti á síðasta hv. Alþ. Ég gerði þá allnána grein fyrir þessari till. í framsögu auk þess, sem rakið er í grg., sem er endurprentuð nú með þeirri till., sem hér liggur fyrir, og ég mun því ekki að svo stöddu fara ýtarlega út í efnisatriði málsins. En þáltill. fjallar um nefndarskipun til undirbúnings þessu máli. Hér er því ekki um að ræða úrslitaafstöðu Alþ. til skylduþjónustunnar sjálfrar.

Það hafa farið fram nokkrar umræður um skylduþjónustuna í blöðum, t.d. að undanförnu, og verið nokkuð skiptar skoðanir. Ég hef jafnvel séð þeirri spurningu varpað fram, hvort innleiða ætti þrælahald á ný. Fleiri hafa þó verið hlynntir málinu og líklega fyrst og fremst sem uppeldismáli, og víst er, að það er annar meginþátturinn, sem gefur þessu máli gildi. Hitt er svo þörf samfélagsins til framkvæmda á ýmsum þjóðfélagsbótum, og ég met þá hlið málsins einnig mikils. En í mínum huga er höfuðvandinn við þetta mál framkvæmd vinnuskyldunnar, og kannske sá, að nógu margir góðir menn, ef svo mætti taka til orða, fáist til forstöðu um framkvæmdina og hún verði sem kostnaðarminnst.

Það er ofarlega á baugi, að við horfum fram á mikla fólksfjölgun á næstu árum og við ættum því að gera okkur grein fyrir, hvernig þeirri fólksfjölgun verði mætt með aukinni atvinnu. Nú þegar hefur nokkuð borið á því, að við erum ekki, ef svo mætti segja, fyllilega viðbúnir í þeim efnum, og sérstaklega að því er snertir atvinnu fyrir ungt fólk. Þetta er einn þátturinn, sem styður þetta mál nú. Við þekkjum allir, að menntunarkrafan er mjög mikil. Fullnæging þessarar menntunarþarfar og þetta er farið að vega ákaflega þungt í því, sem við getum kallað samfélagskostnað, og auðvitað verðum við að gæta þess að rata meðalhóf hins æskilega og framkvæmanlega í þessum efnum, m.a. af efnahagsástæðum. Það má segja, að tilgangur eða markmið skólakerfisins sé betri og nýtari þjóðfélagsborgarar. Það er í því efni að mörgu að hyggja og áreiðanlega fleiru en sem lengstri skólasetu. Og án þess að ég fari lengra út í þessa sálma, vil ég bara lýsa því sem markmiði þessarar þáltill., að það er einmitt það sama — að verða að liði við þá nauðsyn og skyldu þjóðfélagsins að ala upp sem bezta þjóðfélagsborgara.

Það hefur verið ákveðið að hafa tvær umr. um þessa þáltill. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að henni verði vísað til síðari umr. Ég tel rétt, að hún verði látin fara til n. og óska eftir, að henni verði vísað til hv. allshn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar hv. Alþ. var sett að þessu sinni, var tilkynnt, að hv. 3. þm. Austf. gæti ekki tekið sæti sitt á Alþ. vegna anna. Nú lítur út fyrir, að hv. þm. hafi verið á fjöllum uppi, a.m.k. bendir til þess þál. sú, sem hér er til umr.

Það kann að vera, að í augum einhverra hafi löggjöf um þegnskylduvinnu verið nauðsynjamál fyrir og um síðustu kosningar. Á meðan allt lék í lyndi, næg atvinna var og kaupgjald þolanlegt miðað við verðlag í landinu, þá hvarflaði að ýmsum, að æskan þyrfti að kynnast sem mest undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Til þess að það mætti verða, yrði að setja löggjöf um eins konar þegnskylduvinnu, sem eins væri hægt að nefna verklegt skyldunám um undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, og á ég þá við landbúnað og fiskveiðar og það, sem þeim er tengt. Að í því liggi óviss hætta, að t.d. ýmsir, sem leggja út í langskólanám og að því námi loknu verða ráðgjafar og sérfræðingar stjórnarvalda, hafi aldrei komizt í snertingu við sjálft atvinnulífið í landinu eða slagæðar þjóðfélagsins, eins og sumir kalla það, og sé því ekki þess að vænta, að þeir verði með þeim hætti eins vel vanda sínum vaxnir til að leysa þau verkefni, sem þeim eru falin. Í þessu sambandi benda margir á mistök liðinna ára máli sínu til sönnunar, enda varla þess að vænta eftir þá reynslu, sem fengizt hefur af lækningum þeirra á síðustu árum, enda er svo komið, að menn hafa það að máltæki víðs vegar um landið, þegar þeir heyra um eitthvað virkilega vitlaust, að það sé eins og hagfræðingar hafi sagt það. Svo hafa ráð og rökræður þessara manna ofboðið þjóðinni að undanförnu. Er illt til þess að vita, hvernig álit þjóðarinnar er nú orðið á þessari fræðigrein, sem á sannarlega annan sess skilið en hún hefur nú í þjóðarvitundinni, en þar sannast hið fornkveðna, að ekki er sama, hver á heldur. En þó að fyrir því liggi sterk rök, að ýmsa þá, sem í daglegu tali eru kallaðir langskólagengnir, skorti mjög reynslu og þekkingu á atvinnuvegum þjóðar-

innar og á aðstöðu þess fólks, sem við þá starfar, er ekki þar með sagt, að algeng þegnskylduvinna mundi ráða bót á því vandamáli, enda virðist ástandið í þjóðfélaginu vera þannig, að löggjafarþingið þurfi fremur um annað að fjalla næstu vikurnar en semja og ræða löggjöf, sem legði þá skyldu á herðar allra ungmenna í landinu, að þau inni af hendi margra mánaða þegnskyldu. Ég held, að ef það er sprottið af umhyggju fyrir æskunni, að hv. 3. þm. Austf. hreyfir þessu máli, vil ég benda honum á, að það er annað langtum meira aðkallandi vandamál, sem nú er sannarlega frekar þörf á að finna skjóta lausn á fyrir þjóðfélagið allt og þá ekki sízt fyrir þroska og hamingju æskunnar í landinu, en það er að örva atvinnulífið, svo að öll ungmennin eigi þess kost að hafa atvinnu þann tíma, sem þau sitja ekki á skólabekk. Það er ofar mínum skilningi, hvernig foreldrar fara nú að því að hjálpa börnum sínum í gegnum skóla með tilliti til kaupmáttar launa venjulegra manna, þó að unglingarnir hafi sumarvinnu, hvað þá, ef enga vinnu er að fá yfir sumarmánuðina eða þau verða sett í þegnskylduvinnu lengri eða skemmri tíma. Og er nú á hitt að líta, að segja má, að þeir, sem mikinn áhuga hafa haft á því að koma á þegnskylduvinnu, geta nú sannarlega verið sæmilega ánægðir með það, sem er, þó að ekki sé lögfest þegnskylduvinna á meðan óbreytt ástand ríkir í launa-, atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þeir geta huggað sig með því, að eftir þessa nýju útfærslu á jafnaðarstefnunni hér á landi, ekki þá sízt í sambandi við þessa síðustu endurreisn á viðreisninni, en hún virðist vera fyrst og fremst fólgin í því að gera hina ríku enn ríkari á kostnað fjöldans, — virðist manni launakjör alls almennings í landinu vera þau, að það sé ekki nema stigs munur á þeim kjörum og þeim, sem ungmenni hlytu að hafa, þó að þegnskylduvinna væri. Sýnist því ekki mikil þörf fyrir að samþykkja þessa þáltill. að öllu óbreyttu.

Í grg. með till. er þessi setning, með leyfi forseta:

„Ég sé í anda fríðan hóp ungmenna, bæði pilta og stúlkur, með vorhug að planta og vökva rein við rein, sem hæfu starfið dag hvern við leiðsögn einbeitts verkstjóra, og að morgni er gengið væri til starfs, væri sungið: Ég vil elska mitt land.“ Draumsýnin getur verið undurfögur, og mjög hljóta þeir að vera hamingjusamir, sem geta stytt sér stundir í slíkum draumaheimi í órafjarlægð frá beizkum og helköldum veruleikanum, eins og hann blasir við venjulegum manni á þessu níunda ári viðreisnargöngunnar. Það kann að vera, að það verði stór hópur æskumanna, sem safnast utan um hv. 3. þm. Austf. þar eystra, ef þegnskylduvinnan verður lögfest á næstunni, en ekki kæmi mér það á óvart, þó að annað yrði sungið en „Ég vil elska mitt land“.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 74, n. 601 og 620).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Afurðalán.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um afurðalán [59. mál] (A. 78).

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Hjalti Haraldsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. og 9. þm. Reykv. flutt svo hljóðandi till. til þál. á þskj. 78 um afurðalán:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að afurðalán verði veitt út á framleiðslu niðursoðinna og niðurlagðra sjávarafurða, flakaðs og heilfrysts kola og saltaðra grásleppuhrogna. Verði afurðalán þessi hlutfallslega jafnhá þeim afurðalánum, sem á hverjum tíma eru almennt veitt vegna framleiðslu frystihúsa og annarra framleiðslustöðva.“

Það munu vera nokkur ár síðan farið var að lána út á afurðir, bæði þær, sem búið var að semja um sölu á og svo þær, sem óseldar voru, en á þessu hefur þó verið nokkur tröppugangur, hvað snertir sumar framleiðsluvörur, og svo mun hafa verið um þær framleiðsluvörur, sem taldar eru hér í till. En hér er um að ræða vörutegundir, sem eru í vaxandi mæli eftirsóttar. Nú er það yfirlýst stefna okkar, að við viljum bæta nýtingu þess sjófangs, sem að landi berst. Þess vegna hvílir á okkur sú skylda að styðja við þá þróun, sem þegar er vísir að, ekki hvað sízt þegar vinnsla þessara vara er veigamikill þáttur í atvinnulífi sumra smærri staða úti um land. Svo mun vera t.d. um grásleppuveiðarnar, sem mikið eru stundaðar í sjávarþorpum víða um land og einkum á þeim árstíma, þegar önnur atvinna hefur verið stopul, enda hefur slíkt orðið mörgu heimilinu gott búsílag. Sama gildir raunar um aðra þá framleiðslu, sem á er minnzt í till. Okkur ber þess vegna brýn nauðsyn til þess að efla þá framleiðslu, en það gerist því aðeins, að peningastofnanir í landinu sýni þeim fullan skilning. Nú er ekki með þessu verið að vanþakka það, sem þegar hefur verið gert í þessu sambandi. Það er langt frá því. Það hafa þegar verið veitt lán út á sumar þessar afurðir fram að

þessu, en þó ekki nema vissan hluta. Ef við eigum að færa út kvíarnar, og það hljótum við að ætla okkur að gera, hvað þessar framleiðslugreinar áhrærir, þá verða þær að fá að sitja við sama borð og aðrar hliðstæðar greinar sjávarútvegsins og eins og segir í grg. fyrir till. er hún flutt til þess að taka þar af öll tvímæli. Vænti ég þess, að hv. þm. taki þessu með skilningi og vinsemd. Þetta er að vísu ekki neitt stórmál, en það er þó áfangi í þróun, sem þarf að verða í uppbyggingu atvinnulífsins víða úti um land.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til, að umr. um till. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Strandferðir.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um strandferðir [64. mál] (A. 83).

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Við höfum 5 þm. flutt þá till. til þál. á þskj. 83, sem nú er hér til umr.

Það er mál manna, að greiðar og traustar samgöngur séu næsta nauðsynlegar í nútímaþjóðfélagi. Fyrir fámenna þjóð í stóru landi er auðvitað ærinn vandi að skipa svo sínum samgöngumálum, að viðunandi sé og kostnaður sé þó innan viðráðanlegra marka. Á tiltölulega skömmum tíma hafa Íslendingar varið mjög miklum fjármunum til samgöngukerfisins í heild, til vega, hafna og flugvalla og til kaupa á samgöngutækjum. Og þegar höfð eru í huga fjölmörg önnur verkefni, sem unnið hefur verið að á sama tíma, má e. t. v. segja, að þess hafi ekki verið að vænta, að meira fjármagni yrði varið til samgöngumálanna í heild, heldur en gert hefur verið. Hitt er svo annað mál, að hér hefur ekki verið unnið eftir neinu heildarskipulagi, síður en svo, en þess hefði þó auðvitað verið ærin þörf, eins og allt er í pottinn búið hér hjá okkur að þessu leyti.

Sú till. til þál., sem hér liggur fyrir, fjallar aðeins um eina grein samgöngumálanna, þ. e. samgöngur á sjó, strandferðir, og þó reyndar aðeins um afmarkaða þætti þeirra.

Fyrir réttum 20 árum, eða árið 1948, bættust Skipaútgerð ríkisins tvö ný strandferðaskip, Hekla og Skjaldbreið, en þá voru þrjú skip fyrir í strandferðunum, Esja og Herðubreið og olíuflutningaskipið Þyrill, sem einnig var notað á ströndinni. Þar með hafði verið hrundið í framkvæmd áformum ráðamanna um skipabyggingar og raunar um nýskipan strandferðanna.

Síðan þetta gerðist hafa orðið slíkar gerbreytingar í samgöngumálum Íslendinga, að kalla má byltingu. Allur meginþungi farþegaflutninganna hefur færzt yfir á flugið og vöruflutningar með bifreiðum og raunar með flugvélum líka hafa margfaldazt á þessu tímabili. Ég held þó, að engum komi það til hugar í alvöru, að reglubundnar siglingar með ströndum fram séu orðnar óþarfar, enda hefur Skipaútgerð ríkisins nú nýverið samið um smíði tveggja vöruflutningaskipa. En það er skoðun okkar flm. þessarar till., að hér þurfi þó að fleiru að hyggja.

Eins og ég vék aðeins að, er það auðvitað mikið mein, að menn skulu ekki hafa komið sér niður á betri skipulagningu samgöngumálanna í heild. Bara þetta eitt, stærð landsins og fámenni þjóðarinnar ásamt óblíðu veðurfari, veldur því, að það er nauðsynlegt að taka upp meiri skipulagningu á þessum málum í heild. Samgöngumálin verða vissulega nógu erfið viðfangs fjárhagslega, þó að allrar hagsýni sé gætt. Menn óttast kannske ofstjórn í þessum efnum. Menn eru hér yfirleitt hræddir við alla skipulagningu. En ég held þó, að áður en langir tímar líða, verðum við að horfast í augu við þessar staðreyndir og annað er ekki hægt. En það er nú raunar utan við efni þessarar till., því að hún er aðeins um einn afmarkaðan þátt.

Fyrri liður till. fjallar um vöruflutninga. Það er, eins og ég vék að áðan, tiltölulega skammt síðan nálega allir vöruflutningar hér á landi fóru fram á sjó. En á þessu hefur orðið mjög mikil breyting. Það er um loftflutninga að segja, að þeir eru náttúrlega alltaf dýrir, a. m. k. eins og þeir hafa verið reknir. Það eru þeirra höfuðkostir, að menn fá vöruna fljótt. Það er ómetanlegt í mörgum tilfellum að geta fengið vöru flutta samdægurs víðs vegar um land, varahluti og ýmsa dýra vöru, sem er létt í flutningum miðað við verðmæti sitt. Þá getur þetta vel komið til greina og eins með varning, sem ekki þolir geymslu. En vöruflutningar með flugvélum hljóta að verða dýrir, a. m. k. enn um sinn. Hitt er annað mál, að þeir hafa vissulega stuðlað að hagkvæmum rekstri flugfélaganna, gefa þeim nokkrar tekjur til viðbótar við tekjur af farþegaflutningum, sem er, eins og kunnugt er, aðaltekjugrein þeirra. Og þess vegna er það eðlilegt innan skynsamlegra takmarka, að vöruflutningar í lofti eigi sér stað. Ég hef heyrt ýmsa segja, sem hafa hugleitt þau mál sérstaklega, að það sé a. m. k. ekkert fráleitt að láta sér detta til hugar, að vöruflutningar í lofti á einstaka leiðum gætu orðið verulegir og þá með sérstökum vöruflutningaflugvélum. En það er þó sjálfsagt allt nokkuð langt fram í tímann. En þeir, sem halda þessu fram, benda m. a. á, sem er mikils vert, að slíkir flutningar mæða ekki á okkar veika vegakerfi, eins og flutningarnir með bifreiðunum.

Um vöruflutninga á landi er auðvitað allt gott að segja, svo lengi sem þeir eru innan skynsamlegra takmarka. Þeir hafa aukizt stórkostlega, og nú eru notaðir til vöruflutninga á milli landsfjórðunga tiltölulega mjög þungar og stórar bifreiðar, ef miðað er við okkar vegakerfi a. m. k. Og þetta gengur svo langt með vöruflutninga á landi, að menn láta sig hafa það að flytja varning úr Reykjavík allt austur til Hornafjarðar, eða næstum hringinn í kringum landið, eftir vegakerfinu, eins og það er nú. Ég held, að það sé ekki ofmælt, þó að sagt sé, að slík þróun sé vafasöm frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Og þá kemur hvort tveggja til, að bifreiðaflutningar geta aldrei komið að fullu gagni allan ársins hring. Við þurfum þess vegna alltaf að halda uppi flutningum á sjó og hafa fyrir hendi möguleikana til þess að flytja á sjó þegar vegir lokast. Svo er á hitt að líta, sem er ákaflega mikilvægt í þessu sambandi, að vegakerfi okkar, sem er ákaflega langt og dýrt miðað við mannfjölda og erfitt og mjög veikt í sjálfu sér, hvaða afhroð það geldur við svona mikla þungaflutninga á öllum þeim árstímum, þegar yfirleitt er nokkur leið að komast um vegina.

Eins og ég sagði áðan, liggur auðvitað alveg ljóst fyrir, að vöruflutningar með bifreiðum eiga rétt á sér upp að vissu marki. Sums staðar hagar þannig til í heilum landsfjórðungum, eins og hér sunnanlands, að það er ekki um neinar strandsiglingar að ræða og því ekki hægt að létta á vegakerfinu með flutningum á sjó. Og til hliðar við aðra flutninga á sjó og í lofti verða auðvitað alltaf fluttar vörur í bílum. En vöruflutningar verða aldrei leystir til fulls með bifreiðum. En það er eðlilegt að spyrja, og það snertir beint efni þessarar till., hvernig á því standi, að vöruflutningarnir hafa þróazt á þennan hátt á undanförnum árum. Þar kemur margt til, en í höfuðdráttum held ég, að þetta sé nokkuð einfalt mál. Það er blátt áfram vegna þess, að strandferðaþjónustan hefur alls ekki þróazt í samræmi við breytta tíma. Það er fyrst núna, sem verið að er að byggja skip, sem geti beitt nútímatækni við lestun og losun, en það út af fyrir sig gerbreytir aðstöðunni til þess að nota skip til vöruflutninga frá því, sem verið hefur. Það vita þeir gerla, sem hafa eitthvað fylgzt með þessum málum. Það hefur sem sagt ekki verið æskileg þróun í strandferðunum á undanförnum missirum. Ég vil nú ekki segja, að ég sé að nota þetta tækifæri til árása á einn eða neinn, þó að ég bendi á það í tveimur eða þremur setningum, hversu strandferðamálin hafa þróazt núna síðustu árin. Fyrst er byrjað á því að selja það eina skip, sem var rekið hallalaust, Þyril, og það er mál manna, að sú sala hafi á engan hátt verið hagkvæm fyrir Skipaútgerðina. Síðan eru seld tvö skip Skipaútgerðarinnar, áður en önnur skip eru fengin í þeirra stað. Og það er alveg ómótmælanlegt, að alltaf öðru hverju þessi síðustu ár hefur vantað mjög mikið á, að strandferðaþjónustan hafi verið jafngóð og hún var orðin á þeim tíma, þegar skipin gengu fjögur, hvað þá að nokkuð hafi færzt til hins betra.

En svo er annað, sem einnig hefur farizt fyrir að sinna á þessum tíma. Það skiptir mjög miklu máli og sennilega meira máli en menn almennt gera sér grein fyrir, þeir, sem ekki eru þá beinlínis persónulega kunnugir aðstæðum. Og það er, að aðstaðan í landi til vörumóttöku, og alveg sérstaklega hér í Reykjavík hefur í engu verið bætt. Það hefur verið vaxandi þungi umferðar á svæðinu við höfnina. Og sú aðstaða, sem skipaútgerðin hefur, er slík, að það er yfirleitt ekki unnt að taka á móti vörum, nema um leið og verið er að hlaða skipin og það er mjög erfitt að komast þarna að. Ég er þessu persónulega kunnugur, m. a. í gegnum það, þegar ég þarf að senda smásendingar austur heim til mín. Það er næstum sama í hvaða fyrirtæki ég kem hér í bænum og bið um afgreiðslu og bið um að senda með Ríkisskip. Maður fær nálega alltaf þetta svar: „Er ekki hægt að senda það með bílunum? Er ekki hægt að senda það með flugvélunum? Það getur kostað okkur jafnvel klukkustunda bið með svona lítilræði niður á hafnarbakka, áður en við getum komið því af okkur.“ Þetta skýrir að nokkru, hvernig á því stendur, að sótt hefur í það horf, sem ég áður drap á um vöruflutningana, að þeir hafa færzt svo mjög frá skipunum yfir á bílana og jafnvel flugið.

Ég skal nú ekki fara frekar út í þetta, en ég vil alveg sérstaklega benda á, að nýju skipin, sem nú er verið að smíða, nýtast ekki eins og skyldi, ef ekki verður bætt úr þessari aðstöðu. Það þarf að vera auðvelt að nota vörulyftur við fermingu og affermingu. Langstærsta átakið, sem þarf að gera í þessu efni er hér við Reykjavíkurhöfn. En það er sennilegt, að á ýmsum höfnum úti á landi þyrfti að huga að því, að unnt verði að nota þessa nýju tækni við lestun og losun á strandferðaskipunum, því að það mun vera meiningin að hafa svipaða tilhögun og nú er við Freyfaxa, skip Sementsverksmiðjunnar, en hann flytur með sér lyftara, setur hann upp á bryggju áður en uppskipun hefst og síðan er hann notaður við að færa til pallana eftir því sem þarf. Þannig er það opið að nota þessa tækni einnig á hinum ýmsu höfnum úti á landi, ef húsnæðið og möguleikar á að komast að því eru í lagi. Þetta hyggjum við, að þurfi mjög að athuga og það í tíma.

Það er náttúrlega ýmislegt fleira, sem hefur stuðlað að því, að þróunin hefur orðið svona í vöruflutningum, eins og ég var að lýsa. Og það þarf auðvitað að hugleiða það líka. Það þarf sennilega að hafa nokkru meiri sveigju í farmgjöldunum heldur en verið hefur, og mér þykir sennilegt, að það þurfi einnig að samræma kostnað á höfnum, því að hafnargjöld eru mjög mismunandi. Og ég hygg, að á einstaka stöðum séu þau mjög mikið hærri heldur en algengt er, og ég vil segja óeðlilega há.

Ég vil þá víkja að síðara hluta till., sem fjallar um það, að undirbúa skuli byggingu nýs farþegaskips. Nú er mér það alveg ljóst, að það eru að sjálfsögðu deildar meiningar um það, hvort yfirleitt eigi að halda áfram að gera út sérstakt farþegaskip. Og mér er einnig ljóst, að það eru miklir erfiðleikar á

því að gera verulega traustar áætlanir um slíkan rekstur fyrirfram. Ýmsir segja sem svo, að reynslan af farþegaskipunum Heklu og Esju hafi hin síðari ár verið mjög slæm, að halli á rekstri þeirra skipa hafi verið það mikill, að ekki sé forsvaranlegt að reka slíka útgerð eða halda uppi slíkri þjónustu eftirleiðis. En ég vil minna á, að farþegaflutningar á sjó með skipum eins og Heklu og Esju, skipum sem jafnfram flytja vörur að því marki, að lestun og losun á stærri höfnum úti á landi getur tekið 4, 5 og allt upp í 8 klukkustundir, eru algerlega úreltir. Einnig má benda á, að farþegarými á þessum skipum, þótt þau væru ágæt á sinni tíð, eru heldur ekki þann veg búin, sem nú mundi vera gert ef skip væri alveg sérstaklega ætlað til farþegaþjónustu. Það er því mjög lítið hægt að ráða það af reynslunni af Heklu og Esju, hversu slíkt skip mundi bera sig.

Ég held, að ekki fari á milli mála, að þörf Austfjarða og Vestfjarða að vetrinum fyrir slíka þjónustu sé mjög veruleg, þrátt fyrir flugið. Hún mundi koma að mjög miklu gagni og veita öryggi fyrir farþegaflutninga og póst og ýmsan léttan flutning, sem væntanlega yrði fluttur á kössum eða pöllum og tæki ekki nema örfáar mínútur að losa og lesta á hverri höfn. Einnig er á hitt að minna, að tenging byggðarlaganna í þessum landshlutum, er mjög stopul að vetri, og þessi þjónusta mundi bæta þar stórlega úr. Með skipi, sem hefði ekki vöruflutninga, sem teðu verulega og nánast ekki neitt, gætu ferðir verið tíðar. Eftir því, sem mér skilst, gæti skip farið á einni viku bæði til Vestfjarða og Austfjarða. Í annan stað má minna á, að jafnvel með gömlu skipunum, Esju og Heklu, voru sumar hringferðirnar mjög vinsæl þjónusta við ferðamenn og notaðar nánast alveg til þrautar. En sumarið er einmitt sá tími, sem sízt er þörf fyrir slíkar siglingar út á landsbyggðinni.

Ég held, að allir séu sammála um það út af fyrir sig, að það sé æskilegt að stuðla að því, að innlendir og erlendir ferðamenn eigi sem greiðasta möguleika og fjölbreyttasta til þess að fara ferða sinna um landið. Það varð stórbreyting á þessu öllu saman með komu Esju og Heklu á sínum tíma, gerbreyting á strandsiglingunum frá því, sem hafði verið. Og með fyllstu viðurkenningu á gagnsemi flugsins og annarra samgönguþátta, verð ég að segja, að ég mundi telja það mikla afturför, ef strandferðaskipin Esja og Hekla verða látin liggja óbætt, þ. e. a. s. ef þau hverfa úr sögunni, án þess að nýtt farþegaskip kæmi í staðinn. Auðvitað viljum við allir stefna að því, að framfarir verði á þessu sviði eins og öðrum, þó að menn þurfi að sjálfsögðu einnig að gera sér grein fyrir kostnaðarhliðinni.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði varðandi gerð og rekstur slíks farþegaskips. Mér skilst, að stærð þess mundi ekki vera höfð meiri en það, sem þyrfti til þess, að skipið hefði nægilega sjóhæfni og gæti haft nægilegan ganghraða. Það er auðvitað hlutur, sem þarf að kanna og reyna að gera sér sem allra bezt grein fyrir, hversu byggingu skipsins og síðan rekstri þess yrði fyrir komið á sem haganlegastan hátt. En mín sannfæring er sú, að verkefni fyrir þetta skip yrðu ærin.

Ég vil að lokum minna á, að saga íslenzkra strandferða er raunar dæmigerð fyrir öra þróun í íslenzku þjóðfélagi. Það er kannske ekki nein tilviljun, að á fyrsta löggjafarþingi eftir endurreisn Alþingis, þ. e. árið 1875, flutti Tryggvi Gunnarsson, sem þá var 1. þm. Suður-Múlasýslu, „uppástungu til ályktunar um komustaði hins íslenzka póstskips", eins og það var orðað. Og þessi uppástunga Tryggva bregður upp mjög glöggri mynd af samgöngumálunum, eins og þau voru þá, þegar farþegar milli Austurlands og Reykjavíkur gátu átt á hættu að lenda til Kaupmannahafnar, ef svo bar undir. Á þessu sama þingi er einnig samþ. uppástunga frá öðrum þm. til ályktunar um gufuskipaferðir meðfram ströndum Íslands og veitt fjárframlag til þeirra hluta. Reglubundnar strandferðir hefjast næsta ár, 1876. Þá urðu þær þó ekki fleiri en tvær og þrjár á næsta ári. Það var danskt skip, sem fór þessar ferðir, Díana, þá nýtt og talið traustara í ís en almennt gerðist.

Það er ekki fyrr en árið 1916, sem strandferðirnar komast í íslenzar hendur, þegar ríkið kaupir þrjú skip, til þess m. a. að halda uppi strandferðum. Og svo markar það tímamót, þegar skipaútgerðin er stofnuð 1929. Síðan þróuðust strandferðirnar ört, þar til þær náðu hámarki árið 1949, þegar strandferðaskipin fjögur voru komin í gagnið. Þá eru árlegar viðkomur orðnar nærri 3 þús. og farþegafjöldi um 22 þús. o. s. frv.

Síðan hafa nýir þættir gripið inn í samgöngumál Íslendinga í æ ríkari mæli og þeirri þjónustu, sem vel reknar strandferðir geta vissulega veitt, henni hefur verið gefinn minni gaumur en skyldi, enda hefur fólkið á ströndinni oft látið til sín heyra um þessi efni og kvartað sáran.

Við höfum áður, framsóknarmenn, hreyft þessum málum hér á þingi, og þá m. a. í nokkuð líku formi og nú. Ég vil minna á, að Halldór Ásgrímsson o. fl. fluttu hér þáltill. árið 1965 um þetta efni.

Með ákvörðuninni um byggingu tveggja vöruflutningaskipa er loksins brugðið við á myndarlegan hátt. Ég vona, að það sé upphaf nýrrar sóknar í þessum málum. Þar með er gert mjög myndarlegt átak til þess að samhæfa vöruflutningana breyttum tímum, en þetta eitt er bara ekki nægjanlegt að dómi flm. þessarar till. Það þarf að gerbreyta aðstöðu á sumum höfnum, sérstaklega í Reykjavík, til þess að tæknibúnaður skipanna nýtist. Það þarf að sinna farþegaþjónustunni og leitast við að byggja hana upp við hæfi og í nýju formi, til þess að hún geti skilað sínu hlutverki við hliðina á og til uppfyllingar öðrum samgöngum. Ég held, að engin strandþjóð geti sér að skaðlausu vanrækt kerfisbundnar siglingar með ströndum fram.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að till. verði að lokinni fyrri umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Lausaskuldir útgerðarfyrirtækja.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um aðgerðir vegna lausaskulda útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafurða [65. mál] (A. 84).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 19. og 24. fundi í Sþ., 4., 11. og 18. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Það er alllangt síðan við lögðum fram á Alþ. till. til þál. um aðgerðir vegna lausaskulda útgerðarfyrirtækja og vinnslustöðva sjávarafurða. Við flytjum þessa till. ég og hv. 2. þm. Reykn. í samráði við okkar flokksmenn. Till. er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á efnahag og lausaskuldum einstaklinga og fyrirtækja, sem útgerð reka, og vinnslustöðva sjávarafurða. Að fengnum nauðsynlegum upplýsingum, felur Alþingi ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga þess efnis, að lausaskuldum útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslustöðva verði breytt í föst lán með hóflegum vöxtum. Gerist þess þörf, skulu skuldaskil framkvæmd hjá þeim aðilum, sem óhjákvæmilega hafa þess þörf vegna óhagkvæms efnahagsástands. Löggjöf þessi skal við það miðuð að gera sæmilega reknum útgerðarfyrirtækjum og vinnslustöðvum kleift að starfa áfram á fjárhagslega heilbrigðum grundvelli."

Það má kannske vera, að sumir álíti, að við hefðum fyrir hönd flokks okkar átt að leggja fram ákveðið frv., en við vitum það ósköp vel, að þó að við í stjórnarandstöðunni, sem erum í minni hl. í þ., komum með frv., þá ná þau yfirleitt ekki fram að ganga. Viðvíkjandi þessum málum hagar því einnig þannig til, að það er í raun og veru ríkisstj. ein, sem getur haft framkvæmd í þessu máli. Það þarf að athuga efnahagsástæður útgerðarfyrirtækja og einstakra manna, sem fást við sjávarútveg, og gera sér ljóst, hve mikil nauðsyn er á úrlausn í lánamálum. Að þeim upplýsingum fengnum, þarf að semja lagafrv. um það, hvernig þessu verður fyrir komið. Það er atriði, sem þarf að taka til rækilegrar athugunar, hvort á að stofna sérstakan sjóð til að annast þetta, eða setja þetta í samband við einhvern af þeim sjóðum, sem fyrir eru. Ég hygg, að ef stjórnarflokkarnir vilja samráð hafa við þann flokk, sem við flutningsmenn flytjum þetta frv. fyrir, að þá mun ekki standa á því af okkar hálfu. Það, sem við viljum sérstaklega gera með því að vekja eftirtekt á þessum málum, er að við erum að bjóðast til að vinna að þessu í samráði við stjórnarflokkana, ef þeir óska eftir því. Við lítum á, að þetta sé nauðsynjamál.

Við vitum ósköp vel um fjárskort þessara fyrirtækja undanfarin ár. Hann hefur verið mikill, og hann minnkar ekki nú, þegar búið er að breyta skráningu krónunnar, þannig að það þarf 50% fleiri krónur til að greiða fyrir sömu vöru, ef hún er flutt inn í landið. Ég veit ósköp vel, að ríkisstj. er þetta ljóst, og til þess benda einnig þær ráðstafanir, sem hún er nú að gera með því að auka útgerðarlánin, en ég held, að þó að útgerðarlánin séu aukin um eitthvað 40%, þá nægi það ekki til þess, að menn geti losað sig við þær skuldir, sem þegar hvíla á einstaklingum og fyrirtækjum, sem fást við þennan atvinnurekstur. Álit okkar er, að um leið og lánum þessum væri komið fyrir, þá fari fram athugun á því — það eru vafalaust einhver fyrirtæki, sem ekki er gerlegt að hjálpa, þau eru svo illa stödd, — en það fari fram athugun á því, hvaða fyrirtækjum er hægt að hjálpa, og þá yrðu vextir lækkaðir og lánstíma hagað þannig, að fyrirtækjunum væri gerlegt að reka þessa atvinnu áfram.

Það hefur vanalega verið viðkvæðið, þegar við höfum farið fram á meiri rekstrarlán, hvort það er heldur til sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, að fé væri ekki fyrir hendi. En nú, þegar allir gjaldeyrissjóðirnir eru upp eyddir, breytist viðhorfið svo skrítilega, að nú á að lána allmiklar fjárhæðir, sennilega 250 upp í 400 þús. kr. meira á bát en verið hefur. Það út af fyrir sig getur verið réttlátt að auka seðlaútgáfuna um leið og kr. er minnkuð að verðgildi, — getur verið eðlilegt, nauðsynlegt og réttlætanlegt, en einhver ráð hefðu átt að vera til að greiða fyrir atvinnuvegunum með rekstrarfé á undanförnum árum meðan gjaldeyrissjóðir voru til, ef það er gerlegt að fjölga kr. núna til útgerðarmanna, þannig að eitthvert viljaleysi hefur valdið því, hvernig að fyrirtækjum hefur verið búið hvað rekstrarfé snertir.

Við vitum ósköp vel, að sum frystihús eru alls ekki starfhæf nú. Ég get talið upp þau frystihús, og sum eru farin að hefja starf aftur, sem störfuðu ekki um tíma, önnur eru óstarfhæf ennþá. Það er búið að láta dálítið fé til þess að hjálpa frystihúsunum, en engan veginn fullnægjandi. Þar að auki gengur ákaflega seint að fá fyrirgreiðslu. Þetta er í athugun, en sú athugun má ekki standa of lengi, því að fólkið er orðið atvinnulast í þessum byggðarlögum. Ég get t. d. nefnt frystihúsið á Hofsósi. Það er ekkert unnið þar, það hefur enginn haft atvinnu við það í vetur. Það er ekki nóg að veita takmarkaðar fjár-

hæðir til hlutanna. Það þarf að framkvæma athugun á þessu, og það má ekki dragast of lengi.

Þessar lausaskuldir eru bæði í bönkum og við einstaklinga, sem sjávarútvegsfyrirtæki eru að fást við nú, og það þarf að safna skýrslum um þetta. Þegar þær liggja fyrir, er hægt að fara að vinna að því. Ég vissi, að fyrir áramótin vantaði mikið á, að allir útvegsmenn gætu staðið í skilum við hásetana, og þegar tekjur sjómanna eru litlar, eins og þær hafa verið síðastliðið ár, jafnvel 2 undanfarin ár, þá er óhagstætt fyrir sjómenn að fá ekki greitt á réttum tíma eða e. t. v. aldrei, en þetta þarf allt að athuga. Og þó að þessi úrlausn hafi fengizt núna, hækkaðar fjárhæðir í krónutölu, til útgerðarlána, þá er þetta engan veginn fullnægjandi til að rísa undir þeim lausaskuldum, sem þessi fyrirtæki skulda.

Ég hygg, að ennþá liggi ekki fyrir neinar ákveðnar skýrslur eða upplýsingar um það, hvernig afkoma sjávarútvegsins hafi verið síðastliðið ár. Ég hef fengið að sjá áætlun, sem gerð var í sambandi við þessa samninga, og umræður, sem fóru fram á milli flokkanna, en það náði ekki nema fram á mitt ár og þar voru meira og minna áætlaðar tölur. Ég hygg, að það sé engan veginn hægt að byggja endanlega á þeim. Sérstaklega mun hafa verið meiri bjartsýni viðvíkjandi síldveiðunum, heldur en ástæða reyndist til. Það er ágætt að gera svona skýrslur, en það er bara dálítið vafasamt að lofa þm. ekki að sjá þessar skýrslur. Við eigum að reyna að fylgjast með þessum málum eftir því, sem við getum, en þá þurfum við að fá þau gögn í hendur, sem fyrir hendi eru. Ég veit, að ríkisstj. hefur þetta í sínum höndum, en ég gat ekki fengið þessar skýrslur. Ég fékk að lesa hana og punktaði hjá mér helztu atriðin þessu viðvíkjandi, en það ætti hver einasti þm. að fá að sjá þetta. Þetta er ekkert leyndarmál. Og ef það væri leyndarmál, þá væri hægt að binda það þagnarskyldu. En ef við eigum að vinna að málum af einhverri þekkingu, þá verðum við að fá þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma, til þess að geta tekið skynsamlega afstöðu til mála. Samkvæmt þessu yfirliti var gert ráð fyrir, að tapið á bolfiskveiðum yrði 368 millj. Af því voru afskriftir, sem ekki var búið að draga frá, um 189 millj. Og þá hefði tapið átt að vera 179 millj., en svo eiga styrkir eftir að dragast frá því. Ég ætla ekki að þreyta ykkur á því að lesa upp hvern lið. Það var t. d. gert ráð fyrir 159 millj. kr. tapi af síldveiðum. Svo eru afskriftir af því 64 millj., þannig að tapið hefði átt að vera 95 millj., en svo á eftir að draga frá styrki. Ég efast ekki um, að tapið hafi verið meira en það. Það var gert ráð fyrir, að saltfiskurinn færi bezt út úr þessu, saltfiskverkunin kæmi út með mjög lítið tap, jafnvel frekar hagnað. Útkoman þar var lakari, heldur en gert var ráð fyrir. Fiskurinn léttist meira, og hann fór verr í flokkun heldur en gert var ráð fyrir. Heildartapið hjá sjávarútveginum var gert ráð fyrir, að yrði eitthvað ca. 1400 millj., afskriftir eitthvað um 600 millj. Svo kæmu styrkir, 300—400 millj. kr. skulum við segja, en þá er ekki ólíklegt, að skuldir útvegsins hefðu, þó að ekki sé reiknað með afskriftunum sem nýjum skuldum, — þá hefðu þær orðið 400—500 millj. Um þetta get ég ekkert fullyrt, því að ég hygg, að enginn hafi í höndunum ennþá nákvæmar skýrslur um þetta. En þetta er ekki ólíklegt, en af því er mér sagt, að hafi verið á annað hundrað millj. í ógreiddum, gjaldföllnum víxlum erlendis fyrir veiðarfæri, og það voru hér Japanir upp:, sem áttu að fara að ganga að fyrirtækjunum. Ríkisstj. mun hafa hlutazt til um að semja eitthvað um greiðslu á þessu, en það er dýrt að koma svona óreiðu og óorði á eitt þjóðfélag. Það verður farið að selja þeim vöruna dýrar á eftir, þannig að þetta er vandræðamál að geta ekki staðið í skilum með erlenda víxla, bæði fyrir fyrirtækin og þjóðina í heild. Mér þætti ekki ólíklegt, að skuldaaukningin hjá útveginum eða skuldir útvegsmanna og fyrirtækja hefðu aukizt um 400—500 millj. á s. l. ári, mér þætti það ekki ólíklegt, þannig að þið sjáið sjálfir, að þótt það væru látnar 100 millj. í hækkuðum útgerðarlánum, þá nægir það engan veginn til. Það þarf miklu meira. Þetta er ekki pólitískt mál, og það er ekki ástæða til að gera það allt of flokkslegt, og ég ætla ekki að halda neinar eldhúsdagsumr. yfir ríkisstj. í sambandi við þetta mál. Það á miklu betur við að gera það á öðrum vettvangi. En í þeirra liði veit ég, að er mjög mikill áhugi fyrir lausn á þessum málum. T. d. vildi ég lesa hér upp till., sem flutt var af þeirra eigin stuðningsmanni, sjálfstæðismanni í Keflavík, og hún hljóðar svo:

„Aðalfundur útvegsmanna Suðurnesja, haldinn í Keflavík 23. 11., beinir þeim eindregnu tilmælum til aðalfundar L. Í. Ú., að lausaskuldasöfnun sjávarútvegsins, sem átt hefur sér stað, sérstaklega á s. l. tveimur árum, verði tekin til sérstakra umr. og aðalfundurinn komi sér saman um ákveðnar till. til lausnar þessa geigvænlega vanda."

Þetta er ein af stærstu verstöðvum landsins. Ég veit, að sömu raddir hafa komið frá Vestmannaeyjum, og ég býst við, að þetta sé einróma álit þeirra manna, sem við þessi mál fást. Það hafa talað við mig ýmsir menn, sem eiga þjónustufyrirtæki sjávarútvegsins. Þeir segjast ekki fá greiddar skuldir, sem bátarnir séu í við þær. Vélsmiðjur og veiðarfæragerðir geta þess vegna ekki veitt þeim neina þjónustu framvegis, ef skuldir eru ekki greiddar. Þetta skapar óhemju örðugleika fyrir fyrirtækin, þannig að þau eiga mjög erfitt með að koma sínum bátum af stað, ef ekki er greitt út þessu. Ég álít, að það sé búið að dragast of lengi að vinna að þessum málum. Ég skal ekki fullyrða, hvort ríkisstj. er eitthvað farin að vinna í þessu núna, en við vildum fyrir hönd okkar flokks leggja áherzlu á, að eitthvað verði gert í þessum málum, því verði hraðað sem mest, og ég er sannfærður um, að ef stjórnarflokkarnir vilja hafa eitthvert samstarf við okkur um lausn þessara mála, þá erum við fúsir til þess.

Það er ekki úr vegi að minnast á það hér, að það hafa verið verkföll undanfarið hjá sjómönnum. Ég get gengið inn á, að útgerðarfyrirtækin hafa ekkert skaðazt á því. Þetta er sá tími, sem fiskveiðar gefa ekki mikið fyrir útgerðina. En sjómenn hafa tapað

kaupi sínu, og þjóðfélagið í heild hefur skaðazt á þessu verkfalli, þó að ekki hefði orðið mikill nettóarður hjá bátunum. Það urðu umr. út af þessum ráðstöfunum fyrir áramótin, ráðstöfunum vegna gengisbreytingarinnar og ráðstöfunum hvað sjávarútveginn snertir í því sambandi — og þá hafði ég framsögu hér fyrir minn flokk í því máli og þóttist tala af hógværð, og það var ekki af minni hálfu nein illkvittni í því eða óheilindi, að ég benti stjórnarflokkunum á, að ég teldi óviturlegt að setja þetta ákvæði um 17% inn í frv. Ekki af því, að ég héldi því fram, að bátaútveginum veitti ekki af þessu, heldur hitt, að ég var sannfærður um, að sjómennirnir mundu ekki þola það. Það mundu koma kröfur frá þeim, sem yrðu okkur ekki hagkvæmari og meira að segja óhagkvæmari, heldur en láta gömlu hlutaskiptin haldast, því að þau hafa aldrei verið ósanngjörn á fiskveiðunum. Hásetunum hefur aldrei veitt af sínu kaupi. Ég benti einnig á, að ef nauðsynlegt væri að lækka það við einhverja, þá væri það frekar, að yfirmennirnir gætu komizt af með minna. Og hlutaskiptin hafa verið óhagstæðari og að ýmsu leyti ósanngjarnari á síldarflotanum, sérstaklega gagnvart yfirmönnunum, heldur en á þorskveiðunum.

Nú er búið að semja við sjómennina, eftir að semja við yfirmennina, og ég hef það ekki í höndunum, hvernig þessir samningar hafa verið. En eftir því, sem mér skilst, eiga útvegsmenn að borga 85—100 kr. í fæði sjómanna á hverjum degi og auk þess á að stofna lífeyrissjóð. Ég býst við, að það verði eitthvað svipað og lífeyrissjóður togaramanna, að sjómenn leggja 4% og útvegsmenn 6%. Ég hef athugað lauslega, hvernig þetta mundi verka fyrir útgerðarmenn, og ég álít, að það sé miklu óhagkvæmara en ef þessi 17% hefðu fengið að vera í friði. Og ég held, að ríkisvaldið hafi sjaldan gert gagn með því að fara að blanda sér með löggjöf í kaupgjaldsmálin. Annaðhvort er að hafa þessi launamál frjáls og aðilarnir semji eða þá, að ríkisvaldið taki öll launamálin eins og kommar gera í sínum ríkjum, ákveði kaup allra stétta þjóðfélagsins. Það getur verið álitamál, hvort það á ekki að taka komma sér til fyrirmyndar í því. En að fara að taka einstaka liði út úr og hjá einstaka stéttum og ákveða það sérstaklega með lögum, en hafa hitt allt laust, það er hrein og bein vitleysa. Ég hef athugað, hvernig þetta mun virka. Í fyrsta lagi vil ég benda á, að kauptryggingin hefur verið miðuð við það, að mennirnir gætu lifað nokkurn veginn, þó að þeir hefðu ekki nema trygginguna. Það hefur verið lágmarkskrafa þeirra. Á togveiði- og línubátum hefur þetta yfirleitt látið nærri að vera trygging. Þá skipta þessi 17% engu máli. Á vertíðinni hefur verið talsverður hlutur yfirleitt hjá bátum, sem hefur fengið sæmilega og þá er það fyrst, sem þessi 17% koma til greina til þess að lækka hjá hásetunum. Ég hef slegið þessu upp fyrir bát, sem fiskar fyrir 2 millj., — það er svo misjafn afli hjá bátunum, að það er ómögulegt annað en taka eitthvert meðaltal, — á bát sem fiskar fyrir 2 millj. á vertíðinni, hefði kaup sjómanna lækkað eftir 17% ákvæðinu um 12 þús. kr. Og það álít ég, að sé eiginlega það eina, sem við unnum við þessi 17%, sem gerum út fiskibáta. Við getum haft 12 þús. kr. af hverjum háseta. Ef reiknað er með 10 hlutum, þá hefðu þetta orðið 144 þús. kr. yfir árið, af allri skipshöfninni, sem við hefðum snuðað hana um á fiskveiðum. Og það er alveg óþarfi að vera að því. En hvað verðum við að borga í staðinn? Við verðum að borga fæði í ca. 300 daga. Það gerir á hvern háseta ca. 25 þús. kr. Við verðum að borga 6% af kaupinu hans, sem ég reikna 9 þús. kr. Þá eru komnar 34500 kr., sem við verðum að borga, en ef við hefðum ekkert verið að hreyfa þessum 17%, hefði það orðið ca. 12 þús., þannig að bátaútvegurinn virðist snuðaður um 22 þús. á hvern háseta eða eftir aflamagni og hásetafjöldanum ca. 200—400 þús. kr. á bát. Það er ekki nóg að semja eitthvað uppi í Efnahagsstofnun af bóklærðum hagfræðingi, slá upp einhverjum tölum, sem eru óframkvæmanlegar. Menn verða að skilja sjómennina. Sjómannshjartað er gott og þeir vita, að okkur gengur illa. Ég hef kynnzt þeim í nokkuð mörg ár, og ég hef fundið, að þegar þeir vita, að illa veiðist, þá hef ég alltaf fundið til þess, hvað þeir fara varlega, þegar þeir biðja mig um peninga. En það má ekki svíkja þá og ekki fara aftan að þeim. Þeir reiðast og geta reiðzt illa. En það er ekki af því, að þeir séu að reikna þetta svo nákvæmlega út. Og þeir gerðu miklu meira úr þessu tjóni sínu, heldur en var, hvað fiskveiðarnar snerti, af því að þessi 17% skerðing náði ekki til þeira nema þá mánuði, sem þeir veiddu umfram tryggingu. En þeir gerðu verkfallið, og þeir settu fram sínar kröfur. Það hefur verið hjá þeim mánaðarvinnustöðvun, og við erum miklu verr staddir heldur en ef málinu hefði aldrei verið hreyft og engir hagfræðingar hefðu komið nálægt þessum samningum. Ég hef á margan hátt mætur á Jónasi Haralz sem gáfuðum og velviljuðum manni, en þarna skildi hann ekki sjómennina, og hann þekkti heldur ekki húsbændur sína, ríkisstj. Það áttu að vera bundnir samningar um þetta. Þeir þorðu ekki að framfylgja þeim. Það þarf kjark til að framkvæma vitleysu ekki síður en það, sem vit er í. Það var látið undan og samningar gefnir lausir. Það þýddi auðvitað, að þetta var gersamlega þýðingarlaust ákvæði. Og svo var haldið þannig á því, að hlutur bátaútvegsins er miklu verri en hann var áður.

Togaraútgerðarmennirnir eru búnir að búa við þessa hörmung að hafa þennan lífeyrissjóð í mörg ár, og þetta hefur verið einn allra þyngsti liðurinn fyrir þá og átt drjúgan þátt í, að togararnir hafa ekki getað borið sig. Það er ákaflega þægilegt að fara hér upp í ræðustól og halda þar fallega ræðu um, að gamla fólkið hafi allt of litlar tekjur og þeir, sem séu að byggja hús, fái allt of lítil lán. Það geta allir. En hver á að borga þetta? Hver er fær um að borga þetta? Eiga sjómennirnir að gera það? Eiga námsmennirnir að gera það? Útgerðarmennirnir hafa varla að éta. Bændurnir eða þeir, sem talað hafa fyrir þeirra hönd, hafa haldið því fram, að þeir

hafi verið rétt tekjulausir. Það er ákaflega skemmtilegt að segja: Gamla fólkið verður að fá miklu meira. Þeir, sem eru að byggja ný hús og koma sér upp heimilum þurfa miklu meiri lán. En það verður bara einhvers staðar að taka þessa peninga. Ég veit ekki betur en námsmennirnir verði að borga í tryggingagjöld ca. 5000 kr. á ári, sem foreldrar þeirra verða að borga fyrir þá, meðan þeir eru að læra og erfitt er um vinnu, a. m. k. s. l. sumar. Ég get ósköp vel unnað gömlu fólki að fá úr einhverjum lífeyrissjóði. En það verður bara einhvers staðar að taka þetta fé. Það er sjaldan talað um, að menn séu aflögufærir. Nú á að skella þessu á útgerðarmenn í viðbót við allt annað. Það mun reka að því eins og með launaskattinn og aðstöðugjaldið, sem hefur verið lagt á þá, þeir geta ekki borgað þetta. Það er nú undir hamrinum fjöldi af útgerðarfyrirtækjum og bátum, sem ekki hafa getað borgað þessa nýju skatta, sem núv. ríkisstj. hefur lagt á þá. Það er enginn af ráðh. í stólunum, — jú, forsrh. Og þetta liggur óborgað, þannig að það er ekki nóg að leggja á skatta. Það verður að vera hægt að borga þá. Og það verður þannig með þennan blessaðan lífeyrissjóð, sem verið er að koma á, að menn geta ekki borgað í hann. Ef þeir ekki borga í hann þessi 4%, sem haldið er eftir af kaupi sjómannanna, þá er það talinn þjófnaður og þeir eru dæmdir í tugthúsið, eins og okkar ágæta þjóðfélag gerði við einn af þeim mönnum, sem hafði átt mikinn þátt í að auka tækni á síldveiðum. Ég vissi ekki betur en menn væru dæmdir í fangelsi fyrir að hafa ekki staðið skil á greiðslum á opinberum gjöldum, sem þeir hafa átt að borga fyrir sjómennina. Ég efast um, að það hafi verið framkvæmt, því að það er lítil grimmd í réttarfari hér á landi, sem betur fer og e. t. v. of lítil í sumum tilvikum, en það getur endað með því, að allmargir útgerðarmenn verði tugthúsmenn fyrir þennan blessaðan lífeyrissjóð, ekki af því, að ég uni ekki sjómönnum þess að hafa lífeyrissjóð, en það verður bara að borga í hann. Og eru þeir færir um að láta þessi 4%, sem þeir taka af kaupinu sínu? Þeir segja mér, hásetar, sem ég þekki, að þeir hafi varla efni á að borða. Ég hygg, að það sé alveg rétt hjá þeim. Það er hægt að leggja á nýja skatta og semja ný lög, en það verður að vera einhver vegur til að standa undir því. Og allra óhagkvæmast er að búa til nýja skatta, þegar jafnmiklir erfiðleikar eru með atvinnuna og nú er. Það, sem við þurftum að gera og gera sameiginlegt átak í, var að ná greiðslujöfnuði við útlönd. Til þess urðum við að neita okkur um allt, sem við gátum neitað okkur um. Svo gátum við einhvern veginn komið okkur saman um, hvernig við skiptum þessu. Þetta var frumatriði, og hefði það verið gert, þyrftum við ekki að fella neitt gengi. Og hefði ríkisstj. stefnt að því ákveðna marki, hefðu margir í þjóðfélaginu viljað hjálpa henni til, sem ekki tilheyra hennar flokkum. Þetta er frumskilyrði, og á þann eina hátt getur gjaldeyririnn orðið öruggur. Við getum aldrei losnað við þá efnahagsörðugleika, sem við erum í, og rekstrarfjárskort, nema fólk geti treyst gengi krónunnar, geti treyst því, að þeir peningar, sem við trúum þjóðfélaginu fyrir, séu ekki gerðir verðlausir.

Ég efast ekkert um, að ríkisstj. vill vel, og ég hef aldrei efazt um hennar góða hjartalag. En það er bara þetta, þeir fara ekki rétta leið. Þeir fara ekki rétt að hlutunum. Og það var þannig með finnska stríðshetju, sem Sveinn hét. Hann hafði gott hjarta, en heilinn var bara ekki nógu góður. Það er þetta, sem er sameiginlegt með þeim ágæta manni og núv. ríkisstj. En ég vona nú, hvað sem því líður, að þó að gert hafi verið mikið axarskaft í lausn þessa máls og til óhagræðis fyrir bátaútveginn, — að fara að læða þessum 17% í frv. var alveg eins og að hella benzíni í glæður í ösku, það myndaðist eldur, sem hefur orðið okkur til óþurftar, sem útgerð rekum, — þá vona ég, að það verði unnið sameiginlega að því að leysa það vandamál, þennan hnút, sem nú er og hvílir á útgerðarfyrirtækjunum, að losa þau við þessar lausaskuldir, því að það er þannig, að það hefur verið hlífzt við að ganga að sumum bátunum. Bæði bankaskuldir og skuldir einstaklinga og þjónustufyrirtækja, það hefur verið hlífzt við því í von um, að lausn fengist á þessu máli.

Það er hægt að leysa þetta mál, ef vilji er fyrir hendi og skynsamlega er að því farið án þess að eyða nokkrum gjaldeyri fyrir þjóðina, því að við vitum það ósköp vel, að hann er ekki til. Þetta er hagræðing innan hins innlenda lánakerfis, sem ekki þarf að vera nein gjaldeyrissóun fyrir þjóðina, en veldur því, að hægt er að reka atvinnufyrirtækin á hagkvæmari hátt á eftir og verður þess vegna til hagnaðar fyrir þjóðfélagsheildina. Ég er ekki að tala um, að það verði gerð skuldaskil, þannig að það verði strikaðar út miklar fjárhæðir hjá mönnum. Það er heldur enga ákvörðun hægt að taka um það atriði, fyrr en fyrir liggja glöggar skýrslur eða yfirlit um, hvernig hagur þessara fyrirtækja er, en ég geri mér það ljóst, að það er ekki ólíklegt, að nokkur þeirra séu þannig stæð, að það sé e. t. v. ekki ástæða til þess að reka þau með óbreyttri stjórn áfram. Ég get vel búizt við því, að það þurfi annað hvort að fella niður skuldir eða fá aðra stjórn á þeim. Og það er ekkert óeðlilegt, að það sé þannig í öllum atvinnustéttum í okkar þjóðfélagi.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Húsnæðismál.

Á deildafundum 18. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um húsnæðismál [67. mál] (A. 86).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 19. og 24. fundi í Sþ., 4., 11. og 18. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt tveimur öðrum hv. þm. till. til þál. um húsnæðismál. Efni till. er, að skorað er á hæstv. ríkisstj. að láta gildandi ákvæði laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins um byggingar hagkvæmra, staðlaðra íbúða, sem láglaunafólk í verkalýðsfélögunum hafi forkaupsrétt að með sérstökum lánskjörum, koma til framkvæmda hvarvetna utan höfuðborgarinnar, þar sem brýn þörf er aukinna íbúðabygginga og tryggt er, að þeim skilyrðum, sem lögin setja, verði fullnægt.

Till. til þál. efnislega eins og þá, sem hér er flutt, flutti ég hér á hv. Alþ. á s. l. ári, þ. e. a. s. ekki á s. l. þingi, en hún varð þá ekki útrædd, en á síðasta þingi taldi ég mál horfa svo, að líkindi væru til, að látið yrði að margítrekuðum óskum og kröfum verkalýðsfélaganna, sveitarfélaganna og Alþýðusambands Íslands, enda hafði þá félmrn. skipað svokallaðar framkvæmdanefndir byggingaáætlana í nokkrum kaupstöðum, falið þeim í fyrsta áfanga að kanna byggingaþörf á viðkomandi stöðum og gera áætlanir um framkvæmdir. Taldi ég því ekki efni standa til að taka málið upp að nýju, þar sem telja varð, að með þessum ákvörðunum rn. væri í raun gefið sterkt vilyrði fyrir framkvæmdum.

Nú er hins vegar alllangt um liðið síðan framkvæmdanefndirnar luku athugunum sínum, a. m. k. nokkrar þeirra, en ekkert bólar heldur á því, að nokkurt fjármagn fáist til framkvæmda, eins og vænzt var. Höfum við flm. því talið nauðsynlegt að kanna vilja hv. Alþ. í þessu máli með flutningi þessarar till.

Forsaga þessa máls er í aðalatriðum rakin í grg. með till. og er auk þess svo kunn utan þings sem innan, að ég tel ekki þörf á að rekja hana hér að þessu sinni, en minni aðeins á hin skýlausu loforð frá 1965 til verkalýðsfélaganna í Reykjavík um byggingar 1250 íbúða á 5 árum með tilteknum lánskjörum til handa þeim, sem framkvæmdanna áttu að njóta. Í annan stað minni ég á lagabreytingu, sem í kjölfarið fylgdi og staðfesti, að hin nýju og hagstæðu lánakjör yrðu ekki Reykvíkingum einum til hagsbóta, heldur láglaunafólki um land allt, þar sem þarfir þess væru sambærilegar, enda raunar um svo sjálfsagt réttlætismál að ræða, að ekki gat verið umdeilt.

Það verður ekki annað sagt, að í reynd og framkvæmd hafi hin gefnu loforð og þau sterku vilyrði, sem í löggjöfinni fólust gagnvart láglaunafólki úti um land, orðið mjög á annan veg en vonir stóðu til og að mjög þurfi að færa mál þessi til betri vegar, ef viðunandi eiga að vera og að sumu leyti ekki beinlínis til tjóns fyrir eðlilega og æskilega byggingastarfsemi í landinu.

Er þar fyrst til að taka, að loforðin frá 1965 hafa í framkvæmdinni orðið fyrir allmiklu hnjaski, að sumu leyti vafalaust af afsakanlegum ástæðum, en að öðru leyti af orsökum, sem skyldari hljóta að teljast brigðum en efndum. Framkvæmdir hér í Reykjavík við hinar 1250 íbúðir hafa gengið miklu hægar en lofað var og verður sýnilega ekki lokið á tilsettum tíma. Verður af því mikið óhagræði og beint fjárhagstjón fyrir þá, sem vænzt geta úrlausnar sinna húsnæðisþarfa í sambandi við þær. Reykjavíkurborg hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem voru að taka á sig 1/5 hluta framkvæmdakostnaðar. Er Reykjavíkurborg því raunverulega skuldug við Breiðholtsframkvæmdirnar um marga milljónatugi, hefur aðeins lagt fram um 13 millj. kr. af heildarkostnaði, sem er orðinn um 330 millj. eða var það í október s. l. samkvæmt upplýsingum hæstv. félmrh., sem hann gaf hér á hv. Alþ. 23. okt. s. l. Engin sérstök fjáröflun hefur farið fram vegna Breiðholtsframkvæmdanna, svo sem flestir munu hafa vænzt og raunar hlaut að vera óhjákvæmilegt, að öðru en því, að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur lánað til þeirra 30 millj. kr. á árinu 1967 og sömu upphæð á árinu 1968. Afleiðing þessa hefur svo orðið sú, að Breiðholtsframkvæmdirnar hafa hvílt með óbærilegum þunga á starfsemi Húsnæðismálastofnunarinnar, sem hafði til okt. s. l. lagt fram til þeirra 243 millj. kr. af 331 millj., sem heildarkostnaðurinn þá nam. En aðeins 94½ millj. af þeirri upphæð eru hin venjubundnu lán stofnunarinnar til íbúðakaupenda. Nærri því 150 millj. kr. eða fast að helmingi heildarkostnaðarins er því raunverulega skuld við Byggingasjóð ríkisins, sem svo kemur fram sem illþolanlegur baggi á starfsemi hins almenna veðlánakerfis og torveldar, að það geti svarað lánaþörf húsbyggjenda með fullnægjandi hætti. Mun það láta nærri, eftir því, sem mér sýnist, að ef skuldasöfnun Breiðholtsframkvæmdanna við byggingasjóð verður við lok þeirra hlutfallsleg við það, sem hún er nú, þýði hún lánasamdrátt í veðlánakerfinu, sem nemur lánum til svipaðs íbúðafjölda og byggður verður í Breiðholti á vegum framkvæmdanefndarinnar, þegar þær eru fullgerðar, þannig að niðurstaðan verður því sú, að það verða alls ekki byggðar fleiri íbúðir í landinu þrátt fyrir þessa framkvæmd. Það er þó e. t. v. ekki svo mjög um það að fást, þó að Breiðholtsframkvæmdirnar dragi nokkuð úr öðrum byggingaframkvæmdum í Reykjavík, þó að það hafi tæpast verið ætlun þeirra, sem að samkomulaginu um þær stóðu 1965, enda er ávinningurinn samt augljós, þ. e. a. s. lækkaður byggingarkostnaður vegna stöðlunar og hagstæð áhrif þeirrar lækkunar á íbúðamarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu og svo að sjálfsögðu hin tiltölulega hagstæðu lánskjör, sem gert hafa og væntanlega halda áfram að gera nokkrum hluta launafólks unnt að skapa sér viðunandi hús-

næði, sem hefði tæpast átt þess kost með öðrum hætti.

Hitt er sýnu lakara og ámælisverðara, að svo skuli að þessu máli öllu hafa verið staðið, að óviðunandi mismunun veldur milli íbúa höfuðborgarinnar og þeirra, sem byggja kaupstaði og kauptún úti á landi. Er þar ekki einasta, að skuldasöfnun við byggingasjóð veldur beinum samdrætti í íbúðabyggingum víðs vegar um land, heldur einnig hitt, að láglaunafólki utan höfuðborgarsvæðisins er meinað að njóta þeirra hagsbóta, sem hin nýja skipan lánamála í sambandi við Breiðholtsframkvæmdirnar veitir. Því að eins og ég áður sagði, hefur enn ekkert fé verið veitt eða þess aflað til hliðstæðra framkvæmda annars staðar þrátt fyrir brýnar þarfir og tryggingar fyrir uppfyllingu allra skilyrða, sem fullnægja ber samkvæmt lögunum. Er þessi mismunun enn berari, þegar þess er gætt, að fjár til framkvæmdanna er, eins og nú er háttað, að svo til öllu leyti aflað að hlutfallslega jöfnu um land allt, þ. e. a. s. með launaskatti, sem hvílir jafnt á atvinnurekstri hvar sem er í landinu og skyldusparnaði og iðgjöldum til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Með framkvæmdinni, eins og hún er og hefur verið, er því raunverulega verið að draga í verulegum mæli fé úr hinum dreifðu byggðum og frá fjárvana byggðarlögum til höfuðborgarsvæðisins. Og það er að mínu viti ekki góð byggðastefna. Enginn skilji þó þessi orð mín svo, að ég eða við flm. þessarar þáltill. sjáum ofsjónum yfir framkvæmdunum í Breiðholti. Þeirra var vissulega brýn þörf, og í alla staði var það eðlilegt og sjálfsagt, að slík tilraun og byrjun til skipulegs átaks í húsnæðismálum láglaunafólks væri hafin hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem húsnæðisskortur og húsnæðisokur hafa á undanförnum árum sorfið einna sárast að. En á hinn bóginn verður ekki séð, að með nokkru móti verði réttlætt, að til langframa gildi ekki hinn sami réttur í þessum efnum hvar sem er í landinu, enda er nú svo komið, að þarfir verða að teljast jafnbrýnar á íbúðabyggingum a. m. k. allvíða utan höfuðborgarsvæðisins eins og þar. Það er því skýlaust réttlætis- og nauðsynjamál, að heimildarlög um byggingar staðlaðra íbúða með hinum sérstöku lánskjörum til láglaunafólks verði þegar látin koma til framkvæmda með því að útvega fjármagn til þeirra framkvæmdanefnda byggingaráætlunar, sem myndaðar hafa verið og lagt hafa fram sannanir fyrir byggingaþörf á viðkomandi stöðum og uppfyllt verða öll lögbundin skilyrði til annarra, sem það kunna að gera. En þetta verður ekki gert með því einu að halda áfram að þrengja að útlánastarfsemi Húsnæðismálastofnunarinnar á vegum hins almenna veðlánakerfis, eins og gert hefur verið. Þvert á móti þarf að vinna að því að afla sérstaks fjármagns til byggingaáætlananna, helzt svo að unnt væri að greiða skuldir Breiðholtsframkvæmdanna við Byggingasjóð ríkisins hið fyrsta og örva þannig hina almennu byggingastarfsemi, sem nú er að komast í algeran öldudal vegna fjármagnsskorts og stórfelldra hækkana á öllum byggingakostnaði í kjölfar tveggja gengisfellinga. Það er vafalaus þjóðhagsleg nauðsyn að halda byggingastarfsemi sem jafnastri frá ári til árs, en ástandið er þannig nú, að annars vegar blasa við hundruð ef ekki þúsundir af hálfgerðum íbúðum, sem húsbyggjendur ráða ekki við að halda áfram framkvæmdum við vegna vanmáttar lánakerfisins, og stórfelldur samdráttur í byggingarframkvæmdum við byggingar. Á hinu leitinu blasir m. a. við, sem bein afleiðing, stórfellt atvinnuleysi byggingariðnaðarmanna um allt land. Ef hér á ekki að stefna í algert óefni, verður að taka mannalega á vandanum og gera fullnægjandi ráðstafanir, til að byggingariðnaðurinn, svo mikilvægur sem hann hlýtur ávallt að vera og verða í okkar atvinnulífi, geti starfað jafnt og eðlilega.

Nú, þegar byggingarkostnaður hefur vaxið svo gífurlega, sem raun ber vitni, en kjör almennings og framkvæmdageta skerzt samtímis, er vafalaust, að bætt lánskjör til bygginga og aukin lánastarfsemi eru grundvallaratriði, ef á að vera unnt að bægja frá atvinnuleysi í þessari starfsgrein og forða þeim háska að þjappa saman byggingarþörf þjóðarinnar, sem síðar leiðir svo til þess, að þessi þörf brýzt fram með margvíslegum skaðlegum afleiðingum fyrir allt efnahagskerfi þjóðarinnar. Í þeim efnum höfum við ærið dýrkeypta reynslu, sem ætti að verða okkur að kenningu.

Að öðru leyti læt ég svo nægja, herra forseti, að vísa til grg. okkar flm. með till. og vænti þess, að hv. Alþ. láti með samþykkt hennar í ljós ótvíræðan vilja sinn um það jafnréttis- og nauðsynjamál, sem hér er flutt. Ég legg svo til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 19. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Afstaða Íslands til Atlantshafsbandalagsins.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins [75. mál] (A. 94).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. og 19. fundi í Sþ., 4. og 11. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Á næsta ári eru liðnir tveir áratugir síðan stofnað var til Atlantshafsbandalagsins, en í sáttmálanum um það bandalag var ákveðið, að aðildarríki skyldu bundin um 20 ára skeið. Þegar því tímabili væri lokið, gæti hvert ríki, sem þess óskaði, sagt sig úr bandalaginu með eins árs fyrirvara. Þessi frestur er liðinn 24. ágúst á næsta ári, og þá liggur fyrir Íslendingum að ákveða, hvort þeir ætla að halda áfram aðild að bandalaginu eða ekki.

Ég hef ekki séð neinn viðbúnað til þess af hálfu hæstv. ríkisstj., að þetta mál verði lagt fyrir Alþ. á málefnalegan hátt. Ég hef að vísu séð yfirlýsingar frá hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., þar sem þeir lýsa þeirri skoðun sinni, að þeir telji, að Ísland eigi að halda áfram aðild að bandalaginu, en sú ákvörðun hefur ekki verið borin undir Alþ. Að vísu mun aðild okkar halda áfram, ef við segjum henni ekki upp, en engu að síður tel ég, að hér sé um þau tímamót að ræða, að gera eigi ráðstafanir til þess, að Alþ. fjalli um þennan vanda á málefnalegan og raunsæjan hátt og taki síðan ákvarðanir um framtíðarstefnuna.

Till. sú, sem ég flyt hér ásamt hv. 5. þm. Reykn., fjallar einvörðungu um vinnubrögð í þessu sambandi. Þar er lagt til, að utanrmn. verði falið að semja rækilega grg. um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins í tilefni af þessum tímamótum, sem ég var að greina frá áðan. Í þeirri grg., sem n. semji, skuli fjallað um þau vandamál, sem tengd eru aðild Íslands að bandalaginu og um breytingar á alþjóðamálum á þeim 20 árum, sem liðin eru síðan bandalagið var stofnað, og um viðhorfin, eins og þau eru nú. Enn fremur er lagt til, að þar verði raktar þær hugmyndir, sem uppi eru í Evrópu og rætt hefur verið um í vaxandi mæli á undanförnum árum, að stofnað verði öryggisbandalag Evrópuríkja, sem leysi af hólmi bæði Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið.

Í till. er lagt til, að utanrmn. vinni að þessu verkefni þannig, að hún geti lagt þessa grg. fyrir Alþ., þegar það kemur saman að loknu jólaleyfi, en síðan verði almennar umr. í sambandi við þessa grg. og endanlegar ákvarðanir teknar. Hér er sem sé einvörðungu flutt till. um vinnubrögð. Í till. felst ekkert annað, og mér virðist, að alþm. ættu að geta fallizt á þessi vinnubrögð, hvaða skoðanir, sem þeir kunna að hafa á því málefni, sem þarna er rætt um.

Það hafa verið allt of mikil brögð að því á Alþ. Íslendinga um langt skeið, að ekki hefur verið fjallað um utanríkismál á jafngaumgæfilegan hátt og síður er að fjalla um önnur vandamál, sem lögð eru fyrir Alþ. Umr. um utanríkismál hafa oftsinnis snúizt upp í skammarræður og aðdróttanir og gagnkvæmar hreytingar í stað þess, að reynt sé að fara ofan í vandamálin á raunsæjan hátt og fjalla um þau gaumgæfilega. Mér hefur virzt vera vilji fyrir því á seinustu árum að breyta þessum vinnubrögðum. Það gerðist t. d. í fyrra, að hæstv. utanrrh. flutti í fyrsta sinn skýrslu um utanríkismál. Hún var að vísu flutt í lok þings, þannig að lítið ráðrúm var til þess að ræða hana, sama og ekkert raunar, en engu að síður var þarna um ótvíræða framför í vinnubrögðum að ræða. Ég vænti þess, að það sé vilji hæstv. ráðh. og annarra, að haldið verði áfram á þessari braut. Utanrmn. höfum við einmitt til þess að vinna verk eins og þessi, og ég teldi mjög eðlilegt, að n. tæki að sér þetta verkefni og ynni að því að safna þeim margvíslegu gögnum, sem nauðsynleg eru, til þess að þm. geti áttað sig á vandamálinu á málefnalegri hátt en oft tíðkast í umr. um það.

Það er sérstaklega eitt atriði í sambandi við þetta, sem ástæða er til að hugleiða mjög vandlega. Því var lýst yfir, þegar Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, að það væri alger fyrirvari af okkar hálfu, að ekki yrði hér erlendur her eða erlendar herstöðvar á friðartímum. Þessi yfirlýsing var studd hliðstæðri yfirlýsingu frá þáverandi utanrrh. Bandaríkjanna. Engu að síður gerðust þau tíðindi tveimur árum síðar, að hingað kom erlendur her, sem enn situr í landinu. Ráðamenn hafa margsinnis lýst yfir því að undanförnu, að þeir líti á þetta sem tvö óskyld mál. Það sé ekki neitt órofa samhengi þarna á milli. Engu að síður óttast ég, að svo sé. Ég óttast mjög, að okkur muni ekki takast að losna við hinn erlenda her úr landinu, meðan við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu. Ég vil minna á, að í samningnum um hernámið er vísað sérstaklega til Atlantshafsbandalagssamningsins og sagt, að önnur aðildarríki bandalagsins telji það hættulegt öryggi sínu, að eitthvert landssvæði innan bandalagsins sé óvarið. Mig grunar mjög, að jafnvel þótt ríkisstj. Íslands og Alþ. kynnu að hafa hug á því að losna við hinn bandaríska her úr landi, en vera áfram í Atlantshafsbandalaginu, þá mundi bandalagið þrýsta á eftir þeim leiðum, sem það hefur og leggja áherzlu á, að við yrðum að heimila Bandaríkjaher áfram vist í landinu. Og ég tel, að utanrmn. ætti að skoða þetta vandamál gaumgæfilega og leggja fyrir Alþ., hvernig þessum málum kann að vera háttað.

Annað atriði, sem vert er að gefa sérstakan gaum, eru þær breytingar, sem orðið hafa á alþjóðamálum á undanförnum 20 árum. Þær breytingar eru ákaflega veigamiklar. Ég held, að það dyljist engum manni, að hernaðarbandalögin tvö, Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið, hafa allt aðra afstöðu hvort til annars en þau höfðu í öndverðu. Þessi bandalög eru greinilega orðin tæki risaveldanna, annars vegar Bandaríkjanna og hins vegar Sovétríkjanna, til þess að þau geti haft þau áhrif, sem þeim duga á áhrifasvæðum sínum. Á sama tíma hefur það gerzt, að á milli þessara risavelda hefur tekizt ýmiss konar samkomulag, bæði leynt og ljóst. Þær forsendur, sem menn ímynduðu sér, að þeir væru að fallast á, þegar við gengum í Atlants-

hafsbandalagið á sínum tíma, eru allt aðrar núna. Og þess vegna tel ég, að það sé óhjákvæmilegt að kanna, hvort þær nýju aðstæður, sem nú blasa við, eru sömu röksemdirnar fyrir því, að við eigum að halda áfram aðild okkar að þessu bandalagi.

Í Evrópu eru sterkir straumar, sem ganga í gagnstæða átt, og þar eru um að ræða strauma, sem ekki eru endilega bundnir við aðgreiningu manna eftir hinum klassísku pólitísku línum, hægri og vinstri. Gegn þess ofurvaldi tveggja stórvelda rísa aðilar eins og De Gaulle Frakklandsforseti. Hugmyndin um sérstakan öryggissáttmála Evrópu, sem leysi af hólmi Atlantshafsbandalag og Varsjárbandalag, var upphaflega komin frá Eden, sem þá var forystumaður Bretaveldis. Ég hygg, að þessum hugmyndum um vaxandi sjálfstæði Evrópuríkja gegn stórveldunum og bandalögum þeirra muni vaxa mjög fiskur um hrygg á næstunni. Þess vegna tel ég, að það sé skylda okkar að glöggva okkur sem bezt á þessum aðstæðum einnig.

Störfum er þannig háttað í Sþ., að mál tefjast mjög frá því, að þau eru lögð fram og þar til þau eru tekin til umr. Ég gerði mér vonir um, að þessi till. til þál. gæti fengið formlega og endanlega afgreiðslu fyrir jólaleyfið. En nú er ljóst, að það getur ekki orðið. Samkvæmt þingsköpum mun eiga að fresta þessari umr. og vísa till. til n. Hins vegar vil ég beina því til utanrmn. og til hv. utanrrh., hvort ekki er hægt að fallast á þessi vinnubrögð, sem gerð er till. um af okkur flm., þótt ekki liggi fyrir nein formleg ákvörðun Alþ. um það. Hér er einvörðungu um að ræða vinnubrögð, eins og ég sagði áðan. Í því sambandi vil ég minna á, að á síðasta þingi fluttum við nokkrir þm. þál. till., þar sem þess var farið á leit við hæstv. utanrrh., að hann flytti Alþ. skýrslu um utanríkismál. Sú till. kom aldrei til afgreiðslu, en engu að síður flutti hæstv. ráðh. þessa skýrslu. Ef hæstv. ríkisstj. og utanrmn. sýnist, að það væru rétt vinnubrögð að hefja málatilbúnað, til þess að unnt væri að fjalla um þetta mál á málefnalegan hátt, þá teldi ég, að n. gæti sem hæglegast hafið þau störf nú. Ég vil sem sagt beina þeirri ósk mjög eindregið til n. og ráðh. að á slík vinnubrögð verði fallizt. En samkvæmt þingsköpum legg ég til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Efni þessarar þál. till. er, að þar er lagt til, að umr. og ákvarðanir um uppsögn Atlantshafssamningsins af okkar hálfu verði undirbúnar með því, að utanrmn. verði falið að safna gögnum og gera grein fyrir meginröksemdum í þessu máli, svo að umr. geti orðið sem raunsæjastar og málefnalegastar, eins og segir í grg. fyrir till. Vænta flm. þess, að um þá málsmeðferð þurfi ekki að verða ágreiningur, eins og kom fram í ræðu hv. fyrri flm.

Út af fyrir sig er það sjálfsagt góðra gjalda vert, að till. eins og þessi sé flutt og málið rætt. En afstaða Íslands til Atlantshafsbandalagsins hefur verið og er lýðum ljós. Yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar styður aðild Íslands að bandalaginu. Hafi nokkur breyting orðið þar á að undanförnu, þá er hún helzt sú, að nokkrir, sem áður voru á móti, hafa látið sannfærast og eru nú með aðild okkar að NATO.

Öll utanríkispólitík okkar Íslendinga byggist á fjórum hornsteinum. Í fyrsta lagi viljum við fara með friði og eiga vinsamleg samskipti við allar þjóðir heims, enda virði þær sjálfstæði okkar og fullveldi. Af þessum ástæðum tökum við virkan þátt í Sameinuðu þjóðunum. Í annan stað viljum við hafa sem nánast samstarf við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, og þess vegna treystum við böndin við þær þjóðir, m. a. með þátttöku í Norðurlandaráði og norrænni samvinnu á fjölmörgum sviðum, ekki hvað sízt í menningar- og félagsmálum. Í þriðja lagi lærðist okkur það í síðari heimsstyrjöldinni, að okkur var ekki stoð í hlutleysi, og það kom fljótlega í ljós eftir styrjöldina, að Sameinuðu þjóðirnar voru engan veginn færar um að tryggja frið og öryggi í heiminum. Vegna þess gengum við í varnarbandalag vestrænna þjóða og gerðumst stofnaðilar að NATO vorið 1949. Síðan hefur öryggis- og varnarmálum okkar verið borgið. Fjórði meginþátturinn í utanríkisstefnu okkar lýtur loks að efnahagsmálum. Við tökum þátt í margvíslegu alþjóðasamstarfi til þess að tryggja rétt okkar á ýmsum sviðum og til þess að afla útflutningsvörum okkar markaðs erlendis.

Innganga okkar í Atlantshafsbandalagið var þýðingarmikil ákvörðun í hæsta máta á sínum tíma, enda umdeild. En sú ákvörðun var tekin að vandlega athuguðu máli og eftir miklar umr., bæði hér á Alþ. og öðrum opinberum vettvangi. Einn liðurinn í þessari athugun voru viðræður við bandarískra ráðamenn, sem við áttum í Washington. Þrír ráðh. úr ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar, hæstv. núv. forsrh., Bjarni Benediktsson, hv. þm. Eysteinn Jónsson og ég tókum þátt í þessum viðræðum. Að lokinni þeirri ferð vestur gáfum við Alþ. skýrslu, sem er að finna í þingtíðindum. Umr. urðu einnig allmiklar hér á Alþ. á árinu 1951, þegar varnarsamningurinn var gerður við Bandaríkin og eins á árinu 1956, þegar samþykkt var að athuga um endurskoðun þess samnings. Þessa umr. snerust þó fyrst og fremst um dvöl bandarísks herliðs hér á landi, en ekki um aðild okkar að NATO, og skal þess vegna ekki farið frekar út í þá sálma nú og hér.

Í ályktun Alþ. um stefnu Íslands í utanríkismálum og meðferð varnarsamningsins frá 28. marz 1956 er beinlínis gengið út frá því, að öryggismál okkar séu tryggð með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þó að í þeirri till. hafi einnig verið lagt til, að herlið Bandaríkjanna yrði látið fara úr landi.

Allt liggur þetta ljóst fyrir og er skjalfest opinberlega. Við þremenningarnir, sem fórum til Washington 1949 til þess að afla upplýsinga um Atlantshafssamninginn og möguleika Íslands til að taka þátt í honum, sitjum enn allir hér á þingi, sem og allmargir aðrir þm., sem stóðu að aðild Íslands

að NATO. Þessi mál öll eru okkur í fersku minni, en yngri þm. er í lófa lagið að kynna sér alla málavexti í opinberum skjölum.

Andstæðingunum, sem alltaf horfa á þessi mál úr austurátt og virðist vera sama, á hverju gengur í heiminum, hafa iðulega flutt till. á undanförnum árum um úrsögn Íslendinga úr varnarsamstarfi Vesturlanda, og hafa þá spunnizt umr. um þessi mál hér á Alþ., en stefnan hefur eigi að síður verið óbreytt.

Í þessari till., sem nú liggur fyrir, er talað um breytingar á alþjóðamálum á undanförnum 20 árum, og ennfremur um eitthvað, sem leysa eigi af hólmi bæði Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið, þótt þar sé raunar ólíku saman að jafna. Rétt er það, að breytingar hafa orðið á undanförnum tveimur áratugum. En mikilvægasta breytingin er sú, að á þessu tímabili hefur friður haldizt í Evrópu og til engra átaka komið, sem er mjög mikil breyting frá því, sem áður var. Og öryggi Vesturlanda hefur verið tryggt frá stofnun NATO 1949. Þetta er aðalbreytingin frá því, sem áður var. Fáum dettur í hug að leysa upp bandalag, sem gegnt hefur hlutverki sínu eins vel og raun ber vitni. NATO heldur því áfram, enda er gildistími þess ótakmarkaður, eða gildistíma samningsins eru ekki takmörk sett.

Aftur á móti get ég skilið, að flm. till. vilji fá eitthvað til þess að leysa Varsjárbandalagið af hólmi. Það bandalag hefur ekki reynzt aðildarríkjum sínum eins vel og Norður-Atlantshafsbandalagið. Þar hafa nú fimm aðildarríki bandalagsins farið með ófriði og herafla gegn einu af aðildarríkjum þess og kúgað það til þess að breyta um stefnu í innanlandsmálum, þvert ofan í vilja svo að segja allrar þjóðarinnar, sem á var ráðizt. Það er því ólíku saman að jafna um Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið og ekki að furða, þó að lagt sé til, að það verði lagt niður, en um það höfum við Íslendingar sjálfsagt ekki mikið að segja.

Stefnan í þessum málum hér á landi hefur verið óbreytt, enda hefur aðild að Atlantshafsbandalaginu reynzt okkur Íslendingum heillarík. Stuðningur þjóðarinnar við þessa stefnu hefur líka ótvírætt komið í ljós í hvert sinn, sem gengið hefur verið til alþingiskosninga á þessum 20 árum, því að þeir þrír flokkar, sem stóðu að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu í upphafi, hafa jafnan fengið yfir 80% atkvæða í 7 alþingiskosningum frá árinu 1949. Þetta vita flm. þessarar till. mætavel, því að það verður að teljast fullkomin tjáning og fullkomið leiðarljós um vilja þjóðarinnar í þessu efni, að aðildarflokkarnir að þátttöku Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafa fengið svo yfirgnæfandi meiri hl. atkvæða allra kjósenda á landinu á þessu tímabili. En andstæðingar aðildar okkar hafa aldrei náð 20% af atkv. landsmanna, jafnvel ekki, þó að allt sé til tínt, eins og Þjóðvörn, og I-listi og allt, sem þar hefur fylgt með. Raunar eru enn á ný kannske áhöld um það, hvar á að telja I-listafólkið eftir nýlega gefna yfirlýsingu hv. 9. þm. Reykv. En yfir 80% atkvæða virðast örugglega með aðild að Atlantshafsbandalaginu allt frá upphafi, og þegar litið er á tímabilið í heild, hefur hlutfallstala þeirra, sem eru mótfallnir aðild að NATO, farið lækkandi. Enda er engin furða, þó að þróunin hafi verið þessi, þar sem atburðirnir úr í Evrópu síðustu mánuðina sanna, svo að ekki verður um villzt, að Atlantshafsbandalagið er engu síður mikilvægt nú en fyrir 20 árum, og er þó bandalagið einkum og sér í lagi nauðsynlegt smáþjóðum, sem hafa alls ekki bolmagn til að verjast upp á eigin spýtur vopnaðri innrás. Ríkisstj. Íslands hefur þess vegna ekki uppi nein áform um að breyta til í þessu máli, og sama gegnir um aðrar NATO-þjóðir, eins og skýrt kom fram á nýafstöðnum ráðherrafundi bandalagsins fyrir tveimur mánuðum í Brüssel. Allt ber þetta því að sama brunni.

Ég tel ástæðulaust að samykkja till. þá til þál., sem hér liggur fyrir á þskj. 94. Allar heimildir um þróun þessara mála á undanförnum tveim áratugum eru öllum hv. alþm. nærtækar. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á afstöðu okkar til Atlantshafssamningsins. Ég skal þó fyrir mitt leyti ekki hafa á móti því, ef hv. alþm. sýnist svo, að till. verði vísað til n. En á hinn bóginn skal ég taka fram, út af orðum hv. flm., að hér verður gefið yfirlit um utanríkismál áður en langt um líður, eins og ég hef áður lýst yfir. Ég vænti þess, að það geti orðið fljótlega eftir, að þingið kemur aftur saman, og getum við þá fengið tækifæri til að ræða þetta mál, eins og önnur utanríkismál, sem nærri liggur að tala um.

Umr. frestað.

Á 28., 29. og 33. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Stundum minna umr. okkar á þingi á frásagnir, sem maður hefur lesið úr þursabyggðum. Þar er sagt, að viðræður fari þannig fram, að stundum sé ekki svarað fyrr en eftir ár og jafnvel aldir. Þessi litla till., sem einvörðungu fjallar um vinnubrögð, var lögð fyrir snemma á þessu þingi, en vegna þess hve fsp. taka mikinn tíma í Sþ., komst hún ekki á dagskrá. Hún var tekin á dagskrá örstuttan tíma rétt fyrir jól fyrir sérstaka vinsemd þingforseta, en þegar umr. voru rétt að komast af stað, varð að fresta þeirri umr. enn. M. a. flutti hæstv. utanrrh. þá ræðu, og nú er sem sagt til þess ætlazt, að ég fari að svara henni hér. Þessi vinnubrögð eru þeim mun fráleitari, sem till. fól einvörðungu í sér hugmynd um eðlilega starfshætti Alþ. Ég vil leyfa mér að lesa hana fyrir hv. alþm., með leyfi hæstv. forseta. Tillagan var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela utanrmn. að semja rækilega greinargerð um afstöðu Íslands til

Atlantshafsbandalagsins í tilefni þess, að 1969 getur hvert aðildarríki bandalagsins sagt sig úr því með eins árs fyrirvara. Í greinargerðinni skal rætt um þau vandamál, sem tengd eru aðild Íslands að bandalagi þessu, breytingar á alþjóðamálum á þeim 20 árum, sem bandalagið hefur starfað og viðhorfin nú. Enn fremur verði þar raktar hugmyndirnar um öryggisbandalag Evrópu, sem leysi Atlantshafsbandalagið og Varsjárbandalagið af hólmi. Greinargerð þessi skal lögð fyrir Alþingi, er það hefur störf í ársbyrjun 1969, en að loknum umræðum um hana verði teknar ákvarðanir um afstöðu Íslands til Atlantshafsbandalagsins."

Hér er sem sagt einvörðungu lagt til, að þetta mál, — afstaðan til Atlantshafsbandalagsins, sem kemst óhjákvæmilega á dagskrá vegna þess að nú líður að því, að aðildarríkin geta sagt sig úr því, ef þau kæra sig um, — verði afgreitt með þinglegum vinnubrögðum, að ýtarleg gögn um málið verði lögð fyrir Alþ. og um það verði hafðar þinglegar umr. og síðan teknar ákvarðanir. Hæstv. ríkisstj. virðist hafa hugsað sér að hafa annan hátt á. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafa talað um það sem sjálfsagðan hlut, að Íslendingar héldu áfram aðild sinni. Mér finnst þessi vinnubrögð ekki ná nokkurri átt. Um þetta mál ber Alþ. að taka ákvörðun, hvað svo sem mönnum sýnist um það, hver ákvörðunin eigi að vera. Og þetta eitt fólst í till. okkar, þetta var till. um vinnubrögð. Hins vegar hefur tíminn liðið án þess að málið yrði afgreitt og þetta er enn þá upphafsumr., málið hefur ekki enn farið til n., eins og það ætti að gera samkvæmt þingsköpum. Mér sýnist, að úr því, sem komið er, sé það tómt mál að ímynda sér, að jafnvel þótt þessi till. færi til n., kæmi hú nokkurn tíma þaðan aftur, þannig að unnt yrði að afgreiða málið á þessu þingi. Hins vegar finnst mér það einsætt, að þessu þingi ber að taka ákvörðun um það, hvernig að þessu máli skuli staðið, og til þess að flýta þeirri ákvörðun, leyfi ég mér að leggja til úr því að málið hefur dregizt svona á langinn, að það verði nú afgreitt með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstjórn og utanrmn. láti semja rökstuddar greinargerðir um Atlantshafsbandalagið og afstöðu Íslendinga til þess með hliðsjón af þróun alþjóðamála, að þau gögn verði lögð fyrir Alþingi og rædd, en ákvarðanir síðan teknar um aðild Íslands að bandalaginu, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá."

Með þessari málsmeðferð mundi Alþ. nú þegar taka um það ákvarðanir, hvort það vill, að um þetta mál verði fjallað á þinglegan hátt. Ég vil biðja hæstv. forseta að taka við þessari tillögu.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég stend hér ekki upp til þess að halda ræðu að þessu sinni, ekki langa ræðu, afstaða mín og okkar Alþb.-manna til Atlantshafsbandalagsins ætti að vera orðin öllum ljós og var raunar ítrekuð rækilega nú ekki alls fyrir löngu af hv. 6. þm. Reykv.

Ég stend hér upp í þetta sinn til að leggja fram ofurlitla fsp., að vísu ekki til neins hæstv. ráðh., aldrei þessu vant, heldur til tveggja hv. alþm. Að vísu er aðeins annar þessara hv. alþm. staddur hér í salnum, en ég vænti þess, að hann komi fsp. á framfæri við hinn hv. þm., að því er að honum lýtur, svona við tækifæri. Þessir tveir hv. þm. eru hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson og hv. 4. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson.

Þessir menn tryggðu sér í síðustu kosningum sæti hér á hinu háa Alþ. á vegum Alþb. Það voru fylgjendur Alþb., sem kusu þá, og að sjálfsögðu til þess að framfylgja stefnu Alþb. í utanríkismálum, sem og öðrum málum. En síðan hafa báðir þessir hv. þm. sagt skilið við Alþb., og hér á Alþ. koma þeir fram — í reynd a. m. k., hvað sem formsatriðum líður, — þá koma þeir fram í reynd sem sérstakur þingflokkur. Svo bar það til tíðinda eitt sinn í vetur á fundi, þar sem annar þessara hv. þm. svaraði fsp., hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, — þetta var á stúdentafundi, — þá bar það til tíðinda, að hann lýsti sig andvígan yfirlýstri stefnu Alþb. að því er varðar aðild Íslendinga að NATO. Krafa Alþb. um það, að Íslendingar segi sig úr NATO var allt í einu orðin, að áliti þessa hv. þm., fásinna. Hann reyndist kominn á þá skoðun, að það væri skynsamlegast fyrir okkur Íslendinga að sitja áfram í þessu hernaðarbandalagi, sitja sem fastast.

Ég tel, að það fólk, sem kaus þennan hv. þm. í síðustu kosningum, eigi heimtingu á því að fá nánari grg. fyrir þessari breyttu afstöðu hans, og ég tel, að þetta fólk hljóti að vænta slíkrar grg., þegar þessi mál eru til umr., eins og núna hér á hinu háa Alþ., þó það hafi ekki orðið. Að því er varðar hinn þm., 4. þm. Norðurl. e., þá má segja, að það sama gildi um hann. Mér er kunnugt um það eftir ferð, sem ég fór nýlega um kjördæmi hans, að það fólk, sem kaus þennan hv. þm. í síðustu kosningum, væntir þess, að hann taki af öll tvímæli í þessum efnum, geri grein fyrir því, hvort hann hyggst framfylgja þeirri stefnu, sem hann var kosinn til að framfylgja, þ. e. stefnu Alþb. að því er varðar aðild Íslendinga að NATO, eða hvort hann hyggst fylgja félaga sínum í stuðningi við áframhaldandi aðild Íslands að NATO. Vænti ég sem sagt vinsamlegast, að þessi hv. þm. svari a. m. k. fyrir sitt leyti fsp. og komi á framfæri við hinn hv. þm. þeim hluta fsp., sem að honum lýtur.

Björn Jónsson: Herra forseti. Til mín hefur verið beint fsp. um það, hvort ég sé fylgjandi áframhaldandi aðild að Atlantshafsbandalaginu eða ekki, og fyrir mér er ákaflega einfalt að svara því. Ég hef alltaf verið andstæður þátttöku Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu og er það enn. Mun ég beita mínu atfylgi, svo langt sem það nær, til þess að við göngum úr þessu bandalagi svo fljótt sem verða má. Ég svara hér að sjálfsögðu aðeins fyrir mig sjálfan, en ekki fyrir hv. 9. þm. Reykv. Það er haft hér eftir honum af hv. 4. landsk. þm., að hann hafi sagt á fundi í vetur, að við ættum að sitja sem

lengst og fastast í þessu bandalagi. Ég ætla ekki að hafa eftir neinar fullyrðingar um það, hvort þessi ummæli hv. þm. eru rétt. Til þess gefst vafalaust tækifæri að rannsaka sannleiksgildi þeirra. Mér er alls ókunnugt um nokkrar yfirlýsingar af hálfu 9. þm. Reykv. í þessu efni. Þó má vel vera, að hann hafi eitthvað um þetta sagt, en það er a. m. k. alveg án minnar vitundar og hvergi hef ég séð þessi ummæli eftir honum höfð á opinberum vettvangi, sem þessi hv. þm. telur hann hafa viðhaft.

Ég vil taka það fram, að ég lýsi ekki þessari skoðun minni á afstöðunni til Atlantshafsbandalagsins vegna þess, að það er skoðun Alþb., heldur vegna þess, að það er mín skoðun og hefur alltaf verið, og um það er þessum hv. þm. vel kunnugt. En hann fylgir trúlega þeirri reglu, sem hér er yfirleitt í gildi á Alþ., að menn standa hér naumast upp til þess að spyrja um annað en þeir vita fyrir fram um svörin á, og þá reglu hefur hann ekki brotið.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. svör hans. Hann dregur í efa, að ég hafi farið með rétt mál, þegar ég sagði, að hv. 9. þm. Reykv. hafi lýst því yfir á stúdentafundi, að hann teldi, að við Íslendingar ættum að vera áfram í NATO. Þessi ummæli hans birtust í dagblöðum Reykjavíkur, gott ef ekki öllum, og hann hefur ekki borið þau til baka. Það eru staðreyndir þessa máls.

En það gleður mig sannarlega að heyra, að félagi hans skuli ekki vera á sama máli varðandi þetta stórmál, eins og hv. 9. þm. Reykv. reyndist vera. Það gleður mig mjög, að svo mætur maður skuli enn halda við afstöðu okkar Alþb.-manna í þessu efni. En mér sýnist eftir svör hv. þm., að þingflokkur hans sé í þessu máli a. m. k. klofinn í eins smáar einingar og einn þingflokkur getur mögulega klofnað. — Svo endurtek ég þakkir til hans fyrir svör hans.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég er sammála hv. 6. þm., að það er mjög óæskilegt, að umr. um eitt mál skuli vera skornar niður á þann hátt, sem tíðkast hér á Alþ. og ég vil vona, að sú endurskoðun á starfsháttum þingsins, sem nýlega var samþykkt, leiði til þess, að við getum komizt hjá þessu í framtíðinni.

Nú hefur það gerzt, að hv. þm. hefur flutt rökstudda dagskrá við sína eigin þáltill., sem er óvenjulegt, svo ekki sé meira sagt. Við því er ekkert að segja, og má vera, að það, sem gerzt hefur á meðan málið var til meðferðar, leiði til þess, að þetta reynist ekki óeðlilegt. Þetta breytir ekki því, að málið þarf að sjálfsögðu að fara til n., enda gerði hv. ræðumaður, 6. þm. Reykv., till. um það í fyrri hluta umr., að málinu væri vísað til utanrmn.

Hv. þm. fullyrti, að meðferð ríkisstj. á spurningunni um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og ákvörðun um, hvort þeirri þátttöku yrði haldið áfram eða ekki, geri ekki ráð fyrir þinglegri afgreiðslu. Ég er honum ósammála um þetta. Fyrir rúmlega ári lýstu bæði hæstv. forsrh. og utanrrh. yfir þeirri skoðun á Alþ., að Ísland ætti að vera áfram í Atlantshafsbandalaginu. Þessi skoðun hefur verið ítrekuð síðan, svo að hún getur ekki dulizt nokkrum alþm. Nú er það svo, að ef Ísland verður áfram í Atlantshafsbandalaginu, breytist ekkert. Það þarf engar yfirlýsingar gagnvart bandalaginu til þess að svo verði. Það þarf hins vegar yfirlýsingar um stefnubreytingu eða úrsögn, ef um úrsögn væri að ræða. Af þessu leiðir, að þeir hv. alþm., sem óska eftir, að utanríkisstefnunni sé breytt að því leyti, að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu, verða, til að fá þinglega afgreiðslu á málinu, að hafa frumkvæði um tillögu í þá átt. Sú stefna sem hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir fyrir ári og oft endranær, er þannig, að hún útheimtir ekki frumkvæði um málaflutning hér á Alþ.

Nú hefur það til viðbótar gerzt, að hæstv. utanrrh. hefur tekið upp þann hátt að flytja Alþ. mjög ýtarlega skýrslu um utanríkismál, þar sem hann fjallaði nákvæmlega um viðhorf Íslands til Atlantshafsbandalagsins og annað, sem því máli er tengt. Verður því ekki sagt með nokkrum rökum, að hæstv. ráðh. hafi ekki gert Alþ. ýtarlega grein fyrir viðhorfi sínu og ríkisstj. í þessu máli og hann hafi ekki með þeirri skýrslu lagt grundvöll að málefnalegum umr. og hverri þeirri meðferð, sem Alþ. þóknast að hafa á málinu.

Ég er sammála hv. 6. þm. Reykv., að það sé æskilegt, að þingið eða þingn., t. d. utanrmn. hefðu starfskrafta til að láta gera ýtarlegar skýrslur um slík mál sem þetta. Það væri fróðlegt að fá ýtarlega, prentaða skýrslu um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og 20 ára þróun í því sambandi. Við vitum, að slíkar skýrslur hafa verið samdar í nágrannalöndum okkar, t. d. í Danmörku, en við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að utanrrn. hefur mjög fáu starfsfólki á að skipa, og er varla hægt að ætlast til, að það geti samið heilar bækur ofan á dagleg störf. Utanrmn. hefur raunar enga starfskrafta, ég hygg að ritari n. sé skrifstofustjóri ráðuneytisins. Yrði Alþ. því að ráða til sín starfskrafta til að gera slíka skýrslu. Ég hygg, að þetta séu ástæðurnar fyrir því, að málið hefur ekki verið lagt fyrir á þann hátt. En miðað við það, sem við eigum að venjast, hefur þetta mál verið lagt ýtarlega fyrir í skýrslu hæstv. utanrrh.

Ég ítreka, að ég tel sjálfsagt, að þetta mál og rökstudda dagskráin gangi til utanrmn.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það er rétt hermt hjá hv. 5. þm. Vesturl., að þegar þetta mál komst til umr. rétt fyrir jól, lagði ég til, að því yrði vísað til utanrmn., því ég gerði mér vonir um, að það kæmist þá til n. og unnt mundi vera að hafa þann hátt á, sem gerð er till. um í þáltill., en eins og ég gerði grein fyrir áðan, tel ég það algjörlega vonlaust, að þau vinnubrögð muni takast, ef málinu verður vísað til n. nú. Því dreg ég að sjálfsögðu þá till. mína til baka, þegar ég legg til, að málið verði afgreitt með hinni rökstuddu dagskrá. Ég tel, að þetta mál hafi verið það lengi á borðum hv.

alþm., að það eigi að vera ákaflega auðvelt fyrir þá að taka um það ákvörðun, hvort um það eigi að hafa þessi þinglegu og málefnalegu vinnubrögð eða ekki.

Hv. þm. kvaðst telja, að hér hefði farið fram þingleg afgreiðsla með því að 2 hæstv. ráðh. hefðu lýst skoðun sinni þegar í fyrra og ítrekað þessa skoðun nú aftur. Auðvitað er það engin þingleg afgreiðsla, þótt ráðh. lýsi yfir skoðunum. Það, sem fram á er farið í till., er, að safnað sé gögnum, röksemdum, með tilliti til hinnar sérstöku aðstöðu Íslands. Þetta hafa öll þau ríki Atlantshafsbandalagsins, sem ég þekki til, gert að undanförnu, vegna þess að nú eru fram undan þau tímamót, að hvert ríki, sem vill, getur sagt sig úr bandalaginu. Sum ríkin hafa þegar framkvæmt mjög verulega og gagngera endurskoðun í verki, eins og við ræddum um á dögunum, þegar við fjölluðum um skýrslu hæstv. utanrrh. Frakkar hafa slitið allri hernaðarsamvinnu við bandalagið, og þessa dagana berast aftur og aftur fregnir um, að annað ríki, Kanada, sé að hugsa um að slíta allri hernaðarsamvinnu við bandalagið, jafnvel segja sig úr því. Önnur ríki hafa talið það skyldu sína að safna mjög ýtarlegum gögnum, t. d. hefur utanrrn. Dana birt hvorki meira né minna en 3 þykk bindi um Danmörku og Atlantshafsbandalagið. Sami háttur hefur verið hafður á í Noregi og þeim ríkjum yfirleitt, þar sem eru þingræðisleg vinnubrögð innan Atlantshafsbandalagsins.

Hv. þm. taldi, að við hefðum ekki starfskrafta til þess að vinna slík verk, en mér er spurn: Til hvers höfum við menn í býsna mörgum stofnunum, sem eru í tengslum við Atlantshafsbandalagið? Við stofnuðum fyrir nokkrum árum sérstakt sendiráð, sem er tengt Atlantshafsbandalaginu. Ég held, að það væri ekki nein ofætlun, þótt Alþ. færi fram á, að þetta sendiráð gerði Alþ. eitthvert gagn, t. d. með því að safna af sinni hálfu þeim gögnum, sem sendiráðið heldur að skipti Alþ. máli. Hér við utanrrn. er starfandi sérstök varnarmáladeild. Mér fyndist ekkert óeðlilegt, að það yrði farið fram á, að sú deild legði Alþ. til vinnukrafta í þessu sambandi. Hér er starfandi varnarmálan. eftir því, sem ég veit bezt. Ég tel, að sú n. hefði vel getað unnið að þessu máli einnig. Hér er ekki um að ræða skort á vinnuafli, heldur einvörðungu það, að þótt nú séu ýmsir tilburðir til þess að gera meðferð utanríkismála eðlilegri og málefnalegri, heldur en var um sinn, þá vantar samt skilning á því, hvernig á að vinna að slíkum málefnum. Hv. utanrrh. og ýmsir þm. virðast halda, að það sé nægilegt að standa hér einu sinni á ári og flytja yfirborðslega skýrslu. En það þarf miklu meira til. Og sérstaklega þurfum við á því að halda, að skoðuð sé sérstaklega aðstaða Íslands innan þessa hernaðarbandalags. Það er staðreynd, sem enginn maður getur á móti borið, að staða okkar innan þessa bandalags er ákaflega annarleg, vegna þess að við erum vopnlaus friðarþjóð, og það liggur í hlutarins eðli, að okkur ber að kanna öllum öðrum fremur, hvort við eigum að vera í þessu bandalagi og hvenær skynsamlegt kunni að vera fyrir okkur að losa okkur úr því. Þess vegna verðum við að vera menn til þess að meta málin af íslenzkum sjónarhóli ævinlega, og það gerum við því aðeins, að við séum menn til þess að láta framkvæma málefnalegar rannsóknir og leggja vandamálin hér fyrir með fullum rökstuðningi allra aðila.

Það hefur verið sagt stundum, að hér séu aðeins uppi 2 stefnur í þessu máli. En ég hygg, að þær séu fleiri. Ef vandlega væri skoðað, hygg ég, að allir stjórnmálaflokkarnir hafi mismunandi skoðanir á þessu máli. Ég held, að það sé raunar ástæðulaust að vera að reyna að halda uppi yfirborðslegri einingu, þegar ekki er um raunverulega einingu að ræða. Ég efast ekkert um, að það er um raunverulegan ágreining að ræða, t. d. á milli stjórnarflokkanna í þessu máli. Sérstaklega af hálfu ungra Alþýðuflokksmanna hefur það komið mjög greinilega í ljós, að þar er mjög vaxandi gagnrýni á afstöðu Íslands í þessu máli.

Þessi mál á öll að kanna, og þessi mál á öll að ræða á málefnalegan hátt, ekki með einhverjum tilfinningarökum, heldur eins og hver önnur vandamál, sem að okkur ber. Till. okkar hv. þm. Gils Guðmundssonar var einvörðungu um þetta. Ég tel, að það sé ekki til of mikils mælzt að fara fram á það við hv. alþm., að þeir segi til um það á þessu þingi, hvort þeir vilja hafa þennan hátt á eða ekki. Fari málið til hv. utanrmn., kemur það ekki hingað aftur á þessu þingi, það er ég sannfærður um.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu orðaleikur, hvort talað er um, að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafi lýst skoðunum sínum eða lýst stefnu. Ég held, að það hafi engum dulizt, að í umræddd skipti lýstu þeir stefnu ríkisstj. Alþ. hefur vitað, hver þessi stefna er í rúmlega 1 ár. Af henni er augljóst, að hún kallar ekki á flutning á brtt. eða flutning á frv., til að henni verði framfylgt, heldur duga óbreyttar þær samþykktir, sem Alþ. hefur áður gert. Það er þess vegna verkefni þeirra, sem vilja breyta þessari stefnu, að hafa frumkvæði um flutning mála á Alþ. í þá átt. Það hafa þeir ekki gert nema á óbeinan hátt.

Ég hef ekki tekið því illa, að slík skýrsla, sem till. þessi fjallar um, væri gerð eða gagnasöfnun höfð í frammi um þetta mál. Það er mikill misskilningur, en ég hygg, að skýringar mínar á því, hvers vegna hér hefur ekki verið um eins umfangsmikla gagnasöfnun að ræða og í öðrum löndum, sé rétt. Það hljómar vel að tala um, að við höfum sendiráð, en þegar nánar er athugað, eru þetta 2 eða 3 menn á hverjum stað, þrír í Brüssel t. d. Varnarmáladeild hefur að ég hygg 3 starfsmenn, og þeir hafa mikið að snúast í daglegum störfum, sem ég veit, að enginn vill, að verði vanrækt. Varnarmálanefnd er n. manna, sem allir sitja í öðrum störfum, eins og margar n. í þessu landi. Ég hygg því, að við mundum þurfa að gera sérstakar ráðstafanir, ef við ósk-

uðum eftir því, að undirbúnar væru og gefnar út ýtarlegar skýrslur um mál sem þetta.

Þrátt fyrir það tel ég hæpið að segja, að þetta mál hafi ekki verið kannað og rætt á málefnalegan hátt. Fjöldi manns hefur kannað þetta mál ýtarlega og hugsað mikið um það, menn með mismunandi aðstöðu til þess, sumir mjög góða. Á sama hátt hafa farið fram í blöðum, hljóðvarpi, sjónvarpi og hér á Alþ. umr., sem oft hafa verið málefnalegar og að ég hygg málefnalegri í seinni tíð heldur en oft fyrr á árum, t. d. um það bil, sem við gengum inn í Atlantshafsbandalagið. Ég tel því, að þróunin í þessum efnum miði í rétta átt og miðað við þau vinnubrögð, sem tíðkazt hafa hér á þinginu undanfarna áratugi, hafi verið stigið stórt skref í rétta átt, þegar hæstv. utanrrh. gaf mjög ýtarlega skýrslu um þessi mál, og síðan var ótakmarkaður tími til umr. um málið, en framhald þeirrar umr. leiddi því miður ekki í ljós mjög almennan áhuga alþm. á að taka þátt í henni.

Ég vil að lokum, hr. forseti, taka upp till. flm., að málinu verði vísað til utanrmn. Ég tel, að það sé sjálfsögð og óhjákvæmileg afgreiðsla. Alþb. hefur fulltrúa í n. og getur rekið á eftir afgreiðslu till. hvort sem hún verður sjálf borin undir atkv. eða sú frávísunartill. sem hv. flm. hefur sjálfur flutt.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 94, 323).

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef heyrt till. hér um að vísa fram kominni rökstuddri dagskrá í þessu máli til n. Það tel ég algerlega óvenjulegt og hef aldrei vitað það, hvorki utan þings né innan, að þegar fram komin er rökstudd dagskrá í máli, sé hún ekki borin upp og um hana greidd atkv., þar sem gert er ráð fyrir því í till. að taka fyrir næsta mál á dagskrá, en taka ekki upp á því að vísa slíkri till. til n. Og ég tel, að það sé ekki fordæmi fyrir slíku hér á Alþ., að þegar rökstudd dagskrá hefur komið fram í máli, sé henni vísað til n. til athugunar. Það er að vísu langalgengast, að rökstudd dagskrá komi fram frá n., en vissulega er um það að ræða, að hægt er að flytja samkvæmt þingsköpum rökstudda dagskrá um mál, hvenær sem er. Er þá sem sagt lagt til, að málið verði afgreitt, án þess að það fari til n. Ég vil benda hæstv. forseta á það, að í rauninni tel ég, að þetta komi einnig fram í 42. gr. þingskapa. Þar er í fyrri mgr. gert ráð fyrir því, að fram geti farið atkvgr. umræðulaust um mál, ef tilskilinn meiri hl. á þingi fellst á það og í síðari mgr. 42. gr. er fjallað um rökstudda dagskrá, og kemur þar greinilega fram, að hægt er að flytja rökstudda dagskrá um afgreiðslu á máli á öllum stigum málsins. Og þar sem ég ætla, að ekki sé fordæmi fyrir því að fara að vísa rökstuddri dagskrá í máli til n. og það sé nokkurn veginn viðtekin regla í fundarsköpum alls staðar, að þegar rökstudd dagskrá hefur komið fram um afgreiðslu á máli, beri að greiða atkv. um hana, þá fer ég eindregið fram á, að hæstv. forseti athugi þetta mál að nýju og hafi þann hátt á í þessum efnum, sem algengastur er, þannig að till. um rökstudda dagskrá verði borin upp og þannig greitt atkv. um það, hvort þannig skuli ljúka afgreiðslu málsins án nefndarsendingar.

Forseti (BF): Hv. 4. þm. Austf. vitnar í 42. gr. þingskapa máli sínu til stuðnings, þegar hann fer fram á, að dagskrártill., sem fram er komin í þessu máli, verði borin upp, áður en málið gengur til n. Það er alveg rétt, að það stendur í 42. gr. þingskapa, að það megi á hvaða umræðustigi sem er gera till. um rökstudda dagskrá, en það, sem hv. þm. sést yfir, er það, að þessari umr. er ekki lokið. Það er lagt til, að umr. verði frestað og málinu vísað til n. Það eru venjulega engar till., hvorki dagskrártill. né aðrar, bornar upp, fyrr en umr. er lokið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hæstv. forseti hefur í raun og veru tekið af mér ómakið, en það er að sjálfsögðu algengt, að fluttar séu till. um rökstudda dagskrá hér á Alþ., en ég hygg, að það séu engin dæmi um það, að þessar till. séu bornar upp, fyrr en þeirri umr. er lokið, þegar þær koma fram. Ég gerði mér það til dundurs að fletta í gegnum nokkra árganga af þingtíðindum rétt til að ganga úr skugga um þetta, og það er alveg ljóst. Enda eru önnur ákvæði í þingsköpum um það, hvernig hægt er að knýja fram atkvgr. án frekari umr. um málið.

Það er algengt, að till. um rökstudda dagskrá komi hér fram við 2. umr., þegar um tvær eða fleiri umr. um mál er að ræða. Langflestar eru þessar till. frá n. Það hefur komið fyrir, að fluttar hafa verið till. um rökstudda dagskrá við fyrri eða 1. umr., en þær ganga þó a. m. k. til enda þeirrar umr. og koma þá til atkv. Ef svo hefði farið, að það hefðu verið ákveðnar tvær umr. um þessa þáltill., þá hefði rökstudda dagskráin auðvitað verið borin upp í lok þeirrar fyrri. En eins og málið liggur nú fyrir, er augljóst, að það verður að bera upp till. um tilvísun til n. fyrst. Ef sú till. er samþ., þá bíður rökstudda dagskráin þangað til n. skilar af sér og atkvgr. fer fram við lok umr. Ef það er fellt að vísa málinu til n. og umr. lýkur, þá kemur rökstudda dagskráin strax til atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram í sambandi við það, sem hér hefur verið sagt, bæði af hæstv. forseta og hv. síðasta ræðumanni, að dagskrártill. er um það — og þannig hefur alltaf verið litið á dagskrártill. — hún er um að ljúka umr. Dagskrártill. er beinlínis um það að ljúka umr. og víkja að næsta máli á dagskrá. Hin till. er um að vísa málinu til n. og halda umr. áfram. Spurningin er auðvitað um það í þessu tilfelli eins og öðrum, þegar fram er komin dagskrártill. í máli, hvort það beri ekki að bera slíka till. upp. Hún er annars eðlis en aðrar till., sem hefði verið eðlilegt að láta ganga til n. til sérstakrar athugunar, en dagskrártill. er í eðli sínu till. um að ljúka umr. með þar

tiltekinni atkvgr. Ég held mig því fast við þessa skýringu og ég þekki engin dæmi þess, eins og ég segi, hvorki utan þings né innan, að eftir að fram er komin rökstudd dagskrá, þyki ástæða til þess að fara að vísa henni til n., heldur alltaf um það, að hún sé borin upp og þannig reynt á það, hvort meiri hl. fæst fyrir því að ljúka málinu á þann hátt, sem lagt er til í hinni rökstuddu dagskrá.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, er það venja Alþ. að nota rökstudda dagskrá fyrst og fremst við 2. umr., og langflestar þær till. hafa komið frá nefndum. Nú koma nál. og þar með till. um rökstudda dagskrá fram, áður en 2. umr. hefst. Ef ætti að fylgja þeim starfsháttum, sem hv. 4. þm. Austf. leggur til, ætti 2. umr. aldrei að fara fram, ef n. leggur til, að málið sé afgreitt með rökstuddri dagskrá. (**Gripið fram í:** Það eru fordæmi um það.) Eru fordæmi um það? Það er hægt að lesa það í þingtíðindum ár eftir ár, að n. flytja till. um að afgreiða mál með rökstuddri dagskrá. Þessar till. koma fram áður en 2. umr. hefst. Síðan fer umr. öll fram, og till. eru bornar upp í lok umr. Það eru svo mýmörg dæmi um þetta og þetta er svo föst venja hér, að ég undrast, að svona gamalreyndur þm. skuli tala á þennan hátt.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Samkvæmt ákvæðum þingskapa er hægt að bera fram rökstudda dagskrá hvenær sem er við meðferð máls. Það er eins hægt að bera hana fram þegar í upphafi við 1. umr. og eins eftir að málin fara til n. og við 2. umr., eins og hv. 5. þm. Vesturl. taldi venju. Samkvæmt þingsköpum er það alveg eins heimilt að bera hana fram við 1. umr. og þá verður að afgreiða hina rökstuddu dagskrá. Rökstudd dagskrá felur í sér till. um, að mál sé afgreitt þegar í stað á þeim rökum, sem þar eru tiltekin. Og mér er ómögulegt að sjá, að hægt sé að hafa annan hátt á. Auk þess verð ég að lýsa undrun minni yfir því, að menn skuli reyna að úthugsa hvers kyns lagakróka til þess að afgreiða jafneinfalda till. og hér er um að ræða. Hv. þm. er í lófa lagið að afgreiða þessa rökstuddu dagskrá, eins og þeim finnst hæfa, samþykkja hana eða fella hana. En hvers vegna þeir eru að reyna að smeygja sér hjá því að taka afstöðu til hennar, er ofvaxið mínum skilningi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hygg, að það sé enginn að reyna að smeygja sér frá því að taka afstöðu til þessa máls alls og afgreiða það. En það er ofar mínum skilningi, hvers vegna það ætti að fara að sérstökum reglum og brjóta þær venjur, sem hér hafa ríkt í meðferð mála, bara af því að hv. 6. þm. Reykv. gerir sig að því viðundri að flytja slíka till. við sína eigin till. Það eitt út af fyrir sig mun vera nýmæli í sögu þingsins. Það ætti kannske að heiðra hann með því að hafa alveg sérstaka meðferð á öllu málinu þess vegna fyrir utan þingsköp og venjur. En ég held, að við förum að venjum. Mál þetta er þannig. Ég mæli út af fyrir sig eflislega ekki gegn því, en það er þannig, að það er sjálfsagt, að utanrmn. fái um það að fjalla, því að þetta er till., sem gerir ráð fyrir því, að utanrmn. eigi að gefa út heila bók og hún megi ekki fjalla um það sjálf áður, það er einkennileg viðkvæmni. (Gripið fram í.) Það er hægt að fella hana auðvitað, en það er engin ástæða til þess að hafa annan hátt en hér hefur tíðkazt. Það er það, sem er aðalatriði málsins.

Forseti (BF): þær umr., sem fram hafa farið, hafa ekki breytt skoðun forseta á því, að það beri að greiða atkv. um það, hvort málið skuli ganga til n., og ber ég það upp.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 24:8 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Eignakönnun.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um eignakönnun [84. mál] (A. 104).

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. og 24. fundi í Sþ., 11. og 18. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt þremur hv. þm. till. til þál. um eignakönnun. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja og leggja fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er frumvarp til laga um eignakönnun. Skal tilgangur frumvarpsins sá að afla sem gleggstrar vitneskju um eignaskiptingu hér á landi og sérstaklega um eignasöfnun af völdum verðbólgu og gengislækkana, svo að síðar sé unnt að nota þá vitneskju til þess að afla fjár til aukins atvinnuöryggis og tekjujöfnunar."

Fyrir rúmum tveimur árum stóð hæstv. forsrh. í þessum stól og ræddi um efnahagsmál. Hann komst þá m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Loks vil ég gefa þá afdráttarlausu yfirlýsingu, að núv. ríkisstj. kemur ekki til hugar að fella gengið. Það er að vísu rétt, að þannig getur staðið á í þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að fella gengi, eins og dæmin sýna bæði hér og annars staðar. Og það væri auðvitað alveg fásinna, ef ég ætlaði að segja, að aldrei kæmi til mála að fella gengi á Íslandi.

Slíkt mun ég ekki segja, einfaldlega af því að ég ræð því ekki, og það mundi enginn maður trúa mér. Hitt segi ég, og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun framar, nema því aðeins, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni, fái að borga sinn brúsa fyllilega."

Þetta sagði hæstv. forsrh. fyrir rúmum tveimur árum hér á Alþ. Eftir þessi ummæli er búið að framkvæma tvær gengislækkanir, sem hafa hækkað verðlag á erlendum gjaldeyri um meira en 100%. En ég hef ekki orðið var við þær ráðstafanir, sem hæstv. forsrh. boðaði til þess, að þeir, sem græða á gengislækkun, fengju að borga sinn brúsa fyllilega. Engin slík frv. hafa verið lögð fyrir Alþ., engar slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar. Ekkert slíkt fylgdi gengislækkuninni 1967, og ekkert slíkt hefur séð dagsins ljós í sambandi við þá gengislækkun, sem nú er nýbúið að framkvæma. Samt fundust mér þessi ummæli hæstv. forsrh., sem ég vitnaði til áðan, hafa verið mælt af þeirri skapþykkju, sem stundum fylgir ummælum hæstv. forsrh. Maður hefði mátt vænta þess, að hann léti athafnir fylgja eftir slíkum orðum.

Allir vita að gengislækkanir eru ákaflega áhrifarík aðferð til að færa til fjármuni í þjóðfélaginu. Og það eru til aðilar í þjóðfélaginu, sem hagnast mjög verulega á gengislækkun, einnig aðilar, sem ekki er ætlun löggjafans að aðstoða. Hér er hópur af mönnum, sem kann að hagnast sérstaklega á verðbólguþróun, og aðferð þeirra hefur verið mjög ríkjandi einkenni á efnahagsþróuninni á Íslandi á undanförnum árum. Gildi peninganna hefur ekki verið mikils metið af skiljanlegum ástæðum, og því hafa menn keppzt við að reyna að komast yfir fjármuni í bönkum, komast yfir lánsfé og festa það í fasteignum, alveg án tillits til þess oft og einatt, hvort þessar fasteignir hafa verið skynsamlegar eða ekki. Þessir aðilar hafa haft hag af því að magna verðbólguna og þeir hafa unnið að því vitandi vits. Ef verkafólk hefur samið um kauphækkun, hefur henni jafnharðan verið velt út í verðlagið, og síðan hafa útflutningsatvinnuvegirnir eftir tiltekinn tíma komizt í þrot og ríkisstj. talið sig vera að bjarga með enn einni gengislækkun.

Hversu stórfelld tilfærsla fólgin er í gengislækkun, má marka af því, að á síðasta ári munu heildarlaun greidd á Íslandi, laun og hlutur sjómanna og aðrar hliðstæðar greiðslur, hafa numið 15—20 milljörðum króna. Talið er, að gengislækkun sú, sem nú var framkvæmd síðast, muni hækka verðlag um 20%, og það er ætlun stjórnarvalda, að fyrir það komi engar bætur. Sem sé, að raunverulegt kaup verði skert um 20%. Þetta jafngildir hvorki meira né minna en 3—4 milljörðum króna, sem eru fluttir frá launafólki til atvinnurekenda, sem sumir þurfa vafalaust á slíkum fjármunum að halda, en aðrir alls ekki. Á sama hátt er gengislækkun hliðstæð tilfærsla á sparifé þjóðarinnar. Hún skerðir sparifjáreign landsmanna, þessar litlu eignir, sem halda uppi bönkum og sparisjóðum á Íslandi. En að sama skapi hækka þær fasteignir, sem eignamenn hafa komizt yfir með aðstoð þessa sparifjár. Krónurnar, sem eignamennirnir hafa fengið að láni til þess að koma sér upp hvers kyns fasteignum, halda áfram að minnka. Þeir borga skuldir sínar með síminnkandi krónum, en ágóðinn verður eftir í fasteigninni.

Þetta er þróun sem allir þekkja, og stundum verða af þessu dálítið einkennilegir atburðir, eins og fyrir rúmum áratug, þegar lagður var á stóreignaskattur. Í ljós kom, að Einar Sigurðsson útgerðarmaður var talinn vera ríkasti maður landsins og hefur síðan gengið undir nafninu Einar ríki. Það var alkunna, að Einar hafði átt í miklum vanda með atvinnurekstur sinn. Það kom víst út á bókhaldi ár eftir ár, að halli var á fyrirtækjunum. Engu að síður hafði verðbólguþróunin gert það að verkum, að þær eignir, sem hann hafði komizt yfir, voru orðnar svona verðmiklar, að hann var talinn vera ríkasti maður landsins.

Eignaaukning í höndum öllu óviðfelldnari fjármálamanna en Einars Sigurðssonar hefur verið ákaflega stórfelld, ekki sízt t. d. í miðborg Reykjavíkur, þar sem smálóðablettir hafa margfaldazt í verði ár eftir ár. Við sáum dæmið núna seinast um litlu lóðina undir Sjálfstæðishúsinu, sem er seld á 16 millj. kr. Á þessu sviði er um að ræða eignaaukningu, sem numið hefur hundruðum og aftur hundruðum millj. kr. á nokkrum árum. Þarna eru aðilar, sem eiga að borga brúsann í sambandi við gengislækkanir, eins og hæstv. forsrh. komst að orði. En þeir eru ekki látnir borga brúsann.

Þeir erfiðleikar, sem nú dynja yfir á Íslandi, koma ofan í mjög mikið góðæri, sem stóð árum saman. Þetta góðæri stafaði m. a. af því, að verðið fyrir útflutningsafurðir okkar hækkaði mjög mikið. Hækkunin á útflutningstekjum varð svo stórfelld, að á nokkrum árum áskotnuðust okkur nærri 20 milljarðar kr. á núverandi gengi umfram það, sem orðið hefði í meðalári. Tuttugu milljarðar kr. er engin smáupphæð. Það eru 100 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Það er hálf milljón á hverja fimm manna fjölskyldu ofan á þær tekjur, sem voru, áður en þetta góðæri kom. Auk þess var á þessu tímabili bætt stórlega við erlendar skuldir. Við tókum að láni erlendis milljarða og fluttum inn í landið, svo að skuldir okkar núna eru meiri en nokkru sinni fyrr. Og manni er eðlilega spurn: Hvar eru allir þessir milljarðar, sem okkur áskotnuðust vegna bættra viðskiptakjara og við höfum tekið að láni erlendis? Hvar hafa þeir stöðvazt eftir allt þetta veltutímabil? Ekki eru þeir í nýjum togurum, eins og menn vita. Ekki eru þeir í bátum, sem stunda bolfiskveiðar. Ekki eru þeir í þjóðarbókasafni eða listasafni, svo að ég nefni nokkur dæmi. Hluti þeirra hefur vissulega stöðvazt í gagnlegum atvinnutækjum og í nýjum íbúðum, innanstokksmunum, í heimilistækjum og einkabílum. Nokkur hluti launafólks átti um skeið kost á að njóta betri lífskjara en hann hafði notið áður með því að leggja á sig óhemjulega vinnu. En þótt

þetta allt væri tíundað af stakri nákvæmni, væri þar aðeins að finna hluta af milljörðum þeim, sem streymt hafa um þjóðfélagið á undanförnum árum. Verulegur hluti hefur lent annars staðar eða hjá forréttindaaðilum í þjóðfélaginu, sem hafa getað hagnazt á þessu ástandi og safnað auði fyrir sig. Slík dæmi þekkja menn allt í kringum sig, t. d. hér í Reykjavík, hvernig verzlunarmusterin hafa breytt Reykjavík í eina allsherjarkaupsýslumiðstöð, hvernig svolítill hópur manna hefur getað ástundað hér hliðstætt lúxuslíf og tíðkast í auðugustu þjóðfélögum, hvernig ríkisbankar og einkabankar hafa á nokkrum árum fjárfest upphæð, sem nemur hátt í einn milljarð kr. Samt held ég, að við þekkjum ekki nema hluta af þessari sögu. Hvað skyldi miklum fjármunum hafa verið komið til útlanda á þessu tímabili, þegar frelsið hefur verið ákaflega mikið og lítið eftirlit með því, hvernig farið var með gjaldeyri okkar og hvernig viðskiptasamböndum okkar við önnur lönd var háttað? Í þessu sambandi er raunar fróðlegt að minnast þess, að löngu áður en kom til gengislækkunarinnar síðustu, linnti ekki yfirlýsingum frá hæstv. ráðh. um, að gengislækkun væri yfirvofandi. Vissir aðilar í þjóðfélaginu fengu býsna langan umþóttunartíma og hann hefur vafalaust verið notaður mjög vel.

Ég tel, að þetta sé ákaflega veigamikið atriði í þjóðmálaumræðunum, eins og þær eru nú. Þjóðin á heimtingu á að fá að vita, hvar milljarðar þeir, sem streymt hafa um þjóðfélagið, að undanförnu, eru niður komnir. Það er alveg af og frá, að þess sé nokkur kostur að tala um það við verkafólk, sem er með 10 þús. kr. mánaðarlaun, að það eigi að gefa eftir fimmta hluta af þessu kaupi án þess að áður hafi verið framkvæmd undanbragðalaus eignakönnun. Forsenda þess, að hægt sé að ætlast til þess, að launafólk taki á sig byrðar, er, að það viti, að það hafi verið lagðar réttlátar byrðar á þá, sem hafa breiðari bök. Þess vegna höfum við flutt þessa þáltill., og ég vil vænta þess, að stjórnarflokkarnir bregðist við henni á jákvæðan hátt, ekki sízt hæstv. forsrh. eftir þau ummæli, sem hann viðhafði fyrir tveimur árum og ég fór hér með í upphafi máls míns.

Ég legg svo til, að till. verði vísað til allshn. og umr. frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 19. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Fjárframlög vegna byggingaráætlunar í Breiðholti.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um aukin fjárframlög vegna framkvæmda samkvæmt byggingaráætlun í Breiðholti og um endurgreiðslu á fé til Byggingarsjóðs ríkisins [92. mál] (A. 116).

Á 17., 19. og 24. fundi í Sþ., 4., 11. og 18. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Með samkomulagi því, sem gert var í júní 1964 milli ríkisstj., vinnuveitenda og verkalýðshreyfingarinnar, var því heitið, að komið skyldi á kerfisbreytingu íbúðalána, þannig að tryggt verði fjármagn til þess að veita lán til ákveðinnar tölu íbúða á ári og verði loforð fyrir lánum veitt fyrir fram. Fyrstu árin verði þessi lán ekki færri en 750 og lánsfjárhæð á hverja íbúð ekki lægri en 280 þús. kr. Þessi tala skyldi við það miðuð, að tryggð verði bygging 150 íbúða á ári, en síðan færi hún smáhækkandi í samræmi við áætlanir um þörf fyrir nýjar íbúðir. Á árinu 1965 var í sambandi við kjarasamninga aftur gert samkomulag um húsnæðismál milli ríkisstj. og verkalýðsfélaga. Þá var ákveðið, að hefja skyldi byggingu íbúða í Reykjavík samkvæmt áætlun. Þeir félagsmenn í verkalýðsfélögum, sem keyptu þessar íbúðir, skyldu eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna. Gert var ráð fyrir, að veitt yrðu lán úr Byggingarsjóði ríkisins út á þessar íbúðir, er samsvöruðu lánum, sem aðrir húsbyggjendur fá úr sjóðnum. Að öðru leyti skyldi ríkisstj. útvega fjármagn til framkvæmdanna eftir öðrum leiðum. Í yfirlýsingu, sem gefin var út um þetta efni 1965, segir svo berum orðum m. a.:

„Samið verði við Atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir, er komi til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn. Í samningum þessum sé tryggt, að lán út á þessar íbúðir geti orðið a. m. k. til 33 ára, það er 3 afborgunarlaus ár, en endurgreiðsla á 30 árum.“ Síðan segir: „Að öðru leiti séu kjörin hin sömu og á lánum húsnæðismálastjórnar.“

Nú eru framkvæmdir samkvæmt þessari byggingaráætlun nokkuð langt á veg komnar. Það var að gefnu tilefni á fyrri hluta þessa þings flutt hér af hendi hv. félmrh. grg. um þessar framkvæmdir og kostnað við þær, eins og hann var orðinn að ég ætla í okt. s. l. haust. Þá kom í ljós, að gert var ráð fyrir, að fyrsta áfanga framkvæmdanna samkvæmt þessari áætlun yrði lokið á árinu 1969 og þá yrðu fullgerðar 335 íbúðir og heildarkostnaður, þegar þessi grg. var flutt, sem ég vitna hér til, var orðin 331 millj. kr.

Nú er það svo, eins og fram kom í sambandi við

annað mál, sem rætt var á þessum fundi, að í framkvæmdinni hefur Byggingarsjóður ríkisins lagt fram miklu meira fé til Breiðholtsbygginganna en nemur því, sem samsvarar venjulegum íbúðalánum til íbúðabyggjenda. Það er rétt að gera sér grein fyrir því, að hámarkslán samkvæmt hinu almenna veðlánakerfi er tiltekið í krónutölu. Ég hygg, að nú sé þeirri almennu reglu fylgt, að hámarkslán út á venjulega íbúð sé 380 þús. kr., en til viðbótar því geti þeir, sem eru aðilar að verkalýðsfélögunum, fengið 75 þús. kr., sem er svo kallað verkalýðslán. Samkvæmt þessu er þá algjört hámarkslán út á eina íbúð úr hinu almenna veðlánakerfi 455 þús. kr. Hámarkslán út á íbúðirnar, sem reistar eru samkvæmt áætluninni í Breiðholti, eru ekki tiltekin í krónum, heldur sem prósentur eða hlutfall af heildarbyggingarkostnaði. Það kom fram í grg. félmrh. á fyrri hluta þessa þings, að íbúðir þessar væru misjafnlega dýrar, bæði eftir stærð þeirra og gerð. Hinar ódýrustu eru taldar kosta 767 þús. kr., en þær, sem kosta mest, 1 millj. 490 þús. kr. Og þegar við lítum á heildartölurnar, að hér er um að ræða 335 íbúðir, sem eiga að kosta 331 millj. samtals, þá er meðalverð hverrar íbúðar allt að 1 millj. kr. Hámarkslán, 80% af því, er vitanlega miklu hærri fjárhæð en hið almenna veðlánakerfi lánar hinum almenna húsbyggjanda. 80% af allt að 1 millj. nema þá um 800 þús., sem lánsfé á að geta numið.

Það er að minni hyggju þessi mismunur, sem í öndverðu var ætlað að jafna með sérstökum lánum frá Atvinnuleysistryggingasjóði eða sérstakri fjáröflun af hendi ríkisstj. til þessara framkvæmda. En það hefur í framkvæmdinni, — ég vil endurtaka það, — farið svo úr hendi, að Byggingarsjóður ríkisins hefur verið látinn bera miklu þyngri byrðar í þessu sambandi heldur en honum var ætlað. Það mun nema allt að eða um 150 millj. kr., sem fest hefur verið af fé Byggingarsjóðs ríkisins í þessu skyni.

Þessi framkvæmd, eins og hún hefur farið úr hendi, veldur því, að lánamöguleikar hins almenna veðlánakerfis skerðast að sama skapi. Það er afar tilfinnanlegt fyrir hinn almenna húsbyggjanda, og það veldur honum bæði óþægindum og auknum kostnaði, að hið almenna veðlánakerfi geti ekki afgreitt lán nokkurn veginn eftir því, sem byggingunni miðar áfram. Þessu veldur m. a. sívaxandi verðbólga, sem hefur þau áhrif að þyngja byrðar húsbyggjandans, ef framkvæmdin dreifist á mjög langan tíma. Hins er líka að gæta, að það eru mjög þungbærir vextir, sem margir verða að bera af lausaskuldum, sem þeir stofna til í þessu sambandi.

Till., sem hér er til fyrri umr., er þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að afla fjár vegna framkvæmda samkvæmt áætlun um byggingar í Breiðholti í Reykjavík, eftir því sem þörf krefur, til viðbótar lánum Húsnæðismálastofnunarinnar til íbúðakaupenda og eigin framlögum þeirra. Jafnframt endurgreiði framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar Byggingarsjóði ríkisins það fé, sem hann hefur varið til framkvæmdanna í Breiðholti umfram venjuleg íbúðarlán, enda úthluti húsnæðismálastjórn þessu fjármagni eftir reglum hins almenna veðlánakerfis.“

Í þessari till. felst raunverulega ekki annað en það, að framkvæmdinni verði hagað í samræmi við yfirlýsinguna frá 1965, þar sem berum orðum segir, að það skuli veitt lán frá Atvinnuleysistryggingasjóði til viðbótar lánum frá hinu almenna veðlánakerfi. Og nú er kunnara en frá þurfi að segja að atvinna er mjög af skornum skammti víða um land, og veldur það auknum erfiðleikum hjá fjölda manna. Í því skyni hafa verið settar á fót atvinnumálanefndir, sem þegar eru teknar til starfa. Það hefur þegar komið fram frá þeirra hendi, að eitt af því, — kannske eitt af því fyrsta — sem komi til greina til þess að auka atvinnu, sé að auka framlög til íbúðalána og örva íbúðabyggingar til þess að færa þannig nokkurt líf í atvinnu á mörgum stöðum. Ég tel, að með hliðsjón af þessu sé þessi till. mjög tímabær, því að það mundi vissulega auka fjármagn það, sem hið almenna veðlánakerfi gæti lagt af mörkum nú á næstu vikum og mánuðum, ef framkvæmd yrði færð í það horf, sem við leggjum til með þessari till.

Það hafa verið ákveðnar tvær umr. um þessa till. Ég legg til að lokum, að henni verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt, sem fram kom hér hjá hv. frsm. þessarar till., hv. 2. þm. Austf., að Húsnæðismálastofnunina og Byggingarsjóð ríkisins skortir mjög fé.

Húsnæðismálastofnunin hefur heimild til þess að lána margvísleg lán. Í fyrsta lagi almenn húsnæðismálalán, í öðru lagi viðbótarlán til fólks, sem er innan verkalýðshreyfingarinnar, — 75 þús. kr. lán til viðbótar — og í þriðja lagi eru lánuð sérstök lán til þeirra, sem fá lán úr lífeyrissjóðum, sem eru lægri en hin almennu húsnæðismálalán. Þá getur sjóðurinn eða stofnunin ennfremur lánað til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og til sveitarfélaga til byggingar leiguíbúða. Hann getur lánað og lánar til byggingaráætlana eins og þeirrar, sem hér hefur sérstaklega verið gerð að umtalsefni, þar sem lánveitingarnar eru 80% eða reyndar má nú segja, að þær séu í upphafi 90%, þar sem 5% eiga að borgast á ári tvö fyrstu árin eftir afhendingu. Og það má þess vegna auðvitað rökstyðja það, að þegar húsnæðismálastjórn veitir lán einhverrar sérstakrar tegundar eins og þessi, sem ég hef talið upp, verði það til þess að rýra möguleika húsnæðismálastjórnar til þess að lána öðrum. Það er auðvitað alveg ljóst, þar sem stofnunina skortir mjög fé. Þess vegna er út af fyrir sig hægt að segja, að það, sem lánað hefur verið til byggingaráætlunar í Breiðholti hefðu aðrir getað fengið, ef hún hefði ekki þurft að lána þangað, og þannig má segja um allar þessar lánategundir, sem ég nefndi hér.

Hv. flm. vitnaði til þeirrar yfirlýsingar, sem

ríkisstj. gaf út í júlímánuði 1965, þar sem stofnað var til þessara byggingaráætlana og þar sem hann sagði, að samið yrði við Atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir, sem komi til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn. Þetta stendur í yfirlýsingunni. Ég hef oft spurt þá menn, sem um þessi mál fjölluðu, áður en þessi yfirlýsing var gefin, hvað hefði verið meint með þessu, hvort þarna hefði verið átt við það, að húsnæðismálastjórn veitti venjuleg húsnæðismálastjórnarlán að viðbættum þessum verkalýðslánum, sem eru 75 þús. kr. á íbúð eða hvort meiningin væri, að það fjármagn, sem þyrfti umfram þetta, þar sem lánið væri svo hátt, ætti að koma annars staðar að, frá Atvinnuleysistryggingasjóði eða einhvers staðar annars staðar frá. Um þetta hef ég reyndar aldrei fengið nokkur skýr svör. Út af fyrir sig má kannske skilja þessa yfirlýsingu á þann veg, að þetta hafi verið hugsunin, en þeir menn, sem að þessu stóðu og um þessi mál sömdu, áður en yfirlýsingin var gefin út, treysta sér samt sem áður ekki til að fullyrða um það, segja bara, að þetta hafi kannske ekki verið athugað sem skyldi, menn hafi ekki hugsað sem skyldi út í þetta þá.

Aðalástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var ekki sú að fara að rekja hér þennan þátt yfirlýsingarinnar og hvernig ætti að skilja hann, heldur var það annað atriði, sem mér fannst á skorta, að kæmi fram hjá hv. þm., og það er lagasetningin í árslok 1965, sem er beinlínis gerð í framhaldi af þessari yfirlýsingu, og það eru lög, sem samþ. voru á Alþ. 15. des. 1965, og fjalla um breyt. á lögum frá 10. maí 1965 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þar segir meðal annars í 3. gr. þessara laga, þar sem verið er að rekja, hvers konar lánveitingar húsnæðismálastjórn megi veita. Þar er í 2. gr., sem komin er, minnzt á þessar sérstöku íbúðir, sem á að byggja samkvæmt byggingaáætlunum, og svo segir í 3. gr:

„Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt á íbúðum þeim, sem byggðar eru samkvæmt 3. málsgr. 3. gr. þessara laga, og er heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðunum, sem nemur 4/5 hlutum af verðmæti íbúðar, og skal þá telja gatnagerðargjald með verðmæti íbúðanna.“

Ég vil sérstaklega benda á þetta ákvæði, að þarna er það undirstrikað, að húsnæðismálastjórn hefur fullkomna lagaheimild til þess að lána 80% lán út á þessar íbúðir. Hún hefur fullkomlega lagalega heimild til þess samkvæmt þessu ákvæði, og þess vegna hefur húsnæðismálastjórn, þegar hún veitti þessi lán, ekki gert annað en það, sem henni var fullkomlega heimilt að lögum. Þar sem húsnæðismálastjórn hefur hins vegar ekki nægilegt fjármagn undir höndum, má auðvitað alltaf deila um, hvort hún hefði átt að veita þessi lán eða einhver önnur.

Mér finnst þess vegna skjóta nokkuð skökku við, að flytja um þetta þáltill., því að eftir eðli málsins finnst mér, að það hefði legið nær, að flm. hefðu flutt frv. til breyt. á þessum ákvæðum laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Það er fyrst og fremst þetta, sem olli því, að ég stóð hér upp, að mér fannst hv. frsm. ganga fram hjá þessu atriði, að samkvæmt gildandi lögum sem ég held, að enginn ágreiningur hafi verið um hér í þinginu, og hv. frsm. hafi greitt sitt atkv. með, ef ég man rétt, að þá er þetta fullkomlega lögum samkvæmt, að Húsnæðismálastofnun hefur veitt 80% lán út á íbúðirnar í Breiðholti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 19. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Skólaskip og þjálfun sjómannsefna.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt:

Till. til þál. um skólaskip og þjálfun sjómannsefna [94. mál] (A. 118).

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 24., 28. og 29. fundi í Sþ., 18. des., 12. og 19. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Við höfum leyft okkur 3 þm. að flytja till. til þál. um skólaskip og þjálfun sjómannsefna. Ég vil leyfa mér að lesa till., sem hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að vinna að því í samráði við sérfróða menn, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna, m. a. með rekstri hentugs skólaskips, eins eða fleiri, eftir því sem tiltækt þætti. Skal í því sambandi m. a. athuga, hvort ekki muni hagkvæmt að nýta í þessu skyni þau varðskip, sem kynnu að vera eða verða til sölu.“

Það er skoðun okkar flm., að miklu varði að auka verkmenningu þjóðarinnar ekki síður en almenna skólamenntun. Í því sambandi er hvað brýnast að auka menntun og verkþjálfun framleiðslustéttanna, þess fólks, sem vinnur mikilvægustu undirstöðuverkin í landinu, bæði til sjós og lands.

Því miður skortir mjög á, að almenn verkþjálfun sé á háu stigi í landi okkar, væri miklu nær að segja, að hún sé stórlega vanrækt og raunar ekki í nokkru samræmi við kröfur tímans eða nútímaaðstæður. Vegna skipulagsleysis á þessum sviðum, má búast við, að vinnuafl nýtist illa og ýmsir hæfileikar fari forgörðum. Flest störf á sjó og landi eru þannig vaxin að til þess að inna þau vel af hendi, þarf þjálfun og starfsreynslu. Hér þarf ekki endilega að vera um að ræða flókin störf og vandasöm í sjálfu sér, en til þess að vinna þau vel, þarf þekkingu og þjálfun. Sá einn verður leikinn í starfi, að hann sé því vel kunnur og hafi vanizt að vinna það. Allir þekkja muninn á kunnandi starfsmanni og fákunnandi, vönum manni og óvönum. Jafnvel í hinum einföldustu störfum kemur þessi munur í ljós.

Það er ekkert efamál, að það hefur ómetanlegt þjóðhagslegt gildi, að þjóðin eigi á að skipa sem flestum vel verki förnum mönnum og röskum mönnum og vandvirkum, í hvaða stétt eða starfi sem er. Allur okkar þjóðarbúskapur stendur og fellur með því, að þjóðin kunni vel til verka sinna. Þetta hlýtur að eiga hvað helzt við þá, sem vinna að undirstöðuframleiðslunni, sjómönnum, bændum, iðnaðarfólkinu og starfsmönnum við fiskiðnaðinn. Hversu dýrmætt er það ekki, að þjálfað starfslið sé í þessum greinum? Þetta fólk öðlast ekki atvinnuréttindi út á neins konar próf, það hefur yfirleitt engin sérréttindi vegna kunnáttu sinnar og starfsþekkingar. Æfður og afkastamikill, óbreyttur starfsmaður, verkamaður á sjó eða landi, hlýtur oft litla umbun fyrir vinnuhæfni sína umfram hina, sem minna kunna og minni hafa reynslu. Verkþjálfun er stórlega vanrækt og vanmetin og starfsreynslu og verkhæfni ekki gert eins hátt undir höfði og eðlilegt og sanngjarnt væri.

Í okkar gamla bændaþjóðfélagi var síður þörf á skipulegri verkþjálfun og starfskynningu en nú er. Þar er yfirleitt ólíku saman að jafna. Fólkið ólst upp við fastmótuð framleiðslu- og búskaparstörf kynslóð eftir kynslóð. Hver kynslóð kenndi annarri sömu störfin lítt eða ekki breytt. Faðir kenndi syni, enda var það nokkurn veginn víst, að sonurinn hlaut að erfa starfsvettvang föður síns. Við skulum ekki miða við þessar aðstæður, við skulum ekki miða við, að börn okkar nú á tímum erfi af sjálfu sér starfsvettvang feðra sinna. Það gera þau sjaldnast, a. m. k. er það enginn sjálfsagður hlutur. Mikill og vaxandi fjöldi uppvaxandi barna elst upp í borg og bæjum. Þau vita lengi vel lítið sem ekkert um starfsvettvang feðra sinna. Þau vita það eitt, að feður þeirra eru í vinnu. Þau vita oft ekkert hvað þeir eru að vinna og varla hvar þeir eru að vinna. Barn, sem vex upp í íbúðahverfi eða háhýsi í stórborg, lifir í ákaflega óraunverulegum heimi, sem heita má „steriliseraður" af öllu, sem heitir eiginlegt þjóðlíf. Einkum og sér í lagi fara þessi börn á mis við æskileg kynni af framleiðslustörfunum, sem svo eru nefnd. Þau verða ýmsum borgarbörnum og þeim, sem vaxa upp í stærri bæjum, meira og minna óraunveruleg og fjarlæg. Ég held, að í þessu felist mikil hætta, sem fer vaxandi með ári hverju. Það, sem ég á við, er þetta: Sú hætta er fyrir hendi, að sístækkandi hundraðshluti barna og unglinga, sem vex upp í landinu, verði ókunnugur ýmsum nauðsynlegum framleiðslustörfum til lands og sjávar, m. a. sjómennsku. Í þessu er fólgin miklu meiri hætta en menn gera sér almennt grein fyrir.

Íslendingar eru fiskveiða- og siglingaþjóð. Sjómennska er einn gildasti þátturinn í lífstaug íslenzks þjóðfélags. Það verður að tryggja, að ávallt sé nægilegt framboð ungra og vaskra manna, sem vilja gefa sig að sjómennsku, hvort heldur er á fiskiflotanum eða kaupskipunum. Við Íslendingar höfum til þessa átt náttúrlegan skóla fyrir uppvaxandi sjómannastétt. Það eru sjávarþorpin okkar og raunar nærliggjandi sveitir — strandbyggðir í sveitum og þorpum. Sjávarbyggðirnar hafa verið sjómannastéttinni þrotlaus uppspretta endurnýjunar. Margar slíkar byggðir dragast nú saman. Þar fer fólkinu fækkandi, bæði beint og óbeint. Svo er a. m. k. um sjávarbyggðirnar á Austfjörðum og Vestfjörðum, við Eyjafjörð og Skjálfanda og víðar, sem lengst af hafa verið forðabúr fyrir sjómannastéttina. Það er ástæða til að óttast, að þjóðlífsbreyting og búsetuþróun kollvarpi þeim náttúrlegu skilyrðum, sem gerðu sjómennsku að sjálfsögðum og eðlilegum hlut í lífi fjölmargra drengja, sem vaxið hafa upp í flæðarmálinu að kalla. Flm. þessarar till. vilja benda á nauðsyn skipulegrar þjálfunar sjómannsefna sem andsvar við þessari hættu. Till. gerir ráð fyrir, að rekið verði skólaskip, eitt eða fleiri, til þess að framkvæma slíka þjálfun sjómannsefnanna. Að sjálfsögðu getur þjálfun sjómannsefna að nokkru leyti farið fram á landi, en skólaskip er forsenda þess, að fullnægjandi verkþjálfun geti átt sér stað.

Eins og fram kemur í grg. hefur vísir að skólaskiparekstri átt sér stað hér á landi á undanförnum árum. Ég ætla ekki að rekja þá starfsemi, en ég þori að fullyrða, að reynslan af henni bendir eindregið í þá átt, að rétt sé að koma á föstum skólaskiparekstri og árlegri sjómannaþjálfun.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál fari til þn. til athugunar, og ég vil þá mega beina því til væntanlegrar n. að kynna sér þá starfsemi, sem unnin hefur verið til þessa á þessu sviði. Ég hygg, að þessar tilraunir, sem eru mjög lofsverðar, styðji nauðsyn þess máls, sem hér er til umr. Á þessu sviði þurfum við að gera meira en hingað til, og þá er ekki gert lítið úr þeirri starfsemi, sem Reykjavíkurborg og Akureyrarbær og fleiri aðilar hafa staðið að.

Þessi till. er borin fram í þeirri trú, að Alþ. vilji taka þetta mál til ákvörðunar og feli ríkisstj. að annast framkvæmd þess á þann hátt, að viðhlítandi sé. Íslenzk sjómannastétt hefur löngum verið talin dugmikil, og vel verki farin. Má öðru fremur þakka það þeirri staðreynd, að nýliðar í sjómennsku hafa alla jafna alizt upp við hagstæð skilyrði, sem bæði hafa beint áhuga þeirra að sjómennsku og gert þá

færari en ella til þess að tileinka sér sjómannsstörfin, sem vissulega eru vandasöm og krefjast bæði snerpu og áræðis auk lagvirkni. Þessara eiginleika mun verða þörf framvegis sem hingað til, og það skiptir miklu máli, hversu til tekst um undirbúningsþjálfun og framboð sjómannsefna.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði frestað um þetta mál og till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Atvinnulýðræði.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var útbýtt:

Till. til þál. um atvinnulýðræði [96. mál] (A. 120).

Á 19., 24., og 33. fundi í Sþ., 11. og 18. des., 26. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Till. þessi er flutt af Ragnari Arnalds, formanni Alþb., en þar sem hann á ekki sæti á Alþ. nú, þá mun ég mæla hér nokkur orð fyrir þessari till.

Aðalefni till. er, að skipuð verði 11 manna n., sem hafi það verkefni að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Í till. segir, að löggjöfin skuli í 1. áfanga vera miðuð við áætlun, sem gerð verði til tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenzkum atvinnuvegum, og ber sérstaklega að stefna að því í fyrstu lotu að veita launþegum ríkisfyrirtækja og þá einkum iðnfyrirtækja veruleg bein áhrif á stjórn þeirra, en starfsmönnum í einkarekstri víðtæk ráðgefandi áhrif, eins og segir í till. Gert er ráð fyrir því, að atvinnurekendur fái aðstöðu til þess að tilnefna af sinni hálfu 3 menn í þessa n. og launþegasamtökin 3 menn, þingflokkarnir 4 tilnefni sinn manninn hver, en síðan skipi ráðh. einn í n., sem verði formaður hennar.

Þessari þáltill. fylgir mjög ýtarleg grg., þar sem m. a. er vikið nokkuð að því, hvernig unnið hefur verið að framkvæmd á þessu máli og hliðstæðum málum í öðrum löndum, m. a. í Englandi, Noregi og Júgóslavíu, en í öllum þessum löndum hefur verið unnið að því með ýmsum hætti að reyna að koma á atvinnulýðræði, þ. e. a. s. að gefa starfsmönnum hinna einstöku fyrirtækja rétt til þess að hafa veruleg áhrif á stjórn fyrirtækjanna. Í þessari ýtarlegu grg. er einn kafli, sem mér þykir rétt að lesa hér upp, en hann skýrir nokkuð nánar, hvað hér er um að ræða. Þar segir:

„Krafan um fullkomið lýðræði er krafan um jafnrétti þegnanna á öllum sviðum þjóðlífsins. Jafnt og þétt hefur þessi krafa náð fram að ganga á fleiri sviðum og í æ fleiri löndum.

Pólitískt lýðræði og lýðræði í félagsmálum eru hvort tveggja kröfur, sem óðum eru að ná almennri viðurkenningu sem grundvallarréttindi hvers manns. Er þá átt við prentfrelsi, málfrelsi, félagsfrelsi, almennan kosningarrétt, jafnrétti kynjanna o. s. frv.

Jafnrétti í menntamálum er gömul réttlætiskrafa. Er þá átt við jafna aðstöðu manna í uppeldis- og menntamálum án tillits til uppruna eða aðstæðna og jöfn skilyrði til að njóta gæða menningarlífsins. Krafan um skólalýðræði er nú mjög til umr., og hafa stúdentar þar forystu. Er þess að vænta, að nemendaráð verði sett á stofn í öllum æðri skólum innan skamms.

Krafan um efnahagslegt lýðræði er tvíþætt: Annars vegar er átt við, að lífskjör manna og fjárhagsleg afkoma sé sem jöfnust, svo að allir hafi jafna möguleika til að njóta lífsgæðanna. Hér er því átt við fjárhagslegt jafnrétti allra manna. Hins vegar er átt við jafna aðstöðu manna til að hafa áhrif á stjórn efnahagslífsins og þá um leið til að vinna gegn fjárhagslegu misrétti. Einokun fárra manna á stjórntækjum efnahagskerfisins hefur og í för með sér drottnun þeirra yfir atvinnulífinu. Efnahagslegt lýðræði er því nátengt atvinnulýðræði. Munurinn er sá, að hið fyrra beinist að efnahags- og atvinnulífinu í heild sinni, en atvinnulýðræði er fyrst og fremst bundið við vinnustaðinn, fyrirkomulag rekstrarins á hverjum stað.

Það er vissulega óeðlilegt, að þjóðfélagið viðurkenni lýðræði sem grundvallarreglu, en neiti að framfylgja þessari reglu í mikilvægasta þætti þjóðlífsins — atvinnulífinu. Þess vegna er það ein helzta krafa verkalýðshreyfingarinnar víða um heim í dag, að sigurganga lýðræðisins sé ekki stöðvuð við dyr vinnustaðanna."

Auk þessa, sem ég hef nú rakið um almenn atriði þessa máls, er svo í grg. vikið í allýtarlegu máli að því, hvernig mætti vinna að því að koma á atvinnulýðræði, þ. e. a. s. auknu áhrifavaldi hins vinnandi fólks í atvinnulífinu. Þar er m. a. drepið á, að það sé hægt að vinna að þessu í áföngum, þ. e. a. s. veita starfsfólkinu ýmis tiltölulega takmörkuð réttindi á fyrsta stigi til áhrifa á það, hvernig staðið er að atvinnurekstrinum eða hvernig búið er um alla hnúta á vinnustöðum og við atvinnurekstrinn, en síðan er hægt að veita starfsfólkinu enn aukin réttindi, þar til að því kemur, að starfsfólkið fær beinan rétt til þess að ráða hinum þýðingarmestu málum varðandi rekstur fyrirtækjanna.

Þetta mál hefur verið flutt hér á Alþ. áður og flm. þess, sá, sem flytur þetta mál, hefur þá mælt hér fyrir því allýtarlegu máli, og því sé ég ekki ástæðu til þess að rekja það í öllu lengra máli hér að þessu sinni. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, og ég hygg, að menn úr öllum stjórnmálaflokkum viðurkenni, að vissum hluta a. m. k., að hér sé hreyft mikilvægu máli, sem nauðsynlegt er að vinna að. Till. gerir sem sagt ráð fyrir því, að sett verði á fót allstór nefnd, sem undirbúi löggjöf, sem miðar að því að koma á auknu atvinnulýðræði hér í fyrirtækjarekstri í okkar landi.

Að lokinni þessari umr. legg ég svo til, herra forseti, að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. allshn., á þskj. 669, var útbýtt 8. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

15. Elliheimili á Dalvík í minningu Bjarna Pálssonar landlæknis.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt:

Till. til þál. um elliheimili á Dalvík, er verði í minningu Bjarna Pálssonar landlæknis [111. mál] (A. 142).

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

16. Efling iðnrekstrar.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um eflingu iðnrekstrar [118. mál] (A. 171).

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 171 er till. til þál. frá mér og fjórum öðrum hv. alþm. um eflingu iðnrekstrar. Till. þessi er flutt af þeirri nauðsyn, að við Íslendingar hljótum, eins og aðrar þjóðir, að stefna að því að auka fjölbreytni atvinnuveganna. Þetta gildir náttúrlega því fremur hér á Íslandi en með öðrum þjóðum vegna þess, að atvinnuvegirnir hafa frá upphafi verið einhæfir og útflutningsframleiðslan þar af leiðandi einskorðuð við sjávarafurðir og er svo enn.

Það eru litlar líkur á því, að landbúnaður og sjávarútvegur geti tryggt þjóðinni bæði nægan atvinnu og góða afkomu á komandi árum, þó að auðvitað sé, að stefna beri að því að efla þá með öllum tiltækum ráðum. En vandinn verður að okkar dómi ekki allur leystur með því, heldur þarf stóraukinn iðnaður til að koma, og athygli manna beinist nú í vaxandi mæli einmitt að þeim þætti.

Við höfum oft talið hér, bæði á hv. Alþ. og annars staðar, að eðlilegast væri, að íslenzkur iðnaður ynni aðallega úr innlendu hráefni, og vera má, að það sé affarasælast að einbeita sér að því. Þó ber að hafa í huga, að frá ýmsum nágrannaþjóðum liggja fyrir upplýsingar um það, að mikill hluti af útflutningsframleiðslu þeirra er framleiddur úr innfluttum hráefnum. Við flm. þessarar till. teljum, að ýmiss konar iðnaður ætti að geta haft svipaða aðstöðu hér á landi, þó að viðurkenna megi, að framleiðsla úr innlendum hráefnum verði okkur hagfelldust.

Því er ekki að neita, að á vissu skeiði reis hér upp talsverður iðnaður á síðari áratugum, en nú er mjög skipt sköpum í því, þar sem undanfarin ár hefur ríkt stöðnun og samdráttur á því sviði. Þær ástæður, sem valda því, eru eflaust margar, en þó aðallega tvær, þ. e. takmarkað fjármagn, sem iðnaðarfyrirtækin hafa haft yfir að ráða og taumlaus innflutningur á erlendum iðnaðarvörum. Markaðurinn hér er svo lítill, að það er tæpast starfsgrundvöllur fyrir nema kannske eins og eitt vel rekið fyrirtæki, og þarf þá engum getum að því að leiða, hvaða óheppileg áhrif óheftur innflutningur sams konar varnings og þess, sem við getum sjálfir framleitt með góðum árangri, hefur á starfsemi iðnaðarfyrirtækjanna. Það vantar svo sem ekki, að margir hafa hér á undanförnum árum lýst stuðningi við eflingu iðnrekstrar. En þó er það

svo, að þegar till. hafa verið fluttar hér á hv. Alþ. af okkur stjórnarandstæðingum a. m. k., hefur meiri hl. Alþ. ævinlega snúizt öndverður við þeim, fellt þær eða ekki afgreitt þær.

Fyrir nokkrum árum flutti ég ásamt öðrum hv. þm. till. um rannsókn á samdrætti í iðnaði. Þeirri till. var vísað frá hér af meiri hl. Alþ. á þeim forsendum, að hér væri um fjarstæðu að tefla. Svo víðs fjarri færi því, að um nokkurn samdrátt í iðnaðinum væri að ræða. Nú held ég, að þessi viðbára sé ekki lengur uppi höfð, enda þýðingarlaust að berja höfðinu við steininn á þann hátt. Það hefur vissulega verið samdráttur hér í vissum tegundum iðngreina, mjög mörgum. Og þó að eitthvað kunni að hafa verið gert í öðrum greinum til þess að vega þar upp á móti, eins og t. d. skipasmíðinni fyrst og fremst, þá er það augljóst öllum, sem þessi mál skoða, að það hefur hvergi nærri dugað til að vega upp þann mismun, hvergi nærri. Það er einmitt þessi smái iðnaður, sem fólkið hefur atvinnu af, sem getur ekki eða illa unnið önnur störf, sem er þjóðhagslega hagkvæmt að reka. Ég minnist þess hérna fyrir nokkrum dögum, að verið var að ræða um efnahagsmál. Þá var einn hv. þm., sem hélt því fram, að það skipti ekki meginmáli, hvort framleitt væri fyrir innlendan eða erlendan markað. Því meira, sem notað væri innanlands af iðnaðarframleiðslu, þeim mun minna yrði til útflutnings. Þessari kenningu mótmæli ég algerlega, gerði það þá og geri enn, því að vitanlega er það staðreynd, að margt af því fólki, sem getur framleitt léttan iðnaðarvarning, fer ekki út á fiskimið og dregur þar afla úr sjó. Það fer ekki upp í sveit og heyjar handa dilkum, sem við getum svo selt kjötið af til annarra landa. Þetta er á algerum misskilningi byggt. Og þess vegna verðum við kannske fyrst og fremst af þessari ástæðu að snúa okkur að eflingu þess iðnrekstrar, sem við getum rekið hér með hagkvæmum hætti.

Fyrsti liður þessarar till. fjallar um það, að lagt verði fyrir Rannsóknaráð ríkisins í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands að taka til rækilegrar athugunar og rannsókna, hvaða iðngreinar geti hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll og hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrannalöndum Íslands. Jafnframt verði kannað, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar og tiltækar til þess að búa sem allra flestar iðngreinar þannig í stakk, að þær geti mætt samkeppni frá öðrum þjóðum. Áliti verði skilað sem fyrst og það birt almenningi, svo að orðið geti m. a. til leiðbeiningar þeim, sem vilja hefja nýjan iðnrekstur.

Þessi till. er ekki ný. Sams konar till. hefur áður verið flutt á Alþ. kannske oftar en einu sinni. En ég vitna til þess, að árið 1960 var till. um þetta efni flutt hér á hv. Alþ. af Karli Kristjánssyni, sem þá átti hér sæti. Þessa athugun hefði þurft að gera fyrir löngu og hafa niðurstöður hennar að leiðarljósi um það, hvaða iðngreinar ætti hér að leggja áherzlu á, og margt mundi vera hér á annan og betri veg, ef á þetta ráð hefði verið brugðið. En sérstaklega er þó augljóst, hversu brýn þessi athugun hefur verið nú, eftir að búið er að senda umsókn Íslands um inngöngu í Fríverzlunarbandalag Evrópu, því að á það hlýtur einmitt að reyna, ef eitthvað verður meira úr því máli heldur en orðið er, hvaða tegund iðnrekstrar við eigum að leggja áherzlu á. Hvaða iðngrein er það, sem hefur möguleika til þess að standast þá samkeppni, þá geysihörðu samkeppni, sem framundan er fyrir íslenzkan iðnaðarvarning?

Það er mikill misskilningur, ef menn halda, að 100 millj. manna, eins og maður heyrir stundum talað um, bíði eftir því málþola að segja má, að íslenzkur varningur komi þar inn á markaðinn, tilbúinn til að kaupa allt, sem við getum losað okkur við. Nei, við þurfum svo sannarlega að vinna þessum vörum okkar markað og það verður ekkert létt verk í samkeppni við þann þróaða iðnað, sem í þessum löndum er fyrir. Þetta eru ekki nein nýlenduríki, sem við ætlum að fara að sameinast, sem ekki hafa hliðstæðan iðnað eða boðlegan iðnaðarvarning og sambærilegan við það, sem Íslendingar framleiða. Þvert á móti. Þetta eru þjóðir, sem í áratugi, árhundruð hafa verið einar fremstu iðnaðarþjóðir veraldar, sem við ætlum að taka upp samkeppnina við. Ég er ekki að segja endilega, að þetta sé vonlaust. Það getur vel verið, að okkur takist að framleiða þá vöru, sem margir vilja kaupa. En það verður áreiðanlega ekki gert án rækilegs undirbúnings og könnunar, og það verður ekki gert öðruvísi en með öflugri markaðsleit, og að þessu þurfum við náttúrlega að fara að vinna og hefði átt að vera byrjað að vinna fyrir lifandi löngu. Mér dettur í hug, að helztu möguleikar íslenzks iðnaðar, og það er nú eingöngu byggt á mínu leikmannssjónarmiði, séu fólgnir í því, að hér verði framleiddar fáar, vandaðar, verulega vandaðar vörutegundir. Það er margt fólk í Skotlandi, sem lifir á því að prjóna peysur. Það er varningur, sem alls staðar er seldur dýrt og gefur góðar tekjur. Þannig má margt telja. Ég skal ekki þreyta hv. þm. á því. En mér dettur í hug, að eitthvað slíkt mundi verða lausn Íslendinga í þessu máli, að einbeita sér að vöruvöndun, dýrum og vönduðum vörum frekar en fara í samkeppni á ódýrri fjöldaframleiðslu við þá, sem þegar hafa betri skilyrði til þess en við höfum enn og því miður eru litlar líkur á, að við öðlumst.

En það er auðvitað skylt að játa það, að núna á allra síðustu mánuðum hefur nokkur breyting orðið á afstöðu manna til þessara hluta. Bæði Félag ísl. iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga, iðnaðardeild, hafa komið auga á, að það þarf meira að gera en ganga í Fríverzlunarbandalagið til þess að selja vöruna, og hafa bæði þessi félagssamtök stofnað hjá sér sérstaka söludeild, sem á að hafa útflutningssjónarmiðin að markmiði. Það er auðvitað góðra gjalda vert, en ég tel og við flm. þessarar till., að opinber forusta verði hér til að koma. Þess vegna fjallar 1. liður till. um það atriði, eins og ég hef gert grein fyrir.

Annar töluliður till. fjallar um sérstaka lánafyrirgreiðslu til þeirra iðnfyrirtækja, sem keppa við

erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufresti og að komið verði upp sérstöku útflutningslánakerfi fyrir iðnaðinn.

Þriðji töluliður er um það, að rekstrarlán til iðnaðarins verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina. Það hafa verið gerðar hér nokkrar samþykktir á Alþ. um, að iðnaðurinn fengi svipuð endurkaup á afurðavíxlum sínum og landbúnaður og sjávarútvegur búa við, en þrátt fyrir samþykktir Alþ. um það, hefur framkvæmdin ekki tekizt að neinu marki. T. d. minnist ég þess, að við s. l. áramót má ég segja, að það hafi verið, að þá var hlutur iðnaðarins í endurkeyptum afurðavíxlum eitthvað um 72 millj. kr., þegar heildarfjárhæð endurkeyptra víxla var 1438 millj. kr., svo að menn sjá, að fyrirgreiðsla sú, sem iðnaðinum hefur tekizt að notfæra sér eftir þessum leiðum, er ekki mikil, svo að ekki sé meira sagt.

Það er skylt að kannast við, að núna á allra síðustu vikum hefur Seðlabankinn nokkuð breytt um stefnu í þessu máli. Og í bréfi til viðskiptabankanna, sem dags. er 14. febr. s. l., er skýrt frá því, að Seðlabankinn vilji veita fyrirgreiðslu eitthvað um 100—150 millj. kr. til aukningar á rekstrarfé iðnaðarins á næstu mánuðum. En þessi fyrirgreiðsla á að vera þannig, samkvæmt þessu bréfi, að lán til Seðlabankans verði öll veitt beint til viðkomandi viðskiptabanka, er endurlánar fé til viðskiptamanna sinna. Skal að jafnaði miða við það, að á móti láni Seðlabankans komi jafnmikið fé frá viðkomandi viðskiptabanka. Lánstíminn fer eftir aðstæðum og skal yfirleitt aldrei lengri en tvö ár. Skulu endurgreiðslur hefjast í síðasta lagi eftir 6 mánuði. Stefnt verður að því, að þessi lán geti að mestu greiðzt af auknu eigin rekstrarfé viðkomandi fyrirtækja, en að nokkru eiga viðskiptabankarnir að geta yfirtekið lánin, þegar aukning innlána kemst aftur í eðlilegra horf, og fyrr í þessu bréfi er frá því sagt, að Seðlabankinn muni einungis taka þátt í lausn vandamála, er varða stærri fyrirtæki, sem einstakir viðskiptabankar eigi erfitt með að veita viðhlítandi fyrirgreiðslu.

Það er náttúrlega góðra gjalda vert, að hér hefur verið brugðið nokkuð við og komið til móts við endurteknar kröfur, sem fluttar hafa verið hér á hv. Alþ. um aukið rekstrarfjármagn til iðnaðarfyrirtækja. En þessar reglur eru áreiðanlega mjög erfiðar í framkvæmd og þungar í vöfum. Til marks um, að það er ekki bara mín skoðun, vil ég segja frá því hér, að atvinnumálanefnd Reykjavíkur gerði ákveðnar till. til úrbóta einmitt í þessu máli. Þær hafa nú verið lagðar fram á sérstöku þskj., þskj. 273, og skal ég ekki eyða tíma þm. í að rekja þær. En umsögn formanns atvinnumálanefndar Reykjavíkur um þær till., sem Seðlabankinn hefur nú gert til úrbóta í þessu, er á þann veg, að hér sé hvergi nærri viðhlítandi fyrirgreiðsla, sem um er að ræða, og n. starfi áfram að því að fá betri úrlausn þessara mála, þannig að þrátt fyrir þessar aðgerðir, sem ég skal út af fyrir sig ekki vanmeta, þó að vankantar séu á, þá er sýnilegt, að meira að segja þeir, sem vinveittari eru stjórnarforystunni, heldur en ég og mínir líkar, telja, að hér sé ekki nægilega vel að unnið. Þess vegna eiga þær till., sem hér eru til umr., bæði í 3. og 4. lið þeirrar þáltill., sem ég er hér að mæla fyrir, ennþá fullan rétt á sér. Það er full ástæða til þess, að hv. Alþ. láti til sín taka um það, hvernig þessum málum er fyrir komið, en þeirri ábyrgð sé ekki allri varpað á aðra.

Fimmti liður þessarar till. er um það, að smíði fiskiskipa og flutningaskipa verði haldið áfram og hún aukin í landinu, og jafnframt verði hafin smíði fiskibáta á vegum ríkisins með það fyrir augum að endurnýja og efla þann hluta fiskiflotans, sem einkum aflar hráefnis til vinnslu í hraðfrystihúsum. Hér er vikið að iðnaði, sem hefur sýnt, að hagkvæmt er að leggja stund á og er náttúrlega mjög slæmt, að ekki skuli hafa verið miklu fyrr brugðið á það ráð að smíða fiskiskip okkar hér innanlands. Ef það hefði verið gert á undanförnum árum, áratugum kannske, er enginn vafi á því, að íslenzkar skipasmíðastöðvar væru komnar langt og þær gætu framleitt vöru, sem fyllilega stæðist snúning því, sem bezt er gert annars staðar. Ég held, að á þessu leiki tæpast nokkur vafi. Það er hörmulegt til þess að vita, að við skulum hafa orðið að láta aðrar þjóðir — samkeppnisþjóðir okkar í þessum greinum — mata krókinn á því að smíða fyrir okkur okkar eigin báta.

Hér áður fyrr var það svo, að í flestum útgerðarbyggðarlögum voru menn, sem smíðuðu fiskiskipin. Það var enginn milliliður, sem tók af því ómældan gróða, að menn höfðu fley til að róa á. Nú er þetta allt öðru vísi. Á undanförnum árum hafa, eins og ég sagði, aðrar þjóðir annazt þetta fyrir okkur til ómælds óhagræðis fyrir íslenzkan iðnað og íslenzkar fiskveiðar og þar með íslenzku þjóðina í heild. Þessi mál hafa nokkuð verið rædd hér að undanförnu og m. a. með hliðsjón af þeim umr., svo og með tilvísun til þeirrar grg., sem er allýtarleg og fylgir þáltill., sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta, nema þá tilefni gefist, og leyfi ég mér að leggja til, að þessari umr. verði nú frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Sparifjárbinding.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um afnám sparifjárbindingar [121. mál] (A. 175).

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þessi till. er gamall kunningi hv. þm. Hún hefur verið flutt hér á öllum þingum að ég held síðan 1960, er fyrst var farið að beita ákvæðum seðlabankalaga um, að hluti af sparifjáraukningunni yrði bundinn í Seðlabankanum. Ég mun þess vegna hafa mjög stutta framsögu fyrir till. að þessu sinni.

Bundið fé bankanna og annarra peningastofnana á reikningum í Seðlabankanum er nú eitthvað um 2000 millj. kr. Aðalröksemdin fyrir því, að sparifjárbindingunni hefur verið haldið uppi, hefur ávallt verið sú, að til þess að draga úr þenslu væri nauðsynlegt að taka einhvern hluta af sparifé landsmanna úr umferð. Nú hefur þessi kenning að vísu verið umdeild á undanförnum veltiárum, m. a. vegna þess, að menn hafa litið svo til, að þegar fyrirtæki eru rekin svo mjög með lánsfé, eins og hér er raun á, hafi ekki veitt af því, að atvinnureksturinn gæti fengið það sparifjármagn í sína þágu, sem nokkur tök eru á. En hvað sem segja má um þessa kenningu, þegar vel hefur gengið, eins og undanfarin ár, er þó alveg víst, að hún getur ekki átt við núna, þegar allir viðurkenna, að stórfelldur samdráttur hefur orðið í atvinnulífi landsmanna og vaxandi atvinnuleysi er staðreynd, sem hér er nýlega búið að ræða á hv. þingi. Það er auðvitað skylt að sporna gegn þessari óheillaþróun með því að örva atvinnureksturinn, m. a. með auknu fjármagni, enda er þetta viðurkennt af öllum. Þess vegna tel ég, að þrátt fyrir það, að þessi till. hafi verið felld á undanförnum 8 eða 9 þingum, hljóti hún að verða samþykkt núna. Ef hv. stjórnarliðar gera það ekki, eru þeir að bregðast þeirri efnahagsmálakenningu, sem þeir hafa fylgt undanfarin 10 ár — að draga inn, þegar verðbólga er, þegar vöxtur er, en láta út, þegar samdráttur er, og ætti þess vegna ekki að þurfa að eyða mörgum orðum að þessu.

En það er svolítið fleira í þessari till. núna, heldur en verið hefur. Það er það, að vegna þess að flestir viðskiptabankarnir hafa stofnað til skulda við Seðlabankann á síðustu erfiðleikaárum, þá er lagt til, að gerðir verði samningar við Seðlabankann til eins árs í senn um, að viðskiptabankarnir taki þátt í útlánum til atvinnulífsins og um það, hvernig aukning innlána skuli skiptast eftir atvinnugreinum og svo hvað skuli ganga til að bæta stöðu viðkomandi banka við Seðlabankann. Það er auðvitað vitað mál, að viðskiptabankarnir verða að borga þessar yfirdráttarskuldir, sem stofnað er til í óleyfi, þó að það sé af illri nauðsyn gert, en jafnvíst er hitt, að ef öll sparifjáraukningin verður notuð til þess að greiða þessar skuldir, kemur ekkert til atvinnuveganna, og þá stöndum við í sama farinu, en að reka banka eða peningastofnun eins og víða hefur verið gert undanfarið, að borga hærri vexti af fjármagninu, sem maður lánar út, heldur en lögum samkvæmt má taka, það er vitanlega fráleitt og getur ekki staðið til neinnar frambúðar.

Ég tel, að þessari sparifjárbindingu ætti nú að létta af. Það er ekki í till. farið fram á, að því fjármagni, sem þegar hefur safnazt á bundna reikninga, verði skilað, heldur aðeins, að sú sparifjáraukning, sem í vændum er, verði gefin frjáls. Ég vil segja það sem mína skoðun, að þessi ofstjórn á peningamálum, eins og viðgengizt hefur nú undanfarið, að Seðlabankinn tekur svo stóran hlut til ráðstöfunar og úthlutar því sjálfur, meðan viðskiptabankarnir geta ekki gegnt hlutverki sínu, er algerlega fráleitt. Við höfum hér þrjá ríkisbanka með 8 bankastjórum. Þessir menn eru valdir í þessi störf, og það hlýtur að þýða, að þeim er treystandi til þess að ráða yfir því fjármagni, sem bönkunum er trúað fyrir, en það þurfi ekki æðri stjórn ofan á þessa stjórn til þess að úthluta þessum krónum. Það kann að vera, að það þyki svo nauðsynlegt að ná í sparifé einkabankanna, að þess vegna þurfi að hafa þennan háttinn á. En þegar þess er gætt, að einkabankarnir eru ekki með nema um 1000 millj. samtals af 9—10 þús. millj., sem sparifé landsmanna er, sýnist manni vera langt seilzt til þess að ná í þær krónur, sem þannig myndast.

Ég legg til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Einkaréttur Íslands til landgrunnsins.

Á deildafundum 10. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um einkarétt Íslands til landgrunnsins [129. mál] (A. 241).

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Stórvirkjanir og hagnýting raforku.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um stórvirkjanir og hagnýtingu raforku [136. mál] (A. 249).

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er, að Alþ. álykti að kjósa 7 manna n., sem hafi það verkefni að kynna sér möguleika til að hraða stórvirkjunum vatns- og hitaorku, stofnun orkufreks iðnaðar og aukinni notkun raforku til hitunar o. fl. N. skal skila skýrslu til Alþ. svo tímanlega, að hægt verði að ræða hana á næsta þingi. Ráðh. sá, sem fer með orkumál, skipar formann n. Kostnaður við n. skal greiddur úr ríkissjóði.

Í grg. till. eru færðar fram nokkrar röksemdir fyrir því, að þessi till. er flutt. Má segja, að það sé einkum tvennt, sem reki á eftir því, að slík rannsókn og hér um ræðir, verði gerð sem allra fyrst eða henni verði hraðað sem mest.

Í fyrsta lagi er að nefna, að innan 6 ára eða jafnvel skemmri tíma verður svo komið hér á orkusvæðinu suðvestanlands, að skortur verður á raforku, nema ný virkjun hafi verið reist fyrir þann tíma. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem voru lagðar fyrir Alþ., þegar lög um Búrfellsvirkjun voru samþykkt, var reiknað með því, að ef væri um að ræða eðlilega aukningu á raforkunni hér innanlands eða í samræmi við það, sem hefur áður verið og álbræðslan fengi það orkumagn frá Búrfellsvirkjun, sem samið var um og verða mun, þ. e. um 60% af orkunni, þá mundi sem sagt sú orka, sem Íslendingar fá sjálfir til ráðstöfunar, vera þrotin ekki síðar en í árslok 1975, og þess vegna þyrfti að vera búið að reisa nýja orkustöð eða nýtt orkuver fyrir þann tíma, ef ekki ætti að koma til sögunnar orkuskortur á orkusvæðinu hér suðvestanlands, þ. e. á Suðurlandi og Vesturlandi. Það liggur því í augum uppi, að það þarf að fara að hraða undirbúningi þessa máls — að koma upp nýju orkuveri. Er þar í mesta lagi um 6 ára tímabil að ræða, þangað til sú orka er þrotin, sem við eigum kost á á næstunni án nýrrar virkjunar. Mér er sagt, að síðar hafi verið gerðir útreikningar, sem bendi jafnvel til þess, að þessi orka frá Búrfellsvirkjun verði fullnýtt fyrir þann tíma, sem gert var ráð fyrir, þegar lögin um Búrfellsvirkjun voru til umr. hér í þinginu á sínum tíma.

Þetta er annað atriði, sem veldur því, að það er nauðsynlegt að hafa hraðan á í þessum efnum, en hitt er það, sem er kannske ekki síður þýðingarmikið, að ýmsar nýjar orkulindir, eins og t. d. kjarnorkan, virðast koma til með að kosta minna í náinni framtíð og jafnvel reiknað með, að kostnaðurinn við framleiðslu þessarar orku fari mjög lækkandi á næstu árum og áratugum. Þess vegna er það mikilsvert fyrir okkur að vera, áður en svo er komið, búnir að hagnýta sem mest af þeim náttúrlegu orkulindum, sem við ráðum yfir. Af þeim ástæðum einnig, auk orkuskortsins, sem er yfirvofandi hér, þurfum við að hafa hraðan á í þessum efnum.

Undirstaða þess, að eitthvað sé hægt að gera í þessum efnum og hefjast handa um framkvæmdir, er, að gerðar séu nauðsynlegar rannsóknir, sem framkvæmdirnar eru svo síðar reistar á. Það má segja, að þetta rannsóknarstarf sé tvíþætt. Í fyrsta lagi þurfa þær að beinast að því að rannsaka orkuskilyrðin sem bezt og þannig liggi það ljóst fyrir, hvað sé framkvæmanlegt í þessum efnum, og í öðru lagi þurfa þessar rannsóknir að beinast að því, hvaða möguleikar séu fyrir hendi, til þess að orkunýtingin geti orðið meiri en hún er nú. Kemur þá fyrst til athugunar að rannsaka það, hvort möguleiki sé hér fyrir hendi til að koma hér upp einhverjum orkufrekum iðnaði eða nýta raforkuna á einhvern nýjan hátt, t. d. meira til hitunar, heldur en áður hefur verið gert.

Ég ætla þá fyrst að víkja nokkrum orðum að þeim þætti þessara rannsókna, sem beinast að því, að við könnum þá möguleika, sem við höfum til þess að koma hér upp orkuverum á framkvæmanlegan hátt. Það er rannsókn á orkuskilyrðunum í landinu sjálfu. Þetta er að sjálfsögðu undirstaðan,

því að áður en hægt er að hefjast handa, verðum við að gera okkur sem nánasta grein fyrir því, hvað orkan muni kosta, sem hægt verður að framleiða, og framkvæmdirnar verða því aðeins mögulegar, að rannsóknirnar sýni, að þetta orkuverð verði ekki óeðlilega hátt. Það skal viðurkennt, að á sínum tíma var mjög kappsamlega eða vel unnið áð rannsókn á þeim virkjunarskilyrðum, sem voru við Búrfell. Á grundvelli þeirra rannsókna var svo ráðizt í þá framkvæmd. Hins vegar hefur gangur þessara mála því miður orðið þannig síðan, að mjög hefur dregið úr hraða þessara rannsókna. Það var strax dregið nokkuð úr fjárveitingu til þessara orkurannsókna á árinu 1966 og einnig 1967, og á seinasta ári var svo komið, að ekki var fyrir hendi nein fjárveiting til þess að halda uppi útirannsóknum á Þjórsársvæðinu, þar sem margir telja, að líklegt sé, að næstu virkjanir verði reistar. Þegar það var ekki einu sinni hægt að halda uppi eðlilegum orkurannsóknum á þessu svæði, þá dró náttúrlega enn þá meira úr orkurannsóknum annars staðar í landinu. Mér finnst rétt að rifja það upp í þessu sambandi, að blaðamaður, sem starfar við Morgunblaðið, Elín Pálmadóttir, átti mjög athyglisvert viðtal við forstöðumenn Orkustofnunarinnar, sem birtist í Morgunblaðinu 23. janúar s. l. undir fyrirsögninni „Tímahrak með rannsóknir á Þjórsársvæðinu." Í upphafi viðtalsins komu m. a. þessar upplýsingar fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkustofnunin hefur á hendi undirstöðurannsóknir, sem áframhaldandi virkjanir fallvatna landsins byggjast á, og eru þeir, sem að þeim vinna nú, farnir að hafa af því þungar áhyggjur, að þeir séu komnir í tímahrak með rannsóknir á Þjórsársvæðinu, ekki sízt þar sem þeir gátu nær ekkert gert þar s. l. sumar. Ef hugmyndir þær um hraða uppbyggingu stóriðju suðvestanlands, sem komið hafa fram nýlega og iðnmrh. hefur skýrt frá í blöðum, verða að veruleika, kann svo að fara, að mjög naumur tími gefist til þessara undirstöðurannsókna. Sé reynt að drífa þessar rannsóknir af á of naumum tíma, verða þær miklu kostnaðarsamari en ella og niðurstöður þeirra óöruggari, þar eð ekki gefst tími til að sannprófa ályktanir."

Þá kemur það enn fremur fram í þessu viðtali við forstöðumenn Orkustofnunarinnar, að þeir hafi að undanförnu einbeitt sér að rannsókn Þjórsársvæðisins, því að líklegt er, að næsta virkjun verði þar. Í framhaldi af þessu segja þeir í viðtalinu við Morgunblaðið:

„S. l. sumar ætluðum við að snúa okkur að rannsóknum við Þórisvatn, en af því gat ekki orðið vegna fjárskorts. Fjárveitingar til virkjanarannsókna hafa litlum breytingum tekið í krónutölu um nokkur undanfarin ár, en það þýðir lækkun á raungildi vegna verðbólgunnar. Niðurskurður á árinu 1968 kom sér sérstaklega illa, og var engu fé unnt að verja til rannsókna úti á víðavangi á Þjórsársvæðinu. Þetta er sérstaklega bagalegt, þar sem allt bendir til, að vatnsmiðlun við Þórisvatn verði næsta framkvæmdin eftir Búrfelli. Þórisvatnsmiðlun hefur margslungin áhrif á alla nýtingu vatnsaflsins í Þjórsá og er því miður ekki nándar nærri eins sjálfgefin í mynsturáætlun og Búrfellsvirkjun. Þegar ráðizt er í fyrstu framkvæmdir við Þórisvatn, er nauðsynlegt að tryggja, að þær falli sem eðlilegur áfangi inn í framhaldsframkvæmdir þar. Til þess þarf í upphafi að hafa hliðsjón af framhaldinu. Sé þessa ekki gætt, er sú hætta fyrir hendi, að fyrstu mannvirkin verði ónothæf síðar, að ekki sé sagt, að þau verði beinlínis til trafala við síðari framkvæmdir, en því aðeins er gerlegt að taka tillit til þess í byrjun, að menn hafi gert sér ljóst í megindráttum, hvert framhaldið skuli vera. Til þess eru rannsóknir ennþá ónógar."

Þá kemur það ennfremur fram í þessu viðtali, að forstöðumenn Orkustofnunarinnar telja ekki aðeins nauðsynlegt að rannsaka skilyrði við Þórisvatn, heldur einnig miðlunaraðstöðu í sjálfri Þjórsá við Norðlingaöldu. Skilyrðin þar eru hins vegar sáralítið rannsökuð. Í framhaldi af þessu segir Jakob Björnsson deildarverkfræðingur raforkudeildar í viðtalinu við Elínu Pálmadóttur:

„Með tilliti til þess, að þetta hefur áhrif á allar virkjanir Þjórsár, óttumst við nú, að við verðum í tímahraki," segir Jakob Björnsson. „Rannsóknirnar úti við lágu alveg niðri sumarið 1968 vegna fjárskorts, svo að hvorki var hægt að gera neitt við Þórisvatn eða Norðlingaöldu. Við höfum byggt upp rannsóknaráætlun miðað við, að við fikrum okkur upp eftir ánni frá Búrfelli, fyrst upp að Tungnaá og að Þórisvatni og síðan að Norðlingaöldu, en fjárskortur byrjaði að hamla á árinu 1967 og stöðvaði okkur alveg 1968. Nú voru rannsóknir þarna settar á fjárhagsáætlun Orkustofnunar fyrir 1969, en ekki töldu ráðamenn fært að taka kostnað við þær inn á fjárlög. Við vonum þó enn, að úr því geti rætzt, þegar gengið verður endanlega frá framkvæmdaáætlun þessa árs."

Viðtalinu lýkur svo á þennan hátt með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er stuttur tími þar til þarf að leggja út í nýja virkjun, ekki sízt, ef ætlunin er að hraða virkjunarframkvæmdum. Tíminn til rannsókna er því naumur. Ef ekki gefst tími til íhugunar og ályktana milli rannsókna, verða allar rannsóknir miklu dýrari, segja þeir félagar. Á efra Þjórsársvæðinu er ekki unnt að sinna jarðfræðirannsóknum eins og borunum nema 3—4 mánuði á ári. Ef ekki reynist unnt að fá fé til þessara rannsókna í ár, fer enn eitt sumar forgörðum, og ekki munu líða mörg sumur, áður en næstu virkjunarframkvæmdir verða að hefjast. Það mundi mjög auka kostnað að þjappa rannsóknunum svo mjög saman á skamman tíma, svo skamman, að varla gefst tími til íhugana um niðurstöður og ályktanir af þeim. Og með því móti verða niðurstöður óöruggari, svo að aftur getur leitt til mistaka við framkvæmdir. Hér er um mjög dýrar framkvæmdir að ræða, og ekki þarf stórvægileg mistök til að kostnaður vegna þeirra hlaupi á hundruðum millj. Til mikils er því að vinna, að

allar undirbúningsrannsóknir séu sem vandaðastar.“

Þetta er það, sem forstöðumenn Orkustofnunarinnar hafa að segja um virkjunarrannsóknir á Þjórsársvæðinu, en að því svæði hafa svo að segja allar virkjunarrannsóknir beinzt á undanförnum árum. Þetta kemur mjög greinilega fram í erindi, sem Jakob Gíslason, forstjóri Orkustofnunarinnar, flutti í Vísindafélagi Íslands á s. l. hausti og nýlega hefur verið birt í Orkumálum, tímariti, sem Orkustofnunin gefur út, en þar segir hann m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það gildir bæði um vatnsaflið og jarðhitann, að vitneskja okkar um magn, framleiðslukostnað og gæði þeirrar orku, sem úr þeim má vinna, er enn að verulegu leyti í molum. Enn vantar okkur auk annars að vita virkjunarkostnað í stórám landsins öðrum en Þjórsá og Hvítá með þeirri nákvæmni, að talizt geti fullnægjandi, er byrjunarathuganir og umr. um möguleika á stóriðju fara fram, og er þó jafnvel vitneskja okkar í þessu efni um suma hluta Þjórsár og Hvítár mjög takmörkuð.

Ekki er rétt að láta við það sitja að hafa slíka vitneskju um Þjórsár- og Hvítársvæðið eingöngu. Líklegt er, að í öðrum landshlutum, svo sem t. d. í Norðlendinga- og Austfirðingafjórðungi, séu fyrir hendi skilyrði til ódýrra stórvirkjana, sem ekki standa að baki ýmsum virkjunum sunnanlands til vinnslu orku fyrir stóriðju, en komi ekki til mála, meðan vitneskja um virkjunarskilyrðin eru ófullnægjandi. Veruleg frestun á virkjunarrannsóknum í þeim landshlutum getur því orðið til þess, að útiloka þá frá hagnýtingu vatnsaflsins, þótt skilyrði væru góð frá náttúrunnar hendi.“

Hér kemur það eins glöggt fram hjá forstöðumanni Orkustofnunarinnar, að eiginlega hafi ekki verið hægt að sinna virkjunarrannsóknum utan Þjórsársvæðisins á undanförnum árum vegna fjárskorts og það geti leitt til þess, að mjög góð virkjunarskilyrði í öðrum landshlutum verði ekki hagnýtt. Það hefur t. d. eiginlega engin rannsókn, að því er ég bezt veit, sem talizt getur, farið fram á undanförnum árum á möguleikum til að virkja Dettifoss, og þess vegna er þannig ástatt í sambandi við hann, að sérfræðingar telja, að það þurfi ennþá margra ára rannsóknir, áður en hægt sé að fullyrða endanlega um það, hve ódýrir virkjunarmöguleikar eru þar fyrir hendi. Í fyrra var hér á þingi mjög talað um virkjun Dettifoss. Ég má segja, að það hafi verið samþykkt till. hér á Alþ. um það, að fullkomin rannsókn verði látin fara fram á þeim virkjunarmöguleikum, en því miður hafa þær rannsóknir fallið niður að langsamlega mestu á undanförnum árum. Það er einnig dómur margra sérfróðra manna, að það sé möguleiki að framkvæma stórvirkjun í sambandi við Blöndu. Ég hygg, að á undanförnum árum hafi sáralitlar eða jafnvel engar rannsóknir farið fram á þeim virkjunarskilyrðum, sem eru þar og þó væri virkjun Blöndu kannske eitthvert mesta stórmál til þess að tryggja t. d. jafnvægi í byggð landsins, hvað snertir Norðurland, sem um gæti verið að ræða. En sem sagt, rannsóknir á þessum skilyrðum, sem þarna kunna að vera fyrir hendi og margir telja mjög glæsileg, hefur engin orðið á undanförnum árum. Sama gildir um rannsóknir á Austurlandi. Þar er talið, að með því að sameina vötnin inni á hálendinu og veita afrennslinu ofan í Fljótsdal, mundi vera hægt að fá mjög stóra og mikla virkjun þar, en nánari rannsókn á þessum atriðum hefur eiginlega engin farið fram á undanförnum árum, þannig að með því áframhaldi, sem nú er í þessum málum, benda allar líkur til þess, að rannsóknir á þessum virkjunarskilyrðum dragist það mikið, að þær liggi e. t. v. ekki fyrir, fyrr en það er orðið of seint, vegna þess að kjarnorkan eða einhver önnur ódýrari orka kann þá að vera komin til sögunnar.

Jakob Gíslason segir ennfremur í erindi sínu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef við viljum stefna að því að taka orkulindir landsins í notkun á þeim skamma tíma, tveim áratugum eða svo, sem spáð er, að taka muni kjarnorkuna að komast niður fyrir vatnsaflsorkuna í verði, komumst við ekki hjá því að hraða þessum forrannsóknum orkulindanna. Lengri tíma en 8—10 ár megum við ekki ætla okkur til að ljúka þeim. Árlega þyrfti því að verja til þeirra ekki minna en 50 millj. kr., ef mín mjög svo lauslega áætlun reynist rétt.“

Þessi upphæð, sem Jakob nefnir hér, er ekki nema brot af því, sem varið er til orkurannsóknanna nú, — er ekki nema brot af þeirri upphæð, sem Jakob nefnir hér. Og þó hefur hann í samtali, sem ég hef átt við hann eftir að hann flutti þetta erindi, látið þá skoðun í ljós, að hann telji, að þessi áætlun sýni, að við nánari athugun muni hún frekar vera of lág en of há. Þetta gefur fullkomlega til kynna, að við þurfum að taka á þessum málum með allt öðrum hætti en þeim, sem hefur verið gert á undanförnum árum, þ. e. við þurfum helzt að semja skipulagða áætlun um það, hvernig rannsókn á virkjunarmöguleikunum í landinu skuli fara fram og framfylgja henni síðan og verja til hennar því fé, sem nauðsynlegt er talið.

Mér finnst rétt að geta þess, að það hefur gerzt að mér skilst tvennt í þessu máli, síðan þessi till. var lögð fyrir þingið. Í fyrsta lagi hefur ríkisstj. skipað eins konar orkunefnd, þar sem eiga sæti fulltrúar frá hinum ýmsu stofnunum, sem fjalla sérstaklega um þessi mál eins og Orkustofnuninni, Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Rannsóknaráði atvinnuveganna, Seðlabankanum og e. t. v. einhverjum fleiri aðilum, en ráðh. iðnaðarmála skipar formann n. eða er í henni sjálfur. Ég man það nú ekki, hver háttur er á því hafður. Verkefni þessarar n. er að vinna að samræmdum rannsóknum eða samræmdari rannsóknum þessara aðila, og er ekki nema gott um það að segja. Það má vel vera, og ég hygg, að það sé rétt, að hugmyndinni um stofnun slíkrar n. hafi eitthvað verið hreyft í ríkisstj., áður en þessi till. var flutt, þó að mér væri ekki kunnugt um það þá, en hitt held ég að megi fullyrða, sem er

líklega ekki nema gott um að segja, að flutningur þessarar till. hefur orðið til þess að hraða því, að slík n. komst á laggirnar. Ég tel hana spor í rétta átt, en tel eigi að síður nauðsynlegt, að Alþ. vinni að málinu með einhverjum hætti, hvort heldur það er með samþykkt þeirrar till., sem hér liggur fyrir eða öðrum hætti. Um það er ég til viðtals, að Alþ. fylgist með því, hver gangurinn er í þessum málum og eigi þátt í því þannig, að þessum rannsóknum verði hraðað sem mest og unnið að þeim á skipulagðan hátt.

Þá mun það einnig hafa gerzt á síðustu vikum, að Landsvirkjun eða stjórn Landsvirkjunar hafi tekið þessi mál til sérstakrar meðferðar og þó að ég hygg alveg sérstaklega eftir að þessi till. kom fram. Og mér hefur skilizt á þeim fréttum, sem ég hef þaðan af því, sem er að gerast hjá Landsvirkjun, að það muni vera ákveðið af hennar hálfu að láta fara fram sérstaka athugun á virkjun í Tungnaá, sem fellur í Þjórsá, með það í huga, að það verði fyrsta stórvirkjunin, sem verði ráðizt í að lokinni Búrfellsvirkjun. Hér er um nokkuð stóra virkjun að ræða eða sennilega um það bil helmingi minni en Búrfellsvirkjun, svo að hún yrði ekki nema lausn til bráðabirgða fyrir innlendar þarfir, ef jafnframt kæmi til sögunnar einhver sérstök stóriðja, sem fengi orkuna þaðan að verulegu leyti. En ég hygg samt, að ef á að ráðast í þessa virkjun í Tungnaá, þurfi að hafa mjög hraðann á, ef hún á að vera komin upp fyrir árslok 1975 og það sé mjög mikið eftir í sambandi við rannsóknir þar að lútandi. M. a. skilst mér, að það sé ekki hægt að ráðast í þessa virkjun, nema til sögunnar komi vatnsmiðlun úr Þórisvatni. Mér hefur skilizt, að það sé nokkur ágreiningur um það hjá verkfræðingum, hvað langt þeim rannsóknum sé komið og hve ýtarleg hún þurfi að vera, m. a. á jarðvegi þar og öðru slíku. En e. t. v. þarf þessi vatnsmiðlun úr Þórisvatni að koma hvort sem er, því að mér skilst, að það sé nú að verða álit sérfræðinga, þó að því væri mótmælt á sínum tíma í sambandi við Búrfellsvirkjun, að ef á að tryggja nægilegt vatnsmagn handa Búrfellsvirkjun á öllum árstímum, sé óhjákvæmilegt, að einhver vatnsmiðlun úr Þórisvatni komi þar til sögunnar. Og þess vegna má kannske leysa það mál að einhverju leyti samhliða og tryggð er vatnsmiðlun úr Þórisvatni í sambandi við virkjun Tungnaár.

Segja má, að það sé spor í rétta átt, að hraðað verði sérstaklega rannsóknum á Tungnaá og undirbúnar framkvæmdir þar. En það þarf samt að taka á þessu máli miklu stærri tökum. Það þarf að hraða rannsókn á Þjórsársvæðinu öllu, því að eins og kom fram í því, sem ég las hér úr viðtali við forstöðumenn Orkustofnunarinnar, er virkjunarskilyrðum þannig háttað þar, að menn þurfa helzt að hafa yfirlit yfir alla virkjunarmöguleikana, áður en ráðizt er í næstu framkvæmdir og byggja þær upp í áföngum samkvæmt því plani. Verði það ekki gert, gæti það orðið, ef ráðizt væri þar í einhverjar minni virkjanir, að þær reyndust ónýtar síðar og fyrir öðrum stærri virkjunum, sem þá yrði ráðizt í, eins og fram kemur í þessu viðtali. Svo verður að leggja áherzlu á, að það verði einnig unnið að því að rannsaka virkjunarskilyrði í öðrum landshlutum á Norðurlandi og Austurlandi, Dettifoss, Blöndu og vatnasvæðið á hálendi Austfjarða og aðra möguleika, sem þar kunna að vera fyrir hendi. Ég hygg, að Laxá sé nokkuð sæmilega rannsökuð, en það verður aldrei um neina verulega stórvirkjun þar að ræða, en þessar rannsóknir má ekki láta verða útundan, því að af því getur leitt, eins og kom fram í erindi Jakobs Gíslasonar og ég vitnaði hér til áðan, að þessar virkjanir verði alveg útundan og komi aldrei til sögunnar.

Ég hygg, að þegar menn líta á, hve stórt verkefnið er, hljóti það að teljast eðlilegt, að Alþ. setji sérstaka n. til þess að vinna að því að hraða þessum rannsóknum og koma á skipulegri, vinnubrögðum í þeim efnum. Ef hins vegar hæstv. ríkisstj. af einhverjum ástæðum vill ekki fallast á sérstaka þn. í þessum efnum, finnst mér, að það væri þó algert lágmark, að Alþ. eða þingflokkarnir fengju aðild að þeirri orkunefnd, sem nýlega hefur verið sett á laggirnar og ég hef hér minnzt á eða sagt frá, en bezt hygg ég, að hefði verið, að sett yrði alveg sérstök n. til þess að rannsaka þessi mál öll frá rótum, sem væri í tengslum við þingið eins og sú n., sem gert er ráð fyrir í þessari till., því að það er áreiðanlega bæði aðgætni og aukin trygging fyrir því, að það verði samstaða um það hér á Alþ., að þessum rannsóknum væri hraðað og jafnframt er það mikilvægt fyrir Alþ. á hverjum tíma að hafa aðstöðu til þess að fylgjast sem best með þessum málum, en það ætti það einmitt að geta gert í gegnum slíka nefndarskipun.

Ég sagði áðan, að það rannsóknaverkefni, sem þarf að vinna að, væri tvíþætt. Það er í fyrsta lagi rannsókn á virkjunarskilyrðunum sjálfum, sem ég hef hér minnzt á. Ég hef að vísu sleppt að ræða sérstaklega um heita vatnið, en þær athuganir eru ekki síður merkilegar og verður að sinna þeim af fullu kappi. En hinn þáttur rannsóknanna er athugun á þeim möguleikum, sem kunna að verða fyrir hendi til þess að koma upp orkufrekum iðnaði og jafnvel nota raforkuna á ýmsan annan hátt, heldur en nú er gert, eða meira á annan hátt, heldur en nú er gert, t. d. til upphitunar á húsum.

Í seinasta hefti Orkumála er að finna mjög athyglisvert erindi, sem Jakob Björnsson hefur flutt um það efni, en rannsóknir á því að nota orkuna til hitunar á húsum, eru áreiðanlega enn of skammt á veg komnar, en þar getur verið um mjög mikla og merka möguleika að ræða, sem ættu að geta orðið til þess að hrinda fram stórframkvæmdum eða nýta raforkuna betur en ella.

Ég held, að ég láti þá upprifjun, sem ég hef gert, nægja að sinni. Ég vil vænta þess, að þessi till. fái góðar undirtektir og hvað sem líður átökum á milli stjórnar og stjórnarandstöðu á öðrum sviðum, sé hægt að vinna af samstöðu um þessi mál, alveg eins og það náðist full samstaða um virkjun Búrfells hér á sínum tíma og um Sogsvirkjunina þar á undan.

Ég held, að það viðurkenni allir, að hér sé um mikil nauðsynjamál að ræða og það sé jafnan heppilegast að vinna þannig að þessum málum og strax frá upphafi, að um þau geti verið sem bezt samstaða.

Ég vil aðeins skjóta hér inn í, að ég vænti þess, að þó að það tækist ekki að fá það fram í sambandi við afgreiðslu fjárl., að Orkustofnunin fengi það fé til rannsókna á þessu ári, sem hún fór fram á, þá taki hæstv. ríkisstj. það upp í þá framkvæmdaáætlun, sem hún mun síðar leggja hér fyrir þingið. Mér er sagt, að hæstv. orkumálaráðh. hafi góðan skilning á því máli, og ber þess vegna að vænta þess, að honum takist að koma því fram.

Ég læt svo þessu máli mínu lokið að sinni, en legg til, að að þessari umr. lokinni, — það munu vera ákveðnar tvær umr. um till., — verði henni vísað til — ég er nú ekki viss um, hvort er eðlilegra — fjvn. eða allshn. Það er líklegast frekar venja, að till. um þessi mál fari til allshn., en hins vegar er rétt að geta þess, eins og kemur fram í till., að gert er ráð fyrir, að nokkur kostnaður verði við hana. Venjan er sú, að slíkar till. fari til fjvn., svo að ég held, að ég geri það frekar að till. minni, að hún fari þangað.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. flm. þeirrar till., sem hér er um að ræða, hv. 4. þm. Reykv., hefur nú gert grein fyrir till. og látið skoðun sína í ljós, hversu nauðsynlegt það er, að ýtarlegar rannsóknir fari fram á virkjunarskilyrðum í fallvötnum landsins, og er vitanlega ekkert nema gott um það að segja. Þetta er fjársjóður, sem þjóðin á og það er vitanlega æskilegt, að möguleikar séu til að notfæra sér þessi auðæfi. Og það eru mörg fallvötnin á Íslandi, sem hafa góða virkjunaraðstöðu, en stórvirkjanir er því aðeins mögulegt að gera í landinu, að við höfum notendur að orkunni. Samhliða hinni almennu notkun þarf þá að vera orkufrekur iðnaður, og það er ekkert langt síðan það var almennur skilningur fyrir því hér í hv. Alþ., að það væri æskilegt að taka upp orkufrekan iðnað, sem krefðist stórvirkjana.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að það væri æskilegt, að það væri samstaða í jafnmikilvægum málum eins og rannsóknamálunum. Ég er hv. þm. sammála. En að það verði slík samstaða, sem var, þegar verið var að undirbúa stórvirkjunina við Búrfell, er kannske ekki það, sem æskilegast er, vegna þess að þá var ekki um samstöðu að ræða. Það gat ekki verið samstaða um að gera stórvirkjun í Þjórsá samfara því að vera á móti að gera það mögulegt að nota þessa virkjun. Hv. 4. þm. Reykv. greiddi atkv. á móti því að fá orkufrekan notanda, sem gerði stórvirkjun mögulega. En það er annað mál. Þótt hv. 4. þm. Reykv. hafi ekki haft svo næman skilning þá, er óhætt að fullyrða, miðað við ræðu hans hér áðan, að hann hefur þennan skilning nú, vegna þess að hv. þm. talaði um, að það þyrfti að rannsaka fallvötnin, það væru svo víða möguleikar á því að koma upp stórvirkjunum. Og þetta er rétt. Skilyrðin eru fyrir hendi, ef notandinn er fyrir hendi, orkukaupandinn. Og vissulega getum við átt samstöðu í þessu og það er æskilegt, að það megi verða eftirleiðis.

Það er ekki alveg rétt, sem hv. 1. flm. till. lét í skína, að í rauninni hefði verið lítið gert í rannsóknamálum á undanförnum árum. Það hefur verið harla mikið gert og miklu meira nú hin síðari ár heldur en var áður. Það segir ekki, að það þurfi ekki að gera stærra átak á næstu árum heldur en á næstliðnum árum. En ef borið er saman, hver rannsóknakostnaður í fallvötnum landsins var hin síðari ár, má geta þess, að á árunum 1955—1959 var varið í virkjanarannsóknir að meðaltali á ári 8.7 millj. kr. Á árunum 1960—1969 var varið til virkjanarannsókna að meðaltali á ári 26 millj. kr. auk þess, sem varið var til jarðhitarannsókna, sem var ekki nema smápeningur þangað til nú hin allra síðustu árin. Vegna þess, að það hefur verið varið 26 millj. kr. að meðaltali á ári til virkjunarrannsókna síðustu árin í tíð núv. ríkisstj., hafa þessar rannsóknir beinzt að mörgum virkjunarstöðum í landinu, ekki aðeins að Þjórsársvæðinu, heldur mörgum virkjunarstöðum. Og ég vil hér aðeins nefna nokkra staði. Það er vitanlega Þjórsársvæðið, það er Hvítársvæðið, það er Hvalvatn og Reyðarvatn. Það eru Vesturlandsvirkjanir, það eru Glámuvirkjanir, Drangajökulsvirkjanir, Vestfjarðavirkjanir aðrar og Blöndu virkjanir — talsvert verið unnið að rannsóknum við Blöndu, — Jökulsárvirkjanir í Skagafirði, Norðvesturlandsvirkjanir aðrar, Laxár- og Skjálfandafljótsvirkjanir, en þar hefur verið varið miklu fé, enda eru þær rannsóknir vel á veg komnar, þannig að þar er næstum því undirbúið undir virkjun, — Jökulsárvirkjanir á Fjöllum, en þar hefur verið varið núna síðustu árin 8.2 millj., Norðausturlandsvirkjanir aðrar, Jökulsárvirkjanir á Brú, Jökulsárvirkjanir í Fljótsdal, Lagarfljótsvirkjanir, Austurlandsvirkjanir aðrar, Skaftárvirkjanir, Markarfljótsvirkjanir og nærliggjandi ár, Rangárvirkjanir eystri, Rangárvirkjanir ytri, tengilínur milli raforkuvera, gufuvirkjun í Hveragerði, sem hefur verið varið talsverðu fé til, vatnshæðarritarar og ýmsar rafveitur. Auk þess má geta þess, að nú er komin í gang fyrsta gufuvirkjunin í Námaskarði og hefur verið varið vitanlega miklu til jarðhitavirkjana, bæði þar og annars staðar. En þetta er sýnishorn af því, að það hefur víða verið rannsakað. En það er ákaflega mikið ógert í þessum efnum, sem eðlilegt er, vegna þess að það eru aðeins 9—10 ár síðan farið var að verja verulegum fjármunum í þessu skyni, og þegar ég tala um 26 millj. að meðaltali á ári síðustu árin og 8.7 millj. fyrir þann tíma, þá er miðað við verðlag. Það er fært til verðlags ársins 1969 til þess að hafa réttan mælikvarða.

Hv. 4. þm. Reykv. gerði að umtalsefni Þjórsárvirkjanirnar og þær væru orðnar eftir tímanum. Það væri sennilega komið í tímahrak. Sem betur fer er það nú ekki, að áliti Landsvirkjunarstjórnar. Það er ekki tímahrak. Það hefur verið unnið stöðugt að rannsóknum á Þjórsársvæðinu og Landsvirkjunarstjórn hefur sett sér takmark, og það takmark er sett

að athuguðu máli, eftir að hún hefur ráðfært sig við þá, sem að rannsóknum hafa unnið, við þá, sem hafa tæknilega þekkingu á þessum málum. Landsvirkjunarstjórn hefur sett sér það takmark að hraða lokaáföngum Búrfellsáætlunarinnar og ráðast í fullmiðlun Þórisvatns. Er gert ráð fyrir að tvöfalda álbræðsluna 1971, þannig að þá verði nægileg orka fyrir hendi. Það hefur vitanlega alltaf verið talað um miðlun í Þórisvatni, sem gerir virkjunina við Búrfell miklu betri og öruggari, og minni íshætta verður, eftir að þessi miðlun er komin.

Landsvirkjunarstjórn miðar einnig að því að hefja nú þegar undirbúning virkjunar við Sigöldu og Köldukvíslarveitu í Þórisvatni, svo að unnt verði að ljúka þessum mannvirkjum og sjá nýjum stóriðnaði fyrir raforku sumarið 1973, nýjum stóriðnaði, og þessi áætlun er uppsett eftir nákvæma athugun. Þessi áætlun væri ekki möguleg, ef sofið hefði verið á verðinum og ekki unnið að þessum rannsóknum áður. Ég tel sjálfsagt að upplýsa þetta, vegna þess að hv. 4. þm. Reykv. gaf allt annað í skyn áðan. Ekki af því, að hann vildi fara vísvitandi rangt með eða gefa í skyn annað en það, sem rétt er, heldur af því, að hann hefur vantað réttar upplýsingar í málinu.

Í þriðja lagi vill Landsvirkjunarstjórn keppa að því og telur, að sé unnt að gera, en það er að hraða rannsóknum á efra Þjórsársvæðinu, svo að sem fyrst verði hægt að hefja nákvæma verkfræðilega athugun á virkjun á þeim svæðum, sem gætu tekið til starfa ekki síðar en 1976. Þegar þetta er athugað, er ekki eðlilegt að vera að tala um tímahrak, vegna þess að Landsvirkjunarstjórn setur sér þetta mark eftir að hafa kynnt sér, að það er mögulegt.

Það er ekki nema gleðilegt, að hv. 4. þm. Reykv. og þá væntanlega flokksbræður hans aðrir, sem áður máttu varla heyra stóriðnað eða orkufrekan iðnað nefndan, virðast nú algerlega hafa snúið við blaðinu og vilja nú hraða virkjunarrannsóknum til þess helzt, að hægt sé að ráðast í stórvirkjanir í hverjum landsfjórðungi og þá vitanlega með það fyrir augum að tryggja þessum stórvirkjunum orkufrekan iðnað, því að það verður undirstaðan eftirleiðis, alveg eins og var með okkar fyrstu stórvirkjun. Það verður ekki ráðizt í stórvirkjun á Austurlandi, Norðurlandi eða annars staðar á landinu, nema sjá fyrir því, að það séu notendur til þess að kaupa þessa orku og virkjunin geti staðið undir þeim skuldum og kostnaði, sem á henni hvíla.

Ég las upp hér lista yfir þá staði, sem rannsakaðir hafa verið og þeir eru margir, sem betur fer. Og það er rétt og sjálfsagt að hafa í huga, sem oft hefur verið talað um, að eftir 20 ár, verði notkun kjarnorkunnar orðin það auðveld, að það verði erfitt fyrir vatnsaflið að keppa við kjarnorkuna, jafnvel þar sem virkjunarskilyrði eru góð. Þetta út af fyrir sig hlýtur að reka á eftir rannsóknum og virkjunum hér á Íslandi. Og þetta út af fyrir sig hefur e. t. v. orðið til þess að sannfæra hv. 4. þm. Reykv. um það, hvað hann og hans flokksbræður fóru mikið villir vegar fyrir 2—3 árum, þegar þeir greiddu atkv. á móti orkufrekum notanda, sem vildi tryggja afkomu fyrstu stórvirkjunar á Íslandi, og það er áreiðanlegt, að það er mjög gott, ef hv. alþm. hafa nú allir fengið glöggan skilning á þessu, hvert er undirstöðuatriðið að stórvirkjunum, að því, að við getum notað vatnsaflið, sem í allt of ríkum mæli er enn óbeizlað í okkar ágæta landi.

Það er rétt, sem oft hefur verið sagt, að helztu virkjunarsvæðin eru Þjórsár- og Hvítársvæðið. Það er einnig Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Brú, sem eru taldar mjög góðar og hagstæðar til virkjunar, og vissulega væri það nú ánægjulegt, ef það væri hægt að virkja Jökulsá á Brú og leiða mikla orku til Austurlandsins og koma þar upp stóriðju. Þá gætum við sagt og verið sammála, hv. 4. þm. Reykv. og ég, að vel væri nú unnið að því að halda jafnvægi í byggð landsins. Og hv. þm. talaði um Blöndu, og enginn vafi er á því, ef vatninu er safnað saman af öllu því mikla svæði, að þar mætti einnig gera stórvirkjun. En íbúarnir í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu hafa ekki not fyrir stórvirkjun til heimilisþarfa eða venjulegrar notkunar. Ef við ætlum að ráðast í stórvirkjun við Blöndu, þurfum við að koma þar einnig upp orkufrekum iðnaði, og eftir því, sem mér skilst, mun ekki standa á hv. 4. þm. Reykv. að standa að því. Laxá í Þingeyjarsýslu er einnig góð til virkjunar eins og kunnugt er. Sagt er, að þar megi jafnvel virkja 100 þús. kw í staðinn fyrir 20 eða 25 þús. kw, sem talað var um, þegar fyrst var byrjað að virkja þar. En 100 þús. kw mætti fá í Þjórsá með því að safna vatninu saman úr hinum ýmsu hliðarám, en í morgun voru hjá mér tveir Þingeyingar og voru að spyrja mig frétta af þessu. Þeir voru hálfhræddir við það, að ef vatninu væri safnað saman í Laxá, gæti það jafnvel orðið til þess að setja ýmsar byggðir þar í hættu, og vitanlega þarf að kanna það vel. Jökulsá á Fjöllum er náttúrlega mikið vatnsfall, eins og kunnugt er, og enginn vafi á því, að þar eru virkjunarskilyrði góð, en það er eins með það, að þar er ekki hægt að ráðast í virkjun Jökulsár á Fjöllum nema það sé stórvirkjun, og þá þarf að tryggja orkufrekan kaupanda, áður heldur en ráðizt er í virkjunina.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að hafa þessi orð miklu fleiri. Hv. 4. þm. Reykv. var að tala um, að það væri ekkert á fjárlögum til rannsókna. Þetta er náttúrlega ekki rétt. Það er fé á fjárlögum, en ég get verið sammála hv. þm., að það þyrfti að vera meira og líklegt er, að það verði aflað fjár í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisstj. til þess að vinna að orkurannsóknum. Það er enginn vafi á því, að ríkisstj. hefur alveg skilning á því, hvað það gildir að halda rannsóknum áfram. Og það má segja, að það sé dálítið skrýtið, að hv. 4. þm. Reykv., fulltrúi Framsfl., skuli nú verða til þess á Alþ. að reka á eftir núv. ríkisstj. til þess að hraða framkvæmdum, þeirri ríkisstj., sem hefur varið fjórum sinnum meira til rannsókna á hverju ári en sú stjórn, sem hv. þm. studdi. Sú ríkisstj. hafði náttúrlega öðrum hnöppum að hneppa, heldur en láta fé í rannsóknir. Það var svo margt, sem hún þurfti annað að gera.

Það mun vera rétt, sem orkumálastjóri hefur upplýst, að það þyrfti nær 50 millj. kr. á ári næstu 8 árin til þess að ljúka þeim rannsóknum, sem helzt kalla að. Núv. ríkisstj. hefur varið 26 millj. á ári s. l. 9 ár, og það er ekkert ólíklegt, að hún beiti sér nú fyrir því að hraða rannsóknum í samræmi við till. orkumálastjóra, því að sú ríkisstj., sem hefur varið að meðaltali á ári 26 millj. kr. síðustu 9 árin, þarf vitanlega ekki stórt átak til að láta nú 50 millj., vegna þess að 50 millj. nú eru ekki jafnvirði þess, sem 26 millj. voru fyrir 9 árum. En það er alveg sjálfsagt að taka því með fögnuði, að hv. 4. þm. Reykv. talar um þessi mál á ýmsan hátt með skilningi og vekur athygli á því, sem reyndar ríkisstj. vissi, að rannsóknarstarfseminni þarf að halda áfram og flýta þarf rannsóknum, eftir því sem mögulegt er, og þá ekki aðeins vatnsvirkjununum, heldur einnig gufuvirkjununum og rannsóknum á jarðhitanum. Að því hefur verið unnið nú síðustu árin, sbr. jarðboranir á Reykjanesi og víðar.

Hv. þm. og hv. framsóknarmenn leggja til að kjósa 7 manna n. Út af fyrir sig er ekki ástæða til að vera á móti því að kjósa n., allra sízt, ef vonir stæðu til, að hún gæti gert eitthvert gagn. Hún gæti tekið að sér að vinna verk, sem ekki væri unnið að og hefði verið vanrækt. En ég held, að það hafi enga praktíska þýðingu að kjósa n., eins og farið er fram á með þessari till., vegna þess að það er unnið að þessum málum, hefur verið unnið að þessum málum og vantar engan skilning á því að halda þessu áfram. Og eins og hv. 4. þm. Reykv. drap á áðan, hefur verið skipuð samstarfsn. af ríkisstj. Það eru fulltrúar frá Orkustofnuninni og Landsvirkjuninni, sem eiga sæti í þessari n. undir leiðsögn iðnmrh. og iðnmrn., sem hefur það verkefni með höndum að benda á, hvaða orkufrekur iðnaður er hugsanlegur til þess að nýta þá orku, sem beizluð er. Og þess vegna var nauðsynlegt, að fulltrúar frá Orkustofnun og orkumálaráðuneyti tækju sæti í þessari n. til þess að hlusta á, hvaða ráðagerðir eru uppi með orkufrekan iðnað, orkufrekan kaupanda, til þess að gefa upplýsingar um, á hvaða vegi rannsóknirnar eru og hvaða líkur eru til, að ráðizt verði í virkjun. Slík samstarfsn. var alveg nauðsynleg, og ég tel gott, að henni hefur verið komið á. En að þessi samstarfsn. sé til komin vegna þess, að hv. 4. þm. Reykv. og flokksbræður hans fluttu till. hér á hv. Alþ., það held ég, að sé alveg út í hött að vera að tala um. En ef hv. 4. þm. Reykv. er eitthvað ánægðari með það að geta þakkað sér það, þá skal ég ekki taka það af honum. Það er svo iðulega, sem hv. þm. og hans flokksbræður þakka sér það, sem ríkisstj. gerir og segja: Ja, þetta hefði nú bara alls ekki verið gert, nema af því að við ýttum undir. Þeir hafa jafnvel látið í það skína, að ríkisstj. þyrði ekki annað en gera það.

Út af fyrir sig skiptir þetta ekki neinu máli. Aðalatriðið er það, að að þessum málum er unnið, þessi n., sem ég minntist á, er til orðin, samstarfsn. milli rn., sem ég vænti góðs af.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að það væri nauðsynlegt, að hinir pólitísku flokkar ættu fulltrúa í slíkri n., en ég vil geta þess, að þessi n. er ekki pólitísk. Þetta er fagleg nefnd, og ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að við höfum þarna faglega vinnu, og það kemur svo vitanlega til Alþ. á öðru stigi málsins að ákveða um það, hvort það skuli framkvæmt, sem hin faglega athugun hefur talið, að væri æskilegt að gera. Þess vegna tel ég þessa till. algerlega óþarfa, vegna þess að það er verið að vinna að þessum málum í þeim anda, sem till. gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að svo komnu máli.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Við umr. þessa máls fyrir hálfum mánuði síðan flutti hæstv. orkumálarh. allýtarlega ræðu og vék þar að ýmsum atriðum, sem höfðu komið fram í framsöguræðu minni. Ég sé, að hæstv. ráðh. er ekki viðstaddur nú, en ég tel samt rétt að víkja nokkrum orðum að því, sem kom fram í ræðu hans, og þó einkum að því, sem vék að rannsóknum á orkuvirkjunum, en eins og fram kemur í þessari till., er það aðalefni hennar, að Alþ. kjósi 7 manna n., sem hefur það verkefni að kynna sér möguleika til að hraða stórvirkjunum vatns- og hitaorku, stofnun orkufreks iðnaðar og aukinni notkun raforku til hitunar o. fl. N. skal skila skýrslu til Alþ. svo tímanlega, að hægt verði að ræða hana á næsta þingi.

Í framsöguræðu minni vék ég að því, að allmikill seinagangur hefði verið á rannsóknum á orkuvirkjunum hin síðari ár eða síðan lauk undirbúningi að Búrfellsvirkjun. Ráðh. vildi ekki kannast við þetta í þeirri svarræðu, sem hann flutti hér og nefndi m. a. nokkrar tölur, sem áttu að vera sönnun af hans hálfu um það, að nægilegur hraði væri á þessum rannsóknum. Ráðh. nefndi m.a. þá tölu, að þrefalt hærri upphæð hefði farið til orkurannsókna á árunum 1960—1968 en á árunum 1955—1959. Ég hef ekki haft aðstöðu til að sannprófa þessar tölur hæstv. ráðh., enda skiptir það engu meginmáli, þegar nánar er aðgætt, vegna þess að þetta hnekkir ekki að neinu leyti því, sem ég hafði haldið fram. Ástæðan til þess, að fjárveiting er þetta miklu hærri síðari árin, stafar af því, að þá er unnið sérstaklega að undirbúningi rannsókna í sambandi við Búrfellsvirkjun og kostað miklu fé til þess, og þess vegna verður meðaltalið fyrir öll árin jafnhátt og raun ber merki um. Eftir að lokið var rannsóknum í sambandi við Búrfellsvirkjun, dró hins vegar mjög úr öllum athugunum eða rannsóknum á orkuvirkjunum, og þess vegna hefur svo farið síðustu árin, 1967—68, tvö undanfarin ár, að framlög til orkurannsókna hafa orðið mun minni en á tímabilinu þar á undan, sem stafar af því, eins og fram

hefur komið hjá forráðamönnum Orkustofnunarinnar, að fjárveitingin hefur verið nokkuð hin sama þessi ár og áður var, en hins vegar hefur verðgildi peninga farið mjög minnkandi á þessum tíma. Þess vegna hefur raunverulega dregið úr orkurannsóknunum, þó að framlagið sé sama í krónutölu. Ég tel, að þetta nægi til að sýna, að þær tölur, sem ráðh. nefndi, hnekkja ekki neitt þeirri fullyrðingu, sem ég viðhafði í minni ræðu, að dregið hefði úr orkurannsóknum og fjárveitingu til orkurannsókna hin síðari ár, en mér finnst rétt í tilefni af því, sem ráðh. sagði, að rifja upp, hvernig ástatt var í þessum málum, þegar ég ásamt meðflm. lagði þessa till. fram á hæstv. Alþ.

Þá var í fyrsta lagi þannig ástatt, að það lágu fyrir upplýsingar um það frá sérfræðingum Orkustofnunarinnar, að á s. l. sumri hefðu allar útirannsóknir fallið niður á Þjórsársvæðinu, en útirannsóknirnar eru að sjálfsögðu undirstaða allra annarra rannsókna. Þetta stafaði af því, hve naum fjárveitingin var til orkurannsókna á árinu 1968.

Í öðru lagi lá það fyrir, að þegar gengið var frá fjárl. á fyrri hl. þessa þings, þá lágu fyrir till. eða óskir frá Orkustofnuninni um ákveðna fjárveitingu til orkurannsókna, en þær till. fengust ekki teknar inn á fjárl. Þess vegna blasti ekki annað við en orkurannsóknir mundu enn dragast saman á þessu ári, vegna þess að sú fjárveiting, sem var fyrir í fjárl., var ekki hærri en sú, sem hafði verið fyrir árið áður.

Í þriðja lagi lá það svo fyrir, að einn færasti blaðamaður Morgunblaðsins, Elín Pálmadóttir, hafði birt í Morgunblaðinu 23. jan. s. l. viðtal við forstöðumenn Orkustofnunarinnar, þar sem fram kom, að þeir töldu málið vera þannig komið í þessum efnum, að rannsóknir í sambandi við Þjórsársvæðið væru komnar í algjört tímahrak, vegna þess hve mikið hefði dregið úr þeim á undanförnum árum, og allar horfur yrðu á, að svo yrði til frambúðar, nema því aðeins, að aukin fjárveiting fengist til þessara rannsókna, sem ekki lá neitt fyrir um þá.

Ég taldi, þegar þetta lá fyrir, ærna ástæðu til þess að málinu yrði hreyft hér á Alþ. og gerðar ráðstafanir til þess, að lagt yrði aukið kapp á að hraða framkvæmdum í þessum efnum, og jafnframt yrði það einnig tekið til athugunar, hvaða möguleikar yrðu á því að koma hér upp orkufrekum iðnaði, sem mundi stuðla að því, að orkuvirkjanir yrðu framkvæmanlegri en ella. Það hefur svo síðan gerzt, eins og vikið var að í umr. á dögunum, að nokkru eftir að þessi till. var flutt hér á Alþ., skipaði ríkisstj. samstarfsn. nokkurra ríkisstofnana, sem vinna að þessum málum, til að samræma þeirra aðgerðir í þessum efnum.

Ég tel, að þetta sé spor í rétta átt og þarna hafi farið að vissu leyti saman þær hugmyndir, sem við flm. reifum í till. og svo það, sem ríkisstj. er að gera. Ég tel það hins vegar galla á þessu, að Alþ. á engan aðila að þessari n., en eins og kom fram í umr., sem fóru fram í gær, í ræðu sem hæstv. iðnmrh. flutti, þá er það mikilsvert, að Alþ. fylgist sem bezt með í þessum málum og hafi aðstöðu til þess að láta sinn vilja koma sem bezt í ljós, ekki aðeins með samþykktum hér á þinginu sjálfu, heldur á þann hátt, að fulltrúar þess geti fylgzt með því, sem verið er að vinna að í þessum efnum, það sem verið er að rannsaka, og það verður tvímælalaust bezt gert með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessari till., að Alþ. skipi sérstaka n., sem vinni að því í samráði við ríkisstj. að hraða framkvæmdum þessara rannsókna, svo sem framast er hægt.

Það hefur einnig gerzt í öðru lagi síðan þessi till. var flutt, sem er sérstök ástæða til að lýsa ánægju yfir, að ákveðið mun vera a. m. k. af hálfu Landsvirkjunarinnar að veita nokkuð ríflegar fé til orkurannsókna á þessu ári en áður hafði verið ráð fyrir gert, en ég verð samt að segja, að þær fyrirætlanir, sem munu vera ákveðnar í þessum efnum, eru ekki fullnægjandi að mínum dómi, því að þessar rannsóknir eiga fyrst og fremst að ná til Þjórsársvæðisins eða vera í sambandi við hina fyrirhuguðu virkjun, sem á að koma við Sigöldu og svo síðar í sambandi við framhaldsvirkjun Sogsins, en hins vegar mun ekki gert ráð fyrir því að auka neitt rannsóknir á orkuskilyrðum í öðrum landshlutum, eins og t. d. á Norðurlandi og Austurlandi, þar sem líka eru mjög góð virkjunarskilyrði fyrir hendi. Ég tel þess vegna, að það þyrfti að taka þessi mál enn til nýrrar endurskoðunar og koma því fram, að sæmilegar orkurannsóknir geti einnig farið fram í öðrum landshlutum samtímis því, sem unnið er að athugun á orkuskilyrðum á Þjórsársvæðinu.

Ég vænti þess, að sú n., sem fær mál þetta til athugunar, taki það sérstaklega til meðferðar, því að eins og fram kom í þeirri ræðu, sem forstjóri Orkustofnunarinnar flutti í Vísindafélagi Íslands á s. l. hausti, er það orðið mjög aðkallandi, að þessum rannsóknum sé hraðað um landið allt, ekki eingöngu hér sunnanlands, því ef það dregst á langinn að rannsaka orkuskilyrðin eða orkumöguleikana í öðrum landshlutum, gæti framvinda þessara mála orðið sú, að þessir landshlutar yrðu alveg út undan, því að hæglega getur farið þannig, ef tækninni fleygir fram, eins og nú eru horfur á, að kjarnorkan verði komin til sögunnar innan 20—30 ára, þannig að vatnsvirkjanir verði ekki lengur taldar eiga rétt á sér hvað kostnað snertir. Ef þess vegna verður ekki búið að vinna að framkvæmd þeirra mála eða þeirra virkjana fyrir þann tíma, gæti farið svo, að þessar framkvæmdir dagaði alveg uppi. Þetta kom mjög greinilega fram í umr., sem urðu hér í gær í sambandi við frv. um nýtt lán til Landsvirkjunar eða Búrfellsvirkjunar, og ég tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það, heldur aðeins árétta það, sem fram kom um þetta efni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð öllu fleiri að sinni. Ég hefði gjarnan viljað víkja að fleiri atriðum, sem komu fram í ræðu hæstv. iðnmrh., en vegna þess að hann er ekki viðstaddur og ég hef áhuga á því, að málið komist sem fyrst til n., mun ég láta máli mínu lokið, en ég legg til, — ég mun

áður hafa gert það, — að till. minni verði vísað til fjvn. að lokinni þessari umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég ætla að sjálfsögðu ekki að blanda mér í það, sem kann að hafa farið á milli hv. orkumálaráðh. og hv. 1. flm. þessarar till. eða það, sem hann í sinni ræðu vék að ummælum orkumálaráðh., þegar þetta mál mun hafa verið síðast til umr. Ég var þá ekki viðstaddur, og það eru í sjálfu sér ekki veigamikil atriði, sem þeim ber á milli. Skal ég þess vegna látið lokið máli mínu, hvað þetta áhrærir.

Ég vil segja, að ég er í öllum meginatriðum sama sinnis og hv. 1. flm. þessarar till., hv. 4. þm. Reykv., um stórvirkjanir og hagnýtingu raforku. Um meginkjarnann erum við held ég alveg sammála, það sé nauðsynlegt að hraða stórvirkjunum vatns- og hitaorku, eins og segir í till., sem þurfa að vera samfara stofnun orkufreks iðnaðar, aukinni notkun raforku til hitunar og mörgu fleira. Hann bendir réttilega á, að við erum í kapphlaupi við tímann, eins og ég hef oft vikið að á öðrum vettvangi í sambandi við hliðstæð mál, kapphlaupi um það, hvort vatnsaflið okkar á að nýtast eða halda áfram að renna til sjávar meira og minna ónýtt og verði þá ekki hagkvæmt að nýta það í langri framtíð, vegna þess að þá séu komnir til aðrir möguleikar, sem við stöndum ekki betur, en kannske lakar að vígi með í sambandi við orkuframleiðslu, heldur en aðrar þjóðir. Á ég þar auðvitað fyrst og fremst við kjarnorkuna.

Ég vil aðeins leiðrétta þá missögn, sem kom fram í ræðu hv. þm., — svo ég noti nú orðið missögn, — að ríkisstj. hafi sett á laggirnar n., eftir að þessi till. kom fram. Þessari till. var útbýtt hér í þinginu 12. febr., en það var strax eftir áramótin, eins og kom fram í fréttatilkynningu frá iðnmrn., að umr. hófust um það í ríkisstj., að nauðsyn væri á að samræma og skapa meiri samvinnu á milli ýmissa stofnana, sem vinna að rannsóknum í sambandi við orkuframleiðslu, vísindalegum rannsóknum og á síðara stigi hagnýtingu orkunnar. Þann 4. febr. var svo endanlega gengið frá ályktun í ríkisstj. um samstarfsn. í orkumálum. Það má segja, að hún byggist á nokkuð svipuðum hugsunum, en hún er þó grundvölluð á því, að innan stjórnarinnar var talið nauðsyn að samræma betur en áður starfskrafta og vinnuáætlanir ýmsra þeirra helztu stofnana, sem vinna að áætlanagerð, sem er grundvöllur að uppbyggingu á orkufrekum iðnaði. Eftir áramótin lagði iðnmrh. fram till. við ríkisstj., er stefnir að þessu marki, og var hún samþykkt þann 4. febr. og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofnað sé til samstarfsn., sem hafi það höfuðmarkmið að athuga möguleika til uppbyggingar á orkufrekum iðnaði og sé að því stefnt að gera sem fyrst áætlun, er taki til 10—20 ára. Er þá aðeins við það miðað að gera sér lauslega grein fyrir hugsanlegum ramma fyrir framkvæmdir, sem hlyti að vera mjög sveigjanlegur. Gengið er út frá því, að hinn eiginlegi kjarni iðnaðarmöguleika þjóðarinnar sé í sambandi við nýtingu vatnsafls landsins og varmaorku."

Síðan er gerð grein fyrir því, hvernig þessi samstarfsn. sé samsett, en það er af eftirtöldum aðilum: Iðnmrn., Orkustofnun Íslands, Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Efnahagsstofnuninni, Rannsóknaráði ríkisins og Seðlabanka Íslands. Síðan var sá háttur hafður á í ríkisstj., að hver ráðh. tilnefndi frá þessum stofnunum mann í n. fyrir þá stofnun, sem heyrði undir viðkomandi ráðh. Það eru margir ráðh., sem þessar stofnanir heyra undir, eins og hv. þm. er ljóst. Þessi n. hefur haldið sinn fyrsta fund og heldur annan fund á morgun, og meginverkefni hennar er auðvitað að samræma þarna athuganir og rannsóknir og stuðla að því að flýta rannsóknunum, ef nauðsyn krefur, og það er ómögulegt að verjast því. Við verðum að gera okkur ljóst, að við erum á eftir í rannsóknum okkar, og það er líka rétt hjá hv. 1. flm. þessarar till., að þær ganga náttúrlega líka misjafnt yfir af ýmsum ástæðum og þar sem Landsvirkjunin á í hlut og hefur aukið fé til rannsókna sinna, þá beinast þær náttúrlega að Þjórsársvæðinu.

Þetta er töluvert mikið vandamál með rannsóknir í orkumálunum, vegna þess hve orkan er mjög mismunandi mikil og mikill mismunur á því, hversu aðgengilegt það er að virkja aflið í hinum einstöku landshlutum. Það eru minnstir möguleikarnir, ef ég man rétt, á Vestfjörðunum og langmestir hérna á suðvesturhlutanum og svo á Norðausturlandi og eitthvað svipað eða minna á Austurlandi eftir því, hvernig það er reiknað, en það er auðvitað eðlilegt, að fólkinu í þessum landshlutum finnist það eðlilegast að hugsa fyrst til rannsókna og virkjana í sínum eigin héruðum, en þetta verður þó að mínum dómi að athuga gaumgæfilega og sennilega að leggja meiri áherzlu en áður á samtengingu orkunnar um allt landið, sem er langveigamest. Hún mundi þýða það, að allir landsmenn hefðu sömu aðstöðu til orkunnar. Þá skiptir raunverulega ekki máli að mínum dómi, hvaðan hún kemur. Þegar svo þarf að bæta við orkuna, þá er hægt að bæta við hana hvar sem er inn á þetta sameiginlega kerfi, hvort sem það er á Austurlandi, Norðurlandi eða Suðurlandi. Allt er þetta auðvitað mál, sem við, sem erum litlir fagmenn, getum lítið dæmt um og er mikið rannsóknar- og úrlausnarefni, og ég verð að sjálfsögðu að viðurkenna, að það er rétt hjá hv. flm. till., að auðvitað skiptir miklu máli, að Alþ. fylgist á hverjum tíma vel með í þessum málum, enda er það einn sterkasti áhrifaaðilinn á framvindu málanna.

Ég skal að öðru leyti ekkert blanda mér inn í þær umr., sem fram hafa farið um málið eða hvort rétt sé að samþykkja þessa till. svona eða í öðru formi, en þetta vil ég þó vissulega láta koma fram um viðhorf mitt til hlutdeildar Alþ. í þeim rannsóknum, sem eru að fara fram á hverjum tíma.

Það var svo ekki fleira, herra forseti, sem ég vildi koma að, heldur en þessi leiðrétting, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 28. marz, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 43 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Rannsóknir á perlusteini í Loðmundarfirði.

Á 29. fundi í Sþ., 19. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsóknir á perlusteini í Loðmundarfirði [145. mál] (A. 272).

Á 32. fundi í Sþ., 25. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Till. sú, sem ég hef flutt um rannsóknir á perlusteini í Loðmundarfirði, hefur legið nokkurn tíma fyrir þinginu, því að ég flutti hana fyrr í vetur, þegar ég kom inn í þingið sem varaþm. í hv. Nd. Nú kem ég sem varaþm. og sit í Ed. og fæ tækifæri til þess að fylgja henni úr hlaði og þykir í raun og veru vænt um það.

Ég ætla ekki að flytja langt mál fyrir þessari þáltill. Það fylgir henni nokkur grg. um það, sem í stórum dráttum hefur gerzt í þessum málum á undanförnum árum. Það er orðið alllangt síðan perlusteinninn fannst hér á landi og var greindur og skírður af Tómasi sál. Tryggvasyni jarðfræðingi. Þessi steinn er skyldur vikri, en hefur ekki náð að þenjast út við gos, eins og vikurinn gerir. Sé hann síðan malaður og hitaður upp í allmikinn hita, 7–800 gráður, þenst hann út, allt að tífalt, og í þessu felst aðalnotagildi perlusteinsins. Hann er allmikið notaður orðið og í vaxandi mæli í byggingariðnaði. Sérstaklega er hann notaður í stálgrindahús og stórbyggingar. Hann er miklu eldfastari en venjuleg steinsteypa og þess vegna hentugri í stórbyggingar. Þá er perlusteinninn notaður í ýmsar hliðargreinar byggingariðnaðar og keppir m. a. við kísilleir sem fyllingarefni á því sviði. Það má að lokum nefna, að hann er notaður í keramikiðnaðinn.

Það er verulegur markaður fyrir perlustein, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu og er mjög vaxandi. Perlusteinsnámur eru helztar á eyjum austanvert við Miðjarðarhaf og vesturströnd Bandaríkjanna. Þau stórfyrirtæki, sem hafa numið perlusteinsnámurnar, nýtt þær og framleiða byggingarefni sérstaklega, hafa haft augastað á öllum möguleikum í sambandi við perlusteinsnámur, og það er nokkuð langt síðan fulltrúar þessara fyrirtækja frá ýmsum þjóðlöndum lögðu leið sína til Íslands til þess að rannsaka þann perlustein, sem hér hefur fundizt, en það er aðallega á tveimur stöðum. Það er í Loðmundarfirði eystra og í Prestahnjúk. Það er hugsanlegt, að perlusteinn kunni að leynast á fleiri stöðum á landinu, t. d. á Snæfellsnesi, og talið er, að perlusteinn sé í ljósum líparítfjöllum, sem eru eins og kunnugt er víðar um landið.

Rannsóknir í Loðmundarfirði, en þessi þáltill. er sérstaklega takmörkuð við Loðmundarfjörð, hófust fyrir alllöngu síðan. Laust fyrir 1960 hófu Þjóðverjar rannsóknir þar. Prófessor Konrad Richter frá Hannover dvaldi nokkuð lengi í Stakkahlíð í Loðmundarfirði og rannsakaði perlusteinsnámur þar, skrifaði síðan ýtarlega vísindaritgerð um rannsóknir sínar, sem hefur verið birt í erlendum vísindaritum. Niðurstöður prófessorsins voru þær, að um 1 millj. smálesta af perlusteini væru í námunum og þykkt perlusteinslagsins allt að 18 m sums staðar. Fengust ýmsar nytsamlegar upplýsingar af rannsóknum hans. Þó er nú talið, að það sé alls ekki gengið úr skugga um það til fulls, hversu mikið magn kunni að vera af perlusteini í Loðmundarfirði, þar þurfi að koma til miklu ýtarlegri rannsóknir, sem kosta verulegt fé.

Ýmsir fleiri aðilar höfðu áhuga á perlusteinsnámunum í Loðmundarfirði. Fulltrúar frá Frakklandi, Bretlandi og fleiri þjóðlöndum komu í Loðmundarfjörð og athuguðu námurnar til þess að reyna að ganga úr skugga um það, hvort möguleikar væru á því síðar að hagnýta þær.

Því er ekki að leyna, að það eru nokkur vandkvæði á því að nýta þessar námur, sem felast í því, að Loðmundarfjörður er nokkuð afskekktur. Það er ekki vegasamband við Loðmundarfjörð, og það er engin höfn þar á staðnum og hafnarskilyrði ekki sem tryggust. Þess vegna er sjálfsagt ljóst, að ekki kæmi til greina að vinna þessar námur nema í nokkuð stórum stíl.

Þegar það fyrirtæki, sem er aðili að Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn, Johns Manville, fór að huga að sínum rekstri með Kísilgúrverksmiðjuna, þá fékk félagið áhuga á perlusteinsnámunum í Loðmundarfirði, vegna þess að talið var mögulegt að hagnýta perlusteininn sem kjölfestu í þeim stóru flutningaskipum, sem mundu koma til með að flytja á vegum Kísilgúrverksmiðjunnar. Með því móti væri hugsanlegt að lækka farmgjöldin og gera kleift að hagnýta þessar námur, ef rannsóknir leiddu í ljós, að gæði perlusteinsins uppfylltu þau skilyrði, sem til hans yrðu gerð til vinnslu. Fulltrúar þessa fyrirtækis hófu rannsóknir vorið 1967 í samvinnu við iðnmrn., og þeir tóku þar mörg sýnishorn og virtust hafa verulegan áhuga á þessu

máli í öndverðu. Þessi sýnishorn voru send til ýmissa landa, til Tékkóslóvakíu, Þýzkalands og Bandaríkjanna, og mætti segja, að bráðabirgðaniðurstöður væru svipaðar frá þessum aðilum öllum. En lokaniðurstöður eru ekki ennþá fyrir hendi. Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur sýnt þessu máli vaxandi áhuga og hafið nokkrar rannsóknir austur þar. Þorleifur Einarsson jarðfræðingur hefur unnið þetta starf af hálfu rannsóknastofnunarinnar og eins og ég sagði, virðist áhugi þeirrar stofnunar vera vaxandi á þessu máli.

Fyrir nokkru svaraði hæstv. iðnmrh. fsp. frá hv. 3. þm. Austf. um rannsóknir á perlusteini í Loðmundarfirði, og skýrði við það tækifæri frá því, að ríkisstj. hefði þá nýlega samþykkt, að rannsóknir á perlusteininum skyldu fara fram og þær skyldu gerðar til hlítar, eins og hann komst að orði hér á hv. Alþ., þegar hann svaraði þessari fsp. Ég vonast til þess, að þessi till. fái vinsamlegar undirtektir og stuðning af hálfu ríkisstj., þegar hún kemur til atkv. hér á hv. Alþ. og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið. Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

21. Rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Á deildafundum 20. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rekstrarlán iðnfyrirtækja [146. mál] (A. 273).

Á 32. fundi í Sþ., 25. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34., 35. og 36. fundi í Sþ., 5., 12. og 19. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er, að Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem sett geta viðeigandi tryggingu, verði veitt í samræmi við þær lágmarksreglur, sem nú skal greina:

Fyrirtækin fái víxlasöluheimild til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, sem nemi allt að þriggja mánaða framleiðsluverði fyrirtækja, sem selja vörur sínar í heildsölu til dreifingaraðila. Auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánum, er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis. Að því er varðar báða ofangreinda liði, skal miða við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslu s. l. 2 ár.

Í grg. till. er rakið, hvernig hún er til orðin, en segja má, að upphaf hennar sé það, að hinn 19. sept. s. l. kaus borgarstjórn Reykjavíkur sérstaka atvinnumálan. Verkefni þessarar n. var að kynna sér atvinnumál borgarinnar með tilliti til þess að tryggja næga atvinnu, en horfur á atvinnuleysi virtust þá augljósar, eins og líka kom á daginn. N. hóf störf sín nokkru síðar og skilaði mjög ýtarlegum till. um ýmsar ráðstafanir til atvinnuaukningar hinn 19. des. s. l. Eitt af þeim verkefnum, sem hún tók sér fyrir hendur, var að kynna sér horfur hjá verksmiðjuiðnaðinum í bænum. Við þá athugun kom í ljós, að mikill samdráttur hafði átt sér stað hjá þessum fyrirtækjum og var auk þess yfirvofandi hjá öðrum. Ein af aðalástæðunum til þess var skortur á rekstrarfé. N. lagði þess vegna verulega vinnu í að kynna sér með hvaða hætti mundi vera æskilegast að tryggja þessum fyrirtækjum nægilegt lánsfé eða rekstrarfé og komst í meginatriðum að þeirri niðurstöðu, að þetta ætti að gerast með þeim hætti, að þessi fyrirtæki hefðu aðgang að vissum ákveðnum lánum hjá viðskiptabönkunum. Þær reglur, sem n. kom sér saman um, eru nokkurn veginn þær sömu og felast í þessari till., sem hér liggur fyrir. Það hefur svo gerzt síðan n. skilaði þessu áliti sínu, að fyrir tilstuðlan ríkisstj. hefur Seðlabankinn hafizt handa um einhverja úrlausn í þessum efnum, en fram að þessu hefur hún verið fullkomlega ófullnægjandi og langflest fyrirtæki eru engu betur stödd, hvað þetta snertir, en þau voru s. l. haust. Það er því fullkomin þörf fyrir, að Alþ. láti þetta mál til sín taka, þar sem framkvæmdir hafa ekki orðið meiri í þessum efnum en raun ber vitni um og ég hef nú minnzt á.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þessa till. öllu fleiri orðum að sinni, því að þetta mál hefur oft verið rætt, og þm. öllum ætti því að vera ljóst um hvað er að ræða. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

22. Kjarasamningar.

Á 30. fundi í Sþ., 21. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um kjarasamninga [148. mál] (A. 275).

Á 32. fundi í Sþ., 25. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34., 35. og 36. fundi í Sþ., 5., 12. og 19. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 275 að flytja svo hljóðandi till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á því í samráði við heildarsamtök launþega og vinnuveitenda, hvaða breytingar á núverandi starfsháttum og fyrirkomulagi að því er varðar gerð kjarasamninga sé æskilegt að gera með það fyrir augum, að þeim tilgangi verði náð, að rauntekjur launafólks séu á hverjum tíma svo háar sem unnt er, þannig að samrýmanlegt sé nægri atvinnu. Skulu niðurstöður þeirrar athugunar lagðar fyrir Alþ. svo fljótt sem auðið er."

Deilur um kaup og kjör eru, eins og kunnugt er, eitt þeirra eilífðarvandamála, sem við er að etja í okkar þjóðfélagi og öðrum, sem byggð eru á svipuðum grundvallarhugsjónum og vort. Ég geri mér vel ljóst, að því fer fjarri, að samþykkt lítillar þáltill., eins og þeirrar, sem ég hef leyft mér að flytja og lýst er, geti orðið nokkurt töframeðal, sem til frambúðar geti leyst þau miklu vandamál, sem hér er um að ræða. En með tilliti til þess, hve geysimiklum kröftum þjóðfélagið ver í það að heyja þessa baráttu og hverjar fórnir og tekjumissi hún oft kostar, sætir í rauninni furðu, hve lítið það hefur í rauninni verið rætt, hvaða leiðir kæmu hugsanlega til greina til þess að vinna að lausn þessara mála með einhverjum öðrum hætti en nú er gert, þannig að niðurstaða geti fengizt með minni fórnum og óþægindum en sífellt vofir yfir að óbreyttu því fyrirkomulagi, sem nú er. En það fyrirkomulag, sem nú er á þessum málum, að samtök atvinnurekenda og launþega semji um kaup og kjör án a. m. k. allrar beinnar íhlutunar ríkisvaldsins, mótaðist jafnhliða iðnvæðingunni á s. l. öld í flestum Evrópulöndum, en hér á landi þó nokkru síðar, vegna þess hve iðnvæðingin var hér seinna á ferð. En eins og rakið er í stuttu máli í grg. minni fyrir þáltill., hafa allar aðstæður vinnumarkaðarins gerbreytzt svo á þeim tíma, sem síðan er liðinn, að engin von er til þess, að það fyrirkomulag, sem eðlilegt mátti telja miðað við aðstæður um s. l. aldamót, sé í samræmi við kröfur tímans nú.

Þá var kaupgjaldsbaráttan raunverulega barátta um skiptingu framleiðsluverðmætisins milli vinnulauna og ágóða. Atvinnurekendur áttu þá ekki annars úrkosti að jafnaði en að greiða þær kauphækkanir, sem þeir með góðu eða illu sömdu um, af ágóða sínum. Samkeppnin og stefna frjálsrar utanríkisverzlunar, sem þá var fylgt, kom í veg fyrir, að atvinnurekendur gætu velt kauphækkunum yfir í verðlagið.

Á hinn bóginn var þá sú hætta fyrir hendi í ríkara mæli en nú, að væri boginn of hátt spenntur í kaupgjaldsmálum, leiddi af því samdrátt og atvinnuleysi, því að þá var það alls ekki talið hlutverk ríkisvaldsins að sjá fyrir nægri atvinnu. Sú hugsun kom fyrst fram á heimskreppuárunum eftir 1930, þannig að þetta átti sinn þátt í, að kaupkröfum var þá stillt í hóf.

Nú eru aðstæður auðvitað gerbreyttar í þessu efni. Má þar t. d. nefna, að atvinnureksturinn er nú yfirleitt háður verðákvörðun af hálfu opinberra eða hálfopinberra aðila í einni eða annarri mynd. Þannig er búvöruverð, eins og kunnugt er, ákveðið af 6 manna n. eða sérstökum yfirdómi, ef hún kemur sér ekki saman. Fiskverð er ákveðið af sérstökum verðlagsn. sjávarútvegsins og verð á iðnaðarframleiðslu fyrir innlendan markað og verzlunarálagning af verðlagsn. og verðlagseftirliti. Þessar n. skammta atvinnurekendum þann ágóða, sem þær telja hæfilegan, og af því leiðir, að vilji þær vera sjálfum sér samkvæmar, geta þær varla hjá því komizt að leyfa atvinnurekendum að hækka verð vöru sinnar, sem nemur kostnaðarhækkun, sem á sér stað, hvort sem þar er um að ræða kaupgjaldshækkanir eða annað. Annars væri viðurkennt, að atvinnureksturinn hefði áður fengið of mikið.

En hvað þýðir það, að kauphækkunum sé velt yfir í verðlagið? Það þýðir í meginatriðum, að launþegar eru látnir greiða sér kauphækkanir sjálfir. Þær eru sóttar í þeirra eigin vasa. Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minna á skýrslu um þróun kaupmáttar launa á árabilinu frá 1945, sem meðan Einar Olgeirsson átti sæti á þingi, var að jafnaði útbýtt hér á borð hv. þm. sem fskj. með frv., sem hann flutti þing eftir þing um áætlunarráð ríkisins. Af þessu kom í ljós, að þó að mjög verulegar kauphækkanir yrðu á þessu tímabili, sem þarna var um að ræða, stóð kaupmáttur launa nokkurn veginn í stað, þrátt fyrir það, að nokkur hækkun varð þó á raunverulegum þjóðartekjum á þessu tímabili, þannig að svo sýnist, sem grundvöllur hefði verið fyrir nokkurri hækkun rauntekna. Og eins og ég áðan sagði og öllum er kunnugt, urðu verulegar kauphækkanir á tímabilinu, en þær leiddu ekki til neinna raunverulegra kjarabóta vegna þess, að þær voru eftir þeim leiðum fyrst og fremst, sem ég hef nefnt, allar sóttar í vasa launþeganna sjálfra. Og þegar svo er komið, er kaupgjaldsbaráttan ekki lengur orðin átök um skiptingu þjóðarteknanna, heldur allt annað, sem í rauninni liggur utan verkahrings hagsmunasamtakanna að stjórna og hafa áhrif á, svo sem þróun hins almenna verðlags.

Nú er það að vísu ekki þannig, að hinir víðsýnni verkalýðsleiðtogar, hvaða stjórnmálaskoðanir, sem þeir annars kunna að hafa, hafi ekki gert sér ljóst, að pottur er brotinn í þessu efni, og hið svonefnda júnísamkomulag, sem gert var fyrir nokkrum árum, var einmitt byggt á þeirri grundvallarathugun, sem auðvitað er mjög skynsamleg, að betra sé að láta sér nægja minni kauphækkanir og fá beztu fáanlegar tryggingar fyrir því, bæði af hálfu atvinnurekenda og ríkisvalds, að þessar kauphækkanir verði raunhæfar eða greiddar af einhverjum öðrum en launþegunum sjálfum, heldur en að kauphækkanirnar séu meiri, en allir endar séu lausir, þannig að líklegast sé, að þær hljóti að verða eftir einhverjum leiðum sóttar í vasa launþeganna sjálfra. En því miður verður nú um júnísamkomulagið að segja, þó að maður voni hið bezta, að unnið verði að málum á svipuðum grundvelli og þá, að ég hygg, að því megi frekar líkja við hláku á útmánuðum heldur en raunverulega vorkomu. Mér finnst það því ekki álitamál og fyndist furðu gegna, ef um það væri ágreiningur, að það sé þörf annars fyrirkomulags, sem betur samsvarar kröfum tímans.

Hvað snertir meðferð þessara mála í nágrannalöndum okkar, þá hafa verkalýðsleiðtogar, atvinnurekendur og stjórnvöld einnig gert sér ljóst, að þau yrði að taka öðrum tökum. Þar hefur það fyrirkomulag yfirleitt rutt sér til rúms, að stofnanir, sem segja má að nokkru leyti, að svari til hagráðs og starfsemi þess hér á landi, — en að slíkum stofnunum eiga samtök atvinnurekenda og launþega aðild auk fulltrúa ríkisvaldsins, — að þessar stofnanir hafa að vísu aðeins ráðgefandi vald, en samt mjög mikil áhrif í þessum efnum. Þar er kannað, eftir því sem mögulegt er, hvaða möguleikar séu á því að greiða kauphækkanir, án þess að þær þurfi að eyðast í verðbólgu. Slíkum stofnunum er ætlað að gera till. í þessum efnum og niðurstaðan verður að jafnaði sú, að samkomulag næst um samninga, sem gjarnan eru þá til lengri tíma, heldur en hér tíðkast.

Eins og ég sagði, hafa stofnanir sem slíkar aðeins ráðgefandi vald, þannig að það er yfirleitt ekki um það að ræða, að verkfallsréttur eða verkbannsréttur sé takmarkaður, en oft næst á þeim vettvangi samkomulag milli vinnuveitenda og launþega um að hlíta dómsúrskurði, a. m. k. hvað snertir sum þeirra atriða, sem um er deilt. Nú kæmi vissulega til athugunar, svo sem bent er á í grg. minni fyrir þessari þáltill., að auka starfsemi hins nýstofnaða hagráðs hér á landi, þannig að því væri ætlað að fjalla um þessi mál og gera um þau till. Ég hef þó takmarkaða trú á því, að í náinni framtíð sé sú leið líkleg til lausnar vandamálunum, þótt sjálfsagt sé að athuga hana. En það er annað atriði, sem ég tel, að a. m. k. mundi vera spor í rétta átt í þessu efni. En það er, að sú leið verði farin að lögfesta það, að fulltrúar vinnuveitenda, launþega og ríkisvalds setjist á rökstóla a. m. k. tveim mánuðum áður en allsherjarkjarasamningar renna út og geri á því allsherjarkönnun á grundvelli beztu fáanlegra upplýsinga um afkomu atvinnuveganna og þjóðarbúsins, hverjar séu þær hæstu rauntekjur, sem launþegar geti borið úr býtum, án þess að til almenns taprekstrar og þar af leiðandi atvinnuleysis leiði.

Nú geri ég mér ljóst, að á vettvangi, þar sem ætlazt væri til nákvæmni, mundi það vera gagnrýnt að tala um, að rauntekjur launafólks eigi að vera á hverjum tíma svo háar sem unnt sé, þannig að samrýmanlegt sé nægri atvinnu. Að ég orða það þannig er aðeins gert til þess að fyrirbyggja misskilning, sem virðist nú vera of útbreiddur á því, að þetta séu atriði, sem séu hvort öðru óháð. En auðvitað er atvinnuöryggið einn og ekki lítilvægasti þáttur raunteknanna. Ekkert rýrir rauntekjur launþegans eins og það, ef hann fær ekki vinnu.

Þetta eru þær ábendingar, sem ég geri um fyrirkomulag málanna. En nú vaknar auðvitað sú spurning, hvað gerðist, ef samkomulag tækist ekki. Ég álít í fyrsta lagi, að reynslan gæti orðið sú sama og í nágrannalöndum okkar, að meginreglan yrði sú, ef af alvöru yrði að þessu unnið af hálfu allra þeirra aðila, sem málið snertir, þá yrði reglan sú, að samkomulag næðist. En auðvitað verður að gera ráð fyrir því, sem möguleika, að samkomulag takist ekki, og hvað kemur þá til greina? Lögbinding er vissulega hugsanleg leið. Ég tel hana þó í senn óraunhæfa og óæskilega sem almenna lausn á þessum málum, þó að stundum verði ekki komizt hjá því sem neyðarúrræði að fara löggjafarleiðina, ef fámennir starfshópar og kröfur þeirra verða til þess að valda þjóðarbúinu mjög miklu tjóni eða hætta er á því, að svo verði vegna vinnustöðvana, ef ekki er gengið að kröfum, sem yrðu ákvarðandi fyrir öll launakjör og allt verðlag í landinu. Þegar slík aðstaða skapast, verður stundum ekki hjá því komizt að fara þessa leið, og tel ég það þó neyðarúrræði, sem ekki eigi að beita, fyrr en samkomulagsleiðin hefur verið reynd til þrautar.

Önnur leið, sem ég sting upp á í grg. að verði a. m. k. könnuð, er sú að fara í ríkara mæli en nú þegar er gert inn á þá braut, að samtök launþeganna ákveði sjálf að undangengnum þessum samkomulagsumleitunum sína taxta. Eins og kunnugt er, þá er hér ekki um neina nýjung að ræða. Það er um fjölmennar launastéttir að ræða, sem veita ýmiss konar þjónustu, sem ákvarða sín laun á þennan hátt, eins og nánar er rakið í grg. minni fyrir þáltill., en taxtarnir eru þá ákvarðaðir með tilliti til mats þessara aðila á því, hvað markaðurinn þoli. Auðvitað þýðir ekki að ræða þessa leið á öðrum grundvelli en þeim, að þeir aðilar, sem gert er ráð fyrir, að hafi þennan rétt, hljóta þá auðvitað sjálfir að bera ábyrgð á því að vinna fáist fyrir þá taxta, sem þarna er um að ræða. Það mundi auðvitað vera út í hött að ætlast til þess, að einhver annar aðili bæri á því ábyrgð, og auðvitað er ekki hægt að skylda atvinnurekendur til þess að kaupa vinnuaflið á þeim töxtum, sem settir eru. Sumir mundu óttast, að ef út á þessa braut væri farið í ríkari mæli en nú er, þá myndu taxtarnir verða ákveðnir af

fullkomnu ábyrgðarleysi. Mér finnst, að fyrir fram sé ekki hægt að ganga út frá því. Sú raunin hefur ekki orðið á hjá þeim aðilum, sem þennan rétt hafa, og mér þykir það með ólíkindum, að eftir að búið væri að þrautkanna þá möguleika, sem á því eru, að tiltekið kaup sé hægt að greiða í tilteknum greinum, þá mundi vera stefnt beinlínis út í atvinnuvandræði fyrir þessa starfshópa með því að ákveða taxtana miklu hærri en grundvöllur væri fyrir, og hér er auðvitað ekki um annað að ræða en till. um, að þessi leið sé könnuð.

Herra forseti, ég skal nú ekki hafa þetta lengra, en vil aðeins segja að lokum: Við stöndum frammi fyrir því, að þetta kerfi, sem við er búið, er arfur frá fortíðinni, sem samsvarar ekki lengur kröfum tímans. Það er miklum kröftum varið í lausn launadeilna, en árangurinn takmarkaður, ekki sízt fyrir launþegana. Ég geri mér ljóst, að hér er ekki um nein töfraúrræði að ræða, heldur er aðeins lagt til, að hafin sé skipuleg leit að öðru betra en því, sem nú er, og slíkt hlýtur undir öllum kringumstæðum að verða fyrsta sporið í átt til einhverra umbóta.

Herra forseti. Ég legg svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Embættaveitingar.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um embættaveitingar [157. mál] (A. 299).

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 35., 36., 37., 39. og 40. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. marz, 9. og 16. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er efni þessarar till., að Alþ. álykti að kjósa 5 manna n. til að undirbúa heildarlöggjöf um embættaveitingar og starfsmannaráðningar ríkisins og ríkisstofnana, þar sem stefnt sé að því að tryggja sem óháðast og ópólitískast veitingavald og starfsmannaval. N. skal kynna sér löggjöf og reglur um embættaveitingar í öðrum löndum og þá reynslu, sem þar hefur fengizt í þessum efnum. Þá skal n. einnig afla sér álits félaga embættismanna og annarra opinberra starfsmanna um það, hvernig þau telji þessum málum vera bezt skipað, þannig að framangreindur tilgangur náist.

Í grg. till. er rakið, að veitingavaldið er nú að langmestu leyti í höndum pólitískra ráðh. og hafi verið svo síðan stjórnin fluttist inn í landið. Embættaveitingar hafi því oft viljað verða pólitískar, þótt aldrei hafi það verið augljósara en hin síðari ár. Sú hefð er óðum að skapast, að ekki komi aðrir menn til greina við veitingu meiri háttar embætta en þeir, sem hafa skilríki fyrir því, að þeir fylgi ríkisstj. eða flokkum hennar að máli. Hér sé ekki aðeins um fullkomna rangsleitni að ræða, heldur hljótist af þessu a. m. k. oft og tíðum, að hið opinbera verður að notast við lakari starfskrafta en ella. Það er af framangreindum ástæðum, sem það þykir bæði réttlætismál og hagsmunamál fyrir þjóðfélagið, að veitingavaldið verði fært sem mest úr höndum pólitískra ráðh. og lagt í hendur sem óháðastra aðila eða bundið ákveðnum reglum, sem miða að því að útiloka pólitíska eða persónulega hlutdrægni. Ýmis mismunandi form geta komið þar til greina, og þarf að athuga vandlega, hvað bezt hentar íslenzkum aðstæðum og reynist kostnaðarminnst í framkvæmd. Því er lagt til, að sérstakri n. verði falið að undirbúa heildarlöggjöf um þetta efni, þar sem jöfnum höndum verði stuðzt við erlenda reynslu og álit þeirra, sem mest hljóta að hugsa um skipan þessara mála hérlendis, en það eru að sjálfsögðu opinberir starfsmenn og samtök þeirra.

Það skýrir kannske einna bezt þróunina, sem verið hefur í þessum efnum á undanförnum árum, að rifja upp efni greinar, sem birtist sumarið 1967 í blaði Alþfl. á Akureyri. Þá var nýlega afstaðin veiting á bæjarfógetaembættinu á Akureyri. Um það hafði sótt maður, sem lengi hafði starfað sem fulltrúi við embættið, og virtist þess vegna eðlilegt, að hann gengi fyrir öðrum við veitingu þess, a. m. k. ef ekki væri um umsækjendur að ræða, sem hefðu unnið lengur og betur í þjónustu ríkisins heldur en hann. Niðurstaðan varð samt sú, að það var annar maður, sem hafði starfað miklu skemur í þjónustu ríkisins, sem fékk embættið. Og blað Alþfl. á Akureyri, Alþýðumaðurinn, kunni ekki aðra skýringu á þessu en þá, að sá, sem fékk embættið, var sjálfstæðismaður, en sá, sem ekki fékk það, þó að hann væri búinn að vera lengur í þjónustu ríkisins, var alþýðuflokksmaður. Í tilefni af þessu fannst ritstjóra Alþýðumannsins ástæða til þess að gera eins konar skrá um embættaveitingar dómsmrh. Sjálfstfl. síðan viðreisnarstjórnin kom til valda, — skrá um öll veitt sýslumanns- og lögreglustjóra-

embætti utan Reykjavíkur á þessu tímabili. Ég held, að það skýri það mjög vel, sem hefur verið að gerast í þessum efnum, að lesa þennan lista upp. En hann hljóðar á þessa leið, — það er skrá yfir veitt embætti og hverjir hlutu þau á þessum tíma:

Lögreglustjóraembættið í Bolungarvík: Hafsteinn Hafsteinsson, sjálfstæðismaður. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla, Ásgeir Pétursson, sjálfstæðismaður. Hafnarfjörður: Einar Ingimundarson, sjálfstæðismaður. Barðastrandarsýsla: Ásberg Sigurðsson, sjálfstæðismaður. Akranes: Jónas Thoroddsen, sjálfstæðismaður. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla: Friðjón Þórðarson, sjálfstæðismaður. Dalasýsla: Yngvi Ólafsson, sjálfstæðismaður. Húnavatnssýslur: Jón Ísberg, sjálfstæðismaður. Siglufjörður: Elías Elíasson, sjálfstæðismaður. Neskaupstaður: Ófeigur Eiríksson, sjálfstæðismaður. Akureyri: Ófeigur Eiríksson, sjálfstæðismaður. Suður-Múlasýsla: Valtýr Guðmundsson, sjálfstæðismaður. Skaftafellssýslur: Einar Oddsson, sjálfstæðismaður. Keflavík: Alfreð Gíslason, sjálfstæðismaður. Vestmannaeyjar: Freymóður Þorsteinsson, sjálfstæðismaður.

Samtals höfðu verið veitt á þessu tímabili 11 sýslumanns- og lögreglustjóraembætti utan Reykjavíkur, og niðurstaðan hafði alltaf orðið sú, að það hafði verið sjálfstæðismaður, sem hlaut veitinguna, þó að ýmsir aðrir hefðu sótt, sem í mörgum tilfellum voru áreiðanlega ekki síður hæfir en þessir sjálfstæðismenn, sem um embættið sóttu.

Síðan þetta hefur gerzt eða þessi skrá birtist í Alþýðumanninum á Akureyri, hafa verið veitt nokkur fleiri sýslumanns- og lögreglustjóraembætti utan Reykjavíkur, og niðurstaðan hefur orðið hin sama í öll þau skipti, nema kannske eitt, að það er sjálfstæðismaður, sem hefur orðið fyrir valinu. Og nú á síðasta ári var veitt aftur í embætti sýslumanns í Barðastrandarsýslu og í embætti bæjarfógeta í Neskaupstað með þeim afleiðingum, að Félag dómarafulltrúa taldi sig ekki geta komizt hjá því að gera sérstakar aths. við þessar embættaveitingar og sendi frá sér allýtarlega grg. um þetta efni, sem m. a. hefur verið send Alþ. Þar er upplýst, að um embætti bæjarfógetans í Neskaupstað hafi verið 6 umsækjendur, en tveir umsækjendur hafi verið um sýslumannsembættið í Barðastrandarsýslu. Þegar Félag dómarafulltrúa hefur kynnt sér skilyrði þau, sem menn þurfa að fullnægja til þess að fá veitingu fyrir embættum eins og þessum lögum samkvæmt, þá kemst það að þeirri niðurstöðu, að það sé kannske ekki með öllu útilokað, að sá, sem fékk sýslumannsembættið í Barðastrandarsýslu, hafi verið búinn að afla sér embættisgengis samkv. 7. tölul. 32. gr. laga nr. 85 1936, en hins vegar fái félagið ekki séð eða sú dómnefnd, sem það setti til þess að athuga þessi mál, að sá maður, sem fékk embætti bæjarfógeta í Neskaupstað, hafi fullnægt lagaskilyrðum til skipunar í embættið. Það er sem sagt niðurstaða þeirrar dómn., sem Félag dómarafulltrúa fól að athuga þessi mál, að sá, sem hlaut embættið í Barðastrandarsýslu, hafi kannske öðlazt rétt til þess að vera þar embættisgengur, en það virðist alveg útilokað með þann, sem hlaut embættið í Neskaupstað. Hins vegar var um að ræða umsóknir frá mönnum, sem fullnægðu fullkomlega þeim skilyrðum, sem til þess þarf lögum samkvæmt að hljóta slík embætti. Það, sem réði úrslitum um þessar embættisveitingar eins og hinar fyrri, var, að hér var um flokksmenn dómsmrh. að ræða, og þess vegna gengu þeir fyrir öðrum, sem höfðu sótt um þessi embætti og lögum samkvæmt voru búnir að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru til þess að menn séu hlutgengir í embætti eins og þessi.

Það er hins vegar rétt að láta það koma fram, að þó að það hafi hent þá dómsmrh., sem hafa verið hér síðan viðreisnarstjórnin kom til valda, að veita svo að segja eingöngu flokksmönnum sínum embætti, þá hefur slíkt ekki síður komið fyrir aðra ráðh. Ég rakti það hér í umr., sem fram fóru um þetta mál í fyrra, hvernig háttað væri þessum málum í sambandi við veitingar kennaraembætta. Það hefur komið ákaflega sjaldan fyrir á þeim tíma, að flokksbræður menntmrh. hafi ekki gengið fyrir veitingu kennara- og sérstaklega skólastjóraembætta, ef það hefur verið kostur á því að veita einhverjum manni úr þeim flokki embætti eða þá hefur verið að finna í hópi þeirra, sem sóttu um embættið. Og það hefur kveðið svo rammt að þessu, eins og ég rakti þá, að það hefur gerzt, að menn, sem voru dyggir stuðningsmenn í hinum stjórnarflokknum, Sjálfstfl., skiptu allt í einu um flokk, rétt áður en til þess kom að veita slík embætti. Ég minntist þá á eitt ákveðið dæmi þess, að í einum kaupstað hér á landi hefði staðið til að veita skólastjóraembætti, og þá gerðist það allt í einu, að maður, kennari, sem hafði fylgt Sjálfstfl. mjög dyggilega, gekk þar úr þjónustunni. Hann sótti um þetta embætti og fékk það, en rétt á eftir skaut honum upp í Alþfl. Ég skal ekki segja, hvort ráðh. hefur haft nokkur afskipti af því máli, og það hafa kannske átt sér þarna stað alveg eðlileg skoðanaskipti. En dálítið er þetta nú grunsamlegt samt. Þegar þetta mál bar á góma hér í umr. á seinasta þingi, hélt menntmrh. því fram, að það væru á honum nokkrar hömlur í þessum efnum, því að þegar kennaraembætti og skólastjóraembætti væru veitt, þyrfti bæði að leita umsagnar skólan. og fræðslumálastjóra, og hann færi alveg eftir því, þegar þessir aðilar væru sammála. Þá væri sem sagt veitingavaldið raunverulega í höndum þessara tveggja aðila, en ekki í höndum hans. Það gerðist svo rétt á eftir með þeim hætti, sem er alveg einstakur í þingsögunni, að embætti fræðslumálastjóra var lagt niður. Þetta embætti er búið að vera starfrækt hér um nærri 60 ára skeið. Ég hygg, að það hafi verið stofnað til þess með merkri fræðslumálalöggjöf, sem Hannes Hafstein beitti sér fyrir á sínum tíma, og þetta þótti mjög merkilegt og gagnlegt embætti. En svo gerðist það allt í einu á s. l. vetri, þegar stjórnin lagði fram frv. um sparnað í ríkisrekstrinum, sem hefur því miður ekki reynzt

neinn sparnaður, að tengd voru við það frv. alls konar ákvæði um breytingar á lögum. M. a. var sett inn í þessi lög ákvæði um að afnema lög um þetta gamla og rótgróna embætti. Og þar með var jafnframt að sjálfsögðu úr sögunni réttur fræðslumálastjóra til þess að hafa umsagnarrétt um embættaveitingar, eins og hann hafði áður haft. Mér er sagt, að þetta embætti sé að einhverju leyti starfrækt áfram. Ég hef ekki kynnt mér það, hvernig það er. En það er alveg víst, að með afnámi laganna um fræðslumálastjóraembættið, sem samþykkt var hér í fyrra, þá hefur fallið niður réttur hans til þess að hafa umsagnarrétt um embættaveitingar, eins og áður átti sér stað. Þetta hefur haft þær afleiðingar, að réttur menntmrh. eða kennslumálaráðh. hefur stóraukizt frá því, sem áður var, því að nú þarf hann ekki nema við skólan. einar að eiga, og eins og oft vill verða, er ósamkomulag innan þeirra, og ráðh. telur sig síður bundinn af þeim en þegar bæði meiri hl. skólan. og fræðslumálastjóri voru sammála áður. Það hefur líka gerzt í sambandi við ýmsar embættaveitingar menntmrh. í seinni tíð, að þær hafa sætt gagnrýni viðkomandi stéttaraðila. Ég rifja það upp sem nýjasta dæmi um það, að nýlega, þegar veitt var embætti bókavarðarfulltrúa ríkisins eða hvað það starf nú heitir, komu fram mjög ákveðin mótmæli frá Bókavarðafélagi Íslands, þar sem sýnt var fram á, að a. m. k. þrír þeirra, sem sóttu um embættið, höfðu miklu betri undirbúning til að gegna því, heldur en sá, sem fékk það. Þeir höfðu það hins vegar ekki til brunns að bera að vera jafndyggir flokksmenn ráðh., eins og sá, sem embættið fékk.

Þannig mætti halda áfram að rekja fjölmörg dæmi þess, hvernig embættaveitingar eru nú til dags fyrst og fremst pólitískar. Að vísu neita ég því ekki, að það geti ekki verið hæfir menn, sem verðskulda að hljóta embættin, þó að um pólitískar embættisveitingar sé að ræða. En hitt er jafnframt víst, að í mörgum tilfellum eru óverðugir menn látnir ganga fyrir þeim, sem hafa meiri rétt til stöðunnar og eru betur undir það búnir á allan hátt, bæði vegna menntunar og reynslu, að gegna viðkomandi embættum.

Það er afsökun þessarar ríkisstj., eins og raunar fyrirrennara hennar ýmissa, þegar deilt er á pólitískar embættaveitingar, að segja, að þetta hafi svo sem ekki verið neitt betra áður. Það hafi t. d. átt sér stað, þegar framsóknarmenn sátu í stjórn, að þeir kynnu stundum að hafa beitt aðstöðu sinni til þess að láta flokksbræður sína ganga fyrir um veitingu embætta. Ég skal ekkert bera á móti því, að slíkt kunni að hafa komið fyrir. En það er engin vörn fyrir þær embættaveitingar, sem átt hafa sér stað síðar. Og það einmitt sannar það, sem lögð er áherzla á í þessari till., að það þarf að vinna að því að finna nýtt form í þessum efnum, ef mögulegt er, til þess að útiloka pólitíska hlutdrægni. Ég sé, og það er ekkert óeðlilegt, að stjórnarsinnar brosi kannske að þessu, sem ég var að segja, en mér dettur ekki í hug að halda því fram, að framsóknarmenn séu neinir sérstakir englar í þessum efnum, fremur en aðrir, og það kunni ekki að geta komið fyrir þá að vera brotlegir í þessu sambandi, ef þeir fara með slík völd. Ég hygg, að það geti hent alla meira og minna, þó að þetta hafi aldrei verið eins áberandi og í seinni tíð. En þetta bara sannar, að það er orðin knýjandi nauðsyn að reyna að finna eitthvert nýtt form í þessum efnum, sem leggur ekki allt of mikið vald í sambandi við embættaveitingar í hendur pólitískra ráðh., heldur verði fundinn einhver opinber óháður aðili eða umsögn einhvers óháðs aðila til þess að hafa meiri áhrif á það, hvernig embætti er veitt til að tryggja, að þeir gangi fyrir, sem eiga mestan rétt á að hljóta embættin í hverju einstöku tilfelli.

Ég vil þess vegna vænta þess, að þegar menn athuga þessi mál niður í kjölinn, bæði í nútíð og fortíð í þessum efnum, þá geti þeir sameinazt um það hér á hv. Alþ., án tillits til flokka, að leita eftir einhverju nýju fyrirkomulagi, sem fullnægi betur réttlæti og óhlutdrægni í þessum efnum, heldur en það form, sem nú er. Ég vil líka minna hv. stjórnarsinna á, að horfur eru nú þær í landinu, að eftir að næstu kosningar eru um garð gengnar, hvenær sem það kann að vera, er það síður en svo víst, að þeir muni þá hafa þá aðstöðu, sem þeir hafa nú. Ég held, að það viðhorf sé til hæstv. ríkisstj. og hennar stefnu, að það sé alveg óhætt fyrir stjórnarsinna að gera sér þetta ljóst, að það ætti frekar en hitt að vera þeim hvatning til þess að vinna að lausn þessa máls, sem hreyft er í þessari till. Ég er ekki að segja með þessu, að þó að breyting yrði á ríkisstj., yrði nokkur frekari misbeiting, heldur en verið hefur, síður en svo, heldur aðeins til að árétta, að þegar horft er yfir lengri tíma, á það að vera sameiginlegt áhugamál allra flokka að vinna að því að koma nýrri og fullkomnari skipan á þessi mál. Og í trausti þess, að það sjónarmið verði ráðandi hér á Alþ., vænti ég þess, að þessi till. fái góðar undirtektir hjá þingheimi.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eftir síðustu orðum hv. flm. var svo að heyra, að hann vildi girða fyrir, að hann sjálfur félli í þá freistingu, sem hann telur, að núv. ríkisstj. hafi fallið í. Hann eða hans félagar, sem telja sig nú svo örugga, vilja fara að gæta þess, að þeir éti ekki of mikið af krásunum sjálfir, þegar þeir setjast að veizluborðinu. Þetta er að vissu leyti þakkarverð umhyggja.

Eins og kom fram hjá hv. þm., er hér ekki um neina nýja freistingu að ræða fyrir ríkisstj. eða valdhafa eða a. m. k. ásakanir andstæðinga um, að þeir falli fyrir slíkri freistingu, þó að þessi sjálfsþekking og játning sé ný, sem kom fram hjá hv. þm., enda er hann fjölfróður og minnugur og hafandi skrifað sögu síns flokks, þá veit hann ofur vel, að svo margir, sem legið hafa undir ásökunum um misbeitingu á veitingu embætta, þá hafa engir

frekar gert það en hans flokksmenn á þeirra mesta blómatíma.

Hv. þm. talaði um veitingu sýslumannsembætta og að fulltrúar hefðu haldið því fram, að efasamt væri, að einhver hefði fullt embættisgengi. Hv. þm. man vafalaust ofur vel, að skömmu eftir að þau lög voru sett, sem kröfðust, að þessir menn hefðu verið í vissum stöðum tiltekinn tíma, áður en þeir gætu fengið veitingu fyrir embætti, þá var í eitt helzta sýslumannsembætti settur maður, sem ekki fullnægði hinum lögákveðnu skilyrðum og varð að vinna sér inn tímann með setningunni. Þegar að þessu var fundið, var því svarað í því blaði, sem hv. þm. er nú ritstjóri fyrir, — ég man ekki, hvort hann var orðinn það þá, — að þetta væri alveg ástæðulaust, vegna þess að maðurinn væri skírður í höfuðið á manni, sem hefði verið amtmaður á síðustu öld. Þar með var það mál útkljáð. Sem betur fer hefur þessi ágæti maður staðið sig mjög vel, og ég er ekkert að færa að honum, hann hefur verið góður embættismaður nú í langan tíma. Eins vitum við, að á sínum tíma lenti læknastéttin í mjög harðri deilu við þáverandi heilbrmrh. út af veitingu læknisembætta, og setti hún upp sérstakar reglur, sem hún taldi, að fara ætti eftir, alveg gagnstætt því, sem heilbrmrh., sem þá var úr Framsfl., taldi, að vera skyldi.

Nú má auðvitað endalaust deila um, í hvaða flokki einstakir embættismenn eru. Það er rétt, að eitthvað af þeim mönnum, sem skipaðir hafa verið í sýslumannsembætti frá 1959, hafa komið fram sem mjög ákveðnir sjálfstæðismenn, m. a. verið í kjöri til þings, svipað og þessi góði maður með amtmannsnafnið, sem ég nefndi áðan, og annar maður, sem var skipaður um svipað leyti í sýslu, sem lá að hinni, og er nú þm. Slíkt hefur iðulega gerzt. Um flesta hina hygg ég, að þeir hafi verið og séu með öllu óvirkir í stjórnmálum. Það má vel vera, að það komi í ljós, að þeir kjósi Sjálfstfl. En um marga þeirra er það svo, að það mun vera mjög erfitt eða ómögulegt að marka af nokkrum þeirra afskiptum af málum. Þeir mæta ekki á pólitískum fundum, hafa ekki tekið þátt í neinni stjórnmálabaráttu.

Þá var því einnig sleppt og hætt við tímamörkin, þegar einn mjög áberandi framsóknarmaður var skipaður í eitt helzta sýslumannsembætti á þessu ári utan Reykjavíkur, — embættið á Ísafirði, — ágætur maður, sem allir vissu, að er og hefur verið framsóknarmaður, en ekki haft sig sérstaklega í frammi. Þá var einnig sleppt að minnast á Reykjavík, vegna þess að hér er fjöldi manna af öllum flokkum bæði í undirdómaraembættum, í fulltrúaembættum og yfirdómaraembættum, sem beinlínis hafa verið andvígir Sjálfstfl., — verið í framboði gegn honum, — þannig að þessi saga var ekki sögð nema að litlu leyti.

Aðalatriðið er, það skulum við allir viðurkenna, að allt frá upphafi, meira að segja áður en innlend stjórn hófst, hefur það ætíð verið borið á stjórn, að hún beitti pólitískri hlutdrægni í veitingu embætta. Það var gert meðan landshöfðingi hafði tillögurétt og embættin voru flest veitt í Danmörku. Þá var sagt, að menn yrðu að koma sér í mjúkinn hjá landshöfðingjavaldinu eða danska valdinu. Þetta var mjög harðlega borið á fyrsta íslenzka ráðh., Hannes Hafstein, af hans andstæðingum, og þannig hefur verið um alla ráðh. síðan. Ég viðurkenni þess vegna fúslega, að það má vel taka til athugunar, hvort menn geta komið sér saman um einhverjar skynsamlegar reglur til þess að veita ráðh. eða ríkisstj. aðhald. Það er vel athugandi mál, og þess vegna finnst mér eðlilegt, að þessi till. fari til n. og sé skoðuð þar. Ef menn sannfærast um það, að hún sé fyrst og fremst flutt, eins og stundum vill verða, til að vekja tortryggni, en ekki af málefnalegum áhuga, er rétt að láta till. fá afgreiðslu í samræmi við það. Ef menn vilja athuga sannsýnilega aðferð til þess að skoða, hvort hér er hægt að koma umbótum á, finnst mér eðlilegt, að það sé gert.

Ég legg á það ríka áherzlu, að því fer fjarri, að trygging fáist fyrir betri embættaveitingum með því að láta embættavalið í hendur starfsmannanna sjálfra. Því fer mjög fjarri, og þrátt fyrir það, að finna megi að þeim veitingum, sem pólitískir ráðh. hafa gert, bæði fyrr og síðar, mundi það vera mjög varhugavert, ef embættismennirnir sjálfir ættu að fá þarna úrslitaráð. Hér hefur verið rætt undanfarna daga um samlyndið í háskólanum, en kennarar þar hafa töluverð áhrif á embættaveitingar. Hefur orðið að setja mjög strangar reglur til þess að gæta þess, að klíkuskapur væri þar ekki alls ráðandi, um leið og höft hafa verið lögð á ráðh.

Hér er um svo vandasamt efni að ræða, að í skjótu bragði verða ekki settar um þetta skýrar reglur. Gallinn er sá yfirleitt með embætti úti á landi, að það er mjög mikill erfiðleiki á því að fá menn til þess að setjast þar að, það er mjög mikill erfiðleiki. Varðandi lækna vitum við, að það þarf að ganga á eftir mönnum með grasið í skónum að fara þangað. Svo verður með fleiri og fleiri embætti. Það er mjög farið að bera á því, t. d. varðandi fulltrúa í sýslumannsembætti úti á landi. Það gekk í fyrstu atrennu illa að fá nokkurn til þess að sækja um embætti eins og bæjarfógetaembættið í Neskaupstað. Ég hygg, að mig misminni ekki, að það hafi þurft að auglýsa það tvisvar. Það kann þó að vera, að það skolist í mér, ég bið þá afsökunar á því, en það horfði a. m. k. mjög illa um, að nokkur frambærilegur maður, án tillits til stjórnmálaskoðana, fengist til þess að sækja um það embætti, svo að hér er vissulega um vanda að ræða, sem er ekki auðleystur.

Mér finnst eðlilegt, að það sé skoðað, hvort menn geti komið sér saman um eðlilega leið að heppilegri reglum, en því aðeins, að í því felist ekki, — vegna þess að það er með öllu ástæðulaust, — ásökun eða broddur gegn núverandi stjórnvöldum eða ríkisstj., að öðruvísi hafi verið farið að en áður. Þá er ástæðulaust að samþykkja slíka till. En ef menn vilja athuga málefnalegan vanda málefnalega, finnst mér sjálfsagt að taka því vel.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ræða hæstv. forsrh. gefur mér ekki tilefni til mikilla svara. Mér fannst, að undirtektir hans væru að ýmsu leyti jákvæðar, og hann teldi eðlilegt, að þetta mál væri athugað. Ég held, að ég hafi flutt mál mitt þannig hér áðan að ég beindi því engan veginn eingöngu til núv. ríkisstj., að hún hefði misnotað aðstöðu sína í þessum efnum, heldur hafi slíkt komið fyrir áður og gæti komið fyrir í framtíðinni að óbreyttu veitingarvaldi, en hitt teldi ég, að væri nú samt ekki komizt hjá að álykta, að þetta, — að veita embætti frá pólitísku sjónarmiði, — hafi heldur farið í vöxt en hið gagnstæða í tíð núv. stjórnar. Ég skal ekkert segja um það, hvort slíkt hefði ekki getað orðið alveg eins, þótt einhver önnur stjórn hefði farið með völd. Ég óttast nefnilega, að með óbreyttu fyrirkomulagi, því, sem nú er, verði þetta sjónarmið nokkuð mikið ríkjandi og jafnvel meira með hverju árinu, sem líður, að embætti verði veitt frá pólitísku sjónarmiði að mjög miklu leyti, en ekki fyrst og fremst frá því sjónarmiði, hvort það séu hæfustu mennirnir eða hæfasti maðurinn, sem á að hljóta embættið.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða um þau dæmi um embættaveitingar, sem hafa átt sér stað áður fyrr og hæstv. forsrh. taldi vafasamar. Það voru sérstök rök þá fyrir hendi, sem ég tel óþarft að vera að rifja upp, vegna þess að ég álít, að það bæti ekkert fyrir þessu máli, að við séum að deila svo mjög um orðna hluti, heldur reynum að sameinast um að finna einhverja lausn á þessum málum, sem kemur á heppilegra fyrirkomulagi og réttlátara, heldur en því, sem nú er.

Ég held, að það sé misskilningur hjá ráðh., að það komi fram í þessari till., að stefnt sé að því að fela starfsmönnum sjálfum veitingavaldið. Ég mundi alls ekki telja það heppilegt fyrirkomulag að öllu leyti. Ég hygg, að sama gildi um meðflm. mína. Hitt er svo annað mál, hvort það kemur fram í till., að við teljum rétt að leita álits viðkomandi stéttasamtaka um það, hvernig þau álíta, að embættaveitingum verði réttlátlegast fyrir komið. Mér finnst, að það komi mjög til greina, að samtök opinberra starfsmanna fái að einhverju leyti umsagnarrétt um embættaveitingar. En hitt held ég, að komi ekki til greina að fela þeim algerlega sjálft veitingavaldið, en kannske að skapa þeim aðstöðu til þess að geta haft áhrif á það, að mjög grófar misbeitingar eigi sér ekki stað eða þau geti áður sagt sitt álit.

Ég er alls ekki að halda því fram, að þeir menn, sem hafa hlotið sýslumanns- og lögreglustjóraembætti utan Reykjavíkur seinustu 10—12 árin, hefðu reynzt neitt illa í embætti sínu. Ég hef enga aðstöðu til þess að fella neinn dóm um það, vegna þess að ég hef ekki aðstöðu til að kynna mér, hvernig þeir hafa leyst sín störf af hendi. Ég býst við, að þeir hafi a. m. k. margir hverjir gert það mjög sæmilega. En hins vegar er það staðreynd, sem við getum ekki litið fram hjá, að það muni á þessum 10—12 árum hafa verið veittar einar 18 sýslumanns- og lögreglustjórastöður utan Reykjavíkur, og sjálfstæðismenn hafa verið útnefndir í öll þessi skipti nema eitt. Ég held, að það sjái allir, hvað því veldur, og jafnvel þó að hér sé um sæmilega menn að ræða, þá er það ekki heppilegt fyrirkomulag og skapar vissa tortryggni, að svo að segja í öllum dómarastöðum og lögreglustjórastöðum utan Reykjavíkur séu menn úr einum flokki.

Ráðh. andmælti ekki neitt þeirri niðurstöðu, sem kom fram hjá dómn. dómarafulltrúafélagsins, enda hygg ég, að það verði heldur ekki gert, en niðurstaða þeirrar dómnefndar sýnir einmitt, að hér er pottur talsvert alvarlega brotinn.

Ég skal svo ekki hafa öllu fleiri orð um þetta að þessu sinni. Það sem fyrst og fremst vakti fyrir mér og mínum meðflm. með þessari till., var ekki að halda uppi hörðum deilum um það, hverjir væru sekastir í þessum efnum af þeim, sem með veitingavaldið hefðu farið eða fara, heldur hitt, að það verði reynt að leita sameiginlega að einhverju fyrirkomulagi, sem tryggi aukið réttlæti í þessum efnum, og ég skildi ummæli hæstv. forsrh. þannig, að hann vildi taka þátt í því, að slík athugun verði gerð, og fyrir það er ég honum þakklátur. Ég vænti, að niðurstaðan verði þess vegna sú, að þessi till. fái jákvæðar undirtektir í þeirri n., sem fær hana til meðferðar, og það verði unnt að afgreiða hana á þessu þingi, þó að ekki sé langt eftir þingtímans.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þær umr., sem hér hafa farið fram, að neinu marki.

Ég stend ekki hér upp í sjálfu sér til þess að lýsa neinni ákveðinni afstöðu til þeirrar till., sem hér hefur verið fram borin. Um það segi ég það sama og hæstv. forsrh., að ég mun styðja það, að hún fari til n. og fái þar eðlilega athugun. Ég viðurkenni það fyllilega og er sammála hv. 4. þm. Reykv., að hér er um vandamál að ræða, og sjálfsagt hafa allar þær ríkisstj., sem að undanförnu hafa setið við völd og koma til með að sitja við völd í næstu framtíð, meira og minna einhvern syndabagga í þessu sambandi, þannig að deila má um þær embættaveitingar, sem hafa átt sér stað. Hitt er annað mál, hvort sá vandi er auðleystur, því að samkvæmt eðli málsins verða embættaveitingar og hæfni manna til þess að gegna tilteknum embættum alltaf mjög háð mati, svo að slíkt hlýtur að vera umdeilt. Kjarni vandamálsins er sá, að ekki er hægt að finna neinn ákveðinn mælikvarða á slíka hæfni manna, og hljóta því ákvarðanir, sem í því efni eru teknar, hvort heldur er af pólitískum ráðh. eða einhverjum öðrum, alltaf að verða umdeildar.

En það var nú ekki þetta, sem ég hafði hugsað mér að ræða, heldur get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á því, að þær till., sem hv. Framsfl. ber nú fram í þessu efni og ég tel fullkomlega frambærilegar, ríða að mér finnst töluvert í bág við þá stefnu, sem sami flokkur boðar þó almennt í þjóðmálum og þá fyrst og fremst í efnahagsmálum. Það er vissulega athugunarvert að velta því fyrir sér,

hvaða fyrirkomulag varðandi embættaveitingar geti bezt tryggt, að pólitísk hlutdrægni og önnur annarleg sjónarmið hafi ekki úrslitaáhrif á slíkar veitingar og hvað annað geti þá komið í stað þess skipulags, sem nú er. En svo að ég víki að hinum almennu þjóðmálum og efnahagsmálunum, þá gengur sú stefna, sem af flokknum hefur verið boðuð í þeim efnum, alveg í berhögg við anda þeirrar till., sem hér er borin fram. Allar þær till., sem boðaðar hafa verið og nú hafa verið sérstaklega undirstrikaðar á miðstjórnarfundi hv. Framsfl., sem nýlega er afstaðinn, ganga ekki í þá átt, sem þessi till. gerir, að draga valdið úr höndum ríkisstj., og pólitískra ráðh., heldur að hverfa aftur til þess fyrirkomulags, sem við Íslendingar höfum lengi þekkt og höfum misjafna reynslu af, að færa þetta vald aftur í miklu ríkara mæli og kannske enn ríkara mæli heldur en nokkru sinni áður hefur verið, í hendur hinna pólitísku valdhafa.

Hv. 4. þm. Reykv. fullyrti í ræðu sinni áðan, að hylli núverandi stjórnarflokka og stjórnarstefnu væri hallandi með þjóðinni. Úr því verður auðvitað skorið á sínum tíma, þegar til kosninga verður gengið næst, hvenær sem það verður, en sú stefna, sem hv. framsóknarmenn boða, gengur eindregið í þá átt, — um það hélt ég, að ekki ætti að vera ágreiningur, — að auka mjög verulega vald hinna pólitísku flokka í þessum efnum. Þeir vilja að vísu ekki tala um höft og afneita, að þeir hafi nokkuð slíkt í huga. En ég fæ ekki lagt neinn annan skilning í þá stefnu, sem boðuð hefur verið, en þann, að það sé það, sem áður hefur verið kallað höft, þó að nú sé það yfirleitt kallað því fína heiti, að talað er um stjórn gjaldeyris- og fjárfestingarmála o. s. frv. Stefna ríkisstj. hefur verið sú að innleiða meira frjálsræði í þessum málum, færa það vald, sem áður hefur verið í höndum ýmissa n. og ráða, sem skipaðar hafa verið af þeim pólitísku aðilum, sem með völd hafa farið hverju sinni, í hendur almennings og einstaklinganna. Þetta telja hv. framsóknarmenn, að leiði til ófarnaðar, þannig að það verði að snúa blaðinu við, og efla aftur völd stjórnmálaflokkanna og ríkisstj. í þessu efni. Að vísu er talað um það og till. eru bornar fram í þeirri mynd, að það eigi ekki að vera stjórnmálaflokkarnir, sem hafi þessa stjórn gjaldeyris- og fjárfestingarmála með höndum, eins og það er orðað, heldur eigi það að vera stéttasamtök. En þar kemur nokkuð það sama til, eins og raunar snertir embættaveitingarnar. Þó að það séu aðrir aðilar, heldur en ríkisstj., sem tilnefnir til slíks, þá hefur maður enga tryggingu fyrir því, að þessir aðilar séu ópólitískir.

Það hefur borið hér á góma, bæði hjá hv. 4. þm. Reykv. og hæstv. forsrh., að til greina gæti komið, að samtök opinberra starfsmanna, BSRB, fjölluðu að einhverju leyti um slíkar embættaveitingar.

Svo lengi, sem ég hef haft kynni af þessum samtökum, — ég get skotið því inn í, — hafa þau yfirleitt talið það utan við sitt hlutverk og menn verið, held ég, sammála á þeim vettvangi, óháð stjórnmálaskoðunum, að ekki væri rétt, að samtökin skiptu sér af embættaveitingum eða hefðu þar íhlutun um að öðru leyti en því að beita sér fyrir almennum reglum, sem þar yrðu settar, eins og þeirri, að embættin séu auglýst, þannig að mönnum gefist kostur á að sækja um þau o. s. frv.

En ef við víkjum að efnahagsmálunum, því, sem þeir kölluðu stjórn fjárfestingar- og gjaldeyrismála, þá má telja yfirgnæfandi líkur á því, að þó að það verði hagsmunasamtök, og hef ég þar bæði hagsmunasamtök atvinnurekenda og launþega í huga, sem skipi í þessi ráð og n., má gera ráð fyrir, eins og aðstæður eru í okkar þjóðfélagi í dag, að í þessi ráð og n. verði yfirleitt skipað út frá pólitískum sjónarmiðum. Það er þannig með forystumenn flestra þessara samtaka, að þeir eru yfirleitt mjög virkir á sviði stjórnmálanna, og að sínu leyti á hér það sama við og um embættaveitingarnar. Það er erfitt að finna nokkurt fyrirkomulag í þeim efnum, sem tryggi fullkomið réttlæti. Það er það varhugaverða við að taka þessi mál þó úr höndum hinna pólitísku ráðh. og flytja þau yfir í hendur einhverra annarra, ef maður hefur ekki góða tryggingu fyrir því, að betri reglu verði þá fylgt af þessum öðrum aðila, að hina pólitísku ráðh. er þó hægt að gera ábyrga fyrir þeim ákvörðunum, sem þeir taka, gagnrýna þá, ef ekki hefur þótt rétt gert og fram eftir þeim götunum, en að því leyti, sem embættismenn og aðrir slíkir fjalla um þetta, þá verður ekki komið við ábyrgð á hendur þeim. Þess vegna óttast ég, að einmitt þessar till. um, að það eigi að vera hagsmunasamtök, sem ráða í efnahagsmálum og skammta þar hverjum sitt, hvort sem um fjárfestingarleyfi eða gjaldeyrisleyfi er að ræða, að hættan yrði enn þá meiri á pólitískri misnotkun, ef sá háttur yrði hafður á, heldur en jafnvel væri með gamla fyrirkomulaginu, þegar slíkar n. voru skipaðar pólitískt, því að hinar pólitísku n. má þó gagnrýna, eins og gert var í ríkum mæli, og þær reglur, ef einhverjar eru, sem settar eru í þessum efnum. Fulltrúa stéttasamtakanna, og það sama á einnig við um embættismennina, er ekki hægt að gera ábyrga á sama hátt, þannig að ef þeir eru kannske ekki síður pólitískir en hinir, þá skapar þetta enn meiri hættu á pólitískri misnotkun. En aðalatriðið, sem ég vildi benda á, er hið mikla misræmi, sem ég tel vera á milli þess, sem felst í þeirri till., sem hér er flutt, og þeirri almennu stefnu, sem boðuð er af hv. Framsfl. á sviði efnahagsmála.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það var einu sinni maður, sem endaði allar sínar ræður á þessu: „Auk þess legg ég til, að Karþagóborg verði eydd.“ Það er að verða nokkuð annarleg árátta á hv. 12. þm. Reykv., að hann getur naumast flutt svo ræðu, að hann ekki komi að gjaldeyris- og fjárfestingarmálum. Auðvitað eru það stór mál og góðra gjalda vert, að þau séu rædd. En ég hygg, að það fari nú fleirum sem mér, að þeim finnist erfitt að finna sambandið á milli þeirra mála og þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir til umr.

En ég vil aðeins undirstrika, að það, sem hv. þm. sagði um stefnu Framsfl. í þessu efni, er á algerum misskilningi byggt, og reyndar var hann svo góður að afsanna það sjálfur í lok sinnar ræðu. Hann sagði, að till. okkar framsóknarmanna um fjárfestingarmál og gjaldeyrisstjórn miðuðu að því að færa valdið í hendur pólitískra valdhafa. Hann veit það sjálfur, að þetta er alrangt. Hann sagði það einmitt, að það væri reyndar tekið fram í okkar frv., að stjórn atvinnumálastofnunarinnar, sem við ætlum það hlutverk að setja almennar reglur um uppbyggingu atvinnumála, um gjaldeyrisstjórn og um fjárfestingarstjórn, ætti að vera í höndum fulltrúa, sem tilnefndir væru af stéttasamtökum, en ekki af hinum pólitísku flokkum. Þetta sagði hv. þm. í lok ræðu sinnar. En hann hefur ekki verið búinn að átta sig á því, þegar hann hélt fyrri part ræðunnar. Þess vegna fer því fjarri, að okkar till. gangi í þá átt að færa valdið í hendur pólitískum valdhöfum. Þvert á móti er það greinilega undirstrikað í grg. okkar með því frv., sem hann átti við, og kom líka glöggt fram í þeim ræðum, sem við fluttum í því sambandi, að það væri ekki meiningin að færa valdið í þessum efnum í hendur pólitískra valdhafa. Við tókum það einmitt fram í því sambandi, að við sniðum þessar reglur á þann hátt, að minni hætta en ella ætti að vera á því, að til pólitískrar hlutdrægni gæti komið. Þess vegna leggjum við á það áherzlu, að þær reglur, sem um þetta verði settar, verði almennar reglur. Það verði settar almennar reglur um gerð framkvæmdaáætlana um uppbyggingu atvinnulífsins, um fjárfestingarstjórnina, um gjaldeyris- og innflutningsmálin. En það liggur í augum uppi, að það er alltaf erfiðara að koma við pólitískri hlutdrægni í sambandi við setningu almennra reglna, heldur en þegar á að taka ákvörðun um einstakt tilvik, þ. e., þegar ákvarða á um hin einstöku tilvik, hvort sem það er reyndar um embættaveitingar eða um einstakar leyfisveitingar, sem hættan er mest á pólitískri hlutdrægni. Og ég hef aldrei neitað því og mun ekki neita því, að einhverju kunni að hafa verið áfátt í þeim efnum og þeim n., sem fóru með þessi mál áður fyrr, enda þótt ég hafi aldrei getað fengið það af mér að taka undir þann söng, sem hv. 12. þm. Reykv. hefur sungið í þeim efnum í garð þeirra manna, sem þessi mál hafa annazt.

Ég held, þegar þetta er skoðað, að við leggjum ekki til, að þessi ríkisstj. eða n., sem skipuð er af pólitískum flokkum, fari með valdið í þessum fjárstjórnarmálum, sem um er að tefla, heldur fulltrúar frá ýmsum stéttum og hagsmunahópum, sem hafa einmitt alveg sérstaklega brýnna hagsmuna að gæta í þessu sambandi, þá held ég, að það sé hrein rökvilla að ætla að halda því fram, að með slíku skipulagi sé verið að færa valdið í hendur pólitískra valdhafa.

Hv. 12. þm. Reykv. snerist að því í síðari hluta ræðu sinnar að reyna að sanna, að þó að ástandið í stjórn gjaldeyrismála og fjárfestingarmála o. s. frv. hefði verið slæmt áður í höndum þeirra pólitísku n., sem hann hefur harðlega deilt á, þá mundi það þó verða ennþá verra og ennþá verr komið í höndum n., sem skipaðar væru á þann hátt, sem við framsóknarmenn legðum til, þ. e. a. s. í n. tilnefndum af hagsmunasamtökunum.

Ég verð að segja, að í því sambandi kemur mér í hug nýlega uppsett skipulag af hæstv. ríkisstj. og Alþ., þ. e. a. s. skipun atvinnumálan. ríkisins, sem er ætlað það hlutverk m. a. að deila út hvorki meira né minna en 300 millj. kr. Og hverjir eiga að deila því út? Það skyldu ekki vera fulltrúar stéttasamtaka, sem þar eiga að koma nærri? Það er 9 manna n., 3 ráðh. og 6 menn tilnefndir af stéttasamtökum. Hv. 12. þm. Reykv. hlýtur að vera sérstaklega andvígur þessu fyrirkomulagi, sem þarna hefur verið sett á fót og telja sérstaka hættu á hlutdrægni í sambandi við úthlutun þess fjár, sem þar er um að tefla, úr því að hann lítur svo á, að slíkt fyrirkomulag sé enn skaðlegra en hitt, sem áður tíðkaðist, og allir hv. þm. kannast við, með hve svörtum litum hann hefur dregið upp mynd af því ástandi, sem hann hefur þá talið ríkja í þessum efnum.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Það var algerlega ástæðulaust af hv. 12. þm. Reykv. að blanda þessu tvennu saman, till. um embættaveitingar og till. okkar framsóknarmanna um heildarstjórn á helztu þáttum fjármálanna. Auk þess var sú mynd, sem hann dró upp af okkar stefnu varðandi þau efni, á algerum misskilningi byggð.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þó að ég gæti nú gert aths. við ýmislegt í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., læt ég mér nægja að nota tækifærið til þess að leiðrétta aðeins eitt atriði í ræðu hans. Það var sá samanburður, sem hann gerði varðandi atvinnumálan., sem er skipuð fulltrúum ríkisvalds, atvinnurekenda og heildarhagsmunasamtaka launþega, eins og kunnugt er. Mér finnst, að þessu atriði megi alls ekki blanda saman við það, sem ég hef hér gert að umræðuefni, hvort sem það eru embættaveitingar eða úthlutun gjaldeyrisleyfa, því að allt öðru máli gegnir, þegar um er að ræða úthlutun fjár, hvort heldur er til atvinnubóta eða úthlutun lána t. d. í bönkum eða lánastofnunum. Ég hef aldrei beint sérstakri gagnrýni að bankastjórum og störfum þeirra. Að vissu leyti er aðstaðan hér svipuð eins og fyrir dómstólana. Þeir hafa ákveðnar og fastar reglur til þess að fara eftir. Sama máli gegnir um það, þegar um er að ræða úthlutun fjár, hvort sem er á vegum atvinnumálan. eða annarra, að sá mælikvarði, sem þar verður lagður til grundvallar því, hvort fé er veitt til eins eða annars, verður fyrst og fremst sá, eins og tekið mun líka fram í þessum lögum, að um arðbærar framkvæmdir sé að ræða, og þegar sá mælikvarði er notaður, er engin ástæða til þess að vantreysta hvort heldur er pólitískum fulltrúum, fulltrúum stéttarsamtaka eða öðrum aðilum, að þeir misnoti sína aðstöðu, þannig að þeir fari ekki eftir þeim reglum, sem settar eru. En bæði er það að nokkru leyti þannig með embættaveit-

ingarnar, sem mér skilst, að við höfum nú raunar allir verið sammála um, sem hér höfum talað, að það er erfitt að fá algildan mælikvarða á hæfni manna til að gegna embættum. Enn verra verður þetta, þegar um er að ræða úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa, t. d. mat á því, hvort Pétur eða Páll hafi meiri verðleika til að bera til þess að fá innflutningsleyfi fyrir einkabíl, en þetta var einmitt eitt af þeim málum, sem gjaldeyris- og innflutningsnefnd hafði til meðferðar á sínum tíma, þannig að það, hve deilt var á þær ákvarðanir, sem hér voru teknar, var ekki vegna þess, að það væru verri menn, sem um þetta fjölluðu, heldur en t. d. dómarar, embættismenn og hverjir aðrir, heldur var ástæðan til þess, hvað þetta kerfi var óvinsælt og allar þær ákvarðanir, sem teknar voru, voru að jafnaði umdeildar, blátt áfram sú, að í þessu efni eru ekki til neinar fastar reglur, sem hægt er að fara eftir. Það verður algerlega háð mati þeirra, sem þessa úthlutun hafa með höndum. Þá er auðvitað veruleg hætta á, að atriði eins og kunningsskapur við mennina, flokkstengsl við þann, sem úthlutar o. s. frv., komi þá til að hafa úrslitaáhrif, af því að það eru engar fastar reglur til. Þess vegna gat ég ekki stillt mig, þegar hv. þm. er að minnast á atvinnumálan. o. þ. h. í þessu sambandi, því að þá er blandað saman algerlega óskyldum og ósambærilegum hlutum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. sagði, að ég hefði blandað saman algerlega óskyldum hlutum, þar sem væru atvinnumálan. annars vegar og stjórn atvinnumálastofnunar hins vegar, sem við framsóknarmenn höfðum flutt till. um. Röksemdafærsla hans er á þá leið, að atvinnumálan. hafi almennan mælikvarða eftir að fara. Þær hafi þann mælikvarða eftir að fara, að þær framkvæmdir, sem þær láni í eða veiti styrki til, skuli vera arðvænlegar. Ég verð nú að segja, að mér þykir sá mælikvarði dálítið matskenndur. Og ég er hræddur um, að sínum augum geti nú hver litið á það, hvort einhver tiltekin framkvæmd sé arðvænleg eða ekki. Ég býst við því, að það væri ósköp auðvelt að setja einhvern hliðstæðan mælikvarða varðandi t. d. stjórn á gjaldeyris- og innflutningsmálum, t. d. segja, að ekki mætti veita innflutning fyrir vöru nema hún væri nauðsynleg. Er það ekki mælikvarði? Það er mælikvarði á borð við að segja, að einhver framkvæmd sé arðvænleg. En það er þó ekki aðalatriðið. Auk þess sagði hann, að þessu mætti nú ekki jafna saman, úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa og úthlutun fjár, því að þegar um úthlutun fjár væri að ræða, væri við almennan mælikvarða að styðjast, og hann nefndi þetta um atvinnumálan., en nefndi líka banka, og það verð ég að segja, að það er að talsverðu leyti nýtt fyrir mér, að bankastjórar hafi einhvern almennan mælikvarða eftir að fara, þegar þeir taka ákvörðun um það, hvort þessi víxillinn eða hinn skuli keyptur. Það er sjálfsagt svo, að yfirleitt er það alveg útilokað, að þar komi til greina einhver kunningsskapur eða pólitík. En þó hygg ég, að það sé ekki algerlega girt fyrir, að það geti átt sér stað, og heyrzt hefur deilt á banka ekki síður heldur en á stjórn gjaldeyris- og innflutningsmála.

Það, sem var aðalatriðið, var, að hv. þm. gekk alveg framhjá höfuðatriðinu. Hann talaði og bar saman úthlutun gjaldeyrisleyfa og úthlutun á fé til einstakra framkvæmda og gaf þar með það í skyn, að okkar till. gengju út á úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa. En það er skýrt tekið fram, að okkar till. ganga einmitt fyrst og fremst út á að setja almennar reglur, en hitt viljum við forðast, eftir því sem hægt er, að það verði tekið upp leyfakerfi í þeim gamla stíl. Þetta höfum við margtekið fram. Hvers vegna er þá hv. þm. að tala um þetta, eins og hann hafi aldrei heyrt þetta? Það er þetta, sem er aðalatriðið í þessu, að það er ekki sérstaklega um neitt leyfakerfi samkvæmt okkar till. að tefla, heldur fyrst og fremst setningu almennra reglna. Auk þess er auðvitað atvinnumálastofnuninni fyrst og fremst, og það er tekið fram í frv. okkar, ætlað það verkefni að vinna að atvinnuuppbyggingu, eflingu atvinnulífsins og gerð framkvæmdaáætlana eftir almennum reglum.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum að þessu, og þetta, sem hér hefur verið sagt, kemur auðvitað ekkert við því máli, sem hér er til umr., þáltill. um embættaveitingar, en vegna þess að hv. þm. kom með þetta innskot í umr., vildi ég ekki láta það framhjá mér fara án þess að andmæla hans málflutningi og sýna fram á, á hve röngum forsendum hann var byggður.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

24. Sumaratvinna framhaldsskólanema.

Á deildafundum 6. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sumaratvinnu framhaldsskólanema [168. mál] (A. 326).

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 37., 39., 40. og 41. fundi í Sþ., 19. og 26. marz, 9., 16. og 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 326 hef ég leyft mér að flytja ásamt fleiri hv. þm. till. um sumaratvinnu framhaldsskólanema. Þessi þáltill. var lögð fram 6. marz, eins og ég hef vikið að hér á fundi fyrr í dag, en hún er nú fyrst til umr. Vegna þess að ég veit, að svipað mun ástatt um fleiri þáltill., sem hv. þm. hafa flutt á undanförnum mánuðum, að þær hafa ekki enn þá komizt að, þrátt fyrir það, að langur tími sé liðinn frá því, að þær voru lagðar fram, þá skal ég ekki vera mjög fjölorður um þetta mál núna, til þess að fleiri mál geti komizt til umr.

Fyrr í dag hefur verið að því vikið, að framþróun íslenzks þjóðfélags byggist ekki sízt á því, að við ættum vel menntuðum þjóðfélagsþegnum á að skipa. Þetta eru sannindi, sem oft hafa verið sögð í þessum sal, og eru raunar viðurkennd um allan heim, að mennt sé máttur. Það er hins vegar rétt í þessu sambandi að benda á, að við Íslendingar erum að þessu leytinu talsvert á eftir frændþjóðum okkar á Norðurlöndunum og raunar flestum öðrum þjóðum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum um það, að við útskrifum hlutfallslega miklu færri stúdenta en þessar þjóðir flestar eða allar gera. Úr þessu er nauðsynlegt að bæta, en það kostar verulegt átak að gera það, talsvert fé, en umfram allt þó skipulagningu í sjálfu skólakerfinu. Hér á Íslandi hefur það verið svo undanfarið, að margir eða flestir hafa getað stundað framhaldsnám, enda þótt þeir eigi ekki til ríks foreldris að telja. Þetta hefur verið mögulegt, ekki sízt fyrir það, að við höfum búið við dálitla sérstöðu að því leytinu, að sumarfríin í framhaldsskólunum hafa verið lengri hér en alls staðar annars staðar, þar ég þekki. Og framhaldsskólanemar hafa gjarnan notað þessi löngu frí til þess að vinna fyrir þeim kostnaði, sem samfara er náminu á veturna. Þetta hefur verið á vissan hátt ákaflega æskilegt fyrirkomulag, því að margir af þessum framhaldsskólanemum hafa á þennan hátt kynnzt ýmsum höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar af eigin reynd vegna þessarar vinnu, auk þess, sem þetta hefur gert þeim mögulegt að halda áfram framhaldsnámi.

Á uppgangsárunum frá 1960—1966 var mikil atvinna í landinu og allir þeir framhaldsskólanemar, sem á vinnu þurftu að halda til þess að kosta sitt nám, áttu þess kost á þessum árum. Nú hefur hin síðari árin, þ. e. a. s. árin 1967 og 1968, mjög brugðið til hins verra að þessu leytinu. Eins og fram hefur komið í umr. fyrr í dag, þá var um talsvert atvinnuleysi hjá framhaldsskólanemum að ræða á s. l. ári, og allar horfur eru á, að í ár verði þetta vandamál enn stærra en það var þó í fyrra. Það er af þessum ástæðum, að ég og meðflm. mínir að þáltill. á þskj. 326 hafa freistað þess að fá samþykkta viljayfirlýsingu meiri hl. alþm. um áskorun á ríkisstj. að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu vandamáli. En ég verð að segja, að af þeim upplýsingum, sem fram komu í stuttu svari hæstv. félmrh. áðan við þeirri fsp., sem þá var verið að ræða, virðist hæstv. ríkisstj. ekki hafa lagt á sig ýkja mikið erfiði til að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr þessum vanda. Ég skildi hæstv. ráðh. m. a. þannig, að hann teldi, að forsenda þess, að sérstakt átak yrði gert í því að efla sumaratvinnu fyrir framhaldsskólanema væri, að allir aðrir í landinu hefðu atvinnu. Sem sagt, að þeirra sérstöku vandamál kæmu ekki til álita eða aðgerða af hálfu ríkisstj., fyrr en tryggt væri, að allir aðrir í landinu hefðu atvinnu. Hér tel ég, að skorti skilning á eðli þessa vanda, þessa sérstaka vandamáls skólanemanna.

Það er staðreynd, að núna á hávertíðartímanum er um að ræða mjög verulegt atvinnuleysi meðal landsmanna. Og það eru á því horfur, að nú í vertíðarlok, sem eru eftir nokkra daga, kunni þetta atvinnuleysisvandamál að verða enn stærra, heldur en í dag. Þess vegna sýnist mér, að ef meiri skilningur er ekki á þessu sérstaka vandamáli skólanemanna en mér finnst, að þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. beri vott um, þá sé ekki að vænta neinna sérstakra átaka af hálfu ríkisstj. til þess að bæta úr í þessum efnum. Ég minnist þess, að á árunum 1930—1940 var mjög áberandi norður á Siglufirði, að ýmsir stúdentar og námsmenn við háskólann voru þar starfandi við Síldarverksmiðjur ríkisins, bæði við rekstur þeirra og eins á þeim árum, þegar efnt var til byggingar nýrra verksmiðja. Þar nyrðra gekk sú saga, sem ég vænti, að sé sönn, að Jónas heitinn Jónsson frá Hriflu hefði sérstaklega beitt áhrifum sínum til þess að tryggja, að þessir námsmenn ættu þess kost að fá sumaratvinnu við síldarverksmiðjurnar. Ég minnist þess, að ég sá á þessum árum ýmsa stúdenta, sem þarna voru í vinnu, sem nú eru orðnir háttsettir og velmetnir menn í þjóðfélaginu, bæði í stétt lækna og ýmissa annarra stétta vísindamanna, sem þjóðin á mikið að þakka. E. t. v. er það því að þakka, að þessum mönnum var tryggð sumaratvinna við síldarverksmiðjurnar yfir sumartímann á þessum árum. Ég vildi gjarnan, að hæstv. núv. ráðh. hefðu þetta fordæmi til hliðsjónar, þegar þeir hugsa um þessi mál.

Í umr. áðan las hv. 6. þm. Reykv. upp upplýsingar, sem fram komu m. a. á öðru landsþingi menntaskólanema, sem haldið var í Reykjavík síðustu dagana í marzmánuði, um atvinnuhorfur framhaldsskólanema í menntaskólunum að Laugarvatni og við Hamrahlíð og í Menntaskólanum í Reykjavík. Ég hafði þessar tölur líka hér, en skal ekki lengja umr. með því að endurtaka það, sem hann sagði, en niðurstaðan af þeirri skoðanakönnun, sem þá var gerð, var sú, að 50—60% framhaldsskólanema, sem voru spurðir, töldu, að þeir yrðu að hætta námsferli sínum, ef þeir fengju ekki atvinnu í sumar. Ég held því, að það sé bæði rétt, skylt og skynsamlegt af ríkisvaldinu að gera nú öflugt og sérstakt átak til þess að bæta úr þessum vanda.

Ég er engan veginn ánægður með þá hugmynd, sem kom fram í ræðu hæstv. félmrh. áðan, þar sem hann lét liggja að því, að hugsanleg væri sú breyt-

ing á lögum um atvinnuleysistryggingar, að nemendur í framhaldsskólunum ættu að uppfylltum vissum skilyrðum rétt á atvinnuleysisbótum. Ég held, að það væri miklu eðlilegra að nota einhverja hluta af sjóðum almannatrygginganna til þess að efna til sérstakra atvinnuframkvæmda í landinu, sem þjóðin öll hefði gagn af, og láta skólanema fá atvinnu við þær framkvæmdir. Mér dettur í hug, að ýmsar opinberar framkvæmdir eru þess eðlis, að þær má færa í auknum mæli yfir á sumartímann, þegar yfirleitt fæst meira fyrir þá peninga, sem varið er til framkvæmda, en þegar unnið er fyrir þá um hávetur og oft í vondum veðrum. Mér finnst ekkert óeðlilegt, að við í okkar veglausa landi efndum til mikillar vegagerðar í sumar víða í landinu og veittum til þess lán eða framlög t. d. úr atvinnuleysistryggingasjóði og sköpuðum á þann hátt nemendunum aðstöðu til þess að fá vinnu.

Á s. l. ári mun hafa verið flutt inn til landsins af kartöflum og grænmeti magn fyrir um tæpar 20 millj. kr. að verðmæti. Það er meira en hugsanlegt, að við gætum ræktað allar þær kartöflur sjálfir í landinu, sem við neytum, t. d. með því að veita framhaldsskólanemum atvinnu við að brjóta land og rækta kartöflur. Þannig eru ýmsir möguleikar til, ef viljinn er fyrir hendi. En vafalaust gerist ekkert í þessum efnum, ef áhugaleysið hjá þeim, sem með völdin fara, er nær algert um þetta sérstaka vandamál.

Við víkjum að því, flm. till., að ef það eigi að vera frambúðarástand í landinu, eða ástand sem vari um langan tíma, að skólanemar fái ekki atvinnu ár eftir ár, þá sé fyllilega tímabært að taka það til athugunar að lengja skólaárið og stytta sumarfríin í þeim tilgangi að útskrifa framhaldsskólanema fyrr út í atvinnulífið, heldur en nú er. Í sambandi við þá breytingu þyrfti nauðsynlega að efla mjög námslána- og námsstyrkjakerfið í landinu, stórefla það og taka til alvarlegrar íhugunar, hvort við ættum ekki að koma á hér námslaunakerfi eins og tíðkast og þekkist í sumum löndum Evrópu og víðar.

Ég skal nú, herra forseti, ekki lengja þetta mikið frekar. Ég gat um, að þessi vandamál framhaldsskólanema hefðu verið rædd sérstaklega á öðru framhaldsþingi menntaskólanema hér í Reykjavík, og um það var gerð ályktun, sem ég ætla að láta vera mín síðustu orð að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Ályktunin er svo hljóðandi:

„Það er skýlaus krafa landsþingsins, að öllum nemendum, sem æskja þess, gefist kostur á að stunda nám. Grundvallarskilyrði þess er, að tryggð sé fjárhagsleg afkoma þeirra. Þess vegna leggjum við til, að a) ríkið geri allt, sem í þess valdi stendur, til að auka eftirspurn eftir ófaglærðu vinnuafli yfir sumartímann; b) athugaðir verði möguleikar á að útvega íslenzku námsfólki atvinnu erlendis yfir sumartímann; c) námsstyrkjakerfi ríkisins verði stóreflt; d) jafnaður verði sá kostnaðarmunur, sem er samfara námi fjarri átthögunum, og eru þá sérstaklega hafðir í huga Austfirðir og Vestfirðir; e) námsmenn fái gjaldfrest og ívilnanir á opinberum gjöldum; f) ríkið styrki atvinnumálanefnd menntaskólanema. Í því sambandi lýsir landsþing menntaskólanema yfir eindregnum stuðningi við þáltill. nr. 326, flutta af Jóni Skaftasyni o. fl., varðandi atvinnu skólanema og vill sérstaklega undirstrika, að ríkið styrki vinnumiðlun menntaskólanema; g) sett verði upp heimavist í Reykjavík til að minnka fjárhagsörðugleika nemenda utan af landi. Kemur hér e. t. v. til greina KFUM-húsið eða eitthvert annað húsnæði, sem hægt væri að breyta með litlum tilkostnaði fyrir næsta haust; h) námsmenn reyni að stilla fjárþörf sinni í hóf, eftir því sem unnt er."

Þetta eru ályktanir 2. landsþings menntaskólanema.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þetta mál verði frestað og því vísað til hv. allshn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. var að snupra mig í dag fyrir, að ég skyldi dirfast að spyrja hæstv. félmrh. um mál, sem hann virtist telja einkamál sitt. Nú langar mig að spyrja þennan hv. þm., hvort hann telji málatilbúnað af því tagi, sem hann hefur hér gengizt fyrir, vera líklegan til árangurs. Hér hafa verið viðstaddir um það bil 10 þm. Sá ráðh., sem hv. þm. er að ræða við, er ekki viðstaddur í þingsölunum. Það voru allar horfur á því, að þegar hv. þm. lyki að flytja ágæta ræðu sína færi málið til n. Við skulum segja, að sú n. verði hraðvirkari en sumar þn. hafa verið að undanförnu, en naumast kemur árangur hennar fyrr en í maímánuði, og á þá Alþ. að samþykkja ályktun, sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess að tryggja svo sem auðið er, að framhaldsskólanemar eigi kost góðrar sumaratvinnu."

Dettur hv. þm. í hug, að atvinna skólanemenda verði tryggð, ef í maímánuði verður samþ. áskorun á ríkisstj. um að gera ráðstafanir hið fyrsta? Auðvitað er þetta tóm endaleysa. Það þýðir ekkert að halda þannig á þessum málum, úr því sem komið er. Þetta mál er komið í algeran eindaga. Ríkisstj. hefur svikizt um að efna loforð, sem hún er margbúin að gefa og hún hefur gefið í meira en heilt ár. Það, sem við alþm. þurfum að gera, er að flytja hreinlega till. um fjárveitingar til þessara athafna.

Þarna er um að ræða 8000 nemendur. Við skulum segja, að þeir fari í almenna verkamannavinnu, þar sem kaupið er lágt, 10 þús. kr. á mánuði. Fyrir allan þennan hóp er þar um að ræða 80 millj. á mánuði. Menn munu þurfa a. m. k. þriggja mánaða vinnu, það eru 240 millj. Þetta er allverulegt upphæð, en engu að síður tel ég, að ríkisstj. geti lagt fram hluta af þessari upphæð og gert jafnframt ráðstafanir til þess, að atvinnureksturinn í landinu standi undir aukinni atvinnu þar á móti. En það er þetta, sem nú blasir við; þarátta fyrir því, að hæstv. ríkisstj. standi við þau loforð, sem hún er búin að gefa fyrir löngu.

Raunar er eitt afl í þjóðfélaginu, sem ég held, að gæti ýtt allverulega við hæstv. ríkisstj. eins og er, og það eru nemendurnir sjálfir. Það hefur komið í ljós aftur og aftur, að þegar nemendur láta að sér kveða, er látið undan þeim. Ég held, að það, sem nú þurfi að gera, sé að vísa þessu máli beint til nemendanna í framhaldsskólunum og benda þeim á, að þeir verði að heyja kjarabaráttu alveg á sama hátt og launafólkið á Íslandi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur um málsmeðferð á milli hv. þm.

Það er búið að segja mörg falleg orð um sumaratvinnu skólafólksins, en líka mörg ósönn orð, eins og síðasti hv. þm., sem er búinn að margtyggja hér í dag, að ríkisstj. hafi svikizt um að efna loforð, sem hún hafi margsinnis gefið. Hann byrjaði á því, hv. 6. þm. Reykv., að segja, að ríkisstj. hefði gefið loforð um það í fyrra að tryggja sumaratvinnu skólafólks í marzsamkomulaginu. Þá var gert samkomulag um skipun atvinnumálan. við fulltrúa Alþýðusambandsins og verkalýðsins í landinu, sem vitað var um frá upphafi, að hafði enga fjármuni til ráðstöfunar og gat þess vegna ekki búið til nein verkefni. Þessi n. ræddi hins vegar mikið um sumaratvinnu skólafólksins og átti viðræður við allar sveitarstjórnirnar hérna á þéttbýlissvæðinu og lagði að nokkru leyti drög að miklu meiri sumaratvinnu fyrir skólafólkið, heldur en ella hefði orðið, þó að hins vegar hafi verið, eins og komið hefur fram, atvinnuleysi hjá skólafólki. Í þessari n., sem á að hafa svikizt um að gera það, sem hún lofaði, sem er ósatt, áttu fulltrúar Alþýðusambandsins fulltrúa og ekki ein einasta till. kom fram hjá þeim í n. um neinar sérstakar aðgerðir, af því að þeir vissu, að n. hafði ekki aðstöðu til þess að hefjast handa um sumaratvinnu skólafólks fram yfir það að reyna að stuðla að því með viðræðum við sveitarstjórnir, og einnig ríkisfyrirtæki eins og t. d. vegagerðina og önnur slík að hraða eitthvað framkvæmdum, sem gert var á mörgum sviðum. Um það, sem n. gerði, var samin skýrsla í lok ágústmánaðar og forseta Alþýðusambandsins var afhent sú skýrsla, og við hana hefur aldrei komið fram nein aths., hvorki hjá fulltrúum Alþýðusambandsins eða verkalýðsins í n. né frá Alþýðusambandsstjórninni, en formaður hennar fékk þessa skýrslu í hendur.

Menn verða svo einnig að gera sér grein fyrir því, að það er sennilega ekki ástæða til þess að ætla, að atvinnuhorfur skólafólks séu mjög miklar í marz- og aprílmánuði, þegar verið er að tala við það þar um, þegar standa yfir deilur á vinnumarkaðinum, eins og nú hafa staðið, samningslaust á milli atvinnurekenda og launþega frá því 1. marz og síðan hafa verið erjur á vinnumarkaðinum og raunar enginn vitað frá degi til dags, hvort hér yrðu skollin á allsherjarverkföll. Mig furðar ekkert á því á þeim tíma, að skólafólk eigi erfitt með að fá einhver fyrirheit um atvinnu. Þess vegna er það alveg rétt, sem hæstv. félmrh. vék að hér í dag og ég heyrði ekki betur en hv. 6. þm. Reykv. viðurkenndi, að það er og hlýtur alltaf að verða, hversu fögur orð, sem menn vilja hafa um það, grundvöllurinn undir atvinnu skólafólksins, að almenn atvinnustarfsemi í landinu sé í blóma. Ef svo er ekki, á ég eftir að sjá, að fulltrúar verkalýðsins í landinu felli sig við það og sætti sig við það, að varið sé af opinberu fé, eins og hér er talað um, allt að 240—250 millj. kr. til þess að tryggja atvinnu skólafólks meðan almenningur og fyrirvinnur stórra fjölskyldna hafa ekki atvinnu.

Hv. 2. þm. Reykn. komst svo að orði áðan, að á uppgangsárunum 1960—1966 hefði allt skólafólk haft atvinnu, sem vildi. Þetta voru nú einu sinni kölluð móðuharðindaár, og það er dálítil breyting orðin á, að þau skulu núna vera kölluð uppgangsár, en hann vék samtímis að því, að árin 1967 og 1968 hefði brugðið mjög mikið við. Þá má segja, að að vissu leyti hafi komið hér móðuharðindaár, þó að þau væru ekki af manna völdum. Og á þessum árum hafa verið erfiðleikar með að útvega skólafólki atvinnu. Þetta horfir betur og eitthvað töluvert af skólafólki gat fengið atvinnu fyrst í stað við hinar stóru framkvæmdir, bæði við Búrfell og Straumsvík. Sumir hafa staðið hér kófsveittir í þessum ræðustól til þess að berjast á móti því, að til slíkra framkvæmda væri efnt. En það er ekki aðeins, að menn verði að gera sér grein fyrir því, þó að mönnum þyki það ekki gott, að erfitt árferði og atvinnuleysi, sem stafar af aflabresti og markaðshruni hjá okkur Íslendingum, kemur líka við skólafólkið. Menn verða líka að hafa í huga og skólafólkið að gera sér grein fyrir því, sem ég efast ekkert um, að það gerir, að það er allt annars eðlis að útvega, ef svo mætti segja, eða skapa tímabundna atvinnu fyrir skólafólk nú, heldur en var áður fyrr. Ég man nú ekki eftir því, þegar ég var á skólaaldri fyrir norðan, að Jónas Jónsson væri neinn brautryðjandi í því að útvega skólafólki atvinnu, eins og vikið var að. Það má vel vera. Það voru margir góðir menn, sem lögðu hönd á plóginn við það, og hann hefur sjálfsagt verið einn af þeim. Hvort hann hefur skorið sig nokkuð úr, skal ég ekki segja. En það, sem ég á við með þessu, er t. d., að það var vikið áðan að vegagerð — að reyna að efla vegagerð fyrir skólafólk, — og það var gríðarlega mikið af skólafólki í vegavinnu á árunum fyrir 1930, þegar við notuðum hesta og kerrur og skóflu og haka við vegagerðina. En þó að við höfum mikið fé, sem skiptir tugum millj. kr. og jafnvel hundruð millj. kr. og setjum það í vegagerð og brúagerð, þá er það sárafátt fólk, sem fer til þessara framkvæmda, eins og hv. þm. er öllum vel kunnugt um og ekkert síður en mér.

Skólafólk fékk auðvitað alltaf mjög mikla atvinnu við sumarvertíðirnar, síldarsumarvertíðirnar, ekki aðeins við síldarverksmiðjurnar, heldur ekki síður við síldarsöltunina, og þegar hvort tveggja bregzt, eins og verið hefur undanfarin ár, þá skapar þetta gífurlegan vanda. Mér er, held ég, alveg eins ljóst og þeim hv. þm., sem um málið hafa

rætt, að hér er um mikið vandamál að ræða. Það er rétt, að skólafólk hefur haft fram til síðustu tveggja ára næga atvinnu á sumrin, og meira að segja svo mikla atvinnu, að fjöldinn af þessu skólafólki notaði sér alls ekki möguleikana til þess að hafa sumaratvinnu. Það eyddi sínum sumartíma í ferðalög til sólarlanda í ríkum mæli. Það fóru heilir bekkir í þessi ferðalög. Ég efast alveg um, hvað það var hollt að örva þetta unga fólk til þess að fara í heilum bekkjum í utanlandsferðir, í staðinn fyrir að nota sér þá atvinnu, sem var fyrir hendi í landinu, og afla sér fjár til vetrarins eða safna sér forða, en svona var þetta. Engu að síður mundu þetta verða, eins og réttilega hefur verið tekið fram, gífurleg viðbrigði, ef skólafólkið ætti ekki kost á sumaratvinnunni, og ég er alveg sammála hv. þm., sem talað hafa hér í þessu máli, að það er sjálfsagt af hálfu stjórnvalda og ráðamanna sveitarstjórna að stuðla að því eftir fremsta megni, að aðstaða fáist, svo sem föng eru til, fyrir skólafólkið til að vinna að hagnýtum störfum. Það er ekki aðeins, að það safni fé til vetrarins, heldur safnar það líka í sinn andlega sarp með því að leggja hönd á plóginn í hinu almenna atvinnulífi, og margir hafa búið eins vel að því eins og þeim fjármunum, sem þeir hafa safnað á stuttum sumartíma til þess að standa straum af kostnaðinum með því að vera beinir þátttakendur í atvinnulífinu, vinna með verkamönnum, sjómönnum, byggingamönnum og öðrum landsmönnum, sem hafa þurft að vinna hörðum höndum. Þetta hefur verið mörgum skólamanninum mikið happ og búið um sig í hugarfari hans til síðari ára.

Atvinnumálanefndirnar, sem mikið hefur verið vikið hér að, atvinnumálanefnd ríkisins og atvinnumálanefndir kjördæmanna hafa ekki, svo ég viti, enn komið fram með sérstakar till. um atvinnu fyrir skólafólkið, og það má segja, að það sé að vissu leyti ekki óskiljanlegt, meðan ekki hefur tekizt að ráða bót á atvinnuleysinu, eins og vitnað er til, þar sem það er töluvert enn þá í lok vertíðar eða um það bil í lok vertíðar, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu og einkum og sér í lagi í Norðurl. e., sem er alverst statt að því er ég bezt veit. En ég er ekki þeirrar skoðunar, að við gerum nokkurt góðverk með því að hafa þessi mál í flimtingum hér á þingi eða annars staðar, telja skólafólkinu trú um með óljósum orðum, að það sé enginn vandi að skapa fyrir það atvinnu alveg óháð því, hvernig ástandið er í þjóðfélaginu og það sé ekkert annað að gera fyrir það en að hefja kjarabaráttu eins og hér var talað um áðan. Það er sjálfsagt að taka með fullum skilningi þeim óskum, er fram koma frá samtökum skólanemanna og veita þeim aðstoð eftir því sem föng standa til. Við verðum einnig að reyna að fá þetta unga fólk til að skilja aðstöðuna eins og hún er á hverjum tíma í þjóðfélaginu og meta sínar kröfur að einhverju leyti með hliðsjón af því. Þá koma að sjálfsögðu eins og nefnt hefur verið, til álita aðrar aðgerðir fyrir skólafólkið til þess að sporna við því, að það verði að hætta sínu námi, því að það er þjóðfélaginu líka dýrt, og margoft hefur það verið tekið fram af góðum mönnum, að dýrasti sjóðurinn, sem landið á á hverjum tíma, sé sá kraftur, sem býr í æsku þess.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mér þóttu það dálítið óvænt og næsta ánægjuleg tíðindi að heyra hæstv. iðnmrh. flytja smávegis skýrslu um störf atvinnumálan. sem sett var á laggirnar í marzmánuði í fyrra. Það hefur oft verið minnzt á þessa n. hér, m. a. af mér, og ég hef spurt að því, hvernig á því hafi staðið, að þessi n. lognaðist hreinlega út af án þess að gefa nokkra skýrslu um starfsemi sína, en aldrei hafa fengizt svör við þessu fyrr en nú, en þessi hæstv. ráðh. var formaður n. Ráðh. staðhæfði, að það hefði verið rangt hermt hjá mér, að um hefði verið að ræða loforð um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi skólafólks í fyrrasumar og n. hefði ekki getað gert meira en hún gerði, vegna þess að hún hefði ekki haft neitt fjármagn. En hæstv. ríkisstj. birti yfirlýsingu í sambandi við lausn vinnudeilnanna í marz í fyrra, og þar var m. a. komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur ætíð óskað samstarfs við samtök verkalýðs og vinnuveitenda til að halda uppi almennri atvinnu og telur nú brýnni þörf á slíku samstarfi en nokkru sinni fyrr. Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, lýsir ríkisstj. því yfir eftirfarandi."

Síðan kom atriði í 10 liðum. 6. liðurinn er svo hljóðandi í yfirlýsingu ríkisstj: „ að hún muni í samráði við atvinnumálan. athuga atvinnumál unglinga, sem eru við nám, og stuðla að ráðstöfunum til að tryggja sumaratvinnu þeirra." Þetta var loforð hæstv. ríkisstj. gefið í sambandi við lausn vinnudeilnanna í fyrra, og hæstv. ríkisstj. hafði fjármagn, enda þótt atvinnumálan. hefði ekki fjármagn. Þarna var loforð, sem ekki var nokkur leið að hlaupa frá og þeim mun ósæmilegra að hlaupa frá því, sem þetta loforð var gefið, vegna þess að verkalýðssamtökin slökuðu á frá hreinni lágmarkskröfu, sem fram var borin í kaupdeilunum í fyrra. Verkalýðshreyfingin gaf eftir mikla fjármuni, vegna þess að hún treysti því, að staðið yrði við loforðin í atvinnumálunum. En þessi loforð ríkisstj. voru ekki efnd.

Það væri fróðlegt að fara yfir alla þessa 10 liði og spyrja hæstv. ríkisstj., hvað sé að marka slík ummæli. Það var ekki staðið við þau. Þetta ætti raunar að vera alveg sérstakt samvizkumál fyrir þennan hæstv. ráðh., vegna þess að hann var formaður n., á honum hvíldi sérstök ábyrgð. Það er fullkominn ábyrgðarhluti að haga sér þannig í samskiptum við verkalýðssamtökin á Íslandi, að ekki sé hægt að treysta loforðum, sem gefin eru á formlegan hátt, en það sannaðist í fyrra, að þetta er ekki hægt.

Út af almennum hugleiðingum hæstv. ráðh. um það, að ekki sé til þess að ætlast, að skólafólki sé tryggð atvinna á meðan atvinnuleysi er í landinu,

tel ég það vera fjarstæðu að gera þarna skil á milli. Sem betur fer hefur framhaldsskólanámi verið þannig háttað hér á Íslandi, að það unga fólk, sem nám hefur stundað, er aðeins eðlilegur hluti af fólkinu í landinu. Þetta er fólk af heimilum landsmanna eins og þau gerast, og vandamál þessa skólafólks er nákvæmlega það sama og vandamál heimilanna. Ef þetta skólafólk fær ekki sumaratvinnu, þá bitnar það á jafnmörgum heimilum og þetta skólafólk er. Þannig þýðir ekkert að reyna að gera skil á milli og segja, að hæstv. ríkisstj. sé enn þá að reyna að standa við þau loforð, sem hún gaf í janúarmánuði um að uppræta almennt atvinnuleysi á Íslandi og þess vegna geti hún ekki sinnt vandamálum skólafólksins. Henni ber að gera hvort tveggja, og fyrir því eru ekki nokkur almenn rök að láta þúsundir manna ganga um atvinnulausar á Íslandi, þar sem verkefnin blasa við í öllum áttum. Það er ekki hægt að rökstyðja það með neinum skynsamlegum rökum, aðeins með hagfræðilegum kreddum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. er svo oft búinn að skrifa þessi ósannindi sín í Þjóðviljann, að mig furðar ekkert á því, þó hann japli á því hér enn þá, en það sem hann las, sannaði nákvæmlega það, sem ég var að halda fram. Það voru ekki gefin nein fyrirheit um sérstakar ráðstafanir af hálfu ríkisstj., heldur var lofað að hafa samráð við fulltrúa verkalýðsins og vinnuveitenda, eins og hv. þm. las upp, um ráðstafanir, sem stuðluðu að aukinni atvinnu fyrir skólafólk. Þetta var gert. Það var sett upp atvinnumálan. í samráði við fulltrúa launþeganna, verkalýðsins, og vinnuveitenda. Og ég sagði áðan, að það kom engin einasta tillaga frá fulltrúum launþega um neinar sérstakar ráðstafanir af hálfu þessarar n. til þess að tryggja skólafólki atvinnu. Þess vegna er það vonlaust verk fyrir þennan hv. þm. að koma hér og tala um, að það þýði ekkert fyrir verkalýðinn að hafa samvinnu við ríkisstj., sem þannig efnir loforð sín. Ef þessi hv. þm. getur bent mér á einhverja einustu till. í þessari n., sem átti að stuðla að þessu eða fram yfir það, sem n. gerði og ég gerði grein fyrir áðan, að hafa samráð við sveitarstjórnirnar hér í kring, þá er rétt að hann geri það. (Gripið fram í.) Í samráði við fulltrúa launafólksins og vinnuveitenda, eins og hv. þm. las. Í samráði við fulltrúa launafólksins. (Gripið fram í.) Það eru ósannindi, það er ekki einhliða loforð, því að það var lofað því að hafa samráð við fulltrúa verkalýðsins um þetta. Verkalýðurinn átti 2 fulltrúa í þessari n., og þegar samið var nál. í lok ágústmánaðar um störf þessarar n., var forseta Alþýðusambandsins afhent þetta nál., og þar er grg. um störf n., ýtarleg grg. um störf n. Og þarna gerði ég ráð fyrir því, að stjórn Alþýðusambands Íslands hefði fulla aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir störfum n. Ég get hins vegar ósköp vel skilið, að hún hafi ekki talið þennan hv. þm. svo merkilegan, að hún þyrfti að vera að sýna honum það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. allshn., á þskj. 788 og 791, var útbýtt 17. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Skólasjónvarp.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skólasjónvarp [170. mál] (A. 335).

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 39., 40. og 41. fundi í Sþ., 19. marz, 9., 16. og 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Það væri ekki úr vegi að taka undir athugasemdir hv. 6. þm. Reykv. áðan um fundarsókn. Mér telst til, að hér sé staddur u. þ. b. ¼ þingheims. **(Gripið fram í:** Það hefur nú oft verið verra en þetta.) Af þessum hópi eru að ég held 5 þm. stjórnarflokkanna, einn ráðh. var staddur hér áðan, en var að fara burtu í fússi. Það er sem sé fámennt hér, en ég get sagt óvenju góðmennt þó. Það má spyrja, hvort það sé eiginlega forsvaranlegt að halda fundi við þessar kringumstæður og hvort það sé forsvaranlegt af manni sjálfum að halda ræður um mál, sem manni liggja þungt á hjarta, yfir tómum stólum stjórnarsinna, sem helzt ættu á orð manns að hlýða. En látum það vera. Ég vildi reyndar koma þessari aths. á framfæri, sérstaklega ef einhverjir fréttamenn skyldu nú heyra þetta. Mér finnst, að t. d. fréttamaður útvarpsins mætti gjarnan láta þessa getið, af því að þjóðin á að mínum dómi heimtingu á að vita, hvernig við þm. vinnum fyrir kaupinu.

Hér á þskj. 335 er þáltill., sem ég flyt ásamt Björgvin Salómonssyni. Hann átti sæti sem varamaður á Alþ., þegar till. var lögð fram, og þessari till. er ætlað að ýta á um framkvæmd mikils nauðsynjamáls.

Í grg. með till. er vitnað í skýrslu, sem sjónvarpsn. tók saman fyrir 5 árum. Í skýrslunni kemur fram, að

n. hefur talið, að fræðslustarfsemi hlyti að verða eitt helzta verkefni íslenzks sjónvarps. N. virðist hafa litið á það sem sjálfsagðan hlut, að íslenzka sjónvarpið yrði ekki aðeins starfrækt sem dægrastytting og til fréttaflutnings og listrænnar uppbyggingar eftir því sem aðstæður leyfðu og mátulegt þætti. Sjónvarpið hlyti einnig að verða starfrækt sem skóli, skipulagður skóli með víðtækt starfssvið.

Nú hefur íslenzkt sjónvarp starfað í 2½ ár, og það hefur að vísu flutt ýmsa ágæta fræðsluþætti í dagskrá sinni innan um og saman við, og örlítil kennsla hefur þar farið fram, þ. e. a. s. enskukennsla fyrir byrjendur, sem hefur nú verið lögð niður einhverra hluta vegna, og væri fróðlegt að vita hvers vegna, en hér er enginn ráðh. staddur til þess að svara þeirri spurningu né öðrum, sem maður kynni að vilja leggja fyrir ríkisstj. En raunverulegt skólasjónvarp, eins og það, sem fyrirheit var gefið um í skýrslu sjónvarpsn. fyrir 5 árum, hefur látið á sér standa.

Eðlilegt virðist, að skipulagning og starfræksla skólasjónvarps verði í höndum fræðsluyfirvalda landsins, enda er gert ráð fyrir því í skýrslu sjónvarpsn. og þess um leið getið, að fræðsluyfirvöldin hafi mikinn áhuga á þessu máli, og hafi þá þegar, þ. e. a. s. fyrir 5 árum, verið komið fyrir sérstökum útbúnaði í tilteknum skólum til þess að notfæra sér sem bezt fræðslustarfsemi skólasjónvarps. Maður hlýtur að spyrja: Hvað hefur eiginlega orðið af þessum áhuga? Hvers vegna hefur hans hvergi orðið vart í framkvæmd? Varla hafa fræðsluyfirvöldin komizt að þeirri niðurstöðu, að ástandið í skólamálum sé orðið svo gott, að það sé ekki lengur þörf þeirra miklu nota, sem hægt væri að hafa af skólasjónvarpi.

Ég ætla ekki af þessu tilefni að leggja út í umr. um þau mál, skólamálin eða kennslumálin almennt. Ennþá bíðum við nú eftir þeirri skýrslu hæstv. menntmrh., sem okkur var einu sinni gefið fyrirheit um, en það má benda á örfáa þætti kennslumálanna, þar sem skólasjónvarp ætti að geta bætt nokkuð og jafnvel mikið úr slæmu ástandi.

Þess er fyrst að geta, að samkvæmt könnun, sem nýlega fór fram á aðstöðunni til eðlisfræðikennslu í skólum okkar, þá ríkir þar svo mikill skortur á nauðsynlegri aðstöðu og nauðsynlegum tækjum, að það myndi kosta tugi millj. að skipa þeim málum svo, að sambærilegt væri við það, sem tíðkast hjá frændum okkar á Norðurlöndum og raunar flestum öðrum þjóðum Evrópu. Við stöndum sem sagt óralangt að baki þessum þjóðum að veita ungmennum okkar nauðsynlegustu undirstöðufræðslu í þessari grein, sem svo mikla þýðingu hefur nú á tímum, undirstöðugrein til vísindalegra rannsókna ýmiss konar og tæknilegra framfara og velmegunar. Úr þessu gæti skólasjónvarp að sjálfsögðu bætt mikið. Einn góður kennari, sem fram kæmi reglulega í sjónvarpi og hefði fullkomin tæki til afnota við kennsluna, gæti miklu áorkað í þá átt að veita ungmennum okkar þá fræðslu í eðlisfræði, sem svo mikla þýðingu hefur. Æskilegast væri að sjálfsögðu, að hver skóli hefði á að skipa og hefði til afnota nauðsynleg tæki og byggi við fullkomnustu aðstöðu til eðlisfræðikennslu, en það er nú því miður þannig, að tugir millj. hrynja ekki beinlínis niður úr erminni á fjárveitingarvaldinu, hvenær sem einhverjum dytti í hug að hrista hana. Og jafnvel þó að fjárveiting væri fyrir hendi, þá mundi í fyrsta lagi taka langan tíma að koma góðu skipulagi á þessi mál, og þegar tækin væru fyrir hendi, þá er hætt við, að víða mundu ekki einu sinni vera til kennarar með nægilega sérþekkingu til þess að nota þessi tæki.

Svipað er að segja um aðstöðu til náttúrufræðikennslu og í fleiri greinum, þar sem mikið vantar á enn þá vegna skorts á tækjum og sérmenntuðum kennurum. Úr slíku mætti eflaust mikið bæta með kennslu í sjónvarpi.

Það, sem ég hef hér sagt um skort á nauðsynlegri aðstöðu og sérmenntuðum kennurum, á sérstaklega við um dreifbýlið og raunar um landsbyggðina almennt, en þar bætist einnig við sums staðar í framhaldsskólum og unglingaskólum, að kennarar með nauðsynlega þekkingu í tungumálum, dönsku og ensku og jafnvel líka í íslenzku, þeir fyrirfinnast ekki, þannig að skipuleg og regluleg sjónvarpskennsla í tungumálunum framkvæmd af úrvalskennurum gæti sums staðar að ég ekki segi víða í skólum orðið til þess að leysa mjög alvarlegan vanda.

Það er sem sé, eins og ég tek fram í grg., ekki hvað sízt vegna erfiðleika þeirra, sem dreifbýlið á við að búa í skólamálum, að ég hef leyft mér að flytja þessa till. Þörfin fyrir skólasjónvarp er alls staðar mikil, en hún er þó langmest í dreifbýlinu. Og slíkt sjónvarp mundi áreiðanlega, ef vel yrði til þess vandað, geta orðið þar til þess að opna ungu fólki nýjar leiðir til þroska og menntunar, leiðir sem hafa hingað til verið því lokaðar að mestu.

Svo legg ég til, að umr. verði frestað og málinu, herra forseti, vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Fæðingardeild Landsspítalans.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans [171. mál] (A. 336).

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36., 37., 39., 40., 41., 43., 45. og 47. fundi í Sþ., 19. og 26. marz, 9., 16., 18., 23. og 30. apríl, 7. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Sþ., 8. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., var lögð fram í Sþ. 11. marz s. l. Síðan hefur hún æðioft verið á dagskrá, en ekki unnizt tími til að ræða hana fyrr en nú. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta, aðeins nefna þetta sem dæmi um það, hvort ekki sé ástæða til að endurskoða starfshætti Sþ., því að það er orðið almannamál meðal þm., að þýðingarlaust sé að flytja þáltill. um mikilsverð og aðkallandi mál sökum þess, hversu lengi þær séu í meðförum Alþ., en nóg um þetta.

Till. til þál. á þskj. 336 um stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans er flutt ásamt mér af hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, og hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeiri Bjarnasyni. Till. er á þessa leið:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til, að unnt verði að hefja sem allra fyrst byggingarframkvæmdir við stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans, þar sem m. a. verði komið upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga."

Ég tel út af fyrir sig ekki þörf á því að hafa um till. þessa langa framsögu. Málið hefur þegar borið á góma hér á hv. Alþ., en miklu meira vegur þó hitt til kynningar og framdráttar þess, hversu almennur áhugi hefur vaknað fyrir úrbótum á þessum 2 þýðingarmiklu sjúkrahúsdeildum. Ég leyfi mér að vísa til framlagðra skjala um ástandið þarna, bréfs frá Bandalagi kvenna, dags. 19. febr. s. l., og áskorun frá 218 ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og starfsstúlkum á Landsspítalanum, dags. 7. febr. s. l., þar sem aðstæðum er lýst af þeim, sem bezt þekkja til.

Upphaf þess, að þetta mál er svo mjög komið í sviðsljósið, sem raun ber vitni, mun vera till., sem flutt var á fundi Bandalags kvenna, sem haldinn var í nóvembermánuði s. l. Í örstuttu máli eru staðreyndir þessar: Aðeins 16 rúm eru á einu kvensjúkdómadeild landsins. Um það segir í skýrslu, sem ég hygg, að öllum hv. þm. hafi borizt, að í fyrsta lagi sé deildin skylduð með lögum til að sinna vönunum og fóstureyðingum 100 sjúklinga árlega. Auk þess eru sjúklingar með krabbamein í móðurlífi sendir deildinni af öllu landinu. Með skipulagðri leit á vegum krabbameinsfélaganna aukast líkurnar á því að finna þennan sjúkdóm á viðráðanlegu stigi. Í öðru lagi getur deildin ekki sinnt sjúklingum, og í þriðja lagi eru ekki nema 10 rúm fyrir sjúkdóma meðgöngutímans, sem er tæpur helmingur af þörf, eftir því sem í áðurnefndri skýrslu segir. 27 rúm eru fyrir sængurkonur, en deildin fær afbrigðilegar fæðingar af öllu landinu. Þar fer einnig fram mikil kennslustarfsemi, enda er yfirlæknir stofnunarinnar, Pétur Jakobsson, jafnframt prófessor við Háskóla Íslands. Aðstaða geislalækningadeildar er einnig afar slæm. Þar eru hvorki skoðunar- né viðtalsherbergi, engin aðstaða til ísótópalækninga, engin aðstaða til eftirrannsókna sjúklinga eða geislaáætlana eða geislamælinga. Röntgenbúnaður er ófullnægjandi og árangur meðferðar á t. d. krabbameini í móðurlífi lakari en víða annars staðar gerist, þar sem aðbúnaður er betri í nágrannalöndum okkar. Ennfremur þarf að koma fyrir nýjum kóbalttækjum, sem Landsspítalanum eða þessari deild hafa borizt að gjöf og miklar vonir eru við bundnar. Þeim sýnist bezt verða fyrir komið í nýrri byggingu, og sú bráðabirgðalausn, sem horfið hefur verið að, á ekki fylgi að fagna meðal þeirra, sem bezt þekkja til þessara mála.

Ég leyfi mér ennfremur að vísa til greinar í Læknablaðinu eftir Guðmund Jóhannesson, sérfræðing í kvensjúkdómum, ræðu eftir dr. Gunnlaug Snædal, sem haldin var á afmæli krabbameinsfélagsins og birtist í Morgunblaðinu á sínum tíma. Þá er ennfremur óhjákvæmilegt í þessu sambandi að minna á viðtal, sem fram fór í sjónvarpsþætti fyrir að ég hygg 10 dögum, þar sem fram kom sérfræðingur við Fæðingardeildina, Guðmundur Jóhannesson, og ásamt honum Steinunn Finnbogadóttir ljósmóðir og stjórnandi þáttarins, Eiður Guðnason fréttamaður. Þarna var á hógværan, en mjög sannfærandi hátt lýst því, hvaða ástand ríkir í þessum deildum. Um Fæðingardeildina t. d. sagði sérfræðingurinn, að þar væri ekkert móttökuherbergi. Þar væri ekkert aðgerðarherbergi, á sama gangi væru aðeins tvö salerni fyrir 25 konur, á einum gangi. Gerðar væru 960 aðgerðir á skurðstofunni, auk minni háttar aðgerða. Aðspurður sagði hann, að mjög óheppilegt væri að hafa saman fæðingaraðgerðir og krabbameinsaðgerðir, og hann sagði, að það fullnægði ekki nútímakröfum um hreinlæti, að hafa þessar aðgerðir á sömu skurðstofunni. Um húsnæðið sagði hann að lokum, að það væri á mörkum þess, að hægt væri að nota það. Þá sagði hann ennfremur, að engin setustofa væri þarna, og afleiðing þess væri m. a. sú, að konur færu minna fram úr en æskilegt væri, en eins og allir hv. þm. vafalaust vita, þá er það kenning nútímans, að sængurkonur eigi að hafa fótavist sem allra fyrst og þær muni frekar komast til heilsu á ný með því móti. Þá var sérfræðingurinn spurður að því, hvort krabbameinssjúklingar hefðu þurft að bíða. Þeirri spurningu svaraði hann afdráttarlaust játandi og sagði um leið, að það væri algerlega óverjandi. Og hann bætti því við, að það er svartur blettur á heilbrigðisþjónustu okkar, að þær konur, sem ekki er hægt að lækna, geta hvergi verið. Þessum konum er komið fyrir á ýmsum stöðum, þar sem aðstaða til hjúkrunar er misjafnlega góð, en þessir sjúklingar þurfa einmitt sérstaklega mikla hjúkrun. Þeirri

spurningu var beint til læknisins, hvernig á því stæði, að heilbrigðisyfirvöldin virtust ekki hafa vitað um það, fyrr en í fyrra, hvernig ástatt var á þessum deildum. Svar hans við þessari spurningu var svona: „Sambandið milli heilbrigðisstjórnar og lækna er lélegt, hverjum sem um er að kenna.“ Það kom fram í samtalinu, að Fæðingardeildin á að fá til afnota nokkur rúm í Landsspítalanum. Í tilefni af því kom fram þessi spurning: „Breytir það nokkru um það, að skjótra aðgerða sé þörf?“ Svar læknisins var: „Það sé ég ekki, þetta er neyðarlausn.“ Sérfræðingurinn var spurður um, hvað deildin þyrfti að vera stór. Svar hans var þetta: „Helmingi stærri, 100—200 rúm.“ Og hann bætti því við, að búið væri að vera ljóst síðan 1956, að deildin væri of lítil. Um kostnaðinn var áætlun hans sú, að það mundi þurfa 60 millj. til þess að gera þessa byggingu vel úr garði. Við fyrri umr. um þessi mál á hv. Alþ. nefndi ég töluna 30 millj., sem ég hafði heyrt eftir einhverjum sérfræðingum, ég man ekki vel eftir hverjum. Það er gömul tala, og mér finnst það ekkert ósennilegt, að sú 30 millj. kr. tala, sem ég nefndi, geti eftir síðustu verðbreytingar verið orðin að 60 millj. Þannig hygg ég, að þessar tölur geti báðar átt við nokkur rök að styðjast, og ekki er ólíklegt, að hér sé nærri farið um þann kostnað, sem leggja þarf í. Um það hvort taka þyrfti langan tíma að reisa þetta hús, sagði læknirinn, að hann teldi, að það mundi ekki þurfa. Nú væri hér um nóg vinnuafl að ræða, eins og við allir vitum og hann minnti á, að ljósmæðraskólabyggingin var reist á mjög skömmum tíma, og framkvæmdir við hana voru til sérstakrar fyrirmyndar. Hann virtist gera sér vonir um, — ekki að ástæðulausu eflaust, — að hægt væri að endurtaka það afrek, ef fjármagn fengist til. Lokaspurningin var svo þessi: „Höfum við dregizt aftur úr í þessari grein?“ Svarið var alveg afdráttarlaust: „Já, við höfum gert það.“

Ég ætla ekkert að leggja út af þessu samtali, frekar en öðru því, sem ég kann að vitna til hér í þessari ræðu. Ég tel, að þess þurfi ekki. Það fólk, sem ég hef vitnað hér til, er allt starfandi við eða í tengslum við þessar deildir og þess vegna gæti einhver sagt sem svo, að þessu fólki hætti til að mála myndina dekkri en efni standa til, vegna þess að það gerir kröfur um bætta starfsaðstöðu og að það eigi frekar von á endurbótum, ef menn telji ástandið mjög alvarlegt. Vegna þessa ætla ég að leyfa mér, já, og jafnframt vegna þess, að ég hef séð fullyrðingar Bandalags kvenna og lýsingar starfsstúlkna og ljósmæðra á Landsspítalanum dregnar í efa og talið, að það væri ekki rétt frá skýrt, — vegna þessa ætla ég að leyfa mér að leiða hér fram eitt vitni, sem með engu móti verður sakað um hlutdrægni af framangreindum sökum. Ég tel, að rétt sé að heyra hvað kona, sem engra hagsmuna á þarna að gæta umfram þá sameiginlegu hagsmuni okkar allra, sem felast í því að hafa heilbrigðismálin í góðu lagi, hefur að segja. Þessi kona, sem ég ætla að leyfa mér að vitna til, er frú Bjarnveig Bjarnadóttir. Í grein í Morgunblaðinu hinn 9. apríl lýsir hún því, að hún hafi þurft að leita sér lækninga á kvensjúkdómadeild Landsspítalans s. l. sumar og með leyfi forseta langar mig til að lesa úr þessari grein nokkrar setningar, en frúin segir á þessa leið:

„Við hlið mér lá miðaldra bóndakona. Í nokkrar vikur beið hún eftir spítalaplássi og lá á meðan í blóði sínu heima hjá sér. Síðar lá við hlið mér önnur kona, sem einnig hafði beðið fleiri vikur eftir plássi og líkt var ástatt með. Slík bið er margri konunni andleg ofraun, því að oft vill sá grunur og kvíði gera vart við sig, þegar um óeðlilegar blæðingar er að ræða, að alvara sé á ferð. Mér var tjáð að biðtími sjúklinga væri oftast nokkrar vikur, gæti orðið mánuðir, og ósjaldan mun það hafa komið fyrir, að læknar deildarinnar hafi orðið að útvega konum utan af landi, sem enga áttu að hér í borginni, gistingu á hótelum, meðan þær biðu eftir spítalaplássi.

Kvensjúkdómadeildin er furðuleg deild. Sami rúmafjöldi er þar nú og var í upphafi, 16 að tölu fyrir allt landið, engu við bætt, þrátt fyrir mikla fjölgun landsmanna á þessum árum. Og rúmleysi deildarinnar veldur því, að þar ægir saman konum með hin margvíslegustu mein, afbrigðilega vanfærum konum, sem bíða þess að stundin nálgist, og ungbörnum. Spítalagangurinn er eina athvarfið fyrir þær konur, sem rólfærar eru stund úr degi, og óvíða á einkaheimilum munu vera rúmminni salerni en þarna, aðeins tvö fyrir sjúklingana. Oft er því erfitt að komast að á morgnana. Og á deildinni var undarlegur og óþægilegur súgur, þegar vind hreyfði úti.

Oft dáðist ég að hjúkrunarliðinu, sem lagði sig fram um að hlynna að sjúklingunum við hin erfiðustu vinnuskilyrði.“

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hin síðustu ár hefur margt áunnizt í heilbrigðismálunum, en Fæðingar- og kvensjúkdómadeildin virðast hafa gleymzt á veltuárunum. En nú álítum við konurnar, að komið sé að skuldadögunum.

Í umr. þeim á Alþ., sem nýlega fóru fram um þessar gleymdu deildir, er biðtíminn áætlaður nokkur ár, þar til hægt verður að hefjast handa um nýbyggingu eða þar til fullnaðarskipulag Landsspítalalóðar og Hringbrautar er lokið, en til bráðabirgða verður byggt yfir hin dýrmætu kóbaltgeislatæki við hlið röntgendeildarinnar. Sú bygging bætir á engan hátt úr rúmleysi kvensjúkdóma- og fæðingardeildarinnar. Konur geta ekki beðið eftir slíkum ákvörðunum í skipulagsmálunum. Hér þarf að hefjast handa strax. Þetta mál þolir ekki árabið, eins og nú er rætt um. Af samhug, skilningi og góðvild ber ráðamönnum þjóðarinnar að leysa þetta vandamál konunnar nú þegar, — alþm., stjórnvöldum og öðrum þeim, sem þessum málum ráða, og ég hef þá bjargföstu trú, að það muni þeir gera.“

Þessi umsögn talar alveg fyrir sig. Ég ætla heldur ekki að leggja út af henni. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli þarna á tveim orðum úr greininni.

Frúin talar um þessar „gleymdu deildir." Ég hygg, að tæpast verði þær betur einkenndar í stuttu máli en þarna er gert. Þær eru gleymdar. Í skýrslu, sem borgarlæknirinn í Reykjavík birti í janúarmánuði s. l. um athugun á sjúkrarúmaþörf í Reykjavík árið 1970, segir, með leyfi forseta:

„Í þeirri von að geta dregið upp nokkra mynd af sjúkrarúmaskortinum, eins og hann lýsir sér í Reykjavík á einum ákveðnum degi, var öllum læknum borgarinnar, sem hugsanlegt var að stunduðu einhverja sjúklinga, alls 160, sent blað með spurningum, sem þeir voru beðnir að svara. Spurt var, hversu margir sjúklingar búsettir í Reykjavík, sem læknirinn hafði rannsakað og/eða stundað, þyrftu sjúkrahúsvistunar við miðvikudaginn 25. október 1967. Beðið var um auðkenni sjúklings, nafn, upphafsstaf, fæðingardag og ár til þess að geta fylgzt með því, ef sami sjúklingurinn yrði talinn hjá fleirum en einum lækni. Svör bárust frá 137 læknum. Um vistunarþörf sjúklinga búsettra í Reykjavík á almennum sjúkrahúsum þann 25. október 1967 upplýstu læknar eftirfarandi, og eru þá aðeins taldir þeir sjúklingar, sem auðkenndir voru og fylgzt var með, að ekki væru tvítaldir: barnadeild 11, lyflæknadeild 56, skurðlækningadeild 133, kvensjúkdómadeild 75, aðrar sérdeildir 14, almenn sjúkrahús alls 289."

Síðan hefur borgarlæknir reynt að hafa til hliðsjónar tölur frá hinum Norðurlöndunum um sjúkrarúmaþörfina og segir síðar í skýrslunni:

„Þegar bornar eru saman meðaltalstölur frá Norðurlöndum og heildartala sjúkrarúma, eins og hún verður í Reykjavík árið 1970, þá virðist sem hér ættu að verða á þeim tíma nægilega mörg rúm á almennum spítölum, þótt deila megi um skiptingu sjúkrarúma í deildir. Er þá ekki horft fram í tímann, en breyta þarf sí og æ tölum þeim, sem rúmaþörfin er miðuð við, eftir því sem íbúafjöldi, sérstaklega í borginni sjálfri og nágrenni hennar, hlutfall aldursflokka og aðrar aðstæður breytast."

Þrátt fyrir það sem framangreindar heildartölur leiða í ljós, búum við hér eins og er við nokkurn skort á sjúkrarúmum í almennum spítölum, sem er heldur ekki óeðlilegt. Í umræddum tölum frá Reykjavík eru meðtalin 32 rúm, sem standa nú fullbúin í Borgarspítalanum, en ekki tekin í notkun vegna skorts á hjúkrunarliði, 31 rúm verður fullbúið þar á næsta ári og 92 rúm í Landsspítalanum, sem verða væntanlega að fullu tilbúin árið 1970. Ekki hefur tekizt að afla sambærilegra upplýsinga frá hinum Norðurlöndunum fjórum um skiptingu í sérdeildir á öllum sviðum og rúmafjölda í þeim, en þetta skiptir ekki verulegu máli í þessu sambandi, en síðar segir: „Ef draga skal ályktanir af áætlunum frændþjóða okkar á Norðurlöndum um þörf þeirra fyrir sjúkrarúm í almennum spítölum og jafnframt hafðar í huga niðurstöður könnunar þeirrar um vistunarþörf reykvíska sjúklinga, sem fram fór í Reykjavík 25. október 1967, kemur þetta helzt til athugunar."

Eins og áður er sagt, eru horfur á, að heildartala almennra sjúkrarúma í Reykjavík verði nægjanleg um það leyti, er þeim byggingarframkvæmdum lýkur, sem nú eru í gangi við sjúkrahúsin hér í borginni, en skiptingu þeirra í sérdeildir er hins vegar áfátt. En hafa verður í huga, þegar þetta er fullyrt, að 150 sjúkrarúm hafa enn ekki verið tekin í notkun, og það má halda vel áfram til 1970, ef þessi áætlun á að standast. En um kvensjúkdómadeildina segir borgarlæknir:

„Einasta kvensjúkdómadeildin, sem til er hér, er of lítil og býr við mjög ófullnægjandi aðstæður. Hana þarf að stækka og e. t. v. að koma upp annarri kvensjúkdómadeild."

Niðurstaða þessarar könnunar er því sú, að miðað við, að vel takist til um að ljúka þeim sjúkrahúsframkvæmdum, sem þegar er byrjað á, þá verði nægilega mörg almenn sjúkrarúm í Reykjavík árið 1970 til þess að standast þær kröfur, sem gerðar eru á hinum Norðurlöndunum, en til þess að komast til jafns við það, sem aðrar þjóðir gera kröfur til um kvensjúkdómadeildir, þurfum við að bæta við 50—100% miðað við það, sem nú er fyrir hendi. Það er því ekki nema von, að fólk, sem þessi mál hefur kynnt sér, tali um gleymdu deildirnar á Landsspítalanum þegar það á við Fæðingardeildina og kvensjúkdómadeildina.

Í ræðu, sem hæstv. heilbrmrh. hélt hér um þetta mál um daginn, kom fram, að m. a. væri ekki unnt að byggja nýtt hús fyrir Fæðingardeild og kvensjúkdómadeild, vegna þess að skipulag á Landsspítalalóð væri óráðið og í athugun. Um þetta atriði langar mig til að rifja upp viðtal, sem birtist í dagblaðinu Tímanum miðvikudaginn 16. apríl s. l., en þar er í alllöngu máli, sem ég mun ekki rekja nærri allt, átt viðtal eða rætt við dr. Gunnlaug Snædal lækni og Guðmund Jónsson eðlisfræðing. Með leyfi forseta ætla ég að minna á örfá atriði úr þessu samtali. Dr. Gunnlaugur Snædal segir:

„Mín afskipti af þessu máli hófust raunverulega ekki fyrr en 1966 í sambandi við læknadeiluna þá. Ásamt fleiri læknum sagði ég þá lausu starfi mínu við sjúkrahúsið, m. a. vegna ófullnægjandi vinnuaðstöðu. Í sambandi við læknadeiluna komu fram ákveðnar hugmyndir vegna þess neyðarástands, sem var og er á Fæðingardeildinni. Fólust þær í því, að sameina bæri þessar eldri till. og vandi beggja deildanna, Fæðingardeildarinnar og geislalækningadeildar, yrði leystur þannig, að viðbótarbyggingar mynduðu samtengingu á milli gamla Landsspítalans og Fæðingardeildarinnar. Yrði þá gengt á milli húsanna beggja, en eitt af aðalvandamálum Fæðingardeildarinnar er, að þaðan skuli ekki vera neinn beinn samgangur við aðalrannsóknadeildir spítalans. Þá sjúklinga, sem þangað þurfa að fara, verður að flytja á milli í bílum og valda þeim oft og tíðum óæskilegu hnjaski. Er hér um að ræða marga sjúklinga, því að fjórðungur sjúklinga geislalækningadeildarinnar kemur frá fæðingar- og kvensjúkdómadeildinni. Einnig er allur matur fluttur til Fæðingardeildarinnar í bílum frá aðalsjúkrahúsinu.

Ég var kallaður fyrir nefnd þá sem heilbrmrh. skipaði til að kanna orsakir óánægju læknanna, á Þorláksmessu 1966 og skrifaði í því tilefni grg., þar sem þessi samræmda till. kom fram. Eins og vel kom fram í ræðu Jóhanns Hafstein heilbrmrh. á Alþ. miðvikudaginn 26. marz s. l., sem var svar við fsp. um stækkun Fæðingardeildarinnar og aðstöðu til nútíma geislalækninga, var þennan sama vetur ákveðið að gera gangskör að því að ganga frá framtíðarskipulagi Landsspítalalóðarinnar, en allt fram til þess hafði verið byggt á lóðinni eftir því sem þörf var fyrir á hverjum tíma, en ekki með framtíðarskipulag í huga."

Síðan lýsir læknirinn því, sem gerðist þarna og þeim sérfræðingafundum, sem haldnir voru, en síðan segir í umræddu viðtali, með leyfi hæstv. forseta:

„Að okkar áliti", sögðu þeir Gunnlaugur Snædal og Guðmundur Jónsson, „var hér um mjög ánægjulega samvinnu að ræða, og við teljum, að á þessum fundum hafi hillt undir mjög hagkvæma lausn. Í stuttu máli má segja, að till. væru nokkuð svipaðar því, sem áður var lýst. Viðbótin við Fæðingardeildina í áttina að Landsspítalanum var hús með fæðingarstofum og skurðstofum og tveimur legudeildum, önnur fyrir kvensjúkdóma, en hin fyrir sængurkonur. Í tengibyggingu á milli þessa húss og gamla Landsspítalans var síðan hugsuð geislalækningadeild, þar sem skyldi ekki aðeins vera aðstaða fyrir kóbalttækið heldur einnig fullkomnar aðstæður fyrir radíumgeymslu og meðferð svo og aðrar ísótópalækningar, er nútíma geislalækningadeild krefst. Í þessum hugmyndum var alltaf miðað við mjög hóflega stærð á báðum þessum deildum, en möguleikar á framtíðarstækkun, ef á þyrfti að halda. Reiknað var með að fullnýta það húsnæði, sem þegar hefur verið byggt og ýmsar lagfæringar á Fæðingardeildinni, svo sem bætt húsakynni Ljósmæðraskólans, sem nýlega voru tekin í notkun, mundu þá nýtast fyllilega. Hvergi höfðu á þessum tíma komið fram raddir um, að þessar byggingar gætu staðið á nokkurn hátt í vegi fyrir framtíðarskipulagi Landsspítalalóðarinnar, enda hefur aldrei heyrzt talað um, að nokkrar aðrar byggingarframkvæmdir hefðu komið til álita á því svæði, sem hér um ræðir. Hér væri nánast um að ræða að bæta það, sem þegar er til. Við töldum ekki, að við hefðum ráð á því að afskrifa gamla fæðingarhúsið, heldur ætti að gera það eins vel úr garði og aðstæður leyfa á þessum stað.

Við höfum gert okkur ljóst, að ef ráðast ætti í þessar byggingarframkvæmdir, þyrfti að gera sérstakt átak í fjármálum sjúkrahússins, en við teljum, að þörfin sé svo brýn fyrir þessar úrbætur í heilbrigðismálum, að ekki sé réttlætanlegt að láta þær bíða eftir öðrum fjárveitingum til Landsspítalans.

Við höfum aldrei farið leynt með þá skoðun okkar, að þessi lausn væri betri en sú bráðabirgðalausn, sem nú hefur verið valin. Ennfremur eygðum við þann möguleika að ráðast ekki í alla bygginguna í einu, heldur byggja fyrst yfir kóbalttækið og yrði það húsnæði upphaf að framtíðarbyggingunni. Hafa skal í huga, að bygging yfir kóbalttækið er ekkert venjulegt hús. Veggir þess þurfa t. d. að vera allt að metersþykkir, og talsverð vinnuaðstaða þarf að vera í kringum tækið.

Í þeirri bráðabirgðalausn, sem nú hefur verið valin, eru engir stækkunarmöguleikar fyrir hendi á þeim stað, og ýmsir aðrir áríðandi þættir geislalækninga verða enn að bíða um óákveðinn tíma."

Að lokum sögðu þeir Gunnlaugur Snædal og Guðmundur Jónsson:

„Höfuðágreiningurinn í dag er um, hvort nauðsynlegt sé að bíða eftir heildarskipulagi Landsspítalalóðarinnar og læknadeildarhúsnæðis sunnan Miklubrautar, eins og nú er rætt um, eða hvort unnt sé að hefjast þegar handa um framtíðarlausn þessara deilda vegna þess sérstaka vanda, sem þær eiga við að stríða og gerir alla bið óréttlætanlega."

Þetta er þá sagan um það, hvernig menn komust að því seint og um síðir, að vegna skipulagsleysis á Landsspítalalóðinni væri ekki hægt að framkvæma áform, sem búin voru að standa til í 12 ár. Ég get ekki séð, að sú ringulreið, sem ríkir á Landsspítalalóðinni nú þegar, mundi vaxa neitt verulega, þó að byggt yrði húsnæði á stærð við það, sem þessir sérfræðingar hafa hugsað sér að mundi þurfa að koma til til þess að bæta aðstöðu þessara deilda. Og jafnvel þó að þrengdist eitthvað um á lóðinni, þá held ég, að ástæðurnar séu þannig vaxnar nú, að það yrði að hafa það, þó að þrengdist eitthvað um þarna.

Þetta mál, sem hér er um rætt, hefur vakið alþjóðarathygli. Um það vitnar sá fjöldi áskorana, sem Alþ. hefur borizt og eru enn að berast frá ýmsum félögum og samtökum víðs vegar um land til Alþ. og að ég hygg örugglega líka til heilbrigðisstjórnarinnar og hæstv. heilbrmrh. um að taka myndarlega á þessu máli.

Ég hef áður sagt það hér og ætla að segja það aftur, að eftir að ég hef átt þess kost að skoða allar aðstæður á þessum deildum og ræða við fólkið, sem þarna vinnur, er ég alveg sannfærður um, að hvergi í heilbrigðismálum landsmanna er brýnni þörf á lagfæringum en einmitt hér.

Ég vonast til þess, að hæstv. heilbrigðisstjórn játi það, sem augljóst er raunar. að hér er um tvær gleymdar sjúkrahúsdeildir að ræða og hún bregðist við eins og menn eiga að gera, þegar þeir eru minntir á eitthvert brýnt erindi, sem þeir hafa gleymt, þ. e. að gera það strax og bæta strax fyrir gleymskuna. Ég segi eiginlega ekkert frá eigin brjósti við þessa 1. umr. Ég hef tekið þann kost að láta þessi viðtöl og blaðagreinar sérfróðra manna, fróðustu manna í þessum efnum, tala fyrir till.

Ég vona svo að lokum, að hv. alþm. greiði fyrir þessari till., þannig að hún nái fram að ganga á þessu þingi og vil svo leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt með því að þakka hæstv. forseta fyrir að hafa efnt til þessa sérstaka aukafundar í Sþ. um það mál, sem hér er á dagskrá, en það gerir hann að minni beiðni, því að ég átti viðtal við alla forseta þingsins í gær, bæði hér í Sþ. og forseta deilda, til þess að það stangaðist ekki á við önnur störf þingsins, og óskaði eftir því, að til þessa aukafundar væri boðað. Ástæðan til þess var sú, eins og hér hefur komið fram, að sú þáltill., sem hér er rædd, er búin að liggja mjög lengi fyrir þinginu, og verið oft á dagskrá, en hefur ekki getað komið til umræðu og það fyrst og fremst vegna þess, að hér hafa verið sífelldar umræður um fsp., sem hafa gengið svo úr hófi á þessum vetri, að það má með sanni segja, að í raun og veru hafi það sett alveg úr skorðum störf Sþ. Ég held, að öllum hv. þm. sé orðið fyllilega ljóst, einmitt af þessum ástæðum, að það sé alveg óhjákvæmilegt að breyta þingsköpum Alþ. að þessu leyti, hvað sem öðrum breytingum á þingsköpunum líður, sem hins vegar hafa verið til meðferðar hjá þm., eins og kunnugt er.

Hér er um mjög mikið og vandasamt og einnig viðkvæmt mál að ræða. Ég get sagt það strax um efni þáltill., að ég hef ekki nokkurn minnsta hlut við það að athuga. En það er hins vegar að mínum dómi, þó að ég skuli láta það algerlega afskiptalaust, algerlega þýðingarlaust, því að það er engin þörf á því að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir, til að unnt verði að hefja sem allra fyrst byggingarframkvæmdir við stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans, þar sem m. a. verði komið upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga. Það mun koma fram af mínu máli, að þess vegna er þessi till. alveg óþörf. En auðvitað fer ég ekki að amast við því, hvort hún verður samþykkt eða ekki, en hún hefur engin áhrif á gang málsins og herðir ekki neitt á stjórnvöldum eða heilbrigðisstjórninni í þessu máli, því að við höfum fyrir löngu ákvarðað, að þær byggingarframkvæmdir, sem hér er um að ræða, hefðu forgang, þegar nýbyggingar hæfust á Landsspítalalóðinni, og kem ég að því síðar.

Því miður hefur slæðzt inn í umr., — bæði opinberar umr. um þetta mál og umr. manna á milli um þörf á stækkun Fæðingardeildarinnar, um aðbúnaðinn á Fæðingardeildinni og þörf nýrrar kvensjúkdómadeildar og geislalækninga, — mjög margháttaður misskilningur. Ég tel, að það sé höfuðnauðsyn í dag til framgangs málefnisins sjálfs að eyða slíkum misskilningi, að eyða sérhverjum getsökum og tortryggni milli kvenna og heilbrigðisstjórnar, fyrirsvarsmanna Landsspítalans, svo sem yfirlækna deilda, stjórnarnefndar og byggingarnefndar spítalans, en hins vegar beri að leggja allt kapp á að sameina alla beztu krafta til átaka að því marki, sem stefna ber að, að öll aðstaða og skilyrði til kvensjúkdómalækninga hér á landi geti orðið til fyrirmyndar.

Ég verð víst að eyða örstuttum tíma þingsins í að minnast nokkuð á bréfaskipti, sem ég hef átt í sambandi við þetta mál. Á fyrra stigi þessa máls, í fyrirspurnatíma hér á Alþ., var vitnað til bréfs, sem starfsfólk Landsspítalans hafði sent mér og Alþ., þ. e. hjúkrunarkonur, ljósmæður, nemar og starfsfólk, og undir höfðu skrifað á þriðja hundrað þessa fólks. Ég sagði í fyrirspurnatímanum, að það væru því miður missagnir í þessu bréfi. Ég gerði þær ekki verulega að umtalsefni, en sagðist mundi svara bréfriturunum og leiðrétta þær missagnir. Þetta gerði ég með bréfi dags. 31. marz s. l. Ég hef síðan móttekið bréf frá umboðsmönnum undirritaranna á fyrra bréfinu, eða 7 þeirra, sem komu og áttu viðtal við mig eða afhentu mér bréfið, án þess að við þá ræddum efni þess, og ég hef heyrt það utan að mér, að þetta bréf mitt hafi farið eitthvað í taugarnar á sumum þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli og hafi verið fram úr hófi dónalegt eða eitthvað í þá áttina. Og einhver þykkja býr nú í fólkinu, því að það segir m. a. undir lok bréfsins:

„Undirritaðir urðu fyrir miklum vonbrigðum með bréf ráðh., þar sem við höfum hingað til talið hann hlynntan þessu máli, en verðum nú að efast um, að svo sé."

Nú er sannleikurinn sá, að það hefur frá fornu fari verið talinn góður siður hér á landi að hafa það, sem sannara reynist, og þetta bréf mitt hefur valdið þeim vonbrigðum, að þetta góða fólk efast um, að ég hafi nokkurn áhuga fyrir heilbrigðismálunum lengur. Það eina, sem mér helzt finnst það geti verið óánægt yfir, er, að ég vek athygli á því, að missagnir séu í bréfinu. Og vegna þeirra missagna, sem séu í texta bréfsins, þá sé það útilokað, að undirskrifendurnir allir hafi getað haft aðstöðu til þess að kynna sér og vita skil á texta bréfsins. Ef maður skrifar undir eitthvað, sem er rangt, gerir maður það vegna þess, að maður veit ekki það rétta og hefur ekki aðstöðu til að meta textann. Mér er ekki kunnugt um, að þeir aðilar, sem hér skrifuðu undir, hafi gert tilraun til þess að afla upplýsinga um það, sem í bréfinu stendur, hvorki hjá skrifstofu landlæknis né í rn. Hvort þeir hafa gert það annars staðar, veit ég ekki. En þar sem svo mikið hefur um þetta verið talað, taldi ég rétt, að ég læsi það bréf, sem ég ritaði þessu góða starfsfólki. Það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af tilefni bréfs þess, sem þér, virðulega yfirljósmóðir," — ég stílaði bréfið til fyrsta undirskrifanda, — „voruð fyrsti undirritari að og afhentuð mér og senduð Alþ. 7. febr. s. l. og síðan var undirritað af slíkum fjölda starfsfólks við Landsspítalann, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og öðrum starfsstúlkum, að útilokað má telja, að undirskrifendur hafi haft aðstöðu til að gera sér grein fyrir eða meta rétt þann texta bréfsins, er undirritaður er, skal eftirfarandi tekið fram:

Í bréfinu eru verulegar missagnir, svo sem ég vék að í umr. á Alþ. Því til staðfestingar sendi ég yður afrit af bréfi skrifstofustjóra, hr. Georgs Lúðvíkssonar."

Og því bréfi skal ég nú skjóta hér inn í, en það hljóðar þannig:

„Með skírskotun til skjals þess, sem sent hefur verið til Alþ. af hjúkrunarkonum, ljósmæðrum, nemum og öðru starfsfólki Landsspítalans, þar sem vakin er athygli á húsnæðisþrengslum og annarri ófullnægjandi rekstraraðstöðu Fæðingardeildar Landsspítalans og sérstaklega bent á, að hús Fæðingardeildar hafi verið ófullgerð frá upphafi, að þau séu enn ótengd við aðalspítalann, eins og fyrirhugað hafði verið, og Fæðingardeildin sé eldhúslaus o. s. frv., vil ég taka fram: Núverandi byggingar Fæðingardeildar voru byggðar á árunum 1945—48, tók þá 4 ár að byggja það hús, og 1967—68. Húsameistari ríkisins sá um framkvæmdir við smíði bygginganna 1945—48 og gerði einnig uppdrætti að þeim. Mér er ekki kunnugt um annað en smíði bygginganna 1945—48 hafi verið lokið að fullu, áður en starfstími hófst í þeim 1. jan. 1949. Ekki er mér kunnugt um, að þá hafi nokkrar till. legið fyrir um að tengja Fæðingardeildina við aðalspítalann. Hugmyndin um tengingu bygginganna kom fyrst fram eftir að núverandi byggingarn. Landsspítalans kom til sögunnar." — Hana skipaði ég í febrúarmánuði 1965. — „Þá er mér ekki heldur kunnugt um, að sú hugmynd hafi nokkurn tíma skotið upp kollinum, að byggja ætti séreldhús fyrir Fæðingardeildina eða aðrar einstakar deildir Landsspítalans. Þessi hugmynd fær heldur ekki staðizt, þegar litið er á þróun á nútímatækni á þessu starfssviði. Í Svíþjóð, Bandaríkjunum og víðar er sú þróun í örum vexti, að byggt er eitt eldhús fyrir mörg sjúkrahús og maturinn fluttur marga tugi kílómetra frá eldhúsi til sjúkrahúsanna. Má því gera ráð fyrir þeirri þróun hér innan ekki langs tíma, að ríkisspítalarnir starfræki aðeins eitt eldhús fyrir sínar stofnanir og jafnvel, að fleiri aðilar sameinist um slíka lausn í þessu máli."

Hér lýkur bréfi skrifstofustjórans, en áfram heldur bréf mitt:

„Ennfremur leyfi ég mér að senda yður afrit af yfirliti verkfræðingsins, hr. Rögnvalds Þorkelssonar, um þær endurbætur á Fæðingardeild Landsspítalans, sem nýlega hafa verið framkvæmdar og væntanlega hafa haft nokkurt gildi, og ekki mundi hafa sakað að geta í umvöndunarbréfi yðar. Loks sendi ég yður til viðbótar eftirfarandi gögn: Í fyrsta lagi grg. landlæknis um þróun sjúkrahúsabygginga, sjúkrarúmafjölda og sjúkrarúmaþörf í landinu. Í öðru lagi grg. húsameistara ríkisins um athugun á Landsspítalalóð á árunum 1967 — 1968.

Ekki teldi ég skaða, þótt eitthvað af meðundirriturum yðar kynnti sér þessi gögn, ef þeir skyldu hafa einhvern áhuga á því.

Að lokum vil ég taka fram, svo sem ég hef sagt í viðtölum við yður og fleiri, að það hefur lengi verið ákvörðun heilbrigðisstjórnar landsins, að forgangsframkvæmdir á eftir því, sem nú er verið að ljúka við af byggingu Landsspítalans, væru stækkun Fæðingardeildarinnar og ný geislalækningadeild, ásamt sérstakri kvensjúkdómadeild og byggingu geðsjúkdómadeildar."

Þetta er nú þetta umtalaða bréf, og skal ég svo ekki hafa fleiri orð um það, en ég vildi láta það heyrast hér í þingsölunum. Geta menn þá metið það hver og einn fyrir sig.

Ég ritaði einnig Bandalagi kvenna bréf af því tilefni, að nafn þess hafði nokkuð af misgáningi hjá mér blandazt inn í umr. hér í fsp.-tímanum áður á þinginu, og bað ég afsökunar á því, enda hafði ég gert ráðstafanir til þess, að það væri leiðrétt í frásögnum þingfrétta og blaða. Ég lýk bréfinu þannig, en það er m. a. um kvensjúkdómadeild:

„Geislalækningar eru í samræmi við áform heilbrigðisstjórnarinnar. Vér munum kappkosta hinn ýtrasta hraða í framkvæmdum og þökkum yður fyrir áherzlu og brautargengi í málinu."

Hv. 11. þm. Reykv. vék að því, að borizt hefðu mörg bréf frá kvennasamtökum og þá væntanlega einnig til heilbrmrh. eða heilbrigðisstjórnarinnar. Af því tilefni vil ég geta þess, að mér hafa borizt tvö bréf um þetta mál, annað frá Kvenfélagasambandi Kópavogs og hitt frá stjórn Sambands austfirzkra kvenna, en báðir aðilarnir leggja áherzlu á, að hraðað verði byggingu nýrrar fæðingardeildar og kvensjúkdómadeildar. Þessum tveimur bréfum, sem mér hafa borizt, hef ég svarað, og ég hef ítrekað þar margendurteknar yfirlýsingar, að það er staðfastur vilji heilbrigðisstjórnarinnar, að byggt verði húsnæði fyrir kvensjúkdómadeild hið fyrsta með stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans og það verði sú sjúkradeild, sem forgang hefur, er tekið verður til við frekari nýbyggingar á Landsspítalalóðinni að skipulagi hennar frágengnu.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um það, en eins og ég sagði áðan, er auðvitað aðalatriðið að sameina öll beztu öfl til aðgerða í þessu máli, bæði að framtíðarskipulagi, framtíðarbyggingu og til þeirra úrræða, sem þegar er hægt að taka til við, til þess að bæta úr því, sem aflaga hefur farið og því, sem er ekki í því ástandi, sem það ætti að vera, en væri hægt að bæta úr.

Ég átti um það viðræður við landlækni og bað hann að gangast fyrir því að athuga gaumgæfilega, hvort virkilega væri ekki hægt að hagnýta betur það húsnæði Landsspítalans, sem nú er fyrir kvensjúkdóma. Landlæknir tjáði mér um árangurinn af þessu starfi sínu með bréfi 16. apríl, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undanfarið hefur landlæknir ásamt framkvæmdastjóra ríkisspítalanna unnið að því að tryggja enn frekar en verið hefur sjúkrarými í Landsspítala fyrir þá sjúklinga með kvensjúkdóma, sem ekki þola bið. Hefur samkomulag náðst um, að handlæknisdeild sjúkrahússins taki að sér að annast nokkurn hluta þessara sjúklinga fyrst um sinn ásamt læknum kvensjúkdómadeildarinnar. Er fyrirhugað, að þetta samstarf deildanna haldist, unz upp hefur verið komið nýrri kvensjúkdómadeild. Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að biðtími ýmissa annarra sjúklinga aukist hlutfallslega, unz þær sjúkradeildir, sem nú eru í smíðum, verða teknar í notkun."

Hér lýkur þessu bréfi. Nú er eðlilegt, að menn kynnu að spyrja: Hvaða þýðingu hefur þetta samstarf? Reyndar gætum við líka spurt: Þurfti ráðh. að hafa afskipti til þess að koma svona samkomulagi á milli lækna innan Landsspítalans? Ég læt þeirri spurningu ósvarað. En því miður hef ég orðið var við og heyrt það, að þetta hafi reyndar litla sem enga þýðingu. M. a. er því haldið fram, að aðrar aðgerðir hafi flutzt frá handlæknisdeildinni til Fæðingardeildarinnar eða kvensjúkdómadeildarinnar, sem uppvegi þetta. Við könnun á því hefur þó komið í ljós, að þær aðgerðir gera ekki kröfur nema til eins til eins og hálfs rúms, en það hafa þegar verið tekin í notkun í handlæknisdeildinni sex rúm fyrir þessa kvensjúkdóma, sem ekki þola bið, og það er ásetningur heilbrigðisstjórnarinnar, að sá biðlisti, sem hefur verið af þessum sjúklingum og sem er, eftir því sem mér er tjáð í dag, 20 sjúklingar, að hann hverfi innan tíðar, og á ég þar við innan nokkurra vikna. Ef þetta nægir ekki, þá verður bætt við fleiri rúmum í handlæknisdeildinni. Það er svo einnig framundan að hraða byggingarframkvæmdum við Landsspítalann, og þar er um að ræða þrjár hæðir, sem hægt er að ljúka á mjög skömmum tíma. Þar er bæklunardeild, heil hæð, sem kemur til afnota, en margir slíkir sjúklingar liggja á handlæknisdeildinni. Með því að hraða framkvæmd hennar væri hægt að skapa töluvert mikið meira rúm á handlæknisdeildinni fyrir kvensjúkdóma, meðan fullkomin kvensjúkdómadeild í sérdeild eða sérstakri Fæðingardeild hefur ekki verið komið upp. Þetta eru því að mínum dómi verulegar úrbætur.

Ég fór þess á leit við atvinnumálanefnd ríkisins, hvort hún gæti lánað 10 millj. kr., sem talið var þurfa til þess að ljúka þessum þremur hæðum í Landsspítalanum, og hvort það gæti samrýmzt hennar lánveitingum frá því sjónarmiði, að það væri um verulega mikla vinnu fyrir iðnaðarmenn að ræða, sem ella hefðu þurft að hætta vinnu þar. Við þessu hefur efnislega verið orðið, og þetta 10 millj. kr. lán mun verulega greiða fyrir byggingarframkvæmdum og auka hraðann á því, sem enn á eftir að ljúka við Landsspítalabyggingarnar og kemur einmitt nú í sérstaklega góðar þarfir.

Í sambandi við biðtíma sjúklinga á kvensjúkdómadeildinni, sem ég vék að áðan, endurtek ég það, sem mestu máli skiptir, og ég tel ekki, að neinn þurfi að vefengja það, að séð verður til þess, að þessum biðlista, sem þarna er um að ræða, verði eytt. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga og sumir hafa furðað sig á því, hvernig stendur á, að þetta mál kemur allt í einu upp núna með jafnmiklum krafti og afli eins og er, og sumir gætu ályktað sem svo, að þetta væri, eins og heyrzt hefur, sofandahætti og sinnuleysi heilbrigðisstjórnarinnar að kenna. En ég held, að þar hafi fleirum farið eins og mér, að það kom nokkuð á óvart ástand okkar í þessum málum í sambandi við sérstaklega krabbamein í leghálsi kvenna og skýrist nokkuð af þeirri umfangsmiklu leit að þessum sjúkdómi, sem Leitarstöð Krabbameinsfélagsins hefur beitt sér fyrir. Vildi ég sjálfur mega ályktа sem svo, að það sé einmitt vegna þess mikilvæga og við skulum segja merka starfs, sem ég vona að beri sem mestan árangur, að við höfum í bili fengið á skömmum tíma fleiri sjúklinga — í sumum tilfellum mundi ég segja sem betur fer, — á fyrra stigi heldur en ella hefði orðið. Þessum biðlista, sem er biðlisti sjúklinga, sem ekki þola bið, hefur stundum verið blandað saman við annan biðlista á Fæðingardeildinni, og það hefur verið talað um það, hef ég heyrt, að það væru hundrað á biðlista. Ég hygg, að á þessum öðrum biðlista, þar sem ekki er um bráðatilfelli að ræða, muni vera um 80 konur. Það voru, er mér var gefið það upp 7. maí af Gunnlaugi Snædal, lækni deildarinnar, 84 sjúklingar, en þeir eru sundurliðaðir. 10 eru tilbúnir, en liggur ekki á, 11 eru reiðubúnir að koma, þegar kallað er, en ekki aðkallandi. Sama gildir um aðra 10, en 15 vilja komast sem fyrst. Á biðlistanum frá því í aprílbyrjun segir læknirinn, að ekki sé aðkallandi um 13, 21 vill koma sem fyrst, en aðkallandi 4. Ég hef hér verið að lesa skýrslu frá Gunnlaugi Snædal, sem er sérfræðingur í kvensjúkdómum og er á kvensjúkdómadeildinni. Þetta eru ekki tölur, sem koma frá mínu brjósti. (Gripið fram í.) Já, það er eðlilegt, að hv. þm. spyrji, þeir eru sundurliðaðir sjúklingar á biðlista frá síðasta ári. Það var fyrsti biðlistinn, og sjúklingar, sem beðið hafa frá áramótum, er sundurliðunin, sem er frá aprílbyrjun. Ég bið afsökunar, þessu hefði ég átt að gera grein fyrir, það skýrir þessa sundurliðun.

En það mætti þess vegna leggja saman. Þeir, sem læknirinn telur, að liggi ekki á, eru þá 33. Hinir sjúklingar, tilbúnir að koma, þegar kallað er, eru 11. Þeir, sem vilja komast sem fyrst, eru 36 og aðkallandi sjúklingar. Þannig mætti einnig skilgreina þetta.

Um þennan biðlista tel ég, að gegni allt öðru máli en um hinn akútbiðlistann, sem ég hef áður vikið að, og menn verða auðvitað að gera sér grein fyrir því, að það eru sennilega ævinlega biðlistar sjúklinga á öllum öðrum deildum Landsspítalans og ég hygg öllum góðum sjúkrahúsum. Í því sambandi skiptir mestu máli að aðgreina biðlistana og leggja kapp á, að í hverri mynd, sem þeir eru, fái akútsjúkdómar eða sjúkdómstilfelli þá meðferð strax, sem nauðsynleg er, þar sem hún kann að geta skipt öllu máli fyrir velferð og framtíð sjúklingsins.

Þá vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að þörf þeirri, sem ætla mætti, að væri hér fyrir pláss fyrir kvensjúkdómasjúklinga, — hvað það ætti að vera mikið, — en það, sem m. a. mér hefur fundizt vera dregið mjög villandi inn í umr. um þetta mál, bæði hér í þinginu, í blöðum og annars staðar, er, hversu mikil áherzla er lögð á, að það sé sérdeild, kvensjúkdómadeild, ein út af fyrir sig. Og t. d. í þessu viðtali, sem hv. 11. þm. Reykv. vitnaði til, við læknana í Tímanum 16. apríl, þá er því haldið fram, að 16 rúm séu einu rúmin á landinu fyrir kvensjúkdóma. Það stendur berum orðum. Það er í

innganginum að viðtalinu við þá í blaðinu, ef ég man rétt. Það er talað um, að 16 rúm séu á Fæðingardeildinni fyrir sjúklinga með kvensjúkdóma, þau einu á öllu landinu. Þetta er auðvitað alrangt og ákaflega villandi að segja þannig frá málum og líklegt til þess að skapa mikinn óróa og óánægju hjá fólki, sem eðlilegt er. Um þörf sjúkrarúma fyrir kvensjúkdómasjúklinga er mér tjáð af sérfræðingum á því sviði, að á Norðurlöndum séu áætluð um 30—40 rúm fyrir 100 þús. íbúa. Í þessu sambandi er miðað við meðferð sjúklinganna á sérdeildum, en hún tekur venjulega talsvert styttri tíma en í almennum handlæknisdeildum. Hér ættu því samsvarandi tölur að vera 60—80 rúm miðað við íbúafjölda landsins með þessum fyrirvara, sem ég greindi. Hér er hins vegar ástandið í dag þannig, að 22 rúm eru í sérdeild. Það eru 45 rúm í handlæknisdeildum, þar sem kvensjúkdómalæknar starfa, og það eru 15 rúm á öðrum sjúkrahúsum, eða 82 rúm samtals. Ég skal, til að fyrirbyggja allan misskilning, endurtaka, að það verður að gæta þess, að aðeins um ¼ hluti rúmanna er á sérdeild, og þá nýtast þau í heild ekki eins vel, þar sem verður að gera ráð fyrir, að legutíminn sé að jafnaði lengri, ef ekki er um sérdeild að ræða. Vistun kvensjúkdómasjúklinga í sjúkrahúsum landsins, talið í rúmafjölda, mundi vera þannig, þar sem eru deildaskipt sjúkrahús: Það er kvensjúkdómadeildin 16 og Landsspítali — handlæknisdeild — 6. Þetta eru þau 22 rúm, sem ég taldi í fyrstu upptalningu minni. Landakotsspítali 9, Borgarspítali 6, Hafnarfjarðarsjúkrahúsið Sólvangur, sem er að langmestu leyti kvensjúkdómasjúkrahús og fæðingardeild, 19, og ég held, að læknirinn þar sé búinn að starfa í ein 15 ár eða meira og er mjög rómaður og eftirsóttur. Akureyrarsjúkrahús 11. Á þessum sjúkrahúsum eru kvensjúkdómasjúklingar vistaðir, sem svarar því, að það eru til 67 rúm. Svo eru önnur sjúkrahús, svo sem á Akranesi, Selfossi, Keflavík, Stykkishólmi, Ísafirði og Sauðárkróki. Þau eru alls 15 og samtals gerir þetta 82 rúm. Þessar tölur breyta í engu áformum heilbrigðisstjórnarinnar, sem tekin hafa verið, eins og ég sagði, fyrir löngu, að kvensjúkdómadeild, Fæðingardeild með kvensjúkdómadeild og geislalækningadeild skyldu hafa forgang. Og það er því, þegar líður að lokum byggingarframkvæmda við Landsspítalann, alvarlega að því stefnt. Til þess að taka af allan vafa um þetta, vil ég lesa fundargerð byggingarnefndar Landsspítalans 6. maí s. l., en þar segir svo, — eftirfarandi ályktun var gerð, — með leyfi hæstv. forseta:

„1. Nefndin ályktar, að stækkun þessarar deildar sé aðkallandi og telur hæfilegt, að sú stækkun nemi ekki minna en 50 rúmum", þ. e. um það bil tvöföldun frá því, sem nú er, og það, sem ég hygg, að menn séu nokkuð sammála um, að gæti verið hæfilegt í bili.

„Með þessari stækkun verður deildin fær um að annast þá sjúklinga, sem sérstaklega eru í þörf fyrir sérhæfðustu meðferð í þessum greinum, og ætti að verða fullnægjandi sem kennslustofnun fyrir lækna, ljósmæður og hjúkrunarlið.

Byggingarnefndin tekur fram, að stækkun á sjúkradeildum spítalans krefst aukinnar starfsemi allra þjónustudeilda spítalans, svo sem allra rannsóknadeilda, röntgen- og geislalækningadeilda, þvottahúss, eldhúss o. fl.

2. Þá vekur nefndin athygli á því, að nauðsynlegt er, að till. þær um heildarskipulag lóðarinnar, sem nú liggja hjá rn. og Reykjavíkurborg, fáist samþykktar hið fyrsta. Hefur ekki verið unnt að gera áætlanir um frekari byggingar á lóðinni, með því að ekki hefur verið gengið frá heildarskipulagi."

Hér lýkur þessu. Um heildarskipulagið, sem ég kannske vík að svolítið nánar síðar, vil ég segja, að ég tel mig hafa fyllstu ástæðu til þess að ætla, að þess sé mjög skammt að bíða, að við getum fengið samþykkt endanlegt framtíðarskipulag á Landsspítalalóðinni. Ég mundi verða fyrir sárum vonbrigðum, ef á þessu stæði lengur, svo að nokkru nemi, hjá borgaryfirvöldum að veita samþykki sitt fyrir þeim till. um framtíðarskipulag Landsspítalalóðarinnar, sem nú liggja fyrir, og ég tel mig ekki hafa neina ástæðu til þess að ætla annað en gott samkomulag náist um það milli heilbrigðisstjórnarinnar og borgaryfirvalda.

Ég vil svo í þessu sambandi loks leiðrétta einn misskilninginn enn, sem fram hefur komið og kom hér fram áðan, að beðið hefði verið í 12 ár eftir einhverjum framkvæmdum á áformum og teikningum, sem þá höfðu verið samþykktar. Þetta er allt misskilningur. Árið 1956 gerist það, að Fæðingardeildin er þá of lítil og því miður verð ég að segja, — ég ætla ekki að fara að álasa neinum öðrum í þeirra verkum, — að hún hefur frá upphafi að því er fróðustu menn telja, ekki verið nægjanlega fullkomin bygging, jafnvel miðað við þær aðstæður, þegar hún var reist. Ég tel þess vegna, að það skipti ákaflega miklu máli að vanda vel til þeirrar byggingar, sem nú er talað um að ráðast í. En það er misskilningur, að hér hafi verið nokkur 12 ára bið. Það voru hugmyndir um að stækka deildina. Ég hygg, að úrlausn þess máls og þeirra hugmynda hafi fengizt á því stigi málsins 1956 með þeim hætti, að Reykjavíkurborg og ríkið slitu sínum félagsskap um rekstur Fæðingardeildarinnar, sem hafði verið byggð og rekin í félagi af borg og ríki. Reykjavíkurborg snýr sér þá að því að koma upp sínu fæðingarheimili. Og það hefur þá í bili leyst að sjálfsögðu verulega úr vanda, enda heyrðum við það m. a. í sjónvarpsviðtali, að það hafi verið eitthvað um 1000 fæðingar þar, ef ég man rétt, á móti eitthvað 1200—1300 fæðingum á Fæðingardeildinni, svoleiðis að þarna hefur orðið allt að því tvöföldun á aðstöðu til fæðinga við fæðingarhjálpina út af fyrir sig á þessum tíma. Ég veit ekki, hvað hefur gerzt, — hef ekki kynnt mér það sérstaklega, — hvort það hafa einhvern tíma á þessu tímabili komið upp hugmyndir um tengiálmu, en eftir því, sem skrifstofustjóri ríkisspítalanna segir í bréfinu, sem ég vitnaði til áðan, telur

hann, að þær hafi ekki komið til umr. fyrr en eftir að núv. byggingarnefnd hóf starfsemi sína í febrúarmánuði 1965. Sú fæðingardeild eða þær teikningar, sem menn tala um frá árinu 1956, voru engar byggingarteikningar. Þetta eru lausleg frumriss með engum málum eða nokkurri útfærslu, en gera hins vegar ráð fyrir þriggja hæða húsi, 600 fermetra gólffleti á hverri hæð og 42 rúmum á tveimur hæðum og svo 3. hæðin fyrir skurðstofur, fæðingarstofur og annað, sem tilheyrir. Í þessum frumteikningum frá 1956 eru engar frumteikningar til og engar frumhugmyndir eru sagðar hafa verið til um tengiálmu milli Fæðingardeildarinnar og Landsspítalans, sem geislalækningadeild yrði þá komið í. Eftir því, sem Bárður Ísleifsson arkitekt hjá húsameistara ríkisins tjáði mér, hafa þá verið punktaðar niður óljósar hugmyndir um jarðgöng milli Fæðingardeildarinnar þessarar nýju og Landsspítalabyggingarinnar. En það einmitt staðfestir, að þá voru engar hugmyndir um geislalækningabyggingu eða tengibyggingu á milli þessara tveggja álma, svo að það hafa ekki verið lögð á hilluna nein föst áform eða hætt við að byggja eftir einhverjum byggingarteikningum, sem fyrir lágu 1956, og mér liggur við að segja guði sé lof, því að þær hugmyndir, sem nú er verið að vinna að og frumteikningar eru á svipaðan hátt og ég hef lýst þessum teikningum. Frumteikningar eru nú til af húsi, en ekki með 600 fermetra gólffleti, heldur 1000 fermetra og á þremur hæðum með 53 rúmum í staðinn fyrir 42 og þriðja hæðin þá auðvitað miklu rúmbetri, því að það munar allverulega á 600 og þúsund fermetrum, en þar yrðu skurðstofur Fæðingardeildarinnar og annað, sem slíkum deildum tilheyrir, svo að jafnvel þó að illt sé að hafa þurft að bíða eftir þessari Fæðingardeild, nýrri byggingu, þá er það þó alveg ljóst, að hún verður allt önnur og veglegri bygging, þegar hún rís af grunni, en þær frumhugmyndir, sem voru fyrir hendi á árinu 1956.

Nú hef ég innt húsameistaraembættið eftir því, hvenær fullkomnar byggingarteikningar geti verið til, og ég hef falið þeim að leggja á það ýtrustu áherzlu að reyna að hafa þessar byggingarteikningar til, en hins vegar flaustra ekki að þeim, engan veginn að flaustra að þeim, heldur að hafa þær vandaðar til þess að tryggja gott hús, þegar það verður byggt. Bárður Ísleifsson arkitekt hjá embættinu tjáði mér, að hann teldi, að þær ættu að geta verið fullbúnar fyrir vorið 1970. Nú finnst kannske sumum þetta langur tími. Ég greini hér aðeins frá svörum sérfræðinga, sem um þessi mál eiga að fjalla, og ég vara við því, að það sé hlaupið til að byggja slíka byggingu í flaustri og án vandaðs undirbúnings. Um kostnaðinn af þessari byggingu er ég hræddur um, að verði farið töluvert mikið fram úr þessum 60 millj., sem hér hafa verið áætlaðar, en við getum auðvitað látið það liggja á milli hluta. Mér þætti ekkert ólíklegt, að hann yrði nær 100 millj. Þetta munu vera um 12 þús. kúbikmetrar. Það var fyrir tveimur árum, ef ég man rétt eftir. Nú fer ég með minnisatriði, og menn geta leiðrétt mig, ef það er rangt, en mig minnir, að talið hafi verið, að í sjúkrahúsi kostaði 5000 kr. kúbikmetrinn. Og síðan hafa orðið miklar verðhækkanir, því að það eru mikil og dýr tæki í þessum húsum, sem öll þarf að kaupa frá útlöndum, og þau ein hafa hækkað um 100% vegna gengisfellingar. Hvenær á þá að byrja að byggja Fæðingardeildina? Eðlilegt er, að menn spyrji svo. Ja, ég sagði hér í umr. fyrr í vetur, að ég teldi hæpið — og hafði það eftir mínum sérfræðingum í rn., — að það væri hæpið, að hægt yrði að búast við, að byggingar gætu hafizt fyrr en um það bil, sem væri að ljúka framkvæmdunum við Landsspítalann, sem nú er unnið að og unnið með auknum hraða við að ljúka. Og það er eftir tvö ár, og þegar ég sagði þetta í marzmánuði, þá átti ég við 1971. Teikningar geta verið til á næsta vori, þegar venjulegar byggingarframkvæmdir hefjast. Ég tel alveg öruggt, að skipulagsástæður eða ákvörðun um skipulag muni ekki standa í vegi, svoleiðis að af þessum tveimur ástæðum gæti því bygging Fæðingardeildar með kvensjúkdómadeild hafizt á næsta vori, 1970. Þá er aðeins eftir eitt, og það er, hvaða fjár er hægt að afla til byggingarframkvæmdanna. Þegar ég svaraði hér eftir beztu vitund og hreinskilnislega, að ég teldi hæpið, að þessi bygging gæti hafizt fyrr en um það bil, sem hinum byggingunum lýkur, 1971, þá varð heilbrigðismálastjórnin við slíka ákvörðun eða áætlun í svari við spurningu að hafa í huga eftirfarandi um fjármálin:

Við höfum reynt að gera lauslega áætlun um, hvernig standi 1. jan. 1970, hvað þá sé eftir mikill kostnaður við þær byggingarframkvæmdir, sem nú er verið að vinna að við Landsspítalann, þ. e. austurálman. 1., 2. og 3. hæð er áætluð 12 millj., kjallari 2 millj., svo kölluð „rotunda“ eða inngangur, — þeir sem hafa komið þarna, skilja þetta furðulega orð, — 4 millj. kr., sundlaug og æfingadeild, — það er í endurhæfingardeildinni, sem er talin mjög brýn þörf á, — 5 millj., ýmis tæki og búnaður 15 millj., þ. e. 38 millj. kr. Endurgreiðsla láns 1969 10 millj., svoleiðis að þetta verða samtals 48 millj., eldhúsbygging 35—40 millj. kr. Framkvæmdir alls 80—90 millj. kr., eins og líklegt er, að staðan verði 1. jan. 1970. Nú hefur verið veitt mjög aukið fé og verulega mikið fé til þessara byggingarframkvæmda á síðustu árum, þannig að 3 síðustu ár, 1967, 1968 og 1969, eru þarna til ráðstöfunar að meðaltali 50 millj. kr. á ári, svo að þetta svaraði nokkurn veginn því, sem verið hefur til þessara framkvæmda næstu tvö árin, 1970 og 1971. Peningagildið er hins vegar annað, svo að mér finnst eðlilegt, að við getum reiknað með hærri fjárupphæð í krónutölu og þá tala ég til fjárveitingavaldsins, sem hv. þm. eru líka. Ég held, að ég hafi einhvern tíma sagt, að ef menn ekki geta hjálpað þeim sjúku, þá getum við ekki heldur hjálpað þeim heilbrigðu, og ef við ekki getum hjálpað þeim sjúku, mundum við samkv. þessu kannske heldur ekki geta lagt eins mikið og við vildum í vegi og brýr og hafnir og skóla og svo fleira

o. fl. og ef við karlmennirnir sameinuðumst allir um þennan hugsunarhátt, ætti kannske að vera hægt að hnika svolítið til fjárveitingum á fjárl., þó að fjárráðin væru kannske ekki meiri og jafnvel minni en áður, og sérstaklega þegar um svona veigamikil mál er að ræða sem hér er og allir virðast hafa jafnríkan áhuga fyrir.

Ég er ekki að kvarta undan afgreiðslu Alþ. á till. frá mér sem heilbrmrh. á undanförnum árum, síður en svo. Mér finnst, að það hafi verið á ýmsan hátt örlæti í því. Ég get minnt á, að á árunum 1953–1962, á því 10 ára tímabili, er meðaltal til bygginga Landsspítalans á hverju ári 16.5 millj. kr. og þá er ég búinn að reikna það til verðlags ársins 1968, svo að þetta eru allt sambærilegar tölur, sem ég fer með núna. Á 10 ára tímabilinu frá 1953–1962 er fjárveitingin að meðaltali 16.5 millj. kr. á ári. Á næstu 4 árum, 1963, 1964, 1965 og 1966, er meðaltalið 30 millj. kr. á ári og á síðustu undanförnum tveimur árum og á árinu í ár er fjárveiting og fjárreiður 50 millj. kr. á ári. Ég vil svo loksins bæta því við, að um leið og það ber að leggja á það áherzlu fyrst og fremst við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1970 að mínum dómi að ætla sérstaka fjárveitingu til Fæðingardeildar og kvensjúkdómadeildar, ef fallizt verður á þessi tímamörk, sem ég tala um, þá ber einnig að leggja áherzlu á framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstj. fyrir árið 1970. Það er tilgangslaust að tala um fjáröflun á framkvæmdaáætlun 1969, ef ekki er hægt að hefja framkvæmdir á árinu 1969, því að fé til framkvæmda frá ári til árs á framkvæmdaáætlun fyrir þetta og annað ár á að notast á því ári, geymist ekki til annarra ára, og það er sannast að segja svo þröngt um framkvæmdafé, að mönnum fyndist það líka óeðlilegt, en fé á framkvæmdaáætlun er fyrst og fremst miðað við framkvæmdir á því tiltekna ári. Og ég fæ ekki með nokkru móti séð, að menn gætu hafið byggingarframkvæmdir á þessu ári, þótt þeir hefðu fullar hendur fjár, m. a. vegna þess, að undirbúningsstörf, fyrst og fremst vandaðar teikningar og annað, sem þar að lýtur og ég vék að áðan, eru ekki það langt komin, að það sé hægt.

Ég hef reynt að gera ýmsum þáttum þessa máls skil, skýra afstöðu heilbrigðisstjórnarinnar og reynt að leiðrétta misskilning og gera grein fyrir því, sem ég tel, að rétt væri að stefna að. Ég vil bæta því við í sambandi við fjárreiðurnar, að ég tel eðlilegt, að leitað væri sérstaks lánsfjár til þess að hraða byggingarframkvæmdum, eins og hér er um að ræða, umfram það, sem ég hef nú greint, og ég hef látið þá skoðun mína í ljós áður, að hér væri um svo brýna nauðsyn að ræða, að það gæti verið mjög æskilegt að freista þess að fá lánsfé til þess að flýta framkvæmdunum, sem mundi þá verða greitt af fjárframlögum frá ríkissjóði síðar, sem ekki væri hægt að hafa nógu há í bili, og ég fyrir mitt leyti er reiðubúinn til þess, þegar til kemur, að vinna að slíkri lánsfjárútvegun til þess að hraða þessu máli.

Ég kem þá að geislalækningunum nokkrum orðum. Um þær hefur einnig ríkt verulegur misskilningur. Ég vil aðeins vitna til þess, að landlæknir hefur leiðrétt verulegan misskilning, sem fram hefur komið um hið svokallaða kóbalttæki og hvernig staðið hefur verið að því að koma því upp og þiggja þá gjöf. Sú grein birtist í Tímanum ekki alls fyrir löngu vegna missagna, sem fram höfðu komið í því blaði. Landlæknirinn segir í sinni leiðréttingu, að formenn Krabbameinsfélags Íslands og Krabbameinsfélags Reykjavíkur hafi ritað formanni stjórnarnefndar ríkisspítalanna bréf 26. júlí 1966 þar sem félögin buðust til að útvega Landsspítalanum kóbalttæki að gjöf, ef slíks væri óskað. Engar óskir höfðu áður borizt um kaup á slíku tæki til sjúkrahúss eða heilbrigðismálastjórnarinnar. Er boð þetta hafði verið athugað, var síðar á sama ári tilkynnt, að því mundi verða tekið. Nú hefur því verið haldið á lofti, að þetta tæki hafi verið gefið fyrir þremur árum og síðan sé þar eingöngu um að kenna hirðuleysi, að það hafi ekki verið flutt til landsins. En landlæknir segir orðrétt um þetta í sinni leiðréttingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Varð samkomulag um það af báðum aðilum, af spítalans hálfu og Krabbameinsfélaganna, að tækið kæmi hingað til landsins á síðari helmingi ársins 1969. Það er því rangt að gefa í skyn, að þetta tæki hafi átt að vera hér miklu fyrr.“

Hér lýkur tilvitnun í bréf landlæknis. Þegar um þetta var rætt, að tækið kæmi 1969, var einnig gert ráð fyrir því, að því yrði komið fyrir í gamla eldhúsinu í Landsspítalanum, sem þá mundi verða búið að rýma, þar sem nýtt eldhús, sem verið er að byggja, mundi þá vera komið í notkun. Nú hefur dregizt lengur en skyldi um nýja eldhúsið. Það er ekki komið í notkun, en í annan stað hefur það verið talið, að gamla eldhúsið mundi ekki henta fyrir þetta tæki.

Það er rétt, sem tekið hefur verið fram, að það þarf að byggja vandlega utan um það og ganga vel frá þeirri byggingu, sem tækið yrði sett í. Það var núna fyrir skömmu, að Oddfellowar kvöddu mig til fundar við sig ásamt landlækni. Það var 26. apríl, og afhentu þá formlegt gjafabréf fyrir þessu tæki í tilefni 150 ára afmælis Oddfellowreglunnar. Ég sé ástæðu til þess á þessum vettvangi að þakka Oddfellowreglunni fyrir hina höfðinglegu gjöf, en þeir félagar hafa, eins og kunngt er, konur og karlar í þessari reglu, unnið mikið að líknarmálum og áður lyft stórátökum í sambandi við heilbrigðismál okkar Íslendinga.

Þegar málin lágu þannig fyrir og þegar ég sá fyrst, sem ég hef áður sagt hér í þingsölunum, hina alvarlegu skýrslu í sambandi við krabbameinsleitina á s. l. sumri, — þegar ég fyrst sá þær niðurstöður, sem hér hefur verið vitnað til, hófst ég þegar handa um, að án undandráttar yrði þessu tæki komið fyrir sem allra fyrst, og það er talið eitt fullkomnasta tæki til þeirra lækninga, sem hér er um að ræða, sem nú er völ á. Ég athugaði þá þann möguleika eða lét athuga þann möguleika, að byggður yrði hluti af væntanlegri geislalækninga-

deild eða tengiálmu milli væntanlegrar nýrrar Fæðingardeildar og Landsspítalans. Að því máli athuguðu og eftir að gerð höfðu verið frumriss að því og rætt við ráðamenn borgarinnar, reyndist sú leið algerlega ófær. Það var ekki með skjótu bragði hægt að koma kóbalttækinu til afnota með þessum hætti. Það var þá, sem leitað var þeirra leiða að byggja það bráðabirgðahúsnæði, sem nú er verið að byggja yfir þetta tæki við hliðina á geisladeildinni og við Landsspítalann, eins og mönnum er kunnugt um. Það kom til minna ákvarðana að skera á hnútinn, hvað gera skyldi í þessu efni, og ég skal gjarnan viðurkenna það, að sú ákvörðun varð mér nokkuð erfið, einkum og sér í lagi vegna þess, að góður vinur minn og sérfræðingur á þessu sviði, Gunnlaugur Snædal, og reyndar fleiri, lögðu að mér að taka ekki þá ákvörðun að byggja þetta bráðabirgðahúsnæði, og þeir hafa heldur ekki farið dult með sínar skoðanir, að þeir telja þetta ekki heppilega leið. Engu að síður varð það mín niðurstaða og ákvörðun að láta hefjast handa strax upp úr áramótum eða fljótt upp úr áramótum, þegar veður leyfðu um byggingu þessa bráðabirgðahúsnæðis fyrir kóbalttækið, því að ég sá enga aðra leið en þessa til þess að koma því með skjótu bragði í gagnið til þess að lækna fólk og forða lífi fjölmargra. En með þessu móti átti að vera tryggt, að það sé hægt að taka þetta tæki til afnota á þessu ári, þessu hausti.

Ég hef sagt það hér, ég held við fyrri umr., að ég treysti mér ekki til að bera ábyrgð á þeim mannslífum, sem fyrirfarast kynnu, ef önnur leið væri farin, og ef sú leið væri farin, sem læknarnir vildu fara, þeir, sem ég hef til vitnað. Það er ennfremur að athuga við þá leið — að byrja að byggja tengiálmuna, — að þá mundu líka kvensjúkdómadeildin og Fæðingardeildin þurfa að bíða mörgum árum lengur. Það hafði líka sín áhrif á mínar ákvarðanir, því að nú er áformað að byrja á Fæðingardeildinni og kvensjúkdómadeildinni og byggja síðar tengiálmuna með fullkomnustu geislalækningadeild, en nota í bili kóbalttækið í því húsnæði, sem nú er verið að byggja undir það og stækka að öðru leyti geisladeildina í gamla eldhúsi Landsspítalans, sem liggur inn af geislalækningadeildinni. Þetta er að mínum dómi skjótvirkasta og bezta leiðin, eins og á stóð. Mér dettur ekki í hug að vera með neinar ásakanir í garð annarra, þó að þeim hafi sýnzt, að réttara væri að fara aðrar leiðir. En ég hef sannfærzt ennþá betur um það nú heldur en þegar til minna kasta kom að taka þessa ákvörðun, að þetta var rétta leiðin. Hún tryggði skjótustu aðgerðir til fullkominna geislalækninga hér á landi og þess vænti ég, að þar sem hv. 11. þm. Reykv. vitnaði í sjónvarpsviðtalið, að menn hafi líka tekið eftir, að sérfræðingurinn, sem var þar frá Fæðingardeildinni, taldi, að það væri hægt að hafa full not kóbalttækisins til geislalækninga í því húsnæði, sem því er núna ætlað. Og ég get líka látið þess getið hér, að formaður Krabbameinsfélags Íslands, Bjarni Bjarnason læknir, hefur tjáð mér, að það húsnæði, sem nú er verið að búa kóbalttækinu, þar sem það á að notast, sé töluvert umfangsmeira en það húsnæði, þar sem kóbalttæki er komið fyrir í geislalækningasjúkrahúsi Oslóborgar.

Ég hef ekki gert að umtalsefni viðtalið við lækninn og eðlisfræðinginn í Tímanum; látið það liggja á milli hluta. Við höfum verið þarna nokkuð á öndverðum meiði, og það er ekkert nema eðlilegt við það. Það er hins vegar um það, hvaða leið ætti að fara, að ég tel mig hafa nokkuð góða samvizku um, að heppilega hafi verið ákvarðað, enda verð ég að segja, að ég hafði að sjálfsögðu, eins og gefur að skilja, mér til ráðuneytis þá sérfræðinga, sem embætti mitt hefur yfir að ráða. En það er sitthvað, sem ég hef að athuga við þetta viðtal frá 16. apríl í blöðunum við dr. Gunnlaug Snædal og Guðmund Jónsson eðlisfræðing. Það eru því miður villandi ummæli í þessu viðtali og skekkjur. Þær skipta kannske ekki svo miklu máli og eins og ég sagði, hefði ég látið þær liggja milli hluta, ef hv. 11. þm. Reykv. hefði ekki sérstaklega að þeim vikið. Þá vil ég minna á, að þetta viðtal bar fyrirsögnina: „Er nauðsynlegt að bíða?“ Og svo var birt þriggja dálka mynd af jarðraski við Landsspítalann, sem ég get ekki skilið, að hafi haft neinn annan tilgang en að hæðast að þessari framkvæmd að byggja á skjótvirkastan hátt yfir nútíma geislalækningatæki til þess að koma því sem fyrst í gagnið til þess að lækna þá sjúku. Dr. Gunnlaugur Snædal og fleiri vildu fara þá leið að byrja á tengiálmunni og geislalækningadeildinni, hluta af henni. Hún reyndist ófær, við skulum segja af skipulagsástæðum og kannske af öðrum ástæðum, a. m. k. að mínum dómi líka af þeim ástæðum, að þá hlaut Fæðingardeildin og kvensjúkdómadeildin nýja að bíða eftir þeirri byggingu og verða miklu síðbúnari en ella. Mín skoðun var sú, að það mætti ekki bíða, og þess vegna réði það úrslitum um ákvörðun mína um byggingu þeirrar byggingar, sem nú er í smíðum yfir kóbalttækið, ella hefði þurft að bíða miklu lengur, ég veit ekki hvað lengi, en það hefði skipt árum, og skal ég ekki spá um það, en örugglega hefði það verið árabil.

Ég get vel skilið, að þeir, sem eru fyrirsvarsmenn geislalækningadeildarinnar hafi eygt þann möguleika að ráðast ekki í alla bygginguna, heldur byrja fyrst, því að þá var þó alltaf byrjað, á tengiálmunni og geislalækningaálmunni, á undan Fæðingardeildinni sjálfri. En út af niðurlagi þessa viðtals, sem var vitnað til hér af hv. 11. þm. Reykv., vil ég segja, að höfuðágreiningurinn í dag, eins og þeir segja, er ekki sá, sem þarna segir. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég endurtaka það, sem áðan var lesið:

„Höfuðágreiningurinn í dag er um það, hvort nauðsynlegt er að bíða eftir heildarskipulagi Landsspítalalóðarinnar og læknadeildarhúsnæðis sunnan Hringbrautar, eins og nú er rætt um, eða hvort unnt sé að hefjast þegar handa um framtíðarlausn þessara deilda vegna þess sérstaka vanda, sem þær eiga við að stríða og gerir alla bið óréttlætanlega.“

Þetta er algerlega að snúa við hlutunum. Með þeirri leið, sem ég er búinn að gera grein fyrir, sem læknarnir vildu fara, hefði þurft að bíða eftir geislalækningunum lengur og eftir kvensjúkdómadeild og Fæðingardeild, og höfuðágreiningurinn er ekki þetta. Bygging læknahúss, læknadeildarhúsnæðis, sunnan Hringbrautar kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við. Að ágreiningur í sambandi við byggingu þess og um heildarskipulag lóðarinnar sé svo mikill eða vandinn við að leysa hann svo stór, er ekki rétt. Ég er búinn að segja áður, að hann muni ekki standa í vegi fyrir því, að hægt verði að hefja byggingarframkvæmdir á næsta vori, og ég er bjartsýnn á það og geri mér vonir um, að samkomulag geti orðið hið fyrsta milli borgaryfirvalda og heilbrigðisstjórnarinnar um það mál. Nei, það er ekki það, sem réði úrslitum og ágreiningurinn var um. Er einhver, sem treystir sér til þess að bíða eitt, tvö eða þrjú ár og að vissu leyti taka þar með óbeina ábyrgð á meiri sjúkdómum og jafnvel hærri dánartölum? Ég treysti mér ekki til þess, og á þessu var mín ákvörðun grundvölluð.

Herra forseti. Ég hef nú því miður tekið langan tíma til þess að reyna að skýra mál mitt, en get nú stytt mál mitt úr þessu.

Mér er alveg fullljóst og met það mikils, að það voru íslenzkar konur, sem reistu merkið með stofnun Landsspítalasjóðs Íslands 1916 og fjársöfnun til hans til minningar um stjórnmálaréttindi kvenna sem áunnust 19. júní 1915. Ég tel, að það hafi skýrt komið fram af mínu máli, að þær deildir, sem hér er um að ræða, eru ekki gleymdar deildir og hafa ekki verið það, þó að menn hefðu kannske óskað meiri hraða.

Það var vitnað til þess, að lítið samband væri á milli heilbrigðisstjórnarinnar og lækna af þessum sérfræðingi Fæðingardeildarinnar. Ég viðurkenni, að þeir hafi aldrei beðið um viðtal við mig þessir yfirlæknar eða undirlæknar eða hverjir sem það nú eru á Fæðingardeildinni. En ég held, að ég hafi ekki haft meira samband við nokkra stétt manna, þann tíma, sem ég hef verið í ráðherraembætti, heldur en lækna. Ég hef verið á tveimur læknaráðstefnum, haustið 1967 og í haust. Á hvorugri þessari ráðstefnu var nokkur áherzla lögð á þessi mál, sem nú er lögð svo rík áherzla á. En sé hægt að kenna mér um, að lítið samband hafi verið við lækna Fæðingardeildarinnar, þá stendur sannarlega ekki á mér og ég vil gera mitt bezta til að bæta úr því og teldi kannske, að betur hefði farið, ef samband hefði verið meira, en ég veit ekki til þess, að nokkurn tíma hafi í því sambandi á mér staðið. Ég hef lagt á það áherzlu, að rétt væri að reyna að sameina sem bezt alla krafta í þessu máli, og ég skil auðvitað fullvel viðkvæmni kvenna í máli eins og þessu. Ég hef þess vegna m. a. ákveðið af því að ég held, að það gæti verið til góðs í sambandi við þetta mál, sem nú verður bygging Fæðingardeildar, sem hlýtur óhjákvæmilega í nánustu framtíð að vera eitt af viðfangsefnum byggingarnefndar Landsspítalans, — þá hef ég ákveðið að gefa Hjúkrunarfélagi Íslands kost á því að skipa kvenfulltrúa í byggingarnefnd Landsspítalans.

Helztu niðurstöður mínar, ef ég mætti ljúka máli mínu með því, mundu vera þessar:

Það er og hefur verið staðfastur vilji heilbrigðisstjórnarinnar, að byggt verði húsnæði fyrir kvensjúkdómadeild hið fyrsta með stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans. Sú stefna hefur verið mörkuð, að þegar hafizt verður handa um nýjar byggingar á lóð Landsspítalans, njóti stækkun Fæðingardeildar og geðsjúkdómadeildar forgangs.

Teikningum að stækkun Fæðingardeildar og öðrum undirbúningi á að geta lokið fyrir næsta vor.

Til þess að hraða byggingarframkvæmdum við austurálmu Landsspítalans hefur nú verið aflað 10 millj. kr. lánsfjár umfram ca. 40 millj. kr., sem veittar eru á fjárl. þessa árs til þessara byggingarframkvæmda, byggingu nýs eldhúss og annarra þjónustudeilda, en ég hef gert grein fyrir því, að hraðari bygging þessara deilda, þar sem er m.a. bæklunardeild, mundi geta haft veruleg áhrif á aukna aðstoð handlæknisdeildarinnar, meðan beðið er eftir nýrri kvensjúkdómadeild.

Stofnað hefur verið til samstarfs milli Fæðingardeildar og handlæknisdeildar Landsspítalans, sem í felst, að handlæknisdeild tekur að sér ásamt læknum kvensjúkdómadeildarinnar að annast þá sjúklinga með kvensjúkdóma, sem ekki þola bið. Verður séð til þess, að mjög bráðlega þurfi engir slíkir sjúklingar að vera á biðlista.

Við skjótari uppbyggingu austurálmu Landsspítalans skapast ný aðstaða til betri hagnýtingar húsnæðis sjúkrahússins, einnig fyrir kvensjúkdóma, meðan ný fæðingardeild hefur ekki verið byggð.

Nýtt kóbaltgeislalækningatæki verður tekið í notkun á hausti komandi í húsnæði, sem nú er verið að byggja yfir það við geislalækningadeild Landsspítalans.

Að framtíðarskipulagi Landsspítalalóðar hefur verið unnið frá því í byrjun árs 1965, og standa vonir til þess, að lokaákvarðanir um það geti verið teknar innan tíðar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við erum búnir að heyra langa ræðu hjá hæstv. heilbrmrh. um kvensjúkdómadeild og Fæðingardeild Landsspítalans. Og við erum búnir að hlusta á upplýsingar á Alþ. fyrir nokkru síðan um þessi mál í fsp.-tíma. Auk alls þessa höfum við lesið greinar í blöðum um málið, og við höfum hlustað á sjónvarpsþátt um allt þetta sama, og niðurstöðurnar af öllu þessu eru allar á einn veg: Ástandið er svo fyrir neðan allar hellur, að það getur enginn heiðarlegur maður sætt sig við, að þetta verði svona lengur. Öll þau svör, sem komu fram hjá lækni Fæðingardeildarinnar um daginn við spurningum hjúkrunarkonunnar staðfestu það, sem áður hefur komið fram. Ég fullyrði, að hverjum heiðarlegum manni hefur runnið til rifja að heyra þessar lýsingar, og ég vil þakka konunum, sem hafa haft forgöngu um að opna augu þm. fyrir ástandinu, eins og það er.

Ég ætla mér ekki að fara að deila á einn eða neinn af hverju ástandið er svona. En af þeim niðurstöðum, sem hæstv. ráðh. komst hér að áðan, dró ég þá ályktun, að hann teldi og hann hafi reyndar sagt það skýrum stöfum, að það sé ekkert hægt að gera í málinu á þessu ári. Ef ég hef tekið rétt eftir, þá held ég, að hann hafi sagt, að það væri sennilega hægt að ljúka teikningum eftir eitt ár. Það væri sennilega hægt að byrja að byggja 1971. Ég heyrði ekki, hvort hann sagði nokkuð um það, hvenær yrði lokið við að byggja.

Hvað verður nú búið að ske á þessu tímabili? Ég er enginn sérfræðingur í þessum málum. Ég veit ekki, hvað skipulag Reykjavíkurborgar getur dregið þetta mál lengi, hvað það skipulag eða skipulagsleysi getur sett margar konur í lífshættu hér á landi. Kannske það standi í 4 ár eða meir að ræða um þetta skipulag. Hvað á að bíða lengi eftir þessu? Ég skildi hæstv. ráðh. svo, að teiknistofa ríkisins gæti ekki teiknað þessa byggingu eða þessar byggingar, fyrr en á næsta ári, gæti ekki lokið við þær teikningar fyrr. Ég held, að hæstv. ráðh. hafi sagt lokið við þær. Er þá engin leið til þess að fá þessar byggingar teiknaðar af einhverjum öðrum aðila? Mér hefur skilizt, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki vílað fyrir sér að ráða hingað ýmsa sérfræðinga til starfa erlendis frá. Getum við ekki fengið erlenda menn til þess að teikna þessar byggingar og gera það fljótt, ef annríkið er svona hjá húsameistara ríkisins, að ekki er hægt að koma þessu af á skemmri tíma, þrátt fyrir allan þann tíma, sem þessi ríkisstofnun hefur haft hingað til? (Gripið fram í.) Nú, það er svona mikið verk. En vinnst verkið ekki fyrr, ef fengnir væru fleiri menn? Er með öðrum orðum ómögulegt að hraða teikningum á húsi meira en þetta? Ég get ómögulega skilið þetta, ég verð að segja það eins og er. Og jafnvel þó að brotið verði eitthvað í bága við skipulag, sem ekkert er til þarna hjá Reykjavíkurborg, þá tel ég það tilvinnandi. Ég held, að það ætti að vera öllum mönnum ljóst, að það er verið að reyna að afstýra slysum með því að hraða þessu máli. Það er bókstaflega verið að reyna að bjarga mönnum úr lífsháska með því að hraða því og gera það, sem hægt er, til þess að koma þessum byggingum upp. Ég held, að allir reyni eftir mætti að bjarga mönnum úr lífsháska og hér er fólk í lífsháska og það dettur engum manni í hug að bíða eftir einhverjum óendanlegum breytingum eða skipulagi, þegar á að bjarga mönnum.

Hæstv. ráðh. varði svo að segja allri ræðunni til þess að leiðrétta misskilning þann, sem hefði komið fram hjá konum og öðrum gagnrýnendum á það fyrirkomulag þessara mála, sem nú er ríkjandi. Það kann vel að vera, að einhvers staðar hafi gætt misskilnings, en þetta var svo mikill hégómi hjá honum, að ég held, að hann hefði getað sleppt megninu af þessu. Aðalatriðið er ekki þetta, aðalatriðið er að hefjast handa í þessu máli.

Fyrir Alþ. liggur frv. ríkisstj. um heimild til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar á árinu 1969. Þessar lántökur, sem þar eru ráðgerðar, eru samtals 225 millj. Allt eru þetta nauðsynlegir og góðir hlutir, sem þarna er ráðgert að framkvæma, ekki er að neita því, en við höfum 3 þm. flutt brtt. við þetta frv. Það var á dagskrá dagsins í dag, en var ekki tekið fyrir. Við flytjum þá brtt. við það frv. að heimila ríkisstj. að taka 20 millj. kr. lán til kvensjúkdóma- og fæðingardeildar Landsspítalans, bæta þessu við upphæðina og það sýnist nú ekki ákaflega langt gengið, þó bætt verði 20 millj. við 225 millj., þegar ekki minna mál en þetta er í húfi. Við gerum þetta til þess að reyna að stuðla að því, að allt verði gert þegar á þessu ári til að hraða þeim óhjákvæmilegu byggingum, sem nú vantar. Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort hann geti ekki fallizt á, að þessi brtt. okkar verði samþ., hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því, að hún verði samþ. Mér heyrðist reyndar á ræðu hans áðan, að hann væri þegar að svara þessu, þar sem honum fórust orð eitthvað á þá leið, að útilokað sé að byrja á neinu á þessu ári. Ég get ekki annað sagt en ég á ákaflega erfitt með að trúa þessu. Ég á ákaflega erfitt með að trúa því, að ekki sé hægt að hraða neinu á þessu ári, en fyrsta skilyrðið til þess að geta gert eitthvað að gagni og hraða málinu, er að hafa peningana til þess, en þeir eru engir til. Meira að segja var hæstv. ráðh. að segja okkur frá 10 millj. kr. láni, sem hann er búinn að tryggja frá atvinnumálanefnd ríkisins, til að vinna að því, sem ógert er í Landsspítalabyggingunni sjálfri. Það er auðvitað gott að fá það fé. En ég vil a. m. k. fá að heyra betri rökstuðning fyrir því, að ekkert sé hægt að gera á þessu ári til þess að hraða máli kvennanna. Ég endurtek þess vegna þessa fsp. mína til hæstv. ráðh. Sér hann enga leið til þess að hraða þessu máli á þessu ári, ef hann fær peninga til þess? Á maður að trúa því? Og ef hann sér einhverja leið, vill hann þá ekki hafa samvinnu við okkur um það að heimila lántöku til þess? Ef hann vill hafa það í einhverju öðru formi, skiptir það engu máli fyrir okkur, aðeins að peningarnir komi. Hann má sjálfur leggja fram till. eða ríkisstj. eða hver sem er. Það verður að fá peningana til þess, ef hægt er með því að gera eitthvað til gagns í þessu aðkallandi máli.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hv. frsm. þessa máls gat þess í upphafi umr., að till. hans um stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans væri búin að bíða hér á dagskrá hátt í tvo mánuði. Sömu sögu er að segja um till., sem ég flyt nálega um þetta sama mál, till. eru efnislega samhljóða, en í minni till. er aðeins lögð meiri áherzla á stækkun eða byggingu geislalækningadeildar og kvensjúkdómadeildar við Fæðingardeild Landsspítalans, en báðar eru till. um stækkun Fæðingardeildar og um geislalækningadeild og sérstaka kvensjúkdómadeild með fyllstu nútímaaðstöðu til geislalækninga. Eftir tvo mánuði er þessi till. loks tekin til umr., en mín till. um sama efni, sem hefur jafnan fylgt þessari á dagskránni og verið tekin af henni með þessari till., er ekki á dagskrá. Má þess vegna vænta þess, að það líði enn dagar og kannske vikur,

þangað til hún verði afgr. til n. En báðar hefðu nú till. helzt þurft að fara samtímis til n., til þess að n. hefði getað fjallað um þær báðar samtímis og afgr. þær sem eitt og sama málið, því þær eru efnislega eitt og sama málið og komu hér fram, án þess að flm. vissu hvorir um aðra, af því að allmyndarlega var ýtt við þessu máli af félagsskap hér í borg, Bandalagi kvenna í Reykjavík.

Það mál, sem Bandalag kvenna hefur þannig flutt inn á Alþ. með miklum skörungsskap, hefur fengið stuðning annarra kvennasamtaka. Mér er tjáð, að Kvenréttindafélag Íslands hafi gert till. og samþykkt Bandalags kvenna að sínum till. og kvenfélagasamtök úti um land hafa sent Alþ. áskoranir, og hér hefur verið minnzt á hinn mikla fjölda starfsfólks í heilbrigðisstofnunum þjóðarinnar, sem hefur sent Alþ. og hæstv. ráðh. áskoranir um aðgerðir í þessu máli. Málið hefur fengið mikinn og djúpan hljómgrunn, svo djúpan, að ég held, að það sé algerlega misráðið að reyna að komast fram hjá framkvæmdum í þessu máli með einhverjum kákráðstöfunum til bráðabirgða. Ég er alveg viss um, að það er misráðið af hæstv. heilbrmrh. að hafa uppi nokkra tilburði í þá átt. Það er málið sjálft og fullkomin lausn þess, sem er heimtuð, af því að hún er orðin svo tímabær, að það má ekki gegn framkvæmdum standa. Þar verður að leysa úr fjárhagsvanda, og það verður að setja tæknilega krafta á hreyfingu til þess að teikna þá byggingu, sem hér er til umr. og nauðsynlegt er að byggja. Margra ára bið í þessu máli verður áreiðanlega ekki þoluð, það er alveg víst.

Það, sem mér hraus mest hugur við að heyra í hinni ömurlegu lýsingu, sem Bandalag kvenna lét fylgja sínu erindi til alþm., var þessi setning, og að henni vék ég í umr., sem urðu um málið, þegar fsp. var borin fram um þetta mál fyrir alllöngu. Þar stóð: „Finnist grunsamlegt tilfelli", þ. e. a. s. krabbameinstilfelli, „liggur leið þessa sjúklings ekki beint inn á deildina, sem þó er talið nauðsynlegt, heldur skrifast nafn sjúklingsins á biðlista deildarinnar."

Það voru fyrstu viðbrögð hæstv. ráðh. að segja, að það væri ýmislegt missagt í þessu plaggi, byggt á misskilningi og ekki rétt, en nú hef ég heyrt hann svara gögnum, sem honum hafa borizt um þetta mál, og gladdi mig að heyra, að hann viðurkenndi nú, með því að gera engar athugasemdir við þetta plagg, að það mundi vera rétt í flestum eða öllum atriðum. En hann vék aftur að bréfi, sem hefði borizt frá starfsfólki og sérfræðingum við Landsspítalann, og taldi, að þar hefði gætt missagna, og skýrði Alþ. frá, að hann hefði svarað því og leiðrétt. Hann bar sig upp undan því, að þetta starfsfólk, sem hafði ritað undir það bréf, hefði talið bréf ráðh. ókurteislegt og hefði hnykkt við. Ég skal ekkert undrast, þó að fólkið hafi kippzt við þá setningu, einmitt þá, sem hæstv. ráðh. tilfærði úr sínu bréfi. Hann sagði, að undirskrifendurnir væru svo margir, að það væri með ólíkindum, ef hver og einn hefði kynnt sér efni bréfsins. Þetta segir í bréfi ráðh., það bara segir, að fólk hafi skrifað undir það, sem það hafi ekkert vitað um hvað var. (Gripið fram í.) Það kynnti sér ekki, að það var rangt, segir ráðh. Ráðh. heldur þessu enn fram, að fólkið hafi skrifað undir plagg, sem það vissi ekki, hvað það var að gera með. Þetta er auðvitað svo fruntalega sagt, að það er ekki hægt að setja slíkt í ráðherrabréf.

Það var önnur glósa, sem var opinber við lestur hæstv. ráðh. úr bréfinu til fólksins. Hann vék því til yfirhjúkrunarkonunnar, að hún ætti að kynna meðundirskrifendum sínum efni bréfsins, ef þeir hefðu áhuga á að kynnast því. Þetta er óráðherralega sagt líka. Og ég undrast ekkert, að fólki hafi brugðið við slíkt ráðherrabréf. Ég heyrði aftur, að ráðh. talaði núna af mikilli stillingu um þetta mál, en það skorti á hans stillingu, þegar málið var hér fyrst til umr., og bréfið hefur borið keim af því, það er sýnilegt.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri sín innilegasta ósk, að það tækist að sameina alla krafta um lausn á þessu máli. Um það er ég honum alveg sammála. Það er nauðsyn. Ég hygg, að öllum sé ljóst, að það er ekki vandkvæðum bundið að sameina krafta læknanna, hjúkrunarliðsins og annars starfsfólks á sjúkrahúsinu um þetta mál. Það er ekki erfitt að sameina krafta þjóðarinnar um þetta mál. En það er einn kraftur, sem ekki má vanta. Það má ekki vanta ráðherrakraftana. Það má ekki vanta ríkisstjórnarkraftana í þessu máli. Og það eru þeir, sem geta kannske ráðið mestu um, hvort aðgerðir hefjast í málinu eða ekki. Ráðherrakraftana má ekki vanta. Þeir verða að vera sameinaðir við krafta fólksins, sem áreiðanlega eru til reiðu til framkvæmda og aðgerða í málinu.

Hæstv. ráðh. hafði gefið þær upplýsingar, að það hlyti að vera margra ára bið, að fullnaðarframkvæmdir yrðu í málinu, og hann hefur skrifað í Morgunblaðið yfirlýsingu, sem er svar við viðtali við dr. Gunnlaug Snædal og Guðmund Jónsson eðlisfræðing, þar sem hann dregur ekki dul á, að það verði löng bið á framkvæmd málsins. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta – það eru aðeins örfáar línur:

„Vissulega skil ég, að menn óski þess, að þetta geti allt verið í fullkomnara formi, en eins og nú standa sakir, er útilokað, að svo geti orðið, nema með nokkurra ára bið, enda þótt hvorki stæði á fé eða ákvörðunum um skipulag Landsspítalalóðarinnar."

En nú stendur þar að auki á því hvoru tveggja. Það tekur sinn tíma að ganga endanlega frá teikningum af svo vandasömum byggingum, þó að undirbúningsathuganir og uppdrættir liggi þegar fyrir.

Sérfræðingar telja, að byggingartíminn geti naumast orðið undir 4 árum. Þetta er ekki uppörvandi boðskapur um skjót viðbrögð í nauðsynjamáli, lífsnauðsynjamáli. Það er ekki þvílíkt, að þetta mál eigi að hafa forgangshraða, 4 ár til undirbúnings, þó að athuganir og uppdrættir liggi fyrir, og byggingartíminn ekki undir 4 árum. Ég veit ekki, í

hverju það liggur, að þessi viðbót við Fæðingardeild, sem á að vera geislalækningadeild og stækkun á Fæðingardeild — ég veit ekki í hverju það liggur, að það geti verið svona gífurlega vandasamt og sérfræðilegt verk að teikna hana. Það liggja fyrir frumteikningar frá 1956 um 42 rúm. Við skulum segja, að þau þyrftu að vera 80. Það er viðbót, framhald af þessum frumteikningum, það virðist ekki vera annað en sama gerð af húsi og þegar hefur verið þarna byggt og áformað var að byggja, og einhvern veginn hefur það farið svo, að það hefur lagzt til hliðar þetta mál. Það hefur ekki verið unnið að málinu síðan 1956, ekki einu sinni undirbúningi þess. Og þess vegna er einmitt ömurlegt að heyra, að nú eigi eftir 12 ára bið, frá því að frumteikningar voru gerðar, að tefja framkvæmdir málsins svo að árum skipti vegna teikninganna. Það er ómögulegt að skýra það á annan hátt en þann, að þetta mál hafi gleymzt. Það hefur gleymzt. Það hefur gleymzt í meira en áratug.

Ég las það í blöðunum í dag, að samtök hér á landi hygðust byggja verksmiðjuhús fyrir 90 millj. kr., stórhýsi, og því á að ljúka á 8 mánuðum. (**Gripið fram í:** Er það stálgrindahús?) Ég veit það ekki, en líklega hefur þeim gefizt tóm til þess að teikna það. Og þeir ætla sér ekki einu sinni einn meðgöngutíma til þess að koma húsinu upp.

Það er greinilegt, að sú ákvörðun hæstv. ráðh. að byggja þarna svolítinn böggul út úr Landsspítalabyggingunni sjálfri til að koma fyrir kóbalttækinu, sem gefið var 1966, hefur verið honum erfið. Það var m. a. valinn sá kostur, af því að það átti ekki að taka nema örfáa mánuði. Ég held, að það hafi verið talað um, að þessu væri hægt að koma í verk á 5 mánuðum. Og ákvörðun um þetta mun hafa verið tekin, eftir því sem ráðh. sagði, upp úr áramótum. Nú er maí, ekki satt? Er það ekki fimmti mánuður ársins? Og hvað er komið? Ja, ennþá er víst byggingin ekki komin upp úr jörð. Ég harma, að það gengur líka seint með þessa litlu byggingu þarna, sem á að leysa málið til bráðabirgða. Mér finnst hún ganga furðu seint. En svo mikið er víst, að þarna var um ágreining að ræða milli heilbrmrh., sem ekki er sérfræðingur í heilbrigðismálum, og aftur sérfræðinganna, sem þarna eiga að starfa og ekki aðeins að fá tækið til þess að vinna við, heldur hljóta þeir einnig að gera kröfu um að fá starfsaðstöðu við þetta tæki. Og það er óneitanlega þeirra skoðun, sérfræðinganna, sem þarna eiga að fá starfsaðstöðu, að þetta sé ófullkomin lausn og ekki til frambúðar, byggingin sé of lítil. Og nú vil ég bara án nokkurrar illkvittni spyrja hæstv. ráðh.: Tókst svo illa til, að það væri grafið fyrir of lítilli viðbyggingu og orðið hafi að stækka það síðan eftir kröfum frá Kanada? Það hafa verið leiðu mistökin, ef það hefur tafið verkið á ekki stærri byggingu. Þessu svarar ráðh., ef hann telur ástæðu til, en mér er tjáð, að þau mistök hafi orðið, að plássið hafi verið alveg af skornum skammti fyrir þessa litlu byggingu þarna og ýmis tormerki komið í ljós, þegar farið var að grafa fyrir henni, þ. á. m. að upphaflega bráðabirgðabyggingin hafi reynzt of lítil fyrir tækið sjálft.

Ég heyri, að hæstv. ráðh. er mjög ánægður með að hafa tekið þessa ákvörðun gegn ráði læknanna, af því að hann sé að bjarga mannslífum með því. Ég efast þó ekkert um það, að læknarnir hugsa um mannslífin eins og aðrir menn og ekkert síður, en einhvern veginn hafa þeir áreiðanlega ekki hugsað sér að fórna mannslífum með því að leysa málið á annan hátt. Ég læt engan segja mér, að læknarnir hafi horfzt í augu við mannslífafórnir, ef aðrar leiðir yrðu farnar en þessar. Það má ekki bregða læknunum um það, að þeir hafi ekki horft í það, en bara ráðh. Ég er viss um, að það er eitthvað annað, sem ber þarna á milli, heldur en mismunandi sjónarmið lækna og ráðh. að þessu leyti. Svo mikið er víst, að þessi ákvörðun ráðh. sætir ágreiningi og sérstaklega rísa læknarnir upp, sem við tækið eiga að vinna og eru andvígir þessari úrlausn, og ég held, að ófaglærðum, ósérfróðum heilbrmrh. beri að taka tillit til ráðlegginga sérfræðinga í slíku máli sem þessu. Mér fannst hæstv. ráðh. ekki færa fram sterk rök fyrir því, hvers vegna hann hefði borið læknana ráðum í þessu máli. Þau rök tel ég, að þurfi að koma fram, til þess að við alþm. getum skorið úr því, hvort þarna hafi verið viturlega ráðið eða ekki. Og það mega vera meira en lítið sterk rök, til þess að við getum á það fallizt, að þarna hafi verið betur ráðið en með því að fara að vilja og till. læknanna, sérfræðinganna við Fæðingardeildina. Ég óttast því, að þarna hafi verið stigið víxlspor, sem enga ánægju veki, engir sætta sig við og verði þannig e. t. v. fyrst og fremst til þess að tefja framtíðarúrbætur í málinu. Ég óttast það, og þá er verr farið en heima setið. Það er kannske algert aukaatriði, að ég efast um, að rétthafar Guðjóns heitins Samúelssonar, húsameistara ríkisins, hafi gefið samþykki til þess að hans byggingarverki sé misboðið með því að byggja út úr því alls konar kumbalda og ég vil segja nærri því æxli. En ef þeir kvaka ekkert í því máli, þá sleppur hæstv. ráðh. yfir það skerið.

Það er ekki óeðlilegt, að einnig sé tekin til umr. í framhaldi af þessu bráðabirgðaúrræði varðandi kóbalttækið önnur bráðabirgðaúrlausn, sem hæstv. ráðh. hefur komið í kring varðandi húsnæðisleysið í kvensjúkdómadeild Fæðingardeildarinnar. Það hefur verið birt í blöðum, að samkomulag hafi verið gert milli handlækningadeildar Landsspítalans og Fæðingardeildarinnar, og þannig bætt úr húsnæðisskorti deildarinnar, að vísu til bráðabirgða. Það er upplýst, að það þurfi hvorki meira né minna en að tvöfalda sjúkrarúmin í Fæðingardeild og kvensjúkdómadeildinni. Það viðurkenndi hæstv. heilbrmrh. áðan. Nú spyr ég: Um hvað er þetta samkomulag við handlækningadeildina? Er það rétt, að þarna sé um að ræða tvö herbergi, hvort um sig með þremur rúmum, þannig að lausnin sé 6 rúm? Er það rétt? Ef það er rétt og hæstv. ráðh. telur þetta vera svar við kröfunni um tvöföldun

sjúkrarúma við Fæðingardeildina, þá verð ég að segja eins og í fornum bókmenntum stendur: Litlu verður Vöggur feginn.

Nei, þessi mál eru í meira óefni komin en svo, að hægt sé að leysa þau með smávægilegum bráðabirgðaúrlausnum, og ég er alveg viss um, að slíkar bráðabirgðaúrbætur vekja óánægju, magna meiri óánægju, koma að takmörkuðu gagni, eru líklegar til þess að slaka á um fullnaðarúrbætur og geta þannig verið framtíðarlausn til tafar og heildarmálinu til ógagns. Ég held, að þm. gætu freistazt til þess að halda, að ástandið væri ekki mjög alvarlegt í þessum málum, þegar þeir sjá, að hæstv. ráðh. ætlar að bregðast við því með mjög smávægilegum bráðabirgðaúrræðum. En það fer ekkert á milli mála, að ástandið í þessum málum er mjög alvarlegt hjá okkur, og úr því verður ekki bætt nema með stórfelldum aðgerðum.

Það var nefnt áðan, að Guðmundur Jóhannesson læknir, einn af okkar færustu sérfræðingum í kvensjúkdómum, hefði ritað grein í Læknablaðið, en það var ekki lesið neitt úr þeirri grein, en þar eru dregnar upp átakanlegar myndir, sem ég vil bókstaflega ekki, að fari fram hjá hv. alþm. Ég er ekkert viss um, að þeir hafi haft í höndum 5. hefti Læknablaðsins frá þessu ári, nú í okt. í haust. Það verða 3—4 atriði úr grein þessa læknis, sem ég mun, með leyfi hæstv. forseta, kynna þingheimi.

Það er þá fyrst, að hann segir, að af þeim 142 sjúklingum með leghálskrabbamein, sem á áðurnefndu tímabili, þ. e. a. s. 10 ára tímabili, sem rannsókn hans náði yfir, hafa verið skráðir á öllu landinu, voru 68 eða tæpur helmingur meðhöndlaður á Fæðingardeild Landsspítalans, 43 eða tæpur þriðjungur á handlækningadeild Landsspítalans og 31 eða næstum ¼ hlutinn annars staðar. Það er af þessu ljóst, að að langmestu leyti fer meðferð þessara sjúklinga fram á Fæðingardeild Landsspítalans.

Þá víkur læknirinn nokkuð að aðstöðunni þar til þess að fullnægja ýtrustu kröfum um læknismeðferð slíkra sjúkdóma og segir:

„Til þess að við getum leyft okkur að meðhöndla illkynja sjúkdóma eins og leghálskrabbamein hér á landi, verður meðferð okkar að vera sambærileg við hið bezta, sem völ er á erlendis, og til þess að það sé kleift, verður að koma hér upp aðstöðu til hávoltageislunar. Þar sem ekki er einungis fyrir hendi boð um að gefa Landsspítalanum slíkt tæki, heldur einnig að byggja hús yfir það", segir hann, „er okkur, sem að þessum málum vinna, óskiljanlegt, að það skuli dragast ekki mánuðum, heldur árum saman að hrinda þessu þarfa máli í framkvæmd."

Það dylst ekki óþolinmæði læknisins yfir því, að það skuli hafa legið fyrir gjafatilboð um tækið 1966, fyrir þremur árum síðan, og ennþá hefur ekki tekizt að búa svo um, að hægt væri að taka við því og búa því starfsaðstöðu. Þá segir læknirinn ennfremur:

„Eigi Fæðingardeild Landsspítalans, sem er eina sérdeild fyrir kvensjúkdóma hér á landi, að sjá um meðferð þessara sjúklinga, þá er hún algerlega ófullnægjandi, bæði um stærð og allan aðbúnað. Starfsemi Leitarstöðvar B hefur þegar haft í för með sér mikla þörf fyrir aukinn fjölda rúma í sambandi við kvensjúkdóma, þörf, sem Fæðingardeildin er langt frá því að vera fær um að fullnægja eins og er."

Með þessum orðum læknisins er okkur það ljóst, að stækkun Fæðingardeildarinnar, kvensjúkdómadeildarinnar, er nauðsyn, sem verður ekki bætt úr með því að fá samkomulag við handlækningadeildina um tvö herbergi inni í Landsspítalanum. Og að lokum þessi orð læknisins úr þessari ritgerð hans í Læknablaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér hefur eingöngu verið rætt um leghálskrabbamein, en við höfum á umræddu tímabili ekki færri en 112 tilfelli af krabbameini í eggjastokkum og 65 tilfelli af krabbameini í legholi. Þar er árangurinn ennþá lakari. T. d. lifa ekki nema 57% af sjúklingum með legholskrabbamein, þar sem árangurinn er hins vegar í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum kominn upp í 90%, 57% hjá okkur. Talsvert hefur áunnizt í þessu efni á undanförnum árum, en samt vantar enn mikið á, að árangurinn sé nógu góður. Hér þarf skjótra aðgerða við, sem varða öll þrjú áðurnefnd grundvallaratriði, þ. e. a. s. aukin útfærsla leitarstöðvanna, fjölgun rúma og bætt aðstaða um meðferð kvensjúkdóma og síðast en ekki sízt hávoltageislunartæki. Til lengdar getum við ekki samvizkunnar vegna haldið áfram að meðhöndla illkynja sjúkdóma hér, vitandi það, að þessir sjúklingar hefðu mun betri lífsvon í nágrannalöndum okkar. Enda hefur það orðið úrræðið, það er mér kunnugt um, að í alvarlegum tilfellum hefur orðið að senda sjúklingana til útlanda og er það ekki ánægjulegt að þurfa að gera það."

Annar læknir, dr. Gunnlaugur Snædal, sem hæstv. ráðh. vitnaði einmitt til og vakti athygli á, að væri ósammála sér um lausn byggingarinnar yfir kóbalttækið, víkur að því hvað eftir annað í ræðu, sem birt er eftir hann í Morgunblaðinu 11. marz s. l. Og hann staldrar hvað eftir annað við það, að það sé aðstaðan á Fæðingardeildinni, húsnæðisskorturinn, sem standi mjög í vegi fyrir því, að hægt sé að vinna að krabbameinslækningunum með sómasamlegri aðstöðu. Ég vil taka hér þrjár örstuttar tilvitnanir í þessa grein læknisins í Morgunblaðinu. Þar segir hann í fyrsta lagi:

„Undanfarin 4 ár hafa félögin", — þ. e. a. s. krabbameinsfélögin — „beitt sér fyrir því, að kóbalttækið fengist til landsins. En það er sú tegund hávoltageislatækja, sem mest hafa rutt sér til rúms í heiminum s. l. 10—15 ár og henta mundu bezt hér. Það ber að harma, hve lengi hefur dregizt að fá tæki þetta til landsins, en von mun, að úr því rætist með komu þess nú í náinni framtíð.

Það hefur komið í ljós, að árangur í meðferð krabbameins hér á landi hefur ekki verið sem skyldi. Allt bendir til þess, að einkum megi tvennu

um kenna: Skort hefur tæki til hávoltageislunar og samræmingu hefur vantað í meðferð, vegna þess hve hún hefur farið fram víða og með ýmsu móti. Sjúkrarými hefur vantað til þess að öll meðferð á krabbameini í landinu gæti safnazt á fáar og vel búnar deildir."

Sjúkrarými hefur vantað og það hillir heldur lítið undir það, að leyst verði úr sjúkrarýmisskortinum, a. m. k. ekki á næstunni. Þá segir hann:

„Því hafa upp á síðkastið sjúklingar með vissar tegundir krabbameins verið sendir til útlanda, þar sem árangur er betri vegna fullkomnari aðstæðna. Hér á landi er að sjálfsögðu", segir læknirinn, „aðeins þörf fyrir eina geislalækningadeild. Sú deild, sem til er, hefur svo takmarkað húsrými, að því fer fjarri, að hún geti sinnt öllum áðurnefndum atriðum."

Og að lokum: „Leitarstöðvarstarfið og mjög vaxandi árvekni lækna í greiningu sjúkdómsins hefur valdið aukinni þörf fyrir sjúkrarými, einkum fyrir konur með grun um krabbamein í legi. Vandræðin, sem stafa af skorti á sjúkrarými fyrir þessa sjúklinga, eru uggvænleg." Og þar með læt ég lokið tilvitnun í þennan lækni.

Þeim ber ekki mikið á milli, þessum sérfræðingum. Þeir segja, að ástandið sé óhugnanlegt hjá okkur, uggvænlegur skortur á húsrými og aðstöðu til þessara lækninga. Þá hefur birzt hver greinin annarri betri í Morgunblaðinu að undanförnu, síðan málið komst á dagskrá, frá konum, og í grein frú Bjarnveigar Bjarnadóttur var vitnað áðan. Ég skal ekkert endurtaka af því. En hún lauk sinni grein á þennan hátt, og þar er tekið undir orð læknanna. Hún segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í umr. þeim á Alþingi, sem nýlega fóru fram um þessar gleymdu deildir, er biðtíminn áætlaður nokkur ár þar til hægt verður að hefjast handa um nýbyggingu eða þar til fullnaðarskipulagi Landsspítalalóðar og Hringbrautar er lokið. En til bráðabirgða verður byggt yfir hin dýrmætu kóbaltgeislatæki við hlið röntgendeildarinnar."

Og svo segir frúin:

„Sú bygging bætir á engan hátt úr rúmleysi kvensjúkdóma- og fæðingardeildarinnar. Konur geta ekki beðið eftir slíkum ákvörðunum í skipulagsmálunum. Hér þarf að hefjast handa strax", segir hún. „Þetta mál þolir ekki áralanga bið, eins og nú er rætt um. Af samhug, skilningi og góðvild ber ráðamönnum þjóðarinnar að leysa þetta vandamál konunnar nú þegar, alþm., stjórnarvöldum og öðrum þeim, sem þessum málum ráða, og hef ég bjargfasta trú á, að þeir muni gera það."

Þetta skrifaði frúin s. l. páskadag. Það er almenningsálit, að þetta mál þoli ekki árabið, og lýsingarnar, sem læknarnir gefa af ástandinu, gera okkur öllum ljóst, að það verður að snúa sér að framkvæmdum í þessu máli þegar á þessu ári. Það er ekkert vit í að reyna að afsaka þann tíma, sem glatazt hefur, sem er nú a. m. k. heill áratugur síðan málið kom á dagskrá og vakin var athygli á því, að Fæðingardeildin væri orðin of lítil og það yrði að hefja undirbúning að byggingum og gera frumteikningar. Vanrækt hefur verið að sinna málinu.

Það er ekki eingöngu þessi hæstv. ráðh., sem hefur sofið á málinu, það eru aðrir, sem hafa sofið á því á undan honum, en ekki verður það betra fyrir það. Og einmitt þess vegna verður að hraða málinu því meir. Bráðabirgðaaðgerðirnar eru þess eðlis, að þær leysa ekki vanda málsins. Og það gefur ekkert tilefni til þess að leggja sig aftur á koddann og sofna og hugga sig við það, að nú sé búið að bæta úr þessu til bráðabirgða.

Hæstv. ráðh. minntist á það áðan, að konurnar ættu mikið lof skilið fyrir, að þær hefðu beitt sér fyrir stofnun Landsspítalasjóðsins. Það má segja, að konurnar voru upphafsmenn Landsspítalabyggingarinnar og lögðu fram mikið fé til þeirrar byggingar, ýttu málinu á framkvæmdastig. En þær hafa gert meira í heilbrigðismálunum. Þær komu líka hreyfingu á heilsuhælismál Norðlendinga og hrintu því í framkvæmd. Þær ýttu svo fast á eftir þessum málum hvorum tveggja, að stjórnarvöldin áttu einskis annars úrkosta en að hefja framkvæmdir, og Landsspítalinn reis og Kristneshæli reis af grunni. En þær hafa gert meira. Þeirra verk er líka barnaspítalinn á Landsspítalanum. Þær hafa séð fyrir fénu, lagt það í lófa ríkisvaldsins og komið þeirri stofnun upp. Við áttum engan barnaspítala áður, og svarið, sem þær fá, konurnar í landinu, verður að vera það, að þær fái sjúkrahús, aðstöðu til að lækna þá skæðu sjúkdóma, sem kallaðir eru kvensjúkdómar. Þær deildir eru svo ömurlega ófullkomnar og allt of litlar, að þær svara á engan hátt þörfinni, brýnustu þörfinni. Þetta mál hefur verið látið verða útundan.

Ég hef verið að velta vöngum yfir því stundum, til hvers þessi kringlótta bygging þarna við Landsspítalabygginguna sé. Hún hlýtur að hafa verið afskaplega nauðsynleg, úr því að hún var látin sitja í fyrirrúmi fyrir byggingu kvensjúkdómadeildar. Hvað er þetta nývirki þarna? Er verið að byggja þarna sjoppu eða hvað? Er það kaupsýsluaðstaða, sem á að byggja þarna við Landsspítalann, eða er þetta forstofa? Hvað, sem þetta er, þá er því fé áreiðanlega illa varið, sem í það fer, í samanburði við það, að byrjað hefði verið á byggingu kvensjúkdómadeildarinnar. Hlutirnir hafa áreiðanlega ekki verið teknir þarna í réttri röð. En eru þetta nokkur sérstök mál kvenna, kvensjúkdómar? Er það ekki mál allrar þjóðarinnar? Er það ekki mál eiginkvenna okkar og mæðra? Er það ekki mál okkar sjálfra?

Fjárlög íslenzka ríkisins eru upp á 7000 millj., upp á 7 milljarða. Það er um það að ræða hérna að útvega 60 – 70 millj. eða við skulum segja innan við 100 millj. kr. Við höfðum efni á því á liðnu ári að verja mörgum tugum millj. í að breyta umferðinni úr vinstri umferð í hægri umferð, og við höfum varið mörgum hundruðum millj., ríkissjóður, þjóðin, heimilin, í að fá okkur lúxus eins og sjónvarp. En við höfum ekki efni á þessu. Ég vil

fullyrða, að þetta er mál, sem á rétt á því að vera tekið með forgangshraði, og það á ekki að vera neinum óyfirstíganlegum erfiðleikum bundið að útvega fé til framkvæmda, fullnaðarframkvæmda eftir kröfum okkar sérfræðinga, svo að þeirra sérfræðiþekking og kunnátta geti notazt þjóðinni, og við þurfum ekki að fórna mannslífum vegna aðstöðuleysis þeirra eða senda okkar fársjúka fólk til útlanda. Sérfræðin er til í landinu, en aðstöðuna vantar. Málið verður að fá framgang.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hafði ekki búizt við því að þurfa að taka þátt í deilum um þetta mál með líkum hætti eða það yrði stofnað til deilna um þetta mál með líkum hætti og ræða hv. síðasta ræðumanns var. Meginefni ræðu hans gekk allt saman út á það — og mér þykir mjög leitt að þurfa að segja það, — að undirstrika, að menn eru óánægðir með þetta, sem gert hefur verið, menn eru óánægðir með það, sem áformað er, menn verða meira óánægðir, óánægjan skal ekki hverfa. Þetta var inntakið í ræðu hv. þm. (Gripið fram í.) Það var inntakið, það var hið negatíva inntak í ræðu hv. þm.: Óánægjan má ekki hverfa.

Hv. 9. þm. Reykv. segir, að málið hafi gleymzt, það hafi verið sofið á því í áratug. Að vísu hafa þá einhverjir aðrir ráðh. sofið heldur en ég. Hann segir, að það hafi verið fullkomnar teikningar til 1956. (Gripið fram í.) Ja, það voru frumteikningar til þá. Hver var heilbrmrh. þá? (Gripið fram í.) Já, það var Hannibal Valdimarsson. Hann var þá að byrja sína ráðherratíð, og hann lauk henni sennilega án þess að hafa nokkurn tíma litið á teikningarnar. (Gripið fram í.) Nei, ég spyr. En það er a. m. k. ætlazt til af mér, af því að það eru frumteikningar, sem eru mjög svipaðar þessum frumteikningum, sem þá voru, nema þær eru stærri í dag, og það eru engar byggingarteikningar, það eru engin mál á þessu, þetta eru bara grunnteikningar á blaði, ekkert nema grunnteikningar. Þær voru ekki öðru vísi 1956. Hann aðhafðist ekkert í málinu alla sína ráðherratíð. Hún var 2½ ár, var það ekki? Það hefði mátt vera búið að grafa t. d. grunninn á þessum tíma, ef hv. þm. hefði verið jafnröskur og hann virðist ætlast til núna af mér. En sannleikurinn er sá, að þessar frumteikningar, sem eru núna til, eru ekki lengra komnar en þetta. Það er m. a. af því, að það hefur verið gert ráð fyrir því af heilbrigðisstjórninni, og það hefur heldur ekki verið lagt neitt annað til af hálfu fyrirsvarsmanna sjálfrar deildarinnar á þessum síðustu árum. Það var leitað eftir umsögn þeirra 1967 af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar, hvað þeir teldu, að Fæðingardeildin, þegar hún yrði byggð, þyrfti að stækka. Þá gáfu þeir upp þessa stærð, sem við miðum við, og síðan var það á þessu ári, 1967, þegar verið var að vinna að skipulagi og staðsetningu húsa á lóðinni, að byrjuðu aftur frumteikningar, sem aðallega fólust í því að stækka og gera ráð fyrir meira rými í þessu húsi heldur en gert hafði verið í frumteikningum eða uppköstum 1956.

Það er vitnað til þess, að ég telji, að það taki nokkur ár að byggja slíkt hús. Ég hef aðeins vitnað í álit sérfræðinga um, að það muni taka nokkur ár, þó að allt væri fyrir hendi. En það er ekki mín áætlun, sem þar er um að ræða.

Hv. 9. þm. Reykv. leggur mjög mikið upp úr því, að ég, sem ekki er sérfræðingur, hafi tekið ráðin af læknunum, sem auðvitað hefðu átt að vita miklu betur en ég, hvort átt hefði að byrja á geislalækningadeild í tengiálmu eða byggja það hús, sem nú er byggt á skömmum tíma yfir kóbalttækið. Ég tók það fram í minni frumræðu, — það hefur sennilega farið framhjá hv. þm., — að auðvitað hefði ég haft sérfræðinga míns embættis mér til ráðuneytis. Og ég skal geta þess hér, að einmitt vegna viðtals, sem Gunnlaugur Snædal átti við mig og ég hef ekki ásakað hann neitt fyrir stefnu hans í málinu, en reynt að gera grein fyrir mínum viðhorfum og talið, að það væri heppilegri lausn, — vegna viðtals, sem hann átti við mig hér rétt fyrir jólin, sagði ég honum, að ég skyldi taka málið til endurskoðunar upp úr áramótum. Af því tilefni var haldinn fundur í rn. 28. jan. s. l., einmitt til þess að ræða um, hvort ástæða þætti til að endurskoða þessa ákvörðun, sem þá hafði verið tekin, að byggja yfir kóbalttækið í bráðabirgðabyggingunni. Þennan fund sátu Baldur Möller ráðuneytisstjóri, dr. Sigurður Sigurðsson landlæknir, Jón Thors, sem er deildarstjóri heilbrigðismála, Kolbeinn Kristófersson yfirlæknir, Guðmundur S. Jónsson eðlisfræðingur, Bárður Ísleifsson yfirarkitekt, Gústaf Pálsson borgarverkfræðingur, Bjarni Bjarnason læknir, formaður Krabbameinsfélags Íslands, Hjörtur Hjartarson gjaldkeri Krabbameinsfélags Íslands, Jónas Hallgrímsson læknir, stjórnarmaður Krabbameinsfélags Íslands, og Gunnlaugur Snædal læknir, formaður Krabbameinsfélags Reykjavíkur. Í fundargerð, sem rituð var á þessum fundi, kemur það fram, að það er aðeins einn af þessum mönnum, sem er verulega andvígur þessu máli, sem er Gunnlaugur Snædal, sem ég hef áður vitnað til, og einnig tekur Guðmundur Jónsson eðlisfræðingur fram, að þótt þetta bráðabirgðahúsnæði fengist, væri jafnóleyst eftir sem áður almenn húsnæðisþörf geislalækningadeildarinnar og lausn á húsnæðisþörf hennar fengist ekki fyrr en byggt yrði nýtt húsnæði fyrir deildina. Hann hefur tekið þátt í þessu viðtali, sem vitnað var í í Tímanum, og þeir verða því báðir að teljast þeirrar skoðunar, að þessi lausn, sem nú er verið að vinna að, sé óheppileg. Hinir allir eru annaðhvort beinlínis ákveðið með þessari lausn eða þeir fella sig við hana eftir atvikum og Bjarni Bjarnason, formaður Krabbameinsfélags Íslands, tekur sérstaklega fram, að málið hefði verið rætt í félaginu og menn hefðu ekki verið alls kostar ánægðir með þessa lausn, en þeir vildu una henni og felldu sig við hana, eins og nú væri komið. Hjörtur Hjartarson, gjaldkeri Krabbameinsfélagsins, sagði, að markmið félagsins væri, að kóbalttækið kæmi sem fyrst að notum og spurði þá Kolbein Kristófersson og Guð-

mund S. Jónsson, hvort tækið kæmi ekki að gagni í þessari byggingu og játuðu þeir því báðir. Og það er í samræmi við yfirlýsingar Guðmundar Jóhannessonar í sjónvarpinu, að í þessari byggingu sé hægt að hafa full not kóbalttækisins. Ég skal svo ekki fara að elta ólar við það, en það stendur enn óhaggað, þrátt fyrir fullyrðingar hv. síðasta ræðumanns, og menn verða að gera sér grein fyrir því, að ef þessi bráðabirgðabygging hefði ekki verið byggð og byrjað hefði verið á byggingu, sem síðar hefði orðið partur af tengiálmu og tengiálman síðan reist við Landsspítalann, þá hefði fengizt fullkomnari starfsaðstaða, en tækið hefur sama lækningagildi þarna og í slíkri álmu. En við þetta hefði bygging kvensjúkdómadeildarinnar óhjákvæmilega dregizt. Nú er áformað að byrja byggingu kvensjúkdómadeildarinnar og Fæðingardeildarinnar fyrst og það er í mínum huga brýnna mál að byggja hana fyrr, árum fyrr, leyfi ég mér að segja, heldur en ella og hafa kóbalttækið í bráðabirgðahúsnæðinu, heldur en byrja á hluta af geislalækningadeildinni og halda svo þeirri byggingu áfram, sem væntanlega hefði verið óhjákvæmilegt og láta kvensjúkdómadeildina og Fæðingardeildina bíða á meðan. Auðvitað, eins og ég sagði í minni ræðu, geta verið nokkuð skiptar skoðanir um þetta. Við þurfum ekki, finnst mér, að fara í hita eða deilur þess vegna. Það sýnist nokkuð sitt hverjum, en ég vil aðeins undirstrika, að á bak við mína ákvörðun, sem ég tala um og ég gerði grein fyrir, standa auðvitað sérfræðingar alveg á borð við þessa sérfræðinga, sem þarna er um að ræða, og sérstaklega hafa læknar geislalækningadeildarinnar fullyrt, að tækið komi að fullum notum í því húsnæði, sem því nú er búið.

Hv. 9. þm. Reykv. fannst það fruntalegt, sem ég sagði í því bréfi, sem ég las upp hér áðan, og það væri ekki ráðherralegt. Ég hef þá skoðun, að það sé í fyllsta máta ráðherralegt að leiðrétta missagnir í bréfum, sem berast rn., og benda á í viðkomandi svari, að ef þeir, sem undirrituðu, hefðu kynnt sér aðstæðurnar, hefðu þeir ekki skrifað undir þetta bréf. Ég verð að segja, að það var svo fjarri mér að vera með nokkurn fruntaskap í þessu sambandi, og mér þykir mjög leitt, að hv. þm. skuli vera að ýta undir það, að ég hafi með þessu verið með einhvern fruntaskap í garð starfsfólksins. Það er ákaflega fjarri mér að vera með fruntaskap í garð fólks, og ég hef þá viðkynningu af starfsfólki á Landsspítalanum, bæði læknum, hjúkrunarkonum og öðrum, að það sæti sízt á mér að vera með nokkurn fruntaskap í garð þessa fólks.

Hv. þm. spurði mig, hvort grafið hefði verið fyrir of lítilli byggingu. Það hef ég ekki hugmynd um. Það hefur enginn tjáð mér eða mér hafa ekki borizt neinar sagnir af því. Síðan spurði hv. 9. þm. Reykv., sem skiptir máli: Um hvað er samkomulagið milli Fæðingardeildarinnar og handlækningadeildarinnar? Meginefni þess samkomulags er að koma úr vegi því, sem hv. 9. þm. Reykv. þótti uggvænlegast, að þurrka burt biðlistann. Það er efni málsins. Með því samkomulagi verður hann þurrkaður út. (**Gripið fram í:** Eru það þessi 6 rúm?) Það eru 6 rúm eins og stendur, og það var álit prófessors Snorra Hallgrímssonar og sérfræðinga Fæðingardeildarinnar, að það ætti að vera nægjanlegt. Hitt er svo rétt, að eftir að þetta byrjaði 26. síðasta mánaðar, komu það margir sjúklingar, að það er enn jafnstór biðlistinn, þessir 20 á akútbiðlista, en það er jafnframt ákvörðun yfirlæknis handlækningadeildarinnar, að við þessi rúm verði aukið, ef þörf krefur, þannig að biðlistinn hverfi innan tíðar, eins og ég sagði áðan — innan nokkurra vikna. Þetta er meginefnið. En þessi ráðstöfun hefur hins vegar engin áhrif á sjálft meginmálið, uppbyggingu kvensjúkdómadeildarinnar og fæðingardeildarinnar og er engan veginn hugsað til þess að koma nokkuð í staðinn fyrir það. Það vil ég, að sé alveg ljóst. Það hefur aldrei verið, enda væri ég þá ekki að tala um, að það væri hægt að hefja byggingu á næsta vori á þeirri deild.

Varðandi fsp. hv. 1. þm. Vestf., var ég búinn að svara henni í fyrri ræðu minni.

Guðmundur Jóhannesson, sérfræðingur Fæðingardeildarinnar, sem talað hefur verið um og vitnað til, segir í grein í síðasta blaði Húsfreyjunnar, sem er vitnað til hérna — ég sá það í dag. — Hann segir: „Hér þarf skjótra aðgerða við, sem varða öll þrjú áðurnefnd grundvallaratriði.“ Hann talar um 3 grundvallaratriði í sambandi við málið. Það fyrsta er aukin útfærsla leitarstöðvanna, krabbameinsleitarstöðvanna. Um það get ég ekki tjáð mig. Annað er fjölgun rúma og bætt aðstaða til meðferðar kvensjúkdóma. Á þetta hefur verið lögð áherzla, að fullkomnum byggingarteikningum geti verið lokið hið fyrsta, og það er ekki vegna þess, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að verkið þurfi að bíða vegna annars annríkis, heldur vegna þess, að sérfræðingarnir, sem ég talaði við, Bárður Ísleifsson yfirarkitekt o. fl., töldu, að hér væri um svo vandasamt verk að ræða, að það mætti varla búast við, að það gætu orðið tilbúnar teikningar, sem þeir vildu endanlega skila frá sér, fyrr en næsta vor. Hann sagði, að það gæti verið, að þær yrðu tilbúnar fyrri hluta vetrar. Við byrjum venjulega ekki að byggja á þeim tíma og að öllum jafnaði ekki fyrr en dregur að vori. En ég hef einmitt lagt áherzlu á við þá, að þeir hraði eftir föngum þessum fullkomnu byggingarteikningum.

Það er sárt, að við skulum þurfa að vera að tala um það núna, 20 árum eftir að Fæðingardeildin gamla tók til starfa, að hún hafi e. t. v. frá öndverðu verið hús, eins og kom fram í sjónvarpsþættinum, sem var kannske frá upphafi meira og minna ónothæft. Ég óska ekki eftir, að sú nýja Fæðingardeild verði hús af slíkri gerð. Það þarf að vanda undirbúning til slíkra bygginga. Og þegar spurt er um, hvenær verður henni lokið, eins og spurt var um hér áðan, því treysti ég mér ekki til að svara, en ég vil leggja áherzlu á, að því betur sem málið er undirbúið, því fyrr verður líka byggingunni lokið, því betur sem allt er búið í haginn, áður en byrjað

er. Og það er ekki nóg að byrja svona byggingu, hvort sem það er með 10 millj., 20 millj. eða eitthvað því um líkt. Það þarf að sjá fyrir allri fjárþörfinni þegar í upphafi. Þá fyrst er hægt að hugsa sér nokkurn byggingarhraða, að undirbúningur sé góður og fyrir fram sé séð fyrir fjáröfluninni.

Þegar ég talaði um eða minnti á, hvílíkan tíma það mundi taka að reisa svona byggingu, þá hafði ég það, eins og ég sagði áðan, eftir sérfræðingum og í þeirri fundargerð frá 28. janúar með sérfræðingum og öðrum, sem ég las áðan, þá segir yfirarkitekt húsameistaraembættisins:

„Þó að hægt væri af skipulagslegum ástæðum að byggja strax á svæðinu milli Landsspítalans og Fæðingardeildarinnar", þ. e. tengiálmuna, þá er hann bara að tala um tengiálmuna, „tæki a. m. k. 4 ár að koma slíkri byggingu í ástand til að taka við kóbalttækinu."

Þetta eru ekki mín orð. Menn geta vefengt þetta, en þetta eru orð yfirarkitektsins. Nú skulum við segja, að það væri hægt að byggja þetta eitthvað fyrr, segjum 3 ár, segjum jafnvel 2 ár, en ég efast um, að við getum gert það allt í einu og ég sé ekki, hvernig við getum gert það allt í einu. Það mundi leiða til þess, að þá biði bara hin byggingin á meðan, sjálf Fæðingardeildin. Þess vegna held ég, að það sé heppilegra, sem við höfum stefnt að núna, að efna til þess að geta hafið byggingu hennar sem allra fyrst, verandi búnir að gera bráðabirgðaráðstafanir með byggingu yfir kóbalttækið, þar sem það getur komið að fullum notum og bráðabirgðaráðstafanir í samkomulagi milli Fæðingardeildar og handlæknisdeildar, sem a. m. k. á að hafa þann megintilgang — og það er undirstöðuatriði, — að sjúklingar sem þurfa bráðrar aðgerðar við, þurfi ekki að þola nokkra bið.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem fram hefur komið í þessum umr.

Hæstv. heilbrmrh. hóf mál sitt á því fyrra sinnið að segja, að þessi þáltill., sem hér er til umr., væri þýðingarlaus og óþörf. Hún hefði engin áhrif á gang málsins, vegna þess að hæstv. heilbrigðismálastjórn og hæstv. ríkisstj. hefðu fyrir löngu ákveðið að gera allt, sem hægt er til úrbóta í þessu máli. Fyrir þá, sem ekki eru hér á hverjum degi í þessu húsi, má geta þess, að þetta er nú venjulegur formáli hjá hæstv. ráðh., þegar við stjórnarandstæðingar flytjum mál. Þá eru þau yfirleitt talin óþörf, vegna þess að alsjáandi auga hæstv. ríkisstj. hafi fyrir löngu komið auga á misfellurnar og sé alveg að því komið að bæta úr þeim, svoleiðis að ég vona nú, að hv. þm., sem þessu eru vanir, taki þessi orð ekki alvarlega, heldur taki efnislega afstöðu til þeirrar till., sem hér er til umr.

Hæstv. ráðh. varði miklu af máli sínu til þess að leiðrétta alls konar missagnir, sem höfðu komið fram að hans dómi í því, sem sagt hefur verið og ritað um málið. Það átti allt að vera á misskilningi byggt, sem aðrir sögðu, þ. á m. færustu sérfræðingar, sem starfað hafa að þessu máli. Þeir hafa misskilið málið frá rótum. Allt starfsfólkið á Fæðingardeildinni og Landsspítalanum hefði meira og minna misskilið aðstæðurnar, eins og þær eru þarna, og þannig mætti lengi telja. Ég get ekki fallizt á, að þetta sé svo, og satt að segja fannst mér þau atriði, sem nefnd voru til staðfestingar þessu, harla lítilvæg í þessu sambandi. Menn spyrja að því og hv. 1. þm. Vestf. spurði að því, hvað ylli því, að ekkert væri hægt að gera á þessu ári. Þessu hefur nú hæstv. ráðh. verið að svara í tveimur ræðum, og það er þá víst aðallega það, að það tekur svo langan tíma að teikna þetta hús, að það verður undir engum kringumstæðum hægt að byrja nokkrar framkvæmdir, fyrr en á næsta ári. Þetta þykja mér hörmuleg tíðindi, að enginn arkitekt íslenzkur skuli freistast til þess að teikna þessar byggingar á skemmri tíma en heilu ári. Það sýnir, svo að ekki verður um deilt, að ekkert hefur verið fyrir þessum málum hugsað. Það þarf að byrja á því að vinna þessi mál alveg frá grunni.

Það er alveg rétt, sem hæstv. heilbrmrh. sagði, að undirbúningurinn varðar miklu, og hann vildi nefna það því til sönnunar, að gamla Fæðingardeildin, þessi eina, sem við höfum nú, hafi verið misheppnað hús frá upphafi. Ég held, að því sé ekki þannig varið. Hins vegar er það áreiðanlegt, að Fæðingardeildin var aldrei ráðgerð fyrir allan þann mikla fjölda, sem a. m. k. orðið hefur að nota hana upp á síðkastið, og það er fyrir löngu búið að eyðileggja alla aðstöðu, sem þarna var, það er alveg rétt, með því að fjölga rúmum langt fram yfir það, sem nokkurt vit er í á svona spítala og fórna til þess alls konar sérfræðiaðstöðu, sem upphaflega var gert ráð fyrir þarna, en hefur orðið að fella niður vegna þeirrar miklu notkunar, sem á húsinu hefur verið.

Þá sagði hæstv. heilbrmrh., að hugmyndin um byggingar þarna, a. m. k. um samtenginguna, væri alveg ný. Hún væri til komin í einhverri byggingarnefnd, má ég segja, sem hann, hæstv. núv. heilbrmrh., hefði skipað 1965. Það er þá væntanlega einn misskilningurinn enn, sem dr. Gunnlaugur Snædal lætur eftir sér hafa í áðurnefndu viðtali við Tímann, en um þetta atriði segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur ekki farið leynt", sögðu þeir Gunnlaugur Snædal og Guðmundur Jónsson, „að við erum mjög óánægðir með þessa bráðabirgðalausn á málefnum Fæðingardeildar og geislalækningadeildar Landsspítalans. Í fyrra var unnið að till. að byggingum fyrir kóbalttækin ásamt stækkun deildanna tveggja, og teljum við þá lausn miklu æskilegri." Ég veit nú ekki, hvort þetta er alveg rétt, en síðan segir: „Þær till., sem hér er um að ræða, eiga sér langa forsögu og eru upphaflega til komnar á dögum Gunnlaugs Claessens yfirlæknis röntgendeildar Landsspítalans og Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins, sem teiknaði gamla Landsspítalann. Í fyrsta lagi var strax í upphafi fyrirhuguð miklu stærri bygging en raun varð á. M. a.

var þá ætlunin að byggja sérstaka geislalækningadeild vestur úr gamla spítalanum. Fæðingar- og kvensjúkdómadeild Landsspítalans var byggð á árunum 1947—1949. Þegar 1956 var síðan teiknuð viðbót við Fæðingardeildina af skrifstofu húsameistara ríkisins, Landsspítalamegin við bygginguna til suðurs niður á túnið. Illu heilli var horfið frá því ráði að framkvæma þessa stækkun."

Þetta er eflaust misskilningur. Þetta segir, að það hafi 1956 verið ráðgert að byggja a. m. k. hluta af því, sem hefði getað orðið samtenging milli sjúkrahúsanna. Það er bæði talað um röntgendeild út úr Landsspítalanum (**Gripið fram í:** Það er ekki minnzt á, að það hafi verið nein till. um þetta.) Þessar byggingar, sem hér er sagt frá, að hafi verið ráðgerðar á þessu ári, eru á því svæði, sem viðtenging og samtenging hlýtur að koma. Það er ekki hægt að tengja þessi hús saman, nema á þessu svæði. Það liggur í hlutarins eðli.

Þá voru talin hér upp þau rúm, þar sem kvensjúkdómasjúklingar eru stundaðir, og þau talin 82. Það er vafalaust alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði um það, ég dreg það ekkert í efa. En sá mikli munur, sem er á þessu og því, sem við erum hér að ræða um, er sá, að við teljum, að þau þurfi að vera á sérstakri deild, þar sem sérfræðingar eru og hafa alla aðstöðu til þeirra lækninga, sem hér er verið að tala um. Og ég tel, með fullri virðingu fyrir þeim sjúkrahúsum víðs vegar um landið, sem taka á móti sjúklingum með þessa sjúkdóma, þá geti það ekki jafnazt við eða komið í staðinn fyrir það, sem hér er verið að tala um. Það má líka segja, að stjórnarnefnd ríkisspítalanna hafi nú 6. maí, — í fyrradag, — komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta dygði ekki og ákveðið, að einhvern tíma í framtíðinni skyldu byggð 50 rúm í viðbót til þess að sinna þessum sjúklingum. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki rétt. Ég tók fram, að þetta væri árétting á fyrri afstöðu.) Það er sjálfsagt að hafa það svo, en til fundargerðar 6. maí var vitnað og eitthvað hefur þótt við liggja að árétta afstöðuna. Hún hefur þá ekki verið mönnum svo ofarlega í huga, að ástæða væri talin til þess að endurtaka það, af hvaða ástæðum, sem það kann nú að vera.

Hæstv. ráðh. varpaði hér fram að mínum dómi mjög athyglisverðri spurningu. Hann sagði eitthvað á þessa leið — það er efnislega held ég rétt, hvort ég náði orðalaginu skal ég ekki segja: Er eðlilegt, að ráðh. þurfi að skipta sér af því, hvaða sjúklingar skuli vera hvar, m. ö. o., þegar hann var að segja frá þessum 6 rúmum, sem handlækningadeildin hafði góðfúslega látið í té? (Gripið fram í.) Og mér fannst á hæstv. ráðh., — hann svaraði nú ekki spurningunni, — en mér fannst, að honum þætti það ekki eðlilegt, að hæstv. ráðh. þyrfti að skipta sér af þessu máli og hann teldi það óeðlilegt. En er það óeðlilegt, að heilbrigðisyfirvöld þurfi að hafa hönd í bagga með slíku? Ég tel, að það sé ekki. (**Gripið fram í:** Það er bara óeðlilegt, að læknarnir skuli ekki sjálfir hafa frumkvæði að því.) Já, það má segja það kannske, að læknunum sé ætlað að stjórna þessum málum, og það hafa þeir sjálfsagt gert. En hvernig hefur reynslan af því verið? Ég vitna bara til þeirrar skýrslu, sem ég las upp úr áðan frá borgarlækni hér í Reykjavík. Þar kemur fram, að almennar deildir verða 1970 svipað því, sem kröfur standa til á öðrum Norðurlöndum, en kvensjúkdómadeildin langt á eftir, og í áðurnefndri skýrslu borgarlæknis segir hann ennfremur:

„Eins og áður er sagt, eru horfur á, að heildartala almennra sjúkrarúma í Reykjavík verði nægjanleg um það leyti, er þeim byggingarframkvæmdum lýkur, sem nú eru í gangi við sjúkrahúsin hér í borg. Hér eru ekki til deildir, sem nauðsynlega þarf að koma upp, háls-, nef- og eyrnadeild, augnadeild, geislalækningadeild og legudeild."

Hver er það, sem á að sjá um þessa deildaskiptingu? Það hélt ég, að væri heilbrigðisstjórnin, yfirstjórn heilbrigðismálanna, en ekki einstakir læknar. Það er fullkomlega eðlilegt, að einstakir læknar, sem ráða fyrir tilteknum deildum, leggi áherzlu á, að einmitt þeirra deild búi við sem beztar aðstæður. Og þetta er það, sem hér hefur átt sér stað. Bæði Reykjavíkurborg og ríkið hafa verið í samkeppni um að byggja sams konar sjúkradeildir með þeim afleiðingum, að ýmsar aðrar deildir hafa orðið gjörsamlega útundan, eins og borgarlæknir kveður að orði: Það vantar algjörlega háls-, nef- og eyrnadeild, það vantar augnadeild og það vantar legudeild, og það, sem við erum að ræða um hér í kvöld, kvensjúkdómadeildin, hefur orðið útundan, vegna þess að forustuna í heilbrigðismálunum hefur skort. Ég vil ekki kenna hæstv. heilbrmrh. um þetta. Ég veit, að með þeirri skipan í rn., sem hér er, hefur hann ýmis önnur mál á sinni könnu, og það er tæpast von til þess, að einn ráðh. geti fylgzt svo með öllum málum, að hann geti gripið inn í þessi mál á hverjum tíma, þó að þörf væri. En hér er til starfandi sjúkrahúsnefnd, og hvert er hlutverk hennar, ef það er ekki þetta? Hvað hefur sjúkrahúsnefnd kynnt sér oft aðstæðurnar á þeim deildum, sem við erum að ræða um undanfarin — ja við skulum bara segja 10 ár? Ég held, að það sé mjög sjaldan. En ég veit til þess, að eftir að skriður komst á þetta mál, mætti sjúkrahúsnefnd þar upp frá og kynnti sér aðstæður, og heiður sé henni fyrir það. En betur hefði verið, að hún hefði gert það eitthvað fyrr. Annars verð ég að segja það hæstv. heilbrmrh. til hróss, að það er verulega annað hljóð í honum núna heldur en 27. marz, þegar við ræddum þessi mál síðast. Og það hefur ýmislegt verið gert, það er skylt að viðurkenna og þakka það, því að ég er ekki þeirrar skoðunar, að þær bráðabirgðaráðstafanir, sem gerðar hafa verið, þurfi að tefja nauðsynlega framkvæmd þessara mála. Ég tek ekki undir það. Það er búið að bæta við 6 rúmum, það er náttúrlega ekki mikið, ég skal viðurkenna það. En þegar við höfum í huga, að rúmin eru 16 fyrir, þá eru þó 6 rúm svolítil viðbót.

Hinn 27. marz s. l. var talað um skipulag Reykjavíkurborgar sem algjörlega óyfirstíganlega hindrun. Nú hefur því þó verið áorkað, að hæstv.

ráðh. treystir sér til þess að segja frá því hér, að skipulag Reykjavíkurborgar muni að öllum líkindum ekki verða hindrun fyrir þessum framkvæmdum. Það er vissulega nokkurs virði. 27. marz sagði hæstv. heilbrmrh. að útilokað væri, að hægt yrði að byrja á þessum framkvæmdum, fyrr en framkvæmdum við Landsspítalann, sem nú eru í gangi, yrði lokið, og það yrði í fyrsta lagi eftir 2 ár. Nú segir hæstv. heilbrmrh., að hægt verði að byrja í vor. (Gripið fram í.) Hann taldi það hæpið í fyrra sinnið, en nú sem sagt telur hann mikla von til þess. Á þessu er töluverður munur.

Svo er ein sérstök rós í hnappagatinu til viðbótar þessu. Það er búið að ákveða, að kona skuli verða sett í byggingarnefnd Landsspítalans. Það er ekki lítils virði. Ég hygg nú, að þær konur, sem þessu máli hreyfðu, séu þegar búnar að áorka talsverðu og búnar að koma töluverðu til leiðar. Ég er ekki viss um, að það væru komin 6 ný rúm á handlækningadeildinni, að skipulagsyfirvöld Reykjavíkurborgar hefðu lofað betrun og bót, að teikningar yrðu örygglega til á næsta ári og fjármagnsvon væri mikil á næsta vori, ef afskipti þessara kvenna hefðu ekki komið til. Ætli það hefði þá bara ekki verið eins og það var? Ég er næstum því alveg viss um það.

Ég skal nú ekki lengja þessar umr. neitt að ráði, en mér þykir það þó hljóta að skipta miklu máli, að Alþ. sýni a. m. k. hug sinn til þessa máls nú þegar, með því að leggja fram á þessu þingi nokkurt fé. Og ég tek undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. hafði áðan um það mál að segja. Ég vona, að hv. Alþ. sjái sér fært að veita hæstv. ríkisstj. heimild til að taka 20 millj. króna lán til viðbótar öllum þeim lánum, sem nú er verið að taka í þessu skyni. Samanborið við aðrar lántökur er þetta ekki há fjárhæð, eins og hér hefur verið rifjað upp, og ef hv. Alþ. hefur efni á því að heimila ríkisstj. að bæta 150 millj. króna við framkvæmdirnar við Mývatn í kísilgúrverksmiðjuna þar, eins beysið og það verk hefur nú verið allt saman, finnst mér ekki til of mikils mælzt, að Alþ. sæi sér fært að taka eins og 20 millj. að láni í þessu skyni.

Um bráðabirgðabygginguna yfir kóbalttækin skal ég ekki ræða né um þá lausn, sem hæstv. heilbrmrh. beitti sér fyrir í því skyni, en ég get ekki látið hjá líða, að segja eins og hv. 9. þm. Reykv., að einnig þessar framkvæmdir ganga grátlega seint, og fólk furðar sig á því, hvað valdi því. Ég ætla ekki að vera með getgátur uppi um það, en staðreyndin er sú, að af 5 mánaða byggingartíma, sem áætlaður var, eru 2 mánuðir þegar liðnir og næsta lítið af byggingunni sést. Vonandi eru það ekki neinar óyfirstíganlegar hindranir, sem þar er við að fást. En æskilegt væri, að meiri framkvæmdahraði væri á þessu máli.

Ég skal svo, herra forseti, láta þessu máli mínu lokið að sinni. Ég vona og ætla að segja það að lokum, að hv. alþm. þyki þessi till. og það mál, sem hér er til umr., ekki einskis vert, þó að sumir kunni að hafa á því lítið álit. Og ég skora á hv. þm. að sýna hug sinn til þessa máls og veita ríkisstj. það aðhald, sem hún áreiðanlega þarf með því að samþ. þessa till., eða þá till., sem hv. 9. þm. Reykv. flytur, sem er efnislega á sömu lund. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að hv. alþm. vilji ekki vera í þeim hópi, sem með góðvild og skynsemi vill stuðla að því og taka höndum saman um það að leysa þetta mikilsverða mál á viðunandi hátt og til frambúðar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki koma í veg fyrir, að málið fái lausn á þessum drottins degi, nóg hefur það dregizt fyrir það. Það er kortér eftir, og ég mun áreiðanlega ekki nota það í þetta sinn.

Hæstv. heilbrmrh. brá á leik til þess að reyna að koma á mig höggi, af því að ég hafði um sinn gegnt störfum heilbrmrh., 1956. Það var einmitt þá, sem menn komu auga á það, að Fæðingardeildin, sem hafði tekið til starfa 1949, fyrir 7 árum þá, var orðin of lítil. Og þá var gerð ráðstöfun til þess, að húsameistari ríkisins gerði þegar frumteikningar að viðbótarbyggingu til þess að bæta úr þessu. (Gripið fram í.) Það er svo fjarri því, að ég muni dagsetningarnar frá þeim tíma, en hæstv. ráðh. hefur kannske litið á dagana þar til þess að glöggva sig á, hvaða dag það hefur gerzt, að frumteikningarnar voru gerðar. En það má vel vera, að ég eigi ámæli skilið fyrir að hafa ekki knúið á um byggingarframkvæmdir þá, meðan ég var ráðh., en það voru 2½ ár. En hve miklu hneykslaðri mætti þá ekki núverandi hæstv. heilbrmrh. vera, sem hefur verið hvað mörg ár, nú man ég ekki árin heldur. Það eru ekki aðeins dagsetningar sem detta úr mér, heldur hvað eru það mörg ár, sem hæstv. heilbrmrh. núverandi hefur haft til þess að bæta við frumteikningarnar og hefja byggingu. En það hefur bara ekki orðið af því. Við höfum látið ýmislegt annað sitja fyrir, m. a. þessa dularfullu kringlu þarna inn við Landsspítalann. Nú það er áreiðanlegt, að svo brýn sem þörfin var fyrir stækkun 1956, er hún augljóslega miklu brýnni nú. Læknarnir, sem hér hefur verið vitnað til, segja að sjúkrarýmisþörfin hafi aukizt og margfaldazt, og við hvað? Við starfsemi krabbameinsfélaganna, við leit þeirra að sjúkdómnum á byrjunarstigi, og það hefur gerzt núna á hinum seinni árum. Þá varð þörfin brýnni og margfaldaðist, en henni var ekki sinnt eftir sem áður. Ég skal vera sökudólgur með hæstv. núverandi ráðh., en áreiðanlega veitir ekki af að létta svolitlu af honum, en aðalsökina ber hann á vanrækslu síðari ára í þessu efni. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekkert vit að byrja á þessari byggingu, fyrr en búið væri ekki aðeins að afla fjár til þess að steypa það upp, það yrði að vera til fjármagn fyrir efni allrar byggingarinnar. Ég held nú, þó að gott væri að hafa fé í lófanum, áður en byrjað væri að byggja, þá væri það nú forsvaranlegt, þegar lífsnauðsyn rekur á eftir um byggingu að byrja á henni. Og fjárveitingavaldið er aðilinn. Þó það væri ekki til fé í hendi nema til þess að steypa bygginguna upp, þá held ég, að það væri for-

svaranlegt að byrja og treysta því, að það yrði séð fyrir fjármagni til þess að ljúka henni. Ég held líka, að það hljóti að vera hægt að hraða fullnaðarteikningum á viðbótarbyggingu við þessa sjúkrahúsdeild á skemmri tíma en til vorsins 1970. Ég held að það hlyti að vera hægt að gera það núna á þessu vori og fram eftir sumri og byrja á byggingunni, þannig að búið væri að koma henni á stað fyrir næsta vetur. Og byggingum er í venjulegu árferði haldið áfram að vetrinum í Reykjavík með þeirri aðstöðu sem hér er til. Hins vegar gleður það mig, að það hefur komizt skriður á þetta mál, eins og hv. 11. þm. Reykv. rifjaði upp áðan, og það er fyrst og fremst áhuga kvennanna að þakka, sem hafa ýtt við Alþ., ýtt við byggingarnefnd spítalans, ýtt við hæstv. ráðh. og komið málinu af stað. Og ég er alveg viss, að þær láta ekki málið niður falla, fyrr en ráðizt hefur verið í byggingar, sem eru ekki neinar bráðabirgðabyggingar.

Málið hefur haft mikil áhrif við það, að því var hreyft hér á Alþ., og það er alveg bráðnauðsynlegt. Það væri skaðsamlegt fyrir málið, ef Alþ. afgr. það ekki fyrir þinglok. Hæstv. ríkisstj. segist vilja gera vel í þessu, ég skal ekki vefengja það. En hún þarf að hafa það svart á hvítu bak við sig, að hún hafi þingvilja fyrir málinu. Að vísu þarf hún ekkert um það að efast, en það þarf að liggja fyrir. Og það, sem þarf því að gera, er að samþykkja aðra hvora þá till. eða till., sem væri samin upp úr þeim till., efnislega eitthvað á þessa leið:

Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hraða sem mest má verða stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans. Tryggt verði með stækkuninni, að sérstök kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga fái góða aðstöðu og nægilegt húsrými í hinni nýju byggingu.

Þetta og þetta eitt er viðunandi lausn á málinu og þolir enga bið. Alþ. hlýtur að láta þann vilja sinn í ljós, að þetta verði lagt fyrir hæstv. ráðh. að framkvæma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

27. Heyrnleysingjaskóli.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um byggingu heyrnleysingjaskóla [175. mál] (A. 344).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37., 39., 40., 41., 43., 45., 47. og 48. fundi í Sþ., 26. marz, 9., 16., 18., 23. og 30. apríl, 7. og 8. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég tók mig til einu sinni í vetur og heimsótti Heyrnleysingjaskólann í Reykjavík. Ég kynntist þar merkilegu starfi, sem þarna fer fram, og ég kynntist líka því, að að þessari stofnun er búið á hinn hörmulegasta hátt. Þetta er eini skólinn, sem íslenzka ríkið rekur fyrir heyrnarlaus börn og hefur gleymt honum mjög á undanförnum árum og gert til hans næsta illa.

Ég sagði það hér í vetur, að ég hefði raunar komizt við af því, sem ég sá og kynntist þarna, því aðstöðuleysi, sem því fólki er búið, sem að þessum kennslustörfum á að vinna. Það er afleiðing af þessari heimsókn minni í Heyrnleysingjaskólann, að ég ásamt 11. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Sunnl. eða varamanni þess þm., sem þá átti sæti á Alþ., flyt svo hljóðandi þáltill.:

„Þar eð Heyrnleysingjaskólinn býr nú við allsendis ófullnægjandi húsnæði, ályktar Alþ. að skora á ríkisstj. að hefja þegar á næsta vori byggingu fyrsta áfanga fyrirhugaðrar byggingar Heyrnleysingjaskólans, svo að honum verði búin forsvaranleg ytri skilyrði og starfsaðstaða og gert unnt að gegna þýðingarmiklu hlutverki sínu.“

Það er ekki nóg með, að allur húsakostur skólans sé óviðunandi. Þarna eru ófullnægjandi kennslustofur, það er engin leikstofa, engin húsakynni fyrir líkamsíþróttir, engin smíðastofa eða handavinnustofur yfirleitt, og herbergi skólastjórans, sem hann hefur bæði til einkakennslu fyrir heyrnarlausa nemendur og til viðræðu við nemendur yfirleitt, er líkara skáp en herbergi. Húsin eru sambyggð úr þremur gömlum byggingum, og lega skólans er þannig, að hann stendur við eina fjölförnustu umferðargötu borgarinnar, þar sem hávaðinn er slíkur, að ekki er með góðu móti hægt að framkvæma venjulega kennslu, hvað þá heldur að framkvæma kennslu með nákvæmum heyrnartækjum, þar sem þarf að vera algjör kyrrð, og í öðrum löndum eru slíkar kennslustofur með sérstakri hljóðeinangrun, til þess að hægt sé að framkvæma slíka kennslu með árangri. Það er þess vegna allt, sem útilokar, að þetta fólk, sem þarna vinnur, hafi aðstöðu til þess að framkvæma sitt verk með fullnægjandi árangri.

Það hefur svo borið við, að nemendafjöldi í þessum skóla hefur allt í einu meira en tvöfaldazt. Þetta kemur til af því, að 1963—64 geisaði hér faraldur rauðra hunda. Þessi sjúkdómur veldur heilaskemmdum og á innri hlutum eyrans, þannig að börn, sem konur ganga með, þegar þær verða

veikar af þessum sjúkdómi, verða nálega alltaf heyrnarlaus, eða með mjög skerta heyrn. Þessi árgangur, börn sem fæddust árið 1964, komu inn í skólann á árinu 1967. Þegar börnin eru 4 ára, skal þessi skóli taka við þeim, og þá var hann mjög vanbúinn því að taka við þessum hópi barna.

Það er ekki rétt sögð sagan, ef ekki er játað, að þá hrukku menn líka við og sáu, að ástandið var ógnvekjandi á þessu sviði. Reykjavíkurborg heimilaði 1967 rúmgóða lóð á ágætum stað undir framtíðarbyggingu fyrir skólann, og menntmrh. fékk færan arkitekt til þess að gera uppdrætti að nauðsynlegum húsakosti fyrir þessa kennslustofnun, og þessum uppdráttum fylgdu kostnaðaráætlanir. Þá var líka aðeins sýndur litur á því að útvega fjármagn til þess að framkvæma byggingar fyrir skólann, en það voru aðeins 300 þús. kr. eða sem svarar svona ⅓ til ¼ af kostnaðarverði einnar íbúðar, algjörlega ófullnægjandi upphæð. En það gaf samt vonir um, að nú væru menn vaknaðir til vitundar um það, að búa yrði þessari stofnun ytri skilyrði, svo að hún gæti innt sitt hlutverk af hendi. En því miður er framhald sögunnar það, að engin fjárveiting hefur verið veitt síðan til Heyrnleysingjaskólans, ekki á fjárl. 1968, ekki á fjárl. ársins 1969 og ekki á fjárl. næsta árs. Það er engin hreyfing á málinu síðan. Hins vegar var gerð bráðabirgðaúrlausn í þessu efni, eins og oft vill verða, og það var með því að taka íbúð skólastjórans og breyta henni í kennsluhúsnæði og taka á leigu húsnæði við Laugaveg, sem ég áðan sagði, að væri lítt nothæft til þessa hlutverks, vegna þess að það hús liggur alveg að aðalumferðaræð borgarinnar.

Vonirnar, sem vöknuðu 1967 um, að bætt yrði úr húsnæðisþörf skólans, hafa þess vegna dáið aftur og engin hreyfing verið á málinu síðan, og það ber að harma.

Í þessari till. er farið fram á, að þeir uppdrættir, sem til eru frá hendi Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts um skólahúsnæðið, verði lagðir til grundvallar framkvæmdum og samkvæmt þeim verði byggður sá hluti skólans, sem snertir kennsluhúsrýmið, en hinn hluti teikninganna látinn bíða, en notazt við núverandi húsnæði skólans sem heimavistarhúsnæði fyrir nemendurna. Þetta væri hægt að bjargast með, ef svona væri tekið á málinu, en það er líka þá farið eins vægt í sakir um framkvæmdir og hugsanlegt er, ef það ætti að koma að verulegu gagni.

Ég held, að í þessari stofnun sé unnið mjög merkilegt starf við léleg skilyrði. Þarna er verið að bjarga mannsefnum, bjarga hæfileikum, sem með engu móti geta notið sín í þjóðfélaginu, ef þau ekki fá sérfræðilega kennslu og sérstakar ráðstafanir eru gerðar til þess að nýta þær heyrnarleifar, sem þessi börn hafa og kenna þeim mál, því að þegar börnin hafa ekki heyrnina, þá verða þau mállaus, nema sérstaklega sé að gert, og það þarf sérfræðinga til.

Ákaflega lítið hefur verið gert í því að sérmennta kennara á þessu sviði, svo að skólinn verður að mestu leyti að notast við ófaglærða kennara, og það er hvergi nærri gott. Ennfremur er það svo, að mér er ekki kunnugt um, að hið opinbera hafi varið neinum fjárfúlgum til þess að gefa út eða láta semja kennslubækur fyrir heyrnarlaus börn, en til þess þarf sérstakar kennslubækur. Þetta er hvort tveggja vanrækt, og má ekki svo til ganga lengur. Ég kynntist því, að kennararnir þarna hafa búið út nokkur kennslugögn sjálfir, algjörlega án opinberrar aðstoðar, og er það góðra gjalda vert, en það er þó á engan hátt búið svo að skólabókakosti þessa námshóps sem skyldi.

Það eru rétt 100 ár síðan Íslendingar fóru fyrst að sinna kennslu heyrnarlausra, og það var einstaklingur, sem tók sig fram um það. Frumherjinn á þessu sviði er séra Páll Pálsson, seinast í Þingmúla og alþm. Skaftfellinga um skeið. Hann fór til útlanda að kynna sér málleysingjakennslu í Kaupmannahöfn og hóf fyrstur manna kennslu fyrir málleysingja hér á Íslandi árið 1868, en séra Páll gerði meira. Hann samdi Biblíusögur fyrir málleysingja og heyrnarlaus börn, og hann bjó Kristinfræði Lúthers út með stuttum skýringum handa mál- og heyrnarlausum unglingum á Íslandi, og einnig er til orðasafn til undirbúnings kennslu handa mál- og heyrnarleysingjum, og öll voru þessi rit gefin út í Kaupmannahöfn 1868 og 1869, fyrir réttri öld.

En síðan hefur ríkið tekið við þeim skóla, sem séra Páll kom á fót, það var Málleysingjaskólinn, sem lengi hét svo, en með löggjöfinni, sem sett var nú fyrir nokkrum árum, var honum valið heitið Heyrnleysingjaskóli. Og það er þessi stofnun, þessi vanrækta stofnun, sem ég er hér að gera að umtalsefni samkvæmt þeirri till., sem ég og hv. 11. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Sunnl. flytjum.

Menntmrn. mun hafa skipað n. sérfræðinga til að kanna þessi mál, og þessi n. hefur nýlega lokið störfum og gefið út merkilegt nál., sem ýmsir þm. hafa í höndum og ef til vill allir, mér er ekki alveg að fullu kunnugt um það. Þeirra niðurstaða er sú, að ótvírætt verði að fullnægja þeirri nauðsyn að hefja nýbyggingu fyrir heyrnskerta. Með leyfi hæstv. forseta segir svo í niðurlagi þessa nál.:

„N. telur sjálfsagt, að unnið verði ótrauðlega að því, að þau heyrnskert börn, sem virðast hafa möguleika til þess að njóta kennslu í almennum skólum, fái skilyrði til þess, enda á hið sama við um þessi börn sem um önnur fötluð börn, að þau eiga því aðeins að vera í sérskólum, að þroska þeirra sé þar betur borgið. Slík skilyrði eru nú betri hér en áður var, m. a. vegna starfsemi heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur."

Um skólann sjálfan segja þau, að það verði að sjá honum fyrir húsnæði, því að það húsnæði, sem hann búi nú við, sé með öllu óhæft. N. ræðir nokkuð um það, hvort hægt sé að leysa málið með því að ætla þessum börnum kennsluaðstöðu í almennum skólum og kemst að þeirri niðurstöðu, að það séu eingöngu þau börn, sem hafi lítið skerta heyrn, sem þar geti verið. En þau börn, sem hafa litlar sem engar heyrnarleifar og varla er hægt að hjálpa með

heyrnartækjum, þau verður auðvitað að hafa í sérstökum skólum.

Það er sammæli allra, að það sé ekki hægt að hafa meira en 5—8 nemendur í heyrnleysingjabekk, nema þeir séu þá með lítið skerta heyrn, og í einstökum tilfellum verður að vera þarna um einstaklingskennslu að ræða. Slíkt er ekki hægt að ætla hinum almennu barnaskólum.

Á einum stað hér í nál. segja sérfræðingarnir íslenzku:

„Þegar heyrnarstöðvar heilans og heyrnartaugin eða líffæri í innra eyra er óstarfhæft, þá hjálpa heyrnartæki eyranu ekki fremur en sterk gleraugu gagna steinblindu auga."

Þetta eru svo auðskilin rök, að ég held, að móti þeim verði ekki mælt. Heyrnartækin koma hins vegar að því meiri notum, sem bilun heyrnarinnar er minni. En þegar hún er engin, þá duga engin heyrnartæki.

Þeir vitna síðan til Dana og segja:

„Þó fer fjarri því, að Danir telji þessar framfarir í heyrnartækjum hafa leyst sérskóla fyrir heyrnskerta af hólmi. Þeir byggja nú sízt færri skóla af þessu tagi en áður. Nýr skóli er í Álaborg, skóli er í byggingu í Kaupmannahöfn og annar í Fredricia."

Hins vegar játa þeir, að ýmsir, sem áður urðu að stunda nám í sérskólum fyrir heyrnskerta, geta nú með hjálp viðeigandi heyrnartækja gengið í almenna skóla, ef þeim er veitt þar sérstök hjálp.

Þeir víkja svo að því hér, að danskur læknir, dr. med. Ole Bentsen, hafi látið allverulega að sér kveða um málefni heyrnskertra hér á landi, einkum fyrir milligöngu kvenfélagsins Zontaklúbbsins. Læknir þessi heldur því fram, að heyrnskertum beri að kenna í almennum skólum, og að meginatriði til þess, að heyrnskert börn læri málið, sé, að þau lifi í „sprogmiljö", þ. e. a. s. fái nógu mikið „lydbombardement", eins og hann orðar það. Þessar staðhæfingar eru því miður villandi, segir sérfræðinganefndin íslenzka. Eins og bent hefur verið á hér að framan, kemur þetta að engum notum, þegar þau líffæri, sem við tónum taka, eru óstarfhæf. Það hljóð, sem barn getur ekki heyrt, lærir það aldrei eftir eyranu. Þessi rök hygg ég, að séu ómótmælanleg og þykir furðulegt, ef nokkrir reyna að ganga gegn þeim. Það er sjálfsagt að taka það fram, að Zontaklúbburinn í Reykjavík hefur margt gott gert í þessum málum, hefur tekið þátt í að kosta kennara erlendis, til þess að þeir nemi aðferðir heyrnleysingjakennara, hefur sett upp magnarastöðvar hér í kirkjum og stutt að því, að teknar væru upp heyrnarmælingar hér við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Þetta er allt saman góðra gjalda vert og er sjálfsagt að meta að verðleikum. En hins vegar má ekki þessi félagsskapur eða neinir aðrir halda þeirri villukenningu fram, að heyrnleysingjaskólar séu óþarfir fyrir þau börn, sem heyrnarlaus eru. Þar get ég talað um sem kennari. Ég hef fengið í skóla, sem ég starfaði við, heyrnskert börn og veit, hve miklum erfiðleikum það er bundið kennurum að sinna þeim sem skyldi. Auk þess vantar almenna kennara algjörlega sérfræðilega þekkingu til þess að taka slíka nemendur réttum tökum og veita þeim þá hjálp, sem þeir verða að fá, ef þeir eiga ekki að verða fyrir tjóni á sálu sinni af því að vera í almennum skólum.

Það eru sumir, sem halda því fram, að börnin, sem vantar heyrnina, verði minna vör við fötlun sína, ef þau séu meðal þeirra barna, sem heyra. En ég efa, að þessi kenning sé rétt. Ég held, að þegar heyrnarskert barn er meðal fullheyrandi barna, sé það á hverju augnabliki minnt á fötlun sína meira en góðu hófi gegnir, en þau verði minna minnt á þetta, þegar þau eru meðal annarra barna, sem eru með sama ágalla. Svo mikið er víst, að skólastjóri Heyrnleysingjaskólans hér hefur tjáð mér, að hann hafi gert tilraunir með að senda börn, sem voru með skerta heyrn, í almenna skóla, en í þremur tilfellum fór það svo, að þessi börn komu eftir nokkurn tíma aftur í Heyrnleysingjaskólann, og voru þá verr farin en áður, og ein stúlkan var þannig farin andlega, að ef hún sá bók, þá stóðst hún ekki mátið og fór að gráta. Það er enginn vafi á því, að þessi stúlka hefur orðið fyrir andlegu áfalli við það, að henni var ætlað að nema með börnum með fulla heyrn.

Hins vegar tjáði skólastjórinn mér það, að nú eftir páska hefði hann reynt að koma pilti, sem hafði haft lítt skerta heyrn, í almennan barnaskóla, þar sem sérfróður kennari var til staðar og það hafi ennþá gefið sæmilega raun. Það er því ljóst af þessu, að það dugar hvorki að halda því fram, að engir heyrnleysingjaskólar eigi að vera eða öll heyrnskert börn, sem geta bjargað sér í almennum skólum, en eru með skerta heyrn, þurfi sérskóla fyrir sig. Þau eiga að vera í hinum almennu barnaskólum, svo framarlega sem þar er hægt að fullnægja þeirra þörf fyrir fræðslu og kennslu.

Þessi danski læknir, sem hér hefur verið nefndur, Ole Bentsen, hefur komið hingað til lands og talað um þessi mál og hefur látið eftir sér hafa ýmislegt, sem jafnvel er lagt út á þann veg, að hann telji, að engir heyrnleysingjaskólar eigi að vera til og það eigi heldur ekki að takast á dagskrá að byggja slíka skóla, en þar held ég að hans orð séu jafnvel nokkuð ýkt.

Í einu blaði er haft eftir þessum manni: „Það er ekki í mínum verkahring að sækjast eftir vinsældum", segir dr. med. Ole Bentsen, „en hins vegar heyrir undir mig að hafa á réttu að standa, og við förum ekki með neitt fleipur."

Þetta finnst mér nú nokkuð sjálfbirgingslega mælt af manni, sem þó er ekki að úttala sig um sína sérfræði, heldur um kennslumál, sem hann mun ekki vera neinn sérfræðingur í. Hann hefur hins vegar óneitanlega haldið því fram, að fjárfesting í heyrnleysingjaskólum sé vitlaus fjárfesting og heyrnskert börn eigi að vera í almennum barnaskólum. En ég hef bent á það áður, og geri það aftur hér, að þegar hann var beint spurður, hvort hann vildi þá leggja niður alla sérskóla og stofnanir fyrir vanheil börn á þessu sviði, þá svaraði hann: „Ja, ég vil a. m. k. ekki, að þau séu gerð útlagar í þjóðfé-

laginu með því að einangra þau í sérstökum stofnunum.“ Þarna virðist mér sjálfur læknirinn draga nokkuð í land og hopa frá þeirri fullyrðingu, að engir heyrnleysingjaskólar eigi að vera, enda væri það fásinna hin mesta. En ekki meira um það.

Þessi maður starfar í Danmörku, og hann starfar einmitt við skóla, sem hefur með heyrnskert börn að gera. En jafnvel á því svæði í Danmörku, sem þessi maður starfar, er ekki búið að leggja niður heyrnleysingjaskólana. Þeirra virðist vera full þörf þar, og allt, sem ég hef fengið af lögum og reglugerðum um þessi mál frá Danmörku, sýnir það og sannar, að Danir halda áfram að byggja heyrnleysingjaskóla og reka þá og hafa auk þess 10 heyrnarhjálparstöðvar í landi sínu, og ætla hinum almennu skólum eingöngu að fást við kennslu þeirra barna, sem hafa mjög lítt skerta heyrn. Á Jótlandi er þessum málum komið fyrir á þann veg, að borgir og mörg sveitarfélög hafa sameinazt um að standa að heyrnleysingjakennslunni sameiginlega, með því að mynda um það sérstakt samstarfskerfi. Ég ætla hér að fara nokkrum orðum um kennslumiðstöðina í Herning í Jótlandi.

Í Herningborg eru 29 þús. íbúar og 4900 skólaskyld börn eru á svæðinu. Þeir halda því fram þar, að börn með sams konar fötlun eigi saman og eigi að vera í sama skóla með tilliti til kennara og kennslutækja o. s. frv., þ. e. a. s. heyrnskert börn sér og börn með aðra fötlun í öðrum sérstökum skólum. Hér segir í riti um þetta frá Herning.

„Áður hafði það verið svo, að fjöldi fatlaðra barna sat í barnaskólunum og fékk í mörgum tilfellum ekki fullnægjandi árangur af kennslunni. En til þess að bekkirnir séu ekki skipaðir of ósamstæðum börnum, sem erfitt er að kenna saman, þurfa börnin að koma frá landssvæði með 30—40 þús. skólaskyld börn.“

Þetta er þeirra reynsla.

Skólastofur heyrnardaufra barna eru sérstaklega hljóðeinangraðar, segir líka í ritinu. Þær þurfa að vera búnar mjög margvíslegum tækjum til kennslunnar. Það er mælt með því, að heyrnardauf börn séu höfð á unga aldri í leikskólum. Þá er lögð rík áherzla á, að menntaðir og sérhæfðir kennarar fari með slíka kennslu, og hér segir í ritinu: „Einkum eru valdir til kennslunnar kennarar með próf frá kennaraháskólanum og sérpróf í mál- og heyrnarpædagogik, og sumir hafa sérpróf í heyrnleysingjakennslu — (dövelærernes teori og uddannelse).“ —

Það lítur því svo út þarna, einmitt á svæðinu, þar sem dr. med. Ole Bentsen starfar, en það er við Statens Hörecentral í Árósum, að þar sé svo á þessum málum haldið, hann er ráðunautur við þessa stofnun í Herning, að hann sé aldeilis ekki búinn að koma í praxis þeirri kenningu sinni, að þessum málum sé hægt að ráða til lykta á fullnægjandi hátt í almennum barnaskólum, því að hann starfar við þessa stofnun.

Ég á það Zontaklúbbnum að þakka og áhuga hans í þessum málum, að mér voru send ýmis gögn varðandi þessi mál og þ. á m. bréf, sem sent hafði verið sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn. Það var gert 23. sept. í fyrra, 1968, og beðið um upplýsingar um kennslu heyrnarlausra og heyrnardaufra í Danmörku. Svar kom frá menntmrn. danska 14. nóv. 1968, og þessu svari fylgdi reglugerð, sem um þessi mál gildir í Danmörku. Í svarinu frá *menntmrn. danska segir svo efnislega, — ég hef* tekið nokkrar setningar, sem mér þóttu máli skipta, alveg orðrétt upp, með leyfi hæstv. forseta:

Á síðari árum eru börnum útveguð heyrnartæki, strax og heyrnardeyfðar verður vart, jafnvel eiga ungbörn hér hlut að máli.

Barn, sem fengið hefur heyrnartæki, er undir eftirliti leiðbeinanda, sem óslitið samband hefur við foreldra og barnið.

Börn með skerta heyrn eru nálega alltaf sett í leikskóla (börnehave) — og njóta þar kennslu heyrnleysingjakennara. — Þeir kalla þetta Danir „hörelærere“, sem komi til þeirra nokkrum sinnum í viku.

Börnin fá heyrnaræfingar (hörekorrektion), varaaflestur (mundaflæsning), málleiðbeiningar fá þau ennfremur og kennslu í málskilningi (sprogforståelse), strax og þau koma í skólann. Og nú spyr ég: Hvernig haldið þið, að þessum hliðum kennslunnar yrði fullnægt hér í almennum íslenzkum barnaskólum? Ég held, að það sé alveg útilokað. Ég held, að það liggi svo í augum uppi, að Danir mundu ekki gera þessar ráðstafanir, ef þeir teldu, að barnaskólarnir gætu upp og ofan fullnægt þessu.

Í svarinu, sem sendiráð Íslands sendi frá sér, segir ennfremur á þessa leið:

„Fyrir 1950 voru gerðar dreifðar tilraunir með kennslu mjög heyrnardaufra barna í almennum skólum. En eftir að lög voru sett árið 1950 um 3 heyrnarhjálparmiðstöðvar í Kaupmannahöfn, Óðinsvéum og Árósum, sem afhenda ókeypis beztu heyrnartæki og veita heyrnarsljóum börnum alla beztu þjónustu og þjálfun, reyndist hægt að hafa mikinn fjölda slíkra barna í venjulegum skólum. Samkvæmt skólalöggjöfinni frá 1958 og reglugerð frá 1961 um sérkennslu í barnaskólum, var sveitarfélögunum gert að skyldu að annast kennslu heyrnardaufra. Um 3000 börn eða um 0.5% eru svo heyrnarsljó að sérstakar uppeldisráðstafanir eru bráðnauðsynlegar í barnaskólunum. U. þ. b. 1100 börn eru með heyrnartæki, og eru um 300 þeirra í sérbekkjum í heyrnarmiðstöðvum, í kennslumiðstöðvum fyrir heyrnarlaus börn, en slíkar stöðvar eru 10 talsins í Danmörku.

Uppeldisfræðilega séð er til bóta, að heyrnardauf séu innan um og meðal talandi barna í heimili og skóla.“ (Gripið fram í.) Heyrnardauf börn, en það gagnar ekki, þegar um heyrnarleysi er að ræða.

„Til eru 3 heyrnleysingjaskólar í Danmörku reknir af ríkinu, í Álaborg, Fredricia og Kaupmannahöfn. Í þessum skólum nýtur mikill meiri hluti heyrnarlausra barna kennslu. Að öðru leyti er heyrnskertum börnum kennt í almennum barnaskólum eða sérkennsludeildum þeirra, þar sem eru sérfræðingar til kennslunnar.

Aðalatriðið er, hvort almennur barnaskóli hefur aðstöðu til að veita fullnægjandi kennslu sérfróðra kennara með eigi fleiri en 5—8 börn í bekk. Aðalatriðið er sérfróðir kennarar. Þó þarf ótal margt fleira að vera til staðar, til að árangur geti náðst."

Það er rétt að taka næst svar frá sendiráðinu í Stokkhólmi. Sendiráði Íslands í Stokkhólmi var líka skrifað um þetta mál og beðið um upplýsingar um heyrnleysingjakennslu hjá Svíum. Hannes Hafstein, starfsmaður við sendiráðið, skrifaði svarið og hafði hann þá útvegað sér upplýsingar frá Kungliga skolöverstyrelsen og fékk svar 31. 10. 1968. Upplýsingarnar voru allar um kennslu heyrnardaufra, — „hörselsskadada barn", — og hef ég efnistekið það svar. Þar segir, að á síðustu árum hafi að eins miklu leyti og mögulegt er verið reynt að stefna að því að samlaga heyrnardauf börn eðlilegu umhverfi í skóla, á vinnustað og í samfélaginu. Þá segir, að „till en viss utsträckning" hafi tekizt að setja heyrnardauf börn í venjulega bekki skólanna, en til að það beri árangur, verða að vera vel sérmenntaðir kennarar, góð og fullkomin hjálpargögn og kennslutæki og vel skipulögð nemendavernd. Þetta nær til, segja þeir, „lindrigt eller medelsvårt handikappade elevar." Þetta nær til barna með litlar heyrnarskemmdir eða barna, sem hafa hálfa heyrn eða meira. En skólayfirstjórninni er fullljóst, að þessar leiðir eru ekki almennt færar fyrir börn, sem eru með mest skerta heyrn. Og framvegis verður full þörf fyrir sérskóla fyrir heyrnarlaus börn, segir í svarinu. Ef kennsla fer fram í venjulegum skólum, verður hún að fara fram eftir sérfræðikerfi og vera í höndum sérfróðra kennara. Heyrnleysingjakennslan fer, eftir stigi heyrnardeyfu, fram a) í sérskólum, b) í sérbekkjum barnaskóla, c) í venjulegum bekk með sérstakri sérfræðikennslu og d) í venjulegum bekk, þegar er um minnstu heyrnarskemmdir að ræða.

Hve snemma á að nota heyrnartæki? Þeirri spurningu er svarað í svari íslenzka sendiráðsins í Stokkhólmi. Þar segir, að það sé mjög breytilegt, en venjulega um þriggja ára aldurinn. Ef það sé gert fyrr, sé um mismunandi árangur að ræða.

Hve snemma æfingar í dagheimilum eiga að byrja, er og spurt um og svarað. Fyrstu uppeldisfræðileg afskipti eins til tveggja ára, upptaka í sérskóla eða forskóla, leikskóla eða barnastofur á fjögurra til fimm ára aldrinum. Börn með lítt skerta heyrn geta að fullu bætt sér heyrnardeyfðina með heyrnartækjum, en eru þá sett í sérstaka bekki.

Í svarinu er vikið að niðurstöðunum í Svíþjóð. U. þ. b. tæpur ⅓ allra barna með skerta heyrn getur gengið í venjulega bekki, annar þriðjungurinn nýtur kennslu í sérbekkjum og þriðji partur hinna heyrnarlausu gengur í sérskóla, þ. e. a. s. í heyrnleysingjaskóla. Þá er tekið fram í sérstökum lið, að hin mest heyrnskertu gangi í sérskóla, þ. e. heyrnleysingjaskóla. Áformað er nú að byggja 2 sérskóla fyrir heyrnardauf börn í Svíþjóð. Frá og með skólaárinu 1971—72 verður stofnað til fastrar menntaskólakennslu fyrir heyrnleysingja.

Reglugerð um sérkennslu heyrnardaufra barna hjá Dönum hef ég hér við hendina líka. Þar ber allt að sama brunni, að það er talið ógerlegt að komast hjá því að hafa sérskóla fyrir heyrnskert börn.

Ég minntist á það í upphafi máls míns, að hér hefði verið faraldur rauðra hunda á árinu 1963—64, og afleiðingin af þeim sjúkdómi væri nær tvöföldun nemenda í Heyrnleysingjaskólanum. Það hefur verið safnað skýrslum frá mæðrum þessara barna, og þau svör hef ég haft aðstöðu til þess að sjá, og ber þar allt að þeim brunni, að afleiðingar þarna eru meiri eða minni heyrnskemmdir á þeim börnum, sem þá fæddust og mæðurnar höfðu verið veikar af þessum sjúkdómi, einkanlega í byrjun meðgöngutíma. Hér er um ein 30 svör að ræða, því að það eru um 30 börn, sem hafa orðið fyrir þessum sorglegu örlögum. Móðirin sjúk gekk með þau, og þau eru nú komin í Heyrnleysingjaskólann og búa þar við hina lélegu aðstöðu, sem þar er. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi móðurinnar, sem hlut á að máli, að lesa hér svar hennar, af því að það rifjar upp þessa átakanlegu sorgarsögu og mætti vera hv. alþm. eftirminnilegt. Einnig kemur svar þessarar móður inn á ástandið á Fæðingardeild Landsspítalans og gerir okkur ljóst, hversu það getur orðið örlagaríkt fyrir einstaklingana, fyrir þá, sem eru að fæðast þar, að mæðurnar verða að bíða vikum saman og komast þar ekki að. Það er mál, sem Alþ. er búið að velta fyrir sér í meira en 2 mánuði.

Svarið er að meginstofni alveg orðrétt svar frá einni móðurinni, sem var spurð um þessi mál, og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég fékk rauða hunda, þegar sex vikur voru af meðgöngutíma, leitaði þá læknis, óskaði fóstureyðingar, fékk leyfi, en það var samt ekki framkvæmt." Hér er sagt frá því, að það var yfirlæknir Fæðingardeildarinnar, sem neitaði fóstureyðingu og ástæðan var áreiðanlega löng bið eftir plássi.

Síðan segir: „Þar sem ég tel mig ekki geta svarað meðfylgjandi spurningum með einföldum játunum eða neitunum mun ég leitast við að skýra frá samskiptum mínum við lækna frá upphafi meðgöngutíma míns í meginatriðum. Ég tel þó, að slíka reynslu sé erfitt að tjá í nokkrum orðum, til þess er hún of viðkvæm og margþætt. Fyrst af öllu langar mig til að geta þess, að foreldrum mínum var vel kunnugt um, hve hættulegur sjúkdómur rauðir hundar væru verðandi mæðrum, og gerðu þau því allt sem í þeirra valdi stóð, til þess að ég gæti tekið þann sjúkdóm sem barn. En það tókst ekki, og er ég svo tók sjúkdóminn upp úr miðjum jan. 1964, hafði heimilislæknir minn þá nýlega staðfest grun minn um, að ég væri barnshafandi. Var því haft samband við heimilislækni samdægurs og kom hann heim til mín og staðfesti sjúkdóminn. Taldi hann mjög brýna nauðsyn að leita leyfis til fóstureyðingar, þar sem ég væri komin svo stutt á meðgöngutíma og fóstrið þar af leiðandi í mikilli hættu. Það var því fyrsta verk mitt, er ég komst á fætur eftir nokkurra daga legu, að skrifa umsókn í samráði við

heimilislækni minn til landlæknis og þeirrar n., er ákveður þessi mál, þess efnis að sækja um leyfi til fóstureyðingar. Það leyfi var síðan veitt eftir nokkurra daga bið og var þá samtímis lögð inn umsókn til Fæðingardeildarinnar. Biðin eftir leguplássi þar tók að mínu áliti allt of langan tíma og var ég ekki lögð inn fyrr en eftir 20. febr., þrátt fyrir ítrekanir. Eftir venjulega skýrslugerð og athugun, sem var framkvæmd af lækni við Fæðingardeildina fyrsta daginn, sem ég lá þar, var ákveðið, að aðgerðin skyldi gerð næsta dag. Mér var því ekið í skurðstofu morguninn eftir að loknum venjulegum undirbúningi fyrir slíka aðgerð, og er skemmst frá því að segja, að yfirlæknir deildarinnar kom inn og lýsti því yfir, að hann mundi ekki framkvæma þessa aðgerð, ég væri komin of langt og skyldi farið með mig úr skurðstofu þegar í stað. Það skal tekið fram, að hann hafði ekki skoðað mig eða átt viðtal við mig áður. Það var því farið með mig á sjúkrastofu mína aftur í skyndi, og er óþarft að lýsa sálarástandi mínu þann dag og þá viku, sem ég átti eftir að dveljast þarna, því að skilningi var ekki fyrir að fara. Tilganginn með veru minni þarna svo lengi skil ég ekki, því að mér var ljóst, að aðgerðin yrði ekki framkvæmd. Afsakanir taldi yfirlæknirinn þær, að ég hefði verið komin á þriðja mánuð á leið, er ég fékk sjúkdóminn og fóstrið því úr allri hættu.

Ég var að lokum útskrifuð af sjúkrahúsinu með þeim fullyrðingum, að ég mundi áreiðanlega fæða heilbrigt barn. Ég átti tal við landlækni, er ég kom af sjúkrahúsinu, og sagði honum málavexti og lét í ljós óánægju mína yfir þeirri meðferð, sem ég hafði hlotið. Hann kvaðst ekki geta breytt ákvörðun yfirlæknis, og þar við sat. Ekki var þá um annað að ræða en taka því, sem að höndum bæri.

Þess má geta, að ég átti viðtal og fékk skoðun hjá yfirlækni Fæðingardeildarinnar í júlí 1964 og innti hann þá eftir því, hvort ekki færi að líða að fæðingu hjá mér og minnti hann á fyrri dvöl mína á sjúkrahúsinu. Hann vildi lítið segja og viðurkenndi, að fæðing yrði ekki fyrr en seint í ágúst. Svo ól ég barn mitt þann 26. ágúst 1964, sem er drengur, og er hann fæddur með mjög alvarlega heyrnarágalla. Við foreldrar hans höfum farið með hann til lækna og sérfræðinga hér heima, og árið 1967 fór ég til Bandaríkjanna með hann. Enn sem komið er hefur enginn getað sagt með fullri vissu um raunverulegt ástand fötlunar hans og við hverju megi búast af honum í framtíðinni, og er það að sjálfsögðu mikið undir því komið, hvort hann hlýtur þá þjálfun og menntun sem hann þarfnast.

Ofanskráð yfirlýsing er rituð samkvæmt beztu vitund og haggar ekki þeirri staðreynd, að umtalað barn er okkur foreldrum sínum mjög hjartfólgið, og við stöndum frammi fyrir þeirri köldu staðreynd, ásamt öðrum foreldrum heyrnarlausra barna, að menntunarmál barnanna eru í molum sökum ónógrar aðstoðar og skilnings þeirra yfirvalda, sem um þessi mál fjalla.

Ef við nytum ekki einstakrar fórnfýsi og þolinmæði skólastjóra Heyrnleysingjaskólans og starfsliðs hans, sem reynir að halda uppi kennslu við engar aðstæður, værum við foreldrar vonlitlir. Og það er af öllu ljóst, að þjóðfélag okkar er þess ekki umkomið að veita þessum börnum þá umönnun, sem þau þarfnast enn sem komið er, og er óþarft að lýsa með orðum, hve mikil raun það er foreldrum og aðstandendum þessara barna að þurfa að heyja erfiða baráttu á opinberum vettvangi fyrir jafnrétti þessara barna við önnur börn í þjóðfélaginu. Það þýðir ekki fyrir yfirvöldin að loka augunum fyrir því, að börnin eru í heiminn komin, og það hlýtur að vera réttlát krafa, að þau hljóti menntun við sitt hæfi, svo að þau geti gegnt sínu hlutverki í lífinu. Að öðrum kosti færu þau halloka í hinni hörðu lífsbaráttu, og væri það ómaklegt hlutskipti."

Síðan er undirskrift.

Þarna er döpur sorgarsaga sögð, og mistök verða þarna. Það versta er, að þarna veldur örlögum þessa drengs biðin eftir læknismeðferð á Fæðingardeildinni. Það er enginn vafi á því. Þess vegna neitar yfirlæknirinn aðgerðinni, og því fór sem fór.

Ég fagna því, að hæstv. menntmrh. hefur hér á Alþ. látið orð falla um það, að hann muni bregðast fljótt við og gera allt, sem unnt sé, til þess að bæta úr húsnæðismálum Heyrnleysingjaskólans. Það var honum líkt, og ég átti þess von. Ég held þó, að hans aðstaða yrði sterkari, sérstaklega til þess að útvega fjármagn, þar sem fé er ekki til á fjárl. til aðgerða, ef Alþ. samþykkti þessa till. núna á síðustu dögum þingsins og gæfi honum þannig heimild til þess að ráðast í þann minnsta og takmarkaðasta áfanga, sem hægt er að ráðast í, til þess að þarna verði bót á ráðin, þ. e. a. s. að hefja byggingu á kennsluhlutanum samkvæmt teikningum Skarphéðins Jóhannssonar. Fram á meira er ekki farið. Núverandi húsnæði skólans verði þá notað sem heimavistir handa nemendunum. Ég held, að það hljóti að vera til einhverjar leiðir til þess að útvega það fjármagn, sem dygði til þess að koma upp þessum kennslustofum. Það er um litlar kennslustofur að ræða, því nemendur verða ekki fleiri í kennslustofunum en 5—8. Að vísu þarf ekki síður að búa út þennan skóla en aðra, sérstaklega um starfsaðstöðu alla og leikaðstöðu. Svo þarf húsnæði fyrir þau margvíslegu tæki, sem nota verður til þessarar kennslu. Þá verður einnig, og það ætti ekki að koma til að kosta mikið, að veita nokkurt fé til þess að búa út kennslubækur við hæfi þessara nemenda og halda áfram að sérmennta kennara á þessu sviði, því að u. þ. b. helmingur kennaranna núna eða a. m. k. helmingur þeirra er ósérmenntaður, en hafa aðeins fengið fljótlegan undirbúning til þess að inna af hendi þetta ofur vandasama kennsluhlutverk, sem þarna er innt af hendi.

Ég vík því aftur til till. og enda mál mitt með því að skora á ríkisstj. að hefja þegar á næsta vori byggingu fyrsta áfanga fyrirhugaðrar byggingar Heyrnleysingjaskólans í Öskjuhlíðinni, svo að skólanum verði búin forsvaranleg ytri skilyrði og starfsaðstaða og honum gert unnt að gegna þýðingarmiklu hlutverki sínu, en eins og búið er að

honum nú, tel ég hann ekki geta með neinu móti innt sitt hlutverk af hendi, svo sem æskilegt væri og skylda og nauðsyn krefur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér er ánægja að því að geta skýrt frá því, að ríkisstj. hefur fullan skilning á þeim mikla vanda, sem er á ferð í kennslumálum heyrnleysingja, og hefur undirbúið lausn á því máli, einmitt í þeim anda, sem hv. ræðumaður lýsti í niðurlagi ræðu sinnar.

Það er verið að undirbúa, að hægt sé í sumar að byggja kennsluhluta fyrirhugaðs Heyrnleysingjaskóla á þeirri lóð, sem Reykjavíkurborg á sínum tíma úthlutaði til byggingar fyrir heildarskólabyggingu, og er þá ætlunin að nota það húsnæði, sem nú er í notkun fyrir skólann allan, sem heimavistarhúsnæði, þannig að það mundi aukast líka. Ríkisstj. er að vinna að fjáröflun í því skyni, að hægt verði að hefjast handa um byggingu þessa kennsluhluta þegar í vor, eins og hv. þm. gat um, og er mér ánægja að geta staðfest, að það er stefna ríkisstj. að sinna þessum mjög brýnu vandamálum einmitt á þann hátt, sem hv. þm. gerði að umtalsefni í ræðu sinni. Ég get alveg tekið undir allt það, sem ég heyrði hann segja um þann vanda, sem hér er á ferðum, og fullvissa hann og aðra hv. þm. um það, að ríkisstj. mun leggja sig alla fram um að greiða úr þessum vanda á þann hátt, sem hann og ég höfum nú lýst.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mitt erindi í ræðustólinn er einungis að þakka hæstv. menntmrh. fyrir, að hann hefur þegar gert ráðstafanir til þess, að framkvæmdar verði þær óskir og kröfur, sem í till. felast, en hún var borin fram fyrir meira en 2 mánuðum og þykir mér vel og mannlega og myndarlega hafa verið við brugðið að nota tímann einmitt til þess að undirbúa framkvæmdir málsins. Það gleður mig stórlega og ég þakka fyrir.

Auður Auðuns: Herra forseti. Það þarf engan að furða, þó að málefni Heyrnleysingjaskólans beri hér á góma, eftir að nemendafjöldi þar hefur tvöfaldazt, meira en tvöfaldazt, og aðstæður allar hinar erfiðustu. Það má segja, að skólinn sé nú á tímamótum og það þarf að ráða fram úr vandanum, og ég hef áður látið í ljós í umr., sem urðu í sambandi við fsp. um málefni Heyrnleysingjaskólans, að það væri nauðsynlegt að gera sér nú grein fyrir, hvaða stefnu á að hafa í þessum málum. Það þolir enga bið. Það hefur svo margt gerzt einmitt á þessu sviði annars staðar og hjá okkar nágrannaþjóðum nú á síðustu 1—2 áratugum, að það væri gersamlega óforsvaranlegt, ef við ættum ekki að hyggja að því og læra af reynslu, sem annars staðar er fengin og aðhæfa hana okkar íslenzku aðstæðum.

Ég verð að segja, að síðan við samþ. lög hér á hv. Alþ. um Heyrnleysingjaskólann, árið 1962 að ég ætla, hefur sett að mér meiri og meiri efasemdir um, að ýmis ákvæði þeirra laga hafi verið skynsamleg. Ég á fyrst og fremst við þá breytingu, sem þá var gerð á lögum um Málleysingjaskólann, eins og hann hét áður, að færa skólaskyldu úr 8 árum niður í 4 ár. En ég hlýt að segja, eins og ég geri ráð fyrir, að margir hv. þm. geti tekið undir með mér, maður vissi ekki um aðrar aðferðir til þess að endurhæfa þessi börn en láta þau inn í Heyrnleysingjaskóla. Og ég er ekki að mælast undan þeirri ábyrgð, sem á mér hvílir ásamt öðrum þm., sem þá sátu á hv. Alþ., en ný stefna og nýjar raddir, sem ryðja sér æ meir til rúms, fara einmitt í þá átt að færa kennslu barnanna sem mest inn í eðlilegt umhverfi, og með nútímatækni er ótrúlegt, hvað hægt er að komast langt í því. Og það er alveg sérstök áherzla á það lögð af öllum, sem til þekkja, að byrja endurhæfinguna nógu snemma, jafnvel svo snemma, að börn á fyrsta aldursári séu látin fá heyrnartæki.

Ég vil, vegna þess að borið hefur á góma hér í umr. og ennfremur í nál., sem hv. þm. hefur verið sent, hlutur kvenfélags hér í borg, sem heitir Zontaklúbbur Reykjavíkur, sá hlutur, sem það hefur átt að því að vekja athygli á nýjum og breyttum viðhorfum um kennslu heyrnskertra. Þetta félag hefur ötullega beitt sér fyrir ýmsum úrbótum í málefnum heyrnarskertra, og ég vil fullyrða, að það hafi beitt sér fyrir hlutum, sem eru beinlínis það merkasta, sem hefur gerzt í þessum málum á síðari árum.

Við höfum fengið sent nál. frá þeirri n., sem hæstv. menntmrh. skipaði, og ég kemst ekki hjá því að víkja þar að mjög ómaklegum og beinlínis villandi ummælum, sem þar koma fram og í fskj.

Ég vil þá fyrst víkja að því bréfi, sem skólastjóri Heyrnleysingjaskólans hefur sent ýmsum erlendum aðilum til þess að fá staðfestingu þeirra á því, að heyrnleysingjaskólar þurfi að vera til, og er þar í því sambandi nefndur danskur læknir, en hv. síðasti ræðumaður varði verulegum tíma af ræðu sinni til þess að sýna fram á eða gerði tilraun til að sýna fram á, að ekki væru kenningar hans allar uppbyggilegar. Ég þarf ekki að svara fyrir dr. Bentsen. Hann er maður, sem nýtur slíks álits, að ég held, að þetta nart skaði hann satt að segja lítið. En í þessu bréfi segir, að þessi ágæti læknir hafi tilkynnt konunum í þessu tiltekna kvenfélagi, — tilkynnt konunum í klúbbnum, að sérskólar fyrir heyrnleysingja væru algerlega ónauðsynlegir, ættu raunar ekki að vera til. Og svo, að Zontaklúbburinn hafi haldið uppi áróðri fyrir þessari kenningu meðal foreldra barna í Heyrnleysingjaskólanum.

Ég vil fyrst og fremst mótmæla þeim niðrandi ummælum, að þetta félag taki á móti einhverjum tilkynningum og gerist síðan talsmaður og útbreiðslutæki þess, sem einhver lætur sér detta í hug að tilkynna því. Mér finnst þetta vera beinlínis meiðandi. Og svo vil ég mótmæla því, sem sagt er, að þessi félagsskapur hafi haldið uppi áróðri fyrir því, að heyrnleysingjaskólar væru gersamlega ónauðsynlegir. Hann hefur ekki gert það.

Hv. ræðumaður sagði, að félagið hefði gert það,

og ég vil þá biðja hann að finna orðum sínum stað, ef hann vill, að þau séu tekin alvarlega.

Eg skal ekki fara að telja upp það, sem þessi félagsskapur hefur gert til þess að bæta aðstöðu heyrnarskertra hér á Íslandi og greiða fyrir úrbótum í þeirra málum. Það mætti svo margt annað upp telja en það, sem hv. þm. nefndi áðan og ég vissulega virði það við hann, að hann lét þess þó að einhverju getið. En ég vil vegna þess, sem hann las hér upp úr bréfum, sem ég einnig hef í afriti, annars vegar frá danska menntmrn. og hins vegar frá yfirstjórn sænsku skólanna, Kungliga skolöverstyrelsen, vekja athygli á því, að það, sem hann las úr þessum bréfum, staðfestir einmitt það, að þróunin gengur í þá átt að færa þessi börn inn í talandi umhverfi, sem hafa verið einangruð í heyrnleysingjaskólum, því að þar er um verulega einangrun að ræða. Ég held, að það geti enginn mótmælt því, sérstaklega þegar þau eru þar að auki í heimavist, og sem betur fer vil ég segja um börnin, sem búa hérna í Reykjavík og líklega í nágrannabæjunum, að eftir að þrengdist í skólanum í haust, voru þau send heim til sín og búa þar, og ég ætla að vona, að ekki komi til þess aftur, að þau þurfi að einangrast það mikið, að þau eigi aftur eftir að fara í heimavist í heyrnleysingjaskóla. Varðandi börnin utan af landi er úr vöndu að ráða, og maður auðvitað getur ekki bent á aðra möguleika fyrir þau.

En það var eitt, sem kemur fram í þessum báðum bréfum frá skólayfirvöldum í Danmörku og Svíþjóð, að það er eftir því sem unnt er, verið að flytja kennsluna inn í almenna skóla. Og þá vil ég leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. þm., að hann talar eins og það ætti bara að setja þessi börn inn í venjulega barnaskóla með því kennaraliði, sem þar er. Hverjum mundi nú detta annað eins í hug? Vitanlega er það ætlunin, að þar geti þau notið aðstoðar og kennslu hjá sérfróðum kennurum. Það dettur engum annað í hug. Það, að flytja þau inn í almenna skóla, er til þess að rjúfa einangrunina, til þess að koma börnunum í talandi umhverfi, og með tækni nútímans er hægt að ná gríðarlega langt í því að láta þau stunda nám í bekkjum með heilbrigðum börnum.

Það lýkur nú senn þingfundi, þannig að ég verð að stytta mjög mitt mál. Það, sem ég vil leggja áherzlu á, er, að byggingarframkvæmdir, sem mér skilst, að séu þá miðaðar við þær teikningar, sem fyrir hendi eru, sem gera ráð fyrir milli 50 og 60 barna skóla, að þær verði ekki til þess að fyrirbyggja, að það sé hægt að fara inn á aðrar brautir í kennslunni og flytja hana meira inn í barnaskólana, þá almennu barnaskóla, heldur en nú er. Það er það, sem ég óttast. Hitt held ég, að við getum öll verið sammála um hv. þm., að það þurfi að búa betur að Heyrnleysingjaskólanum. En, eins og ég segi, ég óttast, að með slíkri byggingu sé verið að festa allt í gamla kerfinu, sem a. m. k. ég tel mjög vafasamt að svari lengur kröfum tímans eða sé það heppilegasta. Hitt er annað, að það húsnæði má að sjálfsögðu nota til annars seinna, ef frá því yrði horfið að hafa Heyrnleysingjaskólann eins fjölmennan og hann er nú, þó að hann verði til áfram.

Það var að vísu ýmislegt fleira, sem ég hefði viljað segja í sambandi við þetta mál, en til þess vinnst naumast tími úr þessu. Ég vil aðeins nefna, að við höfum 4 þm. úr öllum flokkum flutt þáltill. um skipun n. sérfræðinga til þess að gera till. um framtíðarskipulag á endurhæfingu og kennslu heyrnarskertra barna. Sú till. á sjálfsagt ekki eftir að koma til umr. á þessu þingi, vegna þess hve liðið er á þingtímann, en ég ætla, að hún gefi nokkra hugmynd um, að það eru margir farnir að leggja eyrun við, þegar talað er um breytta stefnu í þessum efnum. Ég vona, að hæstv. menntmrh. taki þessa þáltill. til gaumgæfilegrar athugunar, enda þótt hún hljóti ekki afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Kvensjúkdómadeild við Fæðingardeild Landsspítalans.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um fullkomna kvensjúkdómadeild við Fæðingardeild Landsspítalans. [176. mál] (A. 347).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37., 39., 40., 41., 43., 45. og 47. fundi í Sþ., 26. marz, 9., 16., 18., 23. og 30. apríl og 7. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Lánasjóður íslenzkra námsmanna.

Á deildafundum 13. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna [178. mál] (A. 349).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37., 39., 40. og 41. fundi í Sþ., 26. marz, 9., 16. og 18. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Magnús Kjartanssson: Herra forseti. Ég er annar flm. að þessari till.; fyrri flm. Björgvin Salómonsson á nú ekki sæti á þingi. Mér þykir því rétt að fylgja henni eftir með fáeinum orðum.

Tilefni þess, að till. var flutt, var raunar dálítið sérkennilegt, og það hefði verið ákaflega skemmtilegt, ef hæstv. forsrh. hefði verið viðstaddur til þess að ræða þetta mál. Þegar hann kom heim af Norðurlandaráðsfundi, skýrði hann frá því, að þegar hann kom til Svíþjóðar til þess að sækja fundinn, hefðu íslenzkir stúdentar, sem eru við nám í Stokkhólmi, setið fyrir honum og gert honum grein fyrir mjög alvarlegum fjárhagsvandamálum sínum, og þeir höfðu einnig greint hæstv. ráðh. frá því, að þeir hefðu leitað til sænskra yfirvalda um aðstoð. Hæstv. forsrh. Íslands tók þetta mál upp, að því er hann sagði sjálfur, á Norðurlandaráðsfundi og fór þess á leit við sænsk stjórnarvöld, að þau legðu fram úr sínum sjóðum, það sem á vantaði, að námslán og námsstyrkir til íslenzkra námsmanna væru hliðstæðir því, sem sænskir námsmenn hlytu.

Ég hef horft upp á mörg viðbrögð íslenzkra stjórnarvalda í þeim vanda, sem við hefur verið að etja nú um tveggja ára skeið, en ég hef aldrei séð smærri og lágkúrulegri viðbrögð en þessi. Þarna er norræn samvinna misnotuð til þess að fara í betliferð til stjórnar vinaríkis um, að hún veiti íslenzkum námsmönnum þá fyrirgreiðslu, sem við teljum okkur ekki vera menn til að veita sjálfir. Mér fannst þetta afar mikil niðurlæging, þegar þessi atburður gerðist, en þótt menn viðurkenni þetta sjónarmið hæstv. forsrh., er þá rétt að láta einvörðungu íslenzka stúdenta, sem eru við nám í Svíþjóð, njóta þessarar undarlegu fyrirgreiðslu? Er þá ekki rétt, að hæstv. forsrh. fari hliðstæða för á fund stjórnarvalda í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Þýzkalandi og Englandi og í öllum þeim löndum, þar sem íslenzkir námsmenn eru? Eiga ekki íslenzkir námsmenn allir að búa við hliðstæð kjör? Ef íslenzk ríkisstj. telur það í sínum verkahring að fara fram á það við stjórnarvöld annarra landa, að þau aðstoði íslenzka námsmenn við námið, þá finnst mér, að námsmennirnir eigi þá a. m. k. heimtingu á því, að þetta komi fram við þá alla.

Hins vegar held ég ekki, að þetta sé sú leið, sem á að fara til þess að leysa þetta vandamál. Þetta mál var rætt oft í vetur í sambandi við afgreiðslu fjárl. og við Alþb.-menn fluttum margsinnis till. um auknar fjárveitingar til þess að mæta þessum vanda. Þær till. skullu á daufum eyrum ráðamanna, en vera má, að þessi ferð hæstv. forsrh. til Svíþjóðar og sá undarlegi erindrekstur, sem hann rak þar, hafi orðið til þess, að stjórnarvöldunum skiljist, að á þessu máli verður að taka af fullri alvöru.

Þessi till. er flutt í því skyni að fela hæstv. ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. till. um breyt. á l. um Lánasjóð íslenzkra námsmanna, er tryggi íslenzkum stúdentum við nám erlendis eigi lakari námskjör en stúdentar viðkomandi lands njóta. Ef þessi till. verður samþ., þá er þess að vænta, að hæstv. ríkisstj. láti vinna að þessari endurskoðun í sumar og leggi síðan till. sínar fyrir þing, þegar það kemur saman í haust. Ef þær till. fá skjóta afgreiðslu, ætti þessi sjóður fljótlega að geta risið undir hliðstæðri þjónustu við íslenzka námsmenn erlendis og tíðkast meðal námsmanna nágrannalanda okkar.

Ég vil svo leggja til, að till. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

30. Rannsóknarstofnun í áfengismálum.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsóknarstofnun í áfengismálum [184. mál] (A. 362).

Á 37., 39. og 40. fundi í Sþ., 26. marz, 9. og 16. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, till. til þál. um rannsóknarstofnun í áfengismálum, sem hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að koma upp rannsóknarstofnun í áfengismálum, er hafi það hlutverk að vinna að vísindalegum rannsóknum á áfengismálum, félagslegum og læknisfræðilegum. — Kannaðir verði í þessu sambandi möguleikar á samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, og höfð verði, eftir því sem ástæður þykja til, hliðsjón af áfengismálarannsóknum á Norðurlöndum. — Verja skal til starfsemi þessarar og henni til undirbúnings, að svo miklu leyti sem til hrekkur, þeim hluta af tekjum gæzluvistarsjóðs, er ætlaður

er til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki samkvæmt 17. gr. laga nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Að öðru leyti kostar ríkissjóður starfsemi þessa af ágóða sínum af einkasölu á áfengi."

Það er upphaf þessa máls, að vorið 1964 kaus Alþ. samkvæmt þál. nefnd 7 alþm. til þess að rannsaka svo sem verða mætti ástandið í áfengismálum þjóðarinnar. Þáltill. þá, sem að þessu laut, hafði Magnús Jónsson, núv. fjmrh., flutt, enda var hann kjörinn formaður umræddrar þmn. Auk formannsins, Magnúsar Jónssonar, áttum við flm. þessarar till. sæti í n. og einnig alþm. Alfreð Gíslason læknir, Axel Jónsson, Einar Ingimundarson, núv. bæjarfógeti í Hafnarfirði, og Jón Þorsteinsson. N. þessi skilaði skýrslu til ríkisstj. um mitt ár 1966 ásamt till. um tilteknar breytingar á áfengislögum og ýmsar ábendingar aðrar, sem verða mættu til úrbóta í áfengismálum. Auk þess fylgdu skýrslunni ýmis bréf og grg., sem n. höfðu borizt og telja mátti að hefðu þýðingu eða upplýsingagildi fyrir það mikla málefni, sem n. var falið að fjalla um.

Áfengismálanefndin setti sér það mark að leitast við að fá sem skýrasta heildarmynd af ástandi áfengismálanna í landinu. Árangur af þeirri viðleitni birtist í umræddri skýrslu, sem síðar var prentuð sem fskj. með frv. til l. um breytingu á áfengislögum á þinginu 1966–67. Einnig var skýrslan fjölrituð og send alþm. og ýmsum fleiri aðilum. Ég þori að fullyrða, að í skýrslu áfengismálanefndar voru margvíslegar og gagnlegar upplýsingar, en það er engum ljósara en þeim, sem í n. sátu, að hinu yfirgripsmikla verkefni, að kanna ástand áfengismála í landinu, voru ekki gerð nein fullnaðarskil. Til þess skorti flest skilyrði. Í fyrsta lagi var til þess ónógur tími, og í öðru lagi bjó n. við ófullkomnar aðstæður til rannsókna. N. hafði enga aðstöðu til þess að láta fara fram þær víðtæku félags- og læknisfræðilegu rannsóknir, sem eru undirstaða þess, að hægt sé að gera fullkomna grein fyrir ástandinu í áfengismálunum og finna fullgild ráð til lausnar á þeim vanda, sem misnotkun og ofneyzla áfengis hefur í för með sér, enda held ég, að því verði ekki með rökum haldið fram, að það sé á valdi leikmanna að inna slíka rannsókn af hendi, svo að viðhlítandi sé til frambúðar og þannig, að á henni mætti byggja virkar ráðstafanir til lausnar á hinum margvíslega vanda, sem stafar af ofneyzlu og misnotkun áfengis.

Hin fjölmenna þmn., sem á sínum tíma fjallaði um áfengismálin, var engan veginn sammála um alla hluti, og viðhorf nm. til áfengismála voru mismunandi í mörgum greinum. Þó urðu nm. sammála um margt. Þannig varð n. sammála um, að Íslendingar eiga við áfengisvandamál að etja í ríkum mæli, sem birtist í mörgum myndum. Athuganir n. sýndu ljóslega, að þörf er frekari rannsókna á áfengisvandamálinu og athugun á því, í hverju það er fólgið, en um það þarf ekki að villast, að ýmiss konar heimilisböl og þjóðfélagstjón hlýzt af völdum áfengisneyzlu. Þúsundir manna eru haldnar drykkjusýki. Hversu há tala drykkjusjúklinga eða ofdrykkjumanna er, er e. t. v. ekki nákvæmlega vitað. Það var a. m. k. ekki vitað á þeim tíma, sem n. starfaði, en Tómas Helgason prófessor áætlaði samkvæmt sérstökum líkindareikningi, að ofdrykkjumenn í landinu væru 2300, og þar af eiginlegir drykkjusjúklingar, eins og hann orðaði það, 1450 karlar og á annað hundrað konur. Sumir munu ætla, að þessar tölur séu mun hærri. Af þessu er augljóst, að drykkjusýki, sem læknar telja nú geðsjúkdóm, er einn alvarlegasti sjúkdómur meðal Íslendinga. Drykkjusýki er þjóðarplága og sízt betri viðureignar en ýmsir aðrir sjúkdómar, sem mikið er um rætt, að þurfi að berjast gegn og finna ráð við.

Áfengismálanefndin reyndi að gera sér grein fyrir, hvort eitthvað væri til í þeirri staðhæfingu, að af áfengisneyzlu leiddi meira eða minna heimilisböl og fjölskylduvandræði. Í stuttu máli sagt sannfærðist n. um, að þessi staðhæfing er á rökum reist. Áfengisneyzla er algengur bölvaldur á heimilum og að áliti allra þeirra mörgu presta, sem n. ræddi við, en þeir fjalla manna mest um hjónaskilnaðarmál og orsakir þeirra, þá er drykkjuskapur annars hvors aðilans, venjulega þá eiginmannsins, algengasta orsök hjónaskilnaða og upplausnar heimila. Sannleikurinn er sá, að það er varla til sú fjölskylda í landinu, a. m. k. er varla til sú manneskja í þessu landi, sem ekki á einhvern náinn vandamann, sem haldinn er drykkjusýki eða ofdrykkjuhneigð. Það hlýtur að vera verðugt rannsóknarefni fyrir íslenzka lækna og félagsfræðinga að komast fyrir orsakir þess villimannlega drykkjuskapar, sem Íslendingar temja sér, m. a. á almannafæri.

Þá vildi ég minnast á eina hlið áfengisvandamálsins, sem er drykkjuskapur á vinnustöðum og vinnutap af völdum áfengisneyzlu. Áfengismálanefndin reyndi að gera sér grein fyrir þessu og hafði samband við fjölda aðila um þetta efni, bæði vinnuveitendur og forustumenn verkalýðsfélaga. Niðurstaðan af þessari viðleitni n. var engan veginn fullkomin og sízt af öllu óyggjandi. En það getur varla farið á milli mála, að drykkjuskapur veldur oft stórtjóni í atvinnulífinu, og er talsvert áberandi í sumum greinum atvinnulífsins. Það fer t. d. ekki á milli mála, að áfengisneyzla í verstöðvum og síldarhöfnum veldur oft stórvandræðum, bæði í beinni framleiðslustarfsemi og röskun á reglu og allsherjarfriði á þessum stöðum. Hér er auðvitað ekki um nýtt vandamál að ræða. Þetta er gamalt fyrirbæri og e. t. v. ekki auðleyst, því að aðstæður allar eru mjög sérstæðar í slíkum samfélögum. En ég held, að það væri mjög æskilegt að gefa þessu sérstaka vandamáli meiri gaum en hingað til hefur verið gert. Áfengismálanefndin ræddi þetta atriði í áliti sínu og ábendingum og sagði m. a., að æskilegt væri að mynda víðtæka samstöðu þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, um aðgerðir til úrbóta, svo sem lögreglu- og bæjaryfirvalda, ríkisvalds, samtaka sjómanna og vinnuveitenda auk bindindishreyfingarinnar og annarra samtaka, sem vildu láta þetta mál til sín taka. En umfram allt held ég,

að þetta mál og margt fleira þurfi að rannsaka miklu betur og leitast við að grafast fyrir rætur þeirrar drykkjuómenningar, sem ríkir hér á landi og verður varla líkt við annað en þá geðsjúku villimennsku, sem einkenndi drykkjuskap rússneska aðalsins í mörg hundruð ár og frægt er af bókum og í sögum.

Hér verður brennivíninu einu ekki um kennt. Það hlýtur að vera eitthvað bogið við geðheilsu, menningarskilning og smekk íslenzku þjóðarinnar. Þetta er að vísu persónuleg skoðun mín, og ég ætla ekki að gera allar skoðanir mínar að skoðunum samflm. míns að þessari till., hv. 1. þm. Vestf. En við erum sammála um það, að þörf sé að koma upp rannsóknarstofnun í áfengismálum, og það var ein aðalábending áfengismálanefndar Alþ. á sínum tíma. Og þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, fjallar um að skora á ríkisstj. að koma slíkri rannsóknarstofnun upp. Ef hennar er einhvers staðar þörf í heiminum, er hennar þörf hér á landi.

Eins og rakið er í grg. með till., er það m. a. skoðun dr. Tómasar Helgasonar, sem er okkar fremsti sérfræðingur um lækningu drykkjusýki og varnir gegn ofdrykkju, að brýnasta verkefnið í málefnum drykkjuskaparlækninga séu vísindalegar rannsóknir á drykkjuháttum manna. Það er með drykkjusýki eins og aðra sjúkdóma, að það finnst ekki við þeim lækning, nema læknar þekki eðli þeirra og orsakir. Það er skoðun okkar flm., og það var á sínum tíma skoðun allra áfengismálanefndarmanna, að áfengismálarannsóknir yrði að efla og kosta nokkru til þeirra.

Að sönnu eiga vísindalegar rannsóknir í áfengismálum annars staðar í heiminum ekki ýkjalanga sögu að baki. Þó hefur orðið stórbreyting þar á, m. a. á Norðurlöndum s. l. tvo áratugi, og vísa ég til þess, sem segir um það efni í grg. fyrir þessari till. og einnig þess, sem fram kemur í nál. áfengismálanefndar á sinni tíð. Áfengismálanefndin taldi rétt að kanna, hvort ekki mundi vera hægt að ná samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina í Genf um slíkar áfengismálarannsóknir, og við flm. þessarar till. leggjum einnig til, að þessi möguleiki verði kannaður. Slíkt gæti haft fjárhagslega þýðingu, en umfram allt vísindalegt gildi. Að öðru leyti teljum við flm. ekki áhorfsmál, að ríkissjóði beri að leggja fram fé af áfengisgróða sínum til áfengismálarannsókna. Slíkt er bæði eðlilegt mál og sjálfsagt. Ofdrykkja er áreiðanlega stórfellt vandamál hér á landi og drykkjusýki með hinum alvarlegustu sjúkdómum, sem herja á íslenzku þjóðina, hvort sem mönnum líkar betur eða verr að þurfa að viðurkenna slíkt.

Herra forseti. Ég minni enn á það í lok ræðu minnar, að till. hefur komið fram um það frá fjölmennri mþn. fyrir nokkrum árum, sem skipuð var alþm. úr öllum þingflokkum og mönnum með mismunandi viðhorf í áfengismálum, að efna þurfi til vísindalegra áfengismálarannsókna hér á landi, og rétt sé að koma á fót sérstakri rannsóknarstofnun í áfengismálum. Ég vísa því sérstaklega til þessa álits til rökstuðnings þeirri till., sem við hv. 1. þm. Vestf. stöndum hér að.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að till. verði vísað til síðari umr. og til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til allshn. með 42 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

31. Úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalagi og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna [193. mál] (A. 386).

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39., 40., 41., 43., 45. og 47. fundi í Sþ., 9., 16., 18., 23. og 30. apríl og 7. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Landnám ríkisins.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á hlutverki Landnáms ríkisins, félagsræktun og heykögglagerð [196. mál] (A. 394).

Á 39. og 40. fundi í Sþ., 9. og 16. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 394, sem ég hef leyft mér ásamt hv.

meðflm. mínum að flytja, felur í sér ályktun um að fela landbrh. að skipa 5 manna n. til að endurskoða lagaákvæði um starfssvið Landnáms ríkisins, en þau er að finna í lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Lagt er til, að n. verði skipuð 4 mönnum, sem tilnefndir eru einn af hverjum eftirtalinna aðila: Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda, nýbýlastjórn og Framleiðsluráði landbúnaðarins, en ráðh. skipi formann n. án tilnefningar. Þau atriði, sem bent er á, að n. hafi sérstaklega til athugunar eru þessi:

Aukinn stuðningur Landnámsins til félagsræktunar, þar sem hennar er sérstaklega þörf, enda sé hún á vegum sveitarfélaga, búnaðarfélaga, búnaðarsambanda eða sérstakra ræktunarfélaga.

Aðild ríkisins og/eða stuðningur við heykögglagerð og aðra fóðurvinnslu úr hinu innlenda hráefni, sem hér er hægt að rækta.

N. verði falið að kanna möguleika á því að koma upp fóðurbirgðastöðvum í sambandi við félagsræktun og heykögglagerð. Þá yrði n. falið að hlutast til um, að nauðsynlegar faglegar athuganir verði gerðar á þessu sviði og rannsóknum á því hraðað.

Bent er á það í grg., að eðlilegt sé að endurskoða landnámslögin, sem að stofni til eru frá 1946, með tilliti til breyttra aðstæðna og viðhorfa í þjóðfélaginu. Landnámið hefur gegnt mikilvægu hlutverki og gerir það enn, þó að nú sé að miklu leyti horfið frá þeirri nýbýla- og landnámsstefnu, sem áður birtist í stofnun nýbýlahverfa. Það hefur ætíð unnið og vinnur enn að hagræðingu byggðar í landinu. Stutt er að stofnun nýbýla, þar sem búskaparskilyrði eru góð og landrými er nægt.

Þrátt fyrir stofnun fjölmargra nýbýla með stuðningi Landnámsins á síðustu 20 árum, hefur býlum ekki fjölgað í landinu, þvert á móti hefur þeim fækkað. Fáir, sem til þekkja og skyn bera á málin, munu telja, að sú fækkun hefði mátt vera meiri. Nýbýlastofnanir eru færri en áður, en meira er horfið að því að koma upp félagsrekstri á jörðum, sem geta borið meira en einnar fjölskyldu bú. Slíkur félagsrekstur þykir hafa augljósa kosti og hefur þegar sýnt mjög góðan árangur víða um landið. Nokkuð hefur því létt á verkefnum Landnámsins, og er því eðlilegt, að því verði fengin ný verkefni, *jafnframt því sem það sinnir hinum fyrri*, þar sem hin nýju verkefni eru augljóslega mjög brýn, bæði fyrir landbúnaðinn og þjóðarheildina.

Þessir hlutir, sem hér eru lagðir til, eru líklegir til að verða til enn meiri hagræðingar og til að auka mjög á öryggi landbúnaðarins og þar með að firra hann og ríkið slíkum áföllum, sem dunið hafa yfir á undanförnum árum. Stefnt er að því að hjálpa héruðunum til að hjálpa sér sjálfum, að þeim sé gert kleift að tryggja sig gegn því, að það þurfi að koma til geysidýrra fóðurflutninga á milli fjarlægra landshluta.

Félagsræktun hefur verið framkvæmd á allmörgum stöðum á landinu í allmismunandi formi þó og með mismunandi stuðningi. Hún hefur alls staðar orðið lyftistöng, víða heilla sveita og héraða, og má þar tilnefna ræktun á Skógasandi í Rangárvallasýslu og Sólheimasandi í V.-Skaftafellssýslu, og félagsræktun hefur verið framkvæmd í öllum sveitum A.-Skaftafellssýslu og lánazt mjög vel. Auk þessa er mér kunnugt um félagsræktun á nokkrum stöðum í Þingeyjarsýslum.

Vitað er, að mikill áhugi er fyrir félagsræktun í mörgum þeim sveitum, sem fyrir mestum áföllum hafa orðið að undanförnu vegna kalsins. Það er vitanlega ekki einhlítt, að ekki kali á landi, sem ræktað er í félagsræktun, síður en svo. En það má benda á mörg rök fyrir því, að félagsræktunin geti orðið til bjargar í kalári. Sjaldan eða aldrei kelur svo illa yfir heil héruð, að ekki séu nokkrir hlutar þeirra, heilar sveitir eða sveitarhlutar, sem betur sleppa. Velja má félagsræktun stað, þar sem minnst kalhætta er talin í hverri sveit eða í hverju héraði. Minni kalhætta er á túnum, sem aðeins eru slegin, en aldrei beitt, en þannig yrði í flestum tilfellum með félagsræktunina. Við félagsræktun á samfelldum stórum svæðum nýtast betur tæki, girðingarkostnaður verður minni, heyskapur verður ódýrari á slíkum samfelldum lendum og auðvelt og hagkvæmt er að vinna að honum í samvinnu. Þannig mundi stuðningur við félagsræktun nýtast vel og auka á hagkvæmni framleiðslunnar. Ræktun þessi yrði gerð og nýtt undir eftirliti og á ábyrgð þeirra félaga, sem að henni stæðu. Bændur mundu sjálfir vinna að heyskap.

Í grg. er nokkuð greint frá þeim grasmjölsverksmiðjum, sem í landinu eru nú. Af þeim er ein í eigu ríkisins. Það er Fóður- og fræframleiðslan í Gunnarsholti. Henni hefur verið komið upp án sérstakrar fjárveitingar og án sérstakrar lagaheimildar, en mjög í skjóli Landnámssins. Starfsmenn hennar hafa þegar nokkra reynslu í slíkri framleiðslu. Eðlilegast virðist því, að þessi stofnun verði með lögum bundin Landnámi ríkisins og því verði falin áframhaldandi forusta um þetta af hálfu ríkisvaldsins.

Framleiðslan frá Gunnarsholti og hinum grasmjölsverksmiðjunum hefur reynzt mjög góð, og er mikil ánægja með hana hjá þeim bændum, sem hana hafa reynt. Efnagreiningar sýna, að hraðþurrkað fóður úr íslenzku grasi nálgast erlent kjarnfóður að fóðurstyrkleika. Það liggur á mörkum þess, sem nefnt er gróffóður og kraftfóður. Því mundi geta orðið af því verulegur gjaldeyrissparnaður að framleiða hér meira af grasköglum. Mikill áhugi er á því víða um héruð norðanlands, að þar verði komið upp hraðþurrkunarstöðvum og fóðurvinnslu, og er ekki ólíklegt, að þar geti orðið að nokkru um samvinnufélög að ræða með stuðningi ríkisvaldsins eða samvinnu milli Landnámsins og ræktunarfélaga.

Raktar eru í grg. með till. helztu niðurstöður n., sem kannað hefur þessi mál á vegum Búnaðarþings og skilaði skýrslu til Búnaðarþings 1968. Þar kemur m. a. eftirfarandi í ljós:

Að hraðþurrkun varðveitir fóðurgildi jurtanna svo vel, að fóðrið liggur á mörkum þess að vera talið

gróffóður og kraftfóður. Að meðaltali þurfti 1.4 kg af grasköglum í fóðureiningu af framleiðslu í Gunnarsholti 1968. Með þessari framleiðslu má því spara kraftfóður verulega.

Á Norðurlöndum eru menn farnir að gera sér vonir um, að hraðþurrkun á kögglum geti leyst af hólmi aðrar verkunaraðferðir á fóðri, svo sem útiþurrkun eða votheysgerð. Kostnaður við hana er ekki meiri fram yfir hinar eldri aðferðir en það, sem sparast kynni með ódýrari fóðrun á hinu vélþurrkaða fóðri.

Rúmþyngd köggla er miklu meiri en annars fóðurs úr grasi, og eru þeir því bæði betur fallnir til geymslu og flutninga, vegna þess hve lítið rými þeir taka miðað við fóðurmagn.

Nýjar verksmiðjur hafa yfirleitt farið stækkandi á undanförnum árum og reynast þær hagkvæmari. Eftir yfirlýsingum frá Danmörku og norskum áætlunum virtust þær verksmiðjur hagkvæmastar, sem voru með 8.5 smálesta vatnseimingargetu á klst., en það er u. þ. b. fjórföld stærð verksmiðjunnar í Gunnarsholti. Slíkar verksmiðjur þyrftu mikið land til umráða, eða frá 500—600 hektara.

Framleiðslutími virðist geta orðið svipaður á Suðurlandi og áætlað hefur verið í Noregi, eða um 2000 stundir á ári, en lítlu færri yrðu þær á Norðurlandi, en það mundi sennilega vinnast upp, vegna þess að þurrviðrasamara er í þeim landshluta.

Olíukostnaður reyndist ekki vera meiri hér en á Norðurlöndum, en hann er eða var frá 38—49 aurum á hvert kg framleiðslunnar á árunum 1964—67 miðað við framleiðslu í Gunnarsholti og á Stórólfshvolsvelli. Raforka til framleiðslunnar virtist aftur á móti vera þrisvar til fjórum sinnum dýrari hér en á Norðurlöndum, og má það sannarlega merkilegt teljast.

Fjármagnskostnaðurinn virtist allt að því helmingi hærri hér en á Norðurlöndunum, en rök voru leidd að því, að hann gæti lækkað mikið með hagkvæmari verksmiðjustærðum og betri nýtingu þeirra.

Búnaðarþing 1968 ályktaði í málinu og hvatti til áframhaldandi athugana og síðar til framkvæmda og á síðasta Búnaðarþingi var samþ. eftirfarandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta.

„Búnaðarþing telur það þjóðarnauðsyn að efla framleiðslu landsmanna til útflutnings og gera hana fjölþættari. Enn fremur leggur Búnaðarþing sérstaka áherzlu á, að öll sú framleiðsla í landinu, sem dregur úr innflutningi, verði efld með öllum tiltækum ráðum. Búnaðarþing vill í þessu sambandi benda á eftirfarandi:

1. Að heykögglaverksmiðjan „Fóður og fræ", sem rekin hefur verið í tengslum við Landnám ríkisins, verði efld, þar sem reynsla bendir ótvírætt til, að með notkun heyköggla megi spara erlenda fóðurvörur til verulegra muna.

2. Jafnframt lítur Búnaðarþing svo á, að nú þegar beri að gera áætlanir um staðsetningu kögglaverksmiðja, sem reistar væru með tilliti til hæfilegra flutningaleiða fyrir notendur framleiðslunnar og þess jafnframt gætt, að þeir staðir væru valdir, sem ætla má að verði áfallaminnstir í ræktun og árlegum rekstri. Þá skuli sérstaklega athuga leiðir til úrbóta, þar sem öflun heyfóðurs er erfið og kal hefur eyðilagt stórlega tún bænda undanfarin ár.

3. Þá telur Búnaðarþing nauðsynlegt, að hafnar verði á komandi hausti fóðurtilraunir með heyköggla, svo sýnt verði, að hve miklu leyti þeir geta komið í staðinn fyrir kolvetnisauðugan fóðurbæti.

4. Að Landnám ríkisins beiti sér fyrir ræktun á eignarlandi sínu sem víðast um landið og kaupi land í þessu skyni sem næst þeim byggðarlögum, sem hafa of lítið ræktanlegt land á jörðum sínum, og yrði landið leigt til bænda á félagslegum grundvelli, og gæti það síðar orðið undirstaða undir heykögglaframleiðslu.

5. Búnaðarþing felur því stjórn Búnaðarfélags Íslands að vinna að því við landbrh. og í fullu samráði við Landnám ríkisins, að útvegað verði nauðsynlegt fjármagn í þessu skyni og breytingar á lögum og setningu laga, ef þurfa þykir, sem geri Landnámi ríkisins kleift að annast þau verkefni, sem lúta að aukinni heykögglaframleiðslu."

Með þessu kemur greinilega í ljós, hver vilji Búnaðarþings er í þessu máli.

Varðandi þá tilhögun, sem hér er lögð til að verði höfð á skipun n., ef till. nær fram að ganga, vil ég aðeins geta þess, að það er mjög í samræmi við það, sem áður hefur tíðkazt í sambandi við setningu landbúnaðarlöggjafar. Það er það almenna, að það hafa verið fulltrúar frá þessum samtökum bænda, sem að lagasamningu hafa unnið.

Um nauðsyn fóðurforðabúra er þess að geta, að það er ýmislegt, sem þar kemur til greina, og sennilega er ekki búið að benda á hagkvæmustu lausnir varðandi fjármagnsþörf fyrir þau. En þetta er hugmynd, sem mjög hefur verið uppi, og er því eðlilegt, að hún verði tekin til athugunar af n. Að sjálfsögðu koma fleiri atriði til greina við endurskoðun landnámslaganna, svo sem verulegar skipulagsbreytingar, ef þær þykja stefna til meiri hagkvæmni.

Ég vil að lokum draga hér saman aðalatriðin í þessu máli. Það er lagt til, að n. verði skipuð fulltrúum þeirra aðila, sem mestra hagsmuna hafa hér að gæta, bændanna og ríkisins, og n. endurskoði landnámslögin. Lögð er áherzla á, að Landnáminu verði með lögum fengin ný verkefni, sem brýnt er, að unnið sé að, bæði frá hagsmunasjónarmiði bænda og þjóðarheildarinnar. Nefnd eru sérstaklega þessi verkefni:

Aukinn stuðningur við félagsræktun, þar sem hún er líkleg til að vera hagkvæm og til aukins öryggis í fóðuröflun og þar sem hennar er þörf.

Að Landnáminu verði falið að hafa forustu um að veita stuðning við heykögglaverksmiðjur og fóðurframleiðslu úr hráefni, sem hér má rækta eða vinna á annan hátt.

Loks verði stefnt að fóðurbirgðastöðvum, ef heppilegar leiðir finnast til að koma þeim upp.

Þessi atriði stefna að hagkvæmari og öruggari landbúnaðarframleiðslu, sem yrði í auknum mæli innlend, og þar með yrði þetta til gjaldeyrissparnaðar.

Herra forseti. Ég legg til, að till. þessari verði að umr. lokinni vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til allshn. með 42 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

33. Hráefnaskortur síldarverksmiðjanna.

Á deildafundum 27. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sérstakar ráðstafanir vegna hráefnaskorts síldarverksmiðjanna [199. mál] (A. 404).

Á 39. og 40. fundi í Sþ., 9. og 16. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Sþ., 18. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fyrirsögn þessarar till. er till. til þál. um sérstakar ráðstafanir vegna hráefnaskorts síldarverksmiðjanna. Mér er ljóst, að fyrirsögn till. orkar í rauninni tvímælis. Mætti raunar alveg eins kenna till. við fiskileit og fiskirannsóknir. En okkur flm. þótti rétt að hafa fyrirsögnina einmitt á þessa lund til þess að vekja sérstaka athygli á þessu viðfangsefni og þá því, hversu gífurlegir afkastamöguleikar eru ónotaðir í vinnslustöðvum sjávarútvegsins, þar sem um er að ræða afkastagetu síldarverksmiðjanna.

Till. er á þá leið, að Alþ. ályktar að kjósa 5 manna n., er undirbúi í samráði við Hafrannsóknastofnunina till. um skipulagða og samræmda fiskileit, rannsóknir og veiðarfæratilraunir í því skyni að auka veiðar á bræðslufiski og gera þær veiðar fjölþættari.

Ég get, þegar ég mæli fyrir þessari till., að nokkru leyti vísað til þeirrar ræðu, er ég flutti áðan, þegar ég mælti fyrir till. þeirri, er Tómas Árnason flytur á þskj. 151. Þar er rætt um einn þátt þessa máls, þ. e. a. s. um loðnuveiðina, um athuganir vegna loðnunnar, og eins og ég reyndi að gera grein fyrir þá, er það verkefni þannig vaxið, — það er það mikið vitað um loðnuna, hennar lifnaðarhætti og hennar göngur, — að það á að mínum dómi að vera unnt að skipuleggja nú þegar leit og rannsóknir á því sviði. En möguleikar í þessu efni eru sem betur fer víðtækari og þeir eru á fleiri sviðum. Það er um fleiri fiskistofna að ræða en loðnu eina, sem hægt ætti að vera að afla til vinnslu í bræðslum hér á landi. En um það gegnir öðru máli. Þegar loðnunni sleppir, þá er hér um að ræða verkefni, sem ekkert hefur verið sinnt. Ég álít, að þar þurfi töluverðan tíma til undirbúnings, áður en hægt er að hefja aðgerðir á þeim vettvangi.

Ég vil aðeins minna á 3 fisktegundir, sem talið er, að unnt sé að veiða til nytja til vinnslu í bræðslum hér við land. Styðst ég þá við upplýsingar, sem fram koma í þeirri grein dr. Jakobs Jakobssonar fiskifræðings, í 3. hefti Ægis þessa árs, sem ég vitnaði nokkrum sinnum til, þegar ég mælti fyrir till. um loðnuleitina áðan.

Fyrst þessara 3 tegunda vil ég nefna spærlinginn. Hans hefur oft orðið vart hér við suður- og suðvesturströndina. Af þessum fiski er mikil mergð í hafi. Hann er hins vegar, gagnstætt loðnunni, hlýsjávarfiskur og heldur sig mest í hafinu hér suður undan, en kemur upp að landinu til að hrygna. Hann hefur ekki verið veiddur hér svo teljandi sé. Hins vegar hefur þessi fiskur verið mikið veiddur annars staðar og er m. a. mikið veiddur á Norðursjávarsvæðinu. Það mætti auðvitað í nokkuð lengra máli greina frá lifnaðarháttum þessa fisks með tilvísun í það, sem fræðimenn segja um hann, en ég skal ekki lengja mál mitt með því að neinu ráði. Það hefur oft orðið vart við spærlinginn hér við Suður- og Suðvesturlandið, en í misjafnlega miklum mæli, stundum í mjög stórum torfum, en stundum nokkru minni. Það er talið alveg tvímælalaust, að s. l. haust hafi hann verið veiðanlegur, en þá fundust stór torfusvæði eitthvað um 100 sjómílur vestsuðvestur af Garðskaga. Það er álitið, að þá hefði verið heppilegast að nota hringnót við veiðarnar, en einnig er talið víst, að oft geti verið hentugt að veiða hann í vörpur og þá einkum í flotvörpur, en á Norðursjávarsvæðinu mun hann oft hafa verið veiddur í botnvörpu. Þetta allt þyrfti auðvitað að kanna rækilega áður en hægt væri að snúa sér að því að nýta þennan fisk. En hann er sem sagt einkum á ferðinni við suður- og suðvesturströndina.

Þá vil ég nefna sandsílið. Það er, gagnstætt loðnu og spærlingi, fyrst og fremst grunnsjávarfiskur. Það er álit fiskifræðinga, og það er reyndar alkunna, að sandsílið er víðs vegar í kringum landið. Og það er álit þeirra, að það sé veiðanlegt víðs vegar í kringum landið og á breytilegum árstímum. Það er einnig álitið, að við veiðar á sandsíli mundi henta minni bátastærð heldur en notuð er við síldveiðar, fyrst og fremst vegna þess hve sandsílið er nærri landi.

Þá vil ég í þriðja lagi nefna kolmunnann. Þessi fiskitegund hefur ekki verið vinsæl af sjómönnum. Hún er oft á ferðinni eins og kunnugt er, á sömu slóðum og síldin, og það hentar ekki að veiða hana í sömu veiðarfæri og notuð eru við síldveiðar. Þvert á móti er kolmunni hinn versti vágestur í síldarnót-

inni. Kolmunninn er úthafsfiskur líkt og loðnan, og það er talið, að af honum sé mikil mergð. Hann er, gagnstætt spærlingnum, einkum við Norðaustur-, Austur- og Suðausturland og á öðrum árstíma heldur en spærlingurinn gengur upp að landinu.

Þessi örfáu atriði, sem ég hef tekið hér fram varðandi þessar fiskitegundir, gefa til kynna, hversu þarna er um fjölbreytta möguleika að ræða. Bæði það, að tvær af þessum tegundum eru sín við hvort landshornið og sín á hvorum árstíma og ein víðs vegar kringum landið. Sumar mætti hugsa sér að veiða á djúpsævi og þyrfti þá stærri skip, en sandsílið á grynnra vatni fyrir þau smærri. Þetta gefur nokkuð til kynna um, hversu mikla fjölbreytni þarna gæti verið um að ræða. Án þess að ég ætli að fara að endurtaka nokkuð af því, sem ég sagði hér áðan, þegar ég mælti fyrir till. Tómasar Árnasonar um rannsókn á loðnunni, þá vil ég bara undirstrika það og árétta, að til þess að unnt væri að hagnýta þessa möguleika, verður að fara fram hörkuleit og nauðsynlegar rannsóknir og veiðarfæratilraunir. Öðruvísi verða þessi hráefni ekki nýtt.

Menn hafa sjálfsagt ekki haft trú á því, áður en síldveiðar byrjuðu í úthafi, eftir að þær höfðu verið stundaðar hér áratugum saman eingöngu á heimaslóðum — þegar síldin var komin í kallfæri, ef svo mætti segja, — að Íslendingar ættu eftir að veiða síld með svo góðum árangri við þau skilyrði, sem síldin hefur lengstum verið veidd við á þeim árum, sem síldarævintýrið átti sér stað. Menn hefur þá áreiðanlega ekki órað fyrir því svona yfirleitt, þó að þeir framsýnustu hafi kannske látið sig dreyma um það. Þess vegna held ég, að menn verði einnig að athuga þessa möguleika gaumgæfilega. Við hljótum að taka nokkurt tillit til þess, sem okkar reyndu og vísu fiskifræðingar hafa til þessara mála að leggja. En niðurstöður dr. Jakobs Jakobssonar af því, sem hann segir um þessar þrjár fiskitegundir, eru raunar alveg hinar sömu og ég rakti hér áðan varðandi loðnuna, að mjög miklar líkur séu til þess, að þær allar geti verið veiðanlegar hér við land að því marki, að til stórnytja geti orðið. Í þessum till. báðum er eingöngu fjallað um það, sem sumir hafa kallað bræðslufisk, þ. e. a. s. um þær tegundir, sem yfirleitt eru nýttar á þann hátt. Nú er það með sumt af þeim, t. d. loðnuna, að það er möguleiki að nýta þær á annan hátt og gera þær verðmætari. Það er hugsanlegt að frysta loðnu, það hafa verið gerðar tilraunir með það, og Japanir hafa áhuga fyrir að kaupa hér loðnu. Þetta er auðvitað mál, sem þarf mjög að athuga. Það eru hins vegar ýmis vandkvæði á því að uppfylla þeirra óskir í því sambandi. Þeir vilja helzt fá loðnuna á alveg ákveðnu stigi með tilliti til hrygningar, þ. e. þegar hún er alveg við það að hrygna. Það er vegna hrognanna, sem hjá þeim eru mikil verðmæti. Þetta veldur því, að það eru mikil vandkvæði á að fullnægja þeirra óskum. En þetta verður auðvitað að skoða. Og ég vil láta það koma fram, að þó að þessar tvær till. fjalli eingöngu um bræðslufiskinn, um öflun hráefnis handa síldarverksmiðjunum, þá er það ekki vegna þess, að flm. sé ekki ljóst, að við verðum einnig að leggja mikla áherzlu á að afla hinna dýrari fiskitegunda, vera vakandi fyrir þeim nýjungum, sem til greina geta komið á því sviði. Það er bara annað mál. En ég vil láta það koma alveg skýrt fram, að þetta er okkur vitanlega mjög vel ljóst. Það á ekki neitt að þurfa að draga úr aðgerðum varðandi þau mál, þó að hér sé dregin fram ótvíræð nauðsyn þess að nýta þær auðlindir, sem kunna að vera faldar í þessum fiskistofnum, sumpart í meira mæli en áður, samanber loðnuna, og öðrum alveg að nýju til hagsbóta fyrir þjóðarbúið og afla þann veg hráefnis handa hinum afkastamiklu verksmiðjum. Það á ekki á neinn hátt að draga úr hinu, þó að hér sé lögð áherzla á þetta mál og bent á það sem við teljum, að gera þurfi í því sambandi. Það getur vel farið svo, að jafnvel fljótlega komi það upp á daginn, að unnt verði að fylgja loðnunni eftir eða því sem næst og þá hópist skipin á loðnuveiðar í meiri mæli en æskilegt væri með tilliti til fjölbreytni í sjávarútveginum. Og það getur vel verið, að það fari svo um það er lýkur, að við neyðumst til þess að taka upp ákveðna skipulagningu í sambandi við fiskiveiðar Íslendinga. Það getur vel farið svo. Ég veit að slíkri skipulagningu mundu fylgja ýmsir annmarkar. En það kann að reka að því, að það verði óhjákvæmilegt, og þá verður að taka því. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, að það þurfi með einum eða öðrum hætti að vinna að einhverri ákveðinni skipan þeirra mála. En það er utan við efni þeirrar till., sem hér liggur fyrir og ég er að mæla fyrir.

Ég vil að lokum aðeins árétta það og undirstrika, að flm. þessarar till. telja ekki forsvaranlegt annað en gefa gaum að þeim möguleikum, sem hér kunna að vera fyrir hendi. Till. er ekki um annað en að setja af stað athugun í þessu máli og undirbúa till. um skipulagða og samræmda leit, rannsóknir o. s. frv., og ég vona, að hv. alþm. geti orðið okkur sammála um að láta slíka athugun fara fram.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn. Þó má vera, að hún eigi fremur heima í allshn., en forseti tekur það til athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

34. Flutningur afla af miðum og hafna á milli.

Á deildafundum 27. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um flutning afla af miðum og hafna á milli [200. mál] (A. 407).

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40., 41. og 43. fundi í Sþ., 16., 18. og 23. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Við höfum hér 4 þm. Austfjarða flutt svo hljóðandi till. til þál. á þskj. 407:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka og gera till. um, hversu skipuleggja megi flutninga sjávarafla af fiskimiðum og hafna á milli með það fyrir augum að nýta sem bezt afkastagetu veiðiskipa og fiskvinnslustöðva og stuðla að betri meðferð aflans og jafnari atvinnu."

Við Íslendingar, sem lengi höfum verið fiskveiðiþjóð og stundum í forustusæti, höfum að sjálfsögðu lagt mikla fjármuni í veiðiskip okkar og vinnslustöðvar sjávaraflans. Það er lýðum ljóst, að það varðar miklu fyrir alla, fyrir þjóðarhag og fyrir atvinnuna á hinum ýmsu stöðum og afkomu fólksins þar, að afkastageta þessara tækja, bæði fiskiskipanna og fiskvinnslustöðvanna, nýtist sem allra bezt. Rekstrarerfiðleikar hraðfrystihúsa eru t. d. taldir stafa að mjög miklu leyti af því, að þessar vinnslustöðvar hafa ekki fengið nægilegt hráefni, ekki nægileg verkefni. Árlegur starfstími þessara vinnslustöðva hefur verið allt of stuttur. Það er einnig augljóst og hefur komið ákaflega greinilega fram, eftir að farið var að stunda síldveiðar út í reginhafi, að það rýrir einnig stórkostlega afkastagetu og afköst veiðiskipanna að þurfa að sigla með aflann mjög langa vegu til hafnar. Það er og kunnara en frá þurfi að segja, að í mörgum sjávarplássum er tímabundið atvinnuleysi vel þekkt fyrirbrigði. En stundum hagar þannig til, að á þeim tíma, þegar lítið eða ekkert er að gera á tilteknum svæðum á landinu, þá er aftur á móti uppgripaafli og þar með yfirfljótanleg atvinna í öðrum landshlutum og það jafnvel að því marki, að varla hefst undan og dýrmætt hráefni skemmist og verður að verðminni vöru, heldur en þyrfti að vera, ef nægir möguleikar væru til þess að vinna það nægilega hratt.

Hér við land hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að bæta úr þessu með rekstri flutningaskipa. Þær tilraunir hafa að ég held eingöngu verið bundnar við síldveiðarnar. Þetta hafa verið stakar tilraunir gerðar af einstökum aðilum, en það hefur ekki verið um að ræða neinar samræmdar heildaraðgerðir á þessum sviðum. Mér er ekki kunnugt um, að veruleg athugun hafi farið fram á því, hvort hagkvæmt kynni að vera að taka upp flutninga af miðum og milli hafna í stærri stíl, heldur en gert hefur verið til þessa.

Það er vitað, að Norðmenn, sem einnig eru mikil fiskveiðiþjóð og hafa um sumt líkar aðstæður og við, hafa komið á hjá sér skipulegum aðgerðum í þessu efni. Þeirra flutningar eru ekki eingöngu miðaðir við að flytja bræðslufisk eins og hér, en þó eru þeir flutningar framkvæmdir þar í mjög stórum stíl. T. d. mun hafa verið beitt við flutninga á loðnu suður á bóginn frá aðalveiðisvæðunum eitthvað 7—8 þús. lesta flutningaskipastóli á þessu ári. En þeir hafa einnig framkvæmt flutninga á bolfiski, á vinnslufiski, t. d. þorski og makríl.

Nú má vel vera, að við höfum hér ekki aðstöðu til þess að koma við slíkum flutningum á sama hátt og Norðmenn, vegna þess að ekki sé um að ræða nægilega mikið magn, sem æskilegt væri eða eðlilegt að flytja til með sérstökum flutningaskipum, ég skal ekkert um það fullyrða. En mér sýnist einsætt með tilliti til þess, hvað þarna er um mikið hagsmunamál að tefla varðandi atvinnu fólksins og nýtingu vinnslustöðva og skipaflotans og hins vegar það, ef takast mætti að bæta meðferð hráefnisins, að hér sé um svo stórt mál að ræða, að það væri a. m. k. mjög eðlilegt, að fram yrði látin fara heildarathugun á þessum málum og þá m. a. með hliðsjón af þeirri takmörkuðu reynslu, sem hér hefur fengizt og einnig þeirri reynslu, sem fengizt hefur hjá nálægum þjóðum og þá fyrst og fremst Norðmönnum.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 46. fundi í Sþ., 2. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

35. Rannsókn sjóslysa.

Á deildafundum 15. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um rannsókn sjóslysa [213. mál] (A. 456).

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. og 43. fundi í Sþ., 18. og 23. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 456 flyt ég ásamt hv. 5. þm. Reykn. og hv. 4. landsk. þm. svo hljóðandi þáltill.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum um rannsókn sjóslysa á þann veg, að gert verði ráð fyrir, að sérstök rannsóknarnefnd annist sjóslysarannsóknir að öðru leyti en því, að sjó- og verzlunardómur á einstökum stöðum á landinu sjái um rannsókn hinna smávægilegri sjóslysa.

N. þessi dragi saman allar þær upplýsingar, sem unnt er að afla við rannsókn sjóslysa, og miðli þeirri vitneskju jafnan til sjómanna, sjómannaskóla, útgerðarmanna og annarra aðila, sem málið varðar."

Ástæðan til þess, að þessi þáltill. er flutt, er sú, að við flm. teljum, að með þeim hætti, sem nú er á hafður um rannsókn sjóslysa, skorti á, að þau mál séu tekin nægilega föstum tökum, einkum vegna þess að enginn einn aðili hefur með höndum rannsókn allra sjóslysa. Samkvæmt núgildandi lögum er rannsókn sjóslysa í höndum dómenda í hinum ýmsu sjó- og verzlunarþinghám í landinu, og ákvæði um rannsókn slíkra slysa er að finna í a. m. k. þrem lagabálkum. Í fyrsta lagi segir í lögum um meðferð einkamála í héraði, að hafi skip farizt, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skuli rannsókn venjulega fara fram þar, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess. En hafi skip farizt, skuli rannsókn fara þar fram, sem hallkvæmast þyki.

Í öðru lagi er í siglingalögum ákvæði um skyldu skipstjóra til að tilkynna yfirvaldi og gefa um það skýrslu, ef maður slasast á skipi eða ferst voveiflega af skipi eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum.

Þá er í þriðja lagi í lögum um eftirlit með skipum ákvæði um siglingadóm, sem m. a. skal dæma og eftir atvikum rannsaka refsimál, sem höfðuð eru vegna sjóslysa.

Augljóst ætti að vera, að með því að dreifa svo á hendur dómenda í sjó- og verzlunardómum hvarvetna á landinu rannsóknum á þeim sjóslysum, sem henda á hinum ýmsu stöðum, fæst ekki sá árangur af samanburði á ýmsum tilvikum, búnaði skipa og viðbrögðum áhafna, sem búast mætti við, ef einn aðili, sérstök rannsóknarnefnd, rannsakaði öll sjóslys önnur en þau smávægilegustu. Þegar í þáltill. þessari er getið um, að rannsóknir smávægilegra slysa ættu áfram að vera í höndum sjó- og verzlunardóma á einstökum stöðum, er einkum haft í huga, að vegna krafna um slysadagpeninga eða aðrar slíkar bætur getur þurft að fara fram rannsókn atvika í sambandi við slys, jafnvel þótt um minni háttar meiðsl einstakra skipverja sé að ræða. Slíkar skýrslugerðir má telja eðlilegt, að séu framkvæmdar á hinum ýmsu stöðum, en þó yrði það jafnan að vera réttur hinnar sérstöku rannsóknarnefndar, sem hér er lagt til, að taki almennt við rannsókn sjóslysa, að rannsaka hvert það sjóslys, sem hún teldi ástæðu til og að sjálfsögðu öll meiri háttar slys. Rannsóknir sjó- og verzlunardóma, eins og þær hafa tíðkazt til þessa, virðast fyrst og fremst hafa miðazt við að leiða í ljós, hvort um saknæma óaðgæzlu hafi verið að ræða við slys, en minna hefur verið hirt um þau atriði, sem varðað gætu slysavarnir, enda skortir venjulega allt samhengi við önnur sambærileg slys, sem e. t. v. hafa verið rannsökuð annars staðar af öðrum sjódómi.

Enginn vafi er á því, að með því að færa rannsóknir allra sjóslysa annarra en hinna smávægilegustu til eins aðila, sérstakrar rannsóknarnefndar, sem safnar allri reynslu á einn stað, ættu að aukast mjög líkur á, að árangur rannsóknanna gæti leitt til þess, að draga megi úr hættu á slysum, sem verða af hliðstæðum orsökum og hafa legið til slysa, sem áður hafa verið rannsökuð. Skip, sem smíðuð eru eftir sömu teikningu og skráð eru á ýmsum stöðum á landinu, hafa farizt eitt af öðru án eðlilegra orsaka. Þessi slys eru síðan eftir núgildandi lögum rannsökuð hvert fyrir sig af sjódómi í þeirri þinghá, þar sem skipið var skráð, án þess að samhengi sé á milli og sams konar skip, sem enn kunna að fljóta, eru því ekki tekin úr umferð eða til sérstakrar rannsóknar. Fjöldamörg ný og stór skip úr flota okkar hafa farizt undanfarin ár, án þess að fullnægjandi skýringar hafi verið leiddar í ljós. Skip hafa farizt að afstaðinni endurbyggingu og breytingum í bærilegasta veðri, þótt þau hafi staðizt hin verstu veður, áður en þeim var breytt og margt mætti til tína til staðfestingar því, að nauðsynlegt er að tryggja, að mál þessi verði tekin fastari tökum en nú er gert, þegar rannsókn sjóslysa er í höndum hinna ýmsu sjódóma.

Eins og rakið er í grg. með þessari þáltill., eru ákvæði um rannsóknir vegna flugslysa strangari að ýmsu leyti, og sýnist full ástæða til að setja sambærileg ákvæði í lög um rannsókn sjóslysa. Í lögum um loftferðir segir m. a., að rannsókn skuli hefja ekki aðeins ef um er að ræða flugslys, heldur einnig, ef legið hefur við flugslysi eða ástæða er til að ætla, að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna. Í lögum um loftferðir segir og, að í skýrslu rannsóknarnefndar skuli gerð grein fyrir orsök flugslyssins, auk þess sem þar skulu gerðar till. um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum.

Með flutningi þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, er einmitt ætlunin að stuðla að þeim breytingum á l., sem fjalla um rannsókn sjóslysa, svo að betur megi takast að gera varúðarráðstafanir til þess að afstýra því, að sjóslys verði af sömu eða líkum orsökum og valdið hafa þeim slysum, sem sú n., sem tæki við rannsókn allra sjóslysa, hefði fjallað um. Slík rannsóknarnefnd, sem rannsakaði öll sjóslys, mundi safna á einn stað allri þeirri reynslu, sem

unnt væri að afla um sjóslys, orsakir þeirra og möguleika á því að hindra þau. N., sem þannig starfaði og dræg saman alla þá vitneskju, sem unnt er að afla við rannsókn sjóslysa, ætti svo einnig að hafa það hlutverk að miðla þeirri reynslu til þeirra, sem mestu varðar að njóti hennar, til sjómanna, sjómannaskóla, útgerðarmanna, skipasmiða og fleiri aðila.

Hin harða sjósókn Íslendinga kostar jafnan miklar fórnir, bæði mannslíf og eignir. Okkur ber því skylda til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem geta dregið úr þeirri áhættu, sem svo harðri sjósókn fylgir.

Við flm. væntum þess, að þær breytingar, sem hér er lagt til, að gerðar verði varðandi rannsókn sjóslysa, geti orðið spor í þá átt að draga úr sjóslysum, og vænti ég þess því, að hv. alþm. styðji þessa till. og legg svo til að lokum, herra forseti, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 2. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

36. Rafmagnsmál sveitanna.

Á deildafundum 22. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rafmagnsmál sveitanna og verðjöfnun á rafmagni [225. mál] (A. 512).

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Á þskj. 512 höfum við 6 alþm. flutt svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj.:

1) Að gera 3 ára áætlun um rafvæðingu þeirra byggða, sem hafa ekki fengið rafmagn frá samveitu í árslok 1969 og hafa að meðaltali eigi meira en 2 km á milli býla, fjarlægðir á milli hreppa umfram, 2 km frá býli til býlis, skal eigi reikna með, þegar meðaltal er fundið.

2) Að láta fara fram athugun á því, á hvern hátt hagkvæmast sé fyrir þá bændur að afla sér rafmagns, sem verða utan þeirra svæða, er falla undir 1. tölulið.

Áætlun samkv. 1. tölulið og niðurstöður athugana samkv. 2. tölul. verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Þegar framkvæmdir hófust við dreifingu rafmagns um sveitir eftir fyrstu áætluninni, sem um það var gerð, má segja, að snúizt hafi verið við því mikla máli af töluverðum stórhug. Vegna aðstæðna allra hér á landi, fjarlægða og margháttaðra staðbundinna erfiðleika var það vissulega í mikið ráðizt fyrir svo fámenna þjóð sem Íslendinga að ætla sér á tiltölulega stuttum tíma að dreifa rafmagni frá samveitum um mestan hluta hins stóra og strjálbýla lands. Á þeim árum, sem síðan eru liðin, hafa að meðaltali verið tengd sem næst 200 sveitabýli árlega. Það dró úr framkvæmdahraða á s. l. ári, þó ekki meira en stundum hafði verið áður, því að þetta var nokkuð breytilegt frá ári til árs, en á s. l. ári voru um 130 sveitabýli tengd. Hið alvarlegasta í þessum málum, eins og þau horfa við í dag, er, að nú lítur út fyrir, að stórkostlega dragi úr hraða við þessar framkvæmdir. Nú eru þau býli, sem ekki hafa fengið rafmagn frá samveitum, eitthvað á milli 1300—1400. Það hefði auðvitað verið hin mesta nauðsyn, að í stað þess að draga úr framkvæmdahraða nú, hefði verið reynt að gera lokaátak að svo miklu leyti, sem við varð komið, til þess að tengja samveitunum það, sem eftir var af landsbyggðinni. En nú horfir þannig eftir þeim upplýsingum, sem gefnar eru í Orkustofnuninni, að með svipuðu fjármagni og ætlað er til nýrra héraðsveitna í ár, verði framvegis ekki tengd nema um 70 býli á ári. Við viljum ekki una þessari þróun, flm. þessarar þáltill.

Það er einnig vert að leggja áherzlu á, að auk þess, sem við teljum, að hraða þurfi framkvæmdum, þá teljum við einnig nauðsynlegt, að gerð sé heildaráætlun um það, sem eftir er að gera í þessum málum. Af mörgum ástæðum er það mjög nauðsynlegt fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli, að þeir fái að vita, hvers er að vænta í þessu efni. Sannleikurinn er sá, að þeir eru sjálfsagt fáir, sem geta hugsað sér það, eins og nú er komið, að vera án rafmagns til langframa. Þess vegna er það, að þeir, sem úrskurðaðir yrðu utan samveitusvæða miðað við þá tækni, sem nú er yfir að ráða í dreifingu rafmagns, hlytu þá að gera sínar ráðstafanir, sínar áætlanir, og annaðhvort snúa sér að því með öðrum hætti að afla sér raforku ellegar þá e. t. v. að undirbúa búferlaflutning fyrr eða síðar.

Að undanförnu, þegar gerðar hafa verið áætlanir um dreifingu rafmagns um hinar ýmsu sveitir og sveitahluta, hefur verið fylgt þeirri reglu að telja með meðalfjarlægð á milli býla fjarlægðir á milli sveita, og sveitahluta, ef stórar eyður eru í byggð einstakra sveitarfélaga. Af þessu leiðir það að sjálfsögðu í ýmsum tilfellum, að byggðahverfi, sem eru nokkuð þéttsetin og eru þess vegna innbyrðis tiltölulega vel og kannske ágætlega til þess fallin að dreifa um þau raforku, lenda utan við alla ramma og alla áætlanagerð, vegna þess að einhvers staðar er eyða í byggðina, oftast á milli sveitarfélaganna.

Nú er það auðvitað matsatriði, hvað á að gera í svona tilfelli. En við lítum svo á, flm. þessarar till., að þetta mál þurfi vel að skoða og það megi alls ekki slá því föstu án nánari athugunar, að öll þau svæði, sem þannig er ástatt um, skuli verða án rafmagns frá samveitu. Við lítum svo á, að þar geti vel komið til greina í mörgum tilvikum og þá ekki síst, þegar kannske þéttsetin og blómleg svæði eru að baki fjallsins eða heiðarinnar, þá geti komið til greina, að af almannafé sé veittur sérstakur stuðningur til þess að brúa þetta bil.

Það má vera, að einhverjir telji þetta ábyrgðarleysi. En ég vil leyfa mér að minna á, að lagning eins km í héraðsveitu er þó ekki meira fyrirtæki en svo, að km í héraðsveitu kostar þetta frá 117 þús. kr. og upp í 155 þús. kr. Þetta er að vísu meðaltal og getur eitthvað breytzt, eftir því hvernig línustæðið er, en varla stórkostlega. Mismunur þessara tveggja talna liggur í því, að undir sumum kringumstæðum er jörð notuð til leiðslu í staðinn fyrir einn vírinn, en aftur nokkru dýrara, ef hinn hátturinn er hafður á, að nota vír eingöngu til flutnings. En við teljum, að þetta atriði þurfi að skoða vel og það sé alls ekki rétt að útiloka að óathuguðu máli heil og oft kannske blómleg byggðahverfi vegna þess eins, að svona hagar til.

Ég vil líka láta það koma fram, að ég er mjög óánægður með þann hátt, sem nú er hafður á, þegar ákvarðað er, hvaða sveitir og sveitahlutar geti komið til greina eða verði teknir í fremstu röð. Ég hef sérstaklega í huga eina þéttbyggða og ágæta sveit á Austurlandi, Vopnafjörðinn. Þar hefur svæðinu í uppsetningunni hjá Orkustofnuninni verið skipt í þrjá hluta. Stærsti hlutinn (25 býli), er undir 1.5 km, annar með 7 bæi og 2 km meðalfjarlægð, en sá þriðji með 8 bæi og 1.97 km. En ef þetta er tekið sem ein heild, kemur ekki út meðalfjarlægð nema rétt rúmlega 1½ km eða 1.55. Ég vil láta koma alveg skýrt fram, að þetta tel ég óeðlileg vinnubrögð. Ég tel þetta rangt, og mér finnst, að með þessu sé eins og verið að torvelda hinum strjálli svæðum að fá tengingu.

Ég skal ekki fjölyrða mikið meira um þessa till. Ég vil þó segja, varðandi þau tímamörk, sem eru sett í niðurlagsorðum, þar sem segir, að áætlun samkvæmt 1. tölulið og niðurstöður athugunar samkvæmt 2. tölulið verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ., þá er það skoðun okkar flm., að Orkustofnunin hafi það mikil gögn í sínum fórum, að henni eigi að vera það mögulegt að gera slíka áætlun á þetta stuttum tíma. Eftir því, sem ég kemst næst, þá hefur hún í sínum vörzlum uppdrætti yfir sérhverja sveit í landinu og ætti þess vegna að geta unnið þetta mál á tiltölulega stuttum tíma. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að þessi till. er ekki, þó samþ. yrði, endanleg ákvörðun Alþ. um framkvæmdahraðann, heldur er till. um það, að athugun verði gerð og áætlun sett upp, sem Alþ. tæki síðan til meðferðar og ákvarðaði þá með hversu miklum hraða málið yrði unnið. En við leggjum mikla áherzlu á þá nauðsyn að fá þessa áætlun gerða og málið þannig sett upp, að aðgengilegt verði fyrir þm. að meta og gera það upp við sig, hvað þeir telja unnt að gera.

Það er staðreynd, að þrátt fyrir íslenzka staðhætti, fámennið og strjálbýlið og hinar miklu vegalengdir, þá hafa þó Íslendingar tekið sér fyrir hendur að koma síma, útvarpi og sjónvarpi um gjörvallt landið. Ég vil nú rétt aðeins skjóta því hér inn í, að það er vissulega nöturlegt, að þegar sjónvarpið dreifist um landið, þá kemur það upp æði víða, að það eru heil byggðahverfi sem ekki eiga þess kost að nota sjónvarp, vegna þess að þau hafa ófullnægjandi eða ekkert rafmagn. En sem sagt, Íslendingar hafa þrátt fyrir allt tekið sér þetta fyrir hendur og einnig hitt, að tengja sérhvert byggt ból á landinu akvegakerfinu. Og það var áreiðanlega ætlun löggjafans á sínum tíma, þegar áætlanir voru settar um dreifingu raforkunnar, að einnig hún skyldi ná til allra landsmanna. Þess vegna er það í fyllsta samræmi við þá stefnu, að þetta mál verði tekið til rækilegrar skoðunar og menn reyni svo að gera það upp við sig, hvað hægt er að gera.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 46. fundi, 2. maí, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

37. Málefni heyrnardaufra.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um málefni heyrnardaufra [229. mál] (A. 520).

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

Á deildafundum 29. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum [235. mál] (A. 565).

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

39. Varnir gegn sígarettureykingum.

Á deildafundum 2. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um varnir gegn sígarettureykingum [243. mál] (A. 621).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

40. Byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis [245. mál] (A. 648).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

41. Kaup og útgerð verksmiðjutogara.

Á 14. fundi í Sþ., 21. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Till. til þál. um athugun á kaupum og útgerð verksmiðjutogara [76. mál] (A. 95).

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Nd., 26. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Haraldur Henrýsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr. og flutt er af mér og hv. 1. þm. Norðurl. e., 4. þm. Vestf., 9. landsk. þm. og 4. landsk. þm., fjallar um það, að ríkisstj. taki þátt í athugunum á hugsanlegum kaupum og útgerð verksmiðjutogara. Hún er fram komin af því tilefni, að frá því hefur verið skýrt opinberlega, að stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafi að undanförnu gert athuganir á þessu sviði og telji einsýnt, að útgerð verksmiðjuskuttogara yrði fjárhagslega öruggt fyrirtæki og mikil tekjulind þjóðarbúinu. Ég tel, að álit þessara samtaka sjómanna um þessi mál skipti miklu og algert ábyrgðarleysi væri að láta það sem vind um eyru þjóta einmitt nú, þegar okkur ríður mikið á að finna nýjar leiðir til gjaldeyrisöflunar og til nýrrar uppbyggingar í landinu. Hér er um svo þýðingarmikið mál að ræða, að það er tvímælalaust skylda ríkisvaldsins að fylgjast með því og kanna til hlítar. Hér er einnig um svo fjárhagslega stórar ákvarðanir að ræða, að ljóst er, að án einhvers konar aðildar eða ábyrgðar ríkissjóðs gæti tæplega orðið úr framkvæmd málsins.

Hér verður ekki farið út í það að bollaleggja um, hvaða leiðir væru hugsanlegar í þessum efnum, ef til kæmi, en óneitanlega væri það ánægjulegt, ef samtök sjómanna og ríkisvaldið gætu sameinazt um framkvæmd þess máls. Eitt er víst, að farmannasambandinu er hér full alvara, og til marks um það má geta þess, að það hefur þegar boðað til undirbúningsstofnfundar hlutafélags til að vinna að framkvæmd þess máls.

Það er tæpast þörf að rekja fyrir hv. þm., hve mikilvægur þáttur togaraútgerð hefur verið í íslenzkum þjóðarbúskap í áratugi, en vafasamt er, að nokkur fjárfesting hafi reynzt þjóðinni arðbærari eða varanlegri en togarakaup. Það er því undrunarefni og slæmur vitnisburður árvekni okkar, hve mjög við höfum látið þennan þátt sjávarútvegsins afskiptan á undanförnum árum. Togaraútgerð hefur vissulega átt sína erfiðu tíma, einkum nú á síðari árum, aðallega vegna þess, að tækin eru orðin gömul og aðferðirnar úreltar. Við höfum á engan hátt hagnýtt okkur þá tækni, sem gerir útgerð stærri fiskiskipa, einkum á fjarlæg mið, hagkvæma. Við höfum einblínt um of á eina grein fiskveiða og beint þangað mestallri okkar fjárfestingu í sjávarútvegi meira og minna skipulagslaust. Þetta er reyndar og hefur lengi verið einkennandi fyrir alla okkar fjárfestingarpólitík. Hún hefur ætíð miðazt um of við gróðasjónarmið, gróðavon líðandi stundar, án tillits til heildarþarfa yfir lengri tíma. Á þetta án vafa sinn stóra þátt í því, hvernig nú er komið málum og efnahag þjóðarinnar.

Þrátt fyrir allt okkar tal um einhæfni í þjóðarbúskap okkar og að við þurfum að auka fjölbreytni atvinnulífsins, höfum við sáralítið gert til að hagnýta þá möguleika til fjölbreytni, sem höfuðatvinnuvegur okkar býður upp á. Það heyrist oft, að það sé erfitt og nær vonlaust fyrir okkur Íslendinga að byggja afkomu okkar á einni atvinnugrein, sem sé ákaflega stopul. Það er áreiðanlega rétt, að ef við ætlum að halda áfram að reka sjávarútveg okkar eins og hingað til með það eitt fyrir augum að moka upp fiski án tillits til þess, hvaða vinnslu hann fær og hvaða verð fæst fyrir hann, munum við fljótlega komast í þrot og það svo harkalega, að við verðum að leita á annarra náðir með uppbyggingu atvinnuvega í landinu.

Ég vil engan veginn afskrifa það, að við Íslendingar eigum samvinnu við erlent fjármagn og aðrar þjóðir, ekki síst þær, sem skyldar okkur eru og við treystum, um uppbyggingu fyrirtækja í landi okkar. En ég tel, að okkur sé það nauðsynlegt fyrst að treysta svo grundvöll þjóðarbúskaparins með innlendri iðju í smærri og stærri stíl, að hið erlenda fjármagn gæti aldrei haft neina lykilaðstöðu eða úrslitaáhrif í efnahagslífi okkar.

Það er rétt, að atvinnulíf okkar er nú einhæft, en það er okkar eigin sök. Við höfum látið undir höfuð leggjast að nýta möguleika þess, og með því höfum við vanrækt að leggja þann grundvöll að sjálfstæði okkar, stjórnarfarslegu, efnahagslegu og menningarlegu, sem varanlegastur er. Án þess að sá grundvöllur sé lagður, getum við ekki boðið hingað erlendum aðilum auðugum að fjármagni, nema við viljum eiga það á hættu, að efnahagslíf okkar bíði stórfellt tjón af og geta okkar til að standa á eigin fótum minnki.

Hingað til má segja, að sjávarútvegur okkar hafi fyrst og fremst miðazt við veiðimennsku án tillits til verðmætissköpunar úr þeim afla, sem dreginn hefur verið á land. Við höfum flutt mikinn hluta afla okkar úr landi óunninn eða hálfunninn. Þessu verðum við að breyta. Við þurfum að einbeita okkur að því verkefni að verða færir um að vinna allan þann afla, sem á land berst, til fulls og fá fyrir hann það verð, sem bezt er. Þar eigum við gífurlegt verk óunnið, en ég held, að allir geri sér ljóst, sem um þessi mál hugsa, að við getum ekki lengur haldið áfram á sömu braut — að moka upp öllum þeim fiski, sem við getum fundið á hverjum tíma og flytja hann síðan sem óunnið hráefni til annarra landa. Slíkt er að stela úr sjálfs hendi. Íslenzkir sjómenn hafa sýnt ótrúlegan dugnað við fiskveiðar og hlutfallslega hafa sjómenn engrar annarrar þjóðar fært eins mikinn afla á land. Þeir hafa og manna bezt kunnað að hagnýta fullkomnustu tækni til fiskveiða. Það er því hryggilegt til þess að vita, að verðmæti afla þeirra er ekki í réttu hlutfalli við magnið, samanborið við aflaverðmæti erlendra starfsbræðra þeirra.

Ég hygg, að enginn ágreiningur ríki um það, að endurnýjunar togaraflota landsmanna sé nú brýn þörf. En þrátt fyrir ábendingar og áskoranir til hæstv. núv. ríkisstj., bæði hér á hinu háa Alþ. og utan þess, hefur hún sýnt þessu mikilvæga máli vítavert tómlæti og látið dragast lengur en verjandi er að hefja aðgerðir. En áður en endurnýjun togaraflotans er hafin, verðum við fyrst af öllu að gera okkur grein fyrir því á hvaða grundvelli við viljum standa, hvað okkur sé nú brýnast og hvaða vinnubrögð séu hagkvæmust.

Ég tel, að þegar rætt er um togara nú, eigi menn fyrst og fremst við stór fiskiskip, sem geti sótt á hvaða fjarlægu fiskimið sem er, enda má segja, að vettvangur togaranna hafi á undanförnum árum verið djúpmið og fjarlæg fiskimið, svo sem við Grænland og Nýfundnaland. Má og búast við því í ríkara mæli, að stærri fiskiskip okkar þurfi að leita á æ fjarlægari mið, ef við ætlum okkur á annað borð að stunda alhliða fiskveiðar. Það er og ljóst, að okkur vanhagar nú fyrst og fremst um slík skip, sem geta leitað á fjarlægari mið. Hér skal þó ekki dregið úr þeirri þörf, sem á því er, að smíðuð verði smærri, hentug fiskiskip. Á undanförnum árum hefur mest áherzla verið lögð á vélbáta af stærri gerð, sem stundað hafa síldveiðar, en hafa takmarkaða getu til annarra veiða. Í því sambandi verðum við einnig að hafa í huga, hvað fiskistofnarnir við landið þola, og er mikilvægt, að frá því verði gengið hið fyrsta að setja reglur um nýtingu fiskveiðilandhelginnar.

En svo að við höldum okkur við endurnýjun togaraflotans, sem gera verður ráð fyrir, að leiti á fjarlæg mið, þá er komið að þeirri spurningu, hvað við ætlum að gera við þann fisk, sem þessi skip veiða. Eigum við að flytja hann til lands til vinnslu eða til sölu óunninn á erlendum markaði, eins og við höfum látið gömlu togarana gera? Með því móti héldum við óbreyttri fyrri stefnu, að veiða sem mest án tillits til verðmætis aflans. Eða viljum við taka upp stefnu í samræmi við nýja tíma og nýja tækni? Við vitum, að ef við ætlum okkur að verða gjaldgengir í hinni hörðu samkeppni um fiskmarkaði, þurfum við að vera vakandi og sofandi í því að nýta allar tiltækar leiðir til að vinna sem bezta vöru með sem lægstum tilkostnaði. Það getur engum dulizt, að togarafiskur okkar getur enga samkeppni staðizt, hvorki að því er gæði eða verð snertir, ef siglt er með hann í mörg dægur af miðum til vinnslu í landi, en á þeirri leið yrði hann fyrir mörgu hnjaski, sem stórlega drægi úr verðmæti hans. Við stæðum þá höllum fæti gagnvart þeim þjóðum, sem í vaxandi mæli senda fljótandi verksmiðjur á miðin til að vinna úr fiskinum nýjum. Um árabil hefur fjöldi slíkra skipa frá mörgum þjóðum verið hér á miðunum við Ísland, Grænland, Nýfundnaland og víðar og náð góðum árangri. Heyrt hef ég, að hásetahlutur á norskum verksmiðjutogara hafi farið upp í 480 þús. kr. á ári miðað við eldra gengi og sífellt muni vera fyrir hendi biðlisti manna, sem vilji fá pláss á þessum skipum. Mun rekstur þeirra gefa góðan arð.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að þarna liggja stórkostlegir möguleikar, sem við höfum allt of lengi látið ónotaða og höfum ekki efni á að horfa

framhjá lengur. En nú munu eflaust margir segja, að tímar séu erfiðir hér á landi og skuldir út á við svo miklar, að á þær sé ekki bætandi. Víst er það rétt, að nú verðum við að hafa alla gát á og hefðum fyrr mátt gera það. Hitt væri hættulegt, ef við legðum hendur í skaut, þegar um er að ræða endurnýjun þeirra tækja, sem drýgst hafa reynzt í gjaldeyrisöflun, ekki sízt þegar ástæða er til að ætla að með nýtingu nútímatækni geti gjaldeyrisöflun þessara tækja orðið enn meiri.

Ég hef ekki haft aðgang að tölulegum útreikningum og áætlunum þeirra, sem í þessum athugunum hafa staðið til þessa, en mér er tjáð, að það sé ekki ýkja mikil bjartsýni að búast við, að verðmæti afla slíks verksmiðjutogara, sem hér um ræðir, á einu ári nálgist allt kaupverð skipsins. Sé þetta rétt, sem hlýtur að koma í ljós við þær athuganir, sem hér er lagt til að gerðar verði, þá getur tæpast verið um áhorfsmál að ræða að leggja í slíkt fyrirtæki. Okkur er það mikilvægast nú að finna leiðir til gjaldeyrisöflunar, og við það verðum við fyrst og fremst að miða allar okkar fjárfestingar. Hygg ég, að fátt geti reynzt okkur drýgra að þessu leyti en einmitt verksmiðjutogari, einn eða fleiri.

Fyrir um það bil 1½ ári skipaði hæstv. ríkisstj. n. til að undirbúa till. um nýja togara, en þar eð kosningar voru í nánd, þegar þessi n. var skipuð, fannst mönnum, sem þar væri ekki full alvara á bak við. Á s. l. sumri eftir rúmlega árs tilvist n., lét einn nm. í ljósi óánægju sína með störf hennar og kvað hana ekkert hafa gert. Nú í haust var hins vegar tilkynnt, að hún væri búin að láta teikna togara. Kom í ljós, að hér var um ca. 800—1100 tonna togara að ræða, sem ekki yrði búinn neinum tækjum til fiskvinnslu og hefði það eitt fram yfir eldri togarana, að varpan væri tekin inn um skutinn. Þessi niðurstaða n. vakti mikla reiði þeirra, sem um þessi mál hafa hugsað á undanförnum árum, og varð m. a. til þess, að stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands gerði ályktun, þar sem svo segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands harmar þann litla árangur, sem orðið hefur af störfum togaran., sem skipuð var af ríkisstj. til að skila till. um stærð og gerð nýrra togara. Í fyrsta lagi telur stjórnin vítavert, hversu mál þetta hefur dregizt á langinn á sama tíma og togarafloti landsmanna hefur stórminnkað og endurnýjunar er brýn þörf. Í öðru lagi mótmælir stjórnin þeirri skammsýni, sem í till. n. felst, og telur þær á engan hátt fullnægja þörfum og kröfum framtíðarinnar. Það er ófrávíkjanleg krafa stjórnar FFSÍ, að nú þegar verði hafizt handa um smíði á fullkomnum verksmiðjutogara, er sótt geti afla á fjarlægari mið og skilað í land fullunninni vöru, þar sem þegar er fyrir í landinu allálitlegur floti til að veiða fyrir vinnslustöðvar í landi og sýnt, að varla má ganga nær fiskistofnunum á grunnmiðum og íslenzkar skipasmíðastöðvar eru fullfærar að halda við og endurnýja þann flota."

Í framhaldi af þessu skipaði síðan stjórn sambandsins nefnd til athugunar á útgerð verksmiðjutogara. Þá hafa fróðir menn tjáð mér, að stærð þeirra togara, sem n. gerir ráð fyrir, sé algerlega í ósamræmi við reynslu annarra þjóða um rekstur skipa, sem séu ekki búin neinum tækjum til fiskvinnslu. Hafi reynslan sýnt, að hagkvæmasta stærð slíkra skipa sé 500—700 smál. Um þetta vil ég ekki né get fellt dóm, en óneitanlega finnst mér allt benda til þess, að n. eða meiri hl. hennar hafi ekki tekið hlutverk sitt alvarlega, miðað við það mikla nauðsynjamál, sem hún átti að fjalla um. Enda sýnist mér einnig á öllu, að af hálfu hæstv. ríkisstj. hafi skipun hennar verið við það eitt miðuð að draga málið á langinn. Það er reyndar ákaflega áberandi í öllum okkar málum, að þegar raddir eru orðnar háværar um, að framkvæma þurfi einhverja ákveðna hluti, eru settar á fót stjórnskipaðar n., oftast launaðar, en um síðir kemur oft í ljós, að hlutverk þessara n. virðist það eitt að draga úr opinberum umr. um málin, draga þau á langinn, og stundum tekst þeim jafnvel að svæfa þau alveg.

Hæstv. ríkisstj. segir okkur, að nýafstaðin gengislækkun muni bæta mjög stöðu útflutningsatvinnuvega okkar. Við höfum þó reynt annað af öðrum gengislækkunum, og samkeppnisaðilar okkar segja, að áhrif þessara gengislækkana séu þau, að Íslendingar komi fram með lægri verðtilboð og stuðli þannig að lækkandi verði á fiskmörkuðum. Vil ég í þessu sambandi vísa til ummæla formanns í norsku freðfisksölusamtökunum, Frionor, Kristofers Holst, en hann segir, að gengislækkanir fiskiðnaðarþjóðanna í árslok 1967 hafi orsakað enn frekara verðfall en orðið var á freðfiskmörkuðum, bæði í austri og vestri. Í Austur-Evrópu hafi ástandið einkennzt af lágum verðtilboðum frá Íslandi, Englandi og Danmörku, sem öll voru nýbúin að lækka gengið. Og við höfum lesið og heyrt um það að undanförnu, að Bretar búist nú við því, að Íslendingar fari að bjóða þangað fisk á lægra verði. Hér er því engan veginn um varanlega lækningu að ræða. Ef við ætlum ekki að fara sífellt niður á við, verðum við nú strax að grípa til varanlegra lækningaráða. Þau eru fyrst og fremst fólgin í stórbættri vinnslu og meðferð fiskafla okkar, ekki einungis úthafsfiskiskipa eins og hér er fjallað um, heldur alls þess afla, sem veiddur er hér við land. Það er nauðsynlegt, að þegar fyrir næstu vetrarvertíð verði gripið til ráðstafana, sem stuðla að bættri aflameðferð, og um það verður ríkisvaldið að hafa forystu. Eins og nú er ástatt kemur fiskurinn að landi meira og minna kraminn, vegna þess að hann hefur verið látinn liggja ýmist ísaður eða íslaus í allt of þykkum bingjum. Síðan tekur við uppskipun, en þá er fiskinum hent í losunartrog, en úr því er hann látinn detta niður á bílpalla. Síðan er bifreið, oft með 7—8 tonna þunga, ekið um misjafnan veg til fiskvinnslustöðvar, en þar er þessu þunga hlassi sturtað af bílpallinum líkt og verið væri að flyta ofaníburð í veg. Það hljóta allir að sjá, þótt þeir séu ekki sérfróðir á þessu sviði, að slík meðferð á viðkvæmu hráefni, sem vinna á úr útflutningsvöru til matar,

er ekki sæmandi menningarþjóð og veldur auk þess svo miklum skaða, að við erum ekki menn til að standa þar undir. Hér er reyndar ekki öll sagan sögð enn. Eftir þessa meðferð á fiskinum er hann svo látinn bíða vinnslunnar í fiskmóttökum, sem á engan hátt svara kröfum nútímans, og þar verður fiskurinn oft og iðulega fyrir skemmdum, áður en hann kemst í vinnslu. Við því er þess vegna ekki að búast, að nýting hins góða hráefnis, sem hér um ræðir, verði góð og er staðreyndin sú, að ástandið hér í fiskvinnslumálum, hvað viðkemur meðferð á hráefninu og nýtingu þess, þolir engan samanburð við stærstu keppinauta okkar á fiskmörkuðunum, t. d. Norðmenn og Dani. Þeir setja fiskinn strax í kassa á miðunum og þaðan er hann ekki hreyfður fyrr en hann fer í vinnslu. Það er einnig ljóst, að fiskur, sem veiddur er á fjarlægum miðum, t. d. við Grænland eða Nýfundnaland, er orðinn miklu verra hráefni og verðminna eftir langa siglingu hingað. Því er mikilvægt, að þau skip, sem þangað leita, geti unnið strax úr afla sínum og skilað honum sem fullunninni markaðsvöru. Með því eru gæði og lægsti mögulegi framleiðslukostnaður tryggður.

Hér að framan hef ég reynt að leiða nokkur rök að því, að við Íslendingar eigum geysimikið óunnið verk til uppbyggingar undirstöðuatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum. Ég álít, að sú uppbygging mundi leiða til öruggari og traustari þjóðarbúskapar, sem gerði okkur kleift að búa hér við aukna velferð og hagsæld, sem mundi standa af sér alla tímabundna erfiðleika. Ég tel, að þáltill. sú, sem hér er til umr., bendi á eina stórvirkustu leiðina til verðmætasköpunar og gjaldeyrisöflunar fyrir þjóðarbúið og geti myndað grundvöllinn að þeirri alhliða uppbyggingu, sem fram þarf að fara. Því sé það skylda Alþ. og ríkisstj. að kanna þessa leið og hefja hið fyrsta undirbúning þess að hrinda málinu í framkvæmd, ef niðurstöður verða jákvæðar.

Leyfi ég mér síðan að leggja til, að umr. verði hér á eftir frestað og málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

42. Rannsókn á kalkþörf jarðvegs.

Á 55. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á kalkþörf jarðvegs, nýtingu skeljakalks og sölu á kalkríkum áburði [154. mál] (A. 285).

Á 57. fundi í Nd., 27. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 61., 64. og 65. fundi í Nd., 6., 13. og 17. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Nd., 18. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., miðar að því að finna sem allra bráðast lausn á einu brýnasta fræðilega málefni landbúnaðarins. Vandamál þetta snertir ekki aðeins bændur og þá, sem stunda jarðrækt, heldur og alla landsmenn, og ríkisvaldið ber af sérstökum ástæðum ábyrgð á lausn þess, ef svo má að orði komast, og meiri ábyrgð en á lausn annarra hliðstæðra rannsóknarvandamála.

Með þáltill., ef samþ. verður, er ríkisstj. falið að sjá til þess, að hraðað verði, svo sem tök eru á, rannsóknum á kalkþörf jarðvegs hér á landi, eins og hún birtist við almenna ræktun. Teknar verði upp rannsóknir á nýtingu skeljakalks til að bæta úr kalkþörf, þar sem hún reynist fyrir hendi. Lagt er til, að rannsóknin beinist fyrst og fremst að þeim landssvæðum, þar sem rannsóknir hafa þegar sýnt, að kalkskortur er fyrir hendi við ákveðin skilyrði og í öðru lagi að þeim landshlutum, þar sem ræktun hefur orðið fyrir mestum áföllum á undanförnum áratugum. Að lokum er í till. áskorun til ríkisstj. þess efnis, að hún hlutist til um það, að meðan málin liggja ekki ljósar fyrir en nú er, verði tryggt, að bændur fái keypt það magn af kalkríkum áburði, sem þeir óska hver og einn.

Eins og ég hef stuttlega rakið, er hér um þrjú höfuðatriði að ræða. Það er í fyrsta lagi kalkþörfin, að hún verði könnuð, í öðru lagi, hvernig auðveldast er að fullnægja henni, og í þriðja lagi, að bændur fái valfrelsi í áburðarkaupum. Vík ég nú að hverju þessara atriða fyrir sig.

Það er alkunna, að kalk eða frumefnið kalsíum er eitt af jurtanærandi efnum. Það er nauðsynlegt fyrir vöxt jurtanna og eðlileg þrif. Það er þó sjaldan notað beinlínis sem áburðarefni, því að venjulega er nægilegt af því sem slíku í jarðveginum, en jafnframt er það mjög heppilegt til þess að bæta úr eðlisástandi jarðvegs og ef sýrufar jarðvegs er óheppilegt fyrir jurtirnar. Í því skyni er algengast að nota kalk við ræktun erlendis, og er þá venjulega borið mjög mikið magn af kalkríkum efnum í jarðveginn og ætlað til 8—10 ára tímabils. Hér hefur slík kölkun til þessa ekki reynzt nauðsynleg, enda er jarðvegur yfirleitt ekki mjög súr. Við langvarandi ræktun án kalks getur þó komið að því, að kalkforði jarðvegsins gangi til þurrðar eða að sýrustig lækki svo, að gróður taki að vanþrífast. Þetta getur gerzt, ef kalksnauður áburður er notaður. Þá er því meiri hætta á því, að að þessu reki og því fyrr sem meiri áburður er notaður. Þó þarf þetta ekki alltaf að verða, því með veðruninni leysast stöðugt efni úr

læðingi úr jarðveginum, og geta þau jafnóðum fullnægt þörf plantnanna. Það fer svo mjög eftir aðstæðum, hvort þetta gerist eða ekki. Enn meiri hætta er á vanþrifum í gróðri, ef áburðurinn er ekki aðeins kalklaus, heldur og þannig, að hann verki sýrandi á jarðveginn, en það gera sumar tegundir áburðar, en mismikið þó, og einnig fer þetta eftir því, hvernig jarðvegurinn er gerður. Á meðan hér var notaður mest kalkríkur áburður, þ. e. kalksaltpétur frá Noregi, var lítil hætta á, að nokkuð af þessu gerðist, en eftir að Áburðarverksmiðjan h.f. tók til starfa og framleiðsla hennar, Kjarninn, sem er kalksnauður og að sumra dómi nokkuð sýrandi, varð aðal- og oft eina köfnunarefnisáburðartegundin, þá vaknaði eðlilega sú spurning, hvort ekki þyrfti að sjá fyrir kalkþörf jarðvegs á annan hátt, enda voru þá þegar og áður en Áburðarverksmiðjan tók til starfa hafnar samanburðartilraunir með köfnunarefnisáburðartegundir. Þá voru bornar saman 3 köfnunarefnisáburðartegundir: kalksaltpétur, brennisteinssúrt ammoníak eða ammoníumsúlfat, sem ekki er aðeins kalksnauður áburður, heldur er og vitað, að hann er mikið sýrandi, og í þriðja lagi ammoníumnítrat eða sama áburðarefni og Kjarninn er. Líkur bentu til, að hann lægi þarna á milli og gæti e. t. v. valdið nokkurri sýringu á jarðvegi, en þó alltaf mun minni og meira hægfara en ammoníumsúlfatið. Þessar tilraunir hófust árið 1945 á Sámsstöðum og Akureyri, en 1953 á Reykhólum og Skriðuklaustri. Þær hafa því staðið alllengi, jafnvel á mælikvarða jarðræktartilrauna, og gæti það því undrað einhvern, að nú skuli ekki liggja ljóst fyrir, hvernig þessum málum er háttað. En svo er þó vissulega ekki, eins og ég vík að síðar.

Í fáum orðum má segja, að þessar tilraunir á fjórum stöðum á landinu hafi leitt það í ljós, að við þau skilyrði, sem þar eru og það áburðarmagn, sem þar var notað, sýri Kjarninn ekki jarðveginn né heldur fáist meiri heyfengur af þeim reitum, þar sem kalkríki áburðurinn var notaður. Hins vegar er það löngu komið í ljós, að þriðja áburðartegundin, ammoníumsúlfat, sýrir jarðveginn verulega og þar dregur úr uppskeru, sem hann er notaður. Mætti e. t. v. vel við þetta una, ef ekki hefði komið annað í ljós og í öðrum tilraunum á öðrum stöðum á landinu. En síðar hefur það komið í ljós í tilraunum, fyrst og fremst á Hvanneyri í Borgarfirði og víðar í Borgarfirði, í kalktilraunum á Reykhólum og í tveimur tilraunum af þremur, sem gerðar hafa verið með kalk við uppgræðslu á kaltúnum á utanverðu Fljótsdalshéraði, að vaxtarauki fæst fyrir kalk. Þessi vaxtarauki hefur verið mismikill, og hann hefur komið bæði við notkun kalks eða kalkríks áburðar. Hann hefur verið allt frá því að vera rétt merkjanlegur og upp í það að vera á milli 10 og 20 hestburðir af hektara á ári. Í sumum tilraunum á Hvanneyri þrífast grösin alls ekki án kalks. Það eru tilraunir, sem urðu frægar mjög af blaðaskrifum í sumar.

Það þykir nú með þessum tilraunum sannað, að sums staðar, t. d. við svipaðar aðstæður og í lágsveitum Borgarfjarðar, sé hagkvæmt og rétt að nota kalk eða kalkríkan áburð við ræktunina. Þó ber fræðimönnum ekki fullkomlega saman um það, hvaða aðferð sé heppilegust þarna til úrbóta, að bera á kalk eða kalkríkan áburð, og í öðru lagi þykir ekki fullsannað, hve mikið magn sé heppilegt að nota. Sérstaklega vantar hér tilraunir, tilraunaniðurstöður og rannsóknir frá miklu fleiri stöðum heldur en nú liggja fyrir, og yfirleitt fá bætt úr þessu með miklu fleiri dreifðum tilraunum.

Þá hefur einnig verið varað við því að ofkalka jarðveg, þar sem það getur valdið skorti á öðrum næringarefnum, einkum svonefndum snefilefnum. Í grg. með þáltill. er vitnað til álits þriggja sérfræðinga, dr. Björns Jóhannessonar, dr. Bjarna Helgasonar og Friðriks Pálmasonar licenciat. En það er samdóma álit þeirra, að að því sé nú komið að nota þurfi kalk eða kalkríkan áburð við vissar aðstæður hér á landi, svo sem við nýrækt á mýrum með háu sýrustigi. En ekki treysta þeir sér til að gefa nákvæma leiðbeiningu um það, hvar sé rétt að nota kalkið og hvar ekki. Það er því niðurstaða þessa alls, að enn skortir mikið á, að nægar rannsóknir hafi verið gerðar á þessu og það vil ég undirstrika, að meðan svo er, eru líkur til þess, að af þessu hljótist árlega verulegt tjón. Vanþekking er alltaf dýr. Þetta tjón getur orðið ýmist vegna þess, að uppskeran rýrnar af kalkskorti, og það getur einnig orðið á hinn bóginn, að menn eyði of miklum fjármunum til að nota kalk.

Þá kemur það einnig fram hjá flestum fræðimönnum, sem um þessi mál rita, að kalþol grasa verði sennilega ætíð minna, þar sem einhvers kalkskorts gæti, jafnvel geti þetta komið fram áður en fram kemur rýrnun á uppskeru. Þannig gæti kölkun eða notkun kalkríks áburðar stuðlað að auknu kalþoli víðar en margan grunar. Þó er hér alls ekki verið að segja, að það séu líkur til þess, að kalið, hinn mikli bölvaldur túnræktarinnar, stafi að megni til af kalkskorti. Þvert á móti. Þetta getur þó verið ein af meðorsökunum. En þetta mun þó vera útbreidd skoðun meðal bænda. Er þá illt, að meðan svo er, skuli þeim vera sendur þannig áburður og nær einungis þannig áburður, að hann geti ekki bætt úr þessu, ef þeir óska þess að verja til þess nokkrum fjármunum að kaupa kalkríkan áburð.

Þá er það samhljóða niðurstaða allra tilrauna með kalk og kalkríkan áburð, að kalkið eykur kalsíummagn grassins verulega, og það er mjög til að auka á hollustu fóðursins. Gras er hér yfirleitt of kalsíumsnautt, en það má að vísu um það deila, hvort jafngott sé að bæta því í fóður búfjárins, en margir eru á þeirri skoðun, að það sé heppilegra, að fóðrið sé með eðlilegu steinefnajafnvægi. Við vitum, að náttúrulækningar gætu dregið þessa ályktun enn lengra og sagt, að með of litlu kalki yrðu afurðir búfjárins og þar með fæða fólksins óhollari vegna kalkskorts. En á það skal ekki lagður dómur hér. Rannsóknir þessar, sem hér er lagt til, að verði auknar, þurfa að fara fram að miklu leyti sem dreifðar tilraunir eftir ákveðnu skipulagi um

landssvæðin, og samfara þeim verði notaðar jarðvegsefnagreiningar og sýrustigsmælingar. Þessar tilraunir þurfa auðvitað nokkuð aukið fjármagn, en þó sérstaklega ákveðið skipulag. Fjármagnið er þó ekki meira en það, sem vænta má, að fengist á fjárl., ef hv. Alþingi samþykkir þessa till. nú.

Þá kem ég að öðru atriðinu, en það er, hvernig hentugast sé að fullnægja kalkþörf, þar sem hún finnst og virðist vera fyrir hendi. Þar er aðallega um tvær leiðir að velja. Í fyrsta lagi að nota kalkríkan áburð og í öðru lagi að nota kalk, sem finnst hér á fjörum eða í sjó. Eins og kunnugt er, selur Sementsverksmiðja ríkisins skeljakalk, sem er dælt upp af botni Faxaflóa. Það er stærðarflokkað með fleytingu og síðan sekkjað í bréfpoka. Kalk þetta var selt á 720 kr. smálestin á höfnum á s. l. ári. Tæplega er þó hægt að hugsa sér, að hér sé fundin ódýrasta leiðin til að vinna kalk til áburðar hér á landi. Það kemur líka í ljós, að heldur lítið hefur verið notað af þessu kalki. Á s. l. ári voru seldar af því um 570 smálestir, en auk þessa mun fyrirtæki eitt, Björgun h. f., hafa selt um 1200 smálestir af skeljakalki hér í Reykjavík, en mikið af því mun hafa farið til annars en jarðræktar. Með þessu verði á skeljakalki er kölkun alldýr, því að það þarf að nota allmikið af efninu, 3—4 tonn á hvern hektara, og það þarf að endurtaka við ræktunina á 8—10 ára fresti. Auk kalkverðsins kemur flutningur og dreifingarkostnaður, sem leggst ofan á þetta. En kalkríkur áburður er einnig allmiklu dýrari en Kjarninn, og það er jafnvel heldur dýrari leið að nota hann, heldur en kalk og Kjarna saman. En hún er aftur vafningaminni og auðveldari og að sumra áliti áhættuminni. En eins og ég nefndi áðan, eru engar líkur til annars, en með rannsóknum á því, hvar skeljasandur finnst á fjörum og í sjó og því, hvernig auðveldast er að ná honum og vinna hann og hve mikið þarf að vinna hann, megi leysa þetta vandamál á miklu auðveldari og ódýrari hátt en nú er gert. Ekki er ósennilegt, að það hentaði bezt að dæla skeljasandinum upp á þær hafnir, þar sem hans er þörf og mala hann þar eða sigta, eftir því sem þörf krefur. Fela þarf sérstökum aðila þennan hluta rannsóknanna, en þó í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Útkoma þessara rannsókna getur alveg snúið við dæminu um það, hvað hagkvæmast er til að fullnægja kalkþörfinni og hvenær hagkvæmt er að kalka. Vitað er t. d., að fyrirtæki eitt sendi Búnaðarfélagi Íslands í sumar tilboð um að dæla skeljasandi á land fyrir um 500 kr. smál., en engra fleiri tilboða var leitað, svo að ekkert er þarna til samanburðar.

Kem ég þá að hinu þriðja atriði málsins. Um það þarf ekki að fara mjög mörgum orðum. Enginn má draga í efa, að ég líti á Áburðarverksmiðjuna h. f. sem þjóðþrifafyrirtæki, sem sparað hefur þjóðinni mikinn gjaldeyri og veitt atvinnu í landinu. En þess má heldur ekki dyljast, að frá sjónarmiði margra bænda er hún vandræðabarn. Svo gölluð er framleiðsla hennar, hvað gerð snertir. Það er kornastærð áburðarins, sem aldrei hefur tekizt að laga þrátt fyrir loforð og mjög mikla viðleitni. Og þetta eitt nægir til að rýra framleiðslu hennar, Kjarnann, mjög mikið í gildi. Það er t. d. að taka, að það eru ekki til þær gerðir af áburðardreifurum, sem geta dreift Kjarna í magni með sömu stillingu. Ef veðurfar eða rakastig breytist lítillega, þá fer stillingin úr lagi og þar með hinn hagfræðilegi, rétti grundvöllur fyrir áburðardreifingunni. Og yfir þessu kvarta bændur og það með fullum rétti. En á þessu verður vonandi ráðin bót við endurbyggingu og stækkun verksmiðjunnar, og er hún reyndar óhugsandi annars.

Eins og ég hef rakið áður, sprettur víðast vel af Kjarna, og margir bændur telja hann frá því sjónarmiði góðan áburð. En svo er annar hópur bænda, og hann er allstór, sem telur sig verða fyrir skaða af því að nota Kjarnann, vegna þess að hann er kalksnauður, og vill eindregið fá keyptan kalkríkan áburð. Þeir telja það ekki nægjanlegt eða aðgengilegt að nota skeljakalk, þó að það sé boðið til sölu eða því hafi verið lofað, að það ætti að vera til sölu á hverri höfn á fyrrgreindu verði.

Nú hef ég rakið hér að framan, hve þessi mál öll eru óljós frá fræðilegu sjónarmiði, að hvorki sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins né heldur ráðunautar telja sig færa um að gefa leiðbeiningar í hverju og einu tilfelli. Og er þá nokkur annar aðili, sem getur sagt við bændurna: Þú skalt eða skalt ekki kaupa þennan eða hinn áburðinn? Ég tel ekki. Það eru bændurnir sjálfir, sem bera ábyrgð á hinni fjárhagslegu útkomu, og þar með verða þeir að ráða, hvað þeir nota til framleiðslu sinnar, hvað þeir kaupa.

Eins og kunnugt er, er áburðarsalan öll í höndum Áburðarverksmiðjunnar h. f., þ. e. a. s. Áburðarverksmiðjunni h. f. hefur verið falið að reka Áburðarsölu ríkisins. Og hún hefur flutt inn það, sem á vantar, að Kjarni fullnægi köfnunarefnisþörf landsmanna. Að undanförnu hefur þetta verið sem hér segir, þ. e. innflutningurinn: 1967 29% af köfnunarefnisáburðarnotkuninni, 1968 36.6% og 1969 áætlað 26%. Nú hefur þetta verið selt þannig, að hver einstakur bóndi að segja má hefur fengið sinn skammt af áburði veginn og mældan í sömu hlutföllum á milli Kjarna og innflutts áburðar eins og heildarsalan segir til um, heildarsalan í landinu. Það hefur enginn bóndi getað fengið eða bændur hafa yfirleitt ekki fengið meiri hluta af áburðarpöntun sinni sem kalksaltpétur eða aðrar áburðartegundir, heldur alltaf í sömu hlutföllum. Ég tel, að á það hafi þó aldrei reynt, hvort þessi skömmtun er nauðsynleg. Það hefur aldrei verið látið reyna á það, hvort Kjarninn seldist ekki, þó að bændur fengju að velja og fengju að kaupa kalksaltpétur að vild. Og ég hef rakið það hér að framan, að það eru margir bændur, sem telja Kjarnann góðan áburð til sprettu, og hann hefur verið seldur ódýrari sem hver köfnunarefniseining. Á s. l. vori var hvert kg af hreinu köfnunarefni í Kjarna selt á 14.81 kr., verksmiðjuverð, en í kalksaltpétri á 19.61 kr., svo að það ætti að vera augljós hagur í því að nota Kjarna, þar

sem kalks er ekki þörf. Ef svo margir bændur vilja ekki Kjarna, að hann selst ekki, þá sannar það ekkert annað en það, að bændur hafa verri bifur á þessari framleiðslu heldur en ég vildi álíta. En það ber náttúrlega einkasölunni ekki gott vitni og mælir henni ekki bót. Það virðist því vera augljóst réttlætismál, að á meðan ekki liggja fyrir ljósar niðurstöður þeirra rannsókna, sem ég hef bent á hér að framan, að er þörf á og nauðsynlegt er að hraða eftir föngum, — meðan svo er ekki, fái bændur sjálfir að ráða því, hvernig áburð þeir kaupa og bera á tún sín.

Ég vil svo að lokum, með leyfi hæstv. forseta, mega vitna hér til ályktunar frá Búnaðarþingi. Þær hafa margar verið gerðar, og vitna ég til þeirrar síðustu, sem gerð var nú á nýafstöðnu Búnaðarþingi og sem vona mætti, að yrði sú síðasta, sem það góða þing þarf að gera í málinu, því að það er vonandi, að það leysist. En ályktun þessi er svo, með leyfi forseta:

„1. Búnaðarþing fagnar yfirlýsingu landbrh. við setningu þingsins um, að hafizt verði handa á komandi vori um stækkun Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Í því sambandi leggur þingið sérstaka áherzlu á fjölþættari áburðarframleiðslu, svo sem alhliða blandaðan áburð og kalkblandaðan köfnunarefnisáburð, enda er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að verksmiðjan verði samkeppnisfær við innfluttan áburð um verð og gæði. Jafnframt minnir þingið á fyrri kröfur sínar um, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda fái að tilnefna sinn manninn hvort í stjórn Áburðarverksmiðjunnar.

2. Búnaðarþing átelur, hve hægt miðar rannsóknum á kalkþörf, þar sem m. a. er upplýst, að uppgjör á þeim tilraunum og rannsóknum, sem þegar hafa verið framkvæmdar, er að verulegu leyti ógunnið. Þingið gerir því kröfu til, að nú þegar verði hafizt handa um úrvinnslu þeirra gagna, sem fyrir liggja. Í framhaldi af því verði gerð víðtæk og skipuleg áætlun um frekari rannsóknir, þar sem sérstök áherzla verði lögð á rannsóknir á kali og kalkþörf jarðvegs og samhengi þar á milli þeirra þátta. Búnaðarþing beinir því til stjórnar Búnaðarfélags Íslands, að láta gera skýrslu um þær rannsóknir og tilraunir, sem gerðar hafa verið með áburðarkalk og kalkblandaðan áburð, til að kanna, hvort einhver grundvöllur er fyrir hendi um hagnýta leiðbeiningaþjónustu."

Ég vil einnig, með leyfi hæstv. forseta, vitna í aðra samþykkt frá Búnaðarþingi, þ. e. Búnaðarþingi 1967. Þar segir:

„1. Búnaðarþing leggur áherzlu á, að fyrirhuguðum breytingum og stækkun Áburðarverksmiðjunnar h. f. í Gufunesi verði hraðað svo sem kostur er. Við þær framkvæmdir verði ákveðið að korna áburðinn og að framleiða kalkblandaðan áburð, t. d. kalkammonsaltpétur ásamt blönduðum alhliða áburði.

2. Búnaðarþing krefst þess, að bændur fái aukið valfrelsi um áburðarkaup, enda safni Áburðarverksmiðjan áburðarpöntunum það tímanlega, að þær liggi fyrir hjá verksmiðjustjórn, áður en ganga þarf frá framleiðsluáætlun og innkaupum."

Herra forseti. Ég legg til, að umr. um till. verði vísað til síðari umr. og hv. landbn.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur talað hér ýtarlega fyrir þáltill., sem hann flytur ásamt fleiri framsóknarmönnum, og ég verð að mörgu leyti að fagna því, þar sem hér er jafnframt um að ræða jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, sem hv. þm. er, að fá inn í þingtíðindin jafnfróðlegt erindi um ræktunarmál og hann hefur hér flutt. En það, sem er meginefni þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, er annars vegar að efla mjög rannsóknir á kalkþörf eða áskorun til þeirra aðila, sem slíkt hafa með höndum að efla mjög rannsóknir á kalkþörf í jarðvegi, og í raun og veru er því slegið föstu, að kalkskortur sé mjög veruleg orsök til áfalla, sem orðið hafa í ræktuninni hér, einkum á síðustu árum. Það má kannske segja, að raunverulega sé grunntónninn í þessu, að ræktun okkar og áburðarnotkun sé byggð á stórfelldum mistökum. Mér liggur við að segja, að það megi draga þá ályktun af því, sem í till. felst og að nokkru leyti í ræðu hv. frsm.

Ég get nú ekki verið honum sammála um, að í heild þurfum við að undrast, þó að það hafi kannske ekki í öllum efnum komið fram mistakalaus ræktun, jafnstórfellt átak og gert hefur verið í þeim málum á undanförnum áratugum. Og ég er a. m. k. þeirrar skoðunar, þegar maður lítur yfir ræktunarsögu okkar í heild, að þá megi miklu frekar segja, að árangurinn sé furðulega góður og við höfum sloppið furðanlega við stórfelld mistök. Það er að vísu rétt, að á einstökum landssvæðum hafa hin síðustu ár orðið mikil áföll, sem komið hafa fram af veðurfarsástæðum.

Eins og kunnugt er, er til stofnun í landinu, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem þessi rannsóknamál öll heyra undir. Og það er þess vegna ljóst, að að því leyti sem rannsóknastarfsemin hefur ekki staðið í stykkinu, ef svo mætti segja í þessum málum, þá er hægt að segja, að það sé fyrst og fremst sök þessarar stofnunar, þeirra, sem þar starfa og stjórna. Það vill nú svo til, að sem stendur er ég í stjórn þessarar stofnunar og ég ætla þess vegna alls ekki að fara að mælast undan því, að sú starfsemi sé gagnrýnd. En mig langar aðeins til að gera örfáar aths. um þetta mál, af því að þetta er alls ekki í fyrsta skipti, sem þessum málum er hreyft hér á Alþ., — málum Áburðarverksmiðjunnar og öllu, sem snertir áburð og ræktun.

Ég vil þá fyrst aðeins víkja að því, sem fram kemur hér í þáltill., að það er í raun og veru gefið í skyn, eins og ég sagði áðan, að það muni vera mjög útbreiddur kalkskortur víðs vegar í landinu og í nýræktinni, en jafnframt er þó sagt í grg., að um þetta sé ekki hægt að slá neinu föstu og í raun og veru geti það almennt séð verið jafnvarhugavert að ráðleggja notkun á kalki og að ráðleggja hana ekki.

Þáltill. felur í sér, að Alþ. skori á ríkisstj. að hlutast til um, að á meðan ekki liggja fyrir niðurstöður slíkrar rannsóknar um land allt með kalkþörfina, þá verði tryggt, að bændur geti fengið keypt það magn af kalkríkum áburði, sem þeir óska hver og einn. Þá á sem sagt að vera óhætt að leggja það í vald þeirra sjálfra að ákveða, hve mikið kalk þeir nota. En í sambandi við það vil ég aðeins minna á það enn betur, sem kom fram í ræðu hv. flm., að nú um nokkur ár hafa bændur átt kost á því að fá keypt áburðarkalk frá Áburðarsölu ríkisins, og það hefur verið selt eins og annar áburður á sama verði á höfnunum umhverfis landið. En alveg eins og hann benti á, hefur verið tiltölulega lítið selt af kalki á þennan hátt, — aðeins verið selt s. l. ár, að því er frsm. upplýsti og ég tel víst, að hann fari þar með réttar tölur, 570 smál. En ég fæ ekki skilið, hvers vegna bændur hefðu ekki lagt meira upp úr því að kaupa kalkið, ef þeir væru sannfærðir um, að þeir þyrftu mjög á því að halda og sérstaklega að þeir mundu miklu fremur kaupa kalkríkan áburð, ekki sízt þegar flm. upplýsti það einnig, að næringarefnið, köfnunarefnið, hefði reynzt vera s. l. vor um 5 kr. dýrara kg t. d. í kalksaltpétri en í Kjarna. Það er að vísu rétt, að notkun áburðarins kann að hafa áhrif, að geta dreift kalkinu jafnhliða því, sem köfnunarefnisáburðinum er dreift. Það er nokkru handhægara í framkvæmd, en þegar þannig hagar til, að menn hafa ekki þótzt geta fengið þann kalkríka áburð, sem þeir þó gjarnan vildu kaupa, þá er undarlegt, að þeir skyldu ekki hafa notað sér þetta tilboð, þennan möguleika að kaupa kalkið. Það finnst mér benda til þess, að þeir muni sjálfir nokkuð hikandi um það, hvort þetta sé þeim nauðsyn.

Í sambandi við það, sem hv. flm. kom inn á um Áburðarverksmiðjuna, þá er það rétt, að það voru nokkrar bollaleggingar um það með eðlilegum hætti, hvernig framleiðsla á köfnunarefnisáburði skyldi tekin þar upp, þegar verksmiðjan var stofnuð. Eins og kunnugt er, varð niðurstaðan sú að framleiða ammoníumnítrat, og það var gert vegna þess, að það var langódýrasta formið til þess að fá kg af köfnunarefni ódýrt, hvað form snerti, og sérstaklega vegna þess, hvað sá áburður er sterkur, og þar af leiðandi verður flutningskostnaður miklu minni, en hann er einmitt stór liður í áburðarnotkun hér á landi eins og kunnugt er. Það var yfirleitt ekki ágreiningur um þetta, þegar Áburðarverksmiðjan var stofnuð. Og það þarf ekki að rifja það upp, að það var fyrst og fremst mál bændanna. Það voru fyrst og fremst þeir, sem börðust fyrir því að koma þessari Áburðarverksmiðju á fót. Hins vegar hefur borið mjög á því í seinni tíð, að þeir hafa gagnrýnt þá stofnun, og satt að segja held ég nú, að það sé fyrst og fremst vegna þess, í hvernig ástandi áburðurinn er. Það má með nokkrum rétti segja, að þar hafi orðið mistök. Menn höfðu áður kynnzt amerískum áburði, sem var hvítur og kornaður og var sérstaklega vinsæll, og ég hygg, að það, sem hafi úrslitum ráðið um það, hvað Kjarninn hefur af ýmsum verið illa séður í seinni tíð, hafi einmitt verið þetta, hvernig form hans er.

Það er svo rétt, að eftir því, sem áburðarnotkun hefur vaxið og eftir því, sem tíminn lengist, sem við byggjum okkar grasrækt og grasframleiðslu á tilbúnum áburði eingöngu, þá vitanlega liggur það nokkuð ljóst fyrir, að það fer að skipta meira máli, hvernig áburður er notaður, hvernig áhrif hans eru á jarðveginn. Og þá fara að koma fram spurningarnar um það, hvort ekki muni þurfa að sjá fyrir fleiri efnum en þessum þremur hefðbundnu, ef svo mætti segja, sem aðallega er talað um, köfnunarefni, fosfór og kalí, og það hefur einnig verið að koma í ljós á margan hátt, að önnur efni fer að skorta. Nú er það vitað, að kalkið er eitt af þeim efnum, sem jurtirnar nota mikið af, en það er líka rétt að benda á það, að aðrar áburðartegundir, eins og t. d. fosfóráburður, inniheldur nokkuð af kalki, þannig að með því berst jarðveginum nokkur skammtur. En samt sem áður er það vitanlega spurning, sem leitar á í vaxandi mæli, hvort ekki muni þurfa að fara að sjá fyrir kalkáburði.

Það hefur verið rakið nokkuð af hálfu flm., að þessi spurning hefur allverulega verið tekin fyrir í rannsóknastarfseminni. Og niðurstöður eru nokkuð mismunandi. Hann minnti hér á tilraunir, sem búnar eru að standa milli 20 og 30 ár á tilraunastöðvunum — milli 15 og 20 ár á tveimur og 20—30 ár á öðrum tveimur, — og þar sem bornar eru saman tegundirnar, m. a. Kjarni og kalksaltpétur, og á þessu tímabili virðist enn ekki hafa komið fram, að það sé verulegur munur á árangri milli þessara tveggja tegunda. Á hinn bóginn hefur svo komið fram á öðrum stöðum, að kalk hefur gefið nokkurn árangur. Það er þess vegna enginn ágreiningur um það, að við þurfum að gefa þessu máli gaum.

Mér sýnist, að spurningin í sambandi við þessa till. sé fyrst og fremst sú, hvort það sé líklegt, að með samþykki hennar muni vera hægt að ýta eitthvað betur við þeirri stofnun og þeim starfskröftum, sem þessum málum sinna nú. Á það út af fyrir sig ætla ég ekki að leggja dóm, en hitt vil ég segja, að það hefur verið unnið mikið að þessum rannsóknamálum. Mér dettur í hug að minna hér aðeins á blaðagrein. Það er mikið ritað um þessi mál í búnaðarblöð, m. a. blað, sem Búnaðarblaðið heitir. Þar eru m. a. í 2.—3. tbl. s. l. árs tvær greinar eftir tvo búfræðimenntaða menn um þessi mál. Ennfremur hefur hv. flm. ritað hér í 12. tbl. Búnaðarblaðsins 1968 allítarlega grein, sem einmitt fjallar um kalkið og kalið og þessi ræktunarvandamál, sem því eru skyld, og mig langar til, með leyfi hæstv. forseta, að vitna aðeins í þessa grein. Hann segir hér:

„Engar skipulegar kalrannsóknir fara nú fram á vegum þess aðila, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem lögum samkvæmt á að hafa með höndum alla rannsóknastarfsemi í þágu landbúnaðarins."

Ég verð nú að segja, að það má náttúrlega um það deila, hvað eru skipulagðar kalrannsóknir. En

ég vil hins vegar eindregið mótmæla því, að þessu máli hafi ekki verið sinnt, enda kemur það í raun og veru fram nokkru síðar í þessari sömu grein eftir hv. flm. Hann dregur nokkuð úr þessu, sem þarna er slegið fram. Með leyfi hæstv. forseta segir hér síðar:

„Þó ekki hafi verið brugðizt við vandanum eins og skylt er frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, hefur aðeins verið unnið að kalrannsóknum. Ýmsar tilraunir tilraunastöðvanna snerta vissulega kalið, og þess utan hefur ungur búfræðikandidat, Bjarni Guðleifsson, stundað kalrannsóknir sem lið í framhaldsnámi sínu við Búnaðarháskólann í Ási og unnið hér undanfarin tvö sumur við að safna efniviði í prófritgerð sína og til þess m. a. notið styrks úr vísindasjóði."

Á þetta er rétt að benda, að það má deila um það, hvort þetta er skipulegt atriði, en þarna kemur þó fram, að einn af búvísindamönnum okkar hefur beinlínis tekið þetta verkefni sérstaklega til rannsóknar.

„Á tilraunastöðvunum hefur ekki skort vilja til að fást við vandamálin," segir hv. flm. síðar í þessari grein, og var mikilvægt að fá þessa játningu. En svo kemur hér, með leyfi hæstv. forseta: „Allt er nú byggt á tilgátum og mest á brjóstviti." Ég hef út af fyrir sig mikla trú á brjóstviti, og við höfum komizt furðulega langt á brjóstvitinu. Þrátt fyrir það viðurkenni ég, að við þurfum að hafa rannsóknastarfsemi, enda hefði ég tæpast tekið í mál að fara í stjórn þessarar stofnunar, ef ég hefði verið með algjöra vantrú á því starfi, sem þar ætti að vinna. Svo kemur í Búnaðarblaðinu, sem mig langar enn til að vitna í, með leyfi forseta, og þá tínir hv. flm. fram ýmislegt, sem eru kannske raunverulega meira og minna niðurstöður brjóstvitsins, en styðjast þó við þær rannsóknir, sem fyrir liggja:

„Margir þykjast hafa veitt því eftirtekt, að minna kal er hjá þeim bændum, sem nota hóflega áburðarskammta og byggja búskap sinn á stærra landi, en minni uppskeru af hverri flatareiningu", og ennfremur: „Á tilraunastöðvunum er fengin reynsla fyrir því, að ef um mjög stóra skammta af köfnunarefni er að ræða, breytist gróðurlag reitanna til hins verra. Sáðgresið tekur þá minna rúm en arfi og sveifgras meira. Kalskellur verða þá og tíðari."

Ennfremur: „Allir ráðunautar munu sammála um að vara við mjög mikilli köfnunarefnisáburðarnotkun, og mæla með 100—130 kg á ha."

Mér þykir rétt, þar sem svo merkilegt efni er fest í þingtíðindum, að láta þessar tilvitnanir fylgja með. Þá vil ég ennfremur minna á eitt, með leyfi hæstv. forseta, að það stendur hér undir fyrirsögn: „Kalið kemur með áburðinum. Það er reynsla margra, sem hafa borið á óbrotið land með upprunalegum gróðri, að það fari að bera á kali eftir nokkurra ára áburð. Veit ég dæmi til þessa bæði á framræslufitjum og þurrum grundum."

Það mætti nefna hér fleiri tilvitnanir, en ég skal aðeins bæta einni við, sem mér finnst nauðsynlegt að minna hér á, en það stendur hér með breyttu letri:

„Það er hins vegar fráleitt að fullyrða, að kalvandamálið stafi af Kjarna og telja það fræðilega leyst með því að nota aðrar tegundir köfnunarefnisáburðar eða kalkbera jörðina. Svo einfalt er málið því miður ekki."

Það er mjög mikilvægt að fá þessa játningu fram. Það má deila um það, hvort þetta skiptir verulegu máli í sambandi við flutning þessarar þáltill. Það er vitanlega lengi hægt og e. t. v. lengi þörf fyrir Alþ. að ýta á eftir margs konar starfsemi, sem rekin er í landinu, og vissulega er það rétt, að rannsóknastarfsemin á hvaða sviði sem hún er, og ekki sízt á jarðræktarsviðinu, er mjög mikilvægur þáttur, en hitt vil ég þó segja, að ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins er ákaflega vel ljóst, hve þetta mál er þýðingarmikið, en ég var aðeins með þessum tilvitnunum, m. a. í grein hv. flm. í Búnaðarblaðinu, að vekja hv. alþm. til umhugsunar um það, að málið er mjög margslungið og flókið, og það er þess vegna hreint ekki að furða, að menn velti því nokkuð fyrir sér, hvaða tökum á að taka þessi rannsóknarverkefni. Það hefur nokkuð verið aukið við dreifðar tilraunir á síðustu árum, einmitt í sambandi við kalk og kal, og þó að ég segi þetta, þá vil ég taka undir, undirstrika það, sem ég var einmitt að lesa eftir hv. frsm. úr fyrrnefndri grein, að það er fjarri því, að hægt sé að segja, að það sé nokkurt samband almennt séð á milli kalkskorts og kals. Það er fjarri því. Hins vegar stöndum við frammi fyrir þeirri ómótmælanlegu staðreynd, að síðustu árin, sérstaklega frá 1962, hefur þetta kalvandamál gert miklu meira vart við sig og komið fram á hverju einasta ári í stærri og minni mæli, sérstaklega á norðanverðu landinu, norðvestan og norðaustan, en hefur þó fært sig nokkuð til frá einu ári til annars. En í sambandi við þessa almennu ályktun um það, að kalkvandamálið, sem mér finnst að komi nokkuð fram í þessari þáltill., — að kalkskorturinn kunni að eiga sök á kalinu að einhverju leyti, það finnst mér stangast nokkuð á við það, sem hv. flm. hefur haldið fram á öðrum vettvangi, en það var ekki það, sem ég vildi sérstaklega benda á, heldur hitt, að það hefur verið haft eftir einum af sérfræðingum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, að að því leyti, sem nokkuð væri vitað um ástand kalkforða jarðvegsins, kalkþörf og kalkvöntun, þá mundi fremur vera vöntun á kalki um sunnanvert landið, en síður norðanvert, en eins og allir vita, hefur einmitt kalið hagað sér þveröfugt. Það hefur fyrst og fremst borið á því um norðanvert landið, en miklu síður um það sunnanvert. Almennt séð virðist þetta ekki koma heim og saman. Ég ætla ekki heldur að segja að það afsanni, að það kunni að vera eitthvert samhengi þarna á milli, ég er ekki að segja það heldur.

En ég vil að lokum undirstrika, að þetta vandamál, sem komið hefur fram í ræktuninni, sérstaklega s. l. ár, er ákaflega margslungið, og það er að mínu viti hreinn barnaskapur að halda, að við

finnum viðhlítandi svör við þessu á stuttum tíma. Við munum áreiðanlega þurfa að halda uppi rannsóknastarfsemi í mörg ár, kannske áratugi, áður en við upplýsum til fulls, og kannske upplýsum við aldrei til fulls, allar þær orsakir, sem hér geta legið til grundvallar.

Að lokum þetta: Það er fullkominn vilji Rannsóknastofnunarinnar að taka þetta mál sem alvarlegustum tökum, — rannsóknirnar á vandamálum ræktunarinnar. Okkur er það öllum ljóst, hvað hér er um þýðingarmikið atriði að ræða, og ég vil þá jafnframt segja það, sem ég hef áður haldið fram, að enda þótt menn tali um ákveðnar kaltilraunir, þá má með miklum rétti segja, að allar ræktunartilraunir séu að nokkru leyti kaltilraunir.

Ég mun svo ekki orðlengja frekar um þetta. Ég mun ekki leggja neinn dóm á það, hvað Alþ. vill gera í þessu máli. Það getur vel verið, að við eigum og þurfum að fá rassskell eða hvatningu, eða hvað við eigum að kalla það, til þess að vinna betur að þessum málum. Hitt vil ég segja, að það er fullkominn vilji fyrir því að taka þessi mál sem föstustum og skynsamlegustum tökum.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa ánægju minni yfir því, að hv. 3. þm. Austf., sem jafnframt er formaður stjórnar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, skuli þó virða þessa till. mína svo mikils að koma og taka til máls. Hins vegar fannst mér gæta allmikils misskilnings hjá honum í sambandi við þetta. Ég gæti reynt að leiðrétta eitthvað af honum, þó er það sennilega ofætlun að leiðrétta hann allan.

Í fyrsta lagi er það algjör misskilningur, að í þáltill. þeirri, sem ég talaði fyrir, héldi ég því fram, að kalkskortur ætti mikinn þátt í kalvandamálinu. Ég reyndi að forðast það eftir megni að blanda því saman, vegna þess að maður er orðinn verulega þreyttur á því, hafi maður fengizt við þessi mál, hvað þetta rím, sem kemur fram í kalk og kal, virðist oft verða orsök þess, að menn rugla þarna saman hugmyndum. Ég vil mega endurtaka það, sem ég sagði um þetta í minni framsöguræðu.

Það kemur fram hjá flestum fræðimönnum, sem um þessi mál rita, að kalþol grasa verði sennilega ætíð minna, þar sem einhvers kalkskorts gætir, jafnvel þó að hann komi ekki fram í rýrnandi uppskeru. Þó er hér alls ekki verið að segja, að kalkskortur sé ein aðalorsök kalsins, þvert á móti. Þetta gæti verið ein meðorsök.

Um tilgang minn með þessari þáltill. vil ég taka fram, að hún er alls ekki til þess að gagnrýna þá stofnun, sem hv. þm. er formaður stjórnar fyrir. Það er fyrst og fremst til að styrkja hana, og mér virtist virkilega þörf á að styrkja hana í hlutverki sínu. Ég var ekki að gagnrýna stofnunina. Þó gæti ég vel gert það í einstökum atriðum, vegna þess að það er ekki hægt að segja, að hún hafi sinnt þessu hlutverki vel, miðað við það, hvað brýnt það er. Ég vil því til sönnunar vitna aftur til endurtekinna ályktana Búnaðarþings, sem er þekkt að því að vanda sínar ályktanir vel og kynna sér málin vel, en þar segir í ályktun síðasta Búnaðarþings, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing átelur, hve hægt miðar rannsóknum á kalkþörf, þar sem m. a. er upplýst, að uppgjör á þeim tilraunum og rannsóknum, sem hafa verið framkvæmdar, er að verulegu leyti óunnið.“

Ég vil taka fram í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Austf. sagði, að bændur hefðu ekki keypt eins mikið kalk og vænta mátti, ef það væri svo útbreidd skoðun hjá þeim, að kalk vantaði í jarðveginn. Ég vil benda á, að kalkið er dýrara í stofnkostnaði. Þar er um 8—10 ára fjárfestingu að ræða, en með notkun kalkríks áburðar, sem að vísu yrði nokkru dýrari til lengdar, yrði tekinn aðeins $^1/_8$ eða $^1/_{10}$ fjárfestingarinnar í einu. Þá hefur líka verið bent á, að það fylgir hætta á ofkölkun, bæði fjárhagsleg áhætta og einnig hætta á snefilefnaskorti, og sérfræðingarnir hafa ekki treyst sér til að ráðleggja, hvað væri hið hæfilega magn af kalki. Ég vil einnig benda á, að í grein, sem dr. Bjarni Helgason skrifaði í Frey nýverið og einnig í Búnaðarblaðið, þá er það hans ályktun, að meðan málin eru svo lítið rannsökuð, eins og hann bendir á að þau séu, — þá er það ályktun hans, að það sé réttast að nota kalkríkan áburð, en ekki að fara út í að kalka. Meginefnið er, að þetta þarf að rannsaka betur, vegna þess að áfræðin er svo dýr, svo hættuleg. Það getur verið jafndýrt að ofkalka og vankalka.

Ræðumaður vék hér allmikið að kaltilraunum, og ég verð í fyrsta lagi að þakka hv. þm., að hann skyldi virða greinina í Búnaðarblaðinu svo mikils, að hann skyldi fara að lesa upp úr henni, svo að hún festist í þingtíðindum, en þar var ég að tala um kal. Þar var hann enn að blanda saman kali og Kjarna. Ég get vel svarað því, að það er rétt og verður aldrei dæmt annað en rétt, að það fara engar skipulegar kalrannsóknir fram á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þess vegna hef ég m. a. leyft mér að flytja aðra þáltill., sem vonandi kemur seinna til umr., — og er þar aftur verið að styrkja hv. þm. í hans baráttu fyrir auknum landbúnaðarrannsóknum, — þáltill. um auknar kalrannsóknir. Væntanlega hefði ég slengt þessu öllu saman, ef ég hefði verið sömu skoðunar og hv. þm. Ég vil aðeins benda á, að hann nefnir, að einn maður fáist við kalrannsóknir, þ. e. einn námsmaður, sem fæst við þær, og hefur hlotið til þess nokkurn styrk. Ég vil mega geta þess í sambandi við kal- og kannske kalkrannsóknir, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur mjög lítið gert að því að undanförnu að leggja út í slíkar tilraunir. Það eru nokkrar dreifðar tilraunir, en þær eru mjög litlar og hlutfallslega minni nú heldur en að undanförnu.

Þegar mest kól á Austurlandi 1965, þá var miklum rannsóknum lofað, og sérfræðingur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fór þangað austur, kannske fyrir áeggjan 3. þm. Austf., lagði út nokkrar tilraunir, þrjár tilraunir, og m. a. með kalk til að vita, hvort kalk geti verið þáttur í því að geta

valdið kali. Þessar tilraunir hafa verið slegnar og hirtar, en ekki af þessum sérfræðingi Rannsóknastofnunarinnar. Mér er ekki kunnugt, að hann hafi komið í þann landsfjórðung síðan, en frekar, að hv. 3. þm. Austf. hafi sjálfur orðið að hirða um þessar tilraunir.

Ég vil þá endurtaka að lokum, að þessi þáltill. er ekki flutt sem gagnrýni á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þvert á móti sem stuðningur við hennar starfsemi og hugsuð þannig, að hún geti rækt sitt hlutverk betur og fái meiri fjárveitingar. Þá vil ég benda á, að þarna er lagt til, að fram fari rannsóknir á hlut, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins ætti óhægt með að rannsaka, en það er leit að kalki í kringum landið og rannsókn á því, hvernig ódýrast og hagkvæmast er að vinna það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

43. Lánskjör atvinnuveganna.

Á 59. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um lánskjör atvinnuveganna [162. mál] (A. 311).

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 62. fundi í Nd., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till. fjallar um það, að Nd. Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að afla upplýsinga um lánskjör atvinnuveganna hjá þeim þjóðum, sem Íslendingar keppa við á erlendum mörkuðum og á heimamarkaði. Upplýsingar þessar skulu bæði ná til stofnlána og rekstrarlána og greina frá lánsmöguleikum, afborgunarskilmálum, vöxtum og öðru því, sem máli skiptir. Að fengnum þessum upplýsingum skal gerður samanburður á lánskjörum þessara atvinnuvega og íslenzkra atvinnuvega og sá samanburður birtur opinberlega.

Ég held, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, hver er tilgangurinn með þessari till., svo að ég tel mig ekki þurfa að fara mörgum orðum um hana. Það vita það allir, sem til þekkja, að miklu máli skiptir fyrir atvinnuvegina við hvaða lánskjör þeir búa, og raunar á þetta við í sívaxandi mæli. Það er að nokkru leyti vegna aukinnar vélvæðingar, sem hefur það í för með sér, að atvinnufyrirtækin þurfa alltaf á meira og meira fjármagni að halda. Auk þess hefur sú þróun orðið hjá okkur hin síðustu ár, að rekstrarkostnaður hefur stórkostlega aukizt, a. m. k. í krónutölu, vegna þeirra gengisfellinga, sem hér hafa verið gerðar.

Nú er rætt um eða fer fram athugun á því, hvort við eigum að ganga í Fríverzlunarbandalag Evrópu, sem þýðir, að ýmsar atvinnugreinar hér, sem njóta nú tollverndar og ýmissar annarrar verndar, yrðu í framtíðinni, ef af þessu yrði, að heyja samkeppni við erlendar iðnaðarvörur án þess að hafa nokkra slíka vernd. Það skiptir að sjálfsögðu miklu máli, þegar svo er komið, að þær atvinnugreinar okkar, sem eiga í slíkri samkeppni, búi ekki við lakari lánskjör en hinir erlendu keppinautar. M. a. af þeirri ástæðu tel ég nauðsynlegt einmitt nú, að slík athugun sem hér ræðir um, fari fram.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að þessu sinni að fara um þessa till. fleiri orðum, en leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. gangi hún til fjhn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ekki er nema gott um það að segja, að rannsökuð sé aðstaða atvinnurekstrar hér á landi og erlendis, en þá er líka nauðsynlegt, að allt sé tekið með í þeirri rannsókn, svo að málið liggi nógu ljóst fyrir, m.a. það, hversu þýðingarmikill þáttur hver atvinnurekstur er í þjóðarbúi hvers lands um sig.

Það er vitað mál, að sjávarútvegurinn hér á landi er hlutfallslega miklu þýðingarmeiri í okkar þjóðarbúi en hann er í búum annarra þjóða, sem við þekkjum og getum borið okkur saman við. Þess vegna hafa þær margar a. m. k. haft aðstöðu til þess að styrkja sjávarútveginn með ýmsum þeim hætti, sem við getum ekki. Þannig er a. m. k. í okkar nánasta frændlandi, Noregi. Þar er sjávarútvegurinn að vísu allþýðingarmikil atvinnugrein, en ekki nema smáræði við það, sem hér er, og norskur sjávarútvegur nýtur margháttaðrar fyrirgreiðslu af hálfu ríkis og almannavalds, sem við getum ekki veitt, vegna þess hvílík meginstoð sjávarútvegur er hér, gagnstætt því, sem hann er í Noregi, þar sem hægt er að efla hann af öðrum miklu öflugri atvinnugreinum.

Það er einnig athyglisvert, að mjög sýnist örðugt að fá um það glöggar upplýsingar, hvert raunverulegt fiskverð er í landi eins og Noregi. Það sést m. a. á nýlegri skýrslugerð, sem átt hefur sér stað í sambandi við aukið efnahagssamstarf Norðurlandaþjóða, að þar eru að vísu birtar ýmsar tölur, en sagt, að þær séu að nokkru leyti ágizkun og fiskverðið sé ákaflega mismunandi í ýmsum héruðum landsins, og að lokum er gefizt upp við að láta uppi algjörlega öruggar heildarupplýsingar. Þannig getur

staðið mjög misjafnlega á og verið erfitt að fá þau gögn, sem okkur eru þó með öllu ómissandi.

Um það er ég algjörlega efnislega sammála hv. 4. þm. Reykv., en það kom fram hjá honum misskilningur, þegar hann sagði, að rekstrarkostnaður hér hefði aukizt vegna gengisbreytinga að undanförnu. Það má segja, að sumir þættir rekstrarkostnaðar hafi aukizt af þessum sökum, en að öðru leyti voru gengisbreytingar óhjákvæmilegar vegna þess, hversu mikill rekstrarkostnaðurinn var orðinn áður, og vegna gengisbreytinganna er sjávarútvegurinn og reyndar iðnaður og landbúnaður mun samkeppnisfærari erlendis heldur en þeir áður voru. Það var vegna þess mikla rekstrarkostnaðar, sem hér hafði orðið áður en gengisbreytingarnar áttu sér stað, sem þær urðu að verða. Auðvitað voru fleiri ástæður, sem þar komu til greina, svo að þessi úrræði urðu ekki umflúin.

Það er einnig mjög athyglisvert, sem hv. 4. þm. Austf. sagði áðan, að fiskverð hér virtist yfirleitt lægra en víðast annars staðar. Nú er, eins og ég sagði, víðast mjög erfitt að bera saman til hlítar, a. m. k. við land eins og Noreg, en það er ákaflega fróðlegt að athuga og væri þess virði, að um það væru samdar alveg tæmandi skýrslur, af hverju fiskverðið verður lægra hér, heldur en það er erlendis. Í raun og veru á að vera óþarft fyrir okkur að vera að deila um orsakir þessa, þetta á að geta legið fyrir. Þetta þarf að upplýsa. Margir ætla, að það sé vegna þess, að milliliðakostnaður sé hér meiri. Ég hygg, að því fari fjarri. Ég held þvert á móti, að milliliðakostnaður sé minni hér en hjá okkar nágrannalöndum og sölufyrirkomulag á erlendum mörkuðum yfirleitt betra. En í hverju liggur þá þessi aukni kostnaður? Hv. 4. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austf. halda því að sjálfsögðu fram, eins og við þekkjum, að það sé vegna þess, að fjármagnskostnaður sé hér meiri, olíukostnaður sé meiri og annað slíkt. Það má vera að þetta verki að nokkru leyti, en þetta er ekki nema sáralítil skýring á því, sem hér er um að ræða. Hér verður einnig að athuga hæð vinnulauna, það verður að athuga þann kostnað, sem kemur af því, að haldið er uppi jafnaðarverði á fiski um allt land, þó að aðstaða sé ákaflega ólík. Norðmenn hafa það svo, eins og ég sagði áðan, að þar er fiskverðið mjög misjafnt eftir landshlutum. Hér hefur verið reynt að hafa það jafnt og hjá þeim, sem lakari aðstöðuna hafa, jafnhátt og hjá þeim, sem betri aðstöðu hafa.

Öll þessi atriði þurfa að koma til. Þá verður einnig að athuga getu okkar til þess að láta fé til fjárfestingar og til rekstrar. Við eigum að keppa við þjóðir, sem byggt hafa upp sína atvinnuvegi á mörgum öldum. Hér hefur nútímaatvinnurekstur verið byggður upp á fáum áratugum. Það hafa að vísu verið unnin mikil stórvirki, en við vitum, að við erum fjármagnsvana miðað við önnur stærri lönd í okkar nágrenni. Þetta kemur ekkert við venjulegum pólitískum deilum. Þetta eru staðreyndir, sem við komumst ekki hjá að hafa í huga.

Þá kem ég einnig að því, sem ég sagði áðan, að aðrar þjóðir hafa getu til þess að létta undir með slíkum aukaatvinnuvegum, eins og fiskveiðar eru hjá þeim, þar sem við verðum einmitt að leggja höfuðbyrðar þjóðfélagsins á fiskveiðarnar, af því að þær eru þrátt fyrir allt okkar öflugasti og undirstöðuatvinnuvegur.

Ég ætla ekki að fara að efna hér til almennrar þrætu um efnahagsstefnu okkar. Okkur gefst nóg færi til þess. Ég fagna því, að menn vilja fá hlutlausar og réttar upplýsingar, en þá þarf líka að koma sér saman um að spyrja á réttan hátt, því að ef spurt er villandi, leiðir af því að sjálfsögðu, að svarið verður einnig villandi.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. þær undirtektir, sem komu fram í ræðu hans. Ég gat ekki skilið þær betur en hann væri því fylgjandi, að slík athugun færi fram, sem þessi till. fjallar um, en teldi hins vegar, að það kynni að vera rétt að láta fara fram athugun á fleiri atriðum til samanburðar á því, hvernig búið er að atvinnuvegum hér og í nágrannalöndum okkar. Ég get vel fallizt á það, ef samkomulag yrði um það í n., að þessi till. yrði ekki aðeins látin ná til samanburðar á lánskjörum og vaxakjörum atvinnuveganna, heldur líka til fleiri atriða, til þess að fram fengist sem réttastur samanburður á því, hvernig væri búið að atvinnuvegunum hér á landi og í þeim löndum, sem við þurfum helzt að keppa við, t.d. á fiskmörkuðunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við það, sem ráðh. sagði um ýmis atriði í sambandi við fiskverð og annað þess háttar. Ég held, að hann hafi ekki tekið alveg rétt eftir, þegar ég var að tala um aukinn rekstrarkostnað af völdum gengisfellinganna. Ég sagði, að rekstrarkostnaður hafi a.m.k. aukizt í krónutölu, og með tilliti til þess hefði lánsfjárþörf þeirra aukizt. Hins vegar má náttúrlega deila um það fram og aftur, hvernig gengislækkanir verka í þessu sambandi. Það má vel vera, ef miðað er við þær tekjur, sem gengisfelling veitir sumum atvinnugreinum í aðra hönd, þá sé ekki um raunverulegan rekstrarkostnað að ræða. Aftur á móti kemur aukinn rekstrarkostnaður mjög greinilega fram hjá öðrum atvinnugreinum. Ég nefni t.d. landbúnaðinn. Af völdum gengisfellingarinnar eða -fellinganna hafa margir rekstrarkostnaðarliðir hans stórlega aukizt, án þess að hann hafi fengið það nema að sáralitlu bætt, því að eins og við vitum, þá er það ekki nema örlítill hluti af framleiðslu hans, sem er fluttur til útlanda og gengisfellingin verður til að hækka í verði. En ég sé ekki neina ástæðu til þess að vera að karpa við hæstv. ráðh. um þessi atriði. Þau skipta ekki miklu fyrir það mál, sem hér liggur fyrir, en ég fagna þeim undirtektum, að hann vill láta fara fram samanburð á lánskjörum atvinnuveganna hér og í nágrannalöndum okkar, og er ég fús til samkomulags við hann um það, að slík athugun verði einnig látin ná til fleiri rekstrarþátta.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

44. Kalrannsóknir á Akureyri.

Á 61. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um eflingu kalrannsókna á Akureyri [167. mál] (A. 325).

Á 63. fundi í Nd., 11. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 64., 65. og 66. fundi í Nd., 13., 17. og 18. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 20. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem er á þskj. 325 og ég hef ásamt meðflm. leyft mér að flytja, fjallar um eða felur í sér áskorun til ríkisstj. um að sjá til þess, að efldar verði kalrannsóknir við tilraunastöðina á Akureyri. Hér er ekki fyrst og fremst verið að fara fram á auknar fjárveitingar, heldur það, að þegar fjárhagur leyfir, þá láti Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem lögum samkvæmt á að fara með allar rannsóknir í þágu landbúnaðarins í landinu, búa þessum rannsóknum aðstöðu við þessa tilraunastöð, eina af fjórum jarðræktartilraunastöðvum sínum. Það er á Akureyri.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn þess að auka rannsóknir á þessu mikla vandamáli, sem er tvímælalaust mesta vandamál, sem steðjar að íslenzkri grasrækt. Í grg. er rakið, sem mönnum er reyndar allt of vel kunnugt, hve geysilegu tjóni kalið veldur, og þó að skýrslur yfir það séu ekki nákvæmar, þá er hægt að benda á mjög háar tölur. Sérstaklega er tjónið mjög tilfinnanlegt á ákveðnum svæðum og auðvitað verður heildin fyrir mjög miklu tjóni.

Í grg. er bent á, hvernig eðlilegt sé að haga þessum rannsóknum, hvernig má skipta þeim niður eftir eðli málsins, en ég sé ekki ástæðu til að rekja það hér. Þá er bent á, að eftir útbreiðslu kalsins, eins og það hefur verið þennan síðasta áratug, þá liggur þessi rannsóknastöð, þ. e. tilraunastöðin á Akureyri, því sem næst á miðju kalsvæðinu. Það er þess vegna mjög eðlilegt að álykta, að þarna væru þessar rannsóknir langbezt niður komnar. Þaðan yrði skemmst að fara og aðstaðan yrði auðveldust til að framkvæma rannsóknirnar. Það er bent á, að það þarf nokkra aðstöðu á tilraunastöð, og sú aðstaða er að nokkru leyti til á Akureyri. Þar fara einnig fram aðrar rannsóknir á vegum annars aðila, þ. e. Rannsóknastofu Norðurlands, sem Ræktunarfélag Norðurlands rekur. Þarna er samvinna á milli, og þetta getur styrkt málið.

Þó að hér sé fyrst og fremst um skipulagsatriði að ræða, þá er það ekki ástæðulaust, að hér er flutt sérstök þáltill., vegna þess, sem ég vil nú benda á, að það eru miklar líkur til þess, að þó að nokkuð auknar fjárveitingar fáist til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, þá verði það ekki í svo auknum mæli í einu, nema sérstaklega sé ákveðið, að hún treysti sér að koma þessari aðstöðu upp á Akureyri. Annað styður þetta mjög, og ég vil mega, með leyfi hæstv. forseta, vitna í nokkrar ályktanir frá Búnaðarþingi. Það er fyrst frá s. l. Búnaðarþingi, Búnaðarþingi 1969, en þar segir svo í 3. gr. ályktunar, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing ítrekar ályktanir sínar frá fyrri árum um, að tilraunastöðinni á Akureyri verði falið að annast aðalkalrannsóknir og fái hún til þess tæki og mannafla."

Þá vil ég einnig, með leyfi hæstv. forseta, vitna til ályktunar Búnaðarþings frá 1968. Þar segir í ályktun um kalrannsóknir í 4. gr.:

„Líklegast til árangurs er, að einni af tilraunastöðvunum verði falið að annast aðalkalrannsóknir. Væntir þingið þess fastlega, að tilraunastöðinni á Akureyri verði gert kleift að stórauka þær og fá til þess tæki og mannafla."

Þá vil ég einnig vitna til, með leyfi hæstv. forseta, að á aðalfundi Ræktunarfélags Norðurlands árið 1966 var samþ. svofelld ályktun:

„Aðalfundur Ræktunarfélags Norðurlands, haldinn á Akureyri 29. júní 1966, lítur svo á, að kal í túnum sé eitt alvarlegasta vandamál, sem að íslenzkum landbúnaði steðjar, og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að engin önnur áföll valdi meira og tíðara fjárhagstjóni. Fundurinn bendir á, að rannsóknir á eðli kalsins og ástandi hljóti að verða svo umfangsmiklar og margþættar, að nauðsyn sé, að einn eða fleiri sérfræðingar geti helgað sig þeim eingöngu. Hann beinir því þeirri eindregnu áskorun til stjórnar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, að hún feli þessar rannsóknir nú þegar sérstökum sérfræðingi og verði hann staðsettur, þar sem aðstæður geti orðið beztar, bæði með tilliti til rannsókna og tilrauna á kalsvæðinu sjálfu og vinnu á tilraunastofum. Fundurinn beinir þeirri áskorun til fjárveitingavaldsins, að það geri Rannsóknastofnun landbúnaðarins þetta fært, með því að auka fjármagn til hennar eða veita sérfjárveitingu til kalrannsókna."

Nú vil ég geta þess, að nokkur sérfjárveiting til kalrannsókna hefur verið veitt á fjárl. að undanförnu, 75 þús., að ég held. Það hefur að vísu að nokkru leyti verið notað norður á Akureyri, en það hefur ekki verið meira en það, að aldrei hefur þótt hægt að ráða sérstakan sérfræðing til þessara rannsókna. Hins vegar er það kunnugt, að ungir menn

sjá þörfina, og þeir eru fleiri en einn, sem stunda nú nám með tilliti til þess að geta helgað sig þessu rannsóknarverkefni, og vitað er um einn, sem á skammt eftir af framhaldsnámi, og sennilegt er, að þegar þessir menn koma heim vel menntaðir, þá verði þeir ráðnir til þessarar stofnunar, en þá ríður mest á, að fjármagnið, sem til þessara rannsókna kann að vera veitt, nýtist sem bezt. Í grg. þykjumst við hafa sýnt fram á, að það geti á engan hátt betur nýtzt en það verði stofnuð sérstök kalrannsóknarstöð eða kalrannsóknaraðstaða við tilraunastöðina á Akureyri.

Þá vil ég benda á, að það má líta á það sem nokkurt jafnvægisatriði og jafna aðstöðu að draga ekki alla starfsemi stofnunar, sem á að þjóna öllu landinu, eins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins á að gera, að draga hana ekki alla saman á einn stað, en til þess eru sterkar tilhneigingar, einmitt ef ekki er hægt að gera stærri átök. Og það hefur sótt í það horf að undanförnu, að tilraunastöðvarnar, sem eru útibú Rannsóknastofnunar, þeirra hlutur hefur farið heldur rýrnandi, og þær eru ekki jafnvel búnar að mannafla og áður var, en þarna yrði stigið nokkurt skref og ákveðið skref í þá átt að búa þær betur að mannafla. Og ég vil þá endurtaka, að þetta miðar fyrst og fremst að því að fá betri nýtingu á þeim fjármunum, sem kann að verða varið til þessara rannsókna, og vonandi aukast þeir fjármunir í hlutfalli við hina brýnu þörf á þessum rannsóknum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 68. fundi í Nd. var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 25 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

45. Viðskiptafulltrúar.

Á 91. fundi í Nd., 9. maí, var útbýtt:

Till. til þál. um viðskiptafulltrúa [252. mál] (A. 671).

Á 93. fundi í Nd., 12. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 95. fundi í Nd., 16. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

46. Alþjóðlegt ráðstefnuhús í Reykjavík.

Á 15. fundi í Ed., 18. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um alþjóðlegt ráðstefnuhús í Reykjavík [69. mál] (A. 88).

Á 19. fundi í Ed., 28. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var till. tekin til einnar umr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég hef tekið að mér að halda hér örstutta framsöguræðu fyrir þáltill., sem lögð hefur verið fram á þskj. 88 um alþjóðlegt ráðstefnuhús í Reykjavík. Flm. þessarar till. er Tómas Karlsson, sem átti hér sæti um skeið sem varamaður. Till. er á þá lund, að Ed. Alþ. skori á hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því, að kannaðir verði möguleikar á, að reist verði í Reykjavík alþjóðlegt ráðstefnuhús af fullkomnustu gerð. Ríkisstj. skal í þessu sambandi leita samráðs og samvinnu við þá innlendu aðila, sem að ferða- og gistimálum starfa, og kanna, hvort alþjóðastofnanir og alþjóðleg fyrirtæki mundu vilja hafa afnot af slíku ráðstefnuhúsi í Reykjavík og hugsanlega eignast hlutdeild í því með fjárframlögum, er veittu viðkomandi forgangsrétt til afnota hússins. Þykir vænlegt að reisa slíkt hús í því augnamiði að auka tekjur íslenzkra aðila af ferðamannaþjónustu. Skal ríkisstj. hafa forustu um að mynda samtök aðila, sem áhuga hefðu á að eiga húsið ásamt íslenzka ríkinu og reka það. Enn fremur skal kanna, hvort fáanleg væru lán með góðum kjörum til að koma húsinu upp á skömmum tíma.

Þessari þáltill. fylgir allýtarleg grg. flm., og vísa ég að mestu til hennar. En aðalrökstuðningur flm. fyrir þessari till. er sá, að ferðamannaþjónusta og sú fjölbreytilega þjónustustarfsemi, sem henni fylgir, sé ein af þeim nýju atvinnugreinum, sem Íslendingum beri að leggja áherzlu á til þess að treysta undirstöðurnar undir efnahag sínum, eins og margoft hefur verið á bent, hversu nauðsynlegt er.

Flm. segir, að enginn vafi sé á því, að skilningur á nauðsyn þess að gera Ísland að ferðamannalandi hafi farið vaxandi með ári hverju og löggjafinn hafi sýnt það m. a. í verki, þó að þau framfaraspor hafi verið æðistutt. Eins og hér segir, hafa þau þó verið spor í rétt átt. Hann minnir enn fremur á það, að fyrir Alþ. liggi till. til þál. um þriggja ára áætlun um eflingu ferðamannaþjónustu hér á landi, og það sýni, að meðal hluta alþm. a. m. k. hafi sú skoðun fest rætur, að betur þurfi að þessum málum að standa, ef duga skal. Og ef þessi þáltill. hlyti náð fyrir augum hv. d., mundi hún vitanlega koma til athugunar í sambandi við og framhaldi af þeirri athugun, sem annars staðar hefur verið lögð til. Síðan segir flm. orðrétt:

„Hin ævintýralega þróun flugtækninnar hin

síðari ár hefur gert það að verkum, að með hverju árinu, sem líður, verður auðveldara og ódýrara að komast landa og heimsálfa á milli. Ferðalög landa milli eru orðinn ákveðinn og sívaxandi þáttur sjálfsagðra lífskjara í hinum betur megandi ríkjum. Fullyrt er af þeim, sem gerst eiga að vita í þessum efnum, að farþegafjöldi í áætlunarflugi muni þrefaldast á næstu 7 árum og fjórfaldast á næstu 10 árum. Þótt okkur tækist ekki að beina hingað til lands nema litlu broti af þessari miklu og skjótu aukningu ferðamannastraumsins, mundi þar samt vera um geysilegar fúlgur að ræða, sem rynnu í okkar þjóðarbú."

Það er talið, að ferðamannaþjónusta sé sú atvinnugrein, sem langmestum arði skili í hlutfalli við fjárfestingu og ég vil aðeins bæta því við, sem raunar augljóst er, að flestar nýjar atvinnugreinar, sem byggja á útflutningi, eru þannig af eðlilegum ástæðum, að úr útflutningsverðinu er reytt eitt og annað í kostnað og annað slíkt, sem þar kemur til greina. Aftur á móti hefur þessi atvinnuvegur, ferðamannaþjónustan, þann mikla kost, að það, sem inn kemur, bætir heldur við sig.

Í grg. er svo vikið að því, að eitt af því, sem til greina komi til þess að örva hingað ferðamannastraum, sé bygging ráðstefnuhúss, eins og till. fjallar um, og það er rakið allýtarlega, sem ég skal nú ekki þreyta hv. þdm. á að fara nánar út í, þar sem það liggur fyrir á prentuðu þskj., að slík ráðstefnuhús hafi hvarvetna, þar sem þau eru til, haft mikla þýðingu í því efni að laða ferðamenn til landsins. Það er bent á það hér, að vegna ýmissa atvika séu stórborgirnar að verða sífellt óheppilegri vettvangur fyrir slíkar ráðstefnur. Það er erfiðara að standa að ráðstefnum í stórum borgum. Það kemur margt til. Sumt af því er talið upp hér, annað ekki, þannig að hugur manna, sem fyrir slíkum ráðstefnum standa, beinist alveg áreiðanlega í vaxandi mæli að því að halda slíkar ráðstefnur á kyrrlátari stöðum, þar sem betra næði er fyrir þingfulltrúa eða ráðstefnufulltrúa að starfa. Og þetta hús mundi náttúrlega koma að notum bæði fyrir innlenda og erlenda aðila. Innlendir aðilar hafa verið á hrakhólum með húsnæði, og ég tel enga fásinnu, að samstaða gæti orðið á milli þeirra aðila, sem halda þurfa fjölmenn þing, um einhverja þátttöku í byggingu slíks húss, allavega einhverja tryggingu fyrir viðskiptum við slíkt hús. Ég vil geta þess hér, að ég átti núna í morgun samtal við formann ferðamálaráðs um þessa till. Formaður ferðamálaráðs er Lúðvík Hjálmtýsson. Hann taldi, og leyfði að hafa það eftir sér, að hér væri hreyft merkilegu máli. Og m. a. vitnaði hann í, til framdráttar þessari till., þá reynslu, sem fengizt hefur af slíkri byggingu í Álaborg í Danmörku. En þar var fyrir nokkrum árum reist slíkt alþjóðlegt ráðstefnuhús gegn nokkurri gagnrýni talsverðs hluta borgarbúa, sem taldi, að a. m. k. hefði fyrr átt að ljúka byggingu ráðhússins þar en ráðast í slíka byggingu. En nú er viðhorfið til þessarar byggingar þar alveg breytt, vegna þess að bæjarbúar hafa komizt að raun um það, hversu mikil hlunnindi og miklar tekjur hreinlega fylgja þessari byggingu í borgarsjóð, er varðar alla borgarbúa, og allir eru ánægðir með þessa ráðstöfun. Þá upplýsti hann, að talsverð eftirspurn væri frá erlendum aðilum um aðstöðu til ráðstefnuhalds hér á landi, en þessum aðilum hefði orðið að tjá, að slík aðstaða væri hér ekki fyrir hendi. Í mínum augum er spurningin, sem þessi þáltill. vekur, kannske fyrst og fremst sú, hvort Íslendingar vilja, að Ísland verði ferðamannaland eða ekki. Ég get vel sett mig í spor þeirra, sem oft hugsa til þess með nokkurri eftirsjá, að Ísland fyllist af erlendum ferðamönnum og meiri hluti þjóðarinnar kannske eða mikill hluti þjóðarinnar verði þjónar erlendra ferðamanna. Það er atriði, sem mér finnst, að menn verði að gera sér mjög vel grein fyrir, að ferðamannastraumnum fylgja náttúrlega ekki bara dollararnir og pundin. Þar fylgja líka ferðamennirnir sjálfir með öllu því umstangi, sem þeim fylgir, og þeirri þjónustu, sem þeir krefjast, og kannske eru Íslendingar tilbúnir til þess að gerast ferðamannaþjónar, ég veit það ekki. En ég vil segja það í tilefni af þessari þáltill., að ef niðurstaðan yrði sú hjá meiri hl. okkar hér, að Íslendingar ættu að taka ferðamannaþjónustu upp sem stóran atvinnuveg, þá hygg ég alveg ótvírætt, að stórt spor í þá átt væri einhvers konar bygging slíks húss, sem þessi þáltill. fjallar um.

Ég orðlengi þetta ekki frekar. Eins og ég segi, er þessi till. frá öðrum komin, — mér dettur ekki í hug að halda því fram, að ég viti neitt sérstaklega mikið um þetta mál eða meira heldur en aðrir þdm., — en ég tók að mér að hafa þessa framsögu. Það hef ég gert með örfáum orðum og vil, herra forseti, leggja til, að þessari umr. verði nú frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

47. Hafnargerð við Þjórsárós.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á hafnargerð við Þjórsárós [231. mál] (A. 538).

Á 79. fundi í Ed., 28. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 80. fundi í Ed., 29. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Suðurströnd Íslands er, svo sem menn vita, hafnlítil, svo

að hún hefur oft verið kölluð hafnlaus. Rétt er það, að stærstur hluti hennar er hafnlaus. Þær hafnir, sem á suðurströndinni eru, eru bæði smáar og fáar og á útjaðri strandarinnar, annars vegar vestanvert, Þorlákshöfn, Eyrarbakki og Stokkseyri, en austanvert á suðurströnd Íslands má telja, að Hornafjörður sé eða Höfn í Hornafirði. Þar á milli eru ekki hafnir. Þetta er þeim mun bagalegra, sem á Suðurlandi, einkum á Suðurlandsundirlendinu er hvað blómlegust byggð á Íslandi, hvort heldur er til þéttbýlis eða sveitabúskapar, að öðru leyti en því, að vandkvæði mikil stafa af því, hve langt er til góðra hafna. Menn hafa líka fundið til þess arna, og Alþ. hefur haft uppi viðleitni í þá átt að styrkja hafnargerðir á þeim stöðum, sem ég hef nefnt, enda þótt vitað væri, að þar gæti ekki orðið á neitt nálægri tíð um stórar hafnir að ræða, hafnir með verulega þýðingu fyrir þjóðarbúskap Íslendinga.

Það er líka nokkur vafi á, að þessum höfnum hafi öllum verið valinn heppilegasti staðurinn. Ég verð t. d. fyrir mitt leyti hreinlega að játa, að mér datt aldrei í hug, að hafizt yrði handa um hafnargerð í stórum stíl á stað eins og t. d. Þorlákshöfn, nema það væri þá fullkannað, að þeir aðrir staðir, sem hugsanlega hefðu getað komið til greina, og á ég þar fyrst og fremst við árósana á suðurströndinni, að þar væri ekki hægt að gera hafnir.

Varðandi þann stað, sem hér er flutt till. um, Þjórsárósinn, þá hygg ég, að menn hafi almennt verið haldnir þeirri hugsun, að hún mundi renna fram á Þjórsárhrauninu svonefnda, sem er mesta hraun, sem vitað er til, að runnið hafi nokkru sinni á jarðkúlunni. Þar af leiðandi mun ég ekki hafa verið einn um það að ganga með þá hugmynd, að það mundi vera svo grunnt í árósnum niður á fast, niður á klöpp, niður á hraun, að þar væri ekki tiltækt að gera höfn, nema með kostnaði, sem ekki væri viðráðanlegur fyrir okkar þjóð. En þessu er ekki þannig varið. Bent hafa mér á það menn, sem eru áhugamenn um hafnargerðir, að á síðustu sjókortum, sem gefin hafa verið út af sjókortagerðinni, sem nú er flutt hér inn í landið og er í tengslum við Vitamálaskrifstofuna, að þá verður ekki annað séð en þarna sé mikið dýpi niður á hraun eða fastan botn, þannig að flestum, sem með skjótum hætti hafa athugað þetta mál, sýnist svo, sem áin renni alls ekki fram á Þjórsárhrauninu, heldur renni hún austan við hraunjaðarinn og þar sé ærið djúpt niður á fast, og væri þess vegna hægt að gera höfn þeirra hluta vegna.

En þá kemur fleira til. Það er í fyrsta lagi vandkvæði við hafnargerð á suðurströndinni, sem ekki er í neinu náttúrlegu vari fyrir úthafsöldunni. Úthafsaldan verður af þeirri stærð, að það torveldar siglingar skipa oft á tíðum. Þegar betur er að gætt, sjáum við, að frammi fyrir ósi þessa fljóts, sem hér um ræðir, Þjórsár, er útstreymi það mikið, að það bugar úthafsölduna verulega, en alveg sérstaklega er vert að gefa gaum að því, að í þeim áformum, sem raforkumálastjórnin hefur uppi um þessar mundir, stendur til að veita saman hinum stærstu fljótum landsins, Hvítá í Árnessýslu og Þjórsá, og er það þá orðið fljót af slíkri stærð, að ætla má, að það muni kæfa mjög niður úthafsöldu, þar sem það fellur til sjávar. En auðvitað verður að rannsaka allt þetta nánar, og það er einmitt það, sem þessi till. gerir ráð fyrir, að gert verði. Því skyldum við ekki líta á okkar árósa sem hafnarstæði, einkum þegar þeir liggja á þeim svæðum, þar sem þjóðina vantar hvað tilfinnanlegast höfn?

Þróunin í íslenzkri hafnargerð hefur orðið sú, að almennt hafa hafnirnar hreint ekki verið byggðar við árósa. Það er í rauninni, að því er talizt getur, aðeins ein höfn á Íslandi, sem þannig er byggð, Höfn í Hornafirði, og það er margt, sem bendir til, að tækniþróunin nú og í framtíðinni muni verða sú, að það sé viðráðanlegra að gera hafnir góðar á slíkum stöðum, heldur en þar, sem hafnirnar eru byggðar út í úthafið.

Ég hef þess vegna ásamt hv. 4. þm. Sunnl. leyft mér að flytja hér till. um það, að þessi hv. þd. skori á ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á Þjórsárósi sem hugsanlegu hafnarstæði. Ósinn er þannig, að það þarf ekki annað en líta hann augum til þess að láta sér detta í hug, að þar muni einmitt vera möguleiki til þess að hafa veruleg og stór hafnarmannvirki, og fyrir Sunnlendingafjórðung mundi það skipta sköpum, ef einmitt á þessum stað gæti komið upp stór verzlunar- og fiskihöfn, sem flest bendir til, að ætti að geta orðið, án þess að það væri með ógurlegum kostnaði. Það bendir enn í þá átt, að við megum ekki láta þennan hlut órannsakaðan, að uppi eru raddir um það og leitað hefur verið hófanna hjá stjórnvöldum landsins um að byggja nýja álverksmiðju og þá allt eins, að hún gæti nærzt af orku þessa fljóts, eins og álverksmiðjan, sem nú er í smíðum, á að gera. Og þó að það sé kannske heldur seint athugað, þá er það þó ekki of seint að athuga einmitt möguleikana á því, að útflutningshöfn slíkrar verksmiðju gæti orðið í Þjórsárósi.

Herra forseti. Þar sem ákveðin hefur verið ein umr. um þetta mál, er fyrst og fremst litið svo á, að það muni ekki vera fjárhagslegt mál að aðalatriði, og er ég því sammála, að svo sé ekki á þessu stigi. Ég legg því til, að málinu verði á einhverju stigi vísað til hv. samgmn. Ég hygg, að sú hv. n. hafi ekki ofreynt sig í vetur, því að þó að ég eigi sjálfur sæti í n., þá er mér ekki kunnugt um, að hún væri kölluð saman til sjálfstæðrar starfsemi, en að venju hefur hún átt þátt í því sem hluti af samvinnun. samgöngumála að gera till. um flóabátaframlög á fjárl., en ég held, að það væri verðugt verkefni fyrir þá n. að fjalla um þessa till. og segja þessari hv. þd. álit sitt um hana og koma því í verk á þessum vordögum, áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Till. vísað til samgmn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Íbúðarhúsabyggingar í Breiðholtshverfi.

Á 2. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstj. um íbúðarhúsabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar í Breiðholtshverfi í Reykjavík [17. mál] (A. 17).

Á 3. fundi í Sþ., 16. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vona, að ég þurfi ekki að skýra fsp.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að ekki ætti að þurfa langa framsögu um þær fsp., sem hér liggja fyrir, svo ljósar, sem þær eru, og mun ég leitast við að svara þeim í þeirri röð, sem þær eru fram bornar.

Íbúðarbyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar í Breiðholtshverfi taka í 1. áfanga til 6 fjölbýlishúsa. Öll eru þessi íbúðarhús eins, með 52 íbúðum hvert eða alls 312 íbúðir í fjölbýlishúsum, svo og 23 innflutt einbýlishús úr timbri. Samtals eru þannig 335 íbúðir í þessum áfanga. Bygging fjölbýlishúsanna hófst í aprílmánuði 1967, en henni lýkur í febrúarmánuði 1969. Nú þegar eru fjögur fjölbýlishúsanna að heita má fullgerð eða alls 204 íbúðir. Fimmta íbúðarhúsið verður íbúðarhæft í desembermánuði n.k., en sjötta og síðasta húsið í þessum áfanga í febrúarmánuði n. k. Flutt var inn í fyrsta fjölbýlishúsið í maímánuði 1968. Í hverju fjölbýlishúsi eru, eins og áður segir, 52 íbúðir, þ. e. 19 fjögurra herbergja íbúðir, 19 þriggja herbergja íbúðir og 14 tveggja herbergja íbúðir. Fjögurra herbergja íbúðirnar eru af tveim stærðarflokkum, þriggja herbergja íbúðirnar af þrem stærðarflokkum og tveggja herbergja íbúðirnar af fjórum stærðarflokkum. Stærð íbúðanna og verð er sem hér segir:

Tveggja herbergja íbúðir: 3 íbúðir 68 fermetrar eða 274 rúmmetrar, verð 767 þús. kr. 4 íbúðir 70 fermetrar eða 290 rúmmetrar, verð 812 þús. kr. 4 íbúðir 71 fermetri eða 294 rúmmetrar, verð 823 þús. kr. Og 3 íbúðir 78 fermetrar eða 315 rúmmetrar, og verðið er 883 þús. kr.

Þriggja herbergja íbúðir: 12 þeirra eru 83 fermetrar eða 334 rúmmetrar, og verðið er 934 þús. kr. 4 af þessum þriggja herbergja íbúðum eru 86 fermetrar hver eða 352 rúmmetrar og verð hverrar íbúðar 985 þús. Þrjár þessara þriggja herbergja íbúða eru 92 fermetrar eða 363 rúmmetrar, og verð hverrar þeirra er 1 millj. og 16 þús. kr.

Fjögurra herbergja íbúðir: 12 þeirra eru 97 fermetrar eða 394 rúmmetrar og verð hverrar íbúðar 1 millj. 97 þús. kr. 7 íbúðir af þessum fjögurra herbergja íbúðum eru 104 fermetrar eða 405 rúmmetrar og verð hverrar íbúðar 1 millj. 132 þús. kr.

Framangreindar stærðir íbúðanna í fermetrum miðast við brúttófermetramál hverrar íbúðar fyrir sig að stigapalli meðtöldum, en í þessum fermetrafjölda er ekki reiknuð með sérgeymsla í kjallara og ekki heldur hlutdeild í sameign, þ. e. anddyri, barnavagnageymslu, þvottahúsi og kjallaragangi.

Þá er komið að einbýlishúsunum. Flutt voru inn frá Danmörku 23 einbýlishús úr timbri af tveimur stærðarflokkum. Það eru 17 hús, sem voru 104.3 fermetrar að stærð, og 6 hús, sem voru 112.2 fermetrar að stærð. Kostnaðarverð þessara timburhúsa fullfrágenginna er 1 millj. 370 þús. af minni gerðinni, en stærri gerðin 1 millj. 490 þús. Byrjað var að grafa fyrir grunnum einbýlishúsanna í júlímánuði 1967, en smíði húsanna lauk í júní 1968.

Svar við 7. spurningu, þ. e. a. s. um fjármagn og öflun þess er á þessa leið:

Heildarkostnaður við framkvæmdir í Breiðholti 23. okt. s. l. nemur 331.004.864.23 kr. Þetta fjármagn er þannig fengið:

Frá Byggingarsjóði, keypt bankavaxtabréf vegna lántöku íbúðakaupenda, 33 ára lán húsnæðismálastjórnar, 94 millj. 503 þús. kr. Keypt skuldabréf til tveggja ára 19.347.348 kr. Skuld við Byggingarsjóð 129.632.052 kr. Samtals 243.482.400 kr. Í öðru lagi: Frá Atvinnuleysistryggingasjóði, keypt bankavaxtabréf vegna lántöku íbúðakaupenda, 33 ára lán húsnæðismálastjórnar, 52 millj. 500 þús. kr. Frá borgarsjóði Reykjavíkur 13.302.058.23 kr. Og í fjórða lagi frá íbúðarkaupendum sjálfum 21.720.406 kr. Samtals 331.004.864.23 kr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Ég þakka svörin.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að láta mér nægja að þakka aðeins svörin. Það eru vissulega mörg atriði í sambandi við þetta mál, sem vert væri að ræða náið, en ræðutími er takmarkaður, og ég læt nægja að ræða eitt þessara atriða.

Hæstv. félmrh. upplýsti áðan, að verð þessara tilbúnu timburhúsa innfluttra, sem reist hafa verið í Breiðholtshverfi, hafi orðið af minni gerðinni tæplega 1 millj. 400 þús. kr. Ég held, að segja verði, að þarna hljóti að hafa verið nokkuð svo slælega eða klaufalega að unnið að einhverju leyti. Og ég þykist mega djarft úr flokki tala um þetta efni. Þannig er sem sé mál með vexti, að núna í sumar reisti ég mér innlent íbúðarhús í Reykholti í Borgarfirði, algerlega innlenda smíð, 80 fermetra hús, og ég get lagt fram reikninga, sem sanna, að þetta 80 fermetra hús kostar aðeins um 700 þús. kr. eða kannske rúmlega það. Það er aðeins helmingurinn af verði Breiðholtshúsanna, minni gerðarinnar. Stærðarmunur þarna er að vísu um 24 fermetrar, en hann hefði þó varla átt að hækka verð þessara húsa, miðað við verðið á mínu húsi í Reykholti, nema kannske svona upp í 1 millj., og er þá tekið tillit til þess gjaldamismunar, sem Breiðholtsfólkið verður að taka á sig umfram það, sem við greiðum uppi í Reykholtsdal.

Einhver spyr kannske, hvort einhver gæðamunur valdi ekki þessum geysilega verðmismun. Ég gerði mér ferð upp í Breiðholtshverfið í fyrradag og skoðaði eitt þessara innfluttu húsa, útlenda smíð, útlenda framleiðslu, og ég fullyrði, að þetta hús er síður en svo vandaðra en hin innlenda smíð, hús mitt í Reykholti. Þessi hús eru að vísu íburðarmeiri og tilkomumeiri á að sjá, það skal játað, en ég fullyrði, að frágangur þeirra hvað snertir klæðningu, einangrun og fleira slíkt er síður en svo betri en á hinni innlendu smíð í Reykholti.

Ég tel rétt, að þessar upplýsingar komi hérna fram, vegna þess að ég er hræddur um, að óánægja manna með Breiðholtshúsin, sem að vísu er eingöngu bundin við verðið, kunni að spilla tiltrú manna á timburhúsum yfirleitt. Ég er á því, að við Íslendingar eigum að byggja miklu meira úr timbri en við höfum gert. Ég tel, að þau steinbákn, sem menn hafa verið að reisa hér á síðustu tímum, steinbákn, sem oft eru hin fáránlegustu, hvað stærð snertir og annan íburð og ekki í neinu samræmi við efnahag byggjendanna, þau hafi valdið svo miklum áhyggjum og jafnvel sálarstríði, að heldur lítið hafi orðið úr þeirri hamingju, sem e. t. v. gæti fylgt því að eiga heima í slíkum húsum.

Það ætti að vera sjálfsögð stefna okkar núna, eins og komið er innlendum iðnaði, að hið opinbera, ríki og bæjarfélög feli innlendum, íslenzkum húsasmiðum, íslenzkum framleiðendum, t. d. tilbúinna timburhúsa, meiri verkefni. Fagmenn þeir, sem unnu við hús mitt í Reykholti, voru allir á því, að ef slík hús, hús af sömu stærð og sama tagi, yrðu reist, segjum 10—15 í einu, þ. e. a. s. heil hverfi, þá gæti með þeim sparnaði og hagkvæmni, sem ætti að fást, þegar um slíka fjöldaframleiðslu er að ræða, þó að það virðist nú ekki hafa orðið í Breiðholtinu, — þá ætti að vera hægt að lækka verð þessara húsa allt niður í 600—650 þús. kr.

Ég er á því, að allt svona venjulegt fólk, allar venjulegar, „normalar" fjölskyldur, sem gera svona venjulegar, „normalar" kröfur um herbergjastærð og annað fyrirkomulag húsa, gætu látið sér líða vel í húsi eins og því, sem ég reisti í Reykholti, þó að það hafi að vísu ekki kostað nein ósköp og ekki tekið nema einn mánuð að reisa það. Já, vel á minnzt, það leið nákvæmlega mánuður, frá því farið var að reisa húsið á grunninum þar til ég flutti inn í það með fjölskyldu mína. Og þarna, eins og ég hef áður sagt, unnu að eingöngu Íslendingar. En tíminn, sem þarna sparast, þ. e. a. s. við það að tilbúin timburhús eru svona fljótsmíðuð, er náttúrlega ekki lítils virði, og auk þess er þetta náttúrlega sparnaður í samanburði við steinbáknin, sem menn eru með í smíðum kannske 3—4—5 ár og borga á meðan vexti af lánum án þess að hafa af þeim nokkur not, lánum kannske svo hundruðum þúsunda nemur, svo að ekki sé nú talað um allar áhyggjurnar. Það heyrist oft sagt frá mönnum, sem hafa bilað í maga og orðið fyrir öðru heilsutjóni, meðan þeir voru að byggja hús, — þessi steinbákn, sem eiga að uppfylla kröfur nútímans, svo kallaðar nútímakröfur um víðáttur í stofum og anddyrum. Ég er á því, að það þyrfti hins vegar enginn að bila í maga eða verða fyrir öðru heilsutjóni af að reisa hús, eins og ég reisti í Reykholti í sumar. Gott ef menn gætu ekki jafnvel lagazt af magasárum við að reisa slík hús, því að þetta er satt að segja svo ánægjulegt verkefni.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem hv. síðasti ræðumaður gat um hér, að það er margt, sem þyrfti að ræða í sambandi við þessa skýrslu hæstv. ráðh. og framkvæmdir þær, sem hún fjallar um. Það er vitanlega lítill tími til þess í fsp.-tíma og verður lítið eitt af því gert af mér. En mér finnst þó ástæða til þess að vekja athygli á því í sambandi við svör hæstv. ráðh. við síðustu fsp. á þskj. 17, að ennþá hefur ekkert verið gert af því af hálfu hæstv. ríkisstj. að útvega það fjármagn, sem ríkisstj. lofaði að útvega í sambandi við samkomulagið við verkalýðsfélögin 1965 og átti að gera þessar byggingar í Breiðholti færar og mögulegar. Þar stendur allt við það sama, eins og hér upplýstist í fyrra, þegar fsp. um sama efni var borin fram. Það hefur svo til ekkert miðað í áttina. Einar 30 millj. eða tæplega það úr Atvinnuleysistryggingasjóði hafa þó verið útvegaðar. En samkomulagið var, eins og allir muna, á því byggt að ég held, að hæstv. ríkisstj. lofaði að útvega Byggingarsjóði það fjármagn, sem á vantaði venjuleg húsnæðismálastjórnarlán, til þess að þessar byggingar mættu rísa.

Nú kom það fram af máli hæstv. ráðh., að þær íbúðir, sem byggingaráætlunin hefur byggt fyrir

aðra en Reykjavíkurborg, eru 283, og það fjármagn, sem framkvæmdaáætlunin hefur lagt til þeirra, verður eitthvað nálægt ½ millj. kr. umfram venjuleg húsnæðismálastjórnarlán til hverrar fyrir sig. Þá sjá menn það, hversu gífurlegt fjármagn það er, sem Byggingarsjóði hefur verið gert að leggja til þessara framkvæmda, og ég vil ennþá ítreka það, sem ég sagði hér í fyrra, að ég tel þetta slælega framkvæmd á þessu margrómaða samkomulagi.

Þá var annað atriði sem mig langar til þess að víkja að í örstuttu máli og bið hæstv. ráðh. að upplýsa, og það er, hvort í þeim tölum, sem hann nefndi um byggingarkostnað íbúðanna, sé allur kostnaður við byggingarframkvæmdirnar talinn. Það er nefnilega talað um það hér í borginni, — ég vil ekki bera neina ábyrgð á því, en maður hefur heyrt það, — að nokkur hluti af byggingarkostnaðinum væri fluttur á seinni áfanga. Ég er ekkert að segja, að þetta geti ekki átt fullan rétt á sér, því að vissulega er nokkur hluti af byggingarkostnaði í Breiðholti áreiðanlega þannig vaxinn, að hann kemur til góða fleiri framkvæmdum en þeim, sem gerðar hafa verið í 1. áfanga, en það er náttúrlega ákaflega þýðingarmikið, finnst mér, þegar verið er að gefa tæmandi upplýsingar upp á kr. um það, hvað hver íbúð kosti, að menn viti og geri sér grein fyrir því um leið, hvort einhver hluti kostnaðarins hefur verið fluttur áfram og þá hve mikill, og ég vænti þess að hægt sé að upplýsa þetta hér.

Um einbýlishúsin, sem hér var rætt um áðan, ætla ég ekkert að segja. Ég hef svo oft gagnrýnt þá ráðstöfun, að vera að bjóða þetta út á erlendum vettvangi, að ég tel ástæðulaust að endurtaka þá gagnrýni hér. En þýðingarmesta málið í sambandi við þessa framkvæmdaáætlun er þó væntanlega það, sem ekki hefur verið minnzt á hér enn, hvað verði með áframhaldið. Í fyrra, þegar ég bar fram fsp. um þessi mál á hv. Alþ., upplýsti hæstv. félmrh., að engar ráðstafanir hefðu enn verið gerðar til að tryggja framhald þessara framkvæmda. Nú eru liðnir 8—9 mánuðir síðan þessari fsp. var svarað hér á hv. Alþ. Má vera, að einhverjar ráðstafanir hafi verið gerðar síðan, og væri væntanlega ánægjulegt og forvitnilegt fyrir hv. alþm., — ég a. m. k. segi það fyrir mitt leyti — að fá að heyra um það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja áframhaldandi framkvæmdir í þessum stíl, bæði hér í Reykjavík og þá eins annars staðar, þar sem byggingarnefndir hafa verið settar á stofn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega í tilefni af þeim orðum, sem hv. 4. landsk. þm. lét falla um timburhúsin, þar sem hann gerði samanburð á húsi, sem hann hefur nýlega reist sjálfur, gefa nokkrar upplýsingar um þessi timburhús í Breiðholti, þar sem mér er þetta mál skylt og ég á, eins og kunnugt er, sæti í þeirri framkvæmdanefnd, sem sér um þessar byggingar.

Ég vil í fyrsta lagi minna á, að í yfirlýsingu ríkisstj. um húsnæðismál, sem gefin var út 9. júlí 1965, var beinlínis tekið fram, að það yrði ætlazt til þess, að tilraun yrði gerð með að flytja inn einbýlishús til þess m. a. að hraða því, að íbúðir yrðu reistar. Það þarf ekki að rifja upp fyrir mönnum, hvernig ástandið var þá í byggingariðnaðinum. Það var allt öðruvísi en það er í dag og mótaðist vitanlega af þeim viðhorfum, sem þá ríktu. Framkvæmdanefndin taldi sér því raunverulega skylt að gera þessa tilraun. Hitt get ég tekið skýrt fram, að við, sem þessa framkvæmdanefnd skipum, höfðum aldrei mikla trú á því að leysa byggingarvandamálin hér á Íslandi á nokkurn hátt með innflutningi timburhúsa, en töldum okkur skylt, samt sem áður, að gera þetta, og við vildum gefa innlendum framleiðendum kost á því að framleiða þessi timburhús. Það hefur verið ákaflega lítið gert af því, eins og allir vita, og vandfundin verkstæði, sem hafa tekið þetta að sér. Þetta var fyrst boðið út á innlendum markaði, en það komu engin tilboð frá neinum, sem vildu framleiða fullbúin timburhús. Hins vegar voru um svipað leyti boðin út timburhús við Mývatn fyrir Kísiliðjuna, og þar buðu nokkur norðlenzk fyrirtæki í smíði þeirra timburhúsa, og eitt þeirra fyrirtækja hlaut það verk, eins og kunnugt er. Það er þess vegna á misskilningi byggt, að innlendum framleiðendum hafi ekki verið gefinn kostur á þessu á sínum tíma. Þá var leitað út fyrir landsteinana og tekið því tilboði, sem var talið hagstæðast miðað við verð og gæði og stærð íbúðanna. Þetta tilboð var frá Tjæreborg í Danmörku, og þar voru keypt 23 timburhús af tveimur mismunandi stærðarflokkum.

Sú reynsla, sem fengizt hefur nú þegar af þessum húsum og byggingu þeirra og kostnaði, er sú, að lóðagerðin reynist allt of dýr. Ég skal ekkert fullyrða um gæði þessara timburhúsa og endingu þeirra. Um það mun reynslan skera úr. En hv. alþm. hafa heyrt um þessar kostnaðartölur um endanlegt verð húsanna með fullfrágenginni lóð, malbikuðu bílastæði o. s. frv., en til þess að menn átti sig örlítið betur á þessu, þá vil ég taka það fram, að gjöld til Reykjavíkurborgar á hverja íbúð eða á hvert einbýlishús, — þá á ég við gatnagerðargjöld og heimtaugagjöld fyrir hitaveitu, rafmagn og slíkt, — eru að meðaltali á þessi hús 120 þús. kr. Kostnaður við lóðina, grunnana, bílastæði og annað þess háttar, sem sagt kostnaður áður en byrjað er að reisa sjálft húsið, er tæpar 400 þús. kr. á hvert hús. Lóðirnar voru að vísu erfiðar og óheppilegar, en menn geta ekki valið úr hér, og það var ekki við því að búast. Sérstaklega varð lóðagerðin því miklu dýrari heldur en framkvæmdanefndin hafði gert ráð fyrir. En ég vil svo í sambandi við þessi timburhús benda á, að húsin sjálf ofan jarðar kostuðu af hálfu hins danska fyrirtækis hér upp sett, miðað við fermetrafjölda, líkt og húsin við Mývatn.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að á s. l. vetri efndi framkvæmdanefndin til hugmyndasamkeppni um gerð einbýlishúsa, sem áttu að vera af hóflegri stærð og einföld og sérstaklega með það fyrir augum, að þau væru ódýr í byggingu, og til þessarar hugmyndasamkeppni var efnt í samvinnu

við húsnæðismálastjórn. Út úr þessari samkeppni komu margar ágætar till., en því miður hefur það legið niðri síðan, m. a. vegna þess, að það er erfitt að fá lóðir undir einbýlishús og hins, að það er kannske, eins og sakir standa, varla efnahagslegur grundvöllur fyrir því að byggja einbýlishús yfir láglaunafók með svona miklum lánveitingum, eins og átt hefur sér stað. En það er áreiðanlegt, að þráðurinn verður tekinn þarna upp síðar.

Ég tel rétt að láta þetta koma fram, hvernig að þessu var staðið, og framkvæmdanefndin var alltaf þeirrar skoðunar, að það væri ekkert sérstaklega álitlegt að flytja inn timburhús og reyna að leysa húsnæðisvandræðin með því móti.

Þá spurði hv. 11. þm. Reykv., hvort það væri rétt, að eitthvað af byggingarkostnaðinum í fjölbýlishúsunum væri flutt yfir á seinni áfanga.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að í maímánuði s. l., þegar fyrstu íbúðirnar voru til, varð framkvæmdanefndin að slá verðinu föstu og auðvitað nokkuð fram í tímann, og þá varð að áætla það. Það var auðvitað ekki hægt að sjá alla hluti fyrir. Margt var þá orðið þekkt, en sumt var ófyrirséð, og þessum áfanga lýkur ekki fyrr en í febr., svo að ekki verður hægt að sjá nákvæmlega fyrr en þá, hvernig áætlunin hefur staðizt.

Á hinu er svo rétt að vekja athygli, í sambandi við hvar eigi að færa ýmiss konar gjöld og kostnað, þegar svona er staðið að framkvæmdum og reyndar þar, sem verið er að undirbúa framkvæmdir á 1250 íbúðum í einu lagi, sem er skipt niður í áfanga, að það getur í mörgum tilfellum verið ákaflega mikið matsatriði. Við erum t. d. í þessum áfanga í Breiðholtinu með alls konar tilraunir og athuganir. Sumt af þessu gefur góða raun, annað gefst miður, og það er jafnvel ákaflega mikið álitamál, hvað maður á að kalla tilraunakostnað og hvað ekki í þessu sambandi. En það er auðvitað hugsun framkvæmdanefndarinnar að standa þannig að þessum fyrsta áfanga, að heildaráhrangurinn verði sem beztur, þegar upp er staðið eftir 1250 íbúðir. En ég vil undirstrika, að það er æði mikið matsatriði, hvernig á að flytja þarna á milli. N. telur sig ekki hafa flutt neitt þarna á milli, sem hægt er að segja, að sé óeðlilegt, og mín persónulega skoðun er sú, að það hafi of mikið frekar en hitt verið sett á fyrri áfangann. Ég vil þó undirstrika, til þess að það valdi engum misskilningi, að hér er ekki um neinar stórar fjárhæðir að ræða. Hér er um að ræða fjárhæð, sem getur skipt máli um hvort kostnaðarverð er 1—2% hærra eða lægra eða eitthvað þess konar. En það vil ég undirstrika, að þetta verð er ekki upp sett til að fela neinn kostnað eða velta yfir á framtíðina.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það voru ekki mörg orð, sem ég ætlaði að segja að þessu sinni, en ég ætlaði bara að spyrja hv. 3. landsk., hvort það hafi verið rétt tekið eftir hjá mér, að kostnaður við grunn og lóðir hafi verið 400 þús. kr. (**Gripið fram í:** Það eru 400 þús. kr. að meðaltali eða svo.) Ég fór nú, eins og ég sagði áðan, til þess að skoða þessi hús og þar með lóðirnar og hvað gert hefur verið fyrir lóðirnar, sem eru nokkuð stórar. Það hafa verið settar á þær þökur og verið sáð í, og svo hefur verið malbikað undir bílastæði. Þá er grunnurinn eftir til að setja upp kostnaðinn svona gífurlega. Og mér sýnist þá, að ástæða sé til að spyrja, hvort ekki hafi verið notað í þessa grunna eitthvert dýrara efni en sement og grjót.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Vegna þeirra fsp., sem fram hafa komið og þegar hefur ekki verið svarað, vil ég einkum nefna tvennt.

Þá í fyrsta lagi það, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði, að slælega hafi verið á haldið af hálfu ríkisstj. um fjárútveganir. Þau loforð, sem ríkisstj. gaf í umræddum samningum, voru fyrst og fremst þau að tryggja fjármagn til lánveitinga fyrir 750 fullum lánum á ári. Við þetta hefur verið staðið, þannig að 800—900 lán og einu sinni yfir það, — eitt árið yfir 900 — hafa verið veitt árlega, þrátt fyrir það sem lagt hefur verið í framkvæmdaáætlunina.

Í öðru lagi spyr hv. þm., hvað verði um framhaldið á framkvæmdinni. Einmitt nú þessar vikurnar er verið í sambandi við heildarvanda þjóðfélagsins í efnahagsmálum að leggja niður fyrir sér, hve hratt þessar framkvæmdir geta gengið áfram, bæði hvað fjármagn snertir og þá eins, hvað lóðaútveganir og undirbúningur lóða og teikninga geti gengið hratt fyrir sig. Ég get á þessari stundu ekki fullyrt neitt í þessu efni, en vona, að innan langs tíma verði hægt að láta í té fullnægjandi upplýsingar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég tel mér skylt að þakka þeim hv. 3. landsk. þm. og hæstv. félmrh. svör þeirra við þeim fsp., sem ég setti fram.

Ég hef ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði í fyrri ræðu minni, og svörin hafa síður en svo gefið mér tilefni til að taka neitt til baka af því, sem ég sagði þá. Það er greinilegt af ræðu hv. 3. landsk., að þetta umtal, að ekki séu öll kurl komin til grafar með byggingarkostnaðinn í Breiðholti, á við rök að styðjast. Það er ljóst, að þetta verð, sem hér er gefið upp, er byggt á áætlun, sem gerð var í maí s. l., en þá var framkvæmdum ekki nærri lokið. Þeim er ekki lokið enn, og síðasta áætlun fyrir íbúðirnar, þær, sem Reykjavíkurborg á að fá í sinn hlut, er, að þeim verði lokið í febrúarmánuði.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Það er ljóst, að hér vantar nokkuð í dæmið. Það er vonandi, að það sé lítið, eins og hv. þm. setti fram ósk um, og ég tek undir þá ósk.

Að því er snertir upplýsingar hæstv. félmrh., var ekki neitt nýtt í þeim. Það er ljóst, að frá því að þessi mál voru til umr. síðast á þessum stað, hefur ekkert gerzt í því, sem ég gerði sérstaklega að umtalsefni. (Gripið fram í.) Það hefur ekkert gerzt í því, sem ég gerði hér sérstaklega að umtalsefni. Það er sagt, að framkvæmdirnar í Breiðholti séu til athugunar ásamt heildarvanda landsins. Ég veit ekki betur en þær væru til athugunar í vor og hvort þeirri athugun er þá eitthvað lengra komið, kom ekki fram af svari hæstv. ráðh.

Ástandið í málum húsbyggjenda, annarra en

þeirra, sem njóta framkvæmdanna í Breiðholti, talar skýru máli um það, hvernig nú er komið lánveitingum Byggingarsjóðs. Þegar biðtíminn er orðinn minnst 1½—2 ár, er sjáanlegt, að ekki hefur verið staðið nægilega vel í ístaðinu að því leyti.

Ég skal ekki eyða meiri tíma í fsp.-tíma til þess að ræða þessi mál. Þau eru of mikilsverð til þess, að þeim verði gerð skil í svo stuttu máli.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykja þær tölur mjög fróðlegar, sem lesnar hafa verið upp á þessum fundi af hæstv. félmrh. Það kemur fram í þessum tölum, að byggt hefur verið hér í Reykjavíkurborg samkvæmt svokallaðri Breiðholtsáætlun, sem mun vera þáttur í margumtöluðu júnísamkomulagi, sem einu sinni var gert, ef ég man rétt, eða einhverju slíku samkomulagi, nokkuð hátt á þriðja hundrað íbúða á vegum hins opinbera.

Hæstv. ráðh. og hv. formaður byggingarnefndarinnar hafa nú gefið ýmsar upplýsingar um þessar íbúðir, um kostnað við þær, stærð þeirra og gerð og þess háttar, og tel ég mig ekki að svo stöddu bæran um að kveða upp dóm um það, hversu hagstætt verð íbúðanna muni vera, miðað við það, sem almennt gerist, nema hvað mér þykir, eins og fleirum, kjallararnir undir einbýlishúsunum hafa orðið nokkuð dýrir. Einnig kom þarna fram hjá hæstv. ráðh. mikið af tölum, sem ég hafði ekki tíma til að skrifa hjá mér eða átta mig á, meðan hann las þær upp, og geymi ég mér rétt til þess að athuga þær nánar síðar. En mér skilst þó, að til þessara íbúða, fyrsta áfanga, sem hann nefndi svo, hátt á þriðja hundrað íbúða eða tæplega 300 íbúða, sé búið að verja 331 millj. kr., og ef ég tók rétt eftir hjá honum, er framlag þeirra, sem eiga að fá íbúðirnar, 21 millj. 770 þús. kr. eða tæpar 22 millj. kr. Nú vildi ég í sambandi við þetta spyrjast fyrir um það, hvað liði ráðstöfun þessara íbúða. Það var ekki upplýst hér, hvort þegar sé búið að ráðstafa þessum íbúðum í fyrsta áfanga og hvort þar af leiðandi sé þegar kunnugt um það, hverjir eiga að leggja fram það, sem væntanlegum kaupendum ber að leggja fram í íbúðirnar. Að öðru leyti skilst mér, að Byggingarsjóðurinn hafi lagt fram á einhvern hátt 243.5 millj. kr. Svo hafi komið úr Atvinnuleysistryggingasjóði 52.5 millj. kr. og frá Reykjavíkurborg rúmlega 13 millj. kr., ef ég hef tekið rétt eftir. Ef þetta væri endanlegt framlag þeirra, sem eiga að fá íbúðirnar, svona milli 12 og 15% af íbúðarverðinu, eins og það er nú á þessu stigi, virðist mér um mjög lágt framlag að ræða til eigin íbúðar, miðað við það, sem yfirleitt tíðkast. Og miða ég t. d. við ýmsa, sem hafa verið að byggja íbúðir á Norðurlandi og hafa fengið lán til þess úr Byggingarsjóði. Mér sýnist, að þau lán, sem þeir menn hafa fengið, séu ákaflega langt frá því að nálgast 80—90% af íbúðarverðinu, ákaflega langt frá því, og sumir hafa fengið miklu minna en venjulegt er, en aðrir ekki neitt, sem þó eru komnir nokkuð áleiðis með íbúðir sínar. En þetta er nú ekki nema gott og blessað, að menn geti fengið há lán út á íbúðir, og ber að gleðjast yfir því, svo framarlega sem verðið á íbúðunum er þá líka sambærilegt við annað, sem maður vill ganga út frá að sé. En í sambandi við þetta langar mig til að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., ef hann hefði tök á að svara því, hvort það séu líkur til þess, að nú verði stefnt að því á næstunni að auka lánveitingar til annarra, sem íbúðir fá, eitthvað í líkingu við þetta, sem hér virðist eiga sér stað. Ef þessar tölur, sem ég nú er að nefna, gefa rétta hugmynd um þá fyrirgreiðslu, sem Breiðholtsmenn hafa fengið hjá Byggingarsjóði og hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, virðist fyrirgreiðslan hjá Reykjavíkurborg vera lítil, þó að hún standi á bak við áætlunina, en ef þessar tölur gefa rétta hugmynd um hlutfallið, sem þarna er á milli fyrirgreiðslunnar og eigin framlags og ef ekki verða á komandi árum gerðar ráðstafanir til þess, að aðrir geti, hvar sem þeir eru á landinu, notið eitthvað líkrar fyrirgreiðslu við að koma sér upp heimilum, sýnist mér, að við úthlutun íbúða með svona kjörum sé í raun og veru um nokkuð mikla mismunun að ræða gagnvart öðru fólki í landinu. Skiptir þá miklu máli, að þessum íbúðum sé úthlutað til þeirra, sem raunverulega þurfa þeirra mest með. En því réttlæti verður þó ekki náð, þó að menn vilji ná því, nema í því byggðarlagi, sem íbúðirnar standa, því að þær ná ekki til annars illa stæðs fólks í landinu.

Mér væri kært, ef hæstv. ráðh. sæi sér fært að upplýsa eitthvað um þetta, sem ég hef rætt, í þessum umr. eða síðar, því að hér er áreiðanlega nokkuð mikið umhugsunarefni á ferðinni fyrir marga víðs vegar á landinu.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. varpaði fram tveimur spurningum, sem ég tel rétt að reyna að gera nokkur skil, eftir því sem kostur er.

Í fyrsta lagi spurði hann: Er búið að ráðstafa íbúðum í þessum fyrsta áfanga? Því er til að svara, að búið er að ráðstafa öllum íbúðunum, nema hluta Reykjavíkurborgar, en hún hyggst leigja þessar íbúðir sínar eftir því sem ég kemst næst.

Þá sagði þm., að sig undraði nokkuð hið lága framlag sem íbúðarkaupendur hefðu lagt þarna fram, eða hve lítill hluti þeirra væri í heildarkostnaðinum.

Sannleikurinn er sá, að þegar umrætt júnísamkomulag var gert og endurnýjað ári síðar, var því lofað, að að því skyldi stefnt, að veitt yrðu allt að 80% lán og íbúðarkaupendunum gæfist kostur á að borga sinn hluta, þ. e. 20%, á þremur árum, þannig að þeim yrði úthlutað það vel fyrirfram, að menn yrðu a. m. k. búnir að borga allt að 10%, áður en þeir flyttu inn í íbúðirnar, þ. e. a. s. helminginn af þeirra stofnframlagi. Við þetta hefur verið reynt að standa. Það er einnig rétt hjá hv. þm., að þetta eru mjög óvenjuleg kjör, óvenjulega góð kjör. Þessi kjör eru fyrst og fremst hugsuð fyrir þá, sem með öðrum hætti ættu þess engan kost að eignast eigið húsnæði, og ráðstöfun þeirrar n., sem tilnefnd var af stærstu verkalýðsfélögunum til að útdeila þessum íbúðum, hefur ekki, svo mér sé kunnugt um, verið gagnrýnd opinberlega, þannig að það er nokkuð

ljóst, að n. hefur ratað þann rétta veg, sem að baki lagabreytingunum stóð, að láta þá aðila sitja fyrir, sem erfiðastar aðstæður höfðu og með öðrum hætti áttu þess engan kost að komast yfir eigið húsnæði. Það var, eins og ég áðan sagði, eitt af loforðunum.

Þá sagði þm. að lokum, að ljóst væri, að þarna væri um allverulega mismunun að ræða milli lántakenda hjá Byggingarsjóði ríkisins. Þetta er alveg rétt og kemur til af fyrrgreindum sökum. Menn hafa mjög misjafnar ástæður. Þó að alla hlutaðeigandi vanti að sjálfsögðu sárlega húsnæði, þá hafa menn mismunandi ástæður til að standa undir þeim, bæði hvað tekjur og fjölskyldustærð snertir. Það var að því stefnt og er ennþá full meining að færa þessa byggingaráætlun með sömu kjörum út um landsbyggðina. Fyrir því var opnuð heimild í þeim lagabreytingum, sem fóru í kjölfar þessa samkomulags. Hins vegar var talið rétt að gera þessa fyrstu tilraun í þéttbýlinu, þar sem húsnæðisskorturinn var allra sárastur og gæti sem fyrst komið að notum. Nú má segja, að það sé komin sú reynsla, sem óhætt muni að byggja á um útfærslu þessarar byggingaráætlunar víðar um landið. En það er jafnframt alveg ljóst, bæði hvað framhaldsframkvæmdir í Reykjavík og annars staðar úti á landi snertir ásamt almennum lánum, að hér verða að koma til nýir tekjustofnar, ef á að svara þeirri eftirspurn, sem er eftir íbúðarhúsnæði í landinu. Þessu var lofað í yfirlýsingu ríkisstj. við síðustu samningagerð verkalýðsfélaganna, að að skyldi unnið, og ég vona, að það, ásamt erfiðleikunum í hinum almennu lánum, verði jafnframt tekið til endurskoðunar og athugunar í sambandi við nýja tekjustofna, en það er ljóst, að á þeim þarf að halda, ef þarna á að svara til.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði áðan, ítrekaði það aftur, að slælega hefði verið á haldið í þessum efnum. Ég held, að við loforðin um 750 lán og loforðin um lánakjörin til Breiðholtsframkvæmdanna hafi verið fyllilega staðið og það svo vel, að það hefur verið farið hátt á þriðja hundrað lán yfir hina lofuðu tölu a. m. k. eitt árið frá því að samkomulagið var gert, og ég hygg, að ríkisstj. geti kinnroðalaust talið sig hafa staðið við það samkomulag.

Um tekjuöflunina var hins vegar öllum ljóst, að það þyrfti meira, þegar launaskatturinn var ákveðinn og hækkunin á skyldusparnaðinum, en það þótti ekki fært þá, þrátt fyrir það góðæri, sem þá ríkti, að leggja á atvinnuvegina eða atvinnurekendur meiri gjöld, og verkalýðssamtökin voru heldur ekki undir það búin að taka á sig gjöld, eins og fram kom í þessum umræðum. Ég tel rétt að upplýsa það nú, að það kom mjög fram í þessum umræðum að hafa launaskattinn ekki 1%, heldur 2%, og þá var einnig um það rætt, að launþegar tækju á sig eitthvert hlutfall af þessum 2%. Hefði það verið gert, er alveg augljóst, að engin biðröð væri nú í hinum almennu lánum. En þegar fast er deilt á ríkisstj. fyrir það, að biðraðir hafi aukizt í hinum almennu lánum, kemst ég ekki hjá að minna á, að ég hafði hér um 8 ára bil nokkur afskipti af útdeilingu lána í húsnæðismálastjórn og þá komst biðtíminn upp í 5—6 ár. Ég heyrði þá ekki frá þessum hv. þm., að nokkur þörf væri á auknu fjármagni, þó að þeir stjórnuðu þessum málum.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér neitt sérstaklega í þessar umr., enda heyrði ég alls ekki allar umr. því að ég fylgdist ekki með svörunum við þeim fsp., er hér voru gerðar. En ég vil aðeins lýsa yfir því í sambandi við þessa Breiðholtsáætlun, að ég tel, að sú hugmynd sé góð, sem þar um ræðir. Ég tel, að það sé góð hugmynd að byggja íbúðir handa láglaunafólki í fjöldaframleiðslu og með hagstæðum kjörum. Það er alveg áreiðanlega það, sem við eigum að stefna að, Íslendingar, í sambandi við okkar húsnæðismál, og því miður hefur of lítið verið gert af því að vinna að slíku. En hins vegar kann framkvæmd þessarar hugmyndar að hafa verið eitthvað misheppnuð og öðruvísi en búizt var við. Ég skal ekkert um það segja eða gagnrýna það frekar, því að ég er ekki undir það búinn. En það virðist þó koma fram, að íbúðirnar hafi orðið allmiklu dýrari en menn höfðu vænzt. En það, sem ég vil sérstaklega minna á í þessu sambandi og það hafa líklega aðrir gert, en mér finnst ástæða til að það komi fram frá fleirum, það er, að ég hef grun um, en það leiðréttist þá, ef það er rangt, að fjármögnunin hafi orðið á kostnað annarra húsbyggjenda. Hún hefur orðið á kostnað annarra húsbyggjenda. Hæstv. ráðh. var e. t. v. að reyna að draga úr þessu hér áðan. Það mátti e. t. v. skilja orð hans þannig, þau, sem hann sagði hér seinast. En ég held, að það sé ekki hægt að mótmæla því, að fjármögnunin til Breiðholts hefur orðið á kostnað annarra húsbyggjenda, og það finnst mér gagnrýnisvert. Það er sérstaklega gagnrýnisvert vegna húsbyggjenda úti um land, þar sem er sjálfsagt alveg jafnmikil ástæða til þess að veita fjármagni til húsbygginga, eins og hér syðra. Og mér finnst þetta sérstaklega athugunarvert og ástæða til að minna á það, þegar þetta er til umr.

Ég hygg, að eftir að Breiðholtsáætlunin kom til sögunnar, hafi biðtími umsækjenda lengzt mjög, þannig að hann var um skeið kominn jafnvel í 2 ár og er það e. t. v. enn, og slíkt er óhæfilegur tími, því að óvissan um lánsútvegunina er líklega það versta í sambandi við byggingarmálin, eins og nú er. Menn vita aldrei, eiginlega, hvar þeir standa í sambandi við lán sín. Það er þessi eilífa óvissa, og henni verður að eyða.

Ég skal svo ekki segja meira um þetta, en aðeins í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. var að minnast á hér áðan. Hann sagði sem svo, að það hefði ekki verið áður, þegar hann var starfsmaður húsnæðismálastjórnar einhvern tímann í fyrndinni, — að þá hafi ekki verið mikið um kröfur af okkar hálfu, sem hér sitjum, um fjármagn til húsbygginga. En ég vil nú segja hæstv. ráðh. það, að í fyrsta lagi áttum við nú margir hverjir ekki sæti á Alþ. á þeim árum og höfðum þess vegna ekkert sérstakt til málanna að leggja um það. Það er löngu fyrir þann tíma. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á það, eins og raunar margir hafa gert áður, að það er ekki til neins að vera sífellt

að rifja upp fortíðina, að lifa sífellt í fortíðinni. Ég kalla það fortíðarmálefni, þegar verið er að ræða um það, sem gerðist fyrir 10 árum, slíkt er fortíðarmálefni, a. m. k. í stjórnmálum.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að að hluta til hefur fjármögnun þessara framkvæmda gengið út yfir hin almennu lán. Það liggur ósköp ljóst fyrir. Á meðan aðrir viðbótartekjustofnar eru ekki komnir í gagnið, verður svo að vera. En það er þó jafnframt ljóst, að sú reynsla, sem fengin er af þessum framkvæmdum, verður allri landsbyggðinni til góða, þannig að hún á eftir að uppskera þann mismun á þeim biðtíma, sem hún hefur orðið fyrir af þessum sökum. Það er einnig alveg rétt, að óvissan í lánveitingunum er það erfiðasta fyrir húsbyggjendur. Þetta er skoðun, sem ég hélt fram á þeim árum, sem ég vann við Húsnæðismálastofnunina, og er alveg sannfærður um, að er rétt. Úr þessu hefur allverulega verið bætt. Nú er farið að úthluta 1—1½ ár fram í tímann til þess að láta þá, sem örugglega geta fengið lán og öruggt má telja, að hægt sé að standa við, vita það með slíkum fyrirvara. Áður var nokkuð létt að fá a. m. k. í stærstu bönkum landsins nokkra fyrirgreiðslu, meðan menn biðu eftir lánum. Bankarnir hafa hins vegar í sínum erfiðleikum kippt að sér hendinni í þessu efni, og það eykur á þessa erfiðleika. Það mun vera talið til fádæma nú, ef hægt er að fá lán út á væntanleg lán húsnæðismálastjórnar, jafnvel þó að vitað sé um þau með svo löngum fyrirvara sem nú er. Áður fyrr fengu lánbiðjendur aðeins viðurkenningu um, að lánsumsókn þeirra væri lánshæf, en höfðu aldrei neina vissu um það, hvenær að þeim kæmi, þannig að það má telja, að verulega hafi verið úr þessu bætt.

Þá lagði þm. áherzlu á það í lokin, hvað það væri þýðingarlaust og tilgangslaust að vera að tala um fortíðina í þessum efnum. Ég veit ekki á hverju menn eiga að byggja mat sitt og álit á mönnum og flokkum, ef það er ekki á reynslunni af þeim, þeirri aðstöðu, sem þeir hafa haft til áhrifa um þessi mál. Og ég bendi á, að þessi langi biðtími var á þeim tíma, þegar algengustu lánin voru kringum 70 þús. kr. á hverja eign, og þó komst biðröðin upp í það, að verða á sjötta ár eftir afgreiðslu lána.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. Ég held nú, út af því, sem hæstv. ráðh. sagði síðast, að hann verði að hafa í huga við rannsókn sína á fortíðinni, að verðgildi krónunnar er töluvert annað en það var hér á fyrri áratugum.

Ég vona, að það rætist, sem hæstv. ráðh. lét í ljós sem sína skoðun, að reynslan í Breiðholti verði allri landsbyggðinni til góðs. Og þetta skildist mér, að hann setti fram, — þessa skoðun eða spá, — því til styrktar, að þeir, sem afskiptir eru annars staðar á landinu og jafnvel hér, muni þó á nokkurn hátt græða á því, sem þarna hefur verið gert. Ég vil taka undir það, að ég vonast eftir þessu líka, að reynslan hér í Breiðholti verði til góðs allri landsbyggð. En þó getur hún því aðeins orðið það, að við þessa byggingarstarfsemi hafi mönnum tekizt að tileinka sér byggingaraðferðir og vinnubrögð, sem horfa til framfara, og má vera, að það hafi líka skeð. En ég hlýt í þessu sambandi að benda hæstv. ráðh. á, að það er þó nokkuð takmarkað, sem hægt er að hafa gagn af slíkri reynslu úti um landsbyggðina, sem hér er um að ræða. Þarna í Breiðholti er sem sé verið að byggja yfir miklu fleira fólk heldur en svarar öllum íbúafjölda í fjölmörgum þorpum og minni bæjum þessa lands, þannig að það er ekki um það að ræða á svo fámennum stöðum, þótt þéttbýlir séu, að hægt sé að koma við þvílíkri stórframleiðslu á húsum, sem þarna á sér stað og getur átt sér stað hér í höfuðborginni. Reynsla við stórframleiðslu á steinsteypuhúsum kemur aldrei nema að takmörkuðu gagni sem fyrirmynd fyrir þá, sem þurfa á íbúðaframkvæmdum að halda í miklu minna mæli, vegna þess að fólk er þar miklu færra.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið ákveðið í júnísamkomulaginu, hvaða kjör þeir skyldu fá, sem fengju Breiðholtsíbúðirnar. Með því vildi hann segja, að sú mismunun, sem þarna væri á mönnum gerð, væri ekki ríkisstj. að kenna sérstaklega, en um það ræddi ég ekkert í minni ræðu. En þeir, sem bera ábyrgð á misræminu, sem þarna er um að ræða, eru þá væntanlega stjórnin og aðrir, sem að þessu margnefnda júnísamkomulagi stóðu, og ég vil biðja þá ágætu menn, sem þarna komu við sögu, að athuga það, að hér þyrfti að ráða bót á. Þeirra verk eru ekki nógu góð. Það er að vísu ágætt, að 300 eða 600 menn í Reykjavík, a. m. k. ef rétt er talið í íbúðirnar, njóti slíkra kjara sem þessara, en um gervalla landsbyggðina er líka fjöldi af fjölskyldum, sem þurfa þak yfir höfuðið og eru álíka illa staddar og þeir, sem verst eru stæðir hér. Það segir sig sjálft, og þetta hefur sína galla þar af leiðandi.

Mig minnir, að það standi einhvers staðar í mannkynssögunni, að Napóleon hafi sagt á sínum tíma, þegar þjóðin hafði samþ., að hann yrði einvaldur þar: „Það sem Frakkar óska eftir, er ekki fyrst og fremst frelsi. Þeir óska fyrst og fremst eftir réttlæti.“ Og hann sagðist ætla að verða réttlátur. Þess vegna hefði líka þjóðin kosið sig, að hún hefði gengið út frá því, að hann mundi verða réttlátur, þó að allir fengju kannske ekki það frelsi, sem þeir hefðu óskað eftir. Ég segi þessa sögu, sem hefur verið talin það merkileg, að hún hefur verið tekin upp í sögukennslubækur, til þess að undirstrika, að við megum ekki gleyma réttlætinu. Það er nokkuð mikils virði. Það er líka nokkuð mikið á það litið af þjóðinni, hvort þeir, sem með mál fara, reynast réttlátir eða ekki. Og þeim, sem að þessum ráðstöfunum stóðu, sem kallað hefur verið júnísamkomulag, ríkisstj. og öðrum, virðist a. m. k. ekki með þessum samningi sínum hafa tekizt að tryggja frambúðarréttlæti í húsnæðismálum fyrir alla landsmenn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Hér hefur komið fram æði margt í sambandi við þessa fsp., sem byrjað var á. Ef ætti að ræða þessi mál til

hlítar, er sjálfsagt ekki staður eða stund til þess núna, en í sambandi við það, sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á, bæði fyrr og einnig í síðustu ræðu sinni, þá vildi ég aðeins segja það, leiðrétta það, sem ég held, að flestir ræðumenn hafi tekið fram, að hér sé um júnísamkomulagið svo kallað að ræða.

Júnísamkomulagið var gert árið 1964 og fól í sér ýmis önnur atriði, en ekki þessi. Sá samningur, sem liggur að baki framkvæmdunum í Breiðholti var gerður árið 1965 í sambandi við lausn vinnudeilnanna þá og á ekkert skylt við júnísamkomulagið. Ég vil aðeins vegna ítrekaðra tilmæla frá síðasta ræðumanni til þeirra, sem stóðu að þessu samkomulagi, að þeir geri grein fyrir því misræmi sem fram kemur óneitanlega, ég skal játa það. Og fyrir mitt leyti skal ég gera það.

Verkalýðsfélögin í Reykjavík fyrst og fremst hafa æði lengi reynt að herða á um aukið fjármagn til húsnæðisbygginga. Sú barátta var einnig, á stundum a. m. k., háð af öðrum verkalýðsfélögum jafnhliða, en hér kreppti mest að. Við fengum fram hækkun á þeim framlögum til húsnæðismála, sem þá voru ákveðin hverju sinni, og þeirra nutu allir jafnt. Það gerðist t. d. með júnísamkomulaginu 1964. En hér voru þessi mál sérstakt vandamál, vegna þess hve margir eru hér, sem áttu þess ekki kost að leggja í byggingarframkvæmdir með þeim lánskjörum, sem fyrir hendi voru.

Atvinnuleysistryggingasjóður hefur um nokkurt árabil lánað til Byggingarsjóðsins og til húsnæðismálanna. Nú er það svo, að langstærstur hluti þess fjármagns, sem kemur í Atvinnuleysistryggingasjóð, er vegna vinnu þeirra, sem ekki gátu notið þessara lána, og við lögðum því áherzlu á, að það yrðu teknar upp aðferðir og veitt þau lánakjör, að þetta fólk gæti byggt. Þannig er til komið það samkomulag, sem gert var 1965. Það var þá öllum ljóst og yfirlýst um leið og það var gert, að til að byrja með yrði það hér í Reykjavík, sem þetta færi fram, en ætti síðar að ná til alls landsins, eftir því sem þörf og ástæður væru fyrir hendi. Og það var sett inn í lögin.

Á sama tíma og þessi mál voru mest aðkallandi á þessu þéttbýlissvæði, þá voru önnur mál meira aðkallandi í öðrum landshlutum, og um sama leyti og við gerum þetta samkomulag við ríkisstj. og borgaryfirvöld, er gert samkomulag t. d. varðandi allt Norðurland um alveg sérstaka fyrirgreiðslu í atvinnumálum á því landssvæði. Þeir töldu, að það snerti þá miklu sárar en þessi mál, og ég ætla ekki að fara út í þá sálma og alls ekki að fara að telja eftir það fjármagn, sem þangað hefur runnið umfram önnur byggðarlög. Það væri auðvitað alveg fjarstætt að gera það. Það þurfti að gera og varð að gera. Þeir völdu sem sagt þá leiðina. Önnur mál krepptu að okkur.

Þetta vildi ég upplýsa hér. Það er alveg rétt, að þessi Breiðholtsframkvæmd hefur gengið á fé Byggingarsjóðs, og hefði verið æskilegt og í raun og veru alveg nauðsynlegt, að fjármagn annars staðar frá hefði verið fyrir hendi. Það var náttúrlega augljóst, þegar samningar voru gerðir um það að byggja 1250 íbúðir á 5 árum, eins og samningarnir hljóða upp á, og á að vera lokið 1970. Það er náttúrlega alveg ljóst, að það er ekki nóg að gera slíka samninga og síðan ekki meir. Aðalatriðið í þessum efnum var auðvitað að reyna að útvega fjármagn til þess að geta staðið við þessa samninga. Því miður hefur orðið misbrestur á því og ekki annað sjáanlegt en nú verði hlé á þessum framkvæmdum, a. m. k. verður ekki séð annað í dag, þegar hvort tveggja kallar að, að byggt sé meira vegna hinnar brýnu þarfar og eins hitt og ekki síður, að það er nauðsynlegt, að hið opinbera og allir aðilar, sem geta staðið að slíkum málum, leggi einmitt núna meira í svona framkvæmdir, heldur en jafnvel hefði verið ástæða til áður, vegna þess slæma atvinnuástands, sem blasir við okkur. Og ég vil sérstaklega undirstrika, að það, sem er nú brýnast, er, að það verði virkilega gengið í að útvega fjármagn til þessara framkvæmda, svo að ekki þurfi að verða neitt hlé á. Það er dýrt, áreiðanlega mjög dýrt að hætta þeim framkvæmdum, sem nú eru. Ég álít, að það sé komin nóg reynsla til þess, að hægt verði að halda áfram, — þurfi ekki neitt hlé þess vegna. Það er sérstaklega brýnt vegna þess atvinnuástands, sem nú blasir við.

2. Lánsfé vegna jarðakaupa.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til landbrh. um lánsfé vegna jarðakaupa [30. mál, 2] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til landbrh.:

„Hverjar ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til þess að stuðla að því, að veðdeild Búnaðarbankans geti sinnt eðlilegri lánsfjáreftirspurn vegna jarðakaupa?“

Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur í bankakerfinu hér á landi. Nýir bankar hafa risið upp, útibú hafa verið sett á stofn, innlán hafa vaxið, útlán hafa vaxið, starfsmönnum hefur fjölgað og byggingar hafa verið byggðar. Þessi gróandi hefur ekki farið fram hjá Búnaðarbankanum. Starfsemi hans hefur blómgazt. Það er ánægjulegt. En ein er sú starfsgrein Búnaðarbankans, sem hefur orðið olnbogabarn. Það er veðdeildin.

Veðdeildin hefur um langa tíð átt við fjárskort að búa, og hefur átt erfitt með að gegna því hlutverki, sem henni er ætlað. Þó má segja, að steininn hafi tekið úr á þessu ári, þar sem mér er tjáð, að á þessu ári hafi alls engin lán verið afgreidd úr veðdeild Búnaðarbankans. Á s. l. ári voru hins vegar afgreidd allmörg lán úr veðdeild Búnaðarbankans. En þó er það svo, að samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá bankanum, eru enn 46 lánbeiðnir frá fyrra ári óafgreiddar. Til viðbótar því hafa svo borizt umsóknir á mánuðunum janúar og júní þetta ár, og þær eru 43 að tölu. Eftir júlílok og til dagsins í dag hafa borizt 18 umsóknir eða alls eru rúmlega 100 umsóknir, nákvæmlega 107 umsóknir óafgreiddar í veðdeild Búnaðarbankans.

Ég geri ráð fyrir, að til þess að fullnægja þessum lánsumsóknum muni þurfa ca. 15—16 millj. kr. En til þess að fullnægja þeim lánsumsóknum, sem liggja óafgreiddar frá fyrra ári, geri ég ráð fyrir, að þurfi um 6—7 millj. kr. Þetta, að ekki hafa verið afgreidd lán á þessu ári, er mér tjáð, að stafi af fjárskorti veðdeildarinnar og slæmum fjárhag hennar. Á s. l. ári hafi orðið nokkur rekstrarhalli á henni, eins og reyndar reikningar bankans bera með sér, og hún sé nú í skuld við sparisjóðsdeild Búnaðarbankans, sem nemur um 17 millj. kr., sem að vísu er nokkur upphæð, en mér sýnist þó ekki óskapleg miðað við þær tölur, sem fjallað er um í bankanum að öðru leyti.

Mér er tjáð, að s. l. sumar, að ég ætla í ágúst og skal ég þó ekki alveg fullyrða um mánuðinn, hafi verið send beiðni til ríkisstj. um það, að hún útvegaði um 20 millj. kr. lán til veðdeildarinnar til þess að standa undir lánum og til þess að hægt væri að afgreiða umbeðin lán og að auki 2 millj. í framlag til þess að mæta rekstrarhalla deildarinnar. Mér er tjáð, að við þessari málaleitun hafi alls engin svör borizt, og þess vegna er þessi fsp., sem hér er um að tefla, borin fram, og ég vonast til þess, að hæstv. landbrh. gefi við henni greið svör.

Það, sem vantar til þess að fullnægja eðlilegri lánsfjárþörf veðdeildar Búnaðarbankans, er ekki mikið. Það er ekki mikið, þegar litið er á allt peningaflóðið. Það er ekki mikið, þegar litið er til veltu Búnaðarbankans. Það er ekki mikið, þegar litið er til þeirra fjármuna, sem fara um hendur ríkissjóðs og ríkisstj. Og þetta er þess vegna ekki stórmál, þegar litið er á það frá því sjónarmiði.

En það er stórmál, það er stórkostlegt stórmál fyrir hvern einstakling, sem hér á hlut að máli, vegna þess að menn hafa stofnað til jarðakaupa í trausti þess að fá þessi lán, og það er auðvitað algerlega óviðunandi ástand, að það sé ekki hægt að greiða fyrir því með nokkurn veginn eðlilegum hætti, að menn geti fengið þau lán til jarðakaupa, sem til er ætlazt. Þau eru hvort eð er skorin svo við nögl, að í raun og veru eru þau allsendis ófullnægjandi og þyrftu að hækka. En þó er ekki um það að ræða hér, heldur er óskin aðeins sú, að gerðar séu ráðstafanir til þess að veðdeildin geti sinnt þeim umsóknum, sem fyrir liggja og hafa legið fyrir óafgreiddar óhæfilega lengi. En það kalla ég, að umsóknir liggi fyrir óafgreiddar óeðlilega lengi, ef þær hafa legið frá fyrra ári.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr, hverjar ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera til þess að stuðla að því, að veðdeild Búnaðarbankans geti sinnt eðlilegri lánsfjáreftirspurn vegna jarðakaupa. Hv. þm. sagði, að það hefði tekið steininn úr á þessu ári, af því að á þessu ári hefðu engin lán verið veitt úr deildinni. Ég er með bréf frá Búnaðarbankanum dags. í dag, þar sem segir: Það, sem af er árinu, hefur deildin lánað 5.1 millj. kr. (Gripið fram í.) Já, en þá upplýsi ég það, sem sannara reynist. 5.1 millj. kr. er náttúrlega ekki há upphæð, en samt sem áður eru þetta lán, sem veitt hafa verið. Og það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að veðdeild Búnaðarbankans hefur oft átt við fjárhagsörðugleika að stríða. Hún hefur ekki, hvorki nú né fyrr, fullnægt þeim lánabeiðnum, sem legið hafa fyrir, og verður að segja það alveg ádeilulaust, að þetta hefur skeð, hverjir sem hafa farið með þessi mál. Ég er t. d. alveg sannfærður um það, að þegar hv. framsóknarmenn fóru með landbúnaðarmálin og höfðu sérstaklega yfir Búnaðarbankanum að segja, t.d. 1958, vildu þeir gera veðdeildinni mögulegt að lána meira heldur en 640 þús., og þá lágu fyrir margar lánsbeiðnir, sem ekki var unnt að veita, þrátt fyrir góðan vilja þeirra, sem með þessi mál fóru. Og rétt er, að það hefur orðið vöxtur í bankakerfinu. Búnaðarbankinn hefur blómgazt og aukizt. Árið 1957 lánaði veðdeild Búnaðarbankans 12 millj. 515 þús., og það er náttúrlega há upphæð, miðað við það, sem var fyrir 10 árum. En eigi að síður geta menn verið sammála um það, að það hefði verið æskilegt, að það væri meira.

Í bréfi sem Búnaðarbankinn skrifaði mér í ágústmánuði s. l., er þess farið á leit, að ríkisstj. útvegi veðdeildinni 20 millj. kr. lánsfé til þess að fullnægja þeim beiðnum, sem þá lágu fyrir og væntanlega kæmu seinni hluta þessa árs. Það var einnig farið fram á, að deildinni væri útvegað óafturkræft framlag, 2 millj. kr., til þess að bera uppi rekstrarhallann, sem verður, vegna þess að veðdeildin lánar með 8% vöxtum, en verður undir mörgum kringumstæðum að borga hærri vexti eða allt að 9% af því fé, sem deildin tekur að láni, og það væri þess vegna eðlilegt, að deildin fengi eitthvert óafturkræft framlag til þess að bera þennan halla uppi, því að til lengdar er vitanlega ekki hægt og eðlilegt að reka hana með halla, sem verður því meiri, sem hún fær meira fjármagn, ef vaxtamismunurinn er öfugur.

Í sambandi við fsp. vil ég upplýsa það í sambandi við þetta bréf, sem Búnaðarbankinn sendi í ágúst, að þá var ekki unnt að útvega það á þessu ári. Það var ekki á framkvæmdaáætlun þessa árs. Nú mun ríkisstj. taka til meðferðar í haust eins og undanfarin ár fjáröflunaráætlun fjárfestingarsjóðanna fyrir árið 1969, og þá verður tekið til athugunar,

hvort mögulegt er að afla veðdeildinni nauðsynlegs fjár.

Í ágústmánuði lágu fyrir 60 umsóknir, og ef þeim hefði öllum verið fullnægt með t. d. 180 þús. kr. láni, væru það 9 millj., en nú er vitað, að það berast ýmsar umsóknir til bankans, sem ekki er talið rétt að sinna. En það er vitanlega meiri hl. af þeim, sem er eðlilegt að sinna og sjálfsagt að sinna. En 20 millj. t. d. á næsta ári mundu leysa þann vanda, sem nú liggur fyrir, og þá þarf að athuga, hvort mögulegt er að taka það á fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun fyrir næsta ár, þegar tekið er fyrir og athugað um fjáröflun til fjárfestingarsjóðanna yfirleitt.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf, að það hafi verið veittar á þessu ári rúmlega 5 millj. í lán úr veðdeild Búnaðarbankans. Hann hafði bréf upp á það, og það er eflaust rétt. Ég hef hins vegar talað við viðkomandi bankastjóra. Ég hef átt þarna tvær lánsumbeiðnir frá fyrra ári óafgreiddar, og ég hef iðulega gert mér för í Búnaðarbankann til þess að spyrjast fyrir um afgreiðslu þeirra, og svörin hafa alltaf verið á þá lund, að það væru alls ekki afgreidd nein lán úr veðdeildinni. Nú mun ég gera eina atrennuna enn með þessar upplýsingar í höndum og vita, hvort mér tekst að fá afgreidd þessi tvö lán frá árinu 1967, sem ég ber alveg sérstaklega fyrir brjósti. En þó að það fengist nú, þá er hlutur margra eftir óafgreiddur. Og ég verð að lýsa vonbrigðum mínum yfir svari hæstv. landbrh. Hann gat aðeins gefið þær upplýsingar, að þessi mál yrðu tekin til athugunar í sambandi við framkvæmdaáætlun 1969. Það skilst mér að þýði, að það sé ekki gert ráð fyrir því, að það verði nein meiri eða önnur lán veitt úr veðdeildinni á þessu ári, og það komi þá alls ekki til greina lánveitingar úr henni fyrr en á árinu 1969, ef svo vel tekst til, að hægt verði að koma þessu inn á framkvæmdaáætlun ríkisins. Ég hefði satt að segja haldið, að hæstv. ráðh. væri sá athafnamaður, að honum mundi lukkast að fá ekki stærri upphæð en hér er um að tefla, kannske svona 6—7 millj., til þess að hægt væri að afgreiða óafgreiddar lánsumsóknir frá fyrra ári. Ég hefði t. d. ekki talið það óeðlilegt, að hann hefði tekið þetta mál alveg sérstaklega upp við Búnaðarbankann og rætt um það, hvort það væri ekki gerlegt, miðað við fjárhag bankans, að sparisjóðsdeild Búnaðarbankans lánaði 6 eða 7 millj. til viðbótar þeim 17 millj., sem veðdeildin skuldar, til þess að hægt væri að leysa þessi mál á ég vil segja ekki stórmannlegan hátt, en svona viðhlítandi eftir atvikum. Ég verð sem sagt að lýsa vonbrigðum yfir því, að hæstv. ráðh. skuli ekki hafa sýnt skjótari viðbrögð og meiri skörungsskap í þessu máli heldur en raun ber vitni um.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það voru afgreidd óvenjulega mörg lán á árinu 1967. Það má jafnvel kannske segja alveg óeðlilega mörg lán, miðað við lánveitingar á undan og alveg sérstaklega miðað við lánveitingar á eftir.

Ég skal ekki fara út í það, hvaða gróska hafi verið í lánveitingum sérstaklega á árinu 1967. En það getur vel verið, að hv. alþm. renni grun í það. Það er rétt, að þá voru lánaðar yfir 12 millj. úr veðdeild Búnaðarbankans, sem er svona á vegi stödd nú, að það er ekki hægt að afgreiða lán. En hvað um það? Við skulum bara sameinast um það, að hér sé vandi, sem þarf að leysa, og í öllum þeim vanda, sem hv. alþm. munu standa andspænis á næstunni, þá er þetta ekki svo stór vandi, að við ættum bara að taka höndum saman um það að leysa hann.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að láta í ljós mikla undrun yfir þeim upplýsingum, sem hér eru komnar fram frá hæstv. landbrh. Ég hef sjálfur átt tal um þessi mál við bankastjóra oftar en einu sinni og oftar en tvisvar á undangengnum mánuðum, og ég hef fengið þær upplýsingar þar, að allar lánveitingar úr veðdeildinni hafi setið algerlega fastar. Þetta kemur mér því mjög á óvart, þegar það er nú upplýst með bréfi frá bankanum, að lánaðar hafi verið úr deildinni á þessu ári 5.1 millj. kr. Það er mér einnig nokkurt undrunarefni, að það kemur fram hér í svörum hæstv. ráðh., að því er virðist, að hann hefur ekkert átak gert, enga viðleitni sýnt til þess að leysa úr vandræðum veðdeildarinnar á þessu ári. Ég vil, að það komi fram hér við umr. um þessa fsp., að í augum bændasamtakanna, Stéttarsambands bænda, er þetta ekkert smámál. Stéttarsambandið, fundir þess, hefur margsinnis ályktað um þessi mál. Þau hafa dregizt inn í viðræður stjórnar Stéttarsambandsins við hæstv. landbrh. mörgum sinnum. Og til enn frekari staðfestingar á því, að bændasamtökin telja þetta þýðingarmikið mál, vil ég aðeins minna á, að við verðlagningu landbúnaðarvara haustið 1966, þegar gert var samkomulag milli stjórnar Stéttarsambands bænda og hæstv. ríkisstj., var eitt af þeim atriðum, sem samið var um, að litið yrði til veðdeildarinnar og greitt nokkuð úr hennar þörf.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er langt síðan ég vissi, að hv. 3. þm. Norðurl. v. bar mikið traust til mín, og þess vegna varð hann fyrir vonbrigðum, svo sem hann segir, að ég skyldi ekki hafa útvegað veðdeildinni það fjármagn, sem hún þurfti, t.d. með því að láta sparisjóðsdeildina lána veðdeildinni. Það þurfti ekkert annað en tala við bankastjóra Búnaðarbankans og segja þeim að gera þetta. En það er nú svo, að jafnvel hjá Búnaðarbankanum flæðir ekki út úr kassanum núna. Ég get upplýst það, að Búnaðarbankinn er í skuld við Seðlabankann, og það er náttúrlega ekki æskilegt fyrir bankann, og ég veit, að bankastjórar Búnaðarbankans hafa mikinn hug á því að jafna þessa skuld, en ef hagur deildarinnar væri öðruvísi og ætti eftir að batna, þá hygg ég, að það stæði ekkert á þeim að rétta nokkrar millj. til veðdeild-

arinnar. En það er bezt að endurtaka það og á skýrari hátt en ég sagði áðan, að það verður ekki von á peningum í veðdeildina fyrr en á næsta ári, og það verður tekið til athugunar, eins og ég sagði áðan, hvort ekki verður hægt að taka það upp á áætlun ríkisstj. til fjárfestingarsjóðanna, og hv. 3. þm. Norðurl. v. er það vel að sér í fjármálum og öðru, að hann getur alveg gert sér grein fyrir því, að þegar beiðni kemur á seinni hluta ársins um útvegun fjár, liggur það ekki svo laust fyrir, sízt þegar viðskiptabankinn er í skuld við Seðlabankann.

Hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson lét undrun sína í ljós yfir því, að það skyldi nú hafa verið lánuð 5.1 millj. kr. Og ég fór nú að lesa bréfið aftur og hugsaði sem svo: Getur það verið, að ég hafi lesið skakkt áðan? En það stendur hér til fyllri upplýsingar fyrir hv. þm.:

„Það, sem af er árinu, hefur deildin lánað 5.1 millj. kr., og hefur skuldin við sparisjóðsdeildina hækkað þess vegna."

Þeir segja: Það, sem af er þessu ári. Það er eins og bréfritarinn og kannske bankastjórarnir hafi hugsað sem svo, að þetta gæti hækkað á þeim mánuðum, sem eftir eru. Og ef það yrði, mundi þetta verða ennþá betra heldur en hv. fyrirspyrjandi bjóst við. **(Gripið fram í:** Er þetta alveg nýskeð?) Bréfið er dagsett í dag. Það stendur ekki í bréfinu. Það er það, sem af er þessu ári, og mér er ekki kunnugt um, hvenær lánin voru afgreidd.

Stefán Valgeirsson: Hæstv. landbrh. sagði áðan í sambandi við útvegun fjár í veðdeildina, að það væri, eins og 3. þm. Norðurl. v. vissi, ekki létt að útvega fjármuni á síðari hluta árs, þótt beiðni hefði komið um það. Ég verð nú að segja, að þetta er nokkuð einkennilegur málflutningur, því að ég man ekki betur en á árinu 1966, þegar landbrh. lofaði því í sambandi við lausn þeirra vandamála, sem þá voru, að hækka lánveitingarnar úr 100 þús. upp í 200 þús. til jarðakaupa, að þá væri lofað að útvega veðdeildinni fjármuni. Ég veit ekki til þess, að við þetta hafi verið staðið, og það getur því ekki verið nein afsökun nú fyrir hæstv. landbrh., að hann hafi ekki vitað um, hvernig komið var fyrir veðdeildinni síðari hluta þessa árs. Ég veit, að hjá fjölmörgum bændum er þetta mjög bagalegt. Ég þekki þess dæmi, fleiri en eitt og fleiri en tvö, að þeir, sem hafa selt jarðir sínar og hafa keypt húseignir í trausti þess, að þessi lán fengjust, eru nú komnir í þrot, vegna þess að þessar lánabeiðnir hafa ekki verið afgreiddar. Það er hörmulegt til þess að vita, að hæstv. landbrh. skuli ekki sjá neina leið til þess að leysa þennan vanda nú. Ég er búinn að fara margar ferðir í veðdeildina, og mér er þar tjáð, að það sé ekki von á neinum lánum úr veðdeildinni, nema ríkisstj. leysi þessi mál.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í tilefni af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, vil ég upplýsa, að þessar 20 millj., sem lofað var að láta veðdeildina fá haustið 1966 eða réttara sagt var gefið fyrirheit um, að veðdeildin fengi, voru afgreiddar til deildarinnar árið 1967, og virtust allir vera ánægðir með það. Það voru gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að útvega veðdeildinni þetta, en ekki fyrr en árið eftir. Þá var það tekið á framkvæmdaáætlun ríkisstj. í sambandi við fjárfestingarsjóðina, en féð var ekki útvegað um haustið, eins og ég held, að hv. þm. hafi haldið, eða seinni hluta þess árs, sem beiðnin kom sérstaklega fram. Það er rétt, að þetta liggi alveg klárt fyrir, og það má líka minna á, að 1966 var fjármálum allt öðruvísi háttað en nú og meira af lausu fjármagni en nú, eins og ég ætla, að flestir hv. þm. geri sér grein fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það var skömmu fyrir síðustu áramót, að ég sótti um lán í Búnaðarbankanum handa bónda á Vestfjörðum til að kaupa ábýlisjörð sína. Ég fékk þau svör hjá bankastjóranum, að hann mundi fá þetta lán, en hann mundi ekki fá það fyrr en í marz eða apríl.

Þegar apríl var liðinn fór ég í bankann og spurði eftir láninu. Nú er veðdeildin peningalaus og ekki hægt að afgreiða lánið, var mér svarað. Ég kvaðst vilja fá að vita, hvenær bóndinn fengi þetta lán, því að hann hefði gert kaupsamning um jörðina og ætti að borga andvirðið til seljandans fyrir áramót og hann þyrfti að vita þetta. Hann sagðist ekki geta svarað þessu, bankastjórinn, en hann vonaði fastlega, að veðdeildin fengi fé. Síðan talaði ég við bankastjórann í maí, júní og júlí og fékk þau svör, að það hafi ekki eitt einasta lán verið veitt úr veðdeildinni á þessu ári. Síðan kom ég í bankann í sept. og aftur í okt., talaði ekki við bankastjóra, heldur spurði starfsmann í veðdeildinni, hvort það væri farið að veita lán úr henni. Ekki eitt einasta lán, var svarið. Það lítur helzt út fyrir, að þessi 5. 1 millj. hafi verið veitt núna síðustu dagana. **(Gripið fram í:** Kannske í gær.) Eða kannske í gær. Ég verð að harma, að bændur verði fyrir þeirri meðferð að fá loforð um lán, gera kaupsamninga og geta svo ekki staðið við þá, vegna þess að það stendur ekki, sem bankinn hefur sagt.

3. Starfsaðstaða Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til dómsmrh. um starfsaðstöðu Bifreiðaeftirlits ríkisins [30. mál, 3] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Með vaxandi fjölda ökutækja og aukinni umferð verðum við að gera enn þá meiri kröfur til þess en áður hefur verið, að bifreiðar séu hafðar í fullkomnu lagi, a. m. k. hvað öryggisútbúnað snertir. Í flestum grannríkjum okkar er lögð mikil áherzla á þetta og a. m. k. í höfuðborgum þeirra flestra hefur verið komið upp fullkomnum skoðunarstöðvum með þar til gerðum mælitækjum, sem segja til um það, hvernig ástand bifreiðar er, hvað gera þurfi við og hvað þurfi að lagfæra.

Sú stofnun, sem öðrum fremur á að tryggja þennan þátt öryggismála hér á landi, er Bifreiðaeftirlit ríkisins. Annríki og verkefni Bifreiðaeftirlitsins hefur vaxið alveg stórkostlega á síðustu árum, eins og nærri má geta, þegar haft er í huga, að bifreiðaeign landsmanna hefur tvöfaldazt á nokkrum árum. Þannig var mér sagt um daginn í Bifreiðaeftirlitinu, að þar hefðu farið fram á s. l. ári 32 þús. skoðanir, en Bifreiðaeftirlitið í Reykjavík hefur, eins og kunnugt er, í fyrsta lagi með höndum svonefnda aðalskoðun bifreiða einu sinni á ári, og margar bifreiðar þurfa að koma oftar en einu sinni í þá skoðun. Auk þess eru bifreiðar svo alltaf skoðaðar í hvert skipti, sem umskráning fer fram. Til viðbótar þessu verkefni hefur eftirlitið skrá um allar bifreiðar og dráttarvélar í landinu, og þau verkefni, sem unnin eru þar vegna byggðarinnar utan Reykjavíkur, fara ört vaxandi, eftir því sem kunnugir segja. Þess má líka minnast í þessu sambandi, að sífellt er verið að gera auknar kröfur til öryggisbúnaðar. Þess er krafizt, að það séu aurhlífar, öryggisbelti o. s. frv., og þetta allt saman eykur vinnu þeirra, sem falin er ábyrgðin á því að líta eftir þessu og hafa þennan þátt umferðarmálanna í lagi.

Þessi umrædda stofnun hefur um langt árabil haft bækistöð sína í Borgartúni 7 og býr þar við alls ónógan húsakost. Húsrýmið er þröngt og lítið inni, óhentugt fyrir starfsemina, sem auk sjálfs eftirlitsins, nær yfir óskyldustu störf, eins og eftirlit með greiðslu opinberra gjalda af bifreiðum, eftirlit með greiðslu tryggingariðgjalda og jafnvel innheimtu afnotagjalda fyrir útvarpsviðtæki. Þó er aðstaðan utanhúss langtum óhægari. Útisvæðið er allt of lítið, bílafjöldinn þarna kemst yfir 400 yfir daginn, þegar mest er að gera, því að aðalskoðunin fer fram yfir sumarmánuðina, og þá er meira að gera en að vetrinum til. Þetta húsnæði er þar að auki staðsett við allt of mikla umferðargötu þannig að þar er talsverð slysahætta, eftir því, sem kunnugir telja, vegna þess hversu oft þarf að aka inn í mikla umferð, og alla vega eru þarna umferðartruflanir. Þá má geta sér þess til, að það sé erfitt að stunda þessi störf úti, hvernig sem viðrar, allan ársins hring. Stundum að vetrarlagi byrjar starfsemin á því, að moka þarf snjó af stóru flæmi, til þess að hægt sé að hefja störfin. Og að sumrinu viðrar einnig oft þannig, að óhægt er um þessi störf utan húss. Af þessum ástæðum öllum þarf úrbætur, en þó heppilega skoðunaraðstöðu fyrst og fremst. Hefur það verið baráttumál Félags bifreiðaeftirlitsmanna um nokkurt skeið, að hafizt verði handa um byggingu skoðunarstöðvar.

Vegna þess, að hér er að mínum dómi um þarft mál að ræða, hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh. á þskj. 30 og bið hann svara, hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar til að bæta starfsaðstöðu Bifreiðaeftirlitsins.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi talaði nokkuð almennt um bifreiðaeftirlitið, og þótti mér vænt um það. Það, sem hann sagði hér, er líklegt til að vekja áhuga og kunnugleika hv. þm. á því, að hér er um mikið vandamál að ræða, hvernig að bifreiðaeftirlitinu er búið og hvaða horfur eru á því að geta gert það betur úr garði tæknilega og á annan hátt á næstu árum. Þar sem hér er um vandamál að ræða, sem fer sívaxandi og verður æ þýðingarmeira í okkar þjóðfélagi, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að, vildi ég einnig svara þessari fsp. nokkuð með almennum orðum til að undirstrika þörf á úrbótum, áður en ég svara beint spurningunni, sem í fsp. felst.

Eins og kunnugt er, er Bifreiðaeftirlit ríkisins sérstök stofnun samkvæmt umferðarlögum, sem annast skoðun og eftirlit ökutækja. Skoðun ökutækjanna fer fram áður en þau eru skráð fyrsta sinni, svo og um hverja umskráningu, enda ákveður eftirlitsmaður, hvort ökutækið fullnægi kröfum laga og reglugerða. Árlega fer svo fram endurskoðun allra bifreiða og bifhjóla. Þar fyrir utan getur lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður krafizt þess hvenær sem er, að skráð ökutæki séu færð til sérstakrar skoðunar á þeim stað sem hann ákveður, auk þess sem eftirlitsmönnum og öðrum lögreglumönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskírteinið. Auk þess, sem bifreiðaeftirlitsmenn annast skoðun og eftirlit ökutækja, eru þeir prófdómendur við bifreiðarstjóraþróf, og á vegum Bifreiðaeftirlitsins eru haldin námskeið fyrir atvinnubifreiðastjóraefni, meiraprófsnámskeið. Einnig fara fram á vegum Bifreiðaeftirlitsins próf fyrir ökumenn fólksbifreiða, sem flytja mega fleiri en 16 farþega, svo og próf fyrir ökukennara.

Hjá Bifreiðaeftirlitinu í Reykjavík er haldin allsherjar spjaldskrá yfir allar bifreiðar í landinu auk þess sem spjaldskrá er haldin í hverju umdæmi. Hefur spjaldskráin verið færð á gataspjöld hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Skráðar bifreiðar og bifhjól voru í byrjun þessa árs alls 42.394. Bifreiðaeftirlitið lýtur yfirstjórn dómsmrn. og hefur aðsetur í Reykjavík, en dagleg stjórn Bifreiðaeftirlitsins er í höndum forstöðumanns, en lögreglustjórinn í Reykjavík hefur umsjón með bifreiðaeftirliti í landinu samkvæmt sérstöku ráðuneytisbréfi og samningum, sem gerðir voru fyrir nokkuð mörgum árum milli ráðuneytisins og lögreglustjórans í Reykjavík.

Landinu er í heild skipt í 7 umdæmi, og fjöldi fastra eftirlitsmanna í hverju umdæmi er þessi:

Í Reykjavíkurumdæmi starfa samtals 11 bifreiðaeftirlitsmenn.

Í Reykjanesumdæmi eru þrír bifreiðaeftirlitsmenn, og er einn þeirra umdæmisfulltrúi. Hefur einn eftirlitsmaðurinn fast aðsetur í Keflavík, en hinir hafa aðsetur í Reykjavík.

Vesturlandsumdæmi tekur til Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness-, Dala- og Austur-Barðastrandarsýslu og Strandasýslu. Þar eru þrír eftirlitsmenn. Einn er á Akranesi og tveir í Borgarnesi, og er annar þeirra umdæmisfulltrúi.

Vestfjarðaumdæmi tekur hins vegar til Vestur-Barðastrandarsýslu og Ísafjarðar. Einn eftirlitsmaður er á Ísafirði og annar á Patreksfirði, sem er lausamaður.

Norðurlandsumdæmi nær frá Húnavatnssýslum til Þingeyjarsýslna. Á Akureyri eru 3 eftirlitsmenn og er einn umdæmisfulltrúi, og auk þess eru eftirlitsmenn á Blönduósi og á Húsavík, einn á hvorum stað.

Austurlandsumdæmi eru Múlasýslur og Austur-Skaftafellssýsla. Þar situr eftirlitsmaður á Reyðarfirði og auk þess lausamaður á Höfn.

Í Suðurlandsumdæmi er einn eftirlitsmaður á Selfossi, en lausamaður er í Vestmannaeyjum.

Þetta hef ég aðeins rakið hér til að gefa yfirlit um, að hér er um umfangsmikla starfsemi að ræða, ekki aðeins hér í þéttbýlinu, heldur á öllu landinu.

En hvernig er svo starfsaðstaða Bifreiðaeftirlitsins? Bifreiðaeftirlitsmennirnir vinna sín störf í nánu samstarfi við lögreglustjórana í umdæmum sínum og hafa þá jafnframt umsjón með bifreiðaskráningunni, sem lýtur stjórn lögreglustjóra. Aðsetur hafa eftirlitsmennirnir víðast hvar í tengslum við viðkomandi lögreglustjóra, og hefur húsnæðisaðstaða þeirra verið bætt á ýmsum stöðum á undanförnum árum, t. d. á Selfossi, í Keflavík og í Vestmannaeyjum. Á Akureyri hefur Bifreiðaeftirlitið nýverið flutt í nýtt eigið húsnæði í hinni nýju lögreglustöðvarbyggingu, og hefur þar með verið sköpuð mjög verulega bætt aðstaða fyrir Bifreiðaeftirlitið þar.

Að því er varðar starfsemi Bifreiðaeftirlitsins í Reykjavík, vil ég taka fram eftirfarandi:

Bifreiðaeftirlitið fluttist í núverandi húsnæði í Borgartúni 7 árið 1947, og húsnæðinu fylgdi þá auð lóð í næsta nágrenni, hinum megin götu þó, 1750 m^2 að stærð. Er húsnæði þetta og athafnasvæði ennþá notað fyrir Bifreiðaeftirlitið óbreytt að stærð og aðstöðu, en er nú orðið alls ófullnægjandi vegna hinna miklu breytinga, sem orðið hafa á bifreiðafjölda. Kemur greinilegast fram, hversu nauðsynlegt er að bæta starfsaðstöðu Bifreiðaeftirlitsins, þegar aðalskoðun bifreiða fer fram, en hún stendur nú yfir í nær 7 mánuði á ári hverju. Hinn mikli húsnæðisskortur og takmarkaða athafnasvæði stofnunarinnar útlokar að unnt sé að auka starfslið við bifreiðaskoðunina eða beita nauðsynlegum nútímatækjabúnaði við hana. Afgreiðslubið hefur því lengzt ár frá ári, og er nú svo komið, að bið á annan klukkutíma er mjög algeng. Veldur þetta eðlilega mikilli óánægju hjá borgurunum, og berast forráðamönnum Bifreiðaeftirlitsins stöðugar kvartanir í tilefni þessa. Af þeim ástæðum og eigi síður vegna hins almenna umferðaröryggis í landinu er greinilegt, að við svo búið má ekki standa öllu lengur og mjög brýn nauðsyn er því til þess, að nú þegar verði hafinn undirbúningur að byggingu skoðunar- og afgreiðsluhúss fyrir Bifreiðaeftirlit ríkisins í Reykjavík, þannig að unnt verði að gera róttækar breytingar á starfsháttum eftirlitsins. Skulu hér nefndar nokkrar upplýsingar um störf Bifreiðaeftirlitsins og starfsaðstöðu.

Á árinu 1947, þegar eftirlitið hóf starfsemi sína á tilgreindum stað, voru skráðar bifreiðar í umdæminu alls 5514 en í byrjun yfirstandandi árs voru þær 18220. Á skoðunarárinu 1967 voru samtals 31330 bifreiðar skoðaðar í Reykjavík, þar af 6765 bifreiðar utan af landi. Á sama tíma var lokið hér í umdæminu samtals 2334 fræðilegum prófum við almenn bifreiðarstjórapróf og 2221 verklegu prófi. Þar að auki voru haldin þrjú 6 vikna námskeið fyrir atvinnubifreiðarstjóraefni. Ennfremur voru haldin próf fyrir þá, sem sækja um réttindi til að aka bifreið fyrir 16 farþega eða fleiri og loks próf fyrir ökukennaraefni. Þá voru afgreiddar á árinu nokkur þúsund nýskráningar ökutækja og umskráningar vegna færslu milli umdæma eða eigendaskipta.

Af samanburðartölum þessum má ljóst vera, að húsakynni og athafnasvæði, sem rétt voru við hæfi árið 1947 og eigi hafa breytzt síðan, eru alls ófullnægjandi nú. Kemur þar til, að staðsetning Bifreiðaeftirlitsins að Borgartúni 7 er einnig orðin mjög óheppileg vegna áberandi bifreiðastæðaskorts á lóð hússins og í grennd. Stafar það m. a. af því, að margar opinberar stofnanir eru nú til húsa í Borgartúni 5 og 7 og á því mjög margt fólk þangað erindi. Reynt hefur verið að fá aukið athafnasvæði fyrir starfsemi Bifreiðaeftirlitsins til bráðabirgða á lóð, sem er við hliðina á núverandi athafnasvæði þess. Þeirri beiðni hefur verið synjað af stjórn húseignarinnar að Borgartúni 7, enda full not lóðarinnar fyrir aðra þá starfsemi, sem er í húsinu. Samhliða neituninni var sú skoðun látin í ljós, að æskilegt væri, að Bifreiðaeftirlitið flytti starfsemi sína úr Borgartúni 7 sem allra fyrst, þar sem hin mikla bifreiðaumferð, sem er samfara staðsetningu eftirlitsins þar, sé mjög til óhagræðis fyrir aðra þá, sem í húsinu leigja.

Á athafnasvæði Bifreiðaeftirlitsins er smáhýsi, þar sem skoðunarmenn geta leitað skjóts til þess að rita athugasemdir. Sjálf bifreiðaskoðunin er hins vegar enn í dag framkvæmd undir berum himni, hvernig sem viðrar. Í rigningartíð er framkvæmd skoðunarinnar því miklum erfiðleikum bundin, m. a. vegna þess, að skoðunarmenn verða sjálfir að setjast undir stýri bifreiðar og geta þá valdið skemmdum á ökumannssæti eða viðkvæmum innri búnaði bifreiðarinnar. Skrifstofa og afgreiðsla eftirlitsins er einnig mjög á eftir tímanum, bæði hvað snertir stærð og aðstöðu til þjónustu. Hafa að undanförnu myndazt langar biðraðir í afgreiðslu-

stofu og raunar utanhúss, áður en afgreiðslutími hefst. Er þörf á bættum aðbúnaði fyrir starfsfólk eftirlitsins og þá bíleigendur, sem leita þurfa þjónustu í Bifreiðaeftirlitinu, mjög rík, hvort heldur er í sambandi við skoðun eða ökumannapróf. Bygging skoðunarskála og afgreiðslu fyrir Bifreiðaeftirlitið að erlendri fyrirmynd mundi gerbreyta möguleikum til raunhæfs ökutækjaeftirlits hér í borginni og í nágrannaumdæmunum, sem eru innan 15—20 km vegalengdar frá nýbyggingunni og sama máli gegnir um próf ökumanna. Við nýjar aðstæður mætti gera þeim allt önnur og betri skil en nú er unnt.

Ef skoðun væri framkvæmd innanhúss, mætti dreifa henni yfir meginhluta ársins. Er þá unnt að kveðja bifreiðar til skoðunar eftir allt öðrum reglum og sjónarmiðum en nú er gert. Dreifing skoðunartímabilsins mundi einnig verða til þess, að vinna á bifreiðaverkstæðum dreifðist meira og minna jafnt á allt árið, en eins og nú standa sakir, er mjög erfitt að fá viðgerð á bifreiðum á vissum árstímum. Hún dreifðist meira og minna jafnt á árið, ef þessi aðstaða væri sköpuð.

Húsnæði það, sem Bifreiðaeftirlit ríkisins þarfnast, skiptist í skrifstofuhúsnæði og skoðunarskála. Áætlanir hafa verið um þetta gerðar. Skrifstofuhúsnæðið þarf að vera með venjulegum frágangi þess háttar húsnæðis og þarf a. m. k. nokkur hluti þess að vera staðsettur þannig í húsi, að þægilegt sé aðkomu fyrir almenning, helzt á jarðhæð eða á 1. hæð með góðum stigaþrepum. Skoðunarskálinn mætti vera stálgrindabygging eða annað ámóta húsnæði. Samkvæmt athugun, sem gerð hefur verið um húsnæðisþörf Bifreiðaeftirlitsins, mun láta nærri, að stærð bifreiðahúsnæðis þurfi að vera rúmlega 300 fermetrar. Eru þá meðtaldar kennslustofur, en ótalið rými fyrir snyrtiherbergi og ganga. Skoðunarskálinn þarf að vera a. m. k. 450—500 fermetrar, að því er álitið er, með þremur skoðunarrásum. Eðlileg afköst skoðunarstöðvar af framangreindri stærð með nýtízkubúnaði munu talin um 150 bifreiðar á dag. Má naumast reikna með minni afkastaþörf á skoðunarsvæði Reykjavíkur. Með því að dreifa skoðuninni á allt árið mundu þau afköst hins vegar nægja fyrst um sinn. 6 skoðunarmenn þyrftu að staðaldri að gegna starfi í skoðunarhúsinu, ef ná ætti framangreindum afköstum. Áður en bifreið er flutt inn á skoðunarrás, þarf skrifstofuvinnu í sambandi við skoðunina þó að vera lokið, þannig að skoðunarmaðurinn geri ekki annað en stimpla afgreiðsluseðil.

Búnaður sá, sem notaður er í skoðunarstöðvum, er hemlamælir, stýrismælingavélar, ljósmælingavélar og lyftingatæki eða gryfjur í gólfi, sem gera skoðunarmanni kleift að athuga undirvagn ökutækis eftir þörfum. Öll þessi tæki stuðla að því að gera skoðunina fullkomnari frá öryggissjónarmiði, en auka jafnframt afkastagetu og leiða til sparnaðar í starfsmannahaldi.

Undirbúningur að bættum búnaði til handa Bifreiðaeftirliti ríkisins hefur staðið yfir undanfarin ár. Hefur m. a. verið unnið að því að afla hæfilegrar lóðar fyrir stofnunina, en nauðsynlegt er að vanda það val bæði frá sjónarmiði rekstrarhagkvæmni og þeirrar þjónustu, sem henni er ætlað að gegna. Hafa borgaryfirvöld gefið fyrirheit um lóð fyrir Bifreiðaeftirlitið, sem er bæði hæfilega stór og hagkvæm hvað staðsetningu snertir. Er lóð þessi á Ártúnshöfða, 1.4 hektarar að stærð. Staðsetning lóðarinnar er hagkvæm frá umferðarlegu sjónarmiði, einkum fyrir þá, sem koma með bifreiðar til skoðunar, en síður að vísu fyrir borgarbúa, sem leita þurfa til Bifreiðaeftirlitsins í öðrum erindagerðum, t. d. í sambandi við próftökur eða umskráningar, en þó held ég, að það skipti litlu máli, þar sem hvort eð er verður ætíð um töluverðan akstur að ræða.

Það hafa verið gerðir hjá teiknistofu húsameistara ríkisins tillöguuppdrættir að skoðunarstöð fyrir Bifreiðaeftirlitið, sem samkvæmt kostnaðaráætlun í ágúst 1967 var talið, að mundi kosta um 13.6—14.6 millj. kr. að meðtöldu gatnagerðargjaldi og kostnaði við frágang lóðar. Svo sem af þessu má sjá, er um allmikla fjárfestingu að ræða í þessu sambandi, og fé í þessu skyni þyrfti að liggja fyrir, eftir því sem til framkvæmda kæmi. Af þessum ástæðum fór á síðasta ári fram athugun á því, hvort unnt væri að festa kaup á fasteign ásamt lóðarréttindum til afnota fyrir Bifreiðaeftirlitið, án þess að um mjög verulegar, beinar fjárgreiðslur yrði að ræða, og þá á ég við, að í kaupi þeirrar fasteignar hefði fylgt lánsfé, sem greiða hefði mátt á löngum tíma. Þessar athuganir voru mjög ýtarlegar og fóru fram skoðanir og mat á þeirri eign, sem til greina gat komið, en að athuguðu máli var þó fallið frá þessari hugmynd og ekki talið fært að ráðast í þessa aðgerð og þá kannske haft í huga, að þegar á allt væri litið, bæri að festa sig við framtíðarlausn á málinu, sem ég hef nokkuð vikið að.

Til þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir byggingu skoðunarstöðvarinnar hefur verið um það rætt að hækka skoðunargjald bifreiða, en það er nú 140 kr. á bifreið. En ég vil taka það fram, að fyrir nokkrum árum voru skoðunargjöld bifreiða hækkuð. Það var áður en ég kom í rn., og það vakti fyrir með þeim hækkunum, að tekjurnar af því gengju til að byggja nýja stöð fyrir Bifreiðaeftirlitið. En hins vegar hefur í framkvæmdinni orðið sá háttur á, að þetta hefur, eins og aðrar tekjur, runnið í gegnum ríkissjóðinn, sem svo einnig ber kostnaðinn af bifreiðaeftirlitinu, en ekki komið til beins hagræðis sem fjárfestingarfé og mundi sennilega tæpast gera það, þó að horfið yrði að svona ráði, nema öðruvísi væri um hnútana búið, og kannske þyrfti að setja um það sérstaka löggjöf. En tekjur af skoðunargjaldinu á árinu 1967 námu 5 millj. 376 þús. kr., og auk þess námu prófgjöld 960 þús. kr. og skráningargjöld 4 millj. 979 þús. kr., þannig að tekjur af þessum liðum, sem nátengdir eru starfsemi Bifreiðaeftirlitsins, námu alls 11 millj. 316 þús. kr., en rekstrargjöld Bifreiðaeftirlitsins

námu á sama ári 9 millj. 803 þús. kr. Í fjárl. yfirstandandi árs eru þessar tekjur áætlaðar samtals 13.7 millj. kr., en kostnaður við Bifreiðaeftirlitið 9 millj. 183 þús. kr. Af þessu mætti í raun og veru segja, að með skoðunargjaldinu, eins og það er, ætti þessi starfsemi út af fyrir sig að geta fengið fé, eins og raunverulega var til ætlazt, til sinnar uppbyggingarstarfsemi. Ég hef ekki gert sérstakar till. um það í sambandi við fjárlagafrv. það, sem nú hefur verið lagt fyrir þingið, en mér þótti rétt að víkja nokkuð almennt að þessu vandasama máli, sem fyrir liggur, og svara að nokkru leyti og þó ekki nema óbeint, hvað fyrirhugað sé til að bæta starfsaðstöðu Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Ég hef vikið að nokkrum tilteknum atvikum, lóðaútvegun, hugleiðingum og tilraunum til þess að kaupa lóð og fasteign o. s. frv., en það þýðir ekki, að það verði hjá því komizt að leita til þess Alþ., sem nú situr, um það að gera Bifreiðaeftirlitinu fært að hefja nauðsynlegar fjárfestingar eða byggingar á sinni lóð á næsta ári. Þess vegna þykir mér vænt um, að hv. fyrirspyrjandi hefur vakið athygli á því, hversu mikið vandamál er hér um að ræða, og mér þykir vænt um að hafa gefizt kostur á því að gera hispurslausa grein fyrir þessu mikla vandamáli. Ef að því kæmi, að það ætti að liggja fyrir mér að leita til þingsins um frekari fyrirgreiðslu í þessu máli, þá vildi ég mega vænta fulls skilnings hv. þm. á því, þegar það kemur til álita, en það er sem sagt ekki á dagskránni í dag og þarf frekari undirbúning, áður en ég mundi snúa mér til þingsins með það.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þennan mjög svo fróðlega fyrirlestur um starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins. Og það kom fram af hans ræðu, hygg ég, að ég hafi hvergi ofsagt um slæma aðstöðu þar, meira að segja vansagt í ýmsum atriðum, og sýnir það þá enn frekar en ég gerði grein fyrir, hver þörf er á úrbótum í þessu efni.

Það er vafalaust rétt, sem hæstv. ráðh. greindi frá, að starfsaðstaða bifreiðaeftirlits er víðar vandamál heldur en í Reykjavík, en ég gerði Bifreiðaeftirlitið í Reykjavík fyrst og fremst að umtalsefni, vegna þess að ég hygg, að starfsaðstaðan sé hvergi lakari en þar og tæpast með sanngirni hægt að ætlast til þess, að slíkar skoðunarstöðvar, sem hér hefur borið á góma, verði reistar fyrst um sinn a. m. k. annars staðar en hér, þar sem bifreiðafjöldinn er svo gífurlega mikill á okkar mælikvarða. Þar að auki hafði ég hugmynd um, að starfsaðstaðan utan Reykjavíkur hefði sums staðar a. m. k. verið nokkuð bætt. Þess vegna snerist mín ræða fyrst og fremst um aðstöðuna að Borgartúni 7.

Eins og hér hefur verið rakið, hefur starfsaðstaðan svo til ekkert batnað síðan 1947, en á þeim tíma hafa verkefnin margfaldazt, svo að það er ekki nema von, að hér þurfi aðgerða við, og ég tel víst, að hv. Alþ. undir forustu hæstv. dómsmrh. taki þetta mál til athugunar og geri þær ráðstafanir, sem að gagni mega koma, því að það er vitanlega ekki nóg að hafa lóð, þótt góð sé, og uppdrætti til að byggja eftir, ef fjármagnið vantar. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég tel það mjög vafasama hugmynd, sem aðeins skaut upp kollinum hjá hæstv. dómsmrh., að setja lög eða reglugerðir um það, að bifreiðaeigendur eigi að standa undir þeim talsverða byggingarkostnaði, sem hér er um að tefla. Hæstv. ráðh. gat þess, að fyrir nokkrum árum hefði skoðunargjaldið verið sérstaklega hækkað í þessu skyni, og ég hygg, að það sé nú alveg nægilega hátt. Við verðum að hafa í huga, að hér er um hluta af almennri löggæzlu að ræða, sem eðlilegt er, að hið opinbera geri kleift að halda uppi á sama hátt og svo margri annarri löggæzlu, sem fjárveitingar eru veittar til. Þess vegna tel ég mjög eðlilegt og tel víst, að hv. alþm. taki því vel, þegar nú á næstunni verður leitað eftir heimild Alþ. til fjárveitinga í þessu skyni, því að eins og ég hygg, að hér hafi komið fram og allir hv. alþm. geta kynnt sér frekar, ef þeim þykir við þurfa, þá er ástand þessara mála óhæft eins og það er.

Ég endurtek svo þakkir fyrir svörin.

4. Landhelgissektir.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til dómsmrh. um landhelgissektir [30. mál, 4] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Þessi fsp. mín á þskj. 30 til hæstv. dómsmrh., — þ. e. a. s. hve margir sektardómar vegna landhelgisbrota féllu á s. l. ári og hve margar sektanna hafa verið innheimtar, — þessi fsp. er fram borin vegna tilmæla ýmissa manna, sem við sjávarsíðuna búa í Vesturlandskjördæmi. Þessum mönnum og fólki yfirleitt þar um slóðir er farið að blöskra sleifarlagið á landhelgisgæzlunni. Hvar sem maður kemur, t. d. í sjávarplássin á Snæfellsnesi, eru manni sögð dæmi um hneyksli á hneyksli ofan í þessum efnum, og ástandið versnar stöðugt. Smábátamenn, sem skaka í dauðum sjó, þar sem áður var á vísan að róa, horfa stundum á það dögum saman, hvernig togbátar fara öllu sínu fram innan landhelginnar, og þá sjaldan að varðskip birtast, þá láta þau nægja að stjaka þessum bátaflotum rétt aðeins út fyrir línuna, eins og þegar sauðfé er stuggað úr túni, sigla að svo búnu sína leið og bátarnir að sjálfsögðu óðara komnir inn fyrir aftur. En það er eðlilegt,

segir fólk að vísu, það er eðlilegt, að varðskipsmenn séu alveg að gefast upp á að taka þessa landhelgisbrjóta. Þetta er hvort eð er ekki nema tilgangslaust umstang fyrir þá. Starf þeirra á þessu sviði er gert að helberum skrípaleik, vegna þess að dómum vegna landhelgisbrota er aldrei framfylgt, sektir aldrei innheimtar. Á Akranesi hafa menn það t. d. fyrir satt, að einn tiltekinn skipstjóri hér í Faxaflóanum hafi verið sektaður 13 sinnum, hvorki meira né minna en 13 sinnum á skömmum tíma, án þess að það væri innheimt ein einasta króna af öllu þessu sektarfé. En eftir 13. brot skilst manni, að manninum hafi verið stungið inn og haldið þar í 1—2 daga, síðan sleppt út aftur, svo að hann gat aftur farið út kvittur og klár til þess að hefja landhelgisbrot að nýju.

Nei, það er svo sannarlega engin furða, að landhelgisgæzlumenn séu farnir að þreytast á þessu, og skal þó viðurkennt, að stundum er tekið til hendinni og það svo um munar, eins og t. d. í gær, þegar teknir voru fyrir ólöglegar veiðar hvorki fleiri né færri en 14 bátar í einu. En það er líka athyglisvert í því sambandi, að ástæðan til þessara aðgerða virðist ekki hafa verið sú fyrst og fremst, að þarna væri um ólöglegar veiðar að ræða, heldur virðist yfirmaður rafmagnsmála í Vestmannaeyjum hafa óttast, að bátar þessir bókstaflega toguðu í sundur rafstreng, sem þarna liggur milli lands og Eyja, — já, og vatnsleiðslu líka. — Það virðist m. ö. o. hafa verið talin hætta á, að bátar þessir yllu svona svipuðum spjöllum og jarðýtur eru alltaf að valda uppi á þurru landi.

Ég geri mér að vísu ljóst, að dómsmrh. og þeir fulltrúar og gæzlumenn réttvísinnar, sem undir hann eru settir, telji sig geta talið fram sitt af hverju sér til málsbóta í þessum efnum. Þeir munu til að mynda geta vísað til þess, að hinar skefjalausu, ólöglegu veiðar innan landhelginnar séu afleiðing af því, að landhelgislöggjöfin taki ekki nógu mikið tillit til þarfa þeirra báta, sem hér eiga hlut að máli, lögin neyði þá bókstaflega til lögbrota, auk þess sem með sanni megi segja, að hinn ólöglega veiddi fiskur hafi á ýmsum stöðum orðið til þess að bæta úr slæmu atvinnuástandi og draga úr efnahagsörðugleikum fólks. Allt kann þetta að vera satt. En hvernig er þá komið siðferði þjóðar, opinberu siðferði hennar og siðferði einstaklinganna, ef atvinnumál og efnahagur heilla byggðarlaga á að miklu leyti að byggjast á lögbrotum? Víst er, að hvað sem öðru líður, verður sú löggjöf, sem skapar slíkt siðferði, að breytast. Ástand þessara mála verður að komast í það horf, að það verði okkur Íslendingum ekki lengur til skammar. En á þetta vildi ég einmitt leggja sérstaka áherzlu í sambandi við þessa fsp., þ. e. a. s. siðferðishliðina. Ég veit það af viðtölum mínum við menn, að þeir, sem telja sig hafa neyðzt til umræddra lögbrota, una ástandinu siðferðilega séð engu betur en aðrir og krefjast umbóta. Ég held, að segja megi, að ástand þetta sé farið að valda mjög svo útbreiddu samvizkubiti meðal sjómanna og annarra þeirra, sem hafa lífsafkomu sína af sjávarafla, og tilgangur minn með þessari fsp. var einnig sá að spyrja, hvort hæstv. dómsmrh. og hans menn eigi ekki einnig við svipað samvizkubit að stríða, og þá um leið, ef svo er, hvort hæstv. ráðh. telji ekki tíma til kominn að létta þessu samvizkubiti af sér og öðrum, sem hér eiga hlut að máli?

Svo má ekki heldur gleyma þeim sjómönnum, sem aldrei brjóta neitt af sér, þeim, sem fiska alltaf í fullu samræmi við lög og rétt, trillumönnum og öðrum sjómönnum á smábátum, sem eru að miklu leyti sviptir lífsafkomu sinni vegna þess, hversu landhelgisbrjótar spilla miðum þeirra. Það er einfaldlega verið að drepa okkur með þessu, sagði einn slíkur, sem ég ræddi við uppi á Akranesi ekki alls fyrir löngu. Við fáum ekki bein úr sjó, nema með því að róa út í Ballarhaf. Og það má vera mikið blítt og gott í tíðinni, ef við eigum að geta róið að staðaldri alla þá leið á þessum skeljum okkar. Og hann bað mig að skila því, þessi maður, fyrir sína hönd og félaga sinna, — skila því hingað í þingsalinn til hv. forráðamanna þjóðarinnar, hvort ekki væri meiningin að fara að framfylgja landhelgislöggjöfinni eða gera eitthvað, sem um munar í þessum efnum, ella ættu þeir, hann og hans félagar, ekki annarra kosta völ en hætta sjósókn með öllu.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi, hve margir sektardómar í landhelgisbrotum féllu á s. l. ári. Þeir munu vera nokkuð á annað hundrað.

Í öðru lagi er spurt, hve margar sektanna hafa verið innheimtar. Allar sektir, sem dæmdar hafa verið í brotum stóru skipanna, togaranna, hafa verið innheimtar, eins og venja er til, en innheimta sekta, sem dæmdar hafa verið í málum minni bátanna, hefur frestazt.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka svar hæstv. ráðh. Það var stutt og laggott, en þó það væri stutt, tel ég, að það hafi staðfest allt, sem ég sagði áðan í minni ræðu, því miður.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel, að hér sé um mun stærra og meira vandamál að ræða en svo, að því verði gerð nokkur skil í þeim stutta tíma, sem hér er til umráða fyrir þm. Ég vil þó aðeins nota mér þann rétt, sem þm. hafa í fsp.-tíma og aðeins koma inn á þetta mál.

Ég hygg, að það hljóti að hafa vakið nokkra eftirtekt, að því miður virða sjómenn þessi lög um bann gegn botnvörpuveiði mun minna en önnur lög. Ég hygg, að enginn muni halda því fram eða fyrir því séu nokkur rök, að sjómenn almennt séu ólöghlýðnari en aðrir borgarar landsins, ef þessi lög eru frá skilin. Fyrir þessu hlýtur því að vera einhver ástæða.

Ef við skoðum málið, eins og það raunverulega liggur fyrir, er ljóst, að útgerð hér á landi verður vart stunduð með nokkrum árangri, hvorki fyrir

sjómenn né útgerðarmenn, nema 3—4 mánuði yfir vetrartímann eða frá áramótum og til aprílmánaðar. Þá er spurningin: Hvað á að gera við flotann og hvaða atvinnu eiga sjómenn að stunda þá 8—9 mánuði, sem eftir eru af árinu? Ég tel mig það kunnugan þessum málum, að ég geti fullyrt, að á svæðunum a. m. k. frá Látrabjargi suður um að Eystra-Horni sé enginn grundvöllur á þessum tíma, — frá vori og fram að áramótum, — fyrir línuveiðar, netaveiðar eða handfæraveiðar. Spurning er því aðeins: Er um nokkrar aðrar veiðar að ræða, sem hægt er að stunda, þannig að þær gefi sjómönnum tekjur og útgerðarmönnum rekstrargrundvöll? Menn hafa freistazt til þess að nota atvinnutæki sín og sjómenn hafa freistazt til þess að skapa sér atvinnu við togveiðar, en skilyrði til togveiða, — það hefur sýnt sig bæði á þessum stað og annars staðar í landi, — eru ekki fyrir hendi nema rýmkað verði á þeim takmörkunum, sem lög um botnvörpuveiðar gera ráð fyrir. Því hefur á undanförnum allt að 10 árum verið hreyft á Alþ. eftir beiðni útgerðarmanna og sjómanna, að þessi lög yrðu tekin til endurskoðunar, en því miður hefur fram að þessu ekki náðst um það nein samstaða.

Hugsum okkur, að útgerð yrði á svæðinu hér á Suðurlandi allt frá Látrabjargi að Eystra-Horni lögð alveg niður. Það yrðu ekki einasta sjómenn, sem þetta kæmi ákaflega hart niður á. Það yrði ekki síður það fólk, sem byggir hin ýmsu sjávarpláss á þessu svæði. Það mundi koma harðast niður á því. Það yrði um hreinan atvinnusamdrátt að ræða og atvinnuleysi í flestum, ef ekki öllum sjávarþorpum landsins.

Ég tel, að þetta mál sé það alvarlegt, að hv. Alþ. verði nú þegar á yfirstandandi þingi að gera einhverjar ráðstafanir, annaðhvort hreinlega að banna þessar veiðar, — ganga eftir sektum og koma í veg fyrir, að lögin verði brotin, — eða þá, sem ég tel alveg sjálfsagt og eðlilegt, að lögin verði tekin til endurskoðunar og þau rýmkuð mjög. Ég tel ekki, hvorki vegna Alþ., ríkisvaldsins né sjómanna sjálfra, að það megi svo fram ganga, eins og verið hefur, að menn stundi þessar veiðar og brjóti lög meira og minna um land allt. Það er ekki einasta á þessu svæði, sem hér er um að ræða, á Suður- eða Suðvesturlandi. Þetta er orðið allt í kringum landið, að bátar eru teknir að ólöglegum veiðum. Við svo búið má ekki standa, hvorki Alþ., ríkisvalds eða sjómanna sjálfra vegna, og Alþ. verður nú þegar og þegar á þessu þingi að gera alveg upp við sig, hvort eigi að halda þessum veiðum áfram eftir þeim lögum, sem nú eru í gildi, sem þýðir alveg hreinlega, að þessar veiðar verða lagðar niður. En þá verða forsvarsmenn þjóðarinnar að finna annan rekstrargrundvöll fyrir þennan bátaflota. Ef hv. fyrirspyrjandi eða einhver annar hv. þm. gæti bent á aðra leið til þess að skapa rekstrargrundvöll fyrir þann bátaflota, sem nú er til í landinu, hygg ég, að allir yrðu mjög þakklátir. Hvorki útgerðarmenn né sjómenn, sem eru þessum málum kunnugastir, hafa komið auga á annan rekstrargrundvöll en fara úr línu- og netaveiðum á vetrarvertíð yfir í mestmegnis togveiðar að sumarlagi.

Það er mjög á það bent, að þetta skerði aðstöðu smærri báta. Ég efast ekki um, að það sé rétt, að það skerði að einhverju leyti aðstöðu hinna smærri báta, sem stunda sjó, bæði hér við Faxaflóa og víðar. En spurningin er: Verður atvinnulífi í sjávarþorpunum og verður þeim atvinnutækjum, sem þar eru þegar fyrir hendi, — verður þeim haldið gangandi með útgerð á trillubátum? Ég hygg, að það léti enginn sér detta í hug, að það væri fyrir hendi. Þess vegna verður að leysa þetta mál með mjög mikilli rýmkun á lögum um bann gegn botnvörpuveiði. Ég hygg, að það sé einasta leiðin til þess að komast út úr þessum vanda, sem hér er, og þeirri aðstöðu, sem allir aðilar eru þarna í, Alþ., ríkisvald og sjómenn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Á þessum fundi hefur með fsp. verið hreyft máli, sem mjög er umrætt í landinu. Ég minnist í því sambandi frétta, sem alveg nýlega kom í dagblöðunum í Reykjavík, um atvik, sem skeði norður við Þistilfjörð. Lögregluþjónninn á Þórshöfn, sem er aðeins einn, hafði gert Landhelgisgæzlunni aðvart um það, að bátur væri að ólöglegum veiðum þar inni í firði. Svo liðu, eftir því sem lögreglumaðurinn skýrði frá, 27 klst., þannig að ekki varð vart við, að Landhelgisgæzlan kæmi á vettvang. Þá fór lögreglumaðurinn af stað á trillu, tók bátinn og færði hann til hafnar, og það var viðurkennt, að brotið hefði verið framið. Ég minnist þess í sambandi við þetta mál, að undir lok síðasta Alþ. var ráðið, eftir að ýmsar till. höfðu fram komið í þingi, að sett yrði á laggirnar sérstök n. milli þinga til þess að rannsaka þessi mál og gera till. um hagnýtingu veiðisvæða innan fiskveiðilandhelginnar. Það vakti athygli mína, eftir að ég kom hingað suður til Reykjavíkur, og nokkra undrun, að það var ekki fyrr en í septembermánuði að ég ætla, sem þessi n. var skipuð eða jafnvel ekki fyrr en í okt., — það er upplýst hér, að það hefur verið 2. okt., sem n. var skipuð, og sýnist mér satt að segja hafa dregizt nokkuð lengi að framkvæma þennan vilja Alþ.

Hæstv. sjútvmrh. mun hafa þetta mál á sínum vegum og hefur skipað þessa n. Hann er ekki viðstaddur hér á fundi, svo að ég sjái, en ég vildi spyrjast fyrir um það hjá hæstv. dómsmrh., sem hér verður fyrir svörum í málinu, hvort honum sé kunnugt um það eða þá öðrum hæstv. ráðh., hvenær líklegt sé, að þessi n., sem var að vísu nokkuð seint skipuð, muni ljúka starfi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það var aðeins út af þessari síðustu spurningu hv. 1. þm. Norðurl. e., — hvort ég gæti nokkuð svarað til um það, hvenær n. sú, sem skipuð var í byrjun októbermánaðar og hann vék að, mundi ljúka störfum. Ég get því miður ekki veitt neinar upplýsingar um það, en ég vil auðvitað láta í ljósi mína skoðun á því, að ég tel það mikla og brýna nauðsyn,

að hún ljúki mjög fljótt störfum. Og þá vil ég árétta, vegna gagnrýni, sem komið hefur fram í blöðum á skipun þessarar n., að hún hefði átt að vera öðruvísi skipuð, — þ. á m. fulltrúum hinna eða þessara aðila, — að menn verða að átta sig á því, að viðkomandi aðilar hafa látið í ljósi sínar skoðanir og þeirra ályktanir liggja fyrir. Og þegar við höfðum rætt um þetta okkar í milli, sjútvmrh. og ég, var auðvitað tilgangurinn með fárra manna n., að hún hefði til meðferðar þau plögg, sem í þessum málum eru, og ályktanir stærri samtaka og viljayfirlýsingar úr einstökum héruðum og reyndi að fóta sig í samráði við þingflokkana á einhverjum niðurstöðum í þessu. Meira treysti ég mér ekki um þetta að segja, en ég vil minna á, að óformleg n. allra þingflokkanna eða fulltrúar frá öllum þingflokkunum voru starfandi hér lengst af á síðasta þingtíma til þess að reyna að vinna að niðurstöðu í þessu máli. Hvað á ég þá við með niðurstöðu í þessu máli? Það er endurskoðun eldri laga og nýjar reglur, sem væru þess eðlis, að hægt væri að framfylgja þeim og taka einnig tillit til fleiri sjónarmiða en koma fram í lögum frá 1921 um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi, því að sjónarmiðin eru náttúrlega gagnólík frá því sem var á þeim tíma, þegar þau lög voru sett.

Ég minni líka á, að í baráttu okkar fyrir víkkun landhelginnar byggðum við auðvitað á ýmsum rökum. En við drógum aldrei dul á þá röksemd, að við ættum landhelgina eða 12 mílna landhelgi og það hvíldi ekki aðeins skylda á okkur til þess, ef við vildum hafa hana fyrir okkur, að rányrkja hana ekki, heldur einnig að hagnýta hana til hagsbóta fyrir fólkið í landinu.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en ég vildi bara ekki láta undir höfuð leggjast að segja þessi fáu orð af þessari beinu fsp., en þetta er mál, sem ég tel, að að mörgu leyti gæti betur farið á, að við ræddum meira okkar á milli, og þá vil ég segja fulltrúar allra þingflokka, heldur en á opnum fundum, eins og hér eru, þó að auðvitað verði ekki hjá því komizt að svara fsp., sem beint er til manns.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég stend nú aðeins upp til að upplýsa, að þessi umrædda n., sem var nýlega skipuð í landhelgismálinu og gera á till. um nýtingu hennar og jafnvel að athuga, að ekki yrði stunduð ofveiði, hefur ekki tekið til starfa, en undirbúningur er hafinn, og munum við koma saman á morgun. Sú seinkun, sem hefur átt sér stað frá því að við fengum skipunarbréf, stafar einfaldlega af því, að þessir 5 þm. hafa ekki haft tíma til að mæta á fundi og jafnvel á morgun er einn þm. á nefndarfundi, en vegna góðvildar hans, af því að við hinir höfum tíma, mun hann sjá af nokkrum mínútum til að skipuleggja starfið.

Í erindisbréfi til okkar er svo mikið mál lagt fyrir okkur, að það er varla von á því, að lausn verði fundin mjög fljótlega. Hins vegar skeði það, að Sjómannasamband Íslands beitti sér fyrir ráðstefnu um landhelgismálið og nýtingu landhelginnar fyrir skömmu, og þar var sett á stofn önnur n., sem ég vænti, að við getum átt samstarf við og verði til þess að flýta fyrir niðurstöðum.

Allir vita, að um sjónarmið í landhelgismálinu og um nýtingu landhelginnar eru mjög mismunandi skoðanir, en við, sem vorum í vetur fylgjandi, að breytt yrði til um hagnýtingu á veiðum innan landhelginnar, hefðum auðvitað viljað, að tekin yrði fyrr ákvörðun um stofnun þessarar n., sem okkur var falið að starfa í, en svo varð ekki. Hins vegar væntum við þess, að menn láti ekki smáfordóma standa í veginum fyrir því, að við náum skynsamlegri niðurstöðu sem fyrst. Og ég ætla mér ekki þá dul og hinir nm. ekki heldur, að við reiknum með því, að fyrsta skref geti gilt í mörg ár, en sjálfsagt er að reyna að lagfæra hlutina og ná fram heppilegri lausn, því að við ætlum okkur að nýta landhelgina sem bezt.

5. Fjárfesting ríkisbankanna.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til ríkisstj. um fjárfestingu ríkisbankanna [30. mál, 1] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj. á þskj. 30 um fjárfestingu ríkisbankanna. Fsp. er í þremur liðum, og í fyrsta lagi spyr ég, hver fjárfesting ríkisbankanna, hvers um sig, hafi orðið frá og með 1960 til þessa tíma í byggingarlóðum, húsbyggingum, tækjum og búnaði bankahúsa, annars vegar á verðlagi hvers árs fyrir sig, hins vegar á núverandi verðlagi.

Í öðru lagi spyr ég, hversu mikill sé áætlaður kostnaður ríkisbankanna, hvers um sig, af þeim hluta yfirstandandi fjárfestingarframkvæmda, sem nú er ólokið.

Og í þriðja lagi spyr ég, hvort ráðgerðar séu einhverjar fjárfestingarframkvæmdir hjá ríkisbönkunum, og ef svo er, hverjar þær séu og hversu mikið þær muni kosta.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hér er um mjög umfangsmikla fsp. að ræða. Ef ég

ætti að svara henni út í æsar, eins og efni hennar og orðalag gefur tilefni til, mundi það eflaust taka mig 20—25 mínútur. En ég minnist þess, að fyrir örfáum dögum gagnrýndi hv. formaður þingflokks framsóknarmanna það, að óeðlilega miklum tíma væri eytt í fsp. og svör við þeim á hinu háa Alþ. Og ég er honum sammála um það, að æskilegra væri að komast af með minni tíma til þessara fsp. og svara við þeim en átt hefur sér stað á undanförnum þingum. Eina ráðið, til þess að ekki sé eytt óeðlilega miklum tíma í fsp. og svör við þeim, er, að ekki séu bornar fram fsp., sem krefjast mjög langs tíma til svara. Ég mun því freistast til að svara þessari spurningu nokkru stuttaralegar en orðalag hennar og efni gefur beinlínis tilefni til, en það er velkomið að láta hv. fyrirspyrjanda, sem og hverjum öðrum þm., sem þess óskar, í té allar þær upplýsingar, sem viðskmrn. hefur fengið frá ríkisbönkunum varðandi þetta mál, þannig að upplýsingar í einstökum atriðum geta legið fyrir öllum hv. þm., þó að ég eyði ekki tíma þeirra í að lesa þær nákvæmlega hér. En hjá því verður samt ekki komizt, að svar við svona mikilvægri og víðtækri fsp. taki nokkurn tíma.

Ég hef hér fyrir framan mig mjög ýtarleg svör frá ríkisbönkunum öllum við þessum fsp. Einum lið hefur þó enginn þeirra treyst sér til þess að svara með þeim fyrirvara, sem þeir hafa fengið til svaranna, þ. e. hverju fjárfesting bankanna hvers um sig á hverju einstöku ári frá 1960 til þessa tíma hafi numið í byggingarlóðum, húsbyggingum, tækjum og búnaði bankahúsa á núverandi verðlagi. Það væri mikið verk að framkvæma þessa útreikninga, og til þess hafa bankarnir ekki talið sig hafa tíma, enda vafasamt með ýmsum hætti, hvernig það verk ætti að vinnast. Þær tölur, sem ég mun nefna úr heimildum bankanna, eru því um verðlag hvers einstaks árs. Ég geng þá á bankana eftir röð.

Fyrst eru upplýsingar um fjárfestingu Seðlabankans. Frá 1960 hefur Seðlabankinn keypt fasteignirnar Lækjargötu 4 og Fríkirkjuveg 13 fyrir samtals 19 millj. kr. Verulegar endurbætur hafa farið fram og breytingar hafa farið fram á húseign Landsbankans, Edinborgarhúsi, sem Seðlabankinn hefur afnot af að verulegu leyti. Hefur Seðlabankinn fjárfest í afgreiðslu, geymslum og innréttingum fyrir samtals 4.8 millj. kr., en sú fjárfesting kemur Landsbankanum til góða, þegar Seðlabankinn flytur á burt úr húsinu. Til endurnýjunar og viðhalds skrifstofuáhöldum, þar með vélum, tækjum og húsbúnaði, hefur Seðlabankinn varið 5.3 millj. kr. frá 1960 til þessa. Um aðrar fjárfestingar í byggingarlóðum, húsum, tækjum og búnaði hefur ekki verið að ræða á tímabilinu. Fjárfestingarframkvæmdum í Edinborgarhúsinu af hálfu Seðlabankans er sem næst lokið og engar fjárfestingar á döfinni á næstunni.

Seðlabankinn hefur gert makaskiptasamning við Reykjavíkurborg um skipti á Lækjargötu 4 og Fríkirkjuvegi 11. Er hann bundinn því skilyrði, að almenningsgarður haldist óskertur og um húsbygginguna liggi fyrir lausn um útlit, stærð og staðsetningu hennar, sem byggingaryfirvöld samþykkja. Engin ákvörðun hefur verið tekin um, hvort og hvenær framkvæmdir hefjast. Þetta var um Seðlabankann.

Þá vík ég að Landsbanka Íslands. Ég hef hér fyrir mér yfirlit um allar fjárfestingar Landsbanka Íslands í lóðum, byggingum, öryggisbúnaði, vélum, tækjum og húsbúnaði á árunum 1960—1968. Landsbankinn hefur sundurliðað þessar fjárfestingar mjög rækilega og vandlega. Það mundi taka of mikinn tíma að gera grein fyrir því öllu, en ég endurtek, að þær upplýsingar eru til reiðu fyrir þá, sem áhuga kunna að hafa á þeim.

1960 nam þessi fjárfesting 7.1 millj. kr., 1961 4.7 millj., 1962 5 millj., 1963 0.3 millj., 1964 31.3 millj., og er þar langstærsta talan húseignin Hafnarstræti 10—12, 18 millj., og síðari áfangi byggingarinnar að Laugavegi 77, 9.5 millj., 1965 18.5 millj., og er þar langstærsta talan húseignin að Laugavegi 77, 11.1 millj., 1966 32.2 millj., og er þar enn langstærsta talan húseignin að Laugavegi 77, 16.8 millj., 1967 39.2 millj., og eru þar stærstu tölurnar viðbyggingin við Hafnarstræti 10—12, 8 millj., og enn Laugavegur 77, 8.6 millj., og að síðustu 1968 15.7 millj., og er þar stærsta talan viðbygging og endurbætur að Hafnarstræti 10—12, 6.1 millj. Á þessu öllu tímabili, 1960—1968, að báðum árum meðtöldum, hefur heildarfjárfestingin numið 154 millj. kr.

Í þessu yfirliti eru tilfærðar greiðslur eins og þær hafa verið á hverjum tíma. Á þessu tímabili hefur bankinn stofnað 12 útibú og afgreiðsluskrifstofur, þar af 8 utan Reykjavíkur. Þess ber ennfremur að geta, að nokkrar opinberar stofnanir hafa aðsetur í húsakynnum bankans, má þar t. d. nefna Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Húseignirnar Austurstræti 11 og Hafnarstræti 14 eða Ingólfshvoll eru sameign Landsbankans og Seðlabankans. Bankarnir hafa sameiginleg afnot af Austurstræti 11, en auk þess hefur Seðlabankinn veruleg afnot af Hafnarstræti 10—12, sem er eign Landsbankans.

Áætlaður kostnaður við að ljúka þeim fjárfestingarframkvæmdum, sem nú er unnið að hjá bankanum, nemur 4—5 millj. kr. Fyrirhugaðar fjárfestingarframkvæmdir, sem þegar er hafinn undirbúningur að, eru að endurbyggja Hafnarstræti 14, Ingólfshvol. Húsið tengir saman aðalbyggingu bankans og Hafnarstræti 12. Mikil eldhætta er talin stafa af húsinu, en það er að öllu leyti innréttað með timbri, stigar, loft og skilrúm. Af öryggisástæðum hefur húsið nú verið rýmt að mestu leyti. Þá býr útibúið á Akranesi við mjög þröng og ófullkomin húsakynni, og undirbúningur að byggingu þar er þegar hafinn. Ennfremur er ráðgert að byggja yfir útibúið í Grindavík í samvinnu við Póst og síma. Undirbúningur þessara framkvæmda er kominn á lokastig, en kostnaðaráætlanir liggja þó ekki fyrir.

Þá vík ég að Útvegsbanka Íslands, fyrst að aðalbankanum. Árið 1963 var hafizt handa um að

byggja ofan á hús Útvegsbankans, gamla Íslandsbankahúsið, sem byggt var árið 1905. Jafnframt var byggður viðbótarafgreiðslusalur bak við og gamla bankahúsinu breytt og það lagfært. Þetta var orðin aðkallandi nauðsyn, enda svo komið, að bankinn þurfti að hafa á leigu hæð í Hafnarhvoli fyrir starfsemi sína, sem fór ört vaxandi frá ári til árs en þar unnu um 30 manns. Er augljóst, að þetta var orðið óviðunandi ástand, ekki sízt fyrir viðskiptamenn bankans. Yfirlit yfir kostnað við byggingarframkvæmdir, kaup á vélum, húsbúnaði og öðrum tækjum frá 1963 til 30. sept. s. l., er eins og ég nú mun segja frá, en frá ársbyrjun 1960 til ársloka 1962 var enginn kostnaður hjá Útvegsbankanum vegna byggingarframkvæmda. Skýrsla hans tekur því aðeins til áranna 1963—1968. Þær upplýsingar eru þannig:

1963 9.7 millj., 1964 11.6 millj., 1965 16.3 millj., 1966 14.0 millj., 1967 10.0 millj. og 1968 250 þús. eða samtals 61. 9 millj. kr. Það ber að hafa í huga, að verulegur hluti þessarar fjárhæðar er viðhald og nauðsynlegar endurbætur á eldra húsnæði bankans og kaup á bókhaldsvélum, húsgögnum og öðrum tækjum. Lætur nærri, að í þetta hafi farið ⅓ hluti þessarar fjárhæðar, en ⅔ hlutar hennar í sjálfa nýbygginguna.

Þá vík ég að útibúunum og þá fyrst að útibúi í Reykjavík og Kópavogi. Á þessu ári fékk bankinn leyfi til þess að stofna útibú í Kópavogi og að Grensásvegi 12 í Reykjavík. Kópavogsútibúið var opnað í sumar, en Grensásútibúið verður opnað bráðlega. Bankinn telur stofnun þessara útibúa hafa verið orðna aðkallandi nauðsyn, enda hafði hann áður aðeins eitt útibú í Reykjavík, að Laugavegi 105, sem stofnað var 1956, en aðrir bankar komnir með útibú víðs vegar um borgina. Þessi útibú Útvegsbankans eru í leiguhúsnæði, en kostnaður við innréttingar og kaup á vélum og húsbúnaði hefur orðið sem hér segir: Á Laugavegi 105 2.3 millj., á Grensásvegi 12 0.9 millj. og á Álfhólsvegi 7 í Kópavogi 2 millj., eða samtals 5.2 millj. kr.

Þá kemur að útibúunum úti á landi. Útibúið á Akureyri hafði í fjölda ára starfað í ófullgerðu húsnæði, og var nú ekki lengur hægt að komast hjá að ljúka byggingunni, þótt útibúið sjálft hafi ekki haft þörf nema fyrir nokkurn hluta hennar, en hún kemur sér vel fyrir ýmsar aðrar opinberar stofnanir, t. d. eru skrifstofur bæjarfógetaembættisins á Akureyri og umboð Tryggingastofnunarinnar í húsnæði Útvegsbankans þar í bæ. Kostnaður við að fullgera bygginguna hefur orðið 7.4 millj. kr.

Þá telur bankinn útibúið á Ísafirði hafa þurft nauðsynlegra endurbóta við. Kostnaður við þær framkvæmdir hefur numið 3.6 millj. kr.

Útibúið í Keflavík var stofnað vegna eindreginna óska útgerðarmanna o. fl. þar 1963. Útibúið er í leiguhúsnæði, en kostnaður við innréttingar, vélar og húsbúnað hefur numið 2.2 millj. kr.

Útibúið á Seyðisfirði hefur um áratugi verið í gömlu timburhúsi og var óhjákvæmilegt að framkvæma lagfæringar á því og breytingar til hagræðingar. Kostnaður við það hefur orðið 3.2 millj. kr. á árunum 1964—1967.

Um útibúið í Vestmannaeyjum segir bankinn, að nauðsynlegt hafi verið að kaupa vélar fyrir bókhald útibúsins vegna aukinnar starfsemi, og hefur kostnaður við það orðið 0.4 millj. kr.

Bankinn vekur athygli á því, að í framangreindum kostnaðartölum séu verulegar fjárhæðir, sem beinlínis hafi gengið til viðhalds á húsnæði aðalbankans og útibúa hans og endurnýjunar á vélakosti. Framkvæmdum þeim, sem ég hef sagt frá, er að fullu lokið, nema rishæð aðalbankans, sem beðið verður með um sinn. Bankinn segir engar aðrar fjárfestingarframkvæmdir ráðnar á næstunni.

Að síðustu kem ég að Búnaðarbanka Íslands. I umsögn sinni bendir Búnaðarbankinn á, að það tímabil, sem hér er spurt um, hafi verið langörasta vaxtarskeið í sögu bankans bæði að því er snertir inn- og útlán, veltu og afgreiðslufjölda, og hafi bankinn þess vegna orðið að ráðast í margar, nauðsynlegar framkvæmdir til þess að mæta þessari öru þróun, einkanlega úti á landi, þar sem bankinn hefur tekið við rekstri fjölmargra sparisjóða og stofnsett útibú. Bankinn segir sparisjóðina ýmist hafa verið húsnæðislausa eða hafa búið við allsendis ófullnægjandi starfsskilyrði. Bankinn bendir á, að á þessum tæpum 9 árum, sem eftirfarandi tölur taka til, hafi heildarútlán bankans vaxið úr 317.5 millj. kr. um áramótin 1959—1960 í 1727 millj. kr. 31. ágúst 1968. Hafi útlánin sem sé vaxið um 1410 millj. kr. eða um 444%. Jafnframt hafi hundraðstala bankans í heildarútlánum ríkisbankanna aukizt úr 17.5% í 25.7% og heildarvelta bankans hækkað úr 15 milljörðum í 111 milljarða kr. En upplýsingar Búnaðarbankans um fjárfestingu hans eru þessar:

Útibúið á Akureyri var stofnað 1930, en til þess hefur verið varið 5.4 millj. kr. Til útibúsins á Egilsstöðum, stofnað 1960, hefur verið varið 2 millj. kr. Til útibúsins á Blönduósi, stofnsett 1963, hefur verið varið 1.8 millj. kr. Til útibúsins á Hellu, stofnað 1964, hefur verið varið 3.4 millj. kr. Til útibús á Sauðárkróki, stofnað 1964, hefur verið varið 11.4 millj. kr. Til útibús í Stykkishólmi, stofnað 1964, hefur verið varið 5.2 millj. kr. Til útibús í Búðardal, stofnað 1966, hefur verið varið 890 þús. kr. Til útibús í Hveragerði, stofnað 1967, hefur verið varið 3 millj. kr.

Um byggingar í þágu aðalbankans í Reykjavík er þetta að segja: Á árinu 1965 var svo komið, að afgreiðsluskilyrði í húsakynnum aðalbankans voru orðin ófullnægjandi, bæði fyrir starfsfólk og viðskiptamenn bankans. Var því gripið til þess ráðs á árinu 1966 að innrétta nýjan afgreiðslusal fyrir víxladeild, stofnlánasjóði og lánadeild á 2. hæð, sem þó reyndist vera bráðabirgðalausn, a. m. k. fyrir stofnlánadeild og lánadeild. Um sama leyti tók bankinn í notkun vélabókhald með IBM-skýrsluvélum fyrir víxladeild, stofnlánadeild og veðdeild á 3. hæð. Heildarkostnaður við þessar breytingar og aðrar á húsum bankans í Austur-

stræti og Hafnarstræti á síðustu 9 árum hefur orðið 3.2 millj. kr. Þær lagfæringar, sem gerðar hafa verið, nægja þó hvergi nærri að dómi bankans, þar sem ýmsar deildir eru enn á hrakhólum við óviðunandi vinnuskilyrði, aðallega lánadeild, verðbréfadeild, innheimtudeild og afurðalánadeild. Hér við bætist svo, segir bankinn, að Austurbæjarútibú, sem er stærsta útibú bankans í Reykjavík eða svipað og stærstu sparisjóðir utan Reykjavíkur, með tæplega 200 millj. kr. innstæðu, býr nú við þröngan húsakost hjá Tryggingastofnun ríkisins að Laugavegi 114 og leigutími senn á enda. Til þess að leysa húsnæðismál þessarar deildar var hafizt handa um nýbyggingu við Hlemm í Reykjavík, að Laugavegi 120, og keypti bankinn í því skyni tvær lóðir á þessu svæði, sem endurseldar hafa verið Reykjavíkurborg, jafnframt því sem borgin rýmdi og leigði bankanum nauðsynlegar lóðir til viðbótar. Í húsið er áformað að flytja fyrst og fremst Austurbæjarútibú og síðan Stofnlánadeild landbúnaðarins, veðdeild Búnaðarbankans, landnámsstjóra og Landnám ríkisins, Teiknistofu landbúnaðarins, lánadeild og e. t. v. fleiri deildir, eftir því sem nauðsyn krefur. Ennfremur verður nú loks flutt á einn stað allt skjalasafn bankans, sem margfaldazt hefur á síðustu árum og dreift hefur verið í geymslur víðs vegar í borginni sökum vöntunar á húsnæði. A. m. k. hluti hússins verður fullbúinn á næsta ári, og tekur bankinn þá strax til afnota kjallara og tvær til þrjár hæðir, en 4. hæðin verður leigð út, unz hennar gerist þörf. Til byggingarinnar hafði verið ráðstafað hinn 24. okt. s. l. 19.3 millj. kr. Loks hefur Miðbæjarútibú nýlega skipt um húsnæði innan hússins nr. 3 við Laugaveg, sem er gamalt hús og krafðist töluverðra breytinga og viðgerða. Heildarkostnaður nam 1.2 millj. kr., en Miðbæjarútibú er annað stærsta útibú bankans í Reykjavík.

Niðurstaðan er sú, að heildarfjárfesting bankans í fasteignum, breytingum og lagfæringum á síðustu 9 árum nemur samtals 57 millj. kr. Á þessu tímabili hafa tekið til starfa 7 ný útibú úti á landi, sem öll eru orðin föst í sessi og hafa þegar sannað tilverurétt sinn og nytsemi fyrir allt atvinnulíf hvert í sínu héraði.

Fjárfesting Búnaðarbankans í tækjum og búnaði, sem færð er á innanstokksmuni í reikningum bankans, er ekki sundurliðuð sérstaklega, en hefur numið á umræddu tímabili í aðalbanka og öllum 13 útibúum bankans 13.3 millj. kr., sem bætist við fyrrgreinda tölu. Um fyrirhugaðar framkvæmdir, segir bankinn, að engar nýjar framkvæmdir séu í undirbúningi, eins og sakir standa.

Að síðustu vildi ég svo láta þess getið, að samanburður hefur verið gerður að gefnu þessu tilefni og öðrum á tölu banka og bankaútibúa í Danmörku og á Íslandi og tala banka og bankaútibúa borin saman við tölu íbúa í þessum tveim löndum. Niðurstaða þeirrar athugunar er sú, að í Danmörku voru í árslok 1967 starfandi 121 viðskiptabanki með 1800 útibúum. Íbúar á hvern banka í Danmörku voru því samtals 2473, miðað við tölu banka og bankaútibúa 1921. Á Íslandi voru hliðstæðar tölur þessar: Það voru í árslok 1967 starfandi 6 viðskiptabankar með 47 útibúum eða samtals 53 bankar. Íbúar á hvern banka á Íslandi voru því 3774 eða um 1300 einstaklingum fleiri en koma á hvern banka og bankaútibú í Danmörku.

Fyrirspyrjandi (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. bankamálarh. fyrir þessar upplýsingar, sem voru allmiklar að vöxtunum, en nokkuð á annan veg og ekki eins fullkomnar og ég hafði vænzt. Ég t. d. harma, að bankarnir sáu sér ekki fært að skýra frá kostnaði fjárfestingarframkvæmda sinna á núverandi verðlagi, því að mér hefur sýnzt, að flestar peningastofnanir og aðrar stofnanir í landinu eigi ósköp auðvelt með að birta skýrslur um eitt og annað, sem hafi kostað þetta og þetta á liðnum árum og breyta því í núverandi verðlag. En þarna hefur eitthvað reynzt örðugra við að fást. Til þess að menn geti gert sér nægjanlega grein fyrir þessum fjárfestingarframkvæmdum, hefði verið gleggst að fá þetta á verðlagi núverandi árs. Það kann að vera, að einhverjir geti breytt þessu hjá sér, en það er ekki eins öruggt og að fá það frá fyrstu hendi.

Hæstv. ráðh. kvartaði eiginlega undan því, að það væri mikið innifalið í þessari einu fsp., — það væri ekki hlaupið að því að svara þessu öllu á stuttum tíma. Ég hef ekki orðið þess var hingað til, að hæstv. ráðh. hafi haft neitt stuttan tíma til þess að svara. Ég varaði mig ekkert á því, að ráðh. ætluðu nú að fara að stytta mál sitt í svörum. En ég skal ekki finna frekar að því. Mér fannst þetta vera þó nokkuð, sem hér birtist, en ég sé ekki nokkra ástæðu til þess eða réttara sagt nokkra möguleika til þess á mínum 5 mínútna ræðutíma að fara að ræða þetta mikla efni núna, sem hér hefur komið fram, jafnvel þó að manni renni nú eiginlega til rifja, hvernig hefur verið komið fyrir aumingja bönkunum um húsnæði fyrir 8—9 árum. Það er ekki annað að sjá en þeir hafi eiginlega verið á götunni. Það er virðingarvert að skýra rækilega frá því, hversu mikil þörfin hefur verið, en það kom ekki við minni fsp. Ég var ekkert að spyrja um það, heldur aðeins hversu miklu fjármagni hefði verið varið í þessar framkvæmdir bankanna á undanförnum árum.

Þá drap hæstv. ráðh. á það, hvað væru margir bankar í Danmörku. Það held ég, að komi ekki mikið þessu máli við. Við höfum nokkuð marga banka, — við höfum sjálfsagt ekki kannske ýkjamarga banka á við hinar og þessar aðrar þjóðir, en hvort við eigum að hafa þá eins marga tiltölulega og aðrar þjóðir er allt annað mál og liggur ekkert fyrir um það hér. Maður má ekki alltaf fara eftir höfðatölunni, ekki einu sinni á þennan veginn, en ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh. og hef hugsað mér að athuga betur þetta mál í ræðu hans, þegar hún kemur á lestrarsal.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. gaf hér upplýsingar um heildarfjárfestingu Landsbankans á undangengnum 8 árum. Sömuleiðis skildist mér hann nefna heildartölu hjá Búnaðarbankanum, en hins vegar var þetta mikið sundurslitið að því er varðaði Útvegsbankann. Þar taldi hann fyrst aðalbankann í Reykjavík og síðan útibú hingað og þangað, en ég vildi óska eftir að fá heildartöluna hjá Útvegsbankanum, eins og hjá hinum bönkunum, ef hæstv. ráðh. vildi gera svo vel og nefna hana.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég bauð öllum hv. þm. að fá beinan aðgang að öllum þessum upplýsingum, og það er velkomið fyrir síðasta hv. ræðumann, þegar hann óskar þess.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Þessi skýrsla, sem hæstv. viðskmrh. gaf, var fróðleg, en hann situr samt inni með meiri fróðleik, því að hann sagði, að í þessari skýrslu og á þessum blöðum, sem hann hefði hjá sér, væru miklu fleiri tölur og meiri fróðleik að finna. Ég vil þess vegna mælast til þess við hæstv. ráðh., að hann láti fjölrita alla þessa skýrslu, eins og hún kemur fyrir og í heild sinni og útbýti henni til þm. Þm. eiga fullan rétt á því að fá í hendur þessa skýrslu með öllum þeim tölum. Þetta er málefni, sem alla varðar og ekki aðeins þm., heldur þjóðina alla. Hér eru ekki á ferðinni nein leyndarmál.

Ég dreg ekki í efa, að hér sé í mörgum tilfellum og sjálfsagt flestum, eins og hæstv. ráðh. lét liggja að, um nauðsynlegar framkvæmdir að ræða. En það er sjálfsagt, að allir fái að fylgjast með því, sem gerist í þessum efnum, og augu manna beinast ekki hvað sízt að bönkunum á þessu sviði, þegar um fjárfestingar er að tefla. Og þess vegna vænti ég, að hæstv. ráðh. verði við því að útbýta skýrslunni í heild til þm. Sá háttur hefur áður verið á hafður, þegar um margar tölur er að tefla, og það er auðvitað ógerningur að átta sig til hlítar á slíkum talnalestri, þegar hann er lesinn upp af skyndingu og jafnvel getur orðið misgáningur með tölur.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég er tvívegis búinn að bjóða hv. fyrirspyrjanda og öllum hv. þm. frjálsan aðgang að þeim plöggum, sem ég hef undir höndum í tilefni af þessari fsp., en nú kemur fram ósk um það af hálfu formanns Framsfl., að þessi skjöl verði fjölrituð og þeim útbýtt meðal þm. Ég tel sjálfsagt að verða við þeirri ósk.

6. Skólarannsóknir.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til menntmrh. um skólarannsóknir [30. mál, 5] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þar sem fyrirspyrjandi að þessum dagskrárlið, Jónas Árnason alþm., hefur vikið af Alþ. um tíma, vil ég fyrir hans hönd óska eftir því, að hæstv. ráðh. svari þessari fsp. hans, sem hér liggur fyrir um skólarannsóknir, en fsp. er á þessa leið:

„Hverjar hafa orðið niðurstöður skólarannsókna varðandi aðstöðumun fólks í dreifbýli annars vegar og þéttbýli hins vegar til að tryggja börnum sínum: a) skyldufræðslu, b) eðlilega hlutdeild í framhaldsmenntun?“

Ég vænti þess, að þessar fsp. skýri sig í rauninni sjálfar og séu svo glöggar, að hæstv. ráðh. geti svarað þeim hér, án þess að um þær séu höfð fleiri orð frá minni hálfu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar gerð var starfsáætlun um starfsemi skólarannsókna fyrir árið 1968, þ. e. a. s. yfirstandandi ár, í árslok 1967, var gert ráð fyrir því að taka upp nýja liði í starfi skólarannsókna á þessu ári, og var það orðað svo m. a. í starfsáætlun forstöðumanns skólarannsóknanna:

„Hafin verði athugun á ýmsum þáttum skólahalds í dreifbýli og er í ráði að vinna að þeirri rannsókn í samvinnu við n. þá, sem starfar nú að menntaáætlun á vegum Efnahagsstofnunarinnar og fleiri stofnana með styrk frá Efnahagssamvinnustofnuninni í París. Athugun þessi verður væntanlega tvíþætt:

Í fyrsta lagi, að rituð verði skýrsla um tilhögun dreifbýliskennslu í nokkrum nágrannalöndum. Hefur þegar verið safnað heimildum, sem verða lagðar til grundvallar skýrslunni.

Í öðru lagi, að gerð verði áætlun um tilraun, sem miða skal að því að bera saman sérstakar, ólíkar leiðir til þess að leysa skólavandræði í dreifbýli. Verður væntanlega reynt að hefja tilraun þessa þegar á árinu 1968.“

Störf skólarannsókna urðu hins vegar á þessu ári með nokkuð öðrum hætti en gert var ráð fyrir sökum annarra verkefna, sem talin voru enn brýnni en þetta, og á ég þar fyrst og fremst við tvö stór verkefni, sem unnið hefur verið að og fullunnin hafa verið á þessu ári, þ. e. a. s. annars vegar samræmingu gagnfræðaprófs, sem hefur haft í för með sér og mun hafa í för með sér gerbreytingu á gildi og þýðingu þess prófs í íslenzku skólakerfi, og svo hins vegar þeim breytingum á landsprófi, sem tekin var ákvörðun um, áður en skólastarf hófst á s. l. hausti, og munu koma til framkvæmda á komandi vori, en í kjölfar þeirra mun einnig verða um að ræða gagngerðar breytingar á landsprófinu frá því, sem verið hefur um alllangt skeið.

Þessar tvennar athuganir, þ. e. a. s. annars vegar

breytingar á gagnfræðaprófinu og hins vegar breytingin á landsprófinu, tóku svo mikinn hluta af tíma forstöðumanns skólarannsókna og aðstoðarmanna hans, að því miður hefur enn mjög lítið verið unnið að þessu verkefni, sem ég þó fúslega játa, að er mjög mikilvægt og mun verða á starfsáætlun skólarannsókna á næsta ári. Ég geri mér ákveðna von um, að því verði hægt að sinna af fullri alvöru þá, bæði vegna þess að þessum tveim stórverkefnum er lokið og svo vegna hins, sem er ánægja að geta skýrt frá hér, ef menn hafa ekki þegar veitt því athygli í sambandi við fjárlagafrv., sem fyrir liggur, að ákveðið hefur verið að fjölga starfsmönnum skólarannsókna um fullgildan sérfræðing um næstu áramót, þannig að starfslið þeirra mun verða meira á næsta ári en það hefur verið til þessa. Geri ég því ráð fyrir og treysti því fastlega, að af því geti orðið, að þetta mikilvæga verkefni fái fullnægjandi athugun á næsta ári.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. En í tilefni af því, sem hann sagði, vil ég láta koma fram, að ég tel fyrir mitt leyti, að þau efni, sem spurt var sérstaklega um í þessu tilefni varðandi skólarannsóknir, þ. e. a. s. um ástandið varðandi skyldufræðsluna og eins um hlutdeild í framhaldsmenntun eða aðstöðu unglinga til þess að taka þátt í framhaldsmenntun, — að þar sé um svo mikilvæg atriði að ræða, eins og hæstv. ráðh. sagði einnig að væri sitt álit, að það beri að leggja mjög þunga áherzlu á, að þessi athugun geti farið fram og niðurstöður hennar liggi fyrir sem allra fyrst. — Ég sem sagt vænti þess, að á þetta verði lögð áherzla, en þakka svo hæstv. ráðh. fyrir svör hans.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það kom greinilega fram í svari hæstv. ráðh., að hægt miðar í skólarannsóknunum, og ég verð að segja fyrir mína parta, að það er mjög illt til þess að vita, að einmitt sá þátturinn, sem hér hefur verið gerður að umræðuefni, skuli hafa verið látinn mæta afgangi. Ég efast ekkert um, að sá þáttur skólarannsóknanna, sem sérstaklega hefur verið látinn hafa framgang á þessu ári og jafnvel látinn ryðja til hliðar ákveðinni áætlun, sem gerð hafði verið um skólarannsóknir á þessu ári, — ég efast ekki um, að þar er um mikilvægt atriði að ræða. En ég vil benda á það, sem ég raunar gerði fyrir nokkrum dögum hér á hv. Alþ., að það, sem er hvað brýnast og alvarlegast í okkar fræðslumálum, er einmitt, hve mikill mismunur er á í fræðslumálunum, hvað t. d. dreifbýlið er aftur úr í sambandi við skólabyggingar og framkvæmd skólaskyldunnar. Þetta er atriði, sem hefur verið vanrækt stórlega mörg undanfarandi ár.

Eins og þetta mál var upphaflega byggt upp í fræðslulögunum frá 1946, var hugmyndin að koma á jafnri skólaskyldu og jafna allan aðstöðumun í skólamálum á einum 6—7 árum. Þessu átti sem sagt að vera lokið fyrir u. þ. b. 15 árum. En því er ekki lokið enn, og það er greinilegt, að þetta mál er enn haft í undandrætti. Þetta tel ég ástæðu til að átelja og það er vonandi, að betur verði að þessu staðið eftirleiðis.

7. Fjárveitingar til vísindarannsókna.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til menntmrh. um fjárveitingar til vísindarannsókna [30. mál, 6] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Að undanförnu hefur mikið verið rætt um nauðsyn þess að efla iðnaðarþróun á Íslandi. Menn hafa bent á þá staðreynd, að á næstu áratugum muni verða næsta mikil aukning á vinnufæru fólki hér á landi og þær atvinnugreinar, sem þurfi fyrst og fremst að taka við þessari fólksfjölgun, séu iðnaður og þjónustustörf. En það er ekkert einfalt verkefni að breyta atvinnuháttum frá hráefnisframleiðslu, eins og við höfum aðallega iðkað, yfir til iðnaðarframleiðslu. Til þess þarf mjög fjölþættar aðgerðir. Þar er ekki aðeins um að ræða fjármagn og nýjar verksmiðjur, heldur og breytingar á skólakerfinu.

Verkmenning er forsenda iðnvæðingar. En ein meginforsendan fyrir aukinni verkmenningu og allri iðnaðarþróun er vísindarannsóknir og tilraunir. Þar er sjálfur vaxtarbroddurinn. Reynslan hefur orðið sú hjá iðnaðarþjóðum umhverfis okkur, að framlög til slíkra verkefna hafa aukizt ákaflega ört að undanförnu, og það hefur komið í ljós, að þær fjárveitingar hafa skilað sér aftur í mjög aukinni framleiðslu og í auknum þjóðfélagslegum arði. Sé okkur alvara með að reyna að hefja raunverulega iðnaðarþróun á Íslandi, er engum vafa undirorpið, að við verðum að leggja stóraukna áherzlu á vísindarannsóknir og tilraunir hér á landi. Þetta er ástæðan fyrir því, að ég hef leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. um það, hvernig við erum á vegi staddir í þessu efni, eins og nú standa sakir, og ennfremur um það, hver séu áform ríkisstj. um að auka þessa starfsemi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Rannsóknaráð ríkisins hefur safnað gögnum um

fjármagn til rannsókna og tilrauna á árunum 1965 og 1966 og hefur þá í því sambandi fylgt leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París um söfnun og úrvinnslu slíkra gagna, og er hægt að gera samanburð á fjárveitingum til þessara mála hér og í öðrum aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, ef miðað er við þennan samanburðargrundvöll.

Niðurstaða þessarar gagnasöfnunar Rannsóknaráðs ríkisins er sú, að sé fylgt leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar um það, hvað telja skuli fjármagn til rannsókna og tilrauna í þessu sambandi, þá verður niðurstaðan sú, að heildarframlög á Íslandi til rannsókna og tilrauna urðu 1965 73.9 millj. kr. eða 0.36% af þjóðarframleiðslunni, 1966 urðu framlögin 90.3 millj. kr. eða 0.33% af þjóðarframleiðslunni. Áður hafði verið gerð athugun af Rannsóknaráðinu á þróun rannsókna og tilrauna á Íslandi 1950—1960 og var samsvarandi hlutfallstala árið 1958 0.31%. Hins vegar er þess að geta, að samanburður milli landa, þar sem aðstæður eru mjög ólíkar í þessum efnum, getur að ýmsu leyti verið mjög varhugaverður. Um er að ræða margs konar starfsemi í mörgum löndum, sem er náskyld þeirri starfsemi, sem Efnahags- og framfarastofnunin hefur kosið að miða við í sínum tölum um þetta efni. Starfsemi, sem fram fer hér á landi og varið er miklu fé til af eðlilegum ástæðum vegna atvinnuhátta Íslendinga, er t. d. fiskileit, gæðaeftirlit með fiski og fiskmat og auk þess þjónustustarfsemi rannsóknastofnananna. Ef framlög til þessarar starfsemi, þ. e. a. s. fiskileitar, gæðaeftirlits og fiskmats og þjónustustarfsemi rannsóknastofnananna er tekin með, verða tölurnar fyrir 1965 102.6 millj. kr. eða 0.5% af þjóðarframleiðslunni, en 1966 127.0 millj. kr. eða 0.53%. Langstærsti liðurinn af starfsemi, sem talin er náskyld rannsóknastarfseminni, er fiskileitin, en 30% af þeim kostnaði er talin raunveruleg rannsóknastarfsemi. Á fjárl. fyrir árin 1965—1966 var varið rúmlega 18 millj. kr. til fiskileitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna. Samanburðartölur fyrir önnur lönd Efnahags- og framfarastofnunarinnar eru þessar:

Austurríki, — þetta eru ýmist tölur fyrir 1963 eða 1964, ég er ekki viss, um hvort árið er að ræða, ég hygg, að það skipti ekki verulegu máli í samanburði, — Austurríki 0.3%, Belgía 1.0%, Kanada 1.1%, Frakkland 1.6%, Vestur-Þýzkaland 1.4%, Grikkland 0.2%, Írland 0.5%, Ítalía 0.6%, Japan 1.4%, Holland 1.9%, Noregur 0.7%, Portúgal 0.2%, Spánn 0.2%, Svíþjóð 1.5%, Tyrkland 0.4%, Bretland 2.3% og Bandaríkin langhæst með 3.3%.

Um þessar tölur og hugsanlegan samanburð á þeim vildi ég segja í framhaldi af mjög víðtækri rannsókn, sem Efnahags- og framfarastofnunin gerði á framlagi aðildarríkjanna til rannsóknastarfsemi og tilrauna hvers konar, að mjög vafasamt er talið að meta hagnýtt gildi rannsókna og tilrauna í hverju landi um sig á grundvelli fjárframlaganna einna saman eða þá hlutfallstölu fjárframlaganna af þjóðartekjum. Þessi víðtæka rannsókn, sem gerð var og gefin hefur verið út ýtarleg bók um, virtist ótvírætt benda til þess, að framlög til rannsókna og tilrauna hagnýttust með mjög misjöfnum hætti í hinum ýmsu löndum, eftir því hvernig til þeirra væri efnt og hvernig skilyrði væru til úrvinnslu á niðurstöðum rannsóknanna. Heildarniðurstaðan virtist vera sú, að í raun og veru hefðu t. d. Bandaríkin tiltölulega miklu meira upp úr rannsóknastarfsemi hjá sér en svaraði til þeirrar prósenttölu af þjóðartekjum, sem til rannsóknanna væri varið, og er þó sú tala langhæst allra aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Er ástæðan til þess talin vera sú, að rannsóknastarfsemi fari sumpart fram á vegum þaulskipulagðra stofnana, sem hafi komið á hjá sér föstum og skipulögðum vinnubrögðum og svo annars vegar á vegum rannsóknastofnana stórfyrirtækja, sem hið sama megi segja um, að rannsóknir séu gerðar með mjög skipulegum hætti og tafarlaus úrvinnsla þeirra tryggð. Hið sama virtist aftur á móti ekki verða niðurstaðan um rannsóknastarfsemi Evrópulandanna, einkum og sér í lagi ekki hinna smærri, þannig að gildi rannsókna fyrir þessi lönd sé í raun og veru ennþá minna en til þess svarar, sem hlutfallstalan af þjóðartekjum er minni en hlutfallstala stórríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands. Þetta vekur sérstaka athygli á því, hvers konar vandi smáríkjum er á hendi í þessum efnum, bæði að efna til rannsókna í nægilega stórum stíl og svo hins vegar að sjá til þess, að niðurstaða rannsóknanna sé hagnýtt með skynsamlegum hætti.

Þetta er sérstaklega athyglisvert fyrir okkur hér á Íslandi, sem ekki er aðeins langsmæsta ríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða hins iðnvædda heims, heldur eru hér einnig allir hlutir í þessum efnum á algeru bernskustigi. Við höfum ekki þá reynslu og þekkingu, þá arfleifð að baki, sem stórar og háþróaðar iðnaðarþjóðir, eins og t. d. Bandaríkin og Bretland, hafa í þessum efnum. Ég segi þetta ekki til skýringar á því, að Íslendingar eru, hvort sem við miðum við framfaraskilgreininguna, 0.36—0.38%, eða víðtækari skilgreininguna, þar sem hlutfallið er 0.5—0.53, — ekki til skýringar á því, að í þessum efnum erum við Íslendingar enn í tölu þeirra þjóða, sem verja tiltölulega litlum hluta af sínum þjóðartekjum til vísindarannsókna, heldur er það að vissu leyti eðlilegt sökum fámennis landsins og sökum stutts þróunartíma á þessu sviði og svo sökum hins, sem skiptir mestu máli, að hér verja fyrirtæki næstum engu til rannsóknastarfsemi, en það eru fyrirtækin, sem standa undir rannsóknastarfseminni að verulegu leyti hjá stóru iðnaðarþjóðunum og þjóðum, sem eru miðlungi stórar. En eftir því, sem ríkið minnkar, kemur í ljós, að hlutfall rannsókna fyrirtækja í heildarrannsóknastarfinu verður minna og minna, og þess vegna er auðvitað hætt við því, að hlutfallstölurnar fyrir lítil ríki minnki mjög verulega.

Næstum öll sú rannsóknastarfsemi, sem hér er um að ræða og var á árinu 1966, sumpart 90 milljónir, ef við miðum við fyrri töluna, eða 127 millj., miðað við síðari töluna, er næstum öll greidd af hinu opinbera, og ég hygg, að ef opinber framlög til rannsóknastarfsemi hér á landi eru borin saman við opinber framlög til rannsókna í öðrum minni ríkjum, sé ekki verulegur munur á hlutfallstölunni, jafnvel að hún sé hærri hér á landi.

Ég bendi ekki á þessar staðreyndir til skýringar á því, hver hlutfallstalan er í hlutfalli við annað, — það á sér margar og margvíslegar skýringar, — heldur til þess að vekja athygli á hinu, að að mínu viti er aðalatriðið í þessum málum kannske ekki að auka fjármagn til rannsóknanna, þó að ég sé hv. fyrirspyrjanda algerlega sammála um, að það er mjög mikilvægt og það hlýtur að verða forsenda frekari iðnvæðingar á Íslandi, að auknu fé sé varið til rannsókna og tilraunastarfsemi. Nei, ég bendi á þessar staðreyndir til þess að vekja athygli á því, að það, sem kannske fyrst og fremst er þörf á í þessum efnum hér á landi, er að móta skynsamlega stefnu í rannsóknamálunum. Það er að móta skynsamlega vísindastefnu á þessu sviði. Það er að marka rannsóknastofnunum og rannsóknamönnunum skynsamleg verkefni, sem líklegt er að komi að hagnýtu gagni og hafi hagnýtt gildi fyrir íslenzka atvinnuvegi. Í þeim efnum hefur því miður gengið á ýmsu, og það er ástæðulaust að draga nokkra dul á það, að meðal íslenzkra vísindamanna, meðal íslenzkra rannsóknamanna eru mjög skiptar skoðanir um þetta efni. T. d. hafa verið mjög skiptar skoðanir annars vegar á milli Rannsóknaráðs ríkisins og framkvæmdanefndar þess og einstakra rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna hins vegar. Meðan þessi mál öll eru jafnskammt á veg komin og þau eru hér á landi og þar hygg ég að sé við engan aðila að sakast, — það leiðir af æsku landsins og æsku íslenzkra atvinnuvega, að ég ekki tali um æsku íslenzkra rannsóknamála, — meðan þessi mál eru þannig í pottinn búin, tel ég mjög hæpið, að stóraukið fé til rannsókna geti borið þann árangur, sem það þyrfti að bera. Þess vegna er það meginverkefnið núna að mynda skynsamlega stefnu í íslenzkum rannsóknamálum. Þegar hún er fyrir hendi, efast ég ekki um, að stjórnvöld, hver svo sem þau eru hverju sinni, sjái gildi þess að auka fjárveitingar til rannsókna og muni gera það.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans við fsp. mínum. Svörin staðfestu því miður það, sem ég hafði grun um, að við værum fjarskalega illa á vegi staddir í þessu efni. Og raunar kom í ljós, að við vorum enn verr á vegi staddir en ég ímyndaði mér. Hlutfallstala okkar, miðað við sams konar samanburðargrundvöll og tíðkast annars staðar, er á sama stigi og í löndum eins og Grikklandi, Spáni og Portúgal, vanþróuðustu löndum í Evrópu. Samanburðartölur þær, sem hæstv. ráðh. nefndi frá öðrum löndum, voru dálítið gamlar, — frá 1963 og 1964 að því er mér skildist. Ég hef séð nýrri tölur um þetta efni. Árið 1965 var framlag til vísindarannsókna og tilrauna í Bandaríkjunum 3.61% af þjóðartekjunum, og þá var Vestur-Evrópa með framlög, sem voru 2.01%. Þá hafði orðið um mjög mikla aukningu að ræða á árunum á undan, og það er ráðgert, að einnig verði um að ræða mjög öra aukningu á næstu árum. T. d. er áætlað að í Bandaríkjunum verði framlög til vísindarannsókna og tilrauna komin upp í 4.6% af þjóðarframleiðslunni 1970 og þá verði hliðstæð framlög í Vestur-Evrópu komin upp í 2.5%. Við erum þarna fjarskalega miklir eftirbátar annarra, og þó finnst mér einna ískyggilegast, að hæstv. ráðh. greindi frá því, að árið 1958 hefði hlutfallstalan á Íslandi verið 0.31%, en 1966 hafði hún ekki aukizt nema upp í 0.38%. Þarna má heita, að um sé að ræða algera stöðnun einmitt á því árabili, sem við höfðum yfir að ráða meiri fjármunum en nokkru sinni fyrr. Það tímabil hefðum við sannarlega þurft að nota til þess að búa í haginn fyrir atvinnuþróun á hærra stigi en verið hefur á Íslandi að undanförnu. En frá hæstv. ríkisstj. hefur ekki verið um að ræða neina slíka forustu hvað fjárframlög snertir, eins og hæstv. ráðh. hefur staðfest hér.

Ég er algerlega sammála hæstv. ráðh. um það, að fjárveitingarnar einar saman skera ekki úr. Það verður að koma til skynsamlegt skipulag eða skynsamleg stefna í vísindarannsóknum. Ég lít svo á, að það hafi verið eitt af verkefnum þessa hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því, að slík stefna væri mótuð, og hæstv. ráðh. er búinn að vera svo lengi í starfi menntmrh., að honum hefur unnizt mjög góður tími til þess að sinna þessum verkefnum. Hann er sannarlega enginn nýliði á þessu sviði.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að aðstaða okkar er mjög frábrugðin því, sem tíðkast víða annars staðar. Hér eru sama og engin fyrirtæki, sem leggja fram fé til vísindarannsókna, eins og mikið tíðkast í öðrum löndum. Þó vil ég benda hæstv. ráðh. á, að framlög ríkisvalds eru víða um lönd mjög há, einnig í Bandaríkjunum. Á ýmsum sviðum vísindarannsókna í Bandaríkjunum eru framlögin frá ríkinu mikill meirihluti alls þess, sem í rannsóknir er lagt, — enda þótt þar séu mörg stór fyrirtæki, sem leggja fram mikla fjármuni, — aðeins vegna þess, að stjórnarvöld þar telja, að þarna sé um að ræða sjálfan vaxtarbroddinn í iðnþróun og efnahagsþróun. En einmitt vegna þess, að Ísland er svona smátt þjóðfélag, verður að koma til meiri forusta ríkisvaldsins en í nokkru öðru nálægu landi. Við ráðum ekki við þessi verkefni, ef ríkisstj. hefur ekki forustu og aflar þeirra fjármuna, sem til þess þarf.

Nú er það svo hér á Íslandi, að framlög þau, sem þó hafa komið frá ríkisstj., hafa áreiðanlega nýtzt mun verr en skyldi, einmitt vegna þess að þarna hefur skort eðlilegt skipulag. Við verjum til að mynda í það miklu fé að mennta vísindamenn, raunvísindamenn, en háskalega stór hluti af þessum raunvísindamönnum notar ekki kunnáttu sína

til starfa í þágu Íslendinga, heldur ræður sig í störf erlendis. Það hefur verið mikið ánægjuefni, að stofnaður hefur verið vísindasjóður á Íslandi, sem hefur getað veitt hæfileikamönnum hærri styrki en áður hafa tíðkazt, en mér hefur skilizt, að háskalega stór hluti af þeim hæfu mönnum, sem þar hafa fengið fjármuni, hafi setzt að erlendis. Þarna erum við að fjárfesta í menntun og þekkingu handa öðrum þjóðum. Þarna verður að koma til eðlilegt samhengi. Ef við erum að mennta vísindamenn, verðum við einnig að tryggja þeim starfsaðstöðu á Íslandi.

Oft er talað um það, að vísindamenn fari til útlanda, vegna þess að þeim bjóðist þar hærra kaup, og eflaust eru mikil brögð að slíku, en ég hygg, að aðalástæðan sé sú, að erlendis bjóðast vísindamönnum betri rannsóknaskilyrði, betri aðstaða. Það er ekki eðlilegt, að vísindamaður vilji koma heim til Íslands til þess að kenna unglingum í skóla. Þarna verður, eins og hæstv. ráðh. sagði, að móta skynsamlega stefnu, og ég tel, að það eigi að vera verkefni þessa hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því, að sú stefna sé mótuð.

Í þessu sambandi má minna á þá staðreynd, að hjá öflugustu stétt raunvísindamanna á Íslandi, verkfræðingum, er nú svo ástatt, að af þeim starfa erlendis um 80 menn, en áætla má, að fjárfesting í menntun þeirra nemi 500 millj. kr. Þarna erum við hreinlega að leggja fram fjármuni handa öðrum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hv. þm. spurði, hvað ég hefði hafzt að í því efni að hafa forustu um mótun þeirrar stefnu í þessum málum, sem við erum sammála um, að sé nauðsynlegt að móta.

Um þetta er það að segja, að ég beitti mér fyrir því á sínum tíma, að sett yrði ný heildarlöggjöf um íslenzka rannsóknastarfsemi og löggjöfin um þessi efni væri endurskoðuð frá rótum einmitt í því skyni, að það tækist að móta samræmda, íslenzka vísindastefnu, — samræmda stefnu fyrir þær stofnanir, sem hefðu það verkefni að vinna að hagnýtum rannsóknum í þágu atvinnuveganna, og þær stofnanir, sem vinna að hreinum vísindarannsóknum.

Það tók mörg ár að endurskoða þessa löggjöf. Að henni störfuðu tvær n. Það var haldin mjög víðtæk vísindaráðstefna í Háskólanum, þar sem þessi mál öll voru rædd frá grunni. Það kom í ljós á þeim mörgu árum, sem þessi löggjöf var í undirbúningi, að hér er um mjög flókið og mjög vandasamt mál að ræða, sem fjalla þarf um með ýtrustu varfærni, ef ekki á að stíga víxlspor, — ef ekki á að vera hætta á því, að víxlspor sé stigið.

Þessi allsherjarlöggjöf var sett árið 1965, og það var von okkar allra, sem að þessari löggjöf stóðum, — ég hygg að hún hafi verið endanlega afgreidd samhljóða hér á hinu háa Alþ., eftir að tvö eða þrjú Alþ. höfðu um hana fjallað, — það var von mín að niðurstaðan af þessu mikla og áralanga undirbúningsstarfi yrði sú, að það tækist með verulegri samstöðu íslenzkra rannsóknamanna að móta slíka stefnu.

Að gefnu þessu tilefni — ég segi það alveg af hreinskilni við hv. alþm., — tel ég þessa löggjöf ekki hafa komið að því gagni, sem ég fyrir mitt leyti vonaði, að hún mundi koma. Og það hefur orðið bið á því, meiri bið en ég átti von á, að sú samstaða íslenzkra rannsóknamanna skapaðist, sem ég treysti að mundi skapast, að sú samvinna rannsóknastofnananna innbyrðis og sú samhæfing á starfi þeirra af hálfu hins opinbera, þ. e. a. s. af hálfu rannsóknaráðs og framkvæmdanefndar þess, kæmi til framkvæmda.

Ég tel reynsluna af þessari þriggja ára gömlu lagasetningu vera þá, að það sé orðið tímabært að taka hana enn til endurskoðunar. Ég mun beita mér fyrir því á næstunni, að það verði gert, a. m. k. að þeir helztu aðilar, sem hér eiga hlut að máli, komi saman til fundar eða ráðstefnu, þar sem grundvallarvandamál í þessum efnum verði rædd. Því ég endurtek, að það hefur í raun og veru ekki þýðingu, það er ekki von um árangur af auknum jafnvel ekki stórauknum framlögum hins opinbera eða einkafyrirtækja til þessara mála, fyrr en við sjálfir, hið opinbera, rannsóknastofnanirnar og rannsóknamennirnir hafa komið sér saman um, hver skuli vera grundvallarstefnan í þessum efnum, á hvaða verkefni skuli helzt leggja áherzlu og hvernig skuli að þeim unnið og ekki síður hvernig niðurstöðurnar skuli hagnýttar.

Um það að síðustu, að of margir íslenzkir vísindamenn starfi erlendis, er ég sammála hv. þm. Það væri sannarlega æskilegt, að allir íslenzkir vísindamenn, sem hlotið hafa menntun sína á Íslandi eða erlendis, störfuðu hér á landi. Við þurfum á því að halda. Og starfsemi fárra manna mun geta borið meiri ávöxt en einmitt starfsemi slíkra manna. En ég vil vekja athygli á því, að við erum ekki eina landið, sem á við erfiðleika að etja í þessum efnum. Jafnvel stórþjóð eins og Bretland verður að sjá á bak verulegum hluta sérstaklega sinna raunvísindamanna til Bandaríkjanna og jafnvel samveldislanda, efalaust af svipuðum ástæðum og ráða þeirri breytni íslenzkra vísindamanna að starfa frekar erlendis en hér.

Ég er sammála hv. þm. um það, að hér er efalaust ekki eingöngu um að ræða spurningu um laun eða kjör, heldur spurningu um aðstöðu, sem stórveldi, t. d. Bandaríkin, geta boðið betri flestum ef ekki öllum öðrum. Þetta er sem sagt stærra vandamál og flóknara en svo, að við því sé að búast, að einstakar, takmarkaðar aðgerðir íslenzkra stjórnarvalda geti unnið þar fullan bug á, þó að ég játi fúslega og vildi að því vinna, að eins lítið kveði að því og mögulegt er, að íslenzkir vísindamenn noti starfskrafta sína erlendis.

8. Sjónvarp frá Skáneyjarbungu.

Á deildafundum 22. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til menntmrh. um endurvarp sjónvarps frá Skáneyjarbungu í Borgarfirði [30. mál, 7] (A. 30).

Á 4. fundi í Sþ., 23. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 42 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það gildir það sama um þennan dagskrárlið og þann, sem hér var áður til umr. Fyrirspyrjandinn, hv. þm. Jónas Árnason, er ekki viðstaddur til þess að tala fyrir þessari fsp. Vil ég óska eftir því fyrir hans hönd, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara fsp., sem er á þskj. 30 og er þannig:
„Hvenær má búast við því, að útsendingar frá endurvarpsstöð sjónvarpsins á Skáneyjarbungu í Borgarfirði komist í viðunandi lag?"
Ég vænti, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að svara fsp., þó að frá minni hálfu fylgi engar útskýringar á því máli, sem um er að ræða, en málið er tengt erfiðleikum á hlustunarskilyrðum í dölum Borgarfjarðar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Endurvarpsstöð sjónvarps á Skáneyjarbungu í Borgarfirði endurvarpar frá Kárastaðastöð, sem er skammt frá Borgarnesi. Sú stöð tekur við sjónvarpsmyndinni frá Vatnsendastöðinni.
Bilanir á Skáneyjarbungustöðinni hafa síðan um áramót 1967—68 verið 9. En bilanir á Kárastaðastöð hafa á sama tíma verið 11. Þar sem þær komu einnig fram á Skáneyjarbungustöðinni, hefur hún á þessum tíma orðið 20 sinnum fyrir bilunum.
Skáneyjarbungustöð var tekin í notkun 20. des. 1967, en Kárastaðastöðin í ársbyrjun 1967. Nokkuð af þeim bilunum, sem hér hafa verið nefndar, munu stafa frá byrjunarerfiðleikum, en vitanlega verða menn óánægðir, þegar truflanir verða á sendingum sjónvarps vegna bilana. Hins vegar verður að gera sér ljóst, að bilanir geta alltaf orðið, og þar sem um einfalt kerfi er að ræða, þ. e. a. s. engin varastöð, þá valda bilanirnar stundum nokkuð löngum truflunum á útsendingum dagskrár, en um varastöð verður naumast að ræða strax, þar sem megináherzla er lögð á að koma sjónvarpskerfinu sem fyrst um landið.
Hv. þm. spyr, hvenær útsendingar frá Skáneyjarstöðinni muni komast í viðunandi lag, eins og hann segir, en að sjálfsögðu er það matsatriði, hvað telja á viðunandi í þessum efnum. Ef það eitt er viðunandi, að bilanir verði bókstaflega aldrei, þá er erfitt að spá, hvenær því marki verður náð. En sumir telja það ástand, sem nú er, viðunandi, þótt bilanir komi fyrir. En þegar stöðin kemur á Arnarstapa, en það er áætlað að verði 1970, munu aukast verulega líkur fyrir minni eða færri bilunum.
Eins og ég sagði áðan, má alltaf búast við meiri og minni truflunum af völdum bilana, þar sem engar varastöðvar eru, sem hægt er að taka í notkun strax og bilana verður vart í aðalstöðinni. En ég hygg, að rétt sé, og um það vona ég, að flestir séu sammála, að stefna að því að koma sjónvarpinu fyrst sem víðast um landið, þótt menn þurfi að búa við nokkra bilanahættu á einstaka svæðum, fremur en að koma upp varastöðvum fyrir miklu minna svæði til þess að tryggja bilanalausa útsendingu þar. Þetta er stefna rn. og Ríkisútvarpsins, og ég vona, að menn skilji, að hún er gerð af áhuga á því að koma sjónvarpinu sem fyrst sem víðast um landið, þó að við verðum þess vegna enn um skeið að búa við nokkra bilanahættu á einstaka stöðum.

Lúðvík Jósefsson: Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

---

9. Vegabætur við Skeiðhól í Hvalfirði.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til samgmrh. um vegabætur við Skeiðhól í Hvalfirði [35. mál, 1) (A. 35).

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á s. l. sumri var unnið nokkuð að vegagerð hjá Skeiðhóli í Hvalfirði. Framkvæmdin var með þeim hætti, að þarna var ruddur spotti af vegi, en af þeirri vegagerð eru engin not, þar sem þessi vegur er ekki tengdur aðalveginum.
Það er skoðun þeirra, er bezt þekkja, að hér hafi í framkvæmdinni átt sér stað mistök, þar sem þetta hafi ekki verið stærra verk en svo, að eðlilegt hefði verið að láta það bíða, þangað til hægt væri að leysa verkið í einum áfanga og draga þannig úr kostnaði. Nú má vera, að einhverjar skýringar séu á þessu, sem okkur vegfarendum dyljast, og af þeirri ástæðu hef ég ásamt hv. 4. landsk. þm., Jónasi Árnasyni, leyft mér að flytja fsp. á þskj. 35, þar sem spurt er, hvað kostnaður hafi verið mikill við þessa vegaframkvæmd á s. l. sumri og hvað þurfi mikið til að koma þessari vegagerð í samband við aðalveginn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það mun hafa verið á síðasta þingi, sem borin var fram hér fsp. af hv. 4. þm. Vesturl. um endurbætur á þjóðveginum við Skeiðhól í Hvalfirði. Það hefur oft verið talað um, að brýna nauðsyn bæri til að laga veginn hjá Skeiðhól. Menn gætu farið keðjulausir frá Reykjavík og upp í Borgarfjörð og jafnvel norður fyrir Holtavörðuheiði, ef þessi kafli væri lagfærður. Þannig væri það oft, að hálka væri á þessum kafla og ófært fyrir keðjulausan bíl, þó að færð væri sæmileg annars staðar á leiðinni. Þess vegna var borin fram fsp. um þetta mál á s. l. ári og óskað eftir, að það væri athugað, hvenær hafizt yrði handa um endurbætur á þessum vegarkafla.

Það er í sjálfu sér eðlilegt, að hv. 3. þm. Vesturl. vilji fá upplýsingar um það, af hverju þessu verki hefur ekki verið hraðað meira en raun ber vitni. Vitanlega er hann sömu skoðunar og aðrir, sem fara þessa leið oft, að það hafi verið nauðsynlegt og sjálfsagt að hefja þessar vegabætur. En hv. þm. veit ástæðuna að miklu leyti. Hann veit, hvað mikið fjármagn var í vegáætlun til þess að lagfæra þessa leið. Hann kannske veit ekki um þá skoðun verkfræðinga, að þeir telja nauðsynlegt að gera þetta í tveim áföngum. Þarna er um svo mikla uppfyllingu að ræða, að það er talið eðlilegra að láta dálítinn tíma líða, til þess að uppfyllingin geti sigið og jafnað sig, heldur en að fylla þetta allt saman upp á stuttum tíma. Þess vegna er verkinu ekki lokið, en auk þess var ekki til nægilegt fjármagn. En e. t. v. hefði verið hægt að ljúka verkinu með lántökum, það hefur stundum verið gert. En ég hygg, að hv. fyrirspyrjandi, sem þessu er kunnugastur, geri sér alveg grein fyrir því, að það er mikils virði, að þetta verk er hálfnað og ætla má, að því verði lokið á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. ráðh. fyrir svar við fsp., svo langt sem það náði. Að vísu vantaði nokkuð á það, en ég ætla ekki að fara að hefja deilur út af því.

Hann kom með ein rök fyrir því, að í þessu verki var farið að vinna á s. l. sumri, og sé ég þá, að fsp. hefur haft þann tilgang, að þeir, sem ekki átta sig á því, fá nokkurt svar við þessu, þó að mér finnist nú, að meira hefði þurft að gera í þessari vegagerð, ef það hefði átt að tryggja, að jarðraskið yrði ekki gert á því sama ári og vegurinn væri settur í samband við aðalveginn, því að mér sýnist erfiðasti hlutinn vera eftir. Ég held, að hyggilegra hefði verið að safna fé í þessa framkvæmd, en um það ætla ég ekki að ræða frekar og endurtek þakklæti mitt.

10. Bækistöðvar Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði.

Á deildafundum 29. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til utanrrh. um bækistöðvar Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði [35. mál, 2] (A. 35).

Á 6. fundi í Sþ., 30. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. 14. okt. s. l. afhentu íslenzkir verktakar framkvæmdir þær, sem þeir hafa unnið að í Hvalfirði nú um skeið, við hátíðlega athöfn, að því er virtist af fréttum. Hins vegar hafa ekki verið sendar út neinar opinberar grg. af hálfu íslenzkra stjórnarvalda um þessar framkvæmdir. Aðeins kom í nokkrum blöðum frásögn af ræðu, sem Stones aðmíráll hefði haldið við þetta tækifæri, en aðmíráll þessi er orðinn býsna ötull ræðumaður á Íslandi síðustu vikurnar. Það kom fram í frásögn aðmírálsins, að þarna hefur verið komið upp fjórum risastórum olíugeymum og búið þannig um þá, að þeir eru grafnir í jörðu niður, tyrft yfir þá. Enn fremur að þarna væri um að ræða býsna stóra bryggju, og e. t. v. einhverjar framkvæmdir aðrar.

Af þessu tilefni hef ég leyft mér að biðja hæstv. utanrrh. að gera Alþ. grein fyrir þessum framkvæmdum. Það var á sínum tíma rætt allýtarlega um þetta mál, þegar vitað var um samningsgerðina um það efni, og ég tel eðlilegt, að Alþ. fái skýrslu um það, hvernig þessu máli er nú komið.

Einnig kom fram í ræðu Stones aðmíráls atriði, sem mér þótti dálítið forvitnilegt, en samkvæmt frásögn eins dagblaðsins talaði hann um þessar framkvæmdir í Hvalfirði sem skref í áttina til þess, að endanlega verði frá stöðinni gengið. Eftir því að dæma virðast vera fyrirhugaðar þarna enn þá meiri framkvæmdir, og mér er forvitni á að frétta hjá hæstv. ráðh., hverjar þær framkvæmdir eru. Enn fremur var haft eftir aðmírálnum, að þetta skref gerði það mögulegt, að NATO hafi eftirlit með stöðinni, en það eftirlit sé nauðsynlegt, til að stjórnendur NATO fallist endanlega á eldsneytisbirgðastöðina. Þess vegna langar mig einnig til að vita, hvernig fyrirhugað sé, að þessi bækistöð í Hvalfirði verði starfrækt, eftir að búið er að koma henni upp.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Fyrsta fsp., sem hér er borin fram, er svo hljóðandi:

„Hverjar eru þær framkvæmdir, sem nýlokið er í Hvalfirði í þágu Atlantshafsbandalagsins?"

Þessu get ég svarað þannig, að byggð hefur verið í Hvalfirði fyrir Atlantshafsbandalagið olíubirgðastöð, sem eingöngu er ætluð til geymslu á svartolíu. Mannvirki þessi eru í öllum aðalatriðum sams

konar þeim, sem notuð hafa verið í Hvalfirði fram að þessu og tilheyra venjulegri olíubirgðastöð. Grafnir hafa verið í jörð fjórir olíugeymar, sem taka rúmlega 12 þús. tonn af svartolíu hver. Frá þeim liggja olíuleiðslur út á bryggju, sem er 233 m í sjó fram, en bryggjuhausinn er með 300 m viðleguplássi. Þar er fyrir komið öllum nauðsynlegum útbúnaði, svo sem brunadælum, vatns- og sjóleiðslum o. s. frv. Byggð hefur verið olíuhreinsunarþró, og í sambandi við hana er lítill geymir til þess að skilja olíu frá sjó, en leiðslur allar eru hreinsaðar með sjó. Sérstök rafstöð sér stöðinni fyrir rafmagni, m. a. til þess að knýja allar dælur. Ketilhús er notað við upphitun olíunnar, en svartolía er það þykk, eins og menn vita, að hún rennur afar hægt, nema hún sé hituð. Í sambandi við vatnsveitu stöðvarinnar hefur verið byggður vatnsgeymir, hús hafa einnig verið byggð fyrir skrifstofur, til efnagreiningar olíu, fyrir mötuneyti og fyrir slökkviliðsbifreið. Tvennum legufærum fyrir skip verður komið fyrir við stöðina.

Í öðru lagi er spurt: „Hverjar aðrar framkvæmdir eru fyrirhugaðar í Hvalfirði?“

Því get ég svarað þannig, að þegar þessum framkvæmdum er að fullu lokið, er ekki gert ráð fyrir frekari framkvæmdum í Hvalfirði fyrir Atlantshafsbandalagið, a. m. k. hafa engar óskir borizt um það.

Þriðja spurningin er svo hljóðandi:

„Hvernig verður bækistöð Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði starfrækt, þegar framkvæmdum er lokið?“

Þessu get ég svarað þannig, að Íslenzkir aðalverktakar, sem byggðu stöðina, hafa með samningi tekið að sér að starfrækja hana, og verða þar eingöngu íslenzkir starfsmenn á þeirra vegum.

Þetta vænti ég, að sé í stuttu máli nægilegt svar við fsp. þm., en hér er ekki ætlazt til að vera langorður um hlutina, eftir því sem mér skilst.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin.

Þessi bækistöð í Hvalfirði gæfi raunar tilefni til býsna almennra umr., en þær eiga ekki við í sambandi við þessa fsp. Þó væri mér forvitni á að heyra hjá hæstv. ráðh., hvort legufæri þau, sem þarna er um að ræða, séu einnig hugsuð til notkunar fyrir kafbáta. Þegar rætt var um þessa stöð hér á Alþ. fyrir allmörgum árum, man ég, að um það urðu allmiklar umræður, hvort þessi stöð væri þannig hugsuð, að kafbátar gætu notað hana og þarna yrði komið fyrir múrningum á hafsbotni, sem væru hugsaðar handa kafbátum. Um þetta vildi ég spyrja hæstv. ráðh.

Mér þótti einnig fróðlegt að frétta, að Íslenzkir aðalverktakar hafa tekið að sér að starfrækja þessa stöð. Ég vék að því hér á þingi fyrir nokkrum dögum, að það virtist vera mjög vaxandi áhugi af hálfu hernámsstjórans á Keflavíkurflugvelli á því að tengja Íslendinga sem mest við hernámið. Þarna hafa Íslenzkir aðalverktakar tekið að sér nýtt verkefni í þágu Atlantshafsbandalagsins, og það var auðheyrt á aðmírálnum í ræðunni á dögunum, að hann vildi tengja marga fleiri aðila við þessa starfsemi. En sem sagt, almennar umræður um þetta efni eiga ekki við núna.

Hins vegar held ég, að það væri ákaflega æskilegt, að hér færu fram fljótlega almennar umr. um utanríkismál. Við ræddum það atriði hér á þinginu í fyrra, og þá komu fram óskir um það, að efnt yrði til almennrar umr. um utanríkismál. Þá tókst nú ekki betur til en svo, að þessi umr. varð á síðasta degi þingsins og til hennar skammtaðir einir tveir tímar, að mig minnir. Ég lét þá í ljós þá ósk, að hæstv. ráðh. gæfi skýrslu um utanríkismál tímanlega á því þingi, sem nú er hafið, og ég vil leyfa mér af þessu tilefni að ítreka þá ósk við hæstv. ráðh. og spyrja hann jafnframt að því, hvort þess sé ekki að vænta, að slík skýrsla komi, t. a. m. áður en þing er sent heim í jólafrí.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég verð að játa minn ókunnugleika á því, hvort legufæri fyrir kafbáta eru eitthvað öðruvísi heldur en legufæri fyrir önnur skip. Mér er ekki kunnugt um það, en hitt er annað, eins og kom fram í þessum fáu orðum, sem ég hafði hér yfir áðan til svars við fsp., að eftir er að leggja út tveim legufærum, sem mér skilst, að séu aðallega fyrir þau skip, sem leggjast að bryggjunni. En ef það er misskilningur hjá mér, bið ég afsökunar á því, en ég bara veit ekki nákvæmlega, hvernig þessum legufærum verður hagað og heldur ekki hvort þau eru fyrir kafbáta eða önnur skip. Ég held nú í minni fáfræði, að það sé ekki mikill munur á þeim legufærum, sem kafbátar nota og önnur skip.

Hvað snertir almennar umr. um þetta mál, þá hafa þær farið fram ekki einu sinni, heldur a. m. k. tvisvar og kannske oftar á hv. Alþ. og þar hefur málið verið rætt allýtarlega og sá aðdragandi, sem að því hefur orðið. Um almennar utanríkispólitískar umr. skal ég segja það, að ég hef ekkert á móti því, að þær fari fram, en vildi gjarnan, ef til þess kæmi og þegar til þess kæmi, hafa um það samráð við hv. utanrmn.

11. Áburðarverksmiðja ríkisins.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstj. um Áburðarverksmiðjuna o. fl. [41. mál, 2] (A. 42).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 13. nóv., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 42 gert fsp. til ríkisstj. varðandi Áburðarverksmiðjuna og áburðarmál almennt. Svo er mál með vexti, að á síðasta þingi, nánar til tekið í aprílmánuði s. l., voru hér á Alþ. samþ. heimildarlög, sem heimiluðu ríkisstj. að festa kaup á þeim hlutabréfum í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem eru í einkaeign eða voru þá. Þessi bréf fékk ríkisstj. heimild til að kaupa á allt að fimmföldu nafnverði. Að vísu fannst ýmsum og þar á meðal mér, að hér væri um að ræða nokkra ofrausn, en það er önnur saga. Forsaga málsins er reyndar sú, að Áburðarverksmiðja ríkisins kostaði á sinni tíð 120 millj. kr., sem lagðar voru út af ríkinu. Um rekstur þessarar verksmiðju var stofnað hlutafélag þar sem einkahluthafar lögðu fram 4 eða 5 millj. kr. að mig minnir, en ríkið lagði reyndar fram í það hlutafélag líka. Raunin hefur orðið sú, að einkaaðilar hafa að mestu ráðið ferðinni um áburðarframleiðslumál og áburðarsölumál. Þessi verksmiðja framleiðir hinn innlenda tilbúna áburð. Aðalframleiðsla hennar er Kjarni svonefndur, og hefur hann verið aðaláburðurinn, sem notaður hefur verið á íslenzka túnrækt og reyndar á meira af ræktarlöndum á s. l. árum. Árangurinn, sem af þessu hefur fengizt, þ. e. a. s. árangur sá, sem túnræktin íslenzka hefur skilað á þessum árum, er býsna athyglisverður. Verksmiðjan tók til starfa á árinu 1954, og þá var afrakstur af hverjum hektara á íslenzkum túnum að meðaltali 44 hestburðir. Fyrstu árin, sem verksmiðjan starfaði, fór áburðarnotkunin stórlega vaxandi og töðufengurinn einnig og komst á árinu 1957 hæst upp í 47 hestburði á hektara. En eftir það hefur sigið á ógæfuhlið og afraksturinn af túnunum hefur farið minnkandi, kannske ekki stöðugt ár frá ári, heldur með nokkrum sveiflum, en í heildina tekið hefur hann farið minnkandi. Er nú svo komið, að á sumrinu 1967 var meðaltöðufall á íslenzkum túnum 34 hestburðir á hektara. Ef miðað er við árið, sem Áburðarverksmiðjan tók til starfa, 1954, og svo aftur árið 1967, — og sjálfsagt hefur töðufengurinn ekki verið meiri á þessu nýliðna sumri, þó að ég hafi ekki tölur um það, — hefur töðufall á hvern hektara á íslenzkum túnum minnkað um 10 hestburði. Og reyndar hefur hann minnkað um 13 hestburði á hektara frá því að hann var mestur árið 1957.

Hér kemur auðvitað ýmislegt til. Túnin eru að nokkru nytjuð öðruvísi nú heldur en var fyrr á árum, og kann það að draga nokkuð úr töðufengnum, en þá er líka óreiknaður sá áburðarauki, sem notaður er á túnin á hverja einingu, en það er verulegt magn.

Hvað kostar það nú íslenzkan landbúnað, ef það vantar þó við teljum ekki nema 10 hestburði upp á hvern hektara? Íslenzku túnin eru núna rösklega 100 þús. hektarar að stærð. Og ef það vantar 10 hestburði á hektara og hestburðinn er hægt að reikna á 400 kr., — hann var seldur það í haust, máske örlítið minna, máske líka örlítið meira, — ef við reiknum hann á 400 kr., þá er hér um að ræða 400 millj. kr., sem landbúnaðinn íslenzka vantar upp á að ná þeim arði, sem íslenzk tún gáfu á því ári, sem Áburðarverksmiðjan var sett á stofn. Það þarf furðulegt sinnuleysi til þess að láta sér ekki detta í hug, að hér sé eitthvert samband á milli töðufengs og þess áburðar, sem notaður er.

Það skal tekið fram, að um eitt skeið var til fyrirtæki, sem hét Áburðareinkasala ríkisins, og lögin um hana gera ráð fyrir því, að ríkið geti haft hönd í bagga um það, hvaða áburður er fluttur til landsins. Þessi réttindi hefur núv. ríkisstj. framselt Áburðarverksmiðjunni h/f til framkvæmda, þannig að á hinum síðustu árum hefur það hreinlega verið svo, að Áburðarverksmiðjan h/f hefur stjórnað því, hvaða áburð menn gátu fengið. Mitt í því frjálsræði, sem tekið hefur verið upp um ýmiss konar aðra verzlun í landinu, hafa stjórnarvöldin hreinlega einokað bændastéttina upp á gamla mátann til þess að kaupa tiltekna vörutegund og varna henni þess að fá aðrar, fyrr en Kjarninn er uppseldur. Ef íslenzkur landbúnaður hefði 400 millj. kr. meira handa á milli ár hvert, eins og ástæða er til þess að ætla að hann hefði, ef ekki hefði komið til einokun sú á áburði, sem bændastéttin er beitt, þá væri íslenzkur landbúnaður allt öðruvísi settur í dag heldur en hann er.

Þetta er ekki eingöngu mál landbúnaðarins. Hér á Alþ. er stunið og dæst yfir því þessa dagana, að okkar þjóðarbúskapur standi illa, við séum orðin fátæk þjóð af gjaldeyri. Ætli þetta gæti ekki átt einhvern þátt í því? Til þess að bæta upp þessa afurðarýrnun af íslenzkum túnum hefur verið keyptur inn fóðurbætir fyrir fjallháar upphæðir í erlendum gjaldeyri, og þannig hefur einmitt þetta orðið til þess að gera okkar gjaldeyrisstöðu verri, okkar þjóðarbúskap erfiðari. Með allt þetta í bakgrunni hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurn í þrennu lagi, og er hún þannig:

„1. Hefur ríkisstj. notað heimildarlög frá því í apríl í fyrravetur til að kaupa hlutabréf einkaaðila í Áburðarverksmiðjunni h/f?

2. Ef svo er, hvert hefur kaupverðið verið: a) í hlutfalli við nafnverð hlutabréfanna, b) í krónum til hvers aðila um sig?

3. Hverjar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að bændur eigi þess kost í framtíðinni að fá keyptan nýtari áburð en Kjarna á tún sín og önnur ræktarlönd, eða að leysa þá úr einokunarviðjum þeim um áburðarkaup, sem ríkisvaldið og Áburðarverksmiðjan h/f hafa haldið þeim í á undanförnum árum?“

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur tekið að sér það hlutverk hér í dag að kenna hv. þm. áburðarfræði og að nokkru leyti efnafræði, líkt og hann ætlaði að gera á fundinum á Flúðum á s. l. vori, þegar hann hélt sams konar ræðu. Það var bændafundur, og bændurnir brostu. Þeir brostu, þegar þessi hv. þm. hélt því fram, að uppskeran af túnunum væri svo miklu minni nú heldur en hún hefði áður verið. Þeir

brostu vegna þess, að þeir vissu, að þeir fluttu ekki allt grasið af túnunum í hlöður síðustu árin, eins og áður var. Flestir eru hættir að tvíslá túnin, þeir slá túnin flestir einu sinni, en nota þau jafnframt til beitar. Og bændurnir vita, að það gras, sem kýrnar bíta á túnunum, sem ærnar bíta á vorin og kindurnar bíta á haustin, eftir að þær koma af fjalli, það gras verður ekki flutt í hlöður. Þeir vita það, bændurnir, að túnin hafa oftast sprottið mæta vel síðustu árin, enda þótt áraskipti hafi orðið á þessu nú, eins og alltaf áður.

Það er alveg rangt að halda því fram, að bændur hafi ekki átt kost á að fá þann áburð, sem þeim hentar. Hv. þm. talar um Kjarna og sér ekkert nema Kjarnann. Kjarninn er þó ekki nema rúmlega helmingurinn af því áburðarmagni, sem íslenzkir bændur nota. Og Kjarninn er köfnunarefnisáburður, og Kjarninn er góður áburður, ef hann er ekki misnotaður. Það er þetta, sem margir hafi villzt á, kenna kalið í túnunum Kjarnanum og halda því jafnvel fram, að köfnunarefnið í Kjarnanum sé eitthvað verra efni en köfnunarefnið í öðrum köfnunarefnisáburði. Kjarninn er því aðeins slæmur, að hann sé misnotaður. Jarðvegurinn þarf að fá öll þau efni, sem nauðsynleg eru til næringar, til þess að hann geti borið fulla uppskeru til lengdar. Það er hægt að pína upp gras í eitt eða tvö ár af vel ræktuðum túnum með því að bera köfnunarefnisáburðinn á einan, en þegar til lengdar lætur verður jörðin að fá algildan áburð. Og það er það, sem Áburðareinkasalan hefur séð um hin síðustu ár.

Hv. þm. heldur því fram, að Áburðareinkasalan sé ekki lengur til. Hún er þó til samkv. lögum. Það hefur ekki enn þótt tímabært að afnema þessi lög. En Áburðarverksmiðjunni hefur verið falinn rekstur þessa fyrirtækis, til þess að unnt væri að nýta þau tæki og hús, sem eru í Gufunesi, þær skrifstofur, sem þar eru, og þann mannafla, sem þar er, heldur en að vera með sérstaka skrifstofu, sérstakan forstjóra hér í Reykjavík og leigja pakkhús þar, sem varð miklu dýrara, og það er sannað, að fyrsta árið, sem Áburðarverksmiðjan tók að sér rekstur Áburðareinkasölunnar, spöruðust 4 millj. kr.

Hv. þm. segir, að einkaaðilar hafi stjórnað Áburðarverksmiðjunni allt til þessa og einkaaðilar hafi ráðið því, hvers konar áburður væri fluttur til landsins. Það er sennilegt, að maðurinn viti ekki betur. Ég vil ekki halda því fram, að hann fari með vísvitandi ósannindi. Hv. þm. veit, að ríkið á meirihluta í Áburðarverksmiðjunni og 3 stjórnarnefndarmenn af 5 eru kosnir hér á hv. Alþ. Hv. þm. hefði einnig átt að kynna sér málin, áður en hann kom með þessar ósæmilegu fullyrðingar áðan, að bændu byggju við einokun og fengju ekki þann áburð, sem þeir vildu. Þá hefði hann átt að kynna sér það, hvernig innkaupunum á áburðinum er hagað.

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar skrifar á hverju ári Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Rannsóknastofnun landbúnaðarins og spyr, hvaða áburðartegundir þessir aðilar telji hentugast að flytja inn til þess að fullnægja þörfum landbúnaðarins. Og það eru jarðvegsfræðingar og alls konar fagmenn, sem þetta er borið undir. Og það er fluttur inn algildur áburður, áburðarblöndur, sem þykja henta íslenzkum landbúnaði og eru góðar saman við Kjarnann. Þess vegna er þetta út í bláinn að vera að tala um það, að ekki fáist full uppskera af túnunum, vegna þess að bændur hafi ekki átt kost á þeim áburði, sem þeim hentar. Það er ekki sök stjórnar Áburðarverksmiðjunnar, þótt einn og einn bóndi beri ekki á túnið eins og eðlilegt er. Og það má vel vera, að það megi finna þess dæmi. En flestir bændur munu spyrja ráðunauta og lesa sér nokkuð til um það, hvernig skuli búið, hvaða áburð túnið þurfi að fá til þess að fá eðlilega uppskeru. Og sem betur fer er nú komin betri aðstaða en áður hefur verið til þess að láta fara fram jarðvegsrannsóknir almennt. Og það er nauðsynlegt að gera, enda þótt íslenzk tún séu óskemmd og beri fullan arð. Þá er nauðsynlegt, til þess að tryggja þetta enn betur, að bændur sendi jarðvegsprufur til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem nú hefur fengið aðstöðu til þess að framkvæma þessar rannsóknir við það að vera komin í betri og rýmri húsakynni heldur en hún bjó við.

Fullyrðingar hv. þm. um mál, sem hann hefur ekki gefið sér tíma til þess að setja sig inn í, eru ósæmilegar. Það eru aðdróttanir til bændasamtakanna, til Búnaðarfélagsins, til Stéttarsambandsins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og þeirra manna, sem stjórna Áburðarverksmiðjunni. Það eru ósæmilegar aðdróttanir. Og þessar aðdróttanir á bændafundum, t. d. á Flúðum, urðu til þess, að menn brostu. Þeir brostu vegna þess, að þeir vissu, að þessi maður var ekki inni í þeim málum, sem hann var að ræða um. Það var þetta, sem ég hefði nú búizt við, að hv. þm. léti sér nægja, að hafa einu sinni talað um áburðarmálin. En svo er ekki. Hitt er ekkert óeðlilegt, þótt þessi hv. þm. beri fram fsp., eins og þessa, sem hér er um að ræða, og hann hefði spurt eftir svari við henni. Það er allt annað mál. Og það er ekki nema eðlilegt, að það sé spurt um framkvæmd þeirra laga, sem voru samþ. hér á hv. Alþ. á s. l. vori. Þar var sem sagt ríkisstj. gefin heimild til þess að kaupa hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni á allt að fimmföldu verði. Ríkisstj. hefur hugsað sér að nota þessa heimild með vissum skilyrðum. Þess vegna var öllum hluthöfum Áburðarverksmiðjunnar skrifað á s. l. sumri svo hljóðandi bréf, með leyfi hv. forseta:

„Með lögum nr. 45 2. maí 1968 var ríkisstj. heimilað að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í einkaeign, á allt að fimmföldu nafnverði hlutabréfanna. Ríkisstj. hefur samþ. að nota þessa heimild og óskar að kaupa hlutabréfin á fimmföldu nafnverði. Andvirðið greiðist á 5 árum með hæstu leyfilegu fasteignaveðsvöxtum. Svar við þessu tilboði óskast sent rn. sem fyrst."

Það eru margir aðilar, sem hafa svarað, en það

eru nokkrir, sem enn hafa ekki svarað þessu bréfi. Flestir af hinum stærri hluthöfum hafa gefið játandi svar. Það eru þó 2 eða 3 stórir hluthafar, sem enn hafa ekki svarað, og ég hringdi í þá í morgun. Þeir töldu, að þeir mundu svara í næstu viku, sennilega játandi, þó er það ekki alveg víst. En þá eru það nokkrir litlir hluthafar, sem hafa svarað neitandi, og það eru helzt þeir hluthafar, sem eiga 1000 kr. bréf eða þar um, en þeir eru þó nokkuð margir. Aðrir hafa talið, að þeir væru ekki búnir að taka afstöðu til málsins.

Ef stærstu hluthafarnir samþykkja þetta tilboð, þá sýnist ekkert vera til fyrirstöðu að breyta lögum Áburðarverksmiðjunnar, þannig að þetta verði hreint ríkisfyrirtæki. Ef stærstu aðilarnir ganga að því að selja fyrir fimmfalt verð, þá virðist vera kominn grundvöllur fyrir mati á þeim bréfum, sem ekki hefur verið gefið samþykki fyrir. Aðrir mundu segja, að ekki væri skaði, þó að nokkrir menn ættu þarna lítil hlutabréf. Þeir verða áhrifalausir, þeir fá engan mann í stjórn, og þeir fá ekki heldur endurskoðanda. En flestir munu vera þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegast að breyta þessu, breyta lögum Áburðarverksmiðjunnar, þannig að hún verði ríkisfyrirtæki. En um það hefur ekki verið tekin ákvörðun, en það er beðið eftir svari þessara stærstu, sem eiga eftir að svara. Síðan mun ríkisstj. taka ákvörðun um það, hvert framhaldið verður.

Þá er spurt: „Hverjar ráðstafanir hafa verið til þess gerðar, að bændur eigi þess kost í framtíðinni að fá keyptan nýtari áburð en Kjarna á tún sín og önnur ræktarlönd, eða að leysa þá úr einokunarviðjum þeim um áburðarkaup, sem ríkisvaldið og Áburðarverksmiðjan h/f hafa haldið þeim í á undanförnum árum?“

Það hefur ekki þótt heppilegt að dreifa verzluninni með áburð, að það væru margir að flytja inn áburð, eingöngu vegna þess, að með því að hafa þetta á einni hendi væri trygging fyrir því, að til landsins væri flutt hverju sinni nægilega mikið áburðarmagn. Það er einnig trygging fyrir því, að þegar boðin eru út kaupin á áburðinum í stærra magni, að það fáist lægsta og hagstæðasta verð á heimsmarkaðinum. Og það er enginn vafi á því, að með þeim útboðum, sem gerð hafa verið um kaup á áburði að undanförnu, hefur fengizt lægsta heimsmarkaðsverð á þeim áburði, sem hingað hefur verið keyptur. Eins og ég áðan minntist á, hefur val áburðartegunda, sem inn hafa verið fluttar, farið fram í samráði við færustu menn, Búnaðarfélagið, Stéttarsambandið og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Það er þess vegna alveg rangt að segja, að bændur hafi ekki átt kost á því að fá það bezta við hliðina á Kjarnanum.

En jafnvel þótt enginn Kjarni væri framleiddur í landinu, væri þörf á köfnunarefnisáburði, og Kjarnaframleiðslan er ekki nægilega mikil í dag til þess að fullnægja köfnunarefnisþörfinni. Þess vegna hefur stundum verið fluttur inn köfnunarefnisáburður frá Noregi, svokallaður kalksaltpétur eða kalkammonsaltpétur.

Það, sem sumir hafa fundið að, er, að það hefur ekki verið kalk saman við Kjarnann. En kalk getur jörðin fengið, þó að hún fái það ekki saman við Kjarnann. Og þegar jarðvegsrannsóknirnar hafa farið fram, þá verður það upplýst, hvort kalk vantar. Það er vitanlega ekkert vit í því, að vera að kaupa kalk á jörð, sem er nægilega kalkrík, því að kalkið kostar peninga.

Ég geri ráð fyrir, að í þessum þriðja lið fsp. eigi að felast, hvað hafi verið gert til þess, að hérlendis verði framleiddur annar áburður en Kjarninn, þótt það sé ekki beinlínis sagt. Ég vil þá upplýsa það, að í undirbúningi er að stækka Áburðarverksmiðjuna, auka framleiðsluna um helming og gera ráðstafanir til þess, að þaðan geti fengizt allt að þrjár mismunandi áburðarblöndur, þannig að við verðum sjálfum okkur nógir með áburð, næstu árin a. m. k. Það er þetta, sem verið er að undirbúa, og með þessu hafa bændasamtökin fylgzt og undir þau var borið, með hverjum hætti þessi stækkun ætti að verða, til þess að framleiða mætti þann áburð, sem hentar bezt íslenzkum jarðvegi.

Og þá held ég, að ég hafi svarað fsp., sem hér eru til umr. á þskj. 42, og læt ég svo útrætt um það, sem hv. fyrirspyrjandi talaði um utan við fsp. sjálfar.

Fyrirspyrjandi (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, enda þótt ég geti ekki jafnframt hælt því mjög, að þau hafi verið glögg eða greinileg.

Það kemur að vísu fram í svari við 1. lið fsp., að ríkissjóður hefur boðizt til þess að kaupa hlutabréfin, þessi umræddu hlutabréf, á fimmföldu nafnverði, og er þess þá ekki að vænta, að þau verði keypt á lægra verði, enda þótt í lögum segi að heimildin sé bundin við kaup á allt að fimmföldu nafnverði. Manni hefur nú skilizt á hæstv. ráðh., að hann væri býsna duglegur í því í viðskiptum fyrir ríkisins hönd að prútta niður verð, sbr. Sjálfstæðishúsið hér við Austurvöll, sem mér skilst að hafi tekið hann alllangan tíma að prútta niður í það verð, sem það var svo keypt á. En hann reynir það ekkert með hlutabréfin í Áburðarverksmiðjunni. Það getur vel verið, að ríkissjóður þurfi ekkert að halda sparlega á hlutum. En reynandi fyndist manni nú samt á erfiðum tímum að gera það í samræmi við lög.

Varðandi það að öðru leyti, að hér sé ekki einokun og bændur geti vel við unað og það sé ósæmileg aðdróttun að bændasamtökunum eða þeirra mönnum að kalla þá verzlunarhætti, sem hér tíðkast á áburði, einokun, þá verð ég bara hreinlega að liggja undir því að drótta því að hverjum þeim, sem neitar því að svo sé og hefur ráð á því að stjórna þessari verzlun.

Ég veit það ofur vel, að menn hafa getað fengið keyptar aðrar tegundir af áburði en Kjarna, en ekki fyrr en búið var að kaupa Kjarnann upp. Áburðarverksmiðjan hefur gert áætlun um það, a. m. k. sum árin, hvað mikið hún gæti framleitt. Ef það hefur verið við skulum segja helmingur af

áætlaðri þörf, hafa bændur fengið að panta helming af sínum áburði frá öðrum aðilum en Áburðarverksmiðjunni, en ekki sem sagt fyrr en Kjarnanum hafði öllum verið komið út. Það er einmitt þetta, sem ég kalla einokun. Og þá hef ég eitthvað brenglaðar hugmyndir um það, hvað mitt móðurmál þýðir, ef þetta er ekki einmitt einokun.

Ráðh. segir, að bændur austur í Hrunamannahreppi brosi að þessum niðurstöðum, sem fengnar eru beint úr opinberum skýrslum. Ja, ef það er svo, að bændur geti haft það sem skemmtiatriði, að töðufengurinn af túnum þeirra minnkar um 10 hestburði af hektara á 15 árum, er minni vandi að matreiða fyrir þá skemmtiefni en annað fólk í landinu. Ég vil aðeins geta þess, að það er heldur óhægt um vik fyrir mig að rökræða þetta í einstökum og smáum atriðum við hæstv. ráðh., þar sem ég hef takmarkaðan ræðutíma, en hann ekki. Þó skal ég aðeins minnast á það af gefnu tilefni, að á þeim fundi austur á Flúðum í Hrunamannahreppi, þar sem ég skýrði þetta mál hreinlega upp úr Tölfræðihandbókinni, sem Hagstofa Íslands hefur gefið út, — á þeim fundi var hæstv. ráðh. staddur, en þar sagði hann ekki neitt. Hann hefur sjálfsagt ekki viljað spilla skemmtun bænda. En hvað um það, ég lít svo á, að það ætti að vera ekki einasta þessum ráðh., heldur allri ríkisstj. stórt umhugsunarefni, og ég beini því til hennar allrar. Hún telur sig þurfa að gangast fyrir frjálsari verzlunarháttum en hér ríktu fyrir hennar tíð. Og hún hefur gert það í ýmsum atriðum, ég viðurkenni það. En í þessum atriðum hefur hún gengið hina leiðina. Hún hefur gert einokunina harðari og þungbærari bændum en í nokkru öðru atriði.

Ég hef gert till. hér ásamt fleiri þm. um það, að verzlun með áburð verði gefin frjáls, eins og önnur verzlun í landinu, og nú vil ég spyrja ríkisstj. alla, ekki bara hæstv. landbrh., heldur líka ríkisstj. alla: Hver eru rökin til þess, að hún hefur komið á harðari einokun með áburð en var fyrir hennar tíð, á sama tíma sem hún hefur talið nauðsynlegt að gera aðra verzlun í landinu frjálsari? Það má vel vera, að hægt hafi verið að segja, að einhverjir þeir aðilar, sem fyrir voru í landinu, hafi getað sagt: Við flytjum inn þessa eða hina vöru, matvöru, hreinlætisvöru eða hvað það nú var, á lægsta hugsanlegu heimsmarkaðsverði. Við ættum að fá að selja hana einir. — Þetta hefur ekki verið gert nema í þessu eina tilviki, það ég veit. Um áburðinn hefur verið hert á öllum einokunarviðjum, og ég spyr: Hver er skýringin á því?

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er illt að heyra, að heimildin, sem var samþ. í fyrra um að heimila ríkisstj. að athuga um kaup á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar, skuli ekki hafa verið notuð, vegna þess að hvað sem hæstv. landbrh. segir um áburðinn og þó að hann noti fyrirspurnatímann til þess að kenna okkur áburðarfræði, er mér kunnugt, að bændurnir í landinu eru mjög óánægðir með þessa framleiðslu. Ég veit, að á sumum verzlunarstöðum var það athugað þannig, að menn voru látnir panta, hvaða áburð þeir vildu, og það voru örfáir, sem vildu fá Kjarna. T. d. í Eyjafirði munu það ekki vera fleiri en fingur annarrar handar, fjöldinn af þeim bændum, sem vildu taka Kjarnann. Ég held, að þetta segi sína sögu. Og sannleikurinn er sá, að sum árin a. m. k. hefur þessi vara verið þannig, að ef það hefðu verið bændurnir, sem hefðu ætlað að selja hana, hefði það ekki verið talin forsvaranleg framleiðsla. Þannig hefur þessi áburður verið, þó að ég ætli alls ekki að fara út í notagildi áburðarins eða að kenna áburðarfræði.

Ég varð dálítið hissa á því, sem kom fram, að bændur fyrir austan fjall hefðu verið brosandi á þessum fundi yfir heimsku þm., sem hann var að tala um í sambandi við þetta, því að þeir trúðu mér fyrir því þar og sumir af vildarvinum ráðh., að þeir hefðu tekið það óyndisúrræði að panta tóman garðáburð á túnin sín til þess að þurfa ekki að taka Kjarnann. En frelsið í þessum málum er þannig, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að fyrst þarf að taka það magn af Kjarnanum, sem framleitt er, og síðan náttúrlega mega menn alltaf taka það, sem þeir vilja. Ef t. d. helmingur af köfnunarefnisáburðinum er Kjarni, verður maður fyrst að taka það og síðan að velja. Það er þetta frelsi, sem ráðh. er alltaf að hæla sér af í þessum efnum.

Nei, þessi mál eru þannig, að það er alveg brennandi spursmál um það að hefjast handa þarna með að breyta þessari verksmiðju. Það er ekkert um það að ræða, og þessi framleiðsla er þannig, að ég held, að menn líði það eingöngu vegna þess, að þeir eru að vonast til þess, að úr verði bætt á næstunni. Ég varð fyrir því í hittiðfyrra, að við fengum heilan bíl frá Akureyri, og það mátti berja sundur hvern einasta poka. Það kann að vera, að hæstv. landbrh. telji þetta forsvaranlega vöru. En ég er hræddur um, að bændurnir mundu brosa að honum, ef hann héldi því fram.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. sagði hér áðan, að það hefði ekki þótt ástæða til að breyta áburðarverzluninni. Það væri miklu hentugra, að ríkið keypti útlendan áburð, sem þarf að nota, í einu lagi. Þá væri hægt að tryggja, að hér væri nóg af þessari vöru og það væri hægt að komast að miklu betri kaupum með því að gera innkaupin öll í einu lagi og kaupa þá dálítið mikið.

Mér þótti þetta nýstárleg kenning úr munni ráðh., sem telst til Sjálfstfl. Mér hefur skilizt fram að þessu, að þeir hefðu frjálsa verzlun á sinni stefnuskrá, en þetta er eitthvað að breytast. Úr því að þetta gildir um tilbúinn áburð, hlýtur það að gilda um fleiri vörur. Þeir hljóta þá að vilja stofna ríkisverzlun til þess að verzla með aðrar nauðsynjar, sem við kaupum frá öðrum löndum. Það er miklu auðveldara samkvæmt hans orðum að tryggja, að nóg sé til af nauðsynjavörum í landinu, ef þetta er keypt af ríkinu í einu lagi og það er hægt að komast

að betri kjörum við kaupin, ef keypt er mikið í einu. Það er nú það.

Alltaf heyrir maður eitthvað nýtt. Nú vil ég minna á, að hæstv. viðskmrh. hefur að undanförnu, þegar hann mætir á aðalfundum Verzlunarráðs Íslands, flutt þar mjög merkilega fyrirlestra um landbúnaðarmál. Nú vildi ég stinga upp á því, að hæstv. landbrh. mæti á næsta aðalfundi Stéttarsambands bænda og flytji þar fyrirlestur um viðskiptamál og boði þessa nýju kenningu sína og síns flokks, að það sé miklu betra, að ríkið taki alla utanríkisverzlunina í sínar hendur. Það fáist betri innkaup og þá sé tryggt, að það verði nóg til af nauðsynjavörum í landinu. Þetta væri verkefni fyrir hann svona til mótvægis við landbúnaðarfyrirlestra starfsbróður hans á aðalfundum Verzlunarráðsins.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að segja, að það er engin fyndni í þessu, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. var að segja hér áðan. Áburðurinn er alveg sérstök vara. Hann er fluttur inn í einu og notaður aðeins einu sinni á ári, að vorinu til. Þetta er vara, sem er seld álagningarlaus, og við getum talað um að hafa frjálsa verzlun með áburð. Hverjir mundu fást til þess að verzla með áburð og hvaða trygging væri fyrir því, að nægilegur áburður væri til í landinu að vorinu til, ef ekki væri skipulag á þessu? Og hv. 1. þm. Norðurl. v. hefði getað sparað sér að fara upp í ræðustólinn til þess að snúa að nokkru leyti út úr því, sem ég sagði, a. m. k. að leggja alveg skakka meiningu í það, því að hv. þm. veit, að viðskipti með áburð eru allt annars eðlis en með almennar vörur. Það getur þess vegna algerlega samrýmzt að tala máli frjálsrar verzlunar, þótt það sé viðurkennt, að verzlun með áburð fari bezt í því formi, sem hún er nú. Hitt er svo annað mál, að það getur vel verið, að á aðalfundi Stéttarsambands bænda sé ástæða til að tala að einhverju leyti um viðskiptamál. En þess gerist ekki þörf í sambandi við áburðarmálin, vegna þess að þeir vilja, að Áburðarverksmiðjan verði stækkuð og áburðarverzlunin fari fram á hennar vegum. Það vilja bændurnir, sem eiga að nota áburðinn, vegna þess að þeir telja hagsmunum sínum bezt borgið með þeim hætti.

Við erum að tala um það að stækka Áburðarverksmiðjuna til þess að verða sjálfum okkur nógir með áburð, og ég held, að hv. 6. þm. Sunnl. hafi einhvern tíma sagt, að þetta væri eðlilegt. En er þá eðlilegt á sama tíma að tala um, að það sé frjálst að flytja inn áburð? Væri mögulegt að reka Áburðarverksmiðjuna, ef það ætti svo að fara að hafa innflutning á áburði, jafnvel þótt það væri á sama verði og Áburðarverksmiðjan getur selt hann fyrir? Nú er það svo, að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur starfað í 15—16 ár. Hún hefur alltaf selt áburðinn á samkeppnisfæru verði og ekki hærra verði en sams konar áburður innfluttur hefði kostað. Eftir að Áburðarverksmiðjan hefur verið stækkuð og hún fer að framleiða algildan áburð, verður vitanlega einnig að hafa þetta sjónarmið. Hvernig er það t. d. með Sementsverksmiðjuna, sem að ýmsu leyti er hliðstæð? Mér er sagt, að hún hafi selt sementið, síðan hún tók til starfa, á samkeppnisfæru verði við innflutt sement. Eigi að síður mundi vera hægt að selja útlent sement hér á markaðnum, ef það væri frjálst að flytja það inn. Og hvernig væri þá með rekstur Sementsverksmiðjunnar? Ég skil ekki, hvers vegna menn eru með slíkt tal eins og hér hefur komið fram í dag í sambandi við Áburðarverksmiðjuna. Ég skil ekki, að sömu menn tali um frjálsa verzlun með áburð og óska eftir því og telja það rétt að stækka Áburðarverksmiðjuna og byggja hana upp að nýju. Þetta fer ekki saman. Og þess vegna er grundvöllurinn undir þessu tali algerlega brostinn. Hann er brostinn alveg jafnt fyrir því, þótt það verði endurtekið og fullyrt, að bændurnir séu í einokunarfjötrum í áburðarmálunum og Kjarninn sé slæmur áburður. Það má vel vera, að einhverjir bændur óski frekar eftir að fá öðruvísi köfnunarefnisáburð en Kjarna. Ég hygg, að það sé þá aðallega vegna þess, að kornastærðin á Kjarnanum er minni en hún á að vera og stundum óþægilegt að bera hann á, ef ekki er logn. En köfnunarefnið í Kjarnanum er sams konar köfnunarefni og í öðrum köfnunarefnisáburði og nýtur sín þess vegna á túnunum, svo framarlega sem það er ekki misnotað.

Hv. 6. þm. Sunnl. talar um, að ég muni ekki hafa reynt að prútta um verðið á þessum hlutabréfum. Ég held, að það hafi nú verið alveg tilgangslaust, eins og fram kemur. Það eru ýmsir hluthafar, sem hafa sagt nei. Þeir hafa ekki viljað selja fyrir fimmfalt verð, og enn hafa nokkrir stórir hluthafar ekki svarað og eru að hugsa sig um. Hluthafarnir vissu um heimildina samkvæmt lögum, sem samþ. voru í vor. Og í þessu tilfelli var alveg tilgangslaust að reyna að prútta við ríkið, vegna þess að bréfin fást ekki fyrir minna. Ég man ekki, hvort hv. 6. þm. Sunnl. samþ. þessa löggjöf. En það var áreiðanlega mikill meiri hl. Alþ., sem það gerði, og þar með var verðið á bréfunum ákveðið. Margir hluthafar hafa sagt, að þeir væru til með að selja hlutabréfin, ef þau væru greidd út í hönd, en það var gefinn kostur á því, að þau væru greidd á fimm árum, og þá er talið, að það sé a. m. k. 10—15% afsláttur. Þannig hefur raunverulega verið prúttað við hluthafana. Vona ég, að hv. þm. sé þá í hjarta sínu samþykkur því, að ég gæti hagsmuna ríkisins, þegar það á við.

Það má viðurkenna, að Þjóðviljinn er búinn að leiðrétta það, sem stóð í blaðinu á sunnudaginn, þegar hann var að gera tortryggilega söluna á gamla póst- og símahúsinu á Selfossi. Það var spurningarmerki við feita fyrirsögn þvert yfir blaðið: „Hefur Ingólfur komið þarna nálægt?“ Þetta er leiðrétt í blaðinu í dag, en með smáu letri og ekki á áberandi stað, þannig að það gæti verið, að einhverjir, sem hefðu lesið blaðið á sunnudaginn, sæju ekki leiðréttinguna, og væri það þá í

samræmi við það, sem sumir iðka nú, að ala á tortryggni.

Ég held, að ég sjái ekki ástæðu til þess að segja meira í tilefni af því, sem fram hefur komið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir ástæða til þess að vekja athygli á því í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, að það er sannarlega kominn tími til þess að breyta þeim reglum, sem gilda á Alþ. um fsp. og ræðutíma ráðh.

Að þessu sinni höfum við hlustað á, að hér hefur verið borin fram fsp. Hún var rökstudd með nokkrum orðum og lesin upp. Síðan kemur ráðh. upp í ræðustólinn, og hann byrjar ekki á því að svara fsp., heldur á því að halda langa skammaræðu (**Gripið fram í:** Til þess að svara skammaræðu.) Til þess að svara skammaræðu? Hann hafði ekki verið skammaður neitt. Fsp. höfðu verið rökstuddar. Og hann heldur síðan langa skammaræðu yfir þm. Og þegar hann í lok máls síns víkur að fsp., er það ekki nema rétt í hliðargötu og má þá vitanlega ekki vera að því að svara þeim með eðlilegum hætti. Þetta er vitanlega alveg óþolandi, og það á að breyta þessum reglum, eins og fulltrúar frá öllum þingflokkum lögðu til og till. liggja fyrir um í þinginu.

Það er alveg sérstakt með hv. landbrh., hvernig hann hagar sér yfirleitt í þessum efnum, því að hann virðist ekki skilja, til hvers fyrirspurnatíminn er. Það er svo auðvitað mál út af fyrir sig, hvernig hann ræðir um þessi mál. Þegar hann fer að skamma fyrirspyrjanda í þessu tilfelli og bera honum á brýn fávizku í sambandi við þau mál, sem hér var verið að ræða um, hlaut hæstv. ráðh. auðvitað fljótlega að reka sig á, að hans málflutningur allur hlaut að hljóma allundarlega í eyrum þm., sem eitthvað hafa fylgzt með því, sem var að gerast í landinu.

Hæstv. landbrh. þarf ekki að halda, að það hafi aðeins verið hv. fyrirspyrjandi, hv. 6. þm. Sunnl., sem hafi heyrt það frá bændum í landinu, að þeir væru óánægðir með þann áburð, sem þeir yrðu að kaupa, vegna þess að við aðrir alþm. höfðum lesið fjöldamargar samþykktir, sem komið hafa frá samtökum bænda í landinu, þar sem þeir gera kröfu um að fá m. a. fullt frelsi til þess að velja þann áburð, sem þeir þurfa að nota. Þetta hefur ekki getað farið fram hjá hæstv. ráðh. Framámenn í landbúnaðarmálum úr einstökum héruðum hafa komið fram í útvarpi með þætti, þar sem þeir gerðu kröfu um að fá þennan rétt. Svo kemur hæstv. landbrh. og segir yfir okkur alþm., að þetta sé bara fávizka eins þm., að vera að halda þessu fram. Hvað á svona málflutningur að þýða? Og þetta á að vera í svörum við tiltekinni fsp.

En það var svo margt annað, sem var fróðlegt í svörum hæstv. ráðh. eða í ræðumennsku hans. Þó er aðeins eitt, sem ég hef tíma til í mínum takmarkaða ræðutíma að minnast á. Það kom auðvitað í ljós, að hann vill viðhalda því verzlunarformi, sem nú á sér stað með áburð í landinu og hann er manna mest ábyrgur fyrir, því að hann knúði það í gegn með mikilli hörku á sínum tíma að leggja raunverulega niður þá stofnun, sem starfað hafði um alllangan tíma, Áburðarverzlun ríkisins, og leggja hana undir stjórn Áburðarverksmiðjunnar, þannig að það væri alveg tryggt, að öll sjónarmið þess rekstrar yrðu ráðandi í sambandi við sölu á áburði. En nú segir hæstv. ráðh.: Það væri alveg ómögulegt að reka Áburðarverksmiðjuna nema tryggja henni þennan einokunarrétt. Hún verður, jafnvel þó að hún framleiði hér áburð við samkeppnisfæru verði, að hafa þennan rétt. Annars væri ekki hægt að reka hana. Það er fróðlegt í þessu efni að minnast á það, að þetta var eitt af því, sem við í hinni margumtöluðu EFTA-nefnd spurðum hina erlendu sérfræðinga um, sem hér mættu hjá okkur, hvernig yrði nú t. d. um rekstur Áburðarverksmiðjunnar og Sementsverksmiðjunnar samkvæmt EFTA-reglunum, hvort við hefðum þá leyfi til þess að reka þessar verksmiðjur á þann hátt, sem við gerum, að banna innflutning eða láta þær hafa sérrétt í sambandi við þessi efni. Og við fengum auðvitað alveg skýlaust þau svör, að samvæmt EFTA-reglunum væri þetta óheimilt. Nei, það mun fara þannig fyrir þessum hæstv. ráðh., að það verður nokkuð erfitt fyrir hann að ætla að halda uppi slíkum reglum, sem hann vill hafa hér almennt í verzlunarmálum í landinu, eins og sérreglum í hverju einstöku tilfelli, þar sem honum þykir það henta. Það getur orðið nokkuð erfitt.

Ég held, að það sé sannarlega kominn tími til þess að breyta um skipan í sambandi við áburðarsölumálin. Þar ríkir hið mesta ófremdarástand, á því er enginn vafi. Enda er það svo, að þegar t. d. bóndi kemur hérna upp í ræðustólinn til þess að ræða um þessi mál, — bóndi úr Eyjafirði, sem hér talaði, — þurfti ekki lengi að hlusta til þess að heyra, hvers konar óánægja er um framkvæmdina á áburðarsölunni hjá bændum. En það virðist vera svo, að hæstv. landbrh. hafi ekki skilið það enn. Hann ætlar enn að lemja hausnum við steininn.

Vegna þess að ræðutími minn er búinn, skal ég ekki syndga verulega með því að fara fram yfir tilsettan tíma, en ég tel, að einmitt það, sem hefur gerzt í þessum málum í þessum fyrirspurnatíma, sýni mönnum, að það er orðin knýjandi nauðsyn að breyta þingsköpum varðandi fyrirspurnatíma, því að svo eru þeir misnotaðir af hálfu ráðh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. talaði um það, að ég hafi misnotað mína aðstöðu og talað of lengi um annað en kom þessari fsp. við. En það var nú einhver, sem skaut fram í hjá hv. þm. áðan, að ég hefði notað tímann til þess að halda skammaræðu og svara skammaræðu, sem hv. fyrirspyrjandi hafi haldið. Við skulum láta það liggja á milli hluta, hvort það hafi verið skammaræða, sem hv. 6. þm. Sunnl. flutti eða hvort ég hafi flutt skammaræðu. En það held ég, að engum geti blandazt hugur um, að ég

þurfti að nota nokkurn tíma og eðlilegt var að ég notaði hann til þess að svara því, sem hv. 6. þm. Sunnl. talaði um áburðarmálin og ekki kom þessari fsp. við, sem hér er til umr. Ég held, að hv. þm. hafi talað nærri 15 mínútur, áður en hann kom að því að ræða fsp. Hv. 4. þm. Austf. hefur ekkert við þetta að athuga. Stundum hefði nú verið sagt, að þetta væri hlutdrægni. En ég skal ekki tímans vegna fara út í það. Það er oft, að menn eru blindir í eigin sök, og ég skal ekki fara að dæma hv. 4. þm. Austf., þótt því sé samt þannig farið með hann.

Hv. þm. talaði um, að það væri táknrænt, að hér hefði komið upp í pontuna bóndi úr Eyjafirði, hv. 5. þm. Norðurl. e., og lýst óánægju yfir Kjarnanum. En það var þá einnig táknrænt, að þessi hv. þm. lagði áherzlu á, að Áburðarverksmiðjan væri stækkuð sem fyrst og hún framleiddi fjölbreyttan áburð. En er það í samræmi við það, sem hv. 4. þm. Austf. var að tala um hér? Er það í samræmi við það að segja, að innflutningur á áburði eigi að vera frjáls? Ég held, að við getum hætt þessum orðaleik. Um leið og við viljum stækka Áburðarverksmiðjuna og búa þannig um, að hún geti framleitt nægilegan áburð fyrir landsmenn og fjölbreyttan áburð, verður auðvitað að tryggja, að framleiðsla verksmiðjunnar seljist. Og það verður einnig að tryggja, að framleiðsla Sementsverksmiðjunnar seljist. Hv. 4. þm. Austf. segist hafa varað við þessu, þegar rætt var um EFTA-sáttmálann. En skyldi það þá ekki vera eitt af þeim atriðum, einn af þeim fyrirvörum, sem við þurfum að hafa, þegar við göngum í EFTA, svo að við getum a. m. k. selt framleiðslu þessara verksmiðja í landinu? Ef við getum fengið eins hagstæðan markað erlendis fyrir þessa framleiðslu, þá gæti verið, að ekki kæmi að sök, þó að fluttur væri inn áburður. En það verður vitanlega að vera nr. 1, að við getum selt framleiðslu þessara verksmiðja, annars getum við ekki rekið þær. Við skulum tala í fullri hreinskilni um það. En um leið og við viljum tryggja, að vörurnar seljist, verður að búa þannig um hnútana, að þessar vörur seljist til landsmanna, að það sé fært að selja þær til landsmanna á samkeppnisfæru verði, og það hefur Sementsverksmiðjan gert, það hefur Áburðarverksmiðjan gert til þessa, og þannig þarf einnig að verða eftirleiðis.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það var nokkuð talað um það, þegar ráðgerð var bygging Áburðarverksmiðjunnar, að það mundi stafa sprengihætta af Kjarnanum, og það hefur á sannazt nú og áður, þótt það hafi verið með nokkuð öðrum hætti en menn gerðu þá ráð fyrir.

Það er oft eins og það sé erfitt að tala um áburðarmálin af fullri rósemd. Menn gerðu sér strax grein fyrir sprengihættunni, þó með nokkuð öðrum hætti en vænzt var. En það er svo að sjá, að menn hafi síður gert sér grein fyrir því í byrjun, að áburðarframleiðslan, Kjarninn, var einhliða áburður, köfnunarefni eingöngu. Og ég er hræddur um, að það hafi skort nokkuð á fullnægjandi leiðbeiningastarfsemi í sambandi við notkun Kjarnans og við notkun tilbúins áburðar yfirleitt, allt frá því að farið var að nota tilbúinn áburð á Íslandi. Hitt er svo óumdeilanlegt, að framleiðsla verksmiðjunnar var gölluð frá byrjun að því leyti, að kornastærðin var allt of lítil. Hún lagaðist lítils háttar frá því, sem hún var í upphafi, en ekki nándar nærri svo að viðunandi væri. Það hafa verið gerðar töluvert miklar og kostnaðarsamar tilraunir til þess að laga kornastærðina, en þær hafa allar mistekizt að mestu, og situr við það enn. Og framleiðslan er gölluð að þessu leyti. En ég hygg, að það hafi ekki verið sannað, að efnasamsetningin í Kjarna sé óeðlileg né frábrugðin efnasamsetningu annars nítratáburðar, sem er með stærri kornum.

Það er ákaflega brýn nauðsyn fyrir bændastéttina og landbúnaðinn, að framleiðslunni í Gufunesi verði breytt, að það verði byggð ný verksmiðja, sem geti framleitt áburð af venjulegri kornastærð og af fleiri gerðum heldur en nú er hægt að framleiða þar. Og ég verð að segja, að í því máli finnst mér illa rekin tryppin af hálfu hv. ríkisstj. undir forustu hv. landbrh., því þetta er ekki nýtt, þetta mál hefur verið í undirbúningi lengi, og ég veit ekki betur en það hafi farið fram mjög miklar kannanir til margra ára varðandi nýja verksmiðju, en ekkert orðið af framkvæmdum enn. Og það fást aldrei neinar ákveðnar upplýsingar um það, hvenær þeirra megi vænta, sem er þó aðalatriðið.

Hér hefur verið rætt um verzlun með tilbúinn áburð og það gagnrýnt, að hún skuli vera á einni hendi. Þetta hefur oft verið gagnrýnt á ýmsum fundum bænda. En hins vegar hafa landssamtök bænda hikað við að krefjast þess, að verzlun með innfluttan áburð yrði gefin frjáls. Það var alls ekki út í bláinn, að sett var á fót einkasala á þessari vörutegund á sínum tíma. Það var gert fyrir tilstuðlan stjórnmálamanna, sem voru nátengdir bændastéttinni. Og það er ýmislegt komið til í sambandi við innflutning á tilbúnum áburði, eins og hv. ráðh. vék aðeins að, sem gerir það að verkum, að það er jafnvel ennþá nauðsynlegra en það var þá að hafa áburðarinnflutninginn á einni hendi, á einum stað, og fer ég ekki nánar út í það tímans vegna. En ég vil láta það koma fram hér, að landssamtök bænda hafa hikað við að krefjast þess, að verzlun með tilbúinn áburð yrði gefin frjáls að þessu leyti. Hins vegar hafa bæði almennir bændafundir og einnig landssamtök bænda óskað eftir meira valfrelsi um innfluttan áburð. Valfrelsið hefur þá fyrst komið til greina, að því er köfnunarefnisáburðinn varðar, þegar búið er að nota Kjarnann frá Áburðarverksmiðjunni.

Vissulega er stjórnarvöldum töluverður vandi á höndum, því ef reka á Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, þá verður auðvitað að vera hægt að selja hennar framleiðslu. En það hefði vissulega verið í meira samræmi við ýmsar aðrar aðgerðir hv. ríkisstj. varðandi innlendan iðnað að láta menn sjálfráða um það, hvaða áburð þeir keyptu. En það er augljóst, að þarna er stjórnarvöldum töluverður

vandi á höndum. Það er hins vegar rétt, að stjórn Áburðarverksmiðjunnar og þá um leið Áburðarsölunnar, eins og hún er núna rekin, hefur haft nokkurt samráð um það við forustumenn bænda gegnum Búnaðarfélagið og Stéttarsambandið, hvað inn er flutt af tilbúnum áburði með fyrrnefndum takmörkunum þó.

Með þessari fsp. hv. fyrirspyrjanda er komið inn á mjög alvarlegt mál, sem hefur verið bændum um langa hríð þungt áhyggjuefni, því afraksturinn af túnunum hin síðari ár hefur ekki svarað til aukinnar túnstærðar og aukinnar áburðarnotkunar. En ég verð að segja, að a. m. k. að sumu leyti fannst mér hv. fyrirspyrjandi ganga nokkuð langt, er hann komst svo að orði, að það mætti jafnvel reikna með því, að bændur hefðu haft 400 millj. betri afkomu á s. l. ári ef ekki hefðu þeir goldið Kjarnans. Þarna grípur náttúrlega svo ótalmargt inn í, eins og hann reyndar kom líka inn á sjálfur í sinni ræðu, m. a. beitin haust og vor og kólnandi veðurfar, sem er ákaflega stórgjörandi í þessu efni. — Það hafa verið birtar fróðlegar skýrslur um það frá löngu árabili, hvernig kólnandi veðurfar á ýmsum tímum hefur haft stórkostleg áhrif á afrakstur landbúnaðarins. — Það er erfitt að gera það upp í einstökum atriðum, hvað veldur hverju. En minnkandi afrakstur af túnum er alvörumál. Og það verður kannske ennþá ljósara, hversu alvarlegt þetta mál er, ef litið er á heildarmagn afurða landbúnaðarins annars vegar og notkun kjarnfóðurs og áburðar samanlagt hins vegar. Þá kemur í ljós, að þrátt fyrir aukningu í mjólkurframleiðslu, er ekkert samræmi þar á milli. Og þá er það spurningin, hvað af þessu er af völdum veðurs og hvað af öðrum ástæðum og þá hverjum. Hér er, eins og svo víða í okkar atvinnumálum og þá ekki síður í landbúnaði en öðrum, að það er geysilega mikið verk óunnið á sviði rannsókna og tilrauna. Og það eru í sjálfu sér aðalatriðin í þessu máli, sem hér hefur komið fram í fyrirspurnarformi, annars vegar það, að rannsóknir verði efldar stórlega og hins vegar, að bráður bugur verði undinn að því að endurbæta áburðarframleiðsluna íslenzku.

12. Aðstoð við fátækar þjóðir.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um aðstoð við fátækar þjóðir [41. mál, 3] (A. 42).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 13. nóv., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. 24. okt. s. l., á degi Sameinuðu þjóðanna, birtist opinber áskorun til Alþ. og ríkisstj. undirrituð af 125 einstaklingum frá öllum flokkum og stéttum að ég hygg. Þetta ávarp var svo hljóðandi, með leyfi hv. forseta:

„Við undirrituð beinum þeirri áskorun til Alþ. og ríkisstj., að á þessum vetri verði með löggjöf hafizt handa um undirbúning að aðstoð Íslands við þróunarlöndin.

Okkur er ljóst, að Ísland á í efnahagserfiðleikum um þessar mundir, en bendum á, að fjölmargar fjölmennar þjóðir í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku eiga við ótrúlega neyð að búa. Við teljum, að það sé skylda íslenzku þjóðarinnar, þrátt fyrir núverandi örðugleika, að hefjast handa og aðstoða þessar nauðstöddu þjóðir."

Nú í nokkur ár hafa hliðstæðar áskoranir verið samþykktar af mjög mörgum félagasamtökum í landinu, ekki sízt samtökum ungra manna af ýmsu tagi, bæði innan stjórnmálaflokka og utan þeirra, og á það hefur verið bent í þeim ályktunum, að Ísland tæki ekki þátt í aðstoð, sem hefði vaxið mjög á undanförnum árum, frá ríkjum, sem hafa haft sæmilegan efnahag, efnahag svipaðan okkar. Mörg þessi ríki stefna nú að því að reyna að framkvæma það mark, sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu á sínum tíma, að við það yrði miðað, að slík aðstoð næði 1% af þjóðarframleiðslu. Ég hygg, að býsna margar þessar þjóðir stefni að því að reyna að ná því marki 1975. Skipulegt framtak okkar hefur hins vegar ekkert verið að öðru leyti en því, að fyrir 3 árum beitti ungt fólk sér fyrir söfnun af miklum dugnaði, og undirtektir almennings undir þá söfnun urðu mjög góðar. Þá safnaðist miklu hærri upphæð á stuttum tíma en menn gerðu sé vonir um. Þetta fé hefur verið notað og notkunin skipulögð af þeim samtökum, sem nefnast Herferð gegn hungri, en skipulegar aðgerðir af hálfu hins opinbera hafa engar orðið. Sé hins vegar ætlunin, að Íslendingar taki þátt í þessu starfi, þá verður ekki undan því komizt, að hv. ríkisstj. hafi forustu um það mál. Þarna er um að ræða það víðtæka aðstoð, að hún verður ekki skipulögð, án þess að hún sé tengd við aðra þætti í efnahagskerfinu, og þess vegna hefi ég leyft mér að spyrjast fyrir um það, hvort hv. ríkisstj. hyggist beita sér fyrir því, að slík áætlun um skipulega aðstoð Íslendinga við fátækar þjóðir verði gerð og stefnt að því marki, að aðstoðin verði 1% af þjóðarframleiðslunni árlega eftir einhvern tiltekinn tíma.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að fyrir þessum málum er víða mjög mikill áhugi, en ég efast þó um, að það séu margar þjóðir, sem enn hafa orðið við þeirri áskorun Sameinuðu þjóðanna, sem

hann vitnaði til, og væri það út af fyrir sig fróðlegt að fá að vita, hvaða þjóðir það eru, ef hv. þm. hefur um það skýrslu, úr því að hann vitnaði til annarra í þessum efnum.

Um aðstoð Íslendinga til fátækra þjóða er það annars að segja, að Íslendingar hafa eftir fremstu getu tekið þátt í ýmiss konar alþjóðlegum söfnunum í hjálparskyni og þá oftast nær verið í allra fremstu röð, miðað við mannfjölda, eins og vitanlega eingöngu er hægt að miða við í þessu sambandi. Þrátt fyrir það eru þær fjárhæðir, sem við höfum getað látið öðrum í té, sáralitlar miðað við það, sem aðrar stærri og meiri þjóðir, auðugri þjóðir, hafa getað gert. Ég hygg, að segja megi, að hjá okkur sé um að ræða oft innan við tug millj. eða kannske um einn tug eða tvo tugi í allra mesta lagi, þegar mest hefur verið safnað hér í þessu sambandi. Ef látið yrði 1% af þjóðarframleiðslu, mundi þar vera um að ræða hundruð millj., svo að það er ljóst, að eins og sakir standa, höfum við því miður ekki efni á slíkri aðstoð, enda gat hv. þm. þess, að þarna er miðað við langan tíma, og þá er eðlilegt, að aðstoðin sé smáaukin, enda munu ráðagerðir, þar sem málinu hefur verið hreyft annars staðar, stefna í þá átt.

En þá er þess að geta, að á Alþ. var samþ. hinn 31. marz 1965 svo hljóðandi áskorun til ríkisstj.:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, með hverju móti Ísland geti tekið virkari þátt en nú er í því að veita þróunarlöndunum aðstoð til eflingar efnahagslegum framförum þar og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir Alþ. að henni lokinni.“

Þessi till. hygg ég að hafi í upphafi verið flutt af hv. 12. þm. Reykv., Ólafi Björnssyni. Nefnd var síðan skipuð til þess að fjalla um þetta mál, og var formaður hennar tillöguflytjandinn, prófessor Ólafur Björnsson. Þessi n. skilaði áliti, sem er dagsett 11. okt. 1966, eða við getum sagt bráðabirgðaáliti, sem er í bréfi til utanrrh., og er þar lagt til, að skipuð verði sérstök stjórn til þess að fara með og fjalla um þessi mál af Íslendinga hálfu, en jafnframt er lagt til, að á fjárl. 1967 verði veittar 15 millj. kr. í þessu skyni. Þá var farið að verða erfiðara um fjáröflun hér, og hefur Alþ. hvorki við samningu fjárl. fyrir 1967 eða 1968 treyst sér að veita fé í þessu skyni, og þar af leiðandi hefur ríkisstj. ekki talið tímabært að flytja það frv. um sérstaka stofnun eða stjórn til þess að annast meðferð málanna, sem gerð var till. um í bráðabirgðaáliti n. frá því haustið 1966, enda var þar eingöngu um bráðabirgðaálit að ræða. Nú er mér tjáð, að n. ráðgeri að skila fullnaðaráliti með till. sínum í málinu. Og ég hygg, að allir ættu að geta sameinazt um það, að eðlilegt sé, að beðið verði með tillögugerð og ráðagerðir, þangað til þetta álit liggur fyrir.

Út af fyrir sig gæti ég hugsað mér, að hægt væri að koma af stað stofnun til þess að íhuga þessi mál, jafnvel þó að fjárveitingar væru litlar í fyrstu, eins og þær hljóta að verða til að byrja með, eins og nú standa sakir, því að þetta mál krefst mikillar athugunar, og verður að miðast við langan tíma, eins og einnig kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. En án þess að eitthvert fé sé veitt til þess af hálfu ríkisvaldsins eða tryggð fjárframlög annarra íslenzkra aðila, tel ég út í bláinn að skipa n. til þess að ráðstafa því fé, sem þá væri ekki fyrir hendi. En ég vonast til þess, að þetta heildarnál. geti komið áður en mjög langt um líður og þá verði hægt að taka málið upp að nýju.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við það að bæta, sem hæstv. forsrh. sagði um störf n. þeirrar, sem skipuð var samkvæmt þáltill. í lok marz 1965. N. var skipuð sama haust og skilaði bráðabirgðaáliti, eins og hæstv. forsrh. gat um, haustið 1966. En ég vildi aðeins leyfa mér að fara örfáum orðum um ástæðuna til þess dráttar, sem orðið hefur á því, að n. skilaði endanlegu áliti, og vil ég engan veginn sem formaður n. skorast undan því að bera höfuðábyrgð á þeim drætti, enda var mér fyrst og fremst falið að vinna að nál.

Það er tvennt, sem þar kemur til. Í fyrsta lagi mjög breytt viðhorf í efnahagsmálum frá því að þessi mál voru til athugunar hjá hv. ríkisstj. veturinn 1966—67, og hjá því verður ekki komizt að taka tillit til þeirra og miða endanlegar till. við það. Í öðru lagi átti ég kost á því í árslok s. l. árs að sitja sem einn af fulltrúum Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna og þá um leið að kynna mér meðferð þessara mála miklu ýtarlegar en ég hafði átt kost á áður hjá Sameinuðu þjóðunum og viða að mér allmiklu efni um þau atriði, sem mér því miður hefur ekki enn gefizt tími til að ganga alveg frá. En ég vænti þess, að á því þurfi ekki að verða löng bið, að þetta nál. liggi fyrir, og það er áreiðanlega vilji okkar allra þriggja, sem í n. eigum sæti, að ekki standi á því.

Ég vil taka það fram, að þó að þeir erfiðleikar í efnahagsmálum okkar, sem öllum eru kunnugir, hljóti að hafa sín áhrif á framvindu þessara mála, er skoðun mín óbreytt á því, frá því að ég flutti þessa þáltill., að Íslendingar eigi að láta málin miklu meira til sín taka heldur en þeir hingað til hafa gert. Það munu vera um ¾ hlutar mannkynsins, sem byggja hin vanþróuðu lönd, og við tökum það mikinn þátt í alþjóðlegu samstarfi, að við getum ekki látið okkur óviðkomandi málefni þessara landa. Þó að ég hafi að vísu á sínum tíma varað við því að blanda allt of mikið saman markaðsmálum og aðstoð við þróunarlöndin og sú skoðun mín sé í rauninni óbreytt enn, þá má þó hafa hliðsjón af því, að í framtíðinni hljóta að opnast verulegir markaðir í þessum löndum. Og ég hygg, að það mundi greiða mjög fyrir aðgöngu okkar að þeim mörkuðum, að þessar þjóðir hefðu ekki eingöngu kynnzt okkur sem kaupsýslumönnum heldur líka, að við hefðum, eftir því sem efni og geta okkar standa til, tekið þátt í aðstoðinni við þróunarlöndin.

En ég vil að lokum aðeins benda á það, að okkur nm., — ég fullyrði, að ég megi þar tala fyrir munn okkar allra, — er ljóst, að mikið átak þarf til þess að

upplýsa þjóðina um þessi mál. Þess er að vænta, að aðgerðir í þessu efni njóti almennari stuðnings en nú er. Og eitt af því, sem ég tel nauðsynlegt, að menn geri sér ljósara en nú, er, að ekki má blanda saman alþjóðlegri líknarstarfsemi og aðstoð við þróunarlöndin, sem mér finnst, að mjög sé nú gert. Starfsemi Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem hér er þekktust gegnum Herferð gegn hungri, starfsemi Rauða krossins og starfsemi Alþjóðlegu flóttamannastofnunarinnar má nefna sem dæmi um alþjóðlega líknarstarfsemi, og vissulega er hún góðra gjalda verð, og ég er þess hvetjandi, að hún sé studd eftir föngum, en það er annað en aðstoð við þróunarlöndin. Aðstoð við þróunarlöndin má að mínu áliti í meginatriðum fyrst og fremst líkja við byggðajafnvægisstefnu á alheimsmælikvarða. Hún er ekki hugsuð eingöngu sem hjálparstarfsemi, og sama hugsa ég að gildi raunar um byggðajafnvægisstefnuna hér, að á þá, sem góðs af henni njóta, er ekki litið sem gustukamenn, heldur að það sé í þágu allra, bæði íbúanna í þeim byggðarlögum, þar sem skynsamlegt er að veita slíka aðstoð, og allra annarra landsmanna, að hún sé veitt. Sömu augum finnst mér eðlilegt að líta á aðstoðina við þróunarlöndin. Þótt margt fleira mætti segja um þetta mál, þá er ég, þegar ég á sæti í forsetastól, mjög strangur um það, að ekki sé farið fram úr 5 mínútna ræðutímanum og verð því að *láta máli mínu lokið.*

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Ég þakka hv. forsrh. svörin og hæstv. 12. þm. Reykv. fyrir frekari vitneskju. Það er í sjálfu sér gott, að n. hefur unnið að þessu að undanförnu, en mér finnst, að það hafi gengið óþarflega seint að komast að niðurstöðu um það, hvernig Íslendingar gætu háttað þátttöku sinni í þessari aðstoð. Þessi mál hafa verið rædd mikið á undanförnum árum, og ég tel, að það hefði verið unnt fyrir hv. ríkisstj. að hefjast handa um skipulagða starfsemi á þessu sviði miklu fyrr en gert hefur verið. Ég vil vænta þess, að á þessu fáist bót fljótlega.

Það er vissulega rétt, sem menn benda á, að efnahagsástæður okkar eru erfiðar um þessar mundir, og mönnum finnst kannske, að við höfum sitthvað nærtækara að gera en að huga að vandamálum fátækra þjóða. Engu að síður skulum við gera okkur grein fyrir því, að þrátt fyrir þann samdrátt, sem orðið hefur á þjóðartekjum okkar, eru þjóðartekjur hér á mann einhverjar þær hæstu í heimi, og afkoma okkar er himinhátt yfir þeim kjörum, sem fólk á við að búa í fátækum löndum.

Aðstoð, sem nær einhverju verulegu marki, — það er talað um 1% af þjóðarframleiðslu, — verður að sjálfsögðu ekki skipulögð nema á löngum tíma, og háttur annarra þjóða hefur verið sá að taka einhvern lítinn hluta af vexti þjóðarteknanna á hverju ári til þessa verkefnis. Þá finna menn í rauninni ekki fyrir þessu. Þá er aukning á þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum notuð að einhverju litlu leyti til þessa verkefnis á alllöngu árabili. Þá er ekki verið að skerða neitt, sem menn hafa, heldur aðeins takmarka örlítið þann vöxt, sem fáanlegur er. Þetta er án efa mjög skynsamleg stefna, og þessa leið tel ég, að við yrðum að fara, en til þess að gera það, verður að leggja á ráðin um þetta, og ég vil vænta þess, eins og ég sagði áðan, að hv. ríkisstj. geti beitt sér fyrir einhverjum raunhæfum aðgerðum í þessu skyni, þegar á þessum vetri.

Hv. forsrh. sagði, að sér væri ókunnugt um, í hve ríkum mæli menn hefðu orðið við beiðni Sameinuðu þjóðanna um að stefna að því, að þessi aðstoð næði 1% af þjóðarframleiðslunni. Hér var dreift fyrir nokkru skýrslu frá Efnahags- og framfarastofnuninni. Þar var að finna allmargar greinar um þátttöku þeirra ríkja, sem eiga aðild að þessari aðstoð. Og hv. forsrh. á eflaust kost á að kanna þær frásagnir, en þar er sagt frá því m.a., að 5 ríki séu þegar komin yfir þetta 1% mark. Ég hygg að vísu, að þau framlög, sem þar er um að ræða, séu að sumu leyti dálítið annars eðlis en það, sem við mundum geta lagt af mörkum. En t. d. segir þarna, að framlög Danmerkur 1967 hafi verið 0.27% af þjóðartekjum, framlög Noregs 0.48% af þjóðartekjum og framlög Svíþjóðar 0.70% af þjóðartekjum, og þarna er m. a. greint frá því, að ætlun þessara ríkja sé að ná þessu marki, 1% af þjóðarframleiðslu. Ég tel, að okkur sé ekki annað sæmandi en að taka þátt í þessu samstarfi eða þessum störfum þjóða, sem *hafa hliðstæðan efnahag og við, og vildi ennþá einu* sinni ítreka þá áskorun mína, að hæstv. ríkisstj. hefji einhverjar skipulegar aðgerðir.

13. Lýðræði í æðri skólum.

Á 9. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Fyrirspurn til menntmrh. um lagasetningu um aukið lýðræði í æðri skólum [42. mál] (A. 43).

Á 10. fundi í Ed., 11. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 19. nóv., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Tómas Karlsson): Herra forseti. Á þskj. 43 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til menntmrh. um lagasetningu um aukið lýðræði í æðri skólum. Fsp. er í tveimur liðum, svo hljóðandi:

„Hyggst hæstv. menntmrh. beita sér á þessu þingi fyrir lagasetningu um aukið lýðræði í æðri skólum landsins, m. a. með verulegri hlutdeild nemenda í stjórn skólanna?

Ef svo er, í hvaða skólastofnunum telur hæstv. ráðh. brýnast að gera slíkar breytingar?“

Það má segja, að umræður standi nú yfir í öllum æðri skólum landsins um nauðsyn þess að auka lýðræði í stjórn skólanna og veita nemendum hlutdeild í ákvörðunarvaldi um stjórn þeirra, starfsháttu og skipulag. Þetta er ekki sérislenzkt fyrirbrigði, síður en svo, því að kröfur nemenda í æðri skólum um breytingar á starfi skólanna og hlutdeild stúdenta í þeim breytingum og í stjórn skólanna hafa fallið sem flóðbylgja um alla heimsbyggðina svo að segja. Kröfugöngur, uppþot og óeirðir stúdenta, er þeir hafa lagt áherzlu á kröfur sínar, hafa farið sem eldur í sinu frá einum háskóla til annars, úr einu landi í annað vestan hafs sem austan. Hvergi varð ástandið þó verra í þessum efnum en í Frakklandi, þar sem segja má, að ríkið hafi rambað á barmi borgarastyrjaldar af þessum orsökum. Neistann að því uppreisnarbáli höfðu stúdentar tendrað. Af þessum ástæðum voru í haust gerðar mjög róttækar breytingar í lýðræðisátt á stjórn æðri skóla í Frakklandi.

Allir geta sjálfsagt verið sammála um það, að æskilegast sé, að eðlilegar breytingar til samræmis við þróun þjóðfélagsins fari í þessum efnum sem öðrum fram með friðsamlegum hætti og í sem beztri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli. Sú skoðun mun líka eiga sér fáa formælendur, að ekki beri að veita nemendum í æðri skólum hlutdeild í stjórn skólanna og ákvörðunum um starfsháttu þeirra.

Þetta mál hefur lengi verið baráttumál stúdenta við Háskóla Íslands og þar hefur þetta mál nokkuð þokazt fram í rétta átt. Hins vegar telja samtök og félög stúdenta við Háskóla Íslands, að enn sé of skammt gengið til móts við eðlilegar óskir stúdenta í þessum efnum, og hafa þau öll, þessi félög og samtök, gert meiri og minni kröfur til þess, að hlutdeild stúdenta í háskólaráði og deildaráðum skólans verði aukin.

En það er í ýmsum fleiri skólastofnunum í landinu en háskólanum, sem æskilegt væri að koma á hlutdeild nemenda í ákvörðunarvaldi um starf skólanna. Það má nefna menntaskólana, kennaraskólann, vélskólann og stýrimannaskólann, iðnskóla og fleiri skóla. Eins og ég sagði, er hér um mikið áhugaefni nemenda þessara skóla að ræða og umr. um þessi mál og hugsanlega skipan þeirra eru fjörugar á meðal nemenda og kennara.

Af ályktunum síðasta flokksþings Alþfl. má ætla, að hér sé um áhugamál hæstv. menntmrh. að ræða, og einnig má ætla, að hann hyggist hafa frumkvæði um aðgerðir í þessu máli, eins og líka segja má, að heppilegast og eðlilegast sé.

Tilgangurinn með því að bera þessa fsp. fram er sá að fá fram upplýsingar um hugmyndir og fyrirætlanir hæstv. ráðh. í þessu máli, þannig að þær gætu orðið grundvöllur frekari umr. um þessi mál í skólum og meðal allra þeirra, sem áhuga hafa á þessum málum, þannig að athugasemdir, hugmyndir og ábendingar þeirra, sem hér eiga hlut að máli, gætu komið fram í tæka tíð, jafnframt því, sem það mundi koma þessum umr. öllum í fastari og skynsamlegri farveg, sem yki vonir um heppilegar niðurstöður þessara umr. og víðtækt samkomulag um málið að lokum.

Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að svara þessari fsp. minni svo ýtarlega, að svör hans gætu orðið sá umræðugrundvöllur, sem vænzt er.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í gildandi lögum um Háskóla Íslands eru ákvæði um þátttöku stúdenta í stjórn háskólans. Þessi lög eru frá árinu 1957. Ég flutti frv. til þeirra á sínum tíma fyrir hönd þáverandi ríkisstj., ríkisstj. Hermanns Jónassonar, og var ekki ágreiningur um nein meginatriði þeirrar lagasetningar. Þáverandi stjórnarandstaða, hv. Sjálfstfl., studdi frv. í öllum meginatriðum, þannig að það var afgreitt í öllu, sem máli skipti, samhljóða frá hinu háa Alþ.

Eitt af þeim ákvæðum, sem ég taldi horfa til mestra nýmæla og vera til mestra bóta í þessu frv., var einmitt ákvæði frv. um þátttöku stúdenta í stjórn háskólans, en hún er samkvæmt gildandi lögum með þeim hætti, að einn stúdent á sæti í háskólaráði með fullum tillögu- og atkvæðisrétti, en ennfremur eiga stúdentar sæti á deildafundum með tillögurétti, en ekki atkvæðisrétti.

Ísland mun hafa verið annað landið í Vestur-Evrópu, sem mér er kunnugt um, sem tók þess konar ákvæði um aðild stúdenta að stjórn háskólanna inn í löggjöf um háskólann. Noregur var á undan og var fyrirmyndin að þessum ákvæðum, sem þarna voru tekin upp í stjórnarfrv. Ég tel, að þessi háttur hafi gefizt sérstaklega vel, og það er bjargföst sannfæring mín, að ein af mörgum ástæðum þess, að hér á Íslandi hefur kveðið minna að svonefndum stúdentaóeirðum, hefur kveðið minna að misklíð milli stúdenta annars vegar og háskólayfirvalda hins vegar en víðast hvar annars staðar, séu einmitt þessi ákvæði, sem nú eru orðin rúmlega 10 ára gömul, um aðild stúdenta að stjórn háskólans.

Það er rétt, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að mál þetta hefur verið nokkuð á döfinni undanfarið, þ. e. hugmyndir um að auka rétt stúdenta að stjórn háskólans, frá því sem nú er, í ljósi fenginnar reynslu. Einnig hafa verið uppi hugmyndir, að tímabært væri að taka upp svipað fyrirkomulag að því er snertir stjórn hinna æðri ríkisskóla, þ. e. gera tilraun um að koma upp við æðri skóla nemendaráðum, sem séu skólastjórum og kennarafundum til leiðbeiningar við stjórn skólanna. Vísi að slíkum stofnunum hefur raunar nú þegar verið komið á fót í sumum æðri skólum og þá að frumkvæði nemenda, og ég veit ekki annað en af hálfu stjórnar skólanna hafi slíkri viðleitni af hálfu nemenda ávallt verið vel tekið. Ég minni t. d. á ráðstefnu menntaskólanemenda, sem haldin var á s. l. ári og gerði mjög skynsamlegar og ábyrgar till. í málefnum menntaskólanna, sem síðan hefur verið að unnið. Stjórnendur skólanna og menntmrn. hafa kynnt sér þær mjög vandlega og hrundið sumum af

þeim í framkvæmd. Sú hugmynd hefur einnig komið upp, og er hún ásamt öllum þessum málum til athugunar í menntmrn., að útvega nemendum þeirra framhaldsskóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, aðild að skólanefndum skólanna, en til þess mundi þurfa lagabreytingu, eins og reyndar líka er nauðsynleg, ef auka á hlutdeild stúdenta í stjórn háskólans. Hins vegar tel ég, að ekki þyrfti lagabreytingu til að koma á fót nemendaráðum í hinum æðri ríkisskólum, það mætti gera með einföldu ráðherrabréfi til stjórnenda skólanna og samtaka nemendanna, þar sem upp á slíkri tilhögun yrði stungið. Er þetta í undirbúningi, eins og ég mun síðar koma að í svari mínu við þessari fsp.

10. sept. s. l. fékk menntmrn. sendar ályktanir stúdentaþings Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands ísl. stúdenta erlendis um menntamál. Ein þeirra ályktana, sem þar voru gerðar, var einmitt um þetta atriði, og leyfi ég mér að lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Þátttaka stúdenta í stjórn Háskóla Íslands:

Stúdentaþing 1968 ályktar, að þegar beri að auka til muna ábyrga þátttöku stúdenta í stjórn Háskóla Íslands. Telur þingið, að í háskólaráði skuli sitja tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af Stúdentaráði Háskóla Íslands, og deildafundi skuli einnig sitja tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af deildafélögum. Hafi þeir fullan atkvæðisrétt og tillögurétt um öll mál. Ennfremur telur þingið, að við hverja deild skuli starfa 4—6 manna ráðgjafarnefnd um kennslumál, sem skipuð sé jafnmörgum fulltrúum stúdenta og kennara. Deildaráð tilnefndi kennara, en deildafélög stúdenta. Nefndin taki til meðferðar öll mál, er varða námsfyrirkomulag eða kennsluhætti og verði deildarráðinu til ráðuneytis."

Þessi ályktun mun hafa verið birt opinberlega í blöðum.

23. sept. fékk menntmrn. bréf frá Stúdentaráði Háskóla Íslands eða nánar tiltekið menntamálanefnd Stúdentaráðs Háskóla Íslands, dags. 20. sept. Fjallar þetta bréf um þetta mál, og skýrir það bezt, á hvaða vegi athugun málsins er stödd, að ég lesi bréfið og hef ég til þess samþykki stúdentaráðsins, þó að það hafi ekki verið birt opinberlega. Bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þátttaka stúdenta í stjórn Háskóla Íslands hefur til þessa verið næsta lítil. Hafa prófessorar og aðrir kennarar verið einráðir um skipan allra mála háskólans, enda eru um það skýlaus ákvæði í reglugerð Háskóla Íslands. Er nú svo komið, að stúdentar una ekki lengur við núverandi skipulag, og mun Stúdentaráð Háskóla Íslands leggja fram tillögur um róttækar breytingar á næstunni. Hér fara á eftir upplýsingar um núverandi stjórnskipan háskólans og svo nokkur orð um stefnu, sem mörkuð var á stúdentaþingi 1968 og Stúdentaráð Háskóla Íslands mun fylgja.

Núverandi skipulag: Samkvæmt reglugerð um Háskóla Íslands á einn fulltrúi stúdenta að sitja deildafundi, séu mál, er varða stúdenta deildarinnar almennt, á dagskrá. Hefur fulltrúi stúdenta þar málfrelsi, en ekki atkvæðisrétt. Þessu ákvæði hefur ekki verið framfylgt jafnstranglega í öllum deildum, og má segja, að aðeins í læknadeild hafi fulltrúi stúdenta verið jafnaðarlega boðaður á deildarfundi.

Það er álit stúdenta, að velflest mál, er rædd kunna að verða á deildafundum, hljóti að koma stúdentum við, og er það því réttlætiskrafa, að þessu ákvæði verði stranglega framfylgt í framtíðinni.

Stúdentar við Háskóla Íslands eiga einn fulltrúa í háskólaráði. Hefur hann fullan atkvæðisrétt og tillögurétt.

Nefndir: Við lækna- og lagadeild eru n., sem vinna að undirbúningi reglugerðarbreytinga. Í læknadeild er n. skipuð fjórum kennurum og einum stúdent, en það samkomulag hefur orðið meðal nm., að ekkert mál verður samþykkt í n. gegn vilja stúdenta. Hefur samstarfið í nefndinni verið með ágætum.

Í lagadeild er n. skipuð tveimur kennurum og tveimur stúdentum, en lítið liggur enn eftir n. þessa.

Í nokkrum deildafélögum eru starfandi kennslumálanefndir. Vinna þær að endurskoðun ríkjandi kennslufyrirkomulags.

Úrbætur: Nýlega var lögð fram í háskólaráði till. um stofnun menntamálanefndar við hverja háskóladeild, og skulu þær vera deildaráðum til ráðuneytis um mál, er varða kennara og nemendur hverrar deildar. Eins skulu þær fylgjast með þróun í kennslumálum. Í till. er gert ráð fyrir tveimur kennurum og einum fulltrúa stúdenta. Það er álit Stúdentaráðs Háskóla Íslands, að n. komi ekki að fullum notum fyrir stúdenta, nema þeir eigi tvo fulltrúa þar, einn frá deildafélagi og annan frá Stúdentaráði Háskóla Íslands. Hefur því stúdentaráðið lagt til, að skipan n. verði breytt í samræmi við þetta sjónarmið.

Stefna Stúdentaráðs Háskóla Íslands: Eins og fram kom í ályktunum stúdentaþings 1968" — þeim ályktunum, sem ég las áðan einn hluta af, — „telja stúdentar, að þegar beri að auka ábyrga þátttöku stúdenta í stjórn Háskóla Íslands. Það er álit Stúdentaráðs Háskóla Íslands, að í deildaráðum skuli sitja tveir fulltrúar stúdenta með fullum tillögu- og atkvæðisrétti. Eins skulu sitja í háskólaráði tveir fulltrúar stúdenta með fullum tillögu- og atkvæðisrétti.

Það hefur komið greinilega í ljós undanfarin misseri, að stúdentar hvaðanæva úr heiminum vilja ekki lengur búa við „prófessoraeinveldi" það, er nú ríkir í flestum háskólum heims, heldur krefjast þeir aukins lýðræðis í stjórnarmálum háskólanna. Jafnvel krefjast stúdentar að fá að ráða málefnum háskólans til jafns við kennara. Þykir því rétt að benda á, að ofangreindar till. Stúdentaráðs Háskóla Íslands eru ekkert lokamark, heldur aðeins fyrsti áfangi í leið að fullkomnara lýðræði innan veggja Háskóla Íslands.

F.h. menntamálanefndar Stúdentaráðs
Háskóla Íslands,
Högni Óskarsson.
Til menntamálaráðuneytisins.“

Eins og fram kemur í upphafi þessa bréfs, var það boðað 20. sept., að stúdentaráðið mundi leggja fram till. um róttækar breytingar á næstunni. Ég hef haft samband við stúdentaráðið um þetta mál og get skýrt hv. Ed. frá því, að annað kvöld mun verða haldinn fundur í stúdentaráði til að ganga endanlega frá till. stúdenta í þessu máli. Mér hefur verið tjáð, að stúdentaráðið muni fyrst senda till. sínar til háskólaráðs, sem að sjálfsögðu mun um þær fjalla, og síðan munu till. stúdentaráðsins ásamt umsögn háskólaráðs berast til menntmrn., nákvæmlega hvenær get ég að sjálfsögðu ekki sagt. En allt frá því að þessi skjöl bárust menntmrn. síðast í sept., þ. e. ályktanir stúdentaþingsins og þetta bréf Stúdentaráðs Háskóla Íslands, hefur málið verið til gaumgæfilegrar athugunar þar. Það hefur verið rætt við ýmsa aðila. Ég vil ekki skýra frá endanlegri afstöðu minni til málsins, eins og ég vona, að hv. fyrirspyrjandi og allir hv. dm. skilji, fyrr en ég sé endanlegar till. stúdenta og umsögn háskólaráðs um málið. En það get ég sagt nú þegar, að ég er þeirrar skoðunar, að það væri til gagns, til eindregins gagns að auka áhrif stúdenta, bæði á almenna stjórn háskólans, þ. e. á störf háskólaráðs, og þá ekki síður á störf einstakra deilda.

Það liggur í hlutarins eðli, að ekki kemur til mála, að stúdentar hafi áhrif á bókstaflega öll mál, sem um er fjallað innan háskólans eða háskólayfirvöld þurfa að taka ákvarðanir um, enda munu stúdentar sjálfir ekki ætlast til þess. Þeir munu að sjálfsögðu ekki geta vænzt þess að fá að fjalla nákvæmlega um próf eða val á kennurum, vegna þess að stúdenta skortir eðlilega aðstæður til að dæma þar um með fullri hlutlægni. En hins vegar tel ég, að í miklu ríkari mæli eigi hér eftir en hingað til að hlusta á skoðanir stúdenta um kennslutilhögun, jafnvel próftilhögun og kennsluefni. Slíkt getur aðeins orðið til góðs, og á þeim grundvelli mun ég byggja afstöðu mína til þeirra till. sem koma fram, en að sjálfsögðu ekki taka afstöðu til málsins, fyrr en ég hef heyrt umsagnir háskólaráðsins og einstakra deilda, sem kunna að vilja láta til sín heyra um málið.

Ég hef einnig viljað láta ákvörðun um stofnun nemendaráða við hina æðri ríkisskóla bíða, þangað til fengizt hefur tækifæri til að athuga þessa tillögu stúdentanna um aukna hlutdeild í stjórn háskólans, því að ýmis framkvæmdaatriði varðandi nemendaráð hinna æðri ríkisskóla kunna að vera komin undir því, sem umr. um þetta efni leiða í ljós.

Sama er að segja um það þriðja, sem ég nefndi, þ. e. hugmyndina um að fá nemendum áhrif í skólanefndum þeirra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Ég tel líka rétt að láta það bíða þar til gefizt hefur tækifæri til ýtarlegra viðræðna við stjórn æðstu menntastofnunar okkar, Háskóla Íslands, og við fulltrúa stúdenta við þá stofnun.

Að lokum þetta: Endanlegar till. frá stúdentráði og umsögn háskólans munu vera alveg á næstu grösum, og þegar í stað eða a. m. k. mjög fljótlega eftir að mér berast þau plögg, mun ég efna til fundar með háskólaráði og stúdentaráði til þess að ræða þessi mál. Ósk mín er sú, að samstaða geti náðst milli stúdentanna, háskólaráðs og menntmrn. almennt um aukna hlutdeild stúdenta í almennri stjórn háskólans og þá ekki síður í starfrækslu einstakra deilda.

Fyrirspyrjandi (Tómas Karlsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, svo langt sem þau ná. Hann treystir sér raunar ekki til þess að svara fsp. minni til fulls af ástæðum, sem hann greindi og ég get vel skilið.

Hann rakti baráttu stúdenta við Háskóla Íslands sérstaklega í þessum málum, og vegna þess þrýstings, sem komið hefur frá þeim, beinist athyglin að sjálfsögðu fyrst og fremst að Háskóla Íslands og hlutdeild nemenda í þeim skóla í stjórn skólans og starfstilhögun allri. En ráðh. hafði fátt að segja um aðra æðri skóla í landinu, en þar er ekki síður áhugi fyrir þessum málum, og ég mundi því segja, að þetta svar hæstv. ráðh. ætti að verða hvöt til nemenda í þeim skólum að mynda sín samtök og láta frá sér heyra um þessi mál ekki síður en háskólastúdentar. En ég teldi þó eðlilegast, að hæstv. menntmrh. beitti sér fyrir því, að skipaðar yrðu ráðgjafanefndir nemenda og þá e. t. v. samstarfsnefndir nemenda og kennara í öðrum æðri skólum, svo að hann heyrði einnig hljóð úr þeim hornum. Ég mundi telja æskilegast, að þessi mál fylgdust sem mest að. Þó að einhvers staðar verði að byrja, tel ég samt, að æskilegast væri, að þetta fylgdist sem mest að, þ. e. a. s. allir þessir æðri skólar, sem mundu verða taldir fullnægja þeim skilyrðum, sem gera yrði, til þess að æskilegt væri að veita nemendum hlutdeild í stjórn skólanna. Þannig fylgdist málið að í heild og eðlilegt samræmi fengist í framkvæmd þess í hinum einstöku æðri skólum í landinu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla aðeins að undirstrika, að ég er alveg sammála hv. fyrirspyrjanda um það, að nauðsynlegt er, að breytingar í þessa átt fylgist að í öllum æðri menntastofnunum landsins. Það er einmitt meginskýringin á því, að ég hef ekki enn gert ráðstafanir til að koma á fót nemendaráðum í hinum æðri skólum ríkisins, þ. e. menntaskólum, kennaraskóla, vélskóla og öðrum ríkisskólum, þó að ég hafi till. eða hugmyndir um það efni næstum fullbúnar. Ég hef einmitt viljað bíða eftir því, hver yrði niðurstaðan af væntanlegum viðræðum menntmrn., stúdentaráðs og háskólaráðs um nýskipan við háskólann. Hafi ég ekki sagt þetta nógu skýrt áðan, þá segi ég það aftur hér og undirstrika alveg sérstaklega, að ráðstafanir varðandi hina æðri ríkis-

skóla eru þegar undirbúnar og geta komið til framkvæmda með mjög litlum fyrirvara, þegar viðræður hafa farið fram milli menntmrn., háskólaráðs og stúdentaráðs, en þær eru fyrirhugaðar strax eftir að mér berst í hendur umsögn háskólaráðs um endanlegar hugmyndir stúdentanna, sem ég þekki ekki enn og þeir sjálfir hafa ekki fullmótað, — munu ekki fullmóta fyrr en annað kvöld, að því er ég fékk upplýsingar um síðast í morgun. En þegar allt þetta liggur fyrir, ætti að vera hægt að hefjast handa um þá nýskipan, sem mér skilst, að við hv. fyrirspyrjandi séum sammála um, að nauðsynleg sé í þessum efnum.

Út af fyrir sig þykir mér vænt um, að ekki skuli vera ágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þetta efni. Nóg er víst annað þessa dagana til að deila um, þó að við getum verið sammála um það, sem ég tel miklar réttarbætur og miklar framfarir í skólamálum, ef til slíks gæti komið.

14. Sjónvarpsmál.

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til menntmrh. um sjónvarpsmál [54. mál, 1] (A. 64).

Á 11. fundi í Sþ., 13. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. um sjónvarpsmál til hæstv. menntmrh. á þskj. 64. Í fyrsta lagi, hvenær íbúar á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra megi búast við eðlilegum sjónvarpssendingum, og í öðru lagi, hvenær sé mögulegt, bæði tæknilega og fjárhagslega, að dreifa sjónvarpinu til allra íbúa á þessu svæði.

Það er vitað, að fólk á þessum landssvæðum hefur sérstakan áhuga á að fá upplýsingar um, hvenær það megi búast við reglulegum sjónvarpssendingum, því að nú á næstunni verða þessir nýju sendar í Stykkishólmi og á Skálafelli tilbúnir, og þá hefst strax endurvarp á sjónvarpi um þessi svæði. En það er enn þá óljóst til hvaða svæða sjónvarpið kemur til með að ná. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um þetta mál hjá starfsmönnum tæknideildar sjónvarpsins eða starfsmönnum landssímans og hef fengið hjá þeim góð og greið svör um margvísleg atriði, og þeir hafa sagt mér, að þeir væru töluvert á undan áætlun í sambandi við dreifingu á sjónvarpinu. En þegar þeir hafa verið spurðir að því, hvenær eitthvert ákveðið byggðarlag mætti búast við sjónvarpi, geta þeir ekki eða mega ekki segja neitt ákveðið, vegna þess að það virðist ekki vera búið að ganga frá endanlegri ákvörðun um byggingu endurvarpsstöðva. Við vitum þó, að það er búið að reisa allmargar endurvarpsstöðvar á Vestfjörðum í sumar, en það er nokkurn veginn öruggt, að mörg byggðarlög verða samt útundan. Ég held, án þess að ég viti, að ekki verði komið endurvarp í Arnarfjörð og ekki verði komið endurvarp í Strandasýslu og ekki heldur á ýmis svæði í Vestur- og Austur-Húnavatnssýslum. Þegar Skálafellsstöðin tekur til starfa, mun geisli hennar beinast norður í land, endinn á geislanum mun skera miðjan Hrútafjörð. Það þýðir, að Húnvetningar að austanverðu í Hrútafirði koma til með að sjá allskýrar myndir, en aftur Strandamenn, vestan til í Hrútafirði, koma ekki til með að sjá myndir. Þetta er sem sagt tæknilegt atriði, en það er í áætlun að byggja endurvarpsstöð á Blönduósi og á svokölluðum Hvítabjarnarhóli í Hrútafirði, en ekki er byrjað að byggja þessar endurvarpsstöðvar, og þá hlýtur dæmið að líta þannig út, að Strandamenn koma ekki til með að fá sjónvarpið strax. En einmitt þetta dæmi sannar okkur, að þetta getur skapað óánægju, þegar svona stendur á. Þess vegna væri fróðlegt að fá um það upplýsingar, hvort hér er um fjárhagslegt eða tæknilegt atriði að ræða. Það eru allir orðnir sammála um og það er almenn skoðun, að frá beinu fjárhagssjónarmiði ber að hraða dreifingu sjónvarpsins um allt land, því að rekstrarkostnaður í sambandi við dagskrá sjónvarpsins hækkar ekkert, þótt sjónvarpsnotendum fjölgi, enda er það skoðun flestra, að með tilkomu sjónvarpsins út í dreifbýlið skapist fyrst jafnvægi í byggð landsins.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla fyrst að svara þeim fsp., sem hv. þm. bar fram beinlínis, en síðan bæta við nokkrum orðum um dreifingu sjónvarpsins um landið almennt skoðað.

Hv. þm. spyr, hvað líði dreifingu sjónvarps um Vestfirði og Norðurland vestra. Ég ætla fyrst að svara spurningunni varðandi Vestfirði.

Verið er að ljúka við að koma upp 4 endurvarpsstöðvum á Vestfjörðum, þ. e. a. s. á Bæjum á Snæfjallaströnd, á Arnarnesi við Skutulsfjörð, við Bolungarvík og á Patreksfirði. Allar þessar stöðvar munu verða teknar í notkun um eða upp úr næstu áramótum. Þá mun verða tekin í notkun um sama leyti stöð í Stykkishólmi, sem er aðalstöð fyrir dreifingu sjónvarpsmynda til allra Vestfjarða að Strandasýslu undanskilinni, en hún fær sjónvarp frá stöð á Blönduósi, með endurvarpsstöð á Hólmavík og e. t. v. víðar. Blönduósstöðin er á framkvæmdaáætlun fyrir árið 1969, fyrir næsta ár. Á árinu 1970 er ráðgert að koma upp endurvarpsstöð í Önundarfirði og í Dýrafirði, en á árunum 1971 og 1972 er ráðgert að koma upp tveimur stöðvum í Arnarfirði og einnig stöð á Sveinseyri í Tálknafirði og í Súðavík.

Þá vík ég að Norðurlandi vestra. Það mun fá sjónvarp að mestum hluta á árinu 1968 og 1969. Í Skagafirði verða tvær stöðvar teknar í notkun um eða upp úr næstu áramótum. Önnur á Eggjum, en hin í Hegranesi. Á árinu 1969 er ráðgert, að Siglufjörður og Ólafsfjörður fái sjónvarp. Ennfremur svæðið, sem nýtur stöðvar á Hnúki við Blönduós og stöðvar á Hrútafjarðarhálsi. Þess má geta, sem ég hef raunar áður skýrt frá á hinu háa Alþ. og annars staðar, að Akureyri mun fá sjónvarp í desembermánuði 1968 eða n. k. desembermánuði, svo og Dalvík og byggðir Eyjafjarðar. Verið er að ljúka við stöð á Skipalóni í Hörgárdal, á Hóli við Dalvík og á Hálsi hjá Saurbæ fyrir Eyjafjarðardali. Einnig er þessa dagana verið að ljúka við uppsetningu bráðabirgðastöðvar á Vaðlaheiði, og er sú stöð aðallega fyrir Akureyrarbæ, sem kunnugt er. Auk þess verða byggðar á þessu svæði nokkrar smærri stöðvar, sem ekki hefur enn verið endanlega valinn staður.

Að því er varðar síðari lið fsp., þ. e. a. s. hvenær sé talið mögulegt bæði tæknilega og fjárhagslega, að sjónvarpið nái til allra íbúa á umræddu svæði, er það að segja, að frá tæknisjónarmiði er þessari spurningu mjög vandsvarað. En þó get ég sagt í tilefni af ummælum hv. fyrirspyrjanda í ræðu hans áðan, að hér er fyrst og fremst, að ég ekki segi einvörðungu, um tæknivandamál að ræða, en ekki fjárhagsvandamál, nema að svo miklu leyti sem segja má, að öll tæknivandamál hafi fjárhagslega hlið, en séu ekki í innsta eðli sínu fjárhagsvandamál. Með þessu á ég við það, að auðvitað eru því viss kostnaðartakmörk sett, hversu fjarri frá aðalstöðvum er hægt að setja hinar smæstu endurvarpsstöðvar, þ. e. a. s. það er auðvitað fræðilega séð, ef menn hafa eingöngu tæknisjónarmið í huga, hægt að koma sjónvarpsmynd inn á hvert einasta heimili í landinu. En af því hlytist svo mikill kostnaður, að ég geri ráð fyrir, að allir væru sammála um, að í slíku væri ekki nein skynsemi. Það, sem hér þarf að gera, er verið að gera og hefur verið gert á því landssvæði, sem þegar nýtur sjónvarpsins og mun verða gert áfram í öðrum landshlutum, er að finna skynsamlegan meðalveg milli þess, sem er tæknilega og fjárhagslega framkvæmanlegt. Það hefur tekizt á Suðvesturlandi á því svæði, sem sjónvarpið tekur nú til, og ég sé enga ástæðu til að ætla annað, en það muni einnig takast í öðrum landshlutum, þó að því sé ekki að leyna, að staðhættir séu dálítið misjafnir, hvað þetta snertir. En að lokum mun það alltaf verða nokkurt matsatriði, hversu langt inn í dali eða út á annes rétt sé að teygja sjónvarpsmyndina. Og er þetta að sjálfsögðu ekki íslenzkt vandamál heldur alþjóðlegt, þar sem um sjónvarpsdreifingu er að ræða.

Þá skal ég gera grein fyrir því, hvað líður framkvæmdum samkvæmt áætlun um dreifingu sjónvarps til annarra landshluta. Áætlað er, að á næsta ári, '69, verði byggð stór stöð á Vaðlaheiði, sem liður í dreifingu sjónvarps til Norðausturlands og Austurlands aðallega, svo og til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar, eins og ég mun hafa nefnt áðan. Þá er ætlunin, að á árinu 1969, á næsta ári, komi stöðvar á Húsavík og á Fljótsheiði. Síðan er gert ráð fyrir stórri stöð á Gagnheiði á næsta ári og stöðvum fyrir Neskaupstað og Seyðisfjörð. Stöðin á Gagnheiði þjónar beint meginhluta Fljótsdalshéraðs, en dreifir auk þess sjónvarpsmyndunum til endurvarpsstöðva, sem ráðgert er að koma upp í flestum Austfjarðanna á árunum 1970—1972.

Nú er unnið að bráðabirgðastöð á Höfn í Hornafirði og bráðabirgðastöðin á Hafelli hjá Vík í Mýrdal hefur nýlega verið stækkuð til þess að bæta móttökuskilyrði um bráðabirgðastöðina í Hornafirði. Hornafjarðarstöðin verður væntanlega tekin í notkun fyrir lok þessa árs. Þess má og geta, að síðar verður byggð stærri stöð á Hafelli, og eru áætlanir um byggingu þeirrar stöðvar miðaðar við árið 1970.

Ég hef oft áður tekið það fram á hinu háa Alþ., að ég tel stefnuna í sjónvarpsmálum eiga að vera þá að gera öllum landsmönnum kleift að njóta sjónvarps svo fljótt sem framast er unnt, og er unnið að þessum málum samkvæmt áætlun, sem ég hef áður skýrt hinu háa Alþ. frá í einstökum atriðum. Hingað til hefur þessi áætlun staðizt fullkomlega. Á ýmsum stöðum hefur framkvæmd hennar gengið hraðar en upphaflega var gert ráð fyrir. Hvergi hefur henni miðað hægar áfram, svo orð sé á gerandi, en gert var ráð fyrir.

Það, sem gert hefur kleift að hafa framkvæmdahraða þann, sem hann hefur orðið, er, að tolltekjur af sjónvarpstækjum á árinu 1968 hafa farið nokkuð fram úr áætlun. Þess má og geta í þessu sambandi sem sérstaks máls eða sérstaks viðfangsefnis, að Hvammstangi og Blönduós hafa sótt um að fá að setja upp á eigin kostnað endurvarpsstöðvar. Þessi leyfi hafa verið veitt með sérstökum skilyrðum, þ. e. a. s. að tæki séu valin og staðsett í samráði við landssímann, ríkisútvarpinu að kostnaðarlausu, en svo kaupi ríkisútvarpið að sjálfsögðu þessi tæki, þegar röðin kemur að þessum stöðum í áður birtri og hinni opinberu framkvæmdaáætlun um sjónvarpsdreifinguna.

Þá er rétt að taka fram, að að loknum framkvæmdum um dreifingu sjónvarps á þessu ári, þ. e. a. s. á árinu 1968, munu um það bil 25 þús. nýir sjónvarpsnotendur bætast í hóp þeirra, sem þegar njóta sjónvarpsins. Þetta eru þær nýjustu upplýsingar, sem ég get gefið hinu háa Alþ. um framkvæmd áætlunarinnar um dreifingu sjónvarps um landið og núverandi framkvæmdastig í þessum efnum.

Ég hef á undanförnum árum hvað eftir annað gert hinu háa Alþ. grein fyrir framvindu þessa máls, eins og ég tel raunar sjálfsagt, svo mikið hagsmunamál og menningarmál sem hér er um að ræða fyrir landið allt.

Mig langar að síðustu að vekja athygli á því, hvaða meginstefna var mótuð í málefnum sjónvarpsins, þegar ákvörðun var um það tekin að taka upp sjónvarp á Íslandi. Það má segja, að megin-

stefnuatriðin hafi verið þrjú, sem ákvörðun var tekin um:

1) Að aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum skuli greiða stofnkostnað við sjónvarpið og kostnað við dreifingu þess um landið.

2) Að afnotagjöld skuli standa undir rekstrarkostnaði sjónvarpsins.

3) Að dreifing sjónvarpsins um landið skuli ganga fyrir lengingu dagskrárinnar.

Hér var um að ræða mjög veigamikil stefnuatriði í byrjun, og ég skýrði þegar frá þessum grundvallarstefnuatriðum á hinu háa Alþ. um leið og ákvarðanir voru teknar, og mér til mikillar ánægju kom þá í ljós, að um þessi meginstefnuatriði var ekki ágreiningur á hinu háa Alþ., enda hefur framkvæmd málsins engri gagnrýni sætt á Alþ. svo að ég hafi orðið var. En það er rétt að vekja sérstaka athygli á þessum grundvallarstaðreyndum, vegna þess að það er algengt að sjá þess getið af mönnum, sem ekki hafa fylgzt nógu vel með eða eru hnútum ekki nógu kunnugir, að mönnum vex mjög í augum heildarstofnkostnaður sjónvarpsins og enn fremur hinn mikli rekstrarkostnaður þess. Og oft og einatt er þannig talað, að hér sé um að ræða gífurlega byrði á almenningi í landinu, á skattgreiðendum í landinu eða þá á ríkissjóði, en hvort tveggja er misskilningur. Ríkissjóður hefur ekkert fé lagt sjónvarpinu að því fráskildu, sem ber sannarlega að meta, að ríkissjóður hefur gefið eftir tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum. En að öðru leyti fær sjónvarpið engin bein framlög frá ríkissjóði, — það fær óbein framlög í þessu formi, en einnig má með sanni segja, að stofnkostnaðurinn sé með þessu móti greiddur af notendum sjónvarpsins sjálfum, og það verður ekki meiru eytt í stofnkostnað sjónvarpsins en notendur greiða í aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum. Ríkið greiðir heldur engin framlög til dagskrár sjónvarpsins frekar en útvarpsins. Afnotagjöldin eru við það miðuð, að hægt sé að halda uppi þeirri dagskrá, sem nú er og verið hefur í stórum dráttum óbreytt í rúmt eitt ár. Þau afnotagjöld, sem nú eru í gildi og verða í gildi á næsta ári, munu duga til þess að standa undir dagskránni í aðalatriðum óbreyttri, bæði hvað lengd og efnisval snertir. Og þannig höfum við talið, að þetta ætti að vera meðan væri verið að koma sjónvarpinu í aðalatriðum um land allt. Þegar þeirri framkvæmdaáætlun er lokið, þegar sjónvarpið er komið til allra landshluta, þá verður tímabært að taka nýja grundvallarákvörðun í málefnum sjónvarpsins, þ. e. a. s., hvort ríkissjóður á aftur að fá þann tekjustofn, sem hann gaf þessari menningarstarfsemi eftir, þegar tekin var ákvörðun um að stofna sjónvarpið, eða hvort sjónvarpið á að fá að halda þessum tekjustofni og nota hann þá til þess að lengja dagskrána eða bæta hana eða gera hvort tveggja. En ákvörðun um þetta verður ekki tímabær fyrr en á árinu 1972, þegar framkvæmdum við dreifingu sjónvarps í alla landshluta hefur verið lokið.

En eins og ég sagði áðan, vildi ég leggja sérstaka áherzlu á, að sú áætlun, sem gerð var um þetta efni, hefur staðizt í einu og öllu, bæði tæknilega og fjárhagslega séð. Það er auðvitað mikilvægt, og vona ég að það eigi sinn þátt í því, að ekki hefur orðið vart neins grundvallarágreinings um þá meginstefnu, sem ríkisstj. mótaði upphaflega í þessu máli og gerði Alþ. þegar í stað grein fyrir, án þess að andmælum sætti. Þess vegna hefur hún haldið áfram framkvæmdum í samræmi við upphaflega gerða áætlun og mun gera áfram.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessar fróðlegu upplýsingar. Ég veit, að það er mikið starf að dreifa sjónvarpi um allt landið, en ég sakna þess sérstaklega mikið, að Strandasýsla skuli vera skilin eftir, því að hún hefur áður dottið út úr einni áætlun, svokallaðri Vestfjarðaáætlun og ég vil því aðeins skora á hæstv. menntmrh. að reyna að vinna að því, eins og hægt er, að endurvarpsstöðvum í Steingrímsfirði, á Blönduósi og á Hvítabjarnarhóli verði hraðað sem mest.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. hefur gert mjög glögga grein fyrir því, hvað líður byggingu endurvarpsstöðva sjónvarps á þessu ári. Hann gerði grein fyrir því, að á fjórum stöðum á Vestfjörðum yrðu komnar upp endurvarpsstöðvar eftir næstu áramót, þ. e. á Bæjum í Ísafjarðardjúpi, Arnarnesi við Skutulsfjörð, Bolungarvík og Patreksfirði. Hann gat þess jafnframt, eða ég tók svo eftir, að á árinu 1969 mundi verða byggð endurvarpsstöð á Blönduósi, sem endurvarpaði til Strandasýslu, og þá yrði byggð önnur minni stöð á Hólmavík. Einnig nefndi hann, að síðar, — ég tók ekki eftir hvort hann sagði 1970 eða 1971 — mundu koma stöðvar í Arnarfirði, Tálknafirði og í Súðavík. Ég vil í þessu tilefni lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst, að það hafi tekizt mjög vel til um dreifingu sjónvarps, hvað snertir Vestfirði, jafnvel betur en ég gerði mér vonir um, og ég hygg, að svo sé um marga Vestfirðinga, að þeir séu síður en svo vonsviknir um framkvæmdir þessa máls. Aftur á móti langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., ef hann hefur tök á að svara því hér að þessu sinni, hvað sé um Dýrafjörð, Önundarfjörð og Súgandafjörð, sem hann nefndi ekki, hvort þeir verði útilokaðir lengi frá því að fá sjónvarp. Það skiptir auðvitað alveg jafnmiklu máli fyrir þessi byggðarlög og hin, sem hann nefndi. Og þá langar mig líka til að fá að vita hjá hæstv. ráðh., hvort það hafi komið fyrir, að einstökum byggðarlögum hafi verið heimilað að byggja sjálf endurvarpsstöð fyrir sig og á sinn kostnað í bili, sem vilja hraða þessu sérstaklega, en væntanlega gegn endurgreiðslu síðar frá sjónvarpinu. Um þetta var ég sérstaklega spurður í símtali nýlega, hvað snertir Súðavík, því að dreifistöðin, sem verið er að byggja á Arnarnesi, nær ekki til Súðavíkur, þó að hún sé þar rétt hjá. Ég taldi rétt, þegar oddvitinn talaði um þetta við mig, að hann biði svolítið með að gera

sérstakar ráðstafanir í þessu efni, þangað til hann vissi meira um þetta. En hann taldi sig hafa einhverjar upplýsingar um það, að einhver byggðarlög hefðu fengið leyfi til þess að byggja sjálf endurvarpsstöðvar til þess að fullnægja sínum þörfum.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði, að á þessu ári mundi sjónvarpstækjum fjölga um 25 þús., eða mér heyrðist hann segja það. Er þetta ekki einhver misskilningur? Er það ekki svo, að þau verði orðin 25 þús.? Ef þetta er svo, að þeim fjölgi á einu ári um 25 þús., þá fer notkun sjónvarpsins langt fram úr þeim áætlunum, sem gerðar voru í upphafi.

Þá nefndi hann líka, að það hefði verið stefna hæstv. ríkisstj. fram að þessu að láta dreifingu sjónvarps ganga á undan lengingu dagskrár. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þessari ákvörðun hennar, og ég held, að ekkert liggi á að lengja dagskrá sjónvarpsins, og vil ég mjög taka undir það, að þessari stefnu verði fylgt fyrst um sinn, því að dagskrá sjónvarpsins er alveg nógu löng að mínum dómi, eins og hún er. Hitt er miklu meira aðkallandi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þakka fyrir jákvæðar undirtektir við þá meginstefnu í sjónvarpsmálum, sem ég gerði grein fyrir í svari mínu áðan, og tek það enn sem staðfestingu á því, að um þessa meginstefnu, sem í upphafi var mótuð, sé ekki ágreiningur á hinu háa Alþ.

Varðandi það frjálsræði, sem síðasti ræðumaður nefndi, hvenær þeir mundu fá sjónvarp á Vestfjörðum, er það að segja, að þeir eru á framkvæmdaáætlun áranna 1970—1971. Annars er velkomið að láta hv. þm. og öðrum hv. þm., sem þess kynnu að óska, í té þá áætlun varðandi dreifingu sjónvarps um landið, sem nú er unnið eftir.

Um fsp. hans um það, hvort ákveðnir staðir á Vesturlandi eða Vestfjörðum mundu geta fengið leyfi til þess að koma upp eigin endurvarpsstöðvum til þess að flýta framkvæmd áætlunarinnar á sinn kostnað, er það að segja, að ég held, að ég hafi greint frá því í aðalsvari mínu við fsp., að tveim stöðum hefur þegar verið heimilað að koma upp endurvarpsstöðvum á eiginn kostnað, þ. e. a. s. Hvammstanga og Blönduósi, gegn ákveðnum skilyrðum. Ég tel sjálfsagt, að ef þeir staðir, sem hann nefndi, hv. þm., vilja að þeim skilyrðum ganga, þ. e. a. s. hafa samráð við Ríkisútvarpið eða Póst og síma um gerð endurvarpsstöðvanna, þannig að þessir aðilar geti keypt þær, þegar að réttum framkvæmdatíma er komið, þá tel ég sjálfsagt að orðið verði við óskum um þessi efni.

15. Notkun á bifreiðum í eigu ríkisins.

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til fjmrh. um notkun á bifreiðum í eigu ríkisins [54. mál, 2] (A. 64).

Á 11. fundi í Sþ., 13. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 46 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 64:

„Hafa ákveðnar reglur verið settar um notkun á bifreiðum í eigu ríkisins, sem ákveðnir embættismenn hafa til einkaafnota? Ef svo er, hvernig hljóða þá þessar reglur?“

Þetta er gert í beinu framhaldi af ræðu, er hæstv. fjmrh. flutti 5. apríl hér í Sþ. sem svar við fsp. varðandi bifreiðaeign og bifreiðanotkun ríkisins. Í svari sínu þá, sem var mjög ýtarlegt, greindi ráðh. frá ýmsu varðandi bifreiðaeign ríkisins, og þar kom m. a. fram, að ríkið á 534 bifreiðar og þar af eru 190 fólksbifreiðar. Hann áætlaði þá verðmæti þessara bifreiða allt að 150 millj. Hann sagði einnig orðrétt, með leyfi forseta:

„Í fjórða lagi er spurt: „Hverjar reglur gilda um not og umráð bifreiða opinberra embætta og stofnana utan venjulegs vinnutíma?“ Um þetta atriði hafa ekki verið settar enn þá fastar reglur, en það eru m. a. þær reglur, sem nú er unnið að og ætlunin er, að verði settar alveg á næstunni á grundvelli þeirra athugana, sem ég gat um áðan, en að svo miklu leyti sem um þetta hafa verið reglur hafa þær verið nokkuð misjafnar frá einni stofnun til annarrar.“

Ég mun ekki hafa þennan inngang lengri og vænti þess, að svar fáist við fsp.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Spurt er, hvort settar hafi verið ákveðnar reglur um notkun bifreiða í eigu ríkisins, sem ákveðnir embættismenn hafa til einkaafnota. Um þetta hafa ekki enn verið settar reglur.

Hv. fyrirspyrjandi vitnaði í svar við fsp., sem ég gaf á Alþ. s. l. vor, þar sem spurt var um bílaeign ríkisins og ýmis önnur atriði í því sambandi. Þar gat ég þess, að það hefðu aldrei verið settar neinar reglur um þetta efni og það væri orðið mikið vandamál, að um þetta skyldu ekki gilda fastar reglur. Bæði væri þetta mikið fjárhagsatriði, sem hér væri um að ræða, og enn fremur væri ljóst, að í sambandi við þessa bílanotkun og bílahlunnindi væri ýmiss konar ósamræmi, jafnvel misrétti milli einstakra embætta. Það, sem hér er vitanlega átt fyrst og fremst við, eru þær bifreiðar, sem ákveðnir menn hafa til umráða, sem við gjarnan köllum hjá okkur forstjórabifreiðar. Það eru helzt forstöðumenn ríkisstofnana, sem hafa þessar bifreiðar, að vísu nokkrir aðrir, sem gegna sérstökum störfum, sem talið hefur verið nauðsynlegt að hafa bifreið til afnota við.

Vandinn í þessu efni er sá, að í mörgum tilfellum er hér beinlínis um launahlunnindi að ræða, sem þróazt hafa gegnum árin, og þetta veldur því, að

það er mjög erfitt um afnám þessara réttinda. Það hafa komið upp þær hugmyndir, að eðlilegra væri að launa starfsmennina betur, sem þessu næmi. Það er sjónarmið út af fyrir sig, en erfitt er að koma því við, vegna þess að í launakerfinu hefur aldrei fengizt viðurkenning fyrir þeirri mismunun launa, sem hér um ræðir.

Í annan stað er þess að geta, að margar þessar bifreiðar eru beinlínis óumflýjanlegar vegna sérstakra starfa viðkomandi manns, þó að hann auðvitað noti þær líka að einhverju leyti í eigin þarfir, og þetta veldur því, að hér er mjög mismunandi ástatt að svo miklu leyti, sem hér er um bifreiðar að ræða, sem eru nauðsynlegar vegna starfs mannsins eða beinlínis um hlunnindi í þessu sambandi að ræða. Reglur eða uppkast að reglum hefur verið gert og reyndar miðað við fleiri en eina hugsanlega leið í þessu efni. Þessar reglur hafa verið til athugunar í sumar, og það standa þannig sakir nú, að þær hafa verið til íhugunar hjá undirnefnd þeirri, sem sett var á laggirnar í sumar með fulltrúum úr fjvn., og nú fyrir ekki löngu óskaði ég eftir því við fjvn. í heild, að hún íhugaði þessar reglur og léti uppi álit sitt um það, hvaða stefnu hún teldi, að bæri að taka í þessum efnum.

Sú skoðun mín hefur ekki breytzt, sem ég lét í ljós í fyrra og hef reyndar látið í ljós oftar í fjárlagaræðum. Þetta mál var tekið fyrst til athugunar fyrir um það bil tveimur árum. Hér er um vandamál að ræða, sem er nauðsynlegt að finna lausn á, en hitt er jafnljóst, að þar sem þetta hefur þróazt um áratugabil, án þess að um það væru fastar reglur, er verulegum erfiðleikum bundið að komast með viðhlítandi hætti út úr þessum vanda, því að það er þægilegra að koma á einhverri venju en aftaka hana aftur. Það, sem gerðist fyrir tveimur árum, þegar byrjað var að athuga þetta mál, var, að þá var stöðvuð sú þróun, að fleiri embættismenn fengju bifreiðar, og jafnframt var þá ákveðið, að ekki yrði breytt bílastyrkjum, sem greiddir eru fjölda starfsmanna, af því að það þykir hagkvæmara en menn hafi bíl til umráða, fyrr en endurskoðun væri lokið. Einmitt síðustu vikur hefur verið unnið skipulega að því að meta bílastyrkina, þannig að því ætti að vera lokið innan tíðar. Það hefur verið safnað rækilegum upplýsingum um akstursþörf þeirra manna, sem bílastyrki hafa fengið, en eftir standa, sem ég gat um, hinar svokölluðu forstjórabifreiðar og enn fremur þær bifreiðar, sem eru mjög margar, er ríkið á og einstakir starfsmenn aka, en eiga ekki að hafa til eigin nota, og það hefur verið mjög til athugunar að merkja þær bifreiðar, taka þær úr notkun, jafnvel að kvöldi til, eins og er gert í sumum stórum ríkisstofnunum. Það er erfitt að koma þessu við, þar sem er kannske um einn eða tvo starfsmenn að ræða og verða því að hafa bílana í vörzlum sínum, en einnig þetta er gert ráð fyrir, að settar verði fastar reglur um.

Reglurnar hafa sem sagt enn ekki verið settar, en ég vænti þess, eftir að umsögn hefur borizt frá fjvn. um þær till., sem þegar liggja fyrir um, hvernig þessar reglur verði, að þá verði hægt að ganga frá málinu innan tíðar.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið, og ég veit, að hann undirstrikar það nú, sem hann gerði í ræðunni í vor, að áfram verði unnið í þessu efni. Það var öllum ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða, vegna þess að það á djúpar rætur. Það var viðurkennt opinberlega fyrir löngu síðan, að þetta er mjög sterkur þáttur í launamálum hjá vissum mönnum. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að fram hjá því verður ekki gengið núna, að þegar rekstur sumra þessara bifreiða kostar um eða yfir 100 þús. kr. og fer hækkandi með vaxandi benzíngjaldi og vaxandi varahlutaþjónustu, þá er orðin brýn nauðsyn að taka ákvörðun. Við komumst ekki hjá því. Þegar á allan almenning í landinu eru lagðar hömlur, hlýtur almenningur að fylgjast með því, hvort hamlað er á þessum lið líka. Og ég vænti þess eindregið, að hæstv. ríkisstj. taki fast á þessum málum, þó að þau séu viðkvæm. Þau mega ekki halda áfram óbreytt, eins og verið hefur. Það er, og ég vil sérstaklega undirstrika það, nauðsyn að merkja þessa bíla, sem ríkið á. Það er óviðurkvæmilegt að sjá börn vissra manna leika sér á þeim í sumarfríi eða um helgar. Það passar ekki eins og er. Og þegar benzínlítrinn er kominn upp í 11—12 kr., þá kostar svona helgarferð ríkið nokkurn bita. Þetta eru viðkvæm mál, en það þýðir ekki að horfa fram hjá þeim vanda, sem í þessu er fólginn. Ég veit, að það er vilji hæstv. fjmrh., — ég hafði kynnt mér það á öðrum stað, — að það sé unnið vel í þessu, og ég þakka honum fyrir það, vegna þess að eftir þessu mun verða tekið um allt land.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að láta í ljós undrun mína yfir því, hversu langan tíma það tekur að taka ákvörðun um ekki meira mál en þetta. Ef ég man rétt, kom það fram í svari hæstv. fjmrh. s. l. vor, að til athugunar um þessi efni hefði verið stofnað þá fyrir tveimur árum. Ég vona, að ekki skakki miklu um tímaákvörðunina í mínu minni. Þá skilst mér, að athugun um þetta mál, — athugun á því, hvort eigi að setja ákveðnar reglur um þetta efni, sem hér greinir, um notkun bifreiða í eigu ríkisins, — hafi tekið 2½ ár. Enn er niðurstaða ekki fengin. Þetta vefst svo óskaplega fyrir fjmrn. og fjmrh., að nú hefur hann skotið því til fjvn. með ósk um það, að hún láti í té umsögn.

Það er básúnað, að hér sé um mikið vandamál að ræða. Þetta er ekkert vandamál í mínum augum. Þetta er í mínum augum rangindi, sem þarna hafa verið viðhöfð og eru viðhöfð og uppi er haldið. Það er viðurkennt af hæstv. fjmrh., að um sé að ræða launafríðindi til einstakra embættismanna, en það hafa ekki nema einstakir embættismenn fengið þetta. Það eru aðrir embættismenn, sem allt eins vel ættu þetta skilið og allt eins hefðu mikla þörf fyrir þetta að mínum dómi, a. m. k. eins og hinir,

sem hafa fengið þessi hlunnindi. Þarna er um mismunun að ræða, sem ekki er þolandi. Og svo upplýsir hæstv. fjmrh. og telur sér það til tekna að mér skilst, að hann hafi lokað alveg fyrir þetta fyrir tveimur árum. Það sé engum nýjum mönnum bætt við. Það er gott og blessað. Þeir skulu ekki fá nein launafríðindi, sem taka nú við, en hinir skulu halda þeim, sem voru búnir að ná í þau. Þetta er blettur, sem á að afmá, og það þarf ekki að hafa um það fleiri orð. Og það er alveg yfirgengilegt, að það skuli taka 2½ ár að setja reglur, sem jafn sjálfsagt er að setja og þessar, og eins og hv. síðasti ræðumaður drap á, að það skuli ekki vera settar reglur um notkun þessara bifreiða og það skuli vera látið sjást, að það sé verið að nota þær í einkaþágu út um allt land. Þetta er hneyksli.

Það er stundum spurt af hálfu stjórnarinnar: Á hvað viljið þið stjórnarandstæðingar benda, þegar á að spara? Það er hægt að benda á mýmörg atriði. Þarna er eitt þeirra. Það er hægt að spara á bílakostnaði ríkisins.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var mikil hneykslun í orðum hv. 3. þm. Norðurl. v. yfir þeirri dæmalausu ósvinnu, að ég skyldi ekki vera búinn að setja reglur um bílanotkun ríkisins, og það væri furðulegt, að það hefði staðið á þessu hjá mér í 2½ ár, síðan ég hefði hafizt handa um athugun á þessu máli. Það vill nú svo til, að ég er ekki fyrsti fjmrh. á Íslandi. Það vill nú svo til, að ríkið hefur átt æðimarga bíla, áður en ég varð fjmrh. Og það vill ennfremur svo til, að það er búið að rannsaka þessi mál í ég hygg 20 ár. (Gripið fram í.) Nei, það getur vel verið. Ég þakka hv. þm. fyrir það, að hann hefur svona dæmalaust traust á mér, að ég eigi að geta á einfaldan hátt sett reglur um það, sem fyrirrennurum mínum hverjum eftir öðrum hefur ekki með einhverjum hætti þótt tiltækilegt að setja reglur um. Það ætti ég auðvitað að þakka. En ég verð hins vegar að játa, að ég er þeim ekki það miklu fremri, að þetta kannske vefjist ekki fyrir mér líka. Það verð ég að játa. En þetta bílamál er nefnilega mál, sem er til komið fyrir langalöngu. Og ég hygg, að það hafi verið a. m. k. tvær n. fyrir mína tíð, sem hafi verið búnar að rannsaka þetta mál og safna um það gögnum, sem að vísu þurfti að vinna upp öll aftur, vegna þess að það var margt nýtt, sem kom hér til og við vildum fá frekari upplýsingar um. Úr báðum þessum athugunum, sem ég vissi til um, hafði ekkert komið út og rn. hafði ekki treyst sér til að setja um þetta fastar reglur. Ég er hv. þm. og eins fyrirspyrjanda nákvæmlega sammála um nauðsyn þess að setja þessar reglur. En ég hverf ekki frá því, að hér er um eitt erfiðasta mál að ræða í sambandi við ríkisreksturinn, þ. e. a. s. að setja reglur um jafnveigamikil hlunnindi og hér er um að ræða, sem hlytu að fela í sér verulega skerðingu þessara hlunninda, og gera það með einu pennastriki. Það er ekki eins auðvelt og að halda áfram á þeirri braut og segja sem svo: Ja, úr því að þetta hefur þróazt í þessa átt, skulum við bara halda því áfram og leyfa miklu fleiri embættismönnum að fá þessi réttindi. Það hef ég ekki talið rétt að gera. Það er alveg rétt. Ég taldi, að það bæri að stöðva þetta og reyna að komast til botns í þessu máli og ég vil taka það alveg sérstaklega fram, til þess að það valdi ekki misskilningi, að ég er síður en svo að varpa af mér eða rn. neinni ábyrgð á hendur fjvn. Þetta mál er hins vegar svo flókið og viðkvæmt vil ég segja á margan hátt og felur í sér svo mikilvæg hlunnindi margvíslegra embættismanna í þjóðfélaginu, að ég tel nauðsynlegt, að þeir aðilar, sem eiga að sjá um ríkisfjármálin og bera ábyrgð á þeim, sem er annars vegar fjmrn. og hins vegar fjvn., hafi samráð um þetta. Það hafa verið gerðar ákveðnar till. og ákveðin drög að reglum hafa verið undirbúin af hálfu rn. Og það eru þessar reglur, sem ég hef óskað eftir að fá álit fjvn.-manna á, sem hafa mikla reynslu í þessum efnum og hafa hugsað mikið um þau á undanförnum árum. Og það er síður en svo, að ég ætli að skýla mér á bak við þá. En ég held, að það hljóti engum að geta dulizt, að það er á engan hátt óeðlilegt, að það taki nokkurn tíma og þurfi margt að skoða og margt komi til athugunar í sambandi við mál, sem hafa þróazt um áratugi með þessum — ég vil segja á margan hátt óeðlilega hætti. Eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, þá verður það ekki leyst á augabragði. Það afsakar hins vegar ekki það, að málið verði ekki leyst, og málið er komið á það stig, að búið er að safna öllum þeim gögnum, sem þarf til þess að átta sig á þessu viðfangsefni.

Mjög veigamikill þáttur í málinu er endurmat bílastyrkja. Nú þarf að gera upp við sig, hvaða starfsmenn skuli hafa þá. Það er miklu meiri fjöldi manna en hefur raunverulega bíla til umráða, og það mál er þegar komið í endanlegt mat og búið að afgreiða marga aðila í sambandi við það. Eftir er svo spurningin um þessa bíla og hvaða reglur er hægt að setja varðandi eigin not starfsmanna á bílum.

Það er alveg hárrétt, sem hér kom fram, að það er auðvitað með öllu óeðlilegt, að notaðir séu ríkisbílar, ekki sízt eftir að tilkostnaður við þá vex, til eigin þarfa í stórum stíl. Og það er þetta, sem verður að meta. Það má auðvitað hugsa sér, að það eigi að banna öllum embættismönnum, sem bíl hafa, að nota hann til eigin þarfa. En það er ekki alveg einfalt mál, ef ætlazt er til þess, að viðkomandi starfsmaður eigi þá tvo bíla. Það, sem mér sýnist heldur kom til álita í því, er að gera mat á því, hvað verði talið, að sé raunveruleg þörf viðkomandi embættismanns fyrir bíl og hann beri þá kostnað af bílnum að einhverju leyti í hlutfalli við það. En ég skal ekki fara út í einstök atriði í því efni, hvernig hægt er að hugsa sér þetta. Það er hægt að hugsa sér fleiri en eina leið í þessu, og það hefur verið á það bent af þeirri n., sem hefur unnið að þessu á vegum rn., og ég vonast til þess, að innan tíðar verði hægt að ganga endanlega frá málinu. Hitt er svo annað mál, hvað menn svo að lokum verða ánægðir, þegar frá því hefur verið gengið, því að við skulum alveg

gera okkur grein fyrir því, að þetta er mál, sem snertir hagsmuni mikils fjölda manns í þjónustu ríkisins.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á s. l. vetri fluttum við minni hl. í hv. fjvn. fsp. í sambandi við bílaútgerð ríkisins og notkun embættismanna á bílum ríkisins. Um þessa fsp. urðu nokkrar umr., þegar hún var til meðferðar. Ég held, að það muni liggja nálægt því rétta að segja, að þessi fsp. hafi orðið til þess að nokkuð alvarlega var farið að vinna í þessu máli, því að þó að það hafi verið til meðferðar í 2½ ár, eins og hæstv. fjmrh. vék að, held ég, að það hafi verið eitt af hinum 59 sparnaðarloforðum, sem voru gefin í upphafi núverandi valdasamsteypu, sem flest hafa gleymzt, þegar átti til framkvæmdanna að koma. En um þennan bílarekstur ríkisins eða bílastyrki voru á s. l. sumri gerðar till. um, hvernig fara skyldi með.

Þetta mál kom til meðferðar hjá undirnefnd fjvn. s. l. sumar. Hún fjallaði nokkuð um það í umr. án ályktunar. Þá kom m. a. fram sú hugmynd hjá einstökum nefndarmönnum, og ég verð að segja, að sú hugmynd er a. m. k. ekki langt frá því, sem ég gæti hugsað mér í þeim efnum, — að ríkið kæmi upp bílastöð, sem embættismenn og opinberir starfsmenn hefðu aðgang að, þeir, sem ættu að hafa aðgang að slíku. Sá háttur yrði frekar upp tekinn en einkanot embættismanna af bílum, eins og nú er. En um þetta mál hefur samt ekki verið tekin nein ákvörðun.

Þetta var rætt í fjvn. fyrir nokkru, og þá var gert ráð fyrir, að n. kynnti sér þessar till., en nm. munu ekki hafa fengið þær frá hæstv. ríkisstj., — að undanteknum okkur, þessum 4, sem fengum þær í sumar — fyrr en á fundinum í morgun, svo að ekki er ástæða til, að fjvn. hafi getað afgreitt þetta mál. Hinu skulum við gera okkur grein fyrir, eins og kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. v., að hér er um mikið alvörumál að ræða. Hér er mikil mismunun á embættismönnum og opinberum starfsmönnum, hvort þeir njóta þeirra hlunninda, sem bílastyrkur og bíll er, því að það eru geysilegir fjármunir að hafa ríkisbíl og allan rekstur hans umfram sín laun. Og eins og um fleiri atriði í rekstri ríkissjóðs verður að taka fasta ákvörðun um þetta mál nú, því að ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt í umr. um fjárl. ríkisins, að allar efnahagsaðgerðir renna út í sandinn, ef ríkissjóður sjálfur og ríkisstj. sýnir ekki meiri sparnað í verki en verið hefur.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vildi bera það fram sem einhverja afsökun fyrir sig, að sumir fyrirrennarar sínir hefðu fengizt við þessi mál án árangurs, og hv. síðasti ræðumaður upplýsti um einn af þeim. En ég held, að þetta sé ekki eins mikil afsökun og hæstv. fjmrh. vill vera láta.

Það er alveg rétt, eins og hann sagði, að þetta er upphaflega til komið þannig, að þetta var veitt sem launafríðindi til einstakra embættismanna. Það var látið viðgangast og það var horft í gegnum fingur við það. Það var auðvitað alltaf ómynd. En hvað hefur gerzt síðan? Árið 1963 komu í gildi nýir kjarasamingar embættismanna og starfsmanna ríkisins, og þá varð stórkostleg breyting á launakjörum embættismanna. Þá voru þeir allir metnir. Þá var þeim öllum skipað í flokka. Ég efast um, að það hafi nokkuð verið tekið tillit til þess við þá flokkaskipun, hvort það var svo, að hjá þessu embættinu var bíll, en hjá hinu ekki. Auðvitað átti þá að taka þessi fríðindi til greina og meta þau í sambandi við kjarasamningana. Það var ekki gert. Það var einmitt látið haldast áfram, enda þótt þá hefði verið fullkomin ástæða til þess í framhaldi af kjarasamningunum að taka þessi mál alveg sérstaklega sterkum tökum. Og þess vegna hvílir það á hæstv. fjmrh. að ganga frá þessum málum. Hann hefur haft þau til athugunar 2½ ár. Nú vona ég, að honum dugi ½ ár í viðbót til þess að ganga alveg fullkomlega frá þessum málum, því að þetta er ekkert smámál. Auk þess, sem ég sagði áðan, að hér væri um fullkomið rangindamál að ræða, vegna þess að það mismunar mönnum algerlega, þá er það enginn smáræðisdilkur, sem þetta dregur á eftir sér í þjóðfélaginu. Á eftir þessum forstjórum og embættismönnum, sem hafa talið sér nauðsynlegt að hafa bíl á kostnað ríkisins, koma allir bankastjórar og bæjarstjórar. Þá koma allir framkvæmdastjórar hjá fyrirtækjum og gera um það kröfur, að til viðbótar við laun sé þeim skaffaður bíll. Það er nú einu sinni svona, að eftir höfðinu dansa limirnir. Og hvað ætli þessi útgjöld öll kosti þjóðfélagið í heild? Það væri fróðlegt, að einhverjir reikningsglöggir menn reiknuðu það út.

Það er auðvitað engin þörf á því fyrir forstjóra eða það er a. m. k. í fæstum tilfellum nokkur þörf á því fyrir forstjóra, að þeim sé skaffaður bíll á ríkisins kostnað. Þá gætu þeir alveg eins farið að krefjast þess, að þeim væru sköffuð föt til að ganga í, þannig að þeir litu sómasamlega út. Það eina rétta í þessu er auðvitað að meta, hverjir hafa einhverja þörf fyrir að nota bíl. Þeim á að greiða bílastyrk og sá bílastyrkur á að vera sá sami til allra. Það eru ákaflega fáir embættismenn, sem eiga nokkurn rétt á því og hafa nokkra þörf á því að hafa bíl upp á ríkisins kostnað. Það er lögreglan og kannske örfáir aðrir, sem nokkur ástæða er til að hafi þetta. Og þetta á ekki að vera neitt viðkvæmt mál. Auðvitað verða þeir óánægðir, sem sviptir eru þessum fríðindum. En eiga valdamenn að hika við það að fara rétt að, þó að það sæti einhverri óánægju hjá einstökum mönnum? Ég segi nei. Menn eiga að þora að gera það, sem rétt er. Og það er fullkomin ástæða til þess að taka þessi mál föstum tökum og þá er eins og ég sagði áðan, það eina eðlilega, að ríkið hætti yfirleitt að eiga bíla, en þeim embættismönnum, sem að mati við skulum segja manns frá fjmrn. og n. frá BSRB þyrftu sérstaklega á bíl að halda, væri greiddur bílastyrkur, sem væri ákveðin upphæð á ári. Svo gætu þeir átt sinn bíl, ef þeir vildu, eða keypt sér stöðvarbíl. En það er í fæstum

tilfellum, sem menn þurfa á því að halda að hafa bíl á ríkisins kostnað til þess að fara á milli heimilis og starfsstöðvar hér í bæ.

En svo eru það aftur aðrir bílar, sem ríkið á og rekur til ýmiss konar þjónustustarfa, vörubílar o. fl. Þar fyndist mér, að væri tilvalin þessi till., sem hv. þm. Halldór E. Sigurðsson nefndi áðan, að það væri komið upp sérstakri bílastöð fyrir ríkið, sem annaðist þau viðskipti. En það þarf enga bílastöð fólksbíla til þess að flytja embættismenn milli heimilis og starfsstöðvar. Nei, það ættu allir að sameinast um að afnema þetta.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er svo í þessu máli sem æðimörgum öðrum, að það er töluvert einfaldara fyrir þá menn að gagnrýna, sem utan vandans standa, að ekki skuli hafa verið gert eitt og annað, heldur en að leysa málið. Hitt vil ég ekki láta hjá líða að segja og leggja á það áherzlu, að málið er miklu vandasamara og flóknara en hv. þm. heldur, og það er svo margt, sem þar spilar inn í, réttindi, sem embættismenn hafa haft í lengri tíma og á svo allt í einu að fara að taka af þeim. Það er ekki hægur vandi, og ég hef a. m. k. ekki viljað stefna út í þá ófæru að setja reglur, sem menn gæfust upp við að framfylgja. Það held ég, að sé höfuðnauðsyn í sambandi við allar slíkar aðgerðir. Það var byrjað eins og ég sagði í sambandi við þessi bílamál að hindra, að um frekari útvíkkun þessara réttinda yrði að ræða, meðan þau væru í athugun. Í annan stað var ákveðið, að settar væru hömlur á, hvað þeir bílar mættu kosta, sem keyptir væru á þessu tímabili eða eftir að þau ákvæði væru sett, og það eitt út af fyrir sig hefur dregið verulega úr þessum kostnaði, þó að það auðvitað leysi ekki vandann. En þegar ég tala um, að það sé betra að fara gætilegar af stað og athuga þau spor, sem maður stígur, og tryggja, að ekki verði hörfað til baka, þá vil ég minna á, að fyrir alllöngu var tekin sú ákvörðun af þáv. fjmrh., og ég segi þeim mæta manni það sízt af öllu til lasts, að það skyldi skila ríkisbílum. Þá átti að gera mjög ákveðna ráðstöfun til þess að draga úr þessum ófögnuði, og það átti að afhenda ríkisbílana. Það var ein stofnun, sem afhenti bílinn sinn. Það var að vísu stofnun, sem hv. þm. var nátengdur, og það var henni til sóma, en það var eina stofnunin, sem afhenti bíl, og meira var ekki aðhafzt. Það var látið gott heita og látið við svo búið standa, eins og sagt er. Þarna álít ég, að sé betra að fara með gætni og vera öruggur um að koma málinu fram og færa það fram til sigurs en stíga svo róttækt spor, að það sé ekki hægt að framfylgja ákvörðuninni.

Ég nefni þetta aðeins, eins og ég sagði, ekki til neinnar gagnrýni á þann hæstv. ráðh. sem þá var, heldur til þess að sýna, hve hér er um mikinn vanda að ræða, þegar sá ráðh. var alls ekki þekktur fyrir að reyna ekki að halda fast á málum.

Hv. 3. þm. Vesturl. hélt því fram áðan, að fsp., sem hann hefði flutt í fyrra ásamt fleirum, mundi hafa ýtt þessu máli mjög áleiðis. Ég verð því miður að hryggja hann með því, að það ýtti ekki málinu áleiðis nema um einn dag af þeirri einföldu ástæðu, að eins og ég gat um þá, var orsökin til, að ég gat svarað fsp., sú, að búið var að safna öllum þeim gögnum, sem þurfti til að svara henni, þannig að það var ekki hafizt handa um það, þegar fsp. var borin fram. Það hefði verið ómögulegt að svara fsp., nema það hefði verið búið að gera þær rannsóknir allar, sem þar lágu að baki og þar greindi frá. Hann upplýsti sjálfur, að reglurnar hefðu verið til snemma í sumar og þá hefði fjvn. eða undirnefnd hennar verið skýrt frá þeim, þannig að það hefur þá verið mikill hraði og ekki um mikinn vanda að ræða, ef það hefði verið gert á nokkrum dögum eftir að þessi fsp. var borin fram að leysa málið með þessum hætti. Það auðvitað skiptir engu máli, hvort menn hafa þá skoðun, að þeir hafi einhver áhrif með málflutningi sínum. Ég er ekkert að reyna að taka af hv. þm. þá fjöður, ef hann vill hafa hana. En reyndin er sú, að þetta hefur haldið áfram með alveg eðlilegum hraða.

Að fjvn. hafi raunverulega ekki vitað um málið fyrr en fyrir 1—2 dögum, af því að undirn. hafi aðeins vitað um það í sumar, hef ég ekki reiknað með sannast sagna. Ég bjóst ekki við, að undirn. mundi leyna n. þessu. Ég óskaði eftir því í sumar, að undirn. segði skoðun sína á þessu máli, vegna þess að hér væri um það yfirgripsmikið vandamál að ræða, sem var ljóst, að mundi hitta mjög marga. Ég er ekki með því — ég tek það fram aftur — að kasta vanda á fjvn., heldur tel ég það mikilvægt, að allir þeir aðilar, sem eiga með eftirlit ríkisfjármuna að fara, bæði fjvn. og fjmrn., séu nokkurn veginn sammála um jafnveigamiklar reglur og þessar, þegar þær verða settar. En ég reiknaði satt að segja ekki með því, að það hefði þurft að útbýta því sérlega í n., heldur mundi undirn. ræða það þar, eftir því sem hún teldi ástæðu til. En ég vakti hins vegar máls á því fyrir nokkru á fundi með fjvn. allri, að ég vildi mjög gjarnan heyra skoðun n. í heild á þessu máli.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. taldi, að það hefði sérstaklega átt að vera auðvelt fyrir mig að leysa þetta mál, vegna þess að það hefðu gerzt þeir atburðir árið 1963, þegar launabreytingar urðu hjá ríkisstarfsmönnum, að þá hefðu öll hlunnindi átt að falla niður. Um það var að vísu ekkert sagt í þeim kjaradómi, sem þá féll, að öll hlunnindi ættu að falla niður, a. m. k. var þetta ekki gert. Og sannleikurinn er sá í dag, að það er mikið vandræðamál, eins og þróun launamála hefur verið, ekki sízt hjá yfirmönnum stofnana og hjá mönnum með hliðstæða menntun og þeir hafa, að búa með nokkrum viðhlítandi hætti að þeim mönnum, sem hafa mesta ábyrgð í ríkiskerfinu, vegna þess að í mörgum tilfellum eru forstjórar stofnana ríkisins launalægstir í stofnununum af þeim mönnum, sem hafa hliðstæða menntun. Þetta á sér t. d. stað með allar þær stofnanir, sem verkfræðingar eru forstjórar fyrir, þannig að þetta eina dæmi sýnir okkur, að hér er sannarlega ekki um einfalt mál að

ræða. Svo hefur það í ýmsum tilfellum gerzt, bæði fyrr og síðar, að tilteknir menn hafa beinlínis ráðizt til starfa hjá ríkinu vegna þess að þessi hlunnindi voru fyrir hendi. Ég er ekkert að segja, að það sé gott, að þetta hafi gerzt, en ég veit um ýmis dæmi þess, að þessir menn telja, að það hafi verið svo og því er ómótmælt af þeim, sem hafa annazt þá ráðningu, að það sé rétt, að þeir hafi mátt ganga út frá, að þessi hlunnindi væru til staðar. Og það er ein grundvallarregla í sambandi við kjaramál hjá ríkinu, að menn séu ekki sviptir launum eða lækkaðir í launum, sömu starfsmenn búi áfram við sömu kjör, meðan þeir eru í starfi. Og það þótti t. d. ekki tiltækilegt, þegar við vorum að setja löggjöfina um embættisbústaði á s. l. ári, að taka hlunnindin af þeim embættismönnum, sem þá höfðu embættisbústaði, heldur var ákveðið að selja embættisbústaðina, þegar skipti yrðu á embættismönnum. Nú er ég ekkert að slá því fram, að þetta eigi að vera regla í þessu sambandi. Það þarf að skoðast miklum mun betur, en ég nefni þetta aðeins til þess að sýna fram á, að málið er miklu flóknara en menn halda, þegar þeir segja, að þetta sé hægt að leysa á einum til tveimur vikum, þó að megi kannske segja, að maður eigi að geta leyst það á 2½ ári, það er önnur saga.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Það er enginn ágreiningur milli mín og þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, um, að það sé mikil nauðsyn að koma hér á fastri skipan. Ég get alveg tekið undir með þeim, að einmitt á þessum tímum, þegar þarf að leggja kvaðir á landsfólkið, sé nauðsynlegt að lagfæra svona hluti. En hinu skulum við þá heldur ekki gleyma, að með þessu er verið að taka hlunnindi af miklum fjölda manna, veigamikil hlunnindi, þannig að í því er einnig kjaraskerðing, og ég vil jafnframt taka fram, að það eru ótal stofnanir, sem eru ekki annað en hálfgerðar útkjálkastofnanir úr ríkiskerfinu, ef svo má segja, og einnig einkastofnanir, sem veita starfsmönnum sínum og forstöðumönnum þessi hlunnindi, en ekki vegna þess að ríkið hafi gert þetta. Það er ekki byggt á þeirri ástæðu, heldur vegna þess, að þessi fyrirtæki hafa talið sér nauðsynlegt á ýmsum stigum að veita forstjórum sínum þessi sérstöku hlunnindi. Þetta hefur verið mjög vaxandi og gerir auðvitað erfiðara um vik að afnema þessi hlunnindi að meginhluta til hjá ríkinu.

En ég skal ekki orðlengja um þetta frekar. Ég hygg, að allt hafi komið fram, sem menn vildu um þetta segja, og ég vænti þess þá mjög, þegar að því kemur að koma þessum reglum saman, að almennur stuðningur verði á hinu háa Alþ. við að koma fram nauðsynlegum takmörkunum eða æskilegum takmörkunum í sambandi við þessi réttindi.

Tómas Karlsson: Herra forseti. Ég get ekki fallizt á þau rök, sem hæstv. fjmrh. hefur flutt og hafa verið heldur léttvæg, hvað þetta sé flókið mál. Ég held einmitt, að hv. 3. þm. Norðurl. v. hafi komið fram með einfalda till., sem hæstv. fjmrh. reyndi að vissu leyti ekki að mæla gegn, að það verði hætt að láta embættismönnum ríkisins í té bifreið, sem er í eigu ríkisins, og láta ríkið að öllu leyti sjá um rekstur bifreiðarinnar, heldur verði tekinn upp sá háttur, að þeir starfsmenn ríkisins, sem talið er nauðsynlegt eða eðlilegt að fái hlunnindi í sambandi við rekstur bifreiðar, fái þau í formi styrks, sem þeir gætu þá notað annaðhvort til þess að reka eigin bifreið eða standa undir kostnaði, ef þeir tækju sér bifreið á leigu við að rækja starf sitt. Og ég held, að þessi leið sé mjög auðfarin. Það gæti vel verið, að það þyrfti mismunandi reglur um fjárhæð styrkjanna til einstakra embættismanna, en eins og kom hér fram, finnst mér ekki fara vel á því, að hæstv. fjmrh. sé að skjóta sér á bak við sinn forvera í þessu embætti, vegna þess að á árunum 1964, eins og hér hefur komið fram, voru sett ný heildarlög um laun starfsmanna ríkisins, og þá voru gerðar geysilegar breytingar á öllu launakerfinu og vissir embættismenn hækkaðir ég held bara upp undir 50% í launum. En þeir voru látnir halda þessum hlunnindum. Ef það er rétt, að ekki hafi verið neitt tillit tekið til þessara stórkostlegu hlunninda, sem í því eru fólgin að hafa bíl í eigu ríkisins og láta ríkið sjá um reksturinn þarf náttúrlega að endurskoða og leiðrétta launakerfið með tilliti til þessara fríðinda. Og það væri heppilegast, að það væri viðurkennt í launakerfinu sjálfu. Þá er ekki verið að reyna að fara einhverjar krókaleiðir eða fela eitthvað, sem talið er rétt, að menn hafi fyrir sitt starf í þágu ríkisins. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að hér er um stórkostleg hlunnindi að ræða, miðað við það, sem þessir bílar kosta, sem þessir embættismenn nota nú almennt. Það eru nú venjulega ekki fólksvagnar, sem þeir eru á, eins og við vitum. Stofnkostnaður við þessa bíla og rekstur þessara bíla nemur stórkostlegum fúlgum á ári, miðað við þann kostnað, sem orðinn er eftir þessa síðustu gengisfellingu hæstv. ríkisstj. Og þessi heimili, sem þarna er um að ræða, eru hátekjuheimili. Þetta eru fyrst og fremst embættismennirnir, sem hafa hæstar tekjur fyrir sín störf í þágu ríkisins, þannig að ef við tækjum þetta dæmi með bílinn, þessa gerð bíla, inn í heimilishaldið, þá mætti kannske segja, að tekjur þessara heimila væru kannske um 500 þús., kannske sums staðar upp í 700—800 þús., ef við tökum fullt tillit til stofnkostnaðar bílsins og rekstursins, miðað við það, að maðurinn ætti þennan bíl og yrði að reka hann sjálfur, svo að hér er um geysileg fríðindi að ræða. En eru þau á öllum stöðunum fullkomlega réttmæt og eðlileg? Það held ég nefnilega ekki. Og eins og kom fram, felast í þessu stórkostleg rangindi og mismunun meðal embættismanna ríkisins, sem er ekki hægt að þola. Og það er ekki hægt að draga lengur að setja ákveðnar reglur um þetta. Það mætti þá a. m. k. byrja á því að merkja þessa bíla, þannig að almenningur gæti fylgzt með, hvar þeir eru á ferð og hverjir aka þeim, eins og kom hér fram hjá hv.

fyrirspyrjanda. En þó að það vefjist — og mér skildist á ræðu hæstv. fjmrh., að það ætti eftir að vefjast enn lengur fyrir honum að setja þessar reglur, — þó að það vefjist fyrir honum að hreyfa við þessum hátekjuheimilum, þá hefur það ekki vafizt fyrir honum að taka núna 20% af framfærslutekjum þeirra, sem minnst hafa. Það vefst ekki fyrir hæstv. ráðh.

16. Endurskoðun húsnæðismálalöggjafar.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til félmrh. um heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafar [41. mál, 1] (A. 42).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 11. og 13. fundi í Sþ., 13. og 20. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Fyrir þessari fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 42 þarf ekki langa framsögu. Fsp. er á þessa leið:
„Hvað líður þeirri heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafar, sem húsnæðismálastjórn var falin í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstj. hinn 9. júlí 1965 um nokkra þætti þeirra mála?"
Eins og allir hv. alþm. muna, var svo um mælt í yfirlýsingum hæstv. ríkisstj., sem birt var 9. júlí 1965, að nokkrir þættir húsnæðismálanna yrðu teknir til endurskoðunar og húsnæðismálastjórn mun í framhaldi af þessu hafa verið falið að láta framkvæma þá skoðun, sem yrði þá heildarendurskoðun allra lagaákvæða um byggingarmál. Það er og mála sannast, að slíkrar endurskoðunar var full þörf. Tímarnir breytast og þá er ekki nema eðlilegt, að svo mikilvægur málaflokkur, sem er opinber aðstoð til að koma upp húsnæði, þurfi einnig að skoðast, án þess að mjög langt líði á milli, með því þá jafnframt, að opinber lagasetning um slíka aðstoð er tiltölulega ný hér á landi.
Það er margt, sem kemur til athugunar, þegar leiddur er hugurinn að því, sem helzt þarf að taka til athugunar í sambandi við slíka endurskoðun. Ég hygg, að það sé ekki ástæða til að nefna það allt hér, en mjög hefur þó verið á dagskrá t. d. framhald þeirra byggingarframkvæmda, sem farið hafa fram á vegum ríkisins í Breiðholti, sérstaklega þá, ef framhald verður á þeim byggingum, hvernig hugsað sé að afla fjármagns til þeirra bygginga, hvort ætlað sé að koma upp slíkum byggingum annars staðar en hér í Reykjavík o. s. frv. Þá er það kunnara en rekja þurfi, hversu afgreiðslufrestur er orðinn óhæfilega langur á húsnæðislánum úr almenna veðlánakerfinu. Ég fer ekki nánar út í þetta. En með hliðsjón af þessu er að flestra dómi vel ráðið, að hæstv. ríkisstj. skyldi vilja beita sér fyrir slíkri heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar. En það verður jafnframt að segja, að síðan 9. júlí 1965, í bráðum 3½ ár, hefur næsta lítið af þessari endurskoðun spurzt. Satt að segja finnst mér, að þessi endurskoðun hafi helzt verið nefnd af hálfu hæstv. ráðh., þegar þeir hafa af einhverjum ástæðum viljað drepa á dreif till. stjórnarandstæðinga til úrbóta í þessum efnum. Þá hefur verið munað eftir því, að húsnæðismálalöggjöfin öll væri í heildarendurskoðun og þess vegna væri ekki hægt að taka einstaka þætti húsnæðismálanna fyrir og breyta lögum um þá. Þannig var t. d. í fyrra, að ég bar fram frv. um nokkrar breytingar á lögum um byggingarsamvinnufélög. En þau lög munu vera það eina, sem eftir stendur af upphaflegri löggjöf um opinbera aðstoð til bygginga í kaupstöðum. Þessi lög eru orðin gömul, þau eru orðin úrelt. Afleiðing af því er m. a. sú, að byggingarsamvinnufélögin hafa ekki getað gegnt því hlutverki, sem þeim var ætlað, og þau eru alveg áreiðanlega mjög vel til fallin að gegna, ef sæmilega er að þeim búið, því að ég tel, og það eru margir aðrir, sem telja það, að enn þá hafi a. m. k. ekki fundizt form, sem heppilegra sé til þess að aðstoða einstaklinga við að koma upp eigin húsnæði en sú leið, sem byggingarsamvinnufélögin benda á, þar sem saman fer framlag einstaklinganna og hin opinbera aðstoð, eins og þar er nánar skilgreint. Það vil ég líka gjarnan upplýsa, að þessu máli var ekki illa tekið. Því var heldur vel tekið af hv. stjórnarliðum í Ed., þar sem frv. var borið fram, en vegna margnefndrar heildarendurskoðunar á húsnæðismálalöggjöfinni þótti ekki fært að samþykkja frv., hvorki í þeirri mynd, sem ég bar það fram, né í neinni annarri mynd, sem hugsanlega hefði fallið hv. stjórnarliðum eitthvað betur í geð. Örlög þessa frv. urðu því þau, að því var vísað til hæstv. ríkisstj. og átti að koma þar sem einn af liðunum í þessari heildarendurskoðun. Og nú vil ég sem sagt ítreka þessa fsp. til hæstv. félmrh. og bið hann að svara því, hvað líði þessari heildarendurskoðun og hvort það megi ekki fara að búast við því, að einhver árangur af henni sjáist.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir fsp. Sem svar við henni vil ég segja þetta:
Samkvæmt upplýsingum formanns húsnæðismálastjórnar er að því stefnt að skila áliti um þessa heildarendurskoðun í næsta mánuði. Athugunin hefur beinzt að því að afla aukins fjármagns, annars vegar til byggingarsjóðs ríkisins, hins vegar til byggingarsjóðs verkamanna. Þetta er vissulega torleyst vandamál, eins og efnahag þjóðarinnar nú er

háttað. Nánari upplýsinga um árangur þessarar endurskoðunar má samkvæmt framansögðu vænta í næsta mánuði.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil út af fyrir sig þakka hæstv. félmrh. fyrir þessar upplýsingar. Það er náttúrlega góðra gjalda vert, að húsnæðismálastjórn skuli treysta sér til að skila í næsta mánuði einhverjum till. um það efni, sem hæstv. ráðh. tilgreindi sérstaklega, þ. e. að útvega fjármagn til byggingarsjóðs ríkisins og byggingarsjóðs verkamanna. En næsta lítið finnst mér fara fyrir þeirri heildarendurskoðun á lagasetningu um húsnæðismálastjórn, sem oft hefur verið vísað til og sérstaklega var lofað með margnefndri yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. eftir vinnudeilurnar 1965. Og ég verð að segja, að það er næsta furðulegt að þurfa að bíða í 3½ ár eftir athugun á því, hvernig afla beri fjármagns til þessara sjóða, sem ríkisstj. lofaði þó í sömu yfirlýsingu að útvega á árinu 1965.

Það er vitanlega rétt, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekizt þetta, og þess vegna má segja, að gott sé að fá þær till. En mér finnst þetta vera alveg furðuleg efnd á þessari yfirlýsingu, og ég satt að segja trúi því ekki, að þar við verði látið sitja. Og ég vil mjög skora á hæstv. félmrh. að láta ekki þar með staðar numið. Auðvitað þarf aukið fjármagn í þessa sjóði, en það þarf enga þriggja ára yfirlegu yfir því, og það er margt fleira, sem þarna þarf að athuga, svo sem heildarlagasetninguna um það, hvernig þessari aðstoð verði fyrir komið. Ég verð að segja, að ef það verður niðurstaða hæstv. ríkisstj., t. d. gagnvart því frv., sem ég minntist hér á áðan, þá er vitanlega engin önnur leið til en endurflytja frv. og láta þá reyna á það, hvort hæstv. stjórnarsinnar á Alþ. vilja raunverulega rétta hlut byggingarsamvinnufélaganna eða hvort þeir vilja það ekki. Og ef þetta er afgreiðslan, þá hefur þetta bara verið hreinn fyrirsláttur, sem ég satt að segja trúi ekki enn þá, þrátt fyrir þessar upplýsingar, að hafi verið meining þessara aðila.

Ég verð að lýsa mjög miklum vonbrigðum yfir þessum vinnubrögðum og skal ekki fara um þau fleiri orðum hér, en auðvitað bíða menn með athygli eftir því að sjá þær till. húsnæðismálastjórnar um útvegun aukins lánsfjármagns, sem boðaðar eru í næsta mánuði.

17. Akstursmælar í dísilbifreiðum.

Á 10. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til samgmrh. um akstursmæla í dísilbifreiðum [54. mál, 3] (A. 64).

Á 11. fundi í Sþ., 13. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 45 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 64 leyft mér að spyrja samgmrh. um akstursmæla í dísilbifreiðum á þessa leið:

„Hvað líður undirbúningi að notkun á akstursmælum í dísilbifreiðum vegna þungaskatts?"

Eins og þm. muna, voru samþ. 9. apríl ný lög um þungaskatt o. fl. á bifreiðar. Þessi skattur var verulega aukinn, vegna þess að nauðsyn er að gera átak í vegamálunum, og í b-lið 4. gr. umræddra laga segir m. a., með leyfi forseta:

„Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín: Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast 14500 kr. Fyrir bifreiðar 2001 kg og þyngri greiðast 14500 kr. og auk þess 500 kr. fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðh. er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eiganda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn km samkv. ökumæli. Í reglugerð er ráðh. enn fremur heimilt að ákveða tvo gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og allt að 4 gjalddaga árlega fyrir km-gjald, svo og kveða á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni."

Nú er það vitað mál, að þungaskatturinn var ekki hugsaður sem nefskattur á eiganda bifreiðar, heldur sem gjald vegna notkunar á vegunum, og allir vita, að akstur er mjög misjafn á þessum stóru dísilbifreiðum. Sumar eru nokkuð staðbundnar og mætti í því efni nefna Vestmannaeyjar. Þeir keyra nú ekki mörg þús. km þar. Hins vegar eru bifreiðar á öðrum stöðum á landinu, sem keyra jafnvel tugi þús. km. Þess vegna er það mjög óeðlilegt, enda ætlast löggjafinn ekki til þess, að þungaskatturinn sé föst tala, heldur miðaður við akstur. Þá eru ökumælarnir, sem lögin gera ráð fyrir, nauðsyn í hverja bifreið, og mér leikur forvitni á að vita, hvað líður undirbúningi að ísetningu þeirra.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Á s. l. vori, þegar lög um þungaskatt voru sett, var ákveðið að hafa heimild til þess að innheimta þungaskattinn eftir ökumæli.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það skapast óréttlæti, þegar innheimt er gjald eingöngu eftir stærð eða þunga bifreiðanna. Notkun bifreiða er ákaflega mismikil eftir því, hvar þær eru staðsettar. Hv. fyrirspyrjandi nefndi t. d. Vestmannaeyjar, en það eru ýmsir fleiri

staðir á landinu, sem eru hliðstæðir. Það hafa ýmsir komið að máli við mig og bent á, að þeir ættu jú vörubíl, en þeir færu sjaldan út á þjóðveginn. Aðalkeyrslan væri frá bryggju og út í frystihús, og þetta mun vera sannleikur. Þannig er það vitanlega einnig með Strætisvagna Reykjavíkur en það er óvíst, að þeir njóti góðs af, ef þeir færu að aka eftir mæli. En þeir fara ekki út á þjóðvegina. Þeir eru á götum Reykjavíkurborgar. Það er alveg tvímælalaust réttlátt að nota mæli við þessa gjaldtöku, það er mjög réttlátt. En það er dálítið miklum erfiðleikum bundið að framkvæma þetta. Þeir einu, sem það hafa gert, eru Norðmenn og gerðu það fyrir nokkrum árum, en fyrsta árið gekk þetta hálfilla hjá þeim. Og það kom í ljós, að menn reyndu að brjóta þetta og spara sér þannig gjaldið. En Norðmenn komust fljótt yfir þessa erfiðleika, og nú eru þar engar till. uppi um að hætta gjaldheimtunni með þessum hætti. Svíar hafa nú í 3 ár verið með þetta í athugun hjá sér, hvort þeir ættu að taka upp þessa reglu, sem Norðmenn nota, og enn hafa þeir ekki ákveðið það, vegna þess að þeir mikla fyrir sér byrjunarerfiðleikana. Þetta hefur verið í athugun hjá vegagerðinni, ekki aðeins síðan s. l. vor, heldur nokkru lengur, og vegamálastjóri hefur verið á ferð í Noregi og kynnt sér þetta rækilega. Mælarnir eru þýzkir, og það eru þrjár tegundir til. Ein er þó algengust í Noregi, og er sérstaklega mælt með henni. Bílstjórar verða að hafa sérstaka bók, sem þeir færa á hverjum degi, og svo er gert ráð fyrir, að uppgjör fari fram ársfjórðungslega, — það séu 4 gjalddagar á ári.

Spurningin er, hvort við förum að dæmi Svía og miklum erfiðleikana þannig fyrir okkur, að við frestum framkvæmdunum eins og þeir og tökum ekki ákvörðun eða hvort við tökum ákvörðun um það að gera þetta. Og ég verð að segja, að því meira, sem ég hef hugsað um þetta og því meira, sem þetta er athugað hjá vegagerðinni, því líklegra er, að þetta verði niðurstaðan. Vegagerðin hefur flutt til landsins 10 mæla og sett í bifreiðar hjá sér og er að fá nokkra reynslu af notkun þeirra. Og það hefur ekkert komið fram, sem mælir gegn því, að þessir mælar geti komið að sömu notum hér og í Noregi. Mælarnir hafa ekki bilað í þessa mánuði, sem þeir hafa verið í notkun, og þeir virðast mæla alveg rétt, þannig að það á með nokkru eftirliti að vera hægt að koma þessu í kring og nota þetta hér líkt og í Noregi.

Við höfum rætt þetta mikið í rn. og við vegamálastjóra og verkfræðinga hans, og ég held, að þetta verði niðurstaðan. Spurningin er: Er mögulegt að láta þetta koma til framkvæmda á miðju ári 1969 eða þarf að binda það við áramót? Þessu höfum við verið að reyna að gera okkur grein fyrir, og í bréfi, sem ég fékk nýlega frá vegamálastjóra, hallast hann helzt að því að binda þetta við áramót. En þá gæti þetta ekki komið til framkvæmda fyrr en í árslok 1969. Þó er verið að athuga, hvort hægt væri að láta það koma til framkvæmda á miðju ári 1969, og hallast ég frekar að því, ef það væri mögulegt. Ég held, að vegna hins mikla ósamræmis í því fyrirkomulagi, sem við notum, verðum við að taka upp þessa reglu með mælana.

Það mun einhver segja: Þetta átti að gerast fyrr. Þið þurfið ekki svo langan undirbúning. — En það er betra að flana ekki að neinu. Og ef horfið verður að því ráði að taka mælana í notkun, verður það að vera raunhæft. Það verður að fylgja því eftir, og menn verða að vera við því búnir, að þetta kosti dálítið rex og það kosti dálítil leiðindi. Stofnkostnaðurinn er að vísu ekki mjög mikill, — mælarnir kosta eitthvað um 3000 kr., — en eftirlitið verður að auka, og það verður að fylgja því fram, að þetta verði í alla staði rétt framkvæmt. Og áreiðanlega er þetta ekki einfalt, úr því að Svíar hafa ekki á þremur árum tekið ákvörðun, heldur hafa það alltaf í athugun. Það er þó tæplega eitt ár, sem við höfum haft þetta í athugun og erum eiginlega að því komnir að taka ákvörðun í málinu.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þetta svar. Og þó að hægt miði, virðist miða áfram í rétta átt, eins og lögin ætlast til. Ég vil sérstaklega undirstrika, að útilokað er annað en taka upp mælana, burt séð frá því, hvað aðrar þjóðir hafa gert í þessu efni, vegna þess hvað notkun á dísilbifreiðum hér á Íslandi er misjöfn. Þetta var ekki hugsað sem nefskattur, og ég nefndi Vestmannaeyjar sem mjög einkennandi dæmi. Við getum auðvitað tekið bifreiðar á Neskaupstað, við sjávarútveginn þar, bifreiðar á Siglufirði, Patreksfirði, Ísafirði og víðar. Jafnvel þó að þessir staðir séu komnir í gott vegasamband núna, er mikið af bifreiðum, sem eru staðbundnar og fara ekki út fyrir sitt svæði. Er mjög óeðlilegt, þó að þær hafi 6 tonna þunga, að þær séu að borga miklu hærra hlutfall miðað við bifreið, sem er staðsett hér á þéttbýliskjarnanum eða t. d. á Akureyri og er í föstum akstri á milli með fullan þunga af vörum. Það sér hver einasti maður, að fyrst þungaskatturinn er hugsaður sem vegaskattur, — hann á að nema á yfirstandandi ári allt að 75 milljónum, — fyrst hann er hugsaður sem eins konar gjald vegna mikils álags á vegina, er eðlilegt, að þetta sé nokkuð flokkað eftir notkun.

Auðvitað er ekkert svo einfalt, að það liggi í lófa að framkvæma það, en til þess höfum við alla þessa sérfræðinga á ýmsum sviðum og þykir hv. Alþingi stundum ganga of langt í því efni, að þeir finni lausn á vissum hnútum.

Það er mjög ánægjulegt að heyra, að ein tegund mæla hafi verið hér í notkun, þó að ekki hafi verið nema 10 stykki, en þeir virðast duga sæmilega.

Ég held, að við verðum að taka undir það, að ef hugsanlegt er, verði þetta sett í dísilbifreiðar á miðju næsta ári. Ég vil líka undirstrika, að það borgar sig ekki að rasa um ráð fram í þessu efni fremur en öðru, og þegar mælakerfið verður sett í bílana, þurfa þeir að vera öruggir. En engu að síður er hér um svo mikið réttlætismál að ræða, að það er ekki hægt annað en að leggja á það mikla áherzlu,

að það verði athugað gaumgæfilega og því verði hrundið í framkvæmd, ef þess er nokkur kostur.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það hefur komið fram hér, bæði hjá hv. fyrirspyrjanda og hæstv. ráðh., að mjög sé eðlilegt, að heimild sú í vegalögum um, að settir verði mælar í dísilbifreiðar, sem vöruflutninga annast, verði notuð.

Ég hygg, að sú reynsla, sem þegar er komin á þetta mál á þeim stutta tíma, sem lögin hafa verið í gildi, bendi mjög til þess, að þarna sé um mjög mikið sanngirnismál að ræða. Og ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum, sem þetta hefur fengið hjá hæstv. samgmrh., og þeim aðgerðum, sem hann hefur þegar látið framkvæma í sambandi við það.

Það hefur verið bent á þá sérstöðu, sem væri t. d. hjá bifreiðum í Vestmannaeyjum, og er það allglöggt dæmi, því að ef ég man rétt, kom það fram, þegar breytingin var gerð á lögunum á síðasta þingi, að gengið var út frá, að dísilbifreiðar mundu aka 30—35 þús. km á ári. Nú hef ég kynnt mér, að úti í Eyjum munu bifreiðar fæstar fara yfir 10 þús. km akstur á ári. Það gerir að sjálfsögðu, að þar er um mjög stuttar vegalengdir að ræða og akstur þeirra verður þar af leiðandi styttri samanlagt yfir árið. Þetta sýnir auðvitað, að það er mjög eðlilegt og mikil rök eru fyrir því, að mælar verði teknir upp og bifreiðar greiði gjald í vegasjóð eftir því, sem þær nota vegina, eftir akstri þeirra. Kemur þá að sjálfsögðu einnig til greina sú sérstaða, sem er á þessum stað, sem ég tilgreindi, að það er má segja undantekningalaust, að bifreiðar fari ekki inn á þjóðvegakerfi landsins.

18. Hraðbrautir.

Á 9. fundi í Sþ., 8. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Fyrirspurn til samgmrh. um lagningu hraðbrauta með varanlegu slitlagi [43. mál] (A. 44).

Á 10. fundi í Ed., 11. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 13 shlj. atkv.

Á 17. og 18. fundi í Ed., 25. og 26. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Ed., 2. des., var fsp. enn tekin til umr.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 44 er fsp. frá Tómasi Karlssyni til hæstv. samgmrh. um lagningu hraðbrauta með varanlegu slitlagi. Ég mun með örfáum orðum gera grein fyrir þessari fsp.

Öllum er ljós sú þörf, sem er á því að gera vegakerfið betra og koma upp þessum margumtöluðu hraðbrautum, sem fsp. lýtur að. Með vegal., sem sett voru fyrir fáum árum, voru gerðar ráðstafanir, sem gátu réttlætt vonir margra um, að verulegur skriður kæmist á þessi mál, þar sem tekjur vegasjóðs voru stórauknar með 90 aura hækkun á hvern lítra af benzíni, en að vísu var framlag ríkissjóðs, sem óhætt er að segja, að verið hafi um árabil á fjárl., fellt niður. Þrátt fyrir þennan tekjuauka hefur lagningu hraðbrauta miðað hægt alla tíð frá setningu nýju vegal. Og sjálfsagt hefur það verið vegna þess, að margir fundu, hversu hægt gekk, að fyrr á þessu ári, — ég hygg, að það hafi verið í apríl, — voru enn á ný samþ. hér á Alþ. miklar hækkanir á rekstrarvörum til bifreiða, eins og þá var talað um, til þess að afla fjár til hraðbrauta. Þá var benzíngjaldið hækkað um 1 kr. á lítra upp í 4.67, ef ég man rétt, og þungaskattur á dísilbifreiðar hækkaður um eitthvað, sem átti að samsvara þessari benzínhækkun, en hækkunin á þungaskattinum kemur þó mjög misjafnlega niður, sbr. þær umr., sem urðu í Sþ. fyrir nokkrum dögum um þungaskattinn, þar sem það var upplýst, að skatturinn hefði við setningu laganna verið miðaður við 30 þús. km akstur á ári, en fram kom, að a. m. k. á einum stað á landinu, í Vestmannaeyjum, væri meðalakstur dísilbifreiðanna aðeins 10 þús. km. Með áðurnefndum lögum var gúmmígjaldið enn fremur fjórfaldað.

Þessar auknu tekjur, 1 kr. á benzínlítra, þungaskattshækkunin og gúmmígjaldshækkunin, áttu samkv. áætlun, sem lögð var hér fyrir hv. Alþ., að mig minnir að skila til ríkissjóðs á þessu ári 109 millj. kr. auknum tekjum, miðað við heilt ár 135 millj. kr. En nú fáum við væntanlega að heyra, hvernig þessar áætlanir hafa staðizt, því að b-liður fsp. á þskj. 44 lýtur einmitt að því efni.

Þrátt fyrir miklar tekjur vegasjóðs eru þó stórir hlutar umferðartekna enn þá teknir til annarra nota. Og hér hefur oft verið bent á nauðsyn þess að verja öllum eða mest öllum tekjum af bifreiðainnflutningi, bifreiðum og rekstrarkostnaði þeirra til veganna. Þessi leið hefur ekki verið farin um nokkurt skeið, en engu að síður hefur vegasjóður verulegar tekjur, en hætt er við, að allhár hluti þeirra tekna gangi til að standa undir lántöku og þá fyrst og fremst erlendum lántökum, sem vitanlega hafa hækkað eins og allar aðrar lántökur við síendurteknar gengisfellingar hæstv. ríkisstj.

Það er enginn vafi á því, eins og ég sagði áðan, að þörf landsmanna fyrir bætta vegi er geysilega brýn, og ekki minnkar hún við það, að meðalverðlag á ameríska fólksbifreið er nú um 700 þús. kr. Ég hygg, að ódýrasta tegund fólksbifreiða, sem hægt er að kaupa frá Bandaríkjunum, kosti eitthvað á 7. hundrað þús. kr., og sjá þá vitanlega allir, hversu mikil þörf og vaxandi er á því, að bifreiðarnar séu ekki eyðilagðar strax á fyrsta eða öðru ári vegna þessara vondu vega.

Fsp. verður svarað hér á eftir og ég skal ekki hafa

þessa framsögu öllu lengri, en ég hefði óskað eftir því, ef hæstv. samgmrh. sæi sér fært, að hann upplýsti jafnframt því, sem spurt er um þarna, hvaða hraðbrautir séu nú í framkvæmd. Ég hygg, að þær muni einhverjar vera. A. m. k. sér maður vegagerð fyrir ofan Ártúnsbrekkuna og suður í Kópavogi. Ég hygg, að þarna sé um að ræða hluta af þeim hraðbrautum, sem í byggingu eru, en fróðlegt væri að fá að heyra frekari umsagnir hæstv. samgmrh. um það.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil í fáum orðum svara þeim fsp., sem eru á þskj. 44 í fjórum liðum.

Liður a: „Hvað líður undirbúningi, áætlunum og teikningum hraðbrauta, sem fyrirhugað er að leggja varanlegu slitlagi í framtíðinni?"

Því er til að svara, að lokið er frumáætlun frá enda Miklubrautar vestan við Elliðaár og upp að Leirvogi ásamt tengingu við Þingvallaveg. Á fyrsta kaflanum, frá Miklubraut upp að Höfðabakka, er nú unnið að lokaáætlunum. Ætti þeim að verða lokið um næstu áramót. Á kaflanum Rofabær—Höfðabakki vinna Íslenzkir aðalverktakar að framkvæmdum, og ætti væntanlega að verða hægt að hefja framkvæmdir á fyrsta kaflanum, yfir Elliðaár, þegar upp úr áramótum, að því er áætlunargerð viðvíkur. Og það má geta þess, að það hefur verið ákveðið, að á næsta ári þarf að taka Ártúnsbrekkuna og Elliðaárbrýrnar og væntanlega eitthvað meira, en vegáætlunin verður samin og frá henni gengið á þessu þingi.

Þá má geta þess, að áætlanir liggja fyrir um veg með tveimur akreinum samsíða núverandi vegi og er það fyrsti áfangi að endurbyggingu þess vegar, þ. e. Hafnarfjarðarvegar.

Suðurlandsbraut. Lokið er frumáætlun um kaflann frá Reykjanesbraut hjá Blesugróf upp með Elliðaám að Rauðavatni. Þessum vegi er ætlað að koma á þessum stað í framtíðinni, en er ekki þjóðvegur samkv. gildandi vegáætlun, en samkv. skipulagi Reykjavíkurborgar. Vegagerðin telur heppilegast til frambúðar að láta hann liggja þarna. En það er áreiðanlegt, að sá kafli verður jafnvel lagður síðast af Suðurlandsveginum eða Austurvegi. Þá má geta þess, að um kaflann frá Lækjarbotnum að Svínahrauni hafa einnig verið samdar áætlanir. Frumáætlun um kaflann frá Rauðavatni að Lækjarbotnum ætti að geta legið fyrir um eða upp úr áramótum, en um kaflann frá Svínahrauni að Selfossi í marz eða apríl. Tekið skal fram, að kaflinn upp með Elliðaánum frá Reykjanesbraut mun væntanlega ekki koma til framkvæmda fyrr en lagður hefur verið vegur eftir Fossvogsdal samkv. aðalskipulagi Reykjavíkur, en allmörg ár munu vafalaust líða, áður en það verður gert.

Þá er það Gufunesvegur. Þessi vegur á samkv. aðalskipulagi Reykjavíkur að tengja saman Vesturlandsveg og Suðurlandsbraut síðar meir. Síðari áfanginn á þessum vegi, frá Bæjarhálsi að Suðurlandsbraut, yrði eðlilegur fyrsti áfangi af framkvæmdum við Suðurlandsveg.

Reykjanesbraut. Hér er átt við þann hluta Reykjanesbrautar, sem liggur frá Blesugróf austan Kópavogs og Garðahrepps á núverandi Reykjanesbraut ofan Hafnarfjarðar. Gert er samkv. skipulagi ráð fyrir fjögurra akreina vegi frá Miklubraut að Breiðholtsbraut, sem tengir þennan veg nýbyggða hverfinu í Breiðholti. Mun frumáætlun þessa áfanga verða lokið um eða eftir áramót. Í næsta áfanga er gert ráð fyrir tveggja akreina vegi, er tengdur verði Hafnarfjarðarvegi frá Arnarnesi. Er frumáætlun þessa kafla lokið. Af seinasta áfanga Reykjanesbrautar hefur verið gerð gróf frumáætlun, til þess að unnt verði að ákveða legu vegarins í landinu og fá hugmyndir um kostnað.

Þetta er í sambandi við a-lið fsp. og einnig að nokkru lið b, þegar spurt er um, hvað líði undirbúningi og könnun varðandi þessa vegi. En til viðbótar er í b-lið spurt um, hvað líði undirbúningi og könnun og öflun erlends lánsfjár til þessara framkvæmda. Það, sem hægt er að segja um það, er, að rætt hefur verið við Alþjóðabankann um þessar vegaframkvæmdir, og það er unnið að allsherjarvegáætlun að nokkru leyti í samráði við hann, og má geta þess, að danska fyrirtækið Kampsax hefur tekið að sér ásamt vegagerðinni og innlendum verkfræðingum þann undirbúning, og má segja, að málaleitan um lán í Alþjóðabankanum til vegagerðar hér á landi hefur fengið góðar undirtektir, þótt ekki hafi enn frá neinu verið gengið formlega eða gefið ákveðið svar um það. En það er vitað mál, að Alþjóðabankinn hefur lánað til vegaframkvæmda í ýmsum löndum, t. d. tvisvar eða þrisvar í Finnlandi, og hefur þá venjulega verið miðað við 40% af heildarkostnaðinum. Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að tekin væru erlend lán til hraðbrauta, og í okkar frumáætlun hefur verið reiknað með, að erlendu lánin væru allt að 40%.

Þá er liður c: „Hvaða bráðabirgðaáætlanir liggja nú þegar fyrir um kostnað við þessar framkvæmdir?"

Eins og sagt var í svari við lið a, er ekki enn lokið við allar áætlanir á þeim hraðbrautum, sem næst liggur að ráðast í. En það er unnið að þessu af vegagerðinni og gert ráð fyrir, að þessu verði að mestu leyti lokið á næsta vori. En ég vil geta um þá vegakafla, sem áætlun liggur fyrir um.

Það er Miklabraut — Rofabær, þ. e. frumáætlun, 50 millj. kr., Rofabær — Höfðabakki 27 millj., Höfðabakki — Korpa 55 millj., Korpa — Leirvogur — Kaldakvísl 93 millj. Hafnarfjarðarvegur: Kópavogur — Engidalur 85 millj. Suðurlandsbraut: Reykjanesbraut — Rauðavatn, — þ. e. sá kafli, sem síðast mun verða ráðizt í, — 94 millj. Um Rauðavatn — Lækjarbotna liggur ekki enn fyrir áætlun, en henni verður lokið á þessum vetri. Lækjarbotnar — Svínahraun 95 millj., en um Svínahraun — Selfoss verður áætlun ekki lokið fyrr en í marz—apríl n. k. Gufunesvegur, frumáætlun, 26 millj., Bæjarháls — Suðurlandsvegur, frum-

áætlun, 27 millj., Reykjanesbraut, þ.e. Miklabraut — Breiðholtsbraut, frumáætlun ekki lokið, Breiðholtsbraut — Arnarnes 32 millj., Arnarnesvegur — Hafnarfjörður, ekki lokið.

Af þessu má sjá, að um miklar upphæðir er að ræða og þeir vegir, sem hér hafa verið nefndir, eru náttúrlega misjafnlega nauðsynlegir. Þeir kalla misjafnlega hratt eftir framkvæmdum, þótt segja megi, að æskilegt væri að flýta þeim öllum sem mest. En þegar verið var að ræða um hraðbrautir á síðasta þingi, var þess getið, að það væru um 300 km langir vegir, sem lægi mest á, og gert ráð fyrir, að kosta mundi allt að 1500 millj. að leggja þá með öruggu slitlagi. En þá lágu ekki fyrir neinar ákveðnar eða glöggar áætlanir. Þetta var frekar ágizkun er áætlun, en á þessum vetri mun þetta allt saman verða ljósara, og verður þá vitanlega að reikna með því nýja verðlagi, sem orðið er. Það má líka vel vera, að hægt sé að gera varanlega vegi ódýrari en ætlað var í fyrstu þegar rætt var um þessi mál, með því að beita við það nýjustu aðferðum í vegagerð og spara við það eins og mögulegt er. En hvað sem því líður, er ljóst, að hér er um dýra framkvæmd að ræða, og þótt við höfum sett vegalög 1963, sem komu til framkvæmda 1964, held ég, að flestir hafi gert sér ljóst, að þrátt fyrir þá tekjuöflun, sem fékkst með þeim lögum, var ekki unnt að ráðast í miklar hraðbrautaframkvæmdir. Enda var það svo, að þegar vegáætlunin var samin 1964, var alls ekki gert ráð fyrir neinu verulegu framlagi til hraðbrauta.

Á s. l. vori var stigið stærra spor til tekjuöflunar í vegasjóð en áður var, og þá er fyrst farið að ræða um það í alvöru að ráðast í framkvæmdir hraðbrauta, sem er aðkallandi mál, og það veit ég, að allir hv. alþm. eru sammála um. Og ég vænti þess líka, að menn séu sammála um það, að ekki sé unnt að gera þetta allt á örskömmum tíma. Það væri vitanlega æskilegt, ef hægt væri að fá í vegasjóð allar þær tekjur, sem fást af innflutningi bifreiða, varahluta til bifreiða o. s. frv., — allar tekjur af umferðinni, eins og það hefur verið kallað. Hv. fyrirspyrjandi talaði um, að þetta hefði ekki verið gert um sinn og gaf þá jafnvel í skyn, að þetta hefði verið svona áður. En ég minnist þess, að áður var lagður á benzínskattur, og talsverður hluti af honum fór í ríkissjóð, og þetta hefur alltaf verið þannig, að ríkissjóður hefur á hverjum tíma tekið til sín hluta af þeim tekjum, sem fást af umferðinni. Þetta hefur verið gert af illri nauðsyn, og ef við tækjum allar tekjur af umferðinni af ríkissjóði, yrði að afla honum tekna með öðrum hætti. Vissulega væri æskilegt, ef unnt væri að koma því þannig fyrir, að ríkissjóður gæti misst þessar tekjur, því að sannarlega væri þörf á því, að vegasjóður hefði meira fjármagn til umráða en hann hefur jafnvel nú eftir þá tekjuöflun, sem gerð var á s. l. vori.

Síðasti liður þessarar fsp., þ.e. d-liður, er svo hljóðandi: „Hafa áætlanir, er gerðar voru um tekjuauka vegasjóðs af nýjum tekjustofnum, er lögfestir voru á síðasta þingi, staðizt?“

Ég get svarað með því að lesa upp nokkrar línur frá vegamálastjóra, þar sem hann tók þetta saman í byrjun nóvembermánaðar eftir því, sem út leit fyrir þá. Hann segir:

„Skal upplýst, að með breyt. á vegalögum sem samþ. voru á Alþ. 9. apríl s. l., var gert ráð fyrir, að tekjuaukning vegasjóðs af hinum nýju tekjustofnum á yfirstandandi ári yrði alls 109 millj. kr.“

Tekjuáætlun vegasjóðs liggur fyrir. Allir alþm. hafa séð hana. En vegamálastjóri segir, að miðað við þá áætlun líti út fyrir, að tekjur af benzínskatti muni standast og tekjur af þungaskatti að mestu leyti. Tekið er þó fram, að ekki sé hægt að fullyrða alveg um þetta, hvort benzín- og þungaskatturinn standist nákvæmlega, þar sem nærri tveir mánuðir eru eftir af árinu, þegar þetta er tekið saman og þungaskatturinn er ekki allur kominn frá innheimtumönnunum. En það lítur út fyrir, að þetta muni standast. Hins vegar segir vegamálastjóri í byrjun nóv., að það sé útlit fyrir, að gúmmígjaldið standist ekki og það geti verið, að vanti allt að 9 millj. þar á. En ég býst við, að þar hafi orðið breyting á síðan vegamálastjóri gerði þessa áætlun, því að nú, þegar gengisbreytingin var gerð, hafa allar birgðir af gúmmíi verið keyptar upp, þannig að það gæti farið svo, að jafnvel gúmmígjaldið skilaði sér líka í þetta sinn, þótt litið hafi út fyrir, að á það vantaði nokkrar millj., þegar þessi grg. var samin. Vegamálastjóri segir, að sala á bifreiðagúmmíi hafi verið minni það sem af er þessu ári en s. l. 3 ár. En hann tekur fram, að það sé greinilega tímabundið fyrirbæri, þar sem bifreiðum landsmanna hefur fjölgað mjög mikið, og það kemur vitanlega alltaf að því, að menn þurfa að kaupa gúmmí.

Ég ætla, að ég hafi svarað þessum fsp. nokkurn veginn. Ég vænti, að hv. fyrirspyrjandi telji það að mestu fullnægjandi. En hv. þm. talaði um, að það væri æskilegt að vita um, hvaða hraðbrautir væru í undirbúningi eða hvaða hraðbrautum væri verið að vinna að, og það hefur verið minnzt á það hér. Það er Vesturlandsvegurinn og það er Kópavogur. En ég geri mér vonir um, þegar vegáætlun verður samin á þessu þingi, að Alþ. sjái sér fært að láta verulega fjárhæð til hraðbrauta, verulega fjárhæð, þannig að á næstu 4 árum sjáist verulegur árangur af því, sem áunnizt hefur í þessu efni. Vesturlandsvegurinn og Suðurlandsvegurinn eru vegir, sem kalla vissulega eftir aðgerðum, og vegur út frá Akureyri, 20—30 km, er líka fjölfarinn. Ég geri ráð fyrir, að Akureyringar kalli eftir einhverju framlagi þar. En fáist erlent lán, við skulum segja 40% af kostnaði, og möguleikar væru á að leggja ríflega fram af innlendu fé í vegáætlun næstu 4 árin, þá lengjast verulega þeir spottar, sem við getum ekið eftir á varanlegum vegum, og enginn vafi er á því, að þörf er á þessu. En ég vil enn taka fram, að það er fyrst eftir tekjuöflunina á s. l. vori, sem nokkur grundvöllur var fyrir því að hefja þessar stórframkvæmdir.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við spurningum á þskj. 44, og ég tel, að svörin séu fullnægjandi, eftir því sem efni standa til. Hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir því, hverjar framkvæmdir eru í undirbúningi. Það er að vísu ýmislegt, sem maður skilur ekki í þessu, eins og t. d. það, að byrjað skuli á frumáætlunum þeirra vega, sem síðast á að byggja, en það er náttúrlega ekki hæstv. ráðh., sem hefur lagt það fyrir. Það er gert einhvers staðar annars staðar, og margt af þessu er náttúrlega mjög í lausu lofti miðað við verðlagsbreytingar og annað, sem skiljanlega hefur áhrif á þessar framkvæmdir, eins og aðrar framkvæmdir í landinu.

Ég hef ekki mikil tök á að ræða um einstakar vegaframkvæmdir í stuttum fsp.-tíma og mun ekki gera það. Þessar tölur og þessar upplýsingar var mjög fróðlegt að fá, og þess vegna tel ég, að fsp. hafi átt fullan rétt á sér, þótt ekki væri af öðrum ástæðum en þeim.

Hæstv. ráðh. svaraði við d-lið fsp., að benzínskatturinn mundi standast og þungaskatturinn að mestu leyti. Hins vegar hefði litið svo út, þegar vegamálastjóri skrifaði bréfið, að gúmmígjaldið mundi ekki standast, og það skil ég ákaflega vel, því að önnur eins sala í hjólbörðum hefur ekki átt sér stað í manna minnum á Íslandi og meðan verið var að ganga frá þessum vegalögum í vor. Það er kannske ekki von, að menn fari að vanta hjólbarða alveg strax. En það kom nú björgunin. Það kom gengislækkun í haust, og þá ruddust menn aftur til að kaupa sér hjólbarða, og kannske jafnast þetta smám saman út, og má þá segja, að fátt sé svo með öllu illt um þessa síðustu gengislækkun. En ég mun ekki gera það frekar að umræðuefni.

Ég tók eftir einu í svari hæstv. ráðh., sem ég raunar vissi, en mig langar til þess að gera það að umtalsefni með örfáum orðum, fyrst það hefur borizt í tal. Hæstv. ráðh. upplýsti, að við vegarkaflann frá Ártúnsbrekku að Bæjarhálsi væru Íslenzkir aðalverktakar að vinna við framkvæmdir. Í framhaldi af því minnist ég þess, að nýstofnað félag vinnuvélaeigenda mótmælti þessari samningsgerð mjög stíft, og þeir birtu mótmæli sín í Morgunblaðinu 1. okt. 1968. Þeir lögðu áherzlu á, að þessar framkvæmdir ætti ríkið að bjóða út á sama hátt og fjölmargar aðrar opinberar framkvæmdir eru boðnar út og eins og t. d. Reykjavíkurborg gerir í öllum tilfellum, þegar hún er að láta vinna við gatna- og holræsagerð, að svo miklu leyti, sem hún framkvæmir það ekki sjálf. Og ég verð að segja, að ég hef talsverða tilhneigingu til þess að taka undir þau rök, sem Félag vinnuvélaeigenda hefur sett fram um þetta mál. En ályktun þeirra er þannig, að því leyti, sem hún kemur fram í Morgunblaðinu, að þeir mótmæla samningsgerð, sem nýlega hefur átt sér stað milli vegamálastjóra og Íslenzkra aðalverktaka um byggingu um 850 m vegarkafla af fyrirhuguðum Vesturlandsvegi. Og forsendur þessara mótmæla eru þær, að Íslenzkir aðalverktakar séu að þeirra dómi ekki hlutgengir á innlendum vinnumarkaði, þar sem hlutverk þeirra og starfssvið sé bundið framkvæmdum fyrir varnarliðið á Íslandi. Fyrirtækið sé stofnað á sama hátt og Sameinaðir verktakar í beinu framhaldi af þeim og í samráði við ríkisstj. Íslands til að sjá um byggingarframkvæmdir fyrir varnarliðið á Íslandi og að þessu fyrirtæki séu þar með sköpuð föst verkefni og stöðugar tekjur. Á þeim forsendum, segja vinnuvélaeigendur, að Íslenzkir aðalverktakar vinni fyrir varnarliðið á þeirra afmörkuðum svæðum á landinu, hafi þeir flutt til landsins vinnuvélar án þess að greiða af þeim tilskilin gjöld, sem innlendum verktökum sé gert að greiða. Þar með sé samkeppnisaðstaða þeirra með sínar tollfrjálsu vélar algerlega ósambærileg aðstöðu innlendra verktaka.

Í framhaldi af þessu segir, að Félagi vinnuvélaeigenda hafi verið tjáð, að ástæðan til þess, að nú sé samið við Íslenzka aðalverktaka, sé sú, að fyrirtækið geti lánað fé til verksins. Félag vinnuvélaeigenda telur hins vegar, að Íslenzkum aðalverktökum hafi verið sköpuð sérstaða af hálfu ríkisvaldsins til verkefna og fjáröflunar og því sé alls óeðlilegt að veita því fyrirtæki í krafti fjármagns síns séraðstöðu til að bola almennum verktökum út af vinnumarkaði á vegum hins opinbera.

Ég les ekki meira upp úr þessari samþykkt, en ég vek athygli á henni í framhaldi af því, sem komið hefur fram hjá hæstv. ráðh. um, að Íslenzkir aðalverktakar vinna þarna, og vil ég segja það sem mína skoðun, að ég tel það óeðlilegt, að íslenzkum vinnuvélaeigendum hafi ekki verið gefinn a. m. k. kostur á að taka þátt í tilboði í þessa vegagerð. Og miðað við það atvinnuástand, sem nú er í landinu, held ég, að það sé lágmarkskrafa þeirra, sem lagt hafa eigur sínar í að kaupa dýr vinnutæki til þess að framkvæma þá hluti, sem hér hafa verið framkvæmdir á undanförnum árum, að aðrir aðilar með algerlega ósambærilega aðstöðu séu ekki látnir sitja fyrir þeim verkum, sem hæstv. ríkisstj., hvort sem það er á sviði vegamála eða annars staðar, hefur yfir að ráða.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni. Mér finnst, að það eigi yfirleitt að bjóða út verk, sem ríkið lætur framkvæma, og það er áreiðanlegt, að hraðbrautaframkvæmdirnar verða boðnar út. En það er dálítið sérstakt með þennan vegarkafla. Bæði vegagerðin og við í rn. vorum sammála um, að það væri æskilegt að byrja á þessu. En eins og hv. þm. vita, er enginn peningur í vegáætlun til þessara framkvæmda, sem nú er verið að vinna að, og Aðalverktakar buðu lán með hagstæðum kjörum, ef þeir mættu vinna þetta núna. Það var búið að gera nákvæma áætlun um þetta verk. Verkfræðingar vegamálastjórnarinnar voru alveg búnir að gera sér grein fyrir því, hvað þetta mundi kosta og töldu þá samninga mjög hagstæða, sem gerðir eru við Aðalverktaka, og þeir höfðu peninga. Það var því um það að ræða að láta Aðalverktaka vinna

þetta núna eða byrja ekki á því fyrr en á næsta vori, er fé væri fyrir hendi í vegáætlun eða fengið að láni annars staðar. Það þótti ekki ástæða til að fara að bjóða þetta verk út án þess að hafa nokkra peninga í höndum, m. a. vegna þess að það var talið ólíklegt, að aðrir verktakar gætu lánað þetta fé en Aðalverktakar.

Nú getur vel verið, að það hafi verið skakkt ályktað, það hefðu fleiri haft peninga en Aðalverktakar, og ég vil nú segja, að það væri betur, að svo væri. En það er langt frá því, að rn. eða vegagerðin vilji gera Aðalverktökum hærra undir höfði en öðrum verktökum. Vinnuvélaeigendur komu til mín og ræddu þetta, áður en að fullu var gengið frá samningunum við Aðalverktaka, en að vísu eftir að búið var að ákveða að gera þá samninga. Og ég sagði þeim ástæðuna fyrir þessu. Ástæðan væri sú, að við hefðum viljað koma þessu af stað. Það mundi flýta fyrir og það hefði þótt gott að geta fengið peningana að láni. En þessir vinnuvélaeigendur, sem ég vona, að séu vel stæðir, gátu ekki um það, að þeir hefðu verið tilbúnir að lána. En það er rétt, að aðallega er verksvið Aðalverktaka að vinna fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. En þeir hafa áður unnið fyrir vegagerðina, þ.e. að lagningu Reykjanesbrautar. Það efast enginn um, að það hafi gefizt vel, og þá lánuðu þeir einnig drjúga upphæð. En þegar Aðalverktakar fara út fyrir áhrifasvæði varnarliðsins og flytja vélar þaðan til vinnu fyrir vegagerðina eða aðra, þá eru þeir látnir borga tolla af þessum vélum. Það er reiknað með eðlilegri fyrningu, og í sambandi við þennan vegarkafla fyrir ofan Elliðaár voru það nokkrar millj., sem þeim var gert að greiða í toll, til þess að þeir nytu ekki betri kjara en aðrir verktakar hefðu notið, ef þeir hefðu tekið þetta að sér.

Mér var alltaf ljóst, að það gæti verið, að menn litu þetta misjöfnum augum. En það, sem réði úrslitum, var, að ef Aðalverktakar hefðu ekki fengið þetta verk, væri ekki byrjað á því. Og þar sem vegagerðin átti kost á tiltölulega hagstæðu láni og ákveðið er að hefja þessa vegagerð að nokkru leyti fyrir lánsfé og þar sem vegamálastjóri og verkfræðingar hans fullyrtu, að hér væri um hagstæða samninga að ræða, þá var sú ákvörðun tekin að byrja á þessu verki. Og ég held, að hv. þm. geti eftir nánari athugun fallizt á, að það hafi verið rétt að gera þetta, með tilliti til þess, að eftirleiðis er ákveðið að bjóða út, og það tilkynnti ég vinnuvélaeigendum, — að framkvæmdir á næsta vori yrðu boðnar út. Það er því ekki nema um þennan eina kafla að ræða.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á því, að mér er gefinn kostur á að gera örstutta aths. við það, sem hæstv. ráðh. sagði síðast. Ég veit, að ræðutíminn er búinn.

Ég vil þá í fyrsta lagi þakka hæstv. ráðh. þá afdráttarlausu yfirlýsingu, að svona lagað eins og gert var þarna í sumar verði ekki gert aftur, að það verði hér eftir látið fara fram útboð á öllum þeim vegum, sem ríkisstj. eða vegagerðin lætur framkvæma eða framkvæmir ekki sjálf.

Ég get ekki fallizt á þá röksemdafærslu, sem hæstv. ráðh. flutti þessu máli til stuðnings. Ég sé ekki annað en slík almenn rök megi eiginlega alltaf telja fram, þegar farið er fram hjá útboðsleiðinni. Það er sagt, að tilboðið hafi verið hagstætt miðað við þær áætlanir, sem verkfræðingar hafi gert. Þetta er venjuleg viðbára, þegar brotið er út af útboðsleiðinni. Við höfum oft heyrt þetta, bæði hér og annars staðar. Það veit vitanlega enginn fyrr en á reynir, hvaða tilboð koma, og ég verð að segja með fullri virðingu fyrir áætlunum vegagerðarinnar og ýmissa annarra sérfræðinga um kostnaðarverð framkvæmda, að ég tek þær ekki svo hátíðlega, að það sé þar með fullsannað, að tilboðið hafi verið hagstætt. Ef hins vegar ástæðan var fyrst og fremst sú að fá Íslenzka aðalverktaka til þess að fjármagna verkið, þá mátti náttúrlega gjarnan bjóða það út með þeim skilmálum og reyna á það, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, hvort aðrir vinnuvélaeigendur væru þannig efnum búnir, að þeir treystu sér til þess að taka þetta verk að sér. Ég skal ekki spá um, hvernig sú útkoma hefði orðið. Vafalaust hefði það orðið erfitt, ég tel það alveg víst, og kannske hefðu þeir alls ekki treyst sér til þess. En þá lá það líka fyrir.

Hæstv. ráðh. sagði, að Íslenzkum aðalverktökum væri gert að greiða tolla af vinnuvélum, þegar þær fara út af yfirráðasvæðum varnarliðsins til þess að vinna annars staðar. Þessa framkvæmd skil ég ekki alls kostar. Mér er ekki ljóst, hvernig hún er framkvæmd. Eru þá tollarnir endurgreiddir, þegar vélarnar fara inn á svæðið aftur, eða hvernig er þessu fyrir komið?

Herra forseti. Ég skal ekki lengur níðast á þolinmæði forsetastólsins og læt þessu lokið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Tollarnir, sem þeim er gert að greiða, eru ekki endurgreiddir. En það er sérstök útreikningsaðferð, sem er framkvæmd í fjmrn., og tollarnir eru innheimtir eftir því, hve mikið verk það er, sem vélunum er ætlað að vinna.

Ég vil segja hv. þm. það, að enda þótt ég segi, að framkvæmdir í hraðbrautum verði boðnar út eftirleiðis, þá er það ekki afleiðing af því, að þessi ákvörðun var tekin í haust að láta Aðalverktaka vinna. Og ég er ekki að biðjast afsökunar á því, að sú ákvörðun var tekin, vegna þess að það er talið af þeim, sem kunnugastir eru, að það hafi verið hagstætt tilboð, sem þarna fékkst, og það hafi verið rétt að gera það. Og það var ákveðið áður að láta tilboð yfirleitt fara fram í framkvæmdirnar.

Hv. þm. sagði, að það hefði mátt bjóða þessa framkvæmd út með þeim skilmálum, að þeir einir kæmu til greina, sem gætu lánað. En það gæti verið, ef sú aðferð hefði verið viðhöfð, að þá hefði ekki fengizt það samkomulag eða sá samningur, sem núna er unnið eftir. Það gæti verið, að vegagerðin hefði þá mátt horfa framan í óhagstæðara

tilboð en það, sem að lokum var samið um á frjálsum grundvelli.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta að sinni.

19. Öryggisráðstafanir vegna hafíshættu.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um öryggisráðstafanir vegna hafíshættu [41. mál, 4] (A. 42).

Á 8. fundi í Sþ., 6. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 46 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Sþ., 13. nóv., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Árið 1965 var hafísár, og árið, sem nú er að líða, er einnig hafísár. S.l. vetur lagðist ís að landinu nálægt áramótum og ekki varð íslaust í námunda við landið fyrr en komið var fram í júnímánuð. En um tíma þokaðist ísinn lítið eitt frá landinu, svo að skipaleiðir urðu færar, og vannst þá ráðrúm til að koma birgðum sjóleiðis á hafnir á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum. Svo tepptist sigling aftur á útmánuðum, og ísinn rak suður með Austfjörðum, allt á Hornafjörð, sem er fátítt, og firðir lokuðust. Síðast mun ís eða ísjakar á sveimi hafa verið í augsýn frá landi, eftir því sem mér er tjáð, 26. júní.

Mörgum hefur áreiðanlega orðið til þess hugsað, hvernig farið hefði, ef ísinn hefði verið landfastur allan tímann frá áramótum fram undir sólstöður, og það vitum við vel, Íslendingar, að getur gerzt og hefur gerzt.

Á Alþ. var borin fram og samþ. 5. apríl s. l. með shlj. atkv. svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að kjósa 5 manna n. til að athuga, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til að koma í veg fyrir, að skortur verði á olíu og kjarnfóðri og öðrum brýnustu nauðsynjavörum, er ís leggst að landi og siglingar teppast með ströndum fram af þeim sökum. N. velur sér formann."

Að flutningi þessarar till. stóðu 22 alþm., en 1. flm. og frsm. málsins var hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson. Hann minnti m. a. á það í framsöguræðu sinni 5. apríl, að í 47 ár eftir 1918 hefði ís ekki orðið hér landfastur, svo að heitið gæti, og þjóðin hefði lítinn viðbúnað haft til að mæta slíku ástandi, en atvinnu- og lifnaðarhættir breytzt þannig, að almenningur ætti nú miklu meira undir aðflutningum en fyrr á tímum og skemmdahætta væri mikil í frosthörkum, ekki sízt, ef skortur er á eldsneyti. Hann nefndi sérstaklega nokkur atriði, sem gefa þyrfti gaum að.

Í fyrsta lagi, að gerðar verði ráðstafanir til eða gengið úr skugga um, að til séu á öllum verzlunarstöðum á hafíshættusvæðinu olíugeymar, sem taki nokkurra mánaða birgðir.

Í öðru lagi, að ráðstafanir séu gerðar til að koma öllum nauðsynjum á þessa staði fyrir einhvern ákveðinn tíma svo snemma vetrar, að öruggt sé talið, að siglingaleiðir séu þá enn færar.

Í þriðja lagi að koma upp fóðurbirgðastöðvum og þá fyrst og fremst með innlendu fóðri.

Og í fjórða lagi að athuga, hvað gera þurfi, til þess að gangsetning dísilvéla verði öruggari en nú í miklum frosthörkum. Í þessu sambandi benti frsm. á, að talið væri, að flestar dísilvélar, t. d. í vöruflutningabifreiðum og snjóruðningstækjum, þyrftu sérstaka rafhitara til gangsetningar, ef frost færi yfir 17—20 stig og á hafísárinu 1918 hefði frostið orðið 30—40 stig.

Hafísnefndin var kosin af Alþ. þegar eftir að till. hafði verið samþ., svo að auðsætt er, að menn töldu, að hafa bæri hraðan á. Okkur, sem nú hreyfum þessu máli, er tjáð, að n. hafi á s. l. hausti skilað áliti og till. til ríkisstj., en alþm. hafa allt að þessu ekki fengið þessar till. í hendur. Nú er komið fram undir miðjan nóvembermánuð, og athuganir veðurfræðinga gefa til kynna, að vetur sá, sem nú er byrjaður, verði einnig ísavetur. Gæti því svo farið, að hafís yrði hér landfastur eftir nokkrar vikur. Þess vegna og af því að till. hafísnefndar höfðu ekki verið birtar, þegar þessi till. var lögð fram á Alþ., þá höfum við 4 alþm. lagt fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. ríkisstj.:

„1. Hverjar eru till. hafísnefndar um öryggisráðstafanir vegna hafíshættu?

2. Hvað hefur verið gert til þess að koma slíkum ráðstöfunum í framkvæmd?"

Ég sá það raunar áðan, að nú fyrir stuttri stundu hefur prentað álit hafísnefndar ásamt einhverjum fleiri skjölum verið lagt á borð þm., en ég hef ekki lesið þetta plagg og veit ekki, hvað í því stendur og óska þess vegna eftir því, að fsp. verði svarað.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Skýrsla hafísn. ásamt fskj. hefur nú verið prentuð fyrir atbeina ríkisstj. og með samþykki n., en það hefur aldrei flögrað að ríkisstj., að hér væri um nokkurt leyndarplagg að ræða. Allir hafa átt aðgang að því, sem það óskuðu að sjá. Hitt mátti kannske deila um, hvort ríkisstj. ætti að hafa forgöngu um prentun álitsins eða n. sjálf, en nú er samt úr því skorið. Plaggið hefur verið prentað, og vonast ég til þess, að menn geti áttað sig á því og lesið það. Því var ýtbýtt í upphafi fundarins, en þar fyrir utan hafa þeir getað fylgzt með því, sem áhuga hafa haft á málinu, með því að hafa tal af þeim mætu nm., sem hér eru. Þetta vil ég taka fram út af ummælum hv. þm.

Aðaltill. n. eru í viðbótarbréfi má segja, —

raunar eru þær efnislega einnig teknar fram í sjálfu nál., — viðbótarbréfi, sem er dags. 16. október 1968. Fyrsta till., sem þar greinir, er:

„Hafizt verði handa um skipulagða rannsókn á möguleikum fyrir hafísspám og verði Veðurstofu Íslands og Hafrannsóknastofnuninni falin framkvæmd þeirra."

Í sumar barst ríkisstj. vitneskja um það, að hér var á þessum vetri fyrirhuguð ráðstefna vísindamanna um þessi málefni, og hef ég svo hljóðandi yfirlit um viðhorfið í þeim efnum, sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Að fyrirhugaðri hafísráðstefnu standa þessir aðilar: Veðurstofa Íslands, sjómælingadeild Hafrannsóknastofnunarinnar, Veðurfræðingafélag Íslands og Jöklarannsóknafélagið. Ráðstefnan á að standa dagana 27. jan. til 7. febr. n. k. og munu sækja hana eingöngu íslenzkir vísindamenn, veðurfræðingar, hagfræðingar, vélfræðingar, jöklafræðingar o. fl. Á ráðstefnunni verður fjallað um hafís við strendur Íslands á breiðum grundvelli. Er markmið ráðstefnunnar að leitast við á vísindalegum grundvelli að glöggva sig á aðstæðum til hafískomu, hvort mögulegt sé að sjá fyrir komu hafíss og breytingar á loftslagi, svo og að gera sér grein fyrir, hverra áhrifa á atvinnuvegi og samgöngumál landsmanna mætti vænta, ef slíkar breytingar þættu sennilegar. Fyrirhugað er að gefa út erindi þau, er flutt verða á ráðstefnunni og ályktanir hennar. Menntmrn. hefur lagt til við Alþ., að veittur verði styrkur til ráðstefnunnar við útgáfu skýrslu hennar."

Ríkisstj. hefur sem sagt hvatt til þess, að þessi ráðstefna verði haldin. Og vonast ég til þess, að með því sé í raun og veru orðið við till. hafísn., þótt með nokkuð öðrum hætti sé heldur en hún gerir till. um. Það er svo annað mál, að nokkur ágreiningur skilst mér, að sé milli veðurfræðinga, bæði um möguleika á hafísspám og hverjar horfur séu nú. Menn hafa meira að segja orðið varir ólíkra skoðana um þesssi efni með því að fylgjast með veðurspám í sjónvarpinu. Ég skal ekki blanda mér í þann skoðanamun, en hitt er rétt, að í leikmannsaugum virðast síðustu kort, sem dregin hafa verið upp af hafísröndinni, sízt gefa ástæðu til bjartsýni um, að við sleppum við þennan vágest í vetur. En þar er auðvitað eingöngu um getgátur að ræða.

Annar liður till. n. er þessi:

„Landhelgisgæzlan eða annar aðili, er ríkisstj. kynni fremur að óska að fela það starf, annist skipulagt ískönnunarflug."

Slíku ískönnunarflugi hefur verið haldið uppi má segja allt þetta ár, meðan hafís var við strendur landsins og raunar lengur, því að sjálfsagt er sá kunnugleiki, sem menn hafa á hafísröndinni að nokkru leyti runninn frá könnun, sem Íslendingar sjálfir hafa framkvæmt með þessu móti. Ég tel sjálfsagt, að Landhelgisgæzlan haldi áfram þeirri mjög dugmiklu starfsemi, sem haldið hefur verið uppi í þessum efnum. Og það er vitað, að hún varð á s. l. vetri og einkanlega vori mörgum að liði, ekki einungis með ískönnunarfluginu, heldur með því að fljúga og leiðbeina skipum. Auk þess voru varðskipin ótrauð, eftir því sem óskir komu fram, að sigla inn á firði til þess að koma vörum, þegar þess var sérstaklega brýn þörf. Ég hygg því, að þessi hlið sé í eins góðu horfi og hægt sé að vænta. Að sjálfsögðu hafa menn lært af þeirri reynslu, sem fengin er, og geta þá eitthvað bætt um, en þarna hefur þegar mjög mikið og gott starf verið unnið, eins og kemur fram í skýrslu dómsmrh., sem prentuð er með skýrslu hafísnefndar.

3. og 4. liðurinn í till. n. hljóða svo:

„Hæfum manni verði falið að hafa á næstu mánuðum yfirumsjón með ráðstöfunum til þess að auka geymslurými fyrir olíu og birgðasöfnun olíu og kjarnfóðurs á því svæði, er hafís getur valdið siglingateppu. Starfi hann á vegum Bjargráðasjóðs eða annarra aðila, ef ríkisstj. telur slíkt betur henta.

Ríkisstj. beiti til þess áhrifum sínum við lánastofnanir þær, sem eru í eigu hins opinbera, að lánsfjárskortur hindri ekki nauðsynlegar framkvæmdir til aukningar birgðarýmis og birgðasöfnunar."

Það má segja, að þetta tvennt heyri saman. Ríkisstj. taldi ekki ástæðu til þess að setja upp sérstaka stofnun til þess að annast þetta eða ráða til þess sérstakan mann, heldur varð að ráði, að annars vegar skyldi viðskmrn. taka að sér könnun og nauðsynlegar framkvæmdir eftir þörfum um olíuna, en landbrn. varðandi birgðasöfnun á kjarnfóðri og fyrirgreiðslu í þeim efnum.

Í grg., sem ég hef fengið frá viðskmrn. um olíuna, segir svo. Grg. er dags. í gær:

„Í tilefni af þessu vill viðskmrn. skýra frá því, að olíufélögin hafa talið, að þau gætu haft geymarými á Norðurlandi fyrir 3—4 mánaða birgðir nema á Hvammstanga, Sauðárkróki og Hofsósi. Á þessum stöðum hefur Olíufélagið h. f. komið upp viðbótargeymum s. l. sumar, þannig að birgðarými á Hvammstanga og Hofsósi er nú til um 100 daga og á Sauðárkróki til 135 daga. Ef auka ætti birgðarými meira, upp í 5—6 mánaða birgðir, mundi það þýða, að byggja yrði til viðbótar á flestum höfnum og munu olíufélögin ekki hafa séð sér fært að ráðast í slíka framkvæmd.

Þegar litið er á birgðarými í höfnum norðanlands, verður einnig að hafa í huga, að unnið hefur verið að því undanfarin ár að stækka heimilisgeyma hjá bændum á þessu svæði. Þannig mun t. d. í Norður-Þingeyjarsýslu vera geymarými hjá flestöllum bændum til 5 mánaða notkunar, enda til lítils að hafa birgðir á höfnum, ef allir vegir eru ófærir af snjó. Þegar þetta er haft í huga, virðist sæmilega séð fyrir birgðarými á aðalhafíssvæðinu. Hitt er svo aðalvandamálið að gæta þess að hafa alla geyma fulla, ef eða þegar hafís leggst að landinu, og þá séu jafnframt sem mestar birgðir á heimilisgeymum hjá notendum, en til þess þarf aukið fjármagn."

Þessu til viðbótar er rétt að taka fram, að í till. n. er ráðgert, að olíugeymar þurfa að vera til á þeim

stöðum, sem hún nefnir, til þriggja mánaða og hún leggur eingöngu til sérstakar ráðstafanir á Norðurlandi. Samkvæmt þeirri yfirlýsingu olíufélaganna, sem hér er hermd, sýnist vera búið að bæta úr þessu, þannig að hvarvetna séu til geymar fyrir þann tíma, sem hafísnefnd telur nauðsyn að afla geymarýmis til. Viðskmrn. hefur þessu til viðbótar tekið að sér að ræða við bankana um nauðsynlega aðstoð, eftir því sem atvik standa til og í ljós kemur, að þurfa þykir, svo að olíufélögin geti fyllt þessa geyma, sem þau ráða yfir. Hefur þá verið að því miðað, að það yrði gert fyrir áramót. Það mál er sem sagt í meðferð hjá viðskmrn. í samræmi við þær óskir, sem fram hafa komið um þetta efni af hálfu hafísnefndar.

Fóðurvörurnar tók landbrn. að sér að annast. Leyfi ég mér að lesa upp kafla úr bréfi eða skýrslu frá landbrn., sem er dags. í dag og hljóðar sá kafli, sem hér skiptir máli, svo:

„Með tilvísun til þessara till. n. hefur rn. kannað, hvers konar fyrirgreiðsla verði nauðsynleg, til þess að birgðasöfnun sú, sem n. gerir till. um, geti orðið að veruleika. Hefur rn. rætt við innflytjendur kjarnfóðurs um þessi mál. Þrír innflytjendur hafa boðizt til að koma upp birgðum á Norður- og Austurlandi, svo sem hafísnefnd leggur til. Eru það Samband ísl. samvinnufélaga, Fóðurblandan h. f. og Heildverzlun Guðbjörns Guðjónssonar.

Samband ísl. samvinnufélaga flytur inn meginhluta eða 3/4 hluta þess kjarnfóðurs, sem notað er á Norður- og Austurlandi. Eftir viðræður við þessa aðila og könnun málsins, hefur ríkisstj. ákveðið að lengja gjaldfrest á erlendum viðskiptaskuldum vegna kaupa á fóðurvörum. Verður veitt heimild til 5—6 mánaða gjaldfrests.

Með þessum ráðstöfunum ætti að vera tryggt, að nægilegar birgðir kjarnfóðurs verði til staðar á Norður- og Austurlandi í byrjun ársins, svo sem hafísnefnd leggur til. Þá má geta þess sérstaklega í þessu sambandi, að vegna þess að innanlandsbirgðir af fóðurmjöli eru nú mjög litlar, hefur rn. hlutazt til um, að ekki verði fyrst um sinn leyfður útflutningur á fóðurmjöli, meðan kannaðar eru nánar þarfir bænda fyrir þessar vörur."

Þá er því einnig hreyft í skýrslunni, að kannað sé um útvegun ísbrjóts. Um það mál er að segja, að á s. l. vori var búið að tryggja, að ísbrjótur fengist til landsins, ef ísinn festist svo hér, að á slíku tæki mundi þurfa að halda. Sem betur fór varð raunin ekki sú, en að sjálfsögðu mun einnig í vetur verða fylgzt með því að útvega slíkt tæki, ef tilefni gefst til, en fyrir fram er það ákaflega örðugt. Hér er um mikil tæki að ræða, sem þar að auki verður mjög að efast um, að eigi við aðstæður hér. Það er meira um að ræða að komast í gegnum lagnaðarís, heldur en slíkan ís, sem hér hefur fest við landið. Þetta er þó sjálfsagt að kanna betur, ef að ástæður slíkar skapast, að á þessu verði þörf. Og eins og í vor reyndist hægt að útvega slíkt tæki með tiltölulega litlum, að vísu nokkrum fyrirvara, þá efast ég ekki um eða vona ég réttara sagt, að slíkt verði fært í vetur, ef svo illa skyldi fara, að menn telji þörf á því að fá slíkt skip hingað.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það voru aðeins örfáar upplýsingar, sem ég vildi koma að, sem snerta beint og óbeint það málefni, sem hér er spurt um og svarað hefur verið af hæstv. forsrh. Og það er sérstaklega vegna Landhelgisgæzlunnar.

Ég get vitnað til þeirrar skýrslu, sem útbýtt hefur verið um þátt Landhelgisgæzlunnar í vetur í sambandi við ísflug og aðra fyrirgreiðslu, en ég vil vekja athygli á því, að þar kemur fram, að dómsmrh. hafi heimilað víðtæka notkun varðskipa og flugvéla Landhelgisgæzlunnar til hvers konar nauðsynlegra ísathugana og aðstoðar við skip eða afskekkta staði, sem kynnu að þurfa á fyrirgreiðslu að halda. Þessi mál voru sérstaklega rædd í ríkisstj. oftar en einu sinni, en í þessu sambandi verður að gera mönnum ljóst, að það er auðvitað ekki nema að vissu marki, sem er hægt að ætlast til þess, að Landhelgisgæzlan geti sinnt slíkum hlutum með þeirri aðstöðu, sem hún hefur, nema til þess sé sérstaklega ætlað fé af hálfu fjárveitingavaldsins.

Ég vil minna á, að á Alþ. var fyrir tveimur árum síðan að ég hygg sett ný löggjöf um Landhelgisgæzluna, og einnig voru gerðar breytingar á lögum um almannavarnir. Þá kom fram í sambandi við löggjöfina um Landhelgisgæzluna og einnig í löggjöfinni eða breytingu laganna um almannavarnir, að vissir þættir almannavarna og Landhelgisgæzlu í sambandi við mál, sem við erum að ræða, eru mjög nátengdir. Það var t. d. tekið fram í einum lið 1. gr. hinna nýju laga, að hlutverk Landhelgisgæzlunnar væri að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæzlu, lækna-, toll- og vitaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega. Og í hinum nýju lögum um almannavarnir var sérstaklega tekið fram, að forstöðumaður almannavarna skyldi fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum og annarri vá. Nú hefur það atvikazt þannig, að forstöðumaður almannavarna hafði sagt upp starfi sínu frá 1. okt. að telja, og af hálfu dómsmrn. var þá tekin sú ákvörðun að setja forstjóra Landhelgisgæzlunnar fyrst um sinn til þess að gegna forstöðumannsstarfi almannavarna. Og mér er, eins og sakir standa, efst í huga, að það muni fara bezt á því hjá okkur, að þessi starfsemi verði varanlega samræmd, almannavarnastarfið að vissu marki a. m. k. og Landhelgisgæzlan. Þetta hefur ekki komið fram, en ég vildi segja frá því, að þannig hefur þessu verið skipað nú. En það getur hins vegar vel verið, að gera þurfi ráð fyrir, áður en endanlega er gengið frá fjárlögum, einhverjum sérstökum fjárveitingum í þessu skyni. Hvort það verður til Landhelgisgæzlu eða almannavarna er hægt að athuga nánar, en eflaust færi betur á því, að menn hefðu af einhverju að taka hjá almannavörnum á þessu sviði, sem gengi þá yfir til Landhelgisgæzlunnar fyrir þessum aukna kostnaði,

sem ekki er eðlilegt að blanda inn í hina almennu og venjulegu reikninga Landhelgisgæzlunnar. Ég vil einnig láta þess getið, að hið nýja varðskip, Ægir, var styrkt sérstaklega vegna hættu, sem skipið kynni að verða fyrir vegna siglinga í hafís. Og það hafði verið ráðgert, að Óðinn yrði einnig styrktur með því að styrkja fyrst og fremst síður skipsins í sjólínu meðfram vélarúmi vegna áfalla, sem skipið hefur orðið fyrir vegna siglinga í hafís, en til þessa hefur ekki komið enn, en mér þykir líklegt, að eins og aðstaða er hjá okkur, þurfi mjög fljótt að huga að því.

Ég vil þá einnig geta þess, að ísflug Landhelgisgæzlunnar er mjög kostnaðarsamt, og til þess höfum við í raun og veru aðeins haft Sif, sem er stór fjögurra hreyfla vél, sem Landhelgisgæzlan hefur haft til afnota, og hefur hún gert mikið gagn á undanförnum árum. Það er rétt, að hún hefur í öllu tilliti verið dýr í rekstri, en samt sem áður var hún keypt á sínum tíma, vegna þess, hve hægt var þá að gera góð kaup á henni sem gamalli vél. Hún var keypt frá Portúgal og fjármagnskostnaðurinn hefur þá verið miklu minni að sjálfsögðu, en hinn beini rekstrarkostnaður meiri.

Nú minni ég á í þessu sambandi, að ég hafði gert þinginu grein fyrir því fyrir ári síðan, að við hefðum ráðagerðir uppi um það í rn. og Landhelgisgæzlu að freista þess að festa kaup á stórri þyrlu til Landhelgisgæzlunnar og til almennrar björgunarstarfsemi. Og eftir því, sem ég hef getað kynnt mér þau mál, tel ég, að það sé mjög mikið framtíðarmál fyrir okkur Íslendinga að geta eignazt stórar þyrlur. Þær mundu verða mjög afkastamiklar að mínum dómi til landhelgisgæzlu, en þó kannske enn þá fremur til almennra björgunarstarfa hér á landi. Þessar stóru þyrlur geta athafnað sig í miklu veðri, í miklum stormi, og eru þess vegna líklegri til þess að geta verið við björgun við allt önnur skilyrði en við höfum haft aðstöðu til fram til þessa. Ég minnist þess, að Skagerak, sem var skip í förum milli Noregs og Danmerkur fyrir nokkrum árum, fórst í ofviðri á leið sinni þarna á milli og það munu hafa verið a. m. k. 12—13 vindstig og það var með svo skjótum hætti, að skipið lagðist á hliðina, að ekki komst nema hluti af fólkinu í björgunarbáta og björguðust við illan leik. En endanlega björguðust þó allir og m. a. vegna þess, að stórum þyrlum lánaðist að tína upp úr sjónum allt það fólk, sem hafði bara kastað sér með björgunarbelti í sjóinn í þessu ofsaveðri, sem þarna var, og skipti tugum manna. En þær voru margar að verki, bæði frá Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Við höfum ekki getað tekið ákvarðanir um að eignast slíka þyrlu, vegna þess hversu dýr tæki þetta eru. Það var leitað tilboða, og ef ég man rétt, lágu þau einhvers staðar á milli 70—80 millj. kr. eða um það bil. Við höfum því frestað málinu í bili, og eitthvað hefur heyrzt um það á opinberum vettvangi að grípa til annarra ráða, m. a. af fjárhagslegum ástæðum, en Sif er komin það til ára sinna, að það er aðeins skammur tími, sem talið er, að við getum haft not af henni enn þá. Það voru því hafnar viðræður við sendiráð Bandaríkjanna hér og einnig haft samráð við varnarliðið um, að við fengjum léða tvo björgunarbáta, Grumman-flugbáta, sem kallaðir eru og hafa mjög mikið flugþol og geta lent bæði á sjó og landi. Og þessa björgunarbáta, flugbáta, fær Landhelgisgæzlan til afnota um áramótin. Það vakir að vísu ekki fyrir okkur að gera út í senn tvo báta, en vegna þess að við höfum fengið þessa báta með góðum leigukjörum, er megintilgangurinn að reka annan bátinn í senn, en hafa hinn bátinn til taks, þegar mikið er um að vera og mikil þörf er, manna hann þá með leiguáhöfn frá flugfélögum hér, en að öðru leyti að hafa þá tvo tiltæka, þannig að þeir þyrftu ekki að hverfa frá eða falla út úr sínu hlutverki, þegar til aðgerða og eftirlits kemur. Einnig mundi það vera okkur til hagræðis, vegna þess að þá yrðu minni frátafir og minni eftirvinna.

Ég geri mér miklar vonir um það, að þessir tveir flugbátar, sem Landhelgisgæzlan kemur til með að hafa til afnota, muni henta mjög vel og vera verulega ódýrari í rekstri einmitt til ísflugsins, sem vænta má, að enn þurfi að halda áfram eða a. m. k. að vera reiðubúnir til þess að framkvæma í vetur og þá í framtíðinni, ef þess þarf með.

Ég skal svo ekki lengja þennan spurnartíma með öðru en því, sem ég hef sagt, sem er í aðalatriðum upplýsingar fyrir hv. þm., sem mér fannst tilhlýðilegt að koma á framfæri við þetta tækifæri.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gat um það í upphafi máls síns, að hér hefði verið lagt fram álit og till. hafísnefndar ásamt fskj. En þetta er mesti misskilningur. Það fylgja ekki með fskj. hafísnefndar. Hins vegar fylgir hér skýrsla Landhelgisgæzlunnar til hæstv. dómsmrh., Jóhanns Hafstein, en engin fskj. hafísnefndar.

Þetta þykir mér líka mikill galli á þessu plaggi, sem hér hefur verið útbýtt, vegna þess að sérstaklega eitt fskj. var mjög mikilvægt í þessu sambandi, en það er fskj. Páls Bergþórssonar veðurfræðings. Hafísnefnd fékk Pál til að athuga, hvort það væri líklegt, að hægt væri á haustin að segja fyrir með nokkurri vissu um hafíshættuna veturinn á eftir, og þessi skýrsla Páls, sem hafísnefnd fékk, fylgdi náttúrlega með okkar grg. til hæstv. ríkisstj. Þar sem álit okkar er að vissu leyti eða í sumum tilfellum töluvert byggt einmitt á þessari könnun Páls, þá var það mikill skaði, að þessi grg. hans fylgdi ekki með, og ég vil óska þess, að hún verði prentuð og henni dreift meðal þm.

Það er líka misskilningur hjá hæstv. forsrh., að það væri aðeins til þriggja mánaða, sem við legðum til með olíubirgðirnar. Á bls. 4 í okkar grg., — ég hef nú ekki athugað það í þessu nál., — er sagt, með leyfi forseta:

„Till. n. miðast í meginatriðum við það, að séð sé fyrir því, að til séu a. m. k. þriggja mánaða birgðir olíu og kjarnfóðurs á svæðinu frá Vestfjörðum austur um land til Hornafjarðar á þeim stöðum, þar sem hættan á siglingateppu er samkvæmt

reynslu mest, en á svæðinu frá Horni til Vopnafjarðar, væri þó rétt að hafa birgðir til 4—5 mánaða.“

Ég held, að það hafi verið alveg samdóma álit okkar, að það væri í sjálfu sér það allra minnsta. Það eiginlega þykir mér dálítið skrýtið, að olíufélögin skuli hafa sagt, að það væru 3—4 mánaða birgðir á höfnum norðanlands. Ég hef skýrslu hér fyrir framan mig, sem er byggð á skýrslum frá olíufélögunum um þessi atriði, og þar kemur í ljós, að á ýmsum höfnum norðanlands eru þetta alls ekki þrír mánuðir, heldur töluvert minna í sumum tilfellum eins og t. d. í Ólafsfirði. Þar eru það ekki nema rétt rúmir tveir mánuðir. Á Dalvík eru ekki tveir mánuðir, og ef Eyjafjarðarsvæðið er allt saman tekið, þá eru þar ekki einu sinni þrír mánuðir.

N. lagði áherzlu á, að það yrði reynt að koma upp einhvers konar birgðarými fyrir þennan vetur, ef það væri hægt, og í þessari skýrslu kemur fram, að við höfum lagt til, að þar sem það er hægt, eins og t. d. á Hvammstanga, séu notaðir síldartankar til þessara hluta. Og við leggjum til, að það sé athugað með Eyjafjarðarsvæðið, hvort ekki sé hægt að nota tanka, sem eru á Hjalteyri og hafa ekki verið notaðir, en þurfa að vísu viðgerðar við, því að við miðum okkar till. við það, að kostnaður verði sem minnstur af þessu, en þó sé reynt að skapa þessum byggðum sem mest öryggi.

Í okkar till. leggjum við líka til, að það sé byggður tankur eða fluttur til Ólafsfjarðar, enn fremur á Húsavík og Kópaskeri. Kostnaðurinn við þessa geymabyggingu er að vísu dálítill, en hann er ekki umtalsverður, miðað við það öryggi, sem hann mundi skapa þessum byggðum. En ég hef kynnt mér þetta. Þessar tölur er að vísu fengnar fyrir síðustu endurreisn viðreisnarinnar og verður að skoða þær í því ljósi, en 100 teningsmetra tankur kostar t. d. ekki nema 220 þús., þ. e. a. s. fyrir utan löndunaræðar og afgreiðslutæki, 500 teningsmetra tankur tæp 800 þús. og 1350 teningsmetra tankur um 1.4 millj. Ég vil undirstrika alveg sérstaklega í þessu sambandi, að það var álit n., að auka þyrfti birgðarými á öllu Norðurlandi ásamt Ísafirði. Við undirstrikuðum sérstaklega, að þetta þyrfti að gera. Ég vil, að það komi hér fram. Ég tel, að það sé ekki hugsað um fullt öryggi, ef það verður ekki gert fyrir þessar byggðir. Þessi tafla, sem ég var að lesa úr, — bara tímans vegna get ég það ekki meira en orðið er, — er miðuð við notkun á vetri, sem er ekki svo kaldur sem maður gæti ætlað, miðað við frostavetur. Hún yrði eflaust mikið meiri á ísavetri, og það verður að líta á þessar tölur í því ljósi. Það hefur verið haft samband við mig og sjálfsagt flesta úr hafísnefnd úr þessum byggðarlögum, og oddvitarnir leggja mjög mikla áherzlu á, að að þessu sé unnið.

Það hefur komið fram í áliti veðurfræðinganna og það veðurstofustjórans sjálfs í sjónvarpinu fyrir nokkrum kvöldum, að óvenjumikil ísmyndun muni vera fyrir norðan land, vegna þess að kuldar í októbermánuði á hafinu hér norður undan hafi verið óvenjumiklir, og þeir hafa verið það allt s. l. sumar að sögn þessara veðurfræðinga. Ég held, að þetta sé svo mikið alvörumál, að eitthvað verði sérstaklega að gera í sambandi við olíuna. Það má alls ekki reyna að snúa sér frá því að reyna að athuga í fyllstu alvöru, hvað er hægt að gera, jafnvel þó að tíminn sé hlaupinn. Ég held, að það væri a. m. k. hægt að athuga þessa lýsisgeyma á þeim stöðum, þar sem vöntun er mest, eins og t. d. á Eyjafjarðarsvæðinu, og mér finnst ekki nein fásinna að láta sér detta í hug, að það væri enn hægt að koma upp tönkum, ef tíð yrði sæmileg, t. d. á Húsavík og á Kópaskeri, til þess að skapa þessum byggðum meira öryggi en nú er.

Það er mjög ánægjulegt að vita, að það verður eitthvað gert í þessu eða er raunar búið, eftir því sem kom fram hjá forsrh., í sambandi við það að fá olíu og jafnvel kjarnfóður. Ég vissi ekki, að von væri á því, að það yrði komið fyrir áramótin, en ég harma, að það skuli ekki vera farið eftir till. okkar um að setja einhvern sérstakan mann til þess að hafa yfirumsjón þessara mála, sem forráðamenn sveitarfélaga og bæjarfélaga á þessu svæði gætu snúið sér til, ef þeim finnst, að ekki sé fyllsta öryggis gætt í þessum málum. Ég vil vona, að sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar verði tekin til endurskoðunar í þessu efni.

Það væri náttúrlega margt hægt að segja frekar um þessi mál, en því miður er það ekki hægt tímans vegna.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans, og sömuleiðis vil ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þá skýrslu, sem hann gaf um þann þátt málsins, sem hann hefur tekið að sér. Í því sambandi hefði náttúrlega verið æskilegt, að hliðstæð skýrsla hefði komið fram frá hæstv. viðskmrh., því að mér skildist á hæstv. forsrh., að hann hefði einnig tekið að sér þátt í þessu máli, sem er þýðingarmikill. Enn fremur vil ég þakka nm. úr hafísnefnd, hv. 5. þm. Norðurl. e., fyrir upplýsingar, sem hann gaf vegna n., og ég vil þakka, að nú skuli hafa verið útbýtt á þingi áliti hafísnefndar, sem auðvitað er sjálfsagt að gera, enda venjulegt um mþn., því að ekki er hægt að ætlast til þess, að þm. almennt kynni sér slík álit n., sem þeir hafa kjörið, í handriti í stjórnarráðinu.

Þetta álit hafísnefndar liggur hér fyrir, og ég sé, að það hefur verið dags. 27. sept. og viðbótarálit 16. okt. Ég verð að segja, að mér finnst hafísnefnd hafa verið nokkuð seint á ferð með þessar till. og veit ekki, hvað því veldur, en hv. formaður n., sem á sæti á þingi, gæti sjálfsagt gert grein fyrir því. En ég hlýt að ganga út frá því, að hæstv. ríkisstj. hafi hvatt n. til þess að skila sem fyrst till. sínum, því að það skipti auðvitað miklu máli, að þessar till. lægju sem allra fyrst fyrir. Að vísu má segja, að sumt af því, sem fram kemur í áliti hafísnefndar, hafi þegar verið fram komið á síðasta Alþ., m. a. við flutning þeirrar þáltill., sem ég nefndi áðan, og stjórnarvöldum hafi því verið fullkunnugt um eða athygli

þeirra hafi verið vakin á brýnustu verkefnum, sem hér hlutu að vera fyrir hendi að allra dómi.

Till., sem hér liggja fyrir í nál., eru í fimm liðum. Tveir fyrstu liðirnir fjalla um ískönnunarflug og hafísbát, og hefur hæstv. dómsmrh. þegar rætt nokkuð um það atriði. 3. till. er um geymslurými fyrir gasolíu, 4. till. um aðstoð peningastofnana og 5. till. um ísbrjót.

Ég verð að segja, að ég áttaði mig ekki fyllilega á því, sem þeir sögðu, annars vegar hæstv. forsrh. og hins vegar sá hafísnefndarmaður, sem talaði, um það, hver talin væri þörf á olíugeymum til langs tíma, þ. e. a. s. hve mikið menn þyrftu að geta geymt, en ég sé það í nál., sem ég hef hérna fyrir framan mig og hafði ekki áður lesið, að n. áætlar þetta í tvennu lagi: Í fyrsta lagi á Vestfjörðum og sunnanverðum Austfjörðum, að þar þurfi geyma til þriggja mánaða, en á Norðurlandi og nyrzt á Austfjörðum til allt að 5 mánaða. Þegar á það er litið, að það kemur fram, að geymslurými sé of lítið, held ég, að það sé mjög alvarlegt mál. Hvort hægt sé að treysta á það, að bændur hafi olíugeyma á heimilum sínum, sem nægi, og hvort þeim þá tekst að afla sér olíu til þess að fylla þessa geyma, skal ég ekki ræða, en vil samt draga það í efa að svo komnu máli.

Hér er ekki tími til þess að fara út í langar umr. um þetta mál. En ég vil segja, að mér þykir það gallað fyrirkomulag, að þeir, sem þurfa á aðstoð að halda í þessum efnum og þurfa að snúa sér til stjórnarvalda, skuli þurfa að leita til margra aðila, að þeir þurfi að leita til margra rn. og kannske fleiri stofnana, sem hafi þessi mál á sínum vegum. Ég held, að það væri mikið hagræði að því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. drap reyndar á, að ríkisstj. setti til þess einn ákveðinn mann að vera í fyrirsvari um þessi mál, svo að menn gætu snúið sér til hans og hann hefði þá milligöngu við þau rn., sem með þetta hafa að gera. Og sá maður gæti að sjálfsögðu verið einhver fyrirsvarsmaður opinberrar stofnunar, þannig að ekki þyrfti að vera af þessu mikill aukakostnaður, en það má ekki horfa allt of mikið í kostnað, þegar um slíkt mál er að ræða sem þetta. Það er stundum greitt fé af minna tilefni og það mikið fé, en til þessa vil ég mælast við hæstv. ríkisstj. og taka þar með undir ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e., að hún komi þessu svona fyrir, að þeir, sem einhvers þurfa með í þessum málum, geti snúið sér til eins aðila, hvort sem þar er um að ræða flutning, vörur eða geymslurými. Það er áreiðanlega miklu hentugra fyrir alla.

Ég er ákaflega hræddur um, að nú, þegar komið er fram í nóvembermánuð, sé orðið nokkuð seint t. d. að stækka geymslurými fyrir olíu. Slíkt hefði þurft að gera fyrr. Ég er því að vísu ekki kunnugur, hvað slíkar byggingarframkvæmdir taka langan tíma, en ég er hræddur um, að það sé orðið nokkuð seint. Þó vildi ég mjög eindregið mælast til þess, að athugaðir væru möguleikar í tæka tíð, sem enn kunna á því að vera. En við vitum, að í kringum áramótin, eftir svona 6 vikur eða svo, megum við alveg eins búast við því, að ísinn komi upp að landi. Þess vegna er ekki langur tími til stefnu.

Ég hefði gjarnan viljað ræða meira um þetta mál og drepa á einstök atriði og nefna eitt og annað, sem kom fyrir á s. l. vetri í sambandi við ísinn. En hér er ekki tími til þess. Ég vil sem sagt þakka fyrir þær upplýsingar, sem fram hafa komið, og eindregið mælast til þess, að menn verði vel vakandi í þessu máli.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Við erum allir sammála um, að hér sé um mikið alvörumál að ræða og þurfum ekki að brýna hver annan á því. Ef hv. þm. telja máli skipta, að hér sé skotið millilið á milli stjórnarvalda úti á landi og þeirra rn., sem um þessi mál fjalla, þá er það auðvitað mjög vel takandi til athugunar. Það væri vel hægt að koma því svo fyrir, að sá maður, sem starfar hjá Landhelgisgæzlunni nú, aðallega að almannavörnum, tæki að sér að hafa slíka milligöngu. Ég geri ráð fyrir því, að slíkt sé hægt, ef menn að athuguðu máli telja, að það sé kostur. En ég efast mjög um, að það sé kostur. Ég held, að það sé betra, að menn eigi beinan aðgang annars vegar að landbrn. varðandi fóðurbirgðirnar, — það mál skilst mér nú þegar vera leyst raunar, — og hins vegar að viðskmrn. varðandi olíuna. Viðskmrn. hefur tekið að sér að vera í fyrirsvari um úrlausn þess máls og annast hana.

Nú má vera, að það fari nokkuð á milli mála, hverjar till. n. eru í þessu. Það er rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um það, sem stæði á 4. síðu í skýrslunni, en á 5. síðu í frumskýrslunni stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og í ljós kemur af þessu yfirliti fer því víðast hvar fjarri, að olíufélögin eigi nægilega mikið birgðarými, til að þar verði safnað þriggja mánaða birgðum, en það er lágmark þess, sem n. telur æskilegt, þar sem veruleg hafíshætta er."

Þetta stendur á 5. síðu í skýrslunni, að sé lágmark þess, sem n. telur æskilegt, þar sem veruleg hafíshætta er. Svo eru annars staðar látnar uppi bollaleggingar um það, að annað enn meira geymslurými væri út af fyrir sig gott, en þarna er um að ræða lágmark þess, sem n. telur æskilegt, þar sem veruleg hafíshætta er, og eins og nú stendur á, þegar jafnáliðið er orðið, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. vakti athygli á, er eðlilegt, að maður haldi sig við þessa aðaltill. n. Þetta er hennar grundvallartill. í málinu. Fram hjá því verður ekki komizt. (Gripið fram í.) Já, en ég er með frumskýrsluna og vitnaði í hana.

En við skulum ekki vera að þræta um þetta út af fyrir sig. Það er sjálfsagt að kanna það til hlítar, hvað hér fer á milli mála, og ég legg sérstaka áherzlu á og beini því til n., að hún hafi samráð við viðskmrn. og olíufélögin um það, sem þeim ber á milli í þessu, vegna þess að mér skilst af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, að hann telji, að olíufélögin hafi jafnvel ekki geyma til þriggja mánaða. Hann heldur því fram. Olíufélögin fullyrða aftur á móti,

samkvæmt þeirri skýrslu, sem ég las upp áðan og ég fékk staðfesta af viðtölum við ráðuneytisstj. í viðskmrn., að slíkt geymslurými sé nú fyrir höndum. Misskilningur í þessu má ekki eiga sér stað, og ég beini því til n., að hún kanni þetta sjálf og geri okkur síðan aðvart um, hvort hún telji frekari aðgerða þörf, vegna þess að eðlilegt er, að n. ætlist til þess, að a. m. k. hennar lágmarkstill. sé fullnægt og það séu a. m. k. ekki rangar upplýsingar gefnar um, að til sé geymslurými, sem ekki sé til. Ég er hv. þm. sammála um það. En fram hjá hinu verður ekki komizt, að grundvallartill. n. er á síðu 5.

Varðandi það, að ranghermt hafi verið, að skýrslan væri prentuð með fskj., skal þetta sagt: Auðvitað er hún prentuð með fskj. Hvort það eru þau númeruðu fskj., sem n. setti með sinni skýrslu, hef ég aldrei sagt. Frumskýrsla n. er prentuð ásamt bréfi mínu til n. ásamt viðbótarskýrslu n. og ásamt skýrslu Landhelgisgæzlunnar, sem kom frá dómsmrn. Þetta er óhagganlegt. Og af þessum gögnum er hægt að átta sig á málinu. Hitt er svo annað mál, að hér er heilmikill bunki af skjölum, sem ég vil fullyrða, að meginparturinn af á ekkert erindi til þm., ekkert erindi. Það eru tölur og yfirlit og tilboð og annað slíkt, sem væri algerlega pappírseyðsla og prentsvertueyðsla að vera að prenta sem fskj. handa alþm. í heild. Ef n. óskar eftir því að fá prentaða skýrslu Páls Bergþórssonar, þá er sjálfsagt, að það sé gert. En ég vek athygli á því, sem ég sagði, að það stendur til að haldin verði vísindaleg ráðstefna um þessi mál í vetur. Hún er haldin með styrk og atbeina ríkisstj., sem ég vonast til, að Alþ. taki undir. Það er sjálfsagt, að skýrslur þeirrar n. komi til athugunar og verði birtar og allir fái aðgang að þeim. Án þess að ég sé að gera lítið úr þessum skýrslum Páls Bergþórssonar, eru þær bollaleggingar sannast að segja, sem segja lítið annað um það vandamál en það, sem við vitum, að það getur verið von á hafís. Og samkvæmt síðustu skýrslum virðist það vera svo, að meiri hætta sé á hafís núna en í meðalári. Þetta er óumdeilt, og á þetta þarf ekki að eyða mörgum síðum til þess að sanna. Þetta er upplýst í málinu.

Umr. frestað.

Á 13. og 15. fundi í Sþ., 20. og 27. nóv., var fsp. tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var fram haldið umr. um fsp.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. 13. nóv. s. l. var hér til umr. fsp. um öryggisráðstafanir vegna hafíshættu. Þegar umr. var frestað hafði ég kvatt mér hljóðs, vegna þess að í ljós hafði komið, að hæstv. forsrh. virtist ekki hafa skilið till. okkar nm., eins og við ætluðumst til, um það, sem við töldum, að alveg væri lágmarkstími um birgðasöfnun á hverjum stað. Það er að vísu alveg rétt, sem hæstv. fosrh. sagði, að á einum stað stendur í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Eins og í ljós kemur af þessu yfirliti, fer því víðast hvar fjarri, að olíufélögin eigi nægilega mikið birgðarými, til þess að þar verði safnað þriggja mánaða birgðum, en það er lágmark þess, sem n. telur æskilegt, þar sem veruleg hafíshætta er.“

Það kann að vera, að þeir, sem ekki hafa lesið skýrslu okkar nema að litlu leyti, en hafa lesið þessa setningu, telji, að okkar till. sé þriggja mánaða birgðasöfnun alls staðar á hafíshættusvæðinu sem lágmark, eins og hæstv. ráðh. gerði. En þeir, sem á annað borð lesa skýrsluna, geta aftur á móti ekki verið í neinum vafa um það, hvað n. leggur til um lágmarksbirgðir á hverju svæði, en það eru 4 mánuðir frá Horni til Vopnafjarðar að honum meðtöldum, en á Vestfjörðum vestan Horns og á Austfjörðum sunnan Vopnafjarðar þriggja mánaða birgðir. Og til þess að sýna þetta betur ætla ég að lesa upp úr sjálfri skýrslunni, með leyfi forseta:

„Till. n. miðast í meginatriðum við það, að séð sé fyrir því, að til séu a. m. k. þriggja mánaða birgðir olíu og kjarnfóðurs á svæðinu frá Vestfjörðum austur um land til Hornafjarðar. Á þeim stöðum, þar sem hætta á siglingateppu er samkvæmt reynslu mest, á svæðinu frá Horni til Vopnafjarðar, væri þó rétt að hafa birgðir til 4—5 mánaða. Þyrftu slíkar birgðir að vera fyrir hendi frá áramótum fram í maí.“

Og annars staðar í skýrslunni stendur:

„Hins vegar þyrfti að koma upp fleiri geymum á Hofsósi, þannig að þar yrði geymslurými a. m. k. til þriggja mánaða birgða, enda sé þá miðað við varabirgðir á Skagaströnd eða á Siglufirði.“

Við teljum verulega hafíshættu bæði á Vestfjörðum vestan við Horn og öllum Austfjörðum og það hefur komið hafís með allri suðurströndinni allt til Reykjaness, en við teljum aftur á móti, að ekki stafi hætta af því með tilliti til flutninga.

Ég vona, að á þessu sjáist, að á því sé enginn vafi, hverjar till. okkar eru í þessu efni, og er reyndar mál til komið, að það liggi ljóst fyrir, hverjar till. okkar eru, komið fram á jólaföstu.

Ég get ekki verið hæstv. forsrh. sammála um það, að óþarft hafi verið að prenta neitt af þeim fskj., sem n. lét fylgja með skýrslu sinni. Ég vil sérstaklega nefna tvennt og í fyrsta lagi skrána um birgðarými. Þessi skýrsla er um birgðarými á öllum verzlunarstöðunum á hafíshættusvæðinu og mánaðarsöluna á hverjum stað og hins vegar skýrslu Páls Bergþórssonar veðurfræðings, sem ég tel, að sé mjög fróðleg og athyglisverð og vil endurtaka óskir mínar um það, að hún verði prentuð og henni dreift meðal hv. þm.

Hæstv. forsrh. lagði áherzlu á, að n. kannaði, hvernig á því stæði, að skýrsla sú, sem viðskmrn. hefði frá olíufélögunum, sýndi aðra og betri niðurstöðu en okkar skýrsla gæfi til kynna um geymarými fyrir olíu í umræddum landshlutum og endingu þeirra. Skýrslan, sem viðskmrn. lagði til grundvallar, mun vera samin með allt annað markmið í huga en við höfðum, er við sömdum okkar skýrslu, og á engan veginn við í þessu tilliti.

Hún sýnir meðaltalsnotkun allt árið og meðaltal nokkurra ára. Það fyrrnefnda er tekið fram í skýrslunni sjálfri. Okkar skýrsla sýnir aftur á móti notkunina á þeim tíma, sem hafíshættan er mest, sem er yfir kaldasta tíma ársins. Í skýrslunni, sem viðskmrn. lét mig hafa í hendur og hæstv. forsrh. vitnaði í, er talið geymarými, sem ekki hefur verið notað og er ekki nothæft nema við það sé gert, eins og t. d. í Hrísey og á Hjalteyri. Ég verð að nefna örfá dæmi um það, hvernig þessi skýrsla, sem viðskmrn. lagði til grundvallar, passar við það, sem afgreiðslumenn olíufélaganna og bæjarstjórar og oddvitar segja um endingu olíu þann tíma, sem þarna skiptir máli, hver á sínum stað. Við þessa aðila hef ég haft samband enn á ný síðustu daga:

Húsavík. Í þessari skýrslu frá viðskmrn. segir, að birgðir endist í 133 daga. Bæjarstjórinn þar segir, að í ljós hafi komið, að birgðirnar endist aðeins í 75 daga. Í Ólafsfirði er sagt í skýrslunni, að birgðirnar endist í 97 daga, en bæjarstjórinn og afgreiðslumaðurinn þar segja, að þær endist ekki nema í 60—67 daga. Í Hrísey, segir í skýrslunni, að birgðirnar endist hvorki meira né minna en í 500 daga. Þar er talinn geymir, sem er ónothæfur, — ég skal reyna að ljúka máli mínu á stuttum tíma, herra forseti, — birgðarými þar er fyrir aðeins 162 tonn, sem endast í 60 daga. Um Dalvík er svipað að segja. Á Ísafirði endist olía í 74 daga, að því er skýrslan segir, en eftir athugun endist hún í 45 daga. Þessi skýrsla sýnir aftur á móti, að á Raufarhöfn endast birgðir í 86 daga, en í því dæmi er eflaust miðað við, að síldarverksmiðjan sé í gangi og olíuflotinn taki þar olíu á þessum tíma. En við teljum aftur á móti, að það sé nóg birgðarými til á Raufarhöfn.

Ég kemst ekki hjá því að taka fram, að okkar skýrsla er algerlega samin eftir upplýsingum frá olíufélögunum sjálfum, enda fram tekið í skýrslunni sjálfri. Það passa því ekki þær tölur, sem ég nefndi hér að framan, við þær tölur, sem eru í þessari skýrslu okkar. Í huga þarf að hafa í þessu sambandi, að geymarýmið nýtist ekki að fullu vegna botnfalls, og má draga um 10% af birgðarýminu frá með það í huga. Notkunin eykst stöðugt, og á ísavetri verður olíunotkun meiri en ella. Það þarf að athuga án frekari tafa, hvort ekki er hægt að tryggja þessar birgðir að þessu leyti betur en nú er, með því að nota lýsisgeyma fyrir olíuna.

Þó að veðurfarið hafi verið óvenju milt hér á landi síðustu 4 vikur, þá segir það ekki mikið um hafíshættu á þessum vetri. Það er hitastigið undanfarna mánuði norðan við landið, sem gefur frekar til kynna, hvers vænta má í því efni. Það hefur komið í ljós, að þar hefur verið óvenju köld veðrátta, sú kaldasta síðan hitamælingar hófust, t. d. ÷9° á Svalbarða, og er það kaldasti nóvembermánuður, sem hefur komið síðan hitamælingar hófust 1923. Góðviðristíðin hér má ekki verða til þess, að við gleymum þeim hvíta, svo að ekki verði gerðar ráðstafanir til birgðasöfnunar, eftir því sem aðstæður frekast leyfa. En verði ekkert gert í málinu frekar en orðið er, sé ég mér ekki annað fært en taka málið að nýju upp á Alþ. og þá með öðrum hætti.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þó að erfitt sé að ræða svo viðamikið mál sem þetta í fsp.-tíma, þá sé ég þó ástæðu til að segja nokkur orð, þar sem ég var formaður hinnar svokölluðu hafísnefndar.

Það er þá í fyrsta lagi varðandi framsöguræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., sem flutti þessa fsp. Hann átaldi nokkuð, að mér skildist, þann drátt, sem á því hefði orðið, að n. skilaði af sér. Ég vil aðeins til upplýsinga og okkur til afsökunar vekja athygli á því, að við þurftum að leggja í allviðamikla upplýsingasöfnun, áður en við skiluðum áliti okkar. Við gerðum okkur ljóst, að undirstaða að skynsamlegum till. um ráðstafanir til birgðasöfnunar hlaut að verða sú, að maður gerði sér einhverja grein fyrir því, hvaða líkur væru á hafíshættu hér við land. Þess vegna lögðum við allmikla vinnu í að kanna með aðstoð sérfræðinga möguleika á hafísspám. Aðalaðstoðarmaður okkar í því efni var Páll Bergþórsson veðurfræðingur, en áður en hann lét okkur í té sitt álit, sem hann hafði þó allan fyrirvara um, þurfti hann að framkvæma allviðamiklar athuganir, t. d. á veðurfari norður og austur af landinu, þannig að það álit fengum við í lok júlímánaðar, og var engan veginn hægt að ætlast til, að það gæti orðið fyrr.

Enn fremur þurftum við að safna miklum upplýsingum frá þeim aðilum, sem annast dreifingu olíu og kjarnfóðurs. Þessir aðilar þurftu að senda menn út um land til þess að kanna birgðarými og annað. Í þriðja lagi skiptum við nm. með okkur verkum og fórum um þetta svæði og könnuðum eftir föngum aðstæður á hverjum stað. Þessu gat ekki verið lokið fyrr en í ágústlok, en þá gátum við setzt að því að vinna úr þessum upplýsingum og ganga frá nál., sem við gerðum 18. sept.

Þetta er sú skýring, sem ég vildi gefa á því, sem ég tel fullkomlega afsakanlegt, að álitið gat ekki orðið til fyrr en raun varð á. Og víst er um það, að þeir ófullkomleikar, sem okkur er vel ljóst, að á þessari álitsgerð eru, eiga fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að ef vel hefði verið, hefðum við þurft lengri tíma.

Ég játa það fullkomlega, að þegar við tölum um verulega hafíshættu hér á bls. 5 í því áliti, sem hér hefur verið útbýtt, þá gæti það auðveldlega valdið misskilningi, en skýringin á því er sú, að í okkar huga er hafíssvæðið raunverulega allmiklu stærra en það svæði, sem við teljum nauðsynlegt, að stofnað sé til birgðasöfnunar á. Við höfum með Páli Bergþórssyni farið yfir línurit, sem náði allt aftur til ársins 1688 og þá kom í ljós, að í slæmum ísaárum hafði oft skeð, að ísinn umlukti allt landið að undanteknum Breiðafirði og Faxaflóa, þannig að suðurströndin var einnig lokuð af hafís. Þá hrollvekju höfum við að vísu ekki sett á pappír í okkar nál., en í okkar huga var það svæði, sem möguleiki er á siglingateppu vegna hafíss, stærra en það, sem við köllum hafíssvæði hér, þannig að

þegar við tölum um verulega hafíshættu, eigum við við svæðið frá Vestfjörðum austur og suður um til Hornafjarðar. Þar teljum við hafíshættuna það verulega, að ástæða sé til að gera ráðstafanir til birgðasöfnunar.

N. hefur orðið við tilmælum hæstv. forsrh. um að kanna, í hverju liggi munurinn á niðurstöðum þeirrar skýrslu, sem viðskmrn. fékk samkv. áliti n., sem skipuð var snemma á þessu ári til að kanna olíumálin, og niðurstöðu okkar skýrslu. Þar get ég vísað til þess, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að eftir því sem við komumst næst, liggur þetta í því, að í skýrslu viðskmrn. er miðað við ársmeðaltal, en í okkar skýrslu er það notkunin yfir vetrarmánuðina, sem miðað er við, en hún er meiri, þannig að byggt á þeim grundvelli endist birgðarýmið skemur.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Af því að ég mælti í öndverðu fyrir þessari fsp. á fundi fyrir nokkuð löngu hef ég óskað eftir því að fá að segja nokkur orð um þingsköp í sambandi við þessar umr. Í 31. gr. þingskapa segir svo:

„Ráðh. sá eða ráðh., er hlut eiga að máli, svara þá fsp. þeirri eða fsp., sem leyfðar hafa verið, og er þm. þá rétt að taka þátt í umr. Þó mega þm., aðrir en ráðh., ekki tala oftar en tvisvar um hverja fsp., og eigi lengur en 5 mínútur í senn."

Í samræmi við þetta þingskapaákvæði hefur hæstv. forseti réttilega vitnað til þeirra og mér virðist, að hann skilji þetta ákvæði þannig, að honum sé ekki heimilt að veita mönnum orðið oftar en tvisvar sinnum í máli, — honum sé það ekki heimilt, af því að þar stendur: „Þó mega þm., aðrir en ráðh., ekki tala oftar en tvisvar um hverja fsp."

Nú er hér um að ræða mál sérstaks eðlis, — öryggismál fyrir mikinn hluta landsins, — mál, sem var rætt fyrir alllöngu og ekki hefur verið haldið fram umr. um, en þannig stendur á um að öðru leyti, að nýjar upplýsingar hafa komið fram. Og með tilliti til þess, hvernig umr. fara nú fram um fsp., sem þó eru ekki formlega fram bornar, þá vil ég leyfa mér að leggja til munnlega, að hæstv. forseti fái leyfi fundarins til þess að víkja frá þingsköpum um þetta atriði og það sé þá á valdi hæstv. forseta að leyfa mönnum að tala oftar, ef honum þykir ástæða til, og er þá gert ráð fyrir, að hann mundi í þessu tilfelli leyfa það sem hann telur sanngjarnt.

Forseti (BF): Vegna þessara tilmæla hv. 1. þm. Norðurl. e. vill forseti benda bæði honum og öðrum hv. alþm. á, að ef þeir hugsa sér að þingfesta mál, sem eru það fyrirferðarmikil, að þau rúmist ekki í fsp.-tíma, þá ættu þeir að gera það á annan hátt en með fsp.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í haust hefur hvað eftir annað verið talað um að reyna að koma betri skipan á störf Alþ. og þá er einkanlega vikið að því, að fsp. og umr. um þær væru mjög komnar úr böndum. Nú skulum við viðurkenna, að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða — í þessu tilfelli hafíshættu — og hvort fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að leysa það mál eins og skyldi. En það eru auðvitað fullir möguleikar til þess að koma á umr. um það mál með því að bera fram lagafrv. í hvorri d. sem er eða þáltill., og yrðu væntanlega engin vandkvæði á því að fá þau mál rædd. A. m. k. sjáum við varðandi lagafrv., að þau eru tekin fyrir alveg jafnóðum. Sannleikurinn er sá, að fsp.-umr. eru farnar að gera ómögulegt að ræða um þáltill. hér í hv. Sþ. Þetta vita allir þm.

Ég efast mjög um, að það samrýmist meðferð eða ákvæðum þingskapa að fresta fsp.-umr., eins og hér hefur verið gert, eftir till. eins þm., þegar búið er að veita lögmæt svör við fsp. Þá vill hann sjálfur fá færi á að kynna sér það mál betur, sem hann var búinn að starfa að nokkra mánuði í sumar og koma fram um það frekari umr. hér. Það er mjög virðingarverð samvizkusemi af þm. að leggja þó loksins einhverja vinnu í málið, ég viðurkenni það. En hann getur komið því að með því að bera fram till., alveg eins og hann getur sjálfur fengið prentaðar þær viðbótargrg., sem hann telur vanrækslu af ríkisstj. að hafa ekki prentað, með því að bera fram nál. eða bera fram þáltill., hvers efnis sem hann vill, eða lagafrv. Hér eru þingstörf gersamlega að fara úr böndum, ef þessi háttur á að vera á og menn eru að gera alvarlegt mál að hreinu gamanmáli hér í þingi með þessari hegðun.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að láta koma fram, að ég var búinn að biðja um orðið, en var meinað það í þetta skipti. Það er alls ekki rétt, að ég hafi óskað eftir því þá, að málinu væri frestað. Ég bað um orðið, en málinu var frestað, án þess að ég fengi að taka til máls. Þetta vil ég, að komi fram.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil einungis vitna til hæstv. forseta um það, hvort ég hafi misskilið hann, en hann hefur sagt mér í þrígang, að það sé eftir tilmælum þessa hv. þm. sjálfs, að málið hefur ekki fengizt tekið fyrir á tveimur miðvikudögum í röð. Hæstv. forseti hefur skýrt mér frá því. Ég hef reynt að vera viðstaddur til þess að geta svarað þessum viðbótarfsp., ef þær kæmu fram. Þær komu ekki fram í dag, og hæstv. forseti hefur sagt mér, að það sé þessi hv. þm., sem hafi óskað eftir því, að málið sé ekki tekið á dagskrá. Hitt kann að vera, að vegna þess að hæstv. aðalforseti var ekki við, þegar málinu var frestað, og hæstv. 2. varaforseti var þá einn í forsetastólnum og hafi þurft að fara burt, þá hafi ekki verið hægt að halda fundinum áfram af þeim sökum. Það getur verið í það skipti, en hv. þm. er tvisvar búinn að hlutast til um, að því er mér er sagt, að fá málinu frestað.

Forseti (BF): Forseti sér ástæðu til að upplýsa í þessu máli, að það er rétt, að þegar málið var fyrst til umr., var fundi slitið, án þess að hv. 5. þm.

Norðurl. e. kæmist að, en hann hafði þá kvatt sér hljóðs. Síðan hefur málið tvívegis verið á dagskrá. í fyrra skiptið var hv. 5. þm. Norðurl. e. fjarstaddur, og í seinna skiptið bárust skilaboð frá honum með hv. 1. þm. Norðurl. e. um það, að málið yrði ekki tekið fyrir að hv. 5. þm. Norðurl. e. fjarstöddum. Þetta hygg ég að sé það rétta í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal ekki á neinn hátt misnota þann tíma, sem hæstv. forseti hefur leyft mér til þess að tala um þingsköp og skal ekki tala um annað en meðferð málsins, enda þótt ég hafi hug á að ræða málið sjálft.

Hæstv. forsrh. sagði, og mér virtist honum vera nokkuð mikið niðri fyrir í þessu máli, að sá möguleiki væri til fyrir mig og aðra að flytja þetta málefni í öðru formi inn á Alþ. — sem þáltill. eða frv. Mér er þetta vel kunnugt og þarf ekki neinna ábendinga við um að flytja þáltill. eða frv. En það er nokkuð annað, þegar um er að ræða öryggismál eins og hafísmálið, hvort hægt er að koma fram málefnalegum atriðum í því sambandi í dag eða t. d. með nýrri fsp., sem rædd yrði eftir eina eða tvær vikur, eða á annan hátt, sem tekur sinn tíma að fá inn í þingið til umr.

Ég veit, að hæstv. forsrh. hlýtur að gera sér ljóst, að á þessu er töluvert mikill munur. Og ég leyfi mér, af því að hæstv. ráðh. hefur farið að tala hér um það, hvort menn hafi verið viðbúnir að taka þátt í umr. um mál, að minna hann á, að á sínum tíma hafði ég hugsað mér að bera fram fsp. utan dagskrár í þessu máli og ræddi það við ráðh., en hann benti mér á það, eins og hann er að benda mönnum á nú, að hægt væri að bera fram formlega fsp., og hann vildi heldur óska eftir því, að það yrði gert, og ég varð við þeim tilmælum. Þetta þýddi, að málið komst ekki á dagskrá fyrr en allt að hálfum mánuði síðar en ella hefði orðið. Og nú vil ég mælast til þess, af því að um slíkt mál er að ræða sem hér, að hæstv. forseti beri upp þessa till. mína um undanþágu frá þingsköpum, að veita megi nokkru rýmri ræðutíma en þingsköpin ákveða, og er ég ekki að fara fram á annað en þar verði einhver tilhliðrun veitt. Ég vil leggja það í vald hæstv. forseta, hvað hann teldi þar eðlilegt. En ég kann ekki við þetta, þar sem um slíkt mál er að ræða, að farið sé svona bókstaflega eftir ákvæðum þingskapanna, og vil þá reyna þessa leið, sem að sjálfsögðu er einnig í samræmi við þingsköp, að óska eftir, að leyfð verði undanþága frá þingsköpunum. Í þessu sambandi vil ég benda á, að nú er komið fram í desembermánuð, og eftir reynslunni að dæma, getum við búizt við því, að eftir þrjár vikur eða svo verði ís orðinn landfastur. Við vonum öll, að það verði ekki. En slíkt hefur gerzt alveg nýlega, og við megum ekki gleyma því, þó að nú sé þíðviðri og ekki útlit fyrir breytingu, að hana getur borið brátt að.

Forseti (BF): Forseti vill leyfa sér að benda hv. 1. þm. Norðurl. e. á, að hér liggur fyrir í dag löng dagskrá. Það eru bæði margar fsp. og þáltill. á dagskránni. Þetta mál, sem um er að ræða, hefur þegar verið ýtarlega rætt, eftir því sem við er að búast í fsp.-tíma, og forseti sér þess vegna ekki ástæðu til að lengja umr. um það meira en orðið er.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að það er látið að því liggja, að hér sé um öryggismál að ræða, sem geti stafað hætta af, ef ekki geti haldið áfram umr. um fsp. hér á Alþ. Það er ákaflega mikill misskilningur í þessu. Þm. og sérstök hafísnefnd sem þingið hefur kosið, hafa auðvitað fullkomna aðstöðu, — hvort sem við ræðum lengur eða skemur hér í þessum fsp.-tíma — til þess að koma fram sínum málum við ríkisstj., að svo miklu leyti sem þm. eða þessi hafísnefnd telur, að öryggi landsmanna sé hætta búin af einhverju aðgerðarleysi.

Þetta á ekki aðeins við um þessa fsp. Fjöldinn allur af fsp. er þannig, að þm. hafa mjög auðveldan og greiðan aðgang að þeim upplýsingum, sem þeir eru að biðja um, á annan hátt. En þeir kjósa að bera fsp. fram til þess að gera málefnið, sem spurt er um, að málþingi eða hafa um það málþing hér, af hvaða ástæðum sem það er. En það má ekki líta þannig á það mál, sem hér er um að ræða, að það sé eitthvað dregið úr, að hægt sé að koma fram ábendingum um öryggismál landsmanna í sambandi við það, hvort sem hér er rætt lengur eða skemur.

20. Vestfjarðaáætlun.

Á deildafundum 26. nóv., var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til fjmrh. um Vestfjarðaáætlun [80. mál, 1] (A. 100).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram sex fsp. til hæstv. fjmrh. um Vestfjarðaáætlun á þskj. 100.

Að undanförnu hefur margt verið rætt og ritað hér á landi um áætlanagerðir, byggðaáætlanir og landshlutaáætlanir, og fólk hefur bundið miklar og margvíslegar vonir við þær, eins og eðlilegt er, og hefur áhuga á að fylgjast með gangi mála. Ástæðan fyrir þessum fsp. er sú, að með hina svokölluðu Vestfjarðaáætlun hefur verið pukrað meira en góðu hófi gegnir. Þm. í stjórnarandstöðu hafa lítið eða ekkert fengið að fylgjast með undirbúningi eða framkvæmd þessarar áætlunar. Í síðustu alþingis-

kosningum höfðu þm. viðreisnarinnar með sér gula bók á framboðsfundum, sem þeir veifuðu óspart og kölluðu Vestfjarðaáætlun. Þegar þeir voru spurðir, hvort leyfilegt væri að sjá þessa gulu bók, svöruðu þeir neitandi, og þegar þeir voru gagnrýndir fyrir þessi vinnubrögð, svöruðu þeir aðeins: Sjáið, hvað við erum búnir að gera, byggja flugvelli, leggja vegi og reisa hafnarmannvirki. Þeir boðuðu þá aðra þætti Vestfjarðaáætlunar, eins og um atvinnumál, félagsmál og menningarmál, og töluðu um, að tilbúin væri rammaáætlun um þessa þætti. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem hafa fjallað um Vestfjarðaáætlunina, eru hæstv. ríkisstj., ýmsir sérfræðingar, þm. stjórnarinnar og einstaka menn í ákveðnum stöðum. En þannig á vissulega ekki að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum heilla byggðarlaga. Auðvitað er sjálfsagt, að sem flestir fái tækifæri til að fjalla um slíkar till. og leggja eitthvað gott til málanna, því að hér er um að ræða sameiginlegt fjármagn frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, sem segja má, að öll þjóðin eigi.

Við vitum allir, hvernig Vestfjarðaáætlun var byggð í upphafi. Það voru fengnir hingað norskir sérfræðingar til þess að gera svokallaða rammaáætlun um, hvernig verkið væri bezt unnið. Og þeir bentu á, að hagkvæmast væri að hafa í Vestfjarðakjördæmi tvo byggðakjarna, þ. e. Ísafjörð og Patreksfjörð, og koma góðu samgöngukerfi á milli þessara byggðakjarna. En ýmislegt virðist hafa verið í þessari rammaáætlun norsku sérfræðinganna, sem ekki hefur verið framkvæmt. Það var, eftir því sem heyrzt hefur, hugmynd þeirra, að skipað yrði heildarráð fyrir þennan landshluta, sem hefði náið samstarf við sérfræðinga og sveitarstjórnir, og eftir að slíkt ráð væri komið á laggirnar, hlyti það sérstaka framkvæmdastjórn, sem ætti að sjá um allar væntanlegar framkvæmdir, en það var ábyggilega þeirra hugmynd, að sem flestir gætu kynnt sér væntanlegt verkefni, þannig að sem beztum árangri mætti ná.

Ég hef lagt fram nokkuð margar fsp. til hæstv. fjmrh., en sú fsp., sem hæst ber, er auðvitað fsp. um áætlanagerð um uppbyggingu atvinnulífsins á Vestfjörðum.

Allir vita, að á þessu ári hefur skapazt langvarandi atvinnuleysi í mörgum sjávarþorpum á Vestfjörðum vegna stöðvunar hraðfrystihúsanna, en þau eins og önnur atvinnufyrirtæki hefur skort rekstrarfé. Það er því brýnt verkefni, að þessum og öðrum atvinnufyrirtækjum verði strax skapaður öruggur rekstrargundvöllur og Vestfirðingum þar með tryggð eðlileg atvinna. Og með hliðsjón af síðustu gengisfellingu ætti þetta að takast, en þolir enga bið. Það er ekki lengra síðan en í gær, að við lásum í Vísi, að þýzkir skuttogarar, sem eru rétt fyrir utan Vestfirði, hafa haft ævintýralega veiði þar. En á sama tíma skeður það, að allt er hjá okkur í meira og minna lamasessi. Það er því kominn tími til, að við gerum raunhæfar aðgerðir, og ég vil sérstaklega minna á, að Vestfirðingar hafa alltaf með sínum sjávarútvegi skilað þjóðarbúinu verðmætum í erlendum gjaldeyri, þrátt fyrir margvíslega örðugleika til sjósóknar. Þess vegna er heilbrigð uppbygging atvinnulífsins á Vestfjörðum á sinn hátt lyftistöng fyrir alla þjóðina.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þessi fsp. er í allmörgum liðum og einnig tel ég rétt að gefa örlítið almennt yfirlit yfir Vestfjarðaáætlun, hvað að henni hefur verið unnið og hvernig hún er til komin, enda þótt ljóst væri af ræðu hv. fyrirspyrjanda, að honum var þetta í rauninni allt saman mæta vel ljóst.

Vestfjarðaáætlun er upphaflega þannig til komin, að það var gerð ályktun á Alþ. 1963, þar sem Framkvæmdabanka Íslands var falið að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði, sem átti að miðast við að stöðva brottflutning fólks úr þeim landshluta. Hér var þá engin reynsla af gerð slíkra áætlana, og því sneri Framkvæmdabankinn sér í samráði við Efnahagsstofnun og Seðlabanka Íslands til byggingarsjóðsins norska, Distrikternes utbygningsfond, með beiðni um aðstoð við lausn þessa verkefnis. Hinn norski sjóður varð góðfúslega við þessum tilmælum, en gat ekki vegna anna heima fyrir og takmarkaðs starfsliðs sent menn hingað til lands nema til stuttrar dvalar. Þrír sérfræðingar frá sjóðnum komu hingað tvívegis á árinu 1964 og sömuleiðis sérfræðingar í samgöngumálum, er áður höfðu starfað hér á landi, frá annarri norskri stofnun, Transportökonomisk Institut. Allur kostnaður við ferðir og dvöl hinna norsku sérfræðinga var greiddur af Efnahags- og framfarastofnuninni í París.

Það kom í ljós þegar í upphafi þeirra athugana, sem fram fóru á Vestfjörðum, að orsaka fólksfækkunar í þessum landshluta var fyrst og fremst að leita í einhæfni atvinnulífsins og skorti á margs konar þjónustu og almennum lífsþægindum, sem álitin eru nauðsynleg í nútímaþjóðfélagi. Hins vegar reyndust tekjur manna á Vestfjörðum sízt lægri en í öðrum landshlutum. Það var skoðun hinna norsku sérfræðinga og íslenzkra samstarfsmanna þeirra, að frumskilyrði til að draga úr einhæfni atvinnulífsins og skorti á þjónustu væru endurbættar samgöngur, annars vegar umbætur á samgöngum innan Vestfjarða og þá fyrst og fremst við tvo aðalkjarna byggðarinnar, Ísafjörð og Patreksfjörð, og hins vegar samgangna milli Vestfjarða og annarra landshluta. Það var því ákveðið að hraða gerð samgönguáætlunarinnar sem mest og láta hana sitja í fyrirrúmi. Slík áætlun var gerð til fjögurra ára, og var hún ásamt grg. um hana tilbúin snemma á árinu 1965. Erlends lánsfjár var aflað til framkvæmda þessarar áætlunar fyrir milligöngu viðreisnarsjóðs Evrópu í Strasbourg. Áætlunin kom til framkvæmda á árinu 1965. Hún hefur verið endurskoðuð árlega og viðbótarlánsfjár aflað til hennar erlendis.

Að öðru leyti gengu hinir norsku sérfræðingar frá heildartill. sínum í maí 1965, og lá skýrsla þeirra fyrir í íslenzkri þýðingu síðar á því sama ári. En eins

og hv. þm. sagði, var hér fyrst og fremst um rammaáætlun að ræða og nákvæm útfærsla var eingöngu hvað snerti samgöngumálahlið áætlunarinnar. Það ár, sem nú er senn lokið, er fjórða ár samgangnaáætlunar Vestfjarða og hefði samkvæmt upphaflegu áætluninni átt að vera lokaár hennar. Enda þótt framkvæmdum hafi yfirleitt miðað vel áfram, hafa verkin þó, eins og oft vill verða, reynzt erfiðari og dýrari en upphaflega hafði verið búizt við. Varð þetta til þess, að ákveðið var að framkvæma áætlunina á 5 árum í stað fjögurra og eins og ég áðan vék að, reyndist hér um nokkru meiri kostnað að ræða en gert hafði verið ráð fyrir, sem ekki var óeðlilegt, eins og þróunin hefur verið. Hefur nú fengizt vilyrði fyrir því hjá viðreisnarsjóðnum, að bætt verði við lánið sem svarar 500 þús. dollurum til þess að ljúka þessum framkvæmdum.

Í viðbót við þetta kom til, að af tæknilegum ástæðum þurfti að gera ýmsar breytingar frá því, sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir, m. a. er ekki gert ráð fyrir að gera göng undir Breiðadalsheiði, en í þess stað að hækka og breikka og breyta veginum, sem yfir heiðina liggur. Einnig hefur verið ákveðið, að malbikun Ísafjarðarflugvallar verði ekki framkvæmd að svo stöddu.

Auk erfiðleika við sjálf verkin hefur það einnig tafið framkvæmd Vestfjarðaáætlunarinnar, að ekki hefur reynzt unnt að afla eins mikils fjár innanlands og upphaflega var gert ráð fyrir. Erlenda lánsfjáröflunin mun hins vegar verða að sama skapi meiri, eins og ég gat um. Heildarútgjöld vegna Vestfjarðaáætlunar eru nú áætluð 202 millj. kr. á 5 árum. Það er miðað við verðlag fyrir gengisbreytingu. Upphaflega áætlunin var 172 millj. á 4 árum. Af þessari upphæð er gert ráð fyrir, að 80 millj. kr. verði aflað innanlands, en 122 millj. kr. með erlendu lánsfé.

Framkvæmdum er lokið eða að heita má lokið við hafnargerðirnar á Patreksfirði, Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík. Framkvæmdir við Bolungarvíkurhöfn eru komnar allvel áleiðis, en í ár hafði verið gert ráð fyrir að vinna í Ísafjarðarhöfn. Það kom hins vegar til breyting á því, vegna þess að óumflýjanlegt reyndist að vinna við Bolungarvíkurhöfn sökum sandburðar inn í höfnina, sem gerði ófært að fresta því verki, þannig að þessum tveimur verkum var víxlað til, þannig að Bolungarvíkurhöfn kemur á undan, en Ísafjarðarhöfn verður að sjálfsögðu næsta verkefni.

Um vegaframkvæmdirnar er það að segja, að Bíldudalsvegi og flugvallarvegum við Patreksfjörð og Ísafjörð er að fullu lokið. Vestfjarðavegur sunnan Þingmannaheiðar og um Breiðadalsheiði er langt kominn og Súgandafjarðarvegur og Bolungarvíkurvegur komnir vel áleiðis. Á næsta ári er ráðgert að ljúka þessum vegum og enn fremur að leggja Vestfjarðaveg um Gemlufallsheiði.

Framkvæmdum við flugvellina á Patreksfirði og Ísafirði var að mestu lokið á fyrstu árum áætlunarinnar, en flugskýli við Ísafjarðarflugvöll er enn í byggingu. Þá hafa einnig verið sett upp flugöryggistæki á Breiðadalsheiði.

Það má því segja, að samgöngulið þessarar Vestfjarðaáætlunar sé mjög langt komið og hafi gengið svo sem efni stóðu til og sjá megi fyrir endann á þessum þýðingarmiklu framkvæmdum á Vestfjörðum, sem að dómi hinna norsku sérfræðinga voru grundvallaratriði til eflingar byggða í þessum fjórðungi. Þá var það annað höfuðatriðið, sem hinir norsku sérfræðingar lögðu áherzlu á, til þess að um gæti verið að ræða raunhæfan árangur af byggðaáætlunum yfirleitt, og það var, að stofnaður yrði sérstakur framkvæmdasjóður með sérstakri stjórn. Í þeirra till. var að sjálfsögðu, eins og hv. þm. vék að fyrst og fremst miðað við Vestfirði, en niðurstaðan varð sú, eins og hv. þm. er kunnugt, og hlaut í rauninni að verða sú, að stofnaður yrði sjóður, sem hefði þetta verkefni með höndum varðandi landsbyggðina almennt, en þessu var hrundið í framkvæmd með stofnun Atvinnujöfnunarsjóðs, þannig að því máli hefur verið komið í höfn, sem að sjálfsögðu varðar bæði Vestfirði og aðrar byggðir landsins. Sá sjóður var stofnaður á árinu 1966.

Ég tel, að það, sem ég hef sagt, geti verið svar við 1. spurningu, þar sem talað er um, hvaða þáttum Vestfjarðaáætlunar sé að fullu lokið.

„Hefur verið gerð áætlun um samgöngumál Vestfjarða, þar með taldar samgöngur á sjó?"

Þannig hljóðar 3. fsp. Ef átt er með þessu við skipaútgerð í sambandi við Vestfirði og staðsetningu skipa þar, þá hefur áætlun um það efni ekki verið gerð sérstaklega, nema að því leyti sem það fellur inn í verkefni Skipaútgerðar ríkisins og endurskipulagningu þeirra mála yfir höfuð.

Varðandi annað atriðið, áætlanagerð um uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum, skal tekið fram, að nánari útfærsla á þeim köflum áætlunar norsku sérfræðinganna hefur ekki átt sér stað enn þá. Það var gerð lausleg athugun á þessum viðfangsefnum og fyrst og fremst bent á, eftir hvaða línum þyrfti að vinna að þeim og framkvæmd þeirra með stofnun þeirrar sérstöku áætlunarnefndar, sem hv. þm. vék að, og framkvæmdasjóði, sem gæti þá hrundið í framkvæmd slíkum áætlunum. Að öðru leyti hefði litla þýðingu að vinna að þeim, en hins vegar vildi svo til, að á árinu 1966, — en þá hafði samgöngumálaáætlun Vestfjarða fyrir nokkru verið hrundið í framkvæmd, eins og ég gat um, og tryggt fé til hennar, — þá horfði þannig í landinu, að ljóst var talið, að erfiðust atvinnuaðstaða væri á Norðurlandi. Þá var hafizt handa um byggðaáætlun fyrir Norðurland vegna þessara sérstaklega alvarlegu atvinnuhátta þar, sem ég hygg, að hafi enginn ágreiningur verið um. Um það leyti var ekki um atvinnuörðugleika að ræða á Vestfjörðum né heldur á Austfjörðum, þannig að um það var enginn ágreiningur, að þarna væri sá landshluti, sem brýnast væri að sinna atvinnulega séð, eins og sakir stóðu. Þetta var einnig þáttur í

samningum við stéttarfélögin á Norðurlandi og Austurlandi, að þessi áætlun yrði gerð. Í þessari áætlun er Strandasýsla tekin með, og getur það þá verið svar við þeirri fsp., hvort Vestfjarðaáætlunin nái til Strandasýslu. Hún nær ekki til hennar, heldur er hún tekin með Norðurlandi og kemur innan ramma Norðurlandsáætlunar.

Þetta er fyrsta áætlunin, sen unnið er að hér á landi af innlendum sérfræðingum fyrst og fremst, og er fyrsta áætlunin, þar sem gert er ráð fyrir, að atvinnumálin verði sérstaklega tekin til meðferðar. Hefur verið lögð á þau höfuðáherzla í þeirri áætlunargerð. Hún er hins vegar ekki á dagskrá og mun ég ekki frekar víkja að henni.

Ég geri ráð fyrir því, að áhugi hefði verið fyrir, enda hefur því máli verið hreyft af talsmönnum bæði Vestfirðinga og Austfirðinga, m. a. innan atvinnujöfnunarsjóðsstjórnarinnar, en lögum samkv. heyra áætlunargerðir undir stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, — að nauðsynlegt væri að halda áfram að vinna að Vestfjarðaáætlun, atvinnumálaáætlun Vestfjarða og Austfjarðaáætlun. Það er hins vegar þannig ástatt, að starfskraftar til þessara áætlanagerða eru mjög takmarkaðir hér á landi, og það er auðvitað mikil nauðsyn, að reynt verði að ljúka einhverri áætlun af þessu tagi, m.a. til þess að gera sér grein fyrir, hvernig áætlunargerð um önnur byggðarlög verði unnin. Það er miklu einfaldara mál og auðveldara, eftir að ein áætlun af þessu tagi hefur verið gerð.

Nú má sjá fyrir endann á gerð Norðurlandsáætlunar, og þá tel ég ekkert efamál, að það komi á dagskrá að vinna að áætlunum fyrir aðra landshluta, ekki sízt vegna þess, að nú er svo komið, eins og hv. þm. sagði, að vissulega er við mikil atvinnuvandamál að stríða, bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum. Austfirðingar hafa sjálfir haft vissa forgöngu um áætlunargerð hjá sér á sviði atvinnumála og ráðið til þess starfsmann, og rétt er, að á Vestfjörðum er við að stríða atvinnuörðugleika, sem ekki var um að ræða, þegar hafizt var handa um gerð Norðurlandsáætlunar, heldur var miklu fremur við þann vanda að stríða á Vestfjörðum, að þar vantaði fólk. Og í sambandi við umsóknir af Vestfjörðum til Atvinnujöfnunarsjóðs til atvinnuuppbyggingar í sjávarútvegi allt fram til síðasta árs hefur sérstaklega verið að því vikið, að nauðsynlegt væri að tæknivæða meira hraðfrystihús þar og aðrar vinnslustöðvar, vegna þess að þar væri fólksskortur. En vitanlega koma þessi viðfangsefni á dagskrá aftur vegna ríkjandi ástands og hljóta að verða tekin til athugunar strax og Norðurlandsáætlun liggur fyrir.

Um menntamál á Vestfjörðum hefur ekki verið gerð sérstök áætlun, og í rauninni er ekki heldur gert ráð fyrir því, að sérstök áætlun um það verði innifalin í Norðurlandsáætlun af þeirri einföldu ástæðu, að unnið hefur verið að því um nokkurt skeið af hálfu menntamálayfirvalda og menntmrn. og trúnaðarmanna þess í samvinnu við erlenda sérfræðinga um það efni að gera almenna hagræna áætlun um þróun skólamála í öllu landinu. Er því ástæðulaust að vera að gera sérstakar áætlanir um þetta atriði varðandi einstaka landshluta a. m. k. ekki fyrr en séð er fyrir endann á þessari heildaráætlunargerð, hvort hún rúmar ekki þau hagsmunamál þessara landshluta, sem eru á þessu sviði.

Það er þá, held ég, ekki nema eitt atriði, sem ég á ósvarað í þessari fsp., en það er um það, hvort gerð hafi verið sérstök áætlun um raforkumál og hvenær megi búast við, að raforka verði komin til allra sveitabýla á Vestfjörðum. Það hefur ekki verið gerð sérstök áætlun um raforkumál á Vestfjörðum umfram það, sem felst í almennum áætlunargerðum um rafvæðingu landsins yfirleitt og um dreifingu raforku til strjálbýlisins. Um þetta var á sínum tíma gerð svo kölluð 10 ára framkvæmdaáætlun. Eftir að henni lauk hefur verið unnið eftir áætlunum, sem gerðar hafa verið til styttri tíma og ákvörðun hefur verið tekin um það fyrir nokkru síðan, að stefnt yrði að því svo skjótt sem auðið væri, og í rauninni hefur verið áformað að reyna að ljúka því á árinu 1970, að leggja rafmagn til allra býla á landinu, þar sem meðalfjarlægð milli býla væri innan við 1½ km. Ég sé ekki ástæðu til þess í þessari fsp., nema tilefni gefist, að fara að gera grein almennt fyrir þessari áætlun, en það er ekki auðið, hvorki í sambandi við Vestfirði né önnur byggðarlög á landinu, að svara því nákvæmlega, hvenær öll býli í þessum landshluta eða öðrum landshlutum hafa verið rafvædd. Jafnhliða því, að dreifiveitur eru lagðar, er gert ráð fyrir því, að allstór fjöldi býla geti ekki fengið raforku frá samveitum, heldur þurfi að fá raforku frá sérstökum dísilstöðvum, annaðhvort fyrir eitt eða fleiri býli.

Framkvæmdum í þessu efni hefur fleygt mjög áfram síðustu árin. Menn hafa að vísu beðið með það í von um að fá raforku frá samveitum, en eftir að ljóst var orðið, að það mundi ekki vera með neinu móti hægt varðandi allmikinn fjölda býla, þá hafa þessir bændur orðið sér í vaxandi mæli úti um dísilstöðvar og hafa lánveitingar úr orkusjóði til þeirra framkvæmda vaxið mjög síðustu 2 árin. Það má því tvímælalaust sjá fram á í náinni framtíð, að hægt sé að vænta þess, að öll byggileg sveitabýli á landinu hafi fengið raforku, annaðhvort frá sérdísilstöðvum eða samveitum. Ákvörðun hefur ekki enn verið tekin um það, hvort lagt verður til býla, sem eru á vegalengdinni 1.5 km og meira, kannske allt upp að 2 km, sem hefur verið rætt um oft og tíðum og verið á dagskrá. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það hér, en um það hefur ekki verið tekin ákvörðun, enda er eftir að leggja til það margra býla, sem eru með meðalvegalengd upp að 1.5 km á býli, að ekki er hægt að gera ráð fyrir, að auðið verði að leggja meira á árinu 1969 og 1970 en til býla, sem þannig er ástatt um.

Ég hef þá, held ég, svarað þessum fsp. í eins stuttu máli og hægt var. Það er auðvitað ótalmargt, sem upp kemur, þegar þessi mál eru rædd, en ég ætla ekki að fara út í þá sálma nema frekara tilefni gefist til.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Pálsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans, sem að vissu leyti voru afar fróðleg og upplýstu margt, sem ekki var ljóst áður. Þó vonaði ég, að hann mundi geta svarað annarri fsp. betur, og það er í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum, því að það mun vera rétt, að rammaáætlun um þessa uppbyggingu hafi verið til a. m. k. síðan í júní 1967. A. m. k. er svo að sjá í málgagni Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, þar sem þeir segja, að rammaáætlanir séu þá til um uppbyggingu atvinnulífsins og einnig áætlanir um aðra þætti Vestfjarðaáætlunarinnar í menningar- og félagsmálum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða einstök atriði, sem hér hafa komið fram, en ég legg ríka áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. geri allt, sem í hennar valdi stendur til þess að hraða öllum framkvæmdum í því máli, þannig að Vestfirðingar geti haft fulla og trygga vinnu og skapað þjóðinni verðmæti.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lét þess getið áðan í ræðu sinni, að nú mætti sjá fyrir endann á Norðurlandsáætlun svonefndri. Það var gleðilegt að heyra, en ég hefði viljað fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann léti okkur þm. Norðlendinga hafa þessa áætlun til athugunar hið allra fyrsta, jafnvel þó eftir sé að skrifa eitthvað í endann á henni. Það er sannarlega kominn tími til, að þm. fái að kynnast þessu plaggi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi minnast á í sambandi við þær upplýsingar, sem hér voru gefnar af hæstv. ráðh. um þetta mál.

Hann skýrði frá því, að einn mikilvægur þáttur í hinni svo nefndu Vestfjarðaáætlun væri nú framkvæmdur að mestöllu leyti. Var það samgöngumálaþáttur þessarar áætlunar. Hann gat þess, að kostnaður við þennan þátt næmi í kringum 202 millj. kr., og að þessu hefði verið unnið í 5 ár.

Nú vitum við, eins og hér hefur komið fram, að þessi Vestfjarðaáætlun er aðeins ein af nokkrum, sem nú er farið að ræða um af svona byggðaáætlunum. Ég verð að segja, að ég kann mjög illa við, að sá háttur sé hafður á um stórframkvæmdir í landinu, sem unnar eru af opinberum aðilum, framkvæmdir, sem eru upp á nokkur hundruð millj. króna, að alþm. sé ekki gerð grein fyrir slíkum áætlunum, þegar þær hafa verið gerðar, svo að maður fái í aðalatriðunum að fylgjast með því, hvað er verið að gera fyrir þær fjárhæðir, sem ríkið leggur fram eða hefur tekið að láni. Ætti þetta t. d. að fara þannig, að þegar búið er að gera Norðurlandsáætlun, sem nú sér fyrir endann á, eins og sagt hefur verið, að þá verði unnið að henni kannske upp á 300—500 millj. Þegar svo því verki væri lokið, heyrðu alþm. fyrst, hvað þarna hefði verið á ferðinni. Þetta tel ég með öllu óhafandi vinnubrögð. Auk þess erum við þm. búnir að heyra ár eftir ár og nokkrum sinnum á ári, að þm. úr þessum kjördæmum kvarta undan því, að þeir hafi ekki fengið að sjá þessa áætlun. Stundum hafa þeir fengið að sjá eitthvert hrafl af henni á erlendri tungu, og svo er sagt á öðrum tímum, að það hafi verið búið að þýða þessa kafla. En hvað sem þessu líður, held ég, að það eigi að viðurkenna, að taka þarf upp þá starfshætti í þessum efnum, að þegar svona áætlanir hafa verið gerðar, jafnvel þó að aðeins um einn þátt af þeim sé að ræða, á vitanlega að birta þessar áætlanir. Þá á að gera Alþ. kunnugt um þessar áætlanir. Allt annað er auðvitað ósæmilegt.

Mér sýnist hins vegar á því, sem hér hefur verið upplýst, að þessi þáttur, sem snýr að samgöngumálunum þar fyrir vestan, sé merkilegur og mikilvægur og að mörgu leyti þýðingarmikill fyrir íbúa þessa landshluta. Eflaust er ekkert nema gott um þennan þátt að segja. En ég vildi sem sagt vekja athygli á þessum vinnubrögðum og óska eftir því, að hæstv. ráðh., sem með þessi mál hefur að gera, sjái svo um, að t. d. Vestfjarðaáætlunin verði birt, það sem til er, og eins verði gert með Norðurlandsáætlun, svo menn sjái, hvernig fjármunum hefur verið veitt í hina ýmsu þætti, sem þarna hefur verið um að ræða. Það á ekki að vinna að þessum málum með neinu sérstöku pukri og alls ekki þannig, að einstakir þm. úr vissum flokkum geti verið að veifa einhverjum plöggum á framboðsfundum, sem nánast eru eins og leyniplögg gagnvart öðrum þm. Hér er um framkvæmdir að ræða fyrir forgöngu ríkisins, og það ber auðvitað að standa að þessu með allt öðrum hætti. Þetta vildi ég, að hæstv. ráðh. tæki til sérstakrar athugunar í sambandi við framhald þessara mála.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Austf. ræddi nokkuð um vinnubrögð varðandi áætlanagerðir og þá fyrst og fremst varðandi Vestfjarðaáætlun. Hann fann að því, að ekki hefðu verið gefnar skýrslur eða þessi áætlun birt strax í upphafi.

Ég þekki ekki nákvæmlega upphaf málsins, en hygg þó að ástæðan hafi verið sú, að það hafi ekki í öllu verið fastmótað um einstök verk, sem átti að vinna að, og í hvaða röð þau yrðu tekin. En að öðru leyti er ég hv. þm. sammála, að það er sjálfsagt að birta svona áætlanir. Ég skýrði frá því í fyrravetur, þegar rætt var um Norðurlandsáætlun, en þá bar þessa áætlun einnig nokkuð á góma, að ég mundi hlutast til um, að gefin yrði nákvæm skýrsla um framkvæmd á samgöngumálaáætlun Vestfjarða, og það er þegar farið að vinna að því. Hins vegar var málið komið á það lokastig, að mér fannst eðlilegast, úr því sem komið var, að þá yrði gefið heildaryfirlit yfir það, sem þarna hefði gerzt, að hvaða málum hefði verið unnið og hvað hefði verið lagt til hverrar einstakrar framkvæmdar. Og ég get lofað því, að það er sjálfsagt, að hv. þm. fái þetta yfirlit, og það ætti að vera auðið að gera það innan skamms, því að 1969 mun örugglega verða síðasta ár þessarar áætlunar.

Varðandi skýrslu norsku sérfræðinganna getur

vitanlega komið mjög til álita, hvort rétt sé að birta hana og afhenda þm. hana. Það er sjálfsagt að taka það til athugunar. Hins vegar var þar um það almennar hugleiðingar að ræða um ýmis atriði, að ekki þótti sérstök ástæða á því stigi til að birta þessa grg., því að hún var meira hugsuð sem nokkurs konar vinnuplan varðandi áframhald áætlunargerðarinnar og hefði þá með eðlilegum hætti fallið inn í framhaldsáætlun, eftir því sem efni hefðu staðið til.

Varðandi Norðurlandsáætlun er það að segja, og get ég þá vikið bæði að því, sem hv. 4. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. v., sögðu, að ég tel alveg sjálfsagt, að sú áætlun verði birt. Eins og hv. þm. er kunnugt, eru lagðar ákveðnar línur um það í samkomulaginu við stéttarfélögin á Norðurlandi, hvernig að þessu verði unnið, og það hefur allt tekið nokkurn tíma og lengt tímann að hafa þau vinnubrögð. Það á að hafa þar samráð við sveitarstjórnirnar, sem er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt, eftir því sem áætluninni þokar áfram, og jafnframt að hafa samráð við heildarsamtök verkalýðsins á þessu svæði.

Það hefur verið gengið endanlega frá fyrsta kafla þessarar áætlunar, og í sumar eða síðla sumars hafa staðið yfir einmitt viðræður við þessa aðila um þennan þátt áætlunarinnar, sem er raunverulega forsenda fyrir allri frekari áætlunargerð, vegna þess að þessi kafli fjallar um sennilega byggðaþróun eða mannfjöldaþróun á þessu landssvæði á næstu tímum, og vitanlega þarf að byggja ofan á það bæði hugleiðingar og áætlunargerð um atvinnumál og aðra þætti framkvæmda, sem máli skipta varðandi möguleika fyrir þann fólksfjölda til þess að taka sér búsetu eða eiga áfram búsetu á þessu svæði.

Næsti kafli þessarar áætlunar er langt kominn, og fjallar hann um almenn atvinnuviðhorf á þessum stöðum, bæði almennt og á einstökum stöðum, og sá kafli verður að sjálfsögðu einnig ræddur með sama hætti. Ég tel hins vegar ekki ástæðu til að birta áætlunina fyrr en hún liggur fyrir í heild.

Ég skýrði frá því á s. l. vetri, að ég vonaðist til, að þessari áætlunargerð yrði lokið á þessu ári. Ég skal að vísu játa, að þó að reynt hafi verið að vinna að því með öllum krafti, er hér um margvísleg vandamál að ræða, sem þarf að skoða nánar, þannig að ég tel ekki líkur til, að hún verði tilbúin um áramót, en henni mun verða mjög langt komið, þannig að herzlumunurinn einn mun verða eftir til þess að ganga frá áætluninni. Hvort hún svo að lokum verður í því formi, sem hv. þm. geðjast að, er önnur saga og kemur þá að því að ræða það, þegar að því kemur. En ég vil aðeins endurtaka, að ég tel sjálfsagt og eðlilegt, þegar frá þessari áætlun hefur verið gengið, að hún verði afhent hv. þm. til athugunar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í umr. um þessa fsp. En í tilefni af fyrri ræðu hæstv. fjmrh. vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um tvö atriði, sem fram komu í þessari ræðu.

Ég vil þá byrja á því eða minna á það, að vorið 1965 var gerður samningur um það milli hæstv. ríkisstj. og verkalýðsfélaga á Norðurlandi, að gerð yrði Norðurlandsáætlun. Ætla ég, að einkum hafi vakað fyrir verkalýðshreyfingunni fyrir norðan í því sambandi, að sú áætlun tæki fyrst og fremst til atvinnumála.

Hinn 4. júní 1967 skýrði einn af hæstv. ráðh. í ríkisstj. frá því opinberlega, að Norðurlandsáætlun kæmi á árinu 1967. Þetta þóttu að vonum góð tíðindi. Af því varð samt því miður ekki, og á síðasta þingi bar ég ásamt fleiri þm. Norðurl. fram fsp. til ríkisstj. um það, hvenær mætti vænta Norðurlandsáætlunar. Hæstv. fjmrh. varð þá fyrir svörum og skýrði frá því, að Norðurlandsáætlun kæmi á þessu ári, þ. e. á árinu 1968. Ég gerði þá aths. í sambandi við þessar upplýsingar hæstv. ráðh., að úr því áætlunin ætti að koma á árinu 1968, væri mjög æskilegt, að hún yrði komin fyrir þann tíma, er Alþ. færi að fjalla um ýmsar áætlanir, sem hér eru til meðferðar, eins og vegáætlun og hafnaáætlun, og áður en fjárl. kæmu til afgreiðslu. Af því varð ekki, og áætlunin er ekki komin enn. En nú upplýsti hæstv. ráðh., að það sæist fyrir endann á henni, og ég vil því spyrjast fyrir um það, hvort þetta þýði, að það verði, eins og sagt var, þegar fsp. var svarað í fyrra, og áætlunin komi fyrir áramótin, eða ef það verður síðar, eins og hæstv. ráðh. gaf í skyn, hvort hann treysti sér þá til að nefna þann tíma, sem búast má við, að áætlunin komi.

Ég verð að drepa á það, að hæstv. ráðh. gat þess, að búið væri að semja byrjunina á þessari áætlun, og sagði, að þar væri m. a. rætt um mannfjöldaþróun. Ég vil leyfa mér að skjóta því inn, að ég held, að hér kunni að hafa verið byrjað á öfugum enda. Ég held, að mannfjöldaþróunin á Norðurlandi hljóti að fara nokkuð eftir því, hver þróunin verður t. d. í atvinnumálum, menntamálum og samgöngumálum í þessum landshluta.

Í öðru lagi vil ég minnast á, að hæstv. ráðh. svaraði fsp. um raforkumál á Vestfjörðum á þá leið, að sérstök raforkumálaáætlun hefði ekki verið gerð fyrir Vestfirði og biði eftir því, að raforkumálaáætlun væri gerð fyrir allt landið. Í því sambandi vil ég leyfa mér að minna á, að við höfum nokkrir alþm. á mörgum þingum undanfarið flutt till. til þál. um það, að slík áætlun um rafvæðingu landsins í heild yrði gerð á tilteknum tíma og á tiltekinn hátt. Hæstv. ríkisstj. hefur jafnan á þessum þingum beitt sér fyrir því, að þessu máli hefur verið vísað frá. Nú vil ég spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. ráðh. telur e. t. v., að ríkisstj. mundi á þessu þingi vilja fallast á, að Alþ. fjallaði um þetta mál og gerði ráðstafanir til þess, að slík áætlun væri gerð með ákveðið markmið fyrir augum og á ákveðnum tíma? Fleira skal ég ekki nefna í þetta sinn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hefði ekki blandað mér í þessar umr., ef menn hefðu haldið sig við fsp., en hæstv. ráðh. ræddi um Norðurlands-

áætlun, þó að fsp. sé um Vestfjarðaáætlun, og því ræðst ég í að segja hér örfáar setningar.

Fyrst vil ég minna á, að þessar áætlanir, sem talað er um, hafa ekki lagagildi og þær eru ekki ákvarðanir um að gera eitt eða annað, a. m. k. ekki það, sem peninga þarf til, vegna þess að það getur enginn nema Alþ. ákveðið það. Það þarf að ákveða fjárveitingar á Alþ., ef um er að ræða verkefni, sem kostuð eru af ríkinu, eða lántökur, ef um er að ræða verkefni, sem á að kosta fyrir lánsfé, sem ríkið aflar. En samt sem áður geta þessar áætlanir verið mjög þýðingarmiklar og eru það vafalaust, og mér skilst, að ætlunin sé sú, að Efnahagsstofnunin standi fyrir gerð þeirra. Nú hefur verið unnið að áætlun fyrir Vestfirði, og verið er að vinna að áætlun fyrir Norðurland, en við þm. af Austurlandi höfum farið fram á það oftar en einu sinni að gerð yrði hliðstæð áætlun fyrir Austurland, en úr því hefur ekki orðið ennþá, en okkur hefur verið sagt, að að því mundi koma bráðlega.

Ég vil láta í ljósi óánægju yfir því, að það skuli ekki vera farið að vinna að Austfjarðaáætlun á vegum Efnahagsstofnunarinnar. Þó að mér sé kunnugt um, að hún hefur í mörg horn að líta, má slíkt ekki dragast, og hefði átt að vera farið af stað að dómi okkar austanmanna.

Drátturinn á Austfjarðaáætluninni hefur orðið til þess, að sveitarfélög á Austurlandi hafa á vegum samtaka sinna lagt í allmikinn kostnað við að safna upplýsingum á Austurlandi varðandi ýmis málefni, sem safnað er á kostnað ríkisins í öðrum landshlutum, og þykir okkur þetta vera ferlegt misrétti. Satt að segja vil ég vonast eftir því, að hæstv. fjmrh. styðji þá ósk, sem fyrir liggur, að ríkisvaldið styðji á einhvern hátt fjárhagslega þessa upplýsingasöfnun, sem er algerlega hliðstæð þeirri, sem aðrir fjórðungar, a. m. k. tveir, fá unna á ríkisins kostnað. Hér er um misrétti að ræða, sem ekki ætti að eiga sér stað. Það þarf sem sagt að ganga í gerð áætlunarinnar, og það þolir ekki bið. Þetta eru bara frumdrög, sem safnað hefur verið þarna eystra.

Varðandi undirbúning áætlana að öðru leyti á vegum ríkisvaldsins vil ég segja, að ég tel það alveg sjálfsagðan hlut, og ég vona, að hæstv. ríkisstj. fallist á, að það verði þannig í framkvæmdinni, að öllum alþm. sé gefinn kostur á að fylgjast sæmilega vel með þessum áætlanagerðum og koma sínum sjónarmiðum á framfæri, áður en áætlununum er lokað eða gengið er frá þeim. Annað er fullkomið siðleysi. Það er auðvitað fullkomið siðleysi, ef ekki er leitað til alþm. úr þessum byggðarlögum og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, áður en kallað er, að lokið sé einhverri áætlun. Þessar áætlanir eiga ekki að vera gerðar á vegum embættismanna og heldur ekki eingöngu á vegum þeirra og forráðamanna sveitarfélaganna, heldur er það sjálfsagt, að alþm. fái einnig að koma sínum sjónarmiðum þar á framfæri. Hitt er svo annað mál, að stofnun á vegum ríkisstj., eins og Efnahagsstofnunin, leggur síðustu hönd á áætlunina og þá er hún á ábyrgð ríkisstj. í raun og veru, en það er þá bara áætlun, sem á eftir að ganga í gegnum Alþ. En að alþm. viðkomandi kjördæma sjái hana fyrst, þegar hún hefur gengið í gegnum alla hreinsunarelda og á aðeins eftir síðasta stig á Alþ., finnst mér ekki skynsamleg eða heppileg vinnubrögð.

Ég vil vonast til, að það verði tekinn upp þessi háttur framvegis, hvernig sem farið hefur verið að fram að þessu. Satt að segja höfum við þm. af Austurlandi aldrei látið okkur detta annað í hug en við fengjum að fylgjast með, þegar að því kæmi, að farið væri í Austfjarðaáætlunina, sem við höfum verið að vona, að yrði án tafar.

Það ætti ekki að þurfa að vera mjög flókið, hvernig að þessu á að vinna. Efnahagsmálastofnunin er umboðsaðili ríkisstj. í þessu efni, og að sjálfsögðu á hún að hafa samvinnu við byggðarlögin og þá þann félagsskap, sem mestu lætur sig varða atvinnumál, eins og stéttarfélög og önnur slík, og að því leyti er skynsamlega unnið að Norðurlandsáætluninni, og svo eiga þm. í því kjördæmi, sem hlut á að máli, að sjálfsögðu að fylgjast með, svo að þeir geti komið sínum sjónarmiðum að.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er ekki í fyrsta sinn, sem minnzt er á Vestfjarðaáætlun í þessum sal, en ég verð að viðurkenna, að hæstv. fjmrh. talaði af meiri hreinskilni og sanngirni um þetta mál en við höfum átt að venjast áður.

Hann skýrði frá því, eins og ég reyndar vissi áður, að Vestfjarðaáætlunin hefði alls ekki verið birt að neinu leyti, nema hvað snertir vegina. Þetta hef ég gagnrýnt mjög á undanförnum þingum, en það hefur ekki verið viðurkennt fyrr en nú. Ég kann hæstv. ráðh. út af fyrir sig þakkir fyrir að vera það hreinskilinn að skýra alveg hreinlega frá þessu. Það kom líka fram í svörum hans, að þessi rammaáætlun, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið gera, nær aðeins til nokkurra þátta samgöngumálanna, þ.e. til vega, og sá þáttur var birtur. Hún nær til hafna og flugvalla, en það hefur aldrei verið birt, hvernig sá hluti áætlunarinnar var, en hún nær ekki til samgangna á sjó. Þar að auki hefur komið fram, að hún snertir ekkert atvinnulífið, þ. e. a. s. engin áætlun hefur verið gerð um uppbyggingu atvinnulífsins á Vestfjörðum. Hún nær á engan hátt til menntamála. Hún nær ekkert til raforkumála. Og loks vil ég benda á, að hún nær ekki nema til nokkurs hluta Vestfjarða. Það er allstór hluti Vestfjarða, sem hún nær alls ekki til. Það er öll Strandasýsla. Það er ekki einn einasti stafur í henni um þá sýslu. Það er allt Ísafjarðardjúp að innanverðu, það eru fjögur sveitarfélög. Ég veit ekki til, að neitt sé í þessari áætlun, sem snertir Djúpið. Og hún nær ekki til Vestur-Barðastrandarsýslu, nema að því leyti, að einn vegarspotti nær, eftir því sem ég veit bezt, nokkra km yfir mörkin. Ég vil því benda á, að þar sem ólokið er miklu í áætlunargerð fyrir Vestfirði, verður að taka þessi héruð með, alveg eins og önnur héruð, þó að þau séu fámennari. Atvinnuástand hefur verið bágborið

þarna víða, að ég ekki tali um rafmagnsmálin, þar sem heil byggðarlög hafa enga raforku.

Þá gat hæstv. ráðh. þess í sambandi við Norðurlandsáætlun, að Strandasýsla hefði verið tekin þar með. Ég hef ekkert orðið var við, að hve miklu leyti, það kann að hafa verið. Ég er ekki að neita því, að það hafi verið tekið tillit til Strandasýslu, hvað snertir ráðstafanir í atvinnumálum. Ég hygg þó, að það hafi að einhverju leyti náð til Hólmavíkur og Drangsness. En hvað samgöngurnar snertir, kemur það ekkert við Norðurlandsáætlun, því að Strandasýsla verður þó að tilheyra Vestfjörðum. Svo er það hvað snertir raforkumálin og svo mætti lengi telja, enda veit ég ekki, hvernig er hægt að tala um Vestfjarðaáætlun, ef hún á ekki að ná til nema nokkurs hluta af Vestfjörðum. Það má ekki skera kjördæmin sundur hér um bil til helminga fyrirvaralaust.

Að lokum vil ég beina því til hæstv. ráðh., hvort honum fyndist ekki ástæða til, þar sem svo mikið er eftir í áætlunargerð fyrir Vestfirði, að kveðja til fulltrúa frá Vestfirðingum sjálfum til þess að undirbúa þær áætlanir, sem enn eru eftir, í hvaða formi sem það er gert, hvort sem það eru þm. eða hreinlega kjörnir fulltrúar af t. d. sýslunefndum og bæjarstjórnum fyrir vestan, svo að ég nefni dæmi. Er það ekki eðlilegast, að hæstv. ríkisstj. hafi ásamt sínum sérfræðingum fulltrúa heiman úr byggðarlögunum til þess að undirbúa áætlanirnar? Ég vil mjög mælast til þess, að slíkt ráð verði upp tekið við áætlunargerð fyrir Vestfirði, sem mikið er eftir af, og hæstv. ríkisstj. taki þetta til athugunar. Mér þætti gott að heyra, hvernig hæstv. ráðh. tekur þeirri hugmynd.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 1. þm. Vestf., lýsti mikilli gleði yfir svari mínu, og ég er honum þakklátur fyrir það, að honum hefur fallið það vel í geð. En mér skildist, að sú ánægja stafi aðallega af því, að hann hefði lagt í svarið þann skilning, að ég hefði játað, að Vestfjarðaáætlun hefði aldrei verið birt, nema hvað snertir vegina. Nú veit ég ekki, hvort um þetta hefur út af fyrir sig verið deila, hvað hefur verið birt og ekki birt. Um það held ég, að geti varla verið deila. Mér hefur alltaf skilizt, að deilan væri um það, hvort Vestfjarðaáætlun yfirleitt hefur verið gerð eða ekki. (Gripið fram í.) Það er náttúrlega ekki hægt að birta það, sem ekki hefur verið gert. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. En það er mikill eðlismunur á því, hvort eitthvað hefur verið birt eða hvort það hefur verið samið, og það hefur verið gerð áætlun um vegamál og samgöngumál yfirleitt á Vestfjörðum að undanskildum strandsiglingum. Það er rétt. En um samgöngumálin almennt, bæði vegi, hafnargerðir og flugvelli, hefur verið gerð áætlun, sem m. a. kemur fram í því, að það var samþ. á hinu háa Alþ. lántaka til þessara framkvæmda til þess að framkvæma þessa áætlun á sinni tíð. Og það liggur í augum uppi, að þá hlýtur að hafa verið til áætlun, úr því að hægt var að taka lán til framkvæmda hennar, og það lán var ekki hægt að fá, nema því aðeins að viðkomandi sjóði væri gerð grein fyrir því, til hverra hluta þetta fé ætti að ganga. Menn geta svo verið óánægðir eða ánægðir eftir atvikum yfir því, að þessi áætlun hafi ekki verið birt. Út í það skal ég ekki fara. En það liggur ótvírætt fyrir, að til er rammaáætlun varðandi framkvæmdamál á Vestfjörðum almenn, sem ekki er útfærð í einstökum atriðum, og svo fullgerð samgöngumálaáætlun, sem hefur verið í framkvæmd síðustu 4 árin og sér nú fyrir endann á. Það auðvitað merkir ekki, að það sé í þessari áætlun lagning vega um hvern einasta hrepp á viðkomandi svæði, og menn þurfa ekki að halda, að áætlanagerð feli í sér slíkt. Þetta er byggt á vissum sjónarmiðum, sem ég skal ekki fara út í, en hv. fyrirspyrjandi vék raunar að, að tengja héruðin með vegasambandi við ákveðna byggðakjarna, en að það felist í því að taka hvern einasta veg, sem hugsanlegt er, að þurfi að leggja, það er annað mál. Það held ég, að hafi aldrei verið meiningin með þessari áætlun.

Hins vegar skal ég geta þess, að að því leyti hefur þessi áætlun jafnan verið birt, að í grg. fjmrh. um framkvæmdaáætlun á hverju ári og í skýrslum, sem um það hafa verið gefnar, hefur verið gerð grein fyrir því, hvað ætlunin væri að vinna í Vestfjarðaáætlun og í hvaða verkum þar ætti að vinna á hverju ári.

Varðandi vinnubrögð um áætlanir er það alveg rétt, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, að áætlun sem slík hefur auðvitað ekkert lagagildi. Það er hárrétt, og ég efast sannast sagna um það, að áætlun verði lögð fyrir Alþ. til samþykktar. Það efast ég stórlega um. Það, sem kemur vitanlega til samþykktar Alþ., er spurningin um það, hvort Alþ. vill veita fé, eftir því sem efni standa til og ástæða er til í sambandi við ríkisframkvæmdir til þessara tilteknu framkvæmda og þá væntanlega með hliðsjón af áætluninni og framkvæmd hennar, og svo í annan stað, hvort Alþ. vill veita lántökuheimildir, eftir því sem þörf er á í sambandi við aðrar framkvæmdir, annaðhvort beint til þeirra eða til sjóða, sem eiga að vinna að þessum framkvæmdum. Ég efast sem sagt um það, — ég vil ekkert fullyrða um það, — ég efast um, að framkvæmdaáætlunin t. d. fyrir Norðurland verði með þeim hætti, að hún verði lögð fyrir Alþ. til samþykktar, heldur verði það fyrst og fremst skýrsla, sem Alþ. verði gefin. Þetta er vinnuplan, og ég vil taka það fram varðandi framhald áætlunargerðar, að í lögum um Atvinnujöfnunarsjóð er beinlínis gert ráð fyrir, hvernig að þessum málum verði staðið.

Norðurlandsáætlun verður til með sérstökum hætti eins og Vestfjarðaáætlun. Hún var á sínum tíma ákveðin af ríkisstj. og Norðurlandsáætlunin einnig í framhaldi af samningum við stéttarfélögin, sem ég vék að, og að þessum áætlunum er unnið eftir sérstöku fyrirlagi ríkisstj. Hins vegar er í lögum um Atvinnujöfnunarsjóð gert ráð fyrir því, að Atvinnujöfnunarsjóður láti, eftir því sem hann sér

ástæðu til, gera byggðaáætlanir, annaðhvort heildaráætlanir eða áætlanir um einstaka framkvæmdaþætti. Og það er gert ráð fyrir því, að Efnahagsstofnunin vinni að þessum áætlunum, en í samráði við Atvinnujöfnunarsjóð. Og það er þar af leiðandi í rauninni Atvinnujöfnunarsjóðs að leggja blessun sína yfir þessa áætlunargerð. Það kemur þá meira til kasta Alþ., að mínu mati, að segja til um það, hvort það vill samþykkja þessa áætlunargerð á þann hátt að veita það, sem til þarf, til að hún geti orðið að veruleika, þ. e. a. s. fjármagn eftir atvikum hverju sinni. (**Gripið fram í:** Er nokkuð á móti því að lofa okkur að sjá áætlunina?) Ég geri ekki ráð fyrir, að nokkuð sé á móti því. En það er ekki hægt að dreifa áætlun, áður en búið er að gera hana. Og ég geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. hafi aðstöðu til þess að fylgjast með áætlunargerðinni, vegna þess að hún er unnin í samráði við byggðarlögin, forustumenn þar í atvinnulífi og sveitarstjórnum, sem eðli málsins samkvæmt sinna þessum málum fyrst og fremst á hverjum stað. Og ég tel alveg víst, að hv. þm. geti fylgzt með eftir því sem þeim sýnist, og sjálfsagt er, að þeir geti gert það. En auðvitað verður ekkert birt, fyrr en áætlunin er fullgerð.

Hv. 1. þm. Austf. sagðist vera óánægður með biðina varðandi Austfjarðaáætlun, sagðist að vísu ekki hafa vikið að því, nema af því að ég vék að Norðurlandsáætlun. Það var ekki ætlun mín að fara að ræða hana, heldur gaf fsp. tilefni til þess í rauninni, vegna þess að það var eðlilegt, að ég skýrði frá, hvernig stæði á því, að ekki hefði verið haldið sleitulaust áfram með atvinnumálaáætlun Vestfjarða, en það stafaði af því atvinnuástandi, sem skapaðist á Norðurlandi, að talið var rétt að vinna að þeirri áætlun á undan. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þm. taki vafalaust undir það með hv. 1. þm. Austf., að þeir hefðu gjarnan viljað sjá áætlunargerð sem fyrst varðandi sín héruð og sín byggðarlög. En ég vil aðeins leggja áherzlu á, að þessi áætlunargerð er ekkert einfalt mál. Þetta er mjög flókið vandamál, sem er þess eðlis, að þetta kostar geysilega skoðun og ýtarlega, til þess að þetta verði ekki hreint glundroðaverk, sem ekki komi að neinu haldi.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. vildi fá yfirlýsingu mína um það, hvenær Norðurlandsáætlun yrði til. Ég get ekki svarað um það nánar en ég sagði áðan, að ég vonaðist til, að það færi að sjá fyrir endann á því. Hún gæti ekki endanlega orðið til fyrir áramót, það veit ég nú. Að því var stefnt og ég lagði fyrir Efnahagsstofnunina að reyna með öllum ráðum að ljúka verkinu fyrir þann tíma. Það hefur komið í ljós, sem raunar mátti gera ráð fyrir, að það eru svo margir þættir, sem þarna koma inn og þarf að athuga, að það tekur allt lengri tíma. Og það þarf að hafa samráð við þessa aðila um verkið, eftir því sem því miðar áfram. Það er vitanlega eðlilegt, að sérfræðingar vinni verkið fyrst, eftir að hafa kynnt sér og safnað þeim upplýsingum, sem þeir telja nauðsynlegar. En síðan, áður en frá hverjum kafla er gengið, verði haft samráð við þá aðila, sem málið varðar. Þannig er að þessu unnið. En það verður auðvitað hlutur sérfræðinganna að semja áætlunina. Ég get ekki annað sagt en það, að ég mun leggja á það alla áherzlu, að áætlunin verði tilbúin sem fyrst og tel þá sjálfsagt, að í framhaldi af henni verði tekin fyrir þau byggðarlög, sem brýnust þörf er að sinna vegna atvinnuvandamálanna. Það er vitanlegt, að það er víða um landið, sem slík vandamál blasa við, bæði á Vestfjörðum, Austfjörðum og raunar víðar á landinu. Það er auðvitað ekki svo, að þessum vandamálum hafi ekkert verið sinnt, enda þótt áætlanir væru ekki til. Atvinnujöfnunarsjóður og eftir atvikum ríkisvaldið sjálft eða ríkisstj. hafa sinnt þeim verkefnum á margan hátt, sem upp hafa komið, til að forða vandræðaástandi. Það þekkjum við, og ég veit, að allir hv. þm. þekkja það úr sínum byggðarlögum. Og vitanlega verður því haldið áfram, og töf á áætlunargerð hefur engin áhrif í því sambandi.

Varðandi það hins vegar, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, að sér fyndist byrjað á öfugum enda að gera áætlun um mannfjöldaþróunina, þá get ég ekki verið honum sammála um það, vegna þess að mannfjöldaþróunin er auðvitað gerð með hliðsjón af mannfjöldaþróuninni í landinu yfirleitt. Og það er skoðað, hvernig þróunin hefur orðið varðandi þessi einstöku byggðarlög, í þessu tilfelli Norðurland, síðustu tvo áratugina. Það er hægt að áætla nokkurn veginn mannfjöldann í landinu, og þá er jafnframt hægt að gera sér grein fyrir því, hvað mundi falla til af þessum mannfjölda á Norðurlandi, ef allt væri með felldu og Norðurland fengi sinn hlut, miðað við mannfjöldann í landinu í dag, af aukningunni, eins og hún verður. Þetta þurfa menn auðvitað að skoða. Menn þurfa að vita, fyrir hve stóran hóp fólks á að skapa ný atvinnutækifæri. Þetta held ég, að verði að gerast á undan öðru. Það er alveg ljóst mál. Það er nákvæmlega þetta, sem hefur verið gert, og ég held, að allir, sem hafa kynnt sér það, hafi talið, að þarna sé um mjög merkilegan fróðleik að ræða, sem hafi grundvallarþýðingu varðandi framhaldstök á þessu máli, og þá m. a. í hvaða greinum þessi mannfjöldi verður og á hvaða sviðum þarf þess vegna að leggja áherzlu á að skapa ný atvinnutækifæri.

Hv. þm. spurðist fyrir um það, hvort þess mætti vænta, að fallizt yrði á till. um að gera sérstaka áætlun um dreifingu raforku um landið. Ég reikna með, að hann hafi þá átt við rafvæðingu strjálbýlisins, en ekki byggingu orkuvera. Hann vitnaði til þess, að ég hefði sagt, að raforkumál Vestfjarða yrðu tekin inn í almenna áætlun, sem yrði gerð um þetta. Ég held, að hv. þm. hafi misskilið mig í þessu efni. Ég sagði ekkert um það. Ég sagði aðeins, að unnið hefði verið að rafvæðingarmálum Vestfjarða eins og annarra byggðarlaga á grundvelli þeirra áætlana, sem um þetta hefðu verið gerðar. Þar hef ég vikið fyrst og fremst að 10 ára áætluninni og svo í framhaldi af því þeim viðbótaráætlunum, sem gerðar hafa verið til skemmri tíma og nú síðast áætlun, sem hefur verið samþ. af orkuráði og send

ráðh. á s. l. ári um það, að ákveðið verði, eftir því sem fjárveitingar frekast leyfa, og að því stefnt að reyna að ljúka því á árinu 1970 að leggja dreifiveitur frá samveitukerfinu til býla, þar sem meðalfjarlægð væri ekki yfir 1.5 km á býli. Frekari ákvarðanir hefðu ekki verið teknar um dreifingu raforku um strjálbýlið frá samveitum, en hins vegar hefðu aukizt mjög kaup bænda á dísilstöðvum á býlum, sem væru afskekktari, og þess vegna mætti fara að sjá fyrir endann á rafvæðingunni út af fyrir sig, því að auðvitað er það rafvæðing, þótt um sé að ræða kaup á dísilstöð. Ég get því ekki sagt nánar um þetta á þessu stigi og tel hæpið, að menn séu reiðubúnir til þess að slá nokkru föstu um stefnuna í þessum efnum, enda í rauninni engin sérstök ástæða til þess, vegna þess að það tekur alltaf tvö ár að ljúka þeim framkvæmdum, sem nú þegar hefur verið ákveðið að ljúka upp að markinu 1.5 km á býli að meðaltali.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. taldi sér ekki fært að svara spurningu minni varðandi stuðning ríkisstj. við gerð áætlunar um rafvæðingu dreifbýlisins, og á ég að sjálfsögðu ekki neina kröfu á því, að hann svari henni á þessum fundi.

Í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði um mannfjöldaþróun og mannfjöldaáætlanir, vil ég vekja athygli á því, að ég efast um, að hæstv. ráðh. hafi gert sér fyllilega grein fyrir þessu máli eða a. m.k. þeirri hlið þess, sem var mér efst í huga, þegar ég ræddi það. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. og aðrir hv. þm. hafi veitt því athygli, að t. d. í einum hluta landsins er mannfjöldaþróunin á þá leið og hefur verið undanfarið, að fólki hefur stöðugt fækkað. Ef ætti að gera mannfjöldaþróunaráætlun fyrir þennan landshluta, miðað við það, sem átt hefur sér stað undanfarið, þá verður hún að byggjast á þessu lögmáli, sem hefur verið ráðandi undanfarin ár, að fólkinu hefur fækkað, og þarna sýnist mér, að kynni að vera töluverð hætta á ferðum fyrir aðra hluta áætlunarinnar. Um þetta skal ég svo ekki ræða meira. En ég vil segja það almennt út af þeim umr., sem hér hafa farið fram um landshlutaáætlanir, bæði um Vestfjarðaáætlun, Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun, sem einnig hefur borizt hér inn í umr., þó að ekki hafi verið unnið að henni enn þá af hálfu landsstjórnarvalda, að það er skoðun mín á þessu máli, að Efnahagsstofnunin sé ekki heppilegur aðili til þess að vinna að þessum áætlunum eingöngu eða hafa frumkvæði að þeirri vinnu. Það kemur auðsæilega fram, að Efnahagsstofnunin á annríkt og trúlega stafar það af því, að ekki stóðst, að Norðurlandsáætlunin kæmi 1967 og eftir því, sem hæstv. ráðh. sagði, stenzt ekki heldur, að áætlunin komi á árinu 1968. Hæstv. ráðh. hefur að líkindum misreiknað sig á afkastagetu Efnahagsstofnunarinnar. Ég held, að heppilegasta aðferð í sambandi við gerð slíkrar landshlutaáætlunar sé, að samtök sveitarfélaga eða fjórðungssamtök í landshlutunum vinni að þessum áætlunum, a. m. k. á fyrsta stigi. Þau þekkja bezt alla aðstöðu og eru að mörgu leyti beztu sérfræðingarnir í þessum málum. Að sjálfsögðu á þetta þó að gerast með stuðningi frá ríkisvaldinu, því að þetta er í heild þjóðmál, og ég álít, að sá stuðningur yrði veittur á hagkvæmastan hátt með fjárstuðningi við starfsemi sveitarfélagasambandanna á þessu sviði. Þar að auki gæti sjálfsagt verið æskilegt, að þau ættu kost á ráðunautum. Á síðara stigi gæti svo að sjálfsögðu verið eðlilegt, þegar slíkar áætlanir eru fullbúnar, að þær færu í gegnum einhverja skoðun á vegum þjóðfélagsins í heild. Þetta finnst mér eðlileg aðferð, og ég álít, að sú aðferð, sem beitt hefur verið, hafi verið skökk, sé óheppileg og valdi því m. a., hvað þetta hefur gengið seint. Vonandi er þetta áætlunarverk fyrir Norðurland nokkuð á veg komið og sjálfsagt að sjá til, hvernig árangurinn verður af því, en vegna framtíðarinnar vil ég láta í ljós þessa skoðun, að á þennan hátt eigi að vinna að þessum málum, og t. d. þegar farið verður að vinna að áætlunum fyrir Austurland, þá á að fela það verk Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, sem nýlega hefur verið stofnað með miklum myndarbrag og það á að vinna að gerð þeirrar áætlunar fyrst um sinn með þeirri aðstoð ríkisvaldsins, sem ég hef nefnt. Þannig kemur mér þetta mál fyrir sjónir, og þannig hygg ég, að heppilegast væri að haga þessum vinnubrögðum.

21. Innlausn á íslenzkum seðlum í erlendum bönkum.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til viðskmrh. um innlausn Seðlabankans á íslenzkum seðlum, er skipt hefur verið í erlendum bönkum [80. mál, 2] (A. 100).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi,

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 100 að bera fram örstutta fsp. til hæstv. viðskmrh., sem hljóðar þannig:

„Hve miklum fjárhæðum hefur Seðlabanki Íslands varið til innlausnar á íslenzkum seðlum, sem skipt hefur verið í gjaldeyri í erlendum bönkum, frá 1. ágúst 1968 til þessa dags?“

Fsp. þessi gefur ekki tilefni til neinnar framsögu af minni hálfu, og vænti ég þess, að hæstv. ráðh. geti gefið við henni skýr svör.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. 19.2 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. skýr og stutt svör, eins og ég tel, að þau eigi að vera við fsp., sem hér eru fram bornar. Af þessu svari þykist ég mega ráða, að allmikið hafi kveðið að fjárflótta úr landinu á stuttu tímabili. Þetta er að sjálfsögðu ein afleiðing af þeirri óvissu, sem hér hefur verið til staðar í þjóðfélaginu í efnahagsmálum og við m. a. sopið seyðið af á þann hátt, að fjárflótti hefur verið allmikill úr landinu.

22. Innheimta viðbótarskatta og skattsekta.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til fjmrh. um innheimtu viðbótarskatta og skattsekta [72. mál] (A. 91).

Á 13. fundi í Sþ., 20. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 15. og 17. fundi í Sþ., 27. nóv. og 4. des., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Í síðustu fjárlagaræðu gaf hæstv. fjmrh. nokkurt yfirlit um álagningu skattsekta og viðbótarskatta í sambandi við þau mál, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra hefur haft til meðferðar. Kom þar fram, að heildarhækkun á gjöldum í sambandi við athugun rannsóknardeildarinnar hefði numið frá upphafi 62.8 millj. kr. Mér finnst eðlilegt, að opinberlega sé upplýst, hvernig gangi að innheimta skattsektirnar og viðbótarskattana og leyfi mér því að spyrja hæstv. fjmrh., hve mikið hefur þegar verið innheimt af þeim viðbótarsköttum og skattsektum, sem rannsóknardeild ríkisskattstjóra, skattsektanefnd og dómstólar hafa lagt á frá upphafi.

Í öðru lagi: „Hve miklu hafa þessir viðbótarskattar og sektir numið samtals?“ Í þriðja lagi: „Hve miklu hafa aðrir skattar, tekjuskattur, eignarskattur og útsvar, numið hjá þeim aðilum, sem viðbótarskatt hafa hlotið, og hafa þeir skattar verið innheimtir að fullu? Ef svo er ekki, hverjar eru þá óinnheimtar eftirstöðvar hjá þessum aðilum?“

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Því miður er ógerlegt að svara nákvæmlega þeirri fsp., sem hér er borin fram, a. m. k. ekki nema með meiri vinnu og rannsóknum en tök eru á að framkvæma, nema þá á mun lengri tíma. Þetta gildir um a- og c-lið, sem eru mjög svipaðs eðlis, og það byggist á því, að það er mjög erfitt að sundurliða og sundurgreina, hvað greitt er og hvað vangreitt af einstökum sköttum, sem á greiðendur eru lagðir. Og vitanlega er heldur ekki í rauninni komin nein reynd á það, miðað við síðasta ár, enda býst ég ekki við, að það sé það, sem vakir fyrir hv. fyrirspyrjanda, hvað í rauninni er hægt að segja, að sé vangreitt eða ekki fyrir árið 1968, því að það ár er ekki liðið á enda, en engu að síður er sjálfsagt að reyna að svara þessu svo sem auðið er, og hefur þá fyrst og fremst verið miðað við Reykjavík, en þar eru þessi gjöld langhæst, sem tilnefnd hafa verið. Hitt verð ég að játa, að við höfum því miður ekki haft aðstöðu til þess að skoða allt landið í þessu efni, hvernig það stendur.

En eins og ég sagði, er erfitt að svara a- og raunar einnig c-lið, vegna þess að þessari innheimtu er ekki haldið aðskilinni. Meginreglan hefur hins vegar verið sú, og þess vegna er því ekki haldið aðskildu, að þessi gjöld hafi verið innheimt á sama hátt og skattar, sem á hafa verið lagðir hverju sinni.

Innheimta þessara skattsekta fer eftir sömu reglum og innheimta annarra opinberra gjalda. Það er tekið reglulega af kaupi, þegar það á við, lögtök gerð í fasteignum eða lausafé og þeim öðrum innheimtuaðgerðum beitt, sem tiltækar eru, og uppboðum þegar allt annað þrýtur. Ákveðinn frestur á greiðslu þessara viðbótarskatta eða skattsekta tiltekins árafjölda er ekki veittur og hefur ekki verið samþykktur. Þó getur í einstaka tilfellum verið árangursríkara að semja um lágmarksgreiðslur á mánuði eða viku, eins og stundum eru dæmi til, í stað þess að gera gjaldanda gjaldþrota og tapa öllum gjöldunum. Þetta verður að sjálfsögðu að metast hverju sinni og innheimtumenn eru látnir um að meta það.

Gjaldendum í Reykjavík, sem úrskurðaðir voru fyrir 31. ágúst 1967, bar að greiða samtals af þessum viðbótarsköttum og skattsektum 24 millj. 494 þús. kr. Af þeirri upphæð eru eftirstöðvar 6.2 millj. eða nákvæmlega 6 175 892 kr., og af þeirri upphæð eru 9 aðilar, sem skulda samtals 5.1 millj. Þessar óinnheimtu eftirstöðvar stafa af því, að sumir þeirra eru í gjaldþrotaskiptum, sumir hafa mótmælt lögtökunum, en fasteignauppboð standa fyrir dyrum hjá sumum. Þessar tölur eru miðaðar við 2. des. Þess má geta, að viðbótarálagning eða viðbótarskattar eða skattsektir á þessa 9 aðila, sem ég gat um, nam 13.4 millj., og þar af eru ógreiddar 5.1 millj.

Þeir, sem samtals fengu viðbótarálagningu, voru 127. Þar af hefur 101 gert fullnaðarskil, þannig að 26 aðilar skulda viðbótarálagningu. Um innheimtu á þessum viðbótargjöldum hjá öðrum innheimtumönnum á landinu gilda nákvæmlega sömu reglur,

en ég verð að taka fram, eins og ég sagði áðan, að því miður hefur ekki verið auðið að afla nákvæmra upplýsinga um þetta, þar sem svo nákvæmar skilagreinir liggja ekki fyrir frá innheimtumönnum úti á landi, að þetta sé hægt að kanna, nema með sérstakri könnun í hverju umdæmi landsins. Það má því segja, að að þessu leyti sé fsp. ekki nákvæmlega svarað, en þetta gefur, að ég hygg, nokkuð glögga mynd af því, hvernig sakir standa með innheimtuna.

Eins og upplýsingarnar bera með sér, eru þær miðaðar við gjöld, sem höfðu verið álögð á síðasta ári, og þar sem í rauninni er ekki hægt að fella um það dóm núna, hvað er hægt að telja vanskil á þessu stigi varðandi gjöld, sem áttu að koma til innheimtu á þessu ári, enda býst ég við, að fyrir fyrirspyrjanda hafi vakað að fá einmitt glöggt fram, hvað er í vanskilum af þeim gjöldum, sem er hægt að ætlast til, að séu að fullu greidd.

Í b-lið er spurt, hve miklu þessir viðbótarskattar og sektir hafa numið samtals. Svo sem hv. fyrirspyrjandi skýrði frá, greindi ég frá því í fjárlagaræðu minni, hvað hefur verið á lagt af viðbótarsköttum og sektum 31.8. 1968. Það voru 62 millj. 836 þús. kr. Þó ber þess að geta til viðbótar, að ólokið var þá álagningu útsvara, sem lögð eru á af framtalsnefndum hér og þar um landið í 120 málum og ákvörðun sekta í 87 málum.

C-lið hef ég svarað óbeint með því, sem fram kom í sambandi við innheimtuna og ég upplýsti til svars við a-lið.

Fyrirspyrjandi (Kristján Thorlacius): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. svör hans, enda þótt fsp. væri ekki svarað að því, er tekur til ársins í ár. Þó tel ég, að það hafi komið fram, hvernig hlutfallslega gengur að innheimta þessa viðbótarskatta og sektir og tel því, að eftir atvikum sé það fullnægjandi. En um leið vildi ég segja, að ég teldi, að æskilegt væri, að framvegis væru einnig gefnar upplýsingar um það, hvernig innheimtan gengur á slíkum gjöldum um leið og gefið er yfirlit um álagninguna.

23. Fiskimálaráð.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til sjútvmrh. um Fiskimálaráð [80. mál, 3] (A. 100).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 100 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvmrh. um Fiskimálaráð. Fsp. þessi er í fjórum liðum, og vil ég leyfa mér að lesa hana upp, með leyfi hæstv. forseta. A-liður er þannig:

„Hvaða till. og ábendingar hefur Fiskimálaráð, sem stofnað var með lögum nr. 35 1968, gert til ráðuneytis sjávarútvegsmála varðandi það alvarlega ástand, sem nú ríkir í sjávarútvegi og fiskiðnaði?

b. Hvað hefur Fiskimálaráð haldið marga fundi á starfstíma sínum?

c. Hvaða menn eiga sæti í Fiskimálaráði og fyrir hvaða aðila eða samtök?

d. Er ætlunin að hafa samráð við Fiskimálaráð um þá heildarstefnu, sem væntanlega verður mörkuð í sjávarútvegs- og fiskiðnaðarmálum, eftir að viðhlítandi ráðstafanir hafa verið gerðar, er tryggja þessum atvinnugreinum rekstrargrundvöll?“

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel óþarft að lesa fsp. upp. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert það og gert grein fyrir því, sem í henni felst. Svar mitt við þessum fsp. er svo hljóðandi:

Lög nr. 35 frá 1968 um Fiskimálaráð tóku gildi í maí s. l. Þegar í byrjun júní sendi rn. þeim aðilum, sem samkv. lögum eiga að tilnefna fulltrúa í ráðið, bréf, þar sem óskað var eftir því, að þessir aðilar, hver um sig, tilnefndu fulltrúa í ráðið. Nokkur bið varð á því, að tilnefningar bærust. Stafaði það fyrst og fremst af því, að fáir fundir eru haldnir í hinum ýmsu félögum og samtökum yfir sumartímann. Þrátt fyrir margítrekuð tilmæli og eftirrekstur, bárust tilnefningar seint og þær síðustu ekki fyrr en nú um mánaðamótin. Síðasta bréfið er dagsett 28. nóv. s.l. Vonandi hefur fsp. stuðlað að því, að það tókst að ná þeim síðustu.

Í Fiskimálaráð hafa verið skipaðir eftirtaldir fulltrúar frá 1. des. 1968 til jafnlengdar 1971: Frá Sambandi ísl. samvinnufélaga Guðjón B. Ólafsson framkvæmdastjóri aðalmaður og Árni Benediktsson framkvæmdastjóri varamaður. Frá Félagi ísl. niðursuðufræðinga Birgir Þorvaldsson niðursuðufræðingur aðalmaður og Magnús Jónsson niðursuðufræðingur varamaður. Frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri aðalmaður, Þorsteinn Arnalds framkvæmdastjóri varamaður. Frá Sjómannasambandi Íslands Pétur Sigurðsson alþm. aðalmaður og Hilmar Jónsson sjómaður varamaður. Frá Félagi ísl. niðursuðuverksmiðja Richard Björgvinsson fulltrúi aðalmaður og Tryggvi Jónsson niðursuðufræðingur varamaður. Frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands Ingólfur Stefánsson framkvæmdastjóri aðalmaður og Ingólfur Ingólfs-

son framkvæmdastjóri varamaður. Frá Fiskimálasjóði Sverrir Júlíusson alþm. aðalmaður, Sigfús Bjarnason sjómaður varamaður. Frá síldarútvegsnefnd Birgir Finnsson alþm. aðalmaður og Jón L. Þórðarson framkvæmdastjóri varamaður. Frá Samlagi skreiðarframleiðenda Ingvar Vilhjálmsson forstjóri aðalmaður, Bragi Eiríksson framkvæmdastjóri varamaður. Frá Efnahagsstofnuninni Jónas H. Haralz forstjóri aðalmaður, Jón Sigurðsson deildarstjóri varamaður. Frá Landssambandi ísl. útvegsmanna Matthías Bjarnason alþm. aðalmaður og Ágúst Flygenring útgerðarmaður varamaður. Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna Gunnar Guðjónsson forstjóri aðalmaður, Björn Halldórsson framkvæmdastjóri varamaður. Frá Fiskveiðasjóði Íslands Elías Halldórsson framkvæmdastjóri aðalmaður, Guðjón Halldórsson skrifstofustjóri varamaður. Frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda Tómas Þorvaldsson forstjóri aðalmaður og varamaður Jón Ármann Héðinsson alþm. Frá tveimur eftirtöldum aðilum hafa einungis borizt uppástungur um aðalmenn: Frá Seðlabanka Íslands Davíð Ólafsson bankastjóri, frá Fiskifélagi Íslands Már Elísson fiskimálastjóri. Frá Félagi ísl. fiskimjölsframleiðenda Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri aðalmaður, Jónas Jónsson framkvæmdastjóri varamaður. Frá Alþýðusambandi Íslands Jóhann J. E. Kúld fiskmatsmaður aðalmaður og Guðmundur H. Garðarsson viðskiptafræðingur varamaður.

Ekki var talið rétt að kalla saman fund í ráðinu fyrr en allir aðilar höfðu tilnefnt fulltrúa. Var það ekki aðeins nauðsynleg kurteisi og tillitssemi við þá aðila, sem fulltrúa eiga í ráðinu, heldur og nauðsynlegt, ef starfs og árangurs átti að vænta af ráðinu sjálfu. Að sjálfsögðu mun ráðið kvatt saman til fyrsta fundar innan tíðar, þegar það hefur verið fullskipað, og mun verða haft samráð við ráðið um þau málefni, sem fyrirspyrjandi nefnir í fsp., eftir því sem eðlilegt verður talið og gert er ráð fyrir í lögum.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf hér við fsp. minni. Þau voru glögg.

Það er greinilegt, að allverulegur dráttur hefur orðið á því, að hæstv. ráðh. skipaði í Fiskimálaráð. Þann drátt vildi hæstv. ráðh. afsaka með því, að staðið hefði á því, að þeir aðilar, sem tilnefna eiga menn í ráðið, gengju frá sinni tilnefningu. Ég dreg það mjög í efa, að ráðh., sem skipunarvaldið er hjá, eigi að bíða mjög lengi eftir því, að aðilar ljúki jafneinföldu verki og því að tilnefna menn í þetta ráð, enda er beinlínis gert ráð fyrir því í 7. gr. laga, að ef einhver aðili, sem tilnefna á í ráðið, notar ekki heimild sína til tilnefningar, þá skuli ráðh. skipa í ráðið mann fyrir þann aðila. En hvað sem má segja um þann drátt, sem orðið hefur á skipan ráðsins, vil ég vænta, að þegar það loksins hefur endanlega verið gert, taki ráð þetta til starfa af miklum krafti, því að verkefnin eru næg.

Ég minnist þess, að í nóv. á fyrra ári, þegar mál þetta var til umr., var talsvert um það deilt, hvort stofnun sem þessi hefði nokkrum raunverulegum tilgangi að þjóna. Ég minnist þess, að a. m. k. ein rödd úr hópi hv. stjórnarliða, hv. 3. þm. Sunnl., dró sterklega í efa, að það væri rétt að samþykkja þetta frv. Hann taldi, að slíkt 19 manna ráð yrði að engu gagni, og ég minnist þess, að efnislega lét hann að því liggja, að starfsemi þess gæti jafnvel verið hagsmunum sjávarútvegsins hættuleg. Ég skal ekki leggja dóm á deilur þeirra flokksbræðranna, hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, sem var aðaltalsmaður þessa frv. á þingi í fyrra, og hv. 3. þm. Sunnl. um þetta atriði. Væntanlega tekur ráðið til starfa, og sú starfsreynsla, sem við fáum af því, verður væntanlega það glögg og skýr, að hún skeri úr um það, hvor þessara hv. þm. hafði á réttu að standa, sá þeirra, sem hélt því fram, að hér væri um vita gagnslausa stofnun að ræða, sem jafnvel gæti verið hættuleg hagsmunum sjávarútvegsins, eða hinn, sem taldi, að hér væri um merkt nýmæli og þarfa stofnun að ræða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir skýr og góð svör og vænti þess sem sagt, að Fiskimálaráð taki fljótlega til starfa.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Út af svari hæstv. ráðh. við þeirri fsp., sem 2. þm. Reykn. hefur borið fram, vil ég segja, að ég tel, að það hafi gengið sorglega seint að skipa í þetta Fiskimálaráð, því að ráðh. hafði það í hendi sér að setja þessum aðilum ákveðinn frest til þess að skipa í þetta ráð. Hann gat gefið eina aðvörun um það, að þeir hefðu þurft að ljúka því fyrir ákveðinn tíma. Ef þeir hefðu ekki sinnt því, hafði ráðh. fulla heimild til þess að skipa fulltrúa í ráðið samkv. lögum. Og ég tel, að sá dráttur, sem hér hefur orðið á, sé mjög slæmur, því að ég var 1. flm. þessa frv. og flutti það af þeirri sannfæringu, að ég taldi mikið gagn að því fyrir sjávarútveginn í heild, og ég hef ekki farið ofan af þeirri skoðun. Hins vegar verður auðvitað hvorki gagn að þessu máli eða öðrum, ef aldrei á að kalla menn saman til starfa. En ég vænti þess, eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. ráðh. gaf, að nú kalli hann ráðið saman, því að það er hans að kalla ráðið saman, en ekki þeirra annarra, sem hafa verið skipaðir í það. Ég tel, að verkefni séu næg framundan og það er auðvitað mjög mikið komið undir því, hvernig tekst til með að kjósa framkvæmdanefnd, sem 8. gr. laganna gerir ráð fyrir, enda munu störfin hvíla á henni að verulegu leyti, og hún sker úr um hvort þetta ráð og þessi hugmynd, sem felst í þessum lögum, verður til framdráttar sjávarútvegi eða ekki. Ég vænti þess því fastlega eftir þetta svar hæstv. ráðh., að það muni ekki líða á löngu, að hann kalli ráðið saman.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get fallizt á það með hv. fyrirspyrjanda og hv. 4. þm. Vestf., að sá dráttur, sem orðið hefur á fyrstu

samkomu Fiskimálaráðs, er til baga. En ég var þeirrar skoðunar þegar í upphafi, að þar sem fyrir lágu skýr svör allra aðila um, að þeir mundu tilnefna í ráðið og vildu taka þátt í því, þótt einhver dráttur yrði á endanlegri afgreiðslu þessara aðila, að þá bæri mér ekki að hefja störf þessa ráðs með því að nota mér heimild 7. gr. Ég hefði talið það illa af stað farið, ef taka hefði átt þann rétt af aðilum, sem hafa yfir þúsundum meðlima að ráða, jafnvel tugþúsundum meðlima, ef taka hefði átt þann rétt af þeim, einungis vegna þess, að yfir sumartímann er erfitt að ná saman fundum til að taka slíkar ákvarðanir. Ég hefði talið það rangt af stað farið. Það hefði jafnvel kippt hugsanlegum samvinnugrundvelli og samvinnuvilja burtu, sem þó er nauðsynlegt að sé í slíku ráði. Ef þessi réttur hefði verið tekinn af, þó að formgallar hefðu verið á því, að aðilar gætu endanlega gengið frá tilnefningu sinna fulltrúa, er hætt við, að svo hefði orðið. Það voru það mikilvægir aðilar og stór fjöldasamtök, sem þarna áttu hlut að máli og dróst hjá að tilnefna, að ég hefði talið, að starfsgrundvöllur ráðsins væri mun veikari, ef ráðh. hefði gripið þar inn í til þess að skikka sjálfur fram fulltrúa, án þess að samráð yrði við þessa aðila haft.

24. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til sjútvmrh. um Aflatryggingasjóð [91. mál, 2] (A. 115).

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 115, lið 2, að beina svo hljóðandi fsp. til hæstv. sjútvmrh. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins:

„1. Hvað líður endurskoðun laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins?

2. Hverjar voru greiðslur sjóðsins árið 1967 og árið 1968 til 30. nóv.?

3. Hvernig öfluðust tekjur í ofantaldar greiðslur?“

Ég vil vitna hér í þáltill., sem hv. Alþ. samþ. 31. marz 1965, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa 7 manna n. til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og gera till. um breytingar, eftir því sem henni þykir ástæða til. Formann skal skipa án tilnefningar, en aðra nm. samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá hverjum aðila. N. skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi Hlutatryggingasjóðs og Aflatryggingasjóðs.“

Nú er það öllum vel kunnugt, sem við sjávarútveg fást, hversu þýðingarmikið hlutverk Aflatryggingasjóður hefur leyst af hendi og einmitt núna, þegar afli minnkaði, reyndi verulega á greiðslugetu sjóðsins. Það hefur æ ofan í æ komið fram í fundahöldum sjómanna og útvegsmanna, að þeir væru óánægðir með, að þessari endurskoðun skuli ekki ljúka. Enda er það vægast sagt furðulegt, að það skuli taka meira en 3 ár að komast að niðurstöðu í jafnþýðingarmiklu máli og hér er um að ræða, þótt það sé vitað mál, að skoðanir um þessi mál eru nokkuð skiptar innbyrðis eftir landshlutum, eins og gengur og gerist. Engu að síður er starfsemi þessa sjóðs svo mikilvæg og sérstaklega þegar hallar á í rekstri sjávarútvegsins, að ekki má endalaust geyma þessa endurskoðun, og það mun sannarlega reyna á getu sjóðsins um áramótin, þegar gert verður upp við skipshafnir. Þess vegna fannst mér vel tímabært að ýta við þessari endurskoðunarnefnd og vita, hvort ekki væri hægt að fá niðurstöðu í þessu máli.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef óskað eftir því við Aflatryggingasjóð, að hann svaraði efnislega þessari fsp., og geri ég hans svör að mínum, en þau eru svo hljóðandi:

1. Endurskoðun laga sjóðsins hefur dregizt á langinn af ýmsum ástæðum. Málið er yfirgripsmikið, en jafnframt viðkvæmt og skoðanir skiptar um núgildandi lög og á hvern hátt ber að breyta þeim, bæði meðal útvegsmanna og sjómanna sjálfra. Eru skoðanir þessar einnig að miklu leyti ríkjandi meðal fulltrúa þessara aðila í n., sem að þessari endurskoðun vinnur.

Svo sem kunnugt er, eiga sæti í n. alls 7 menn, tveir fulltrúar samtaka útvegsmanna og sjómanna, hvorra um sig, einn fulltrúi yfirmanna, einn tilnefndur af Fiskifélaginu og formaður, sem er skipaður af ráðh. Mikil vinna hefur verið lögð í ýmsa undirbúningsvinnu og eru nm. sammála um ýmsar brtt. við núgildandi lög. Um aðrar breytingar, sem margar hverjar má kalla veigamiklar, eru nokkuð skiptar skoðanir og jafnvel alldjúpstæður ágreiningur. N. reynir að sjálfsögðu að ná eins víðtækri samstöðu og kostur er og mun skjótlega geta skilað áliti.

2. Greiðslur úr sjóðnum hafa verið sem hér segir: Í togaradeild 1966 19.1 millj. Á árinu 1967 voru í togaradeild greiddar 10.1 millj. Í almennu deildinni voru árið 1966 greiddar 20.5 millj. og vegna

ársins 1967 49.2 og aftur á þessu ári 17.7 millj. og 32.4 millj. vegna ársins 1968. Í síldveiðideildinni voru greiddar árið 1966 5.3 millj., en árið 1967 fyrst 25.3 millj. og síðar 17.5 millj. og á árinu 1968 31 millj. Samtals er þetta á árinu 1966 44.9 millj., og tvær tölur eru fyrir árið 1967, sú fyrri 74.5 millj. og hin síðari 45.3 millj. Á þessu yfirstandandi ári til 30. nóv. s. l. hafa verið greiddar 63.4 millj. Enn er ólokið greiðslum vegna sumar- og haustúthalds 1968, nema þá aðeins sumarsíldveiðanna. Áætla má bætur vegna annars sumarúthalds, þ. e. til 15. sept. 1968 samtals um 17 millj. kr. Útlit er einnig fyrir töluverðar bætur vegna haustútgjaldsins, en þær eru enn óvissar.

3. Tekjur ársins 1967 voru sem næst 69.3 millj. kr., þar af framlag úr ríkissjóði 23.1 millj. Nákvæm sundurliðun er enn ekki fyrirliggjandi frá ríkisbókhaldinu. Tekjur ársins 1968 eru ekki endanlega þekktar. Auk þess breytir gengisbreytingin tekjuáætluninni töluvert. Fyrir gengisbreytinguna var haldið með nokkru öryggi, að þær mundu nema 60—62 millj. kr., þar af ríkissjóðsframlag 14—16 millj. Samkv. fjárl. 1968 var ríkissjóðsframlag skert um þriðjung.

Eins og sjá má á ofangreindum tölum, hefur allmikið gengið á innistæður Aflatryggingasjóðs.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þetta yfirlit. Þó að maður nái ekki öllum þessum tölum, sem hann las upp, þá er augljóst, að hér hefur breytzt til hins verra, þ. e. a. s. síldveiðideildin hefur orðið að taka á móti nær 4 tugum millj. til greiðslu á hlutum sinna skipshafna, en árið 1965 voru aðeins 5.3 millj. greiddar en 1967 nærri 40 millj. Og í ár er óruggglega augljóst mál, að síldveiðideildin mun hafa þörf fyrir miklar greiðslur. Það er því augljóst mál, að bráð nauðsyn er, að þessari endurskoðun verði flýtt, og ef n. sem slík getur ekki komið sér saman um sameiginlegar till., verður að leggja endurskoðunina fyrir Alþ. Það hlýtur að vera undarlegt, ef Alþ. ályktar, að lög eigi að endurskoða, að það megi dragast endalaust. Það finnst mér alveg furðulegt, jafnmikilvæg lög og hér er um að ræða. Hvernig fer fyrir skipshöfnum, ef þær fá ekki greiddan hlut sinn, þegar aflabrestur er eins gífurlegur og núna, ef þessi sjóður bregzt? Það verður ekki skemmtilegt fyrir jólin eða um áramótin fyrir þær skipshafnir. Þess vegna er það brýn nauðsyn, að lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins verði endurskoðuð og niðurstaðan verði lögð fyrir Alþ. hið fyrsta. Það segir í svari hæstv. ráðh., að n. muni skjótlega skila niðurstöðum, og ég vænti þess, að hér séu ekki orðin tóm, að efndirnar komi fram hið fyrsta.

25. Fiskiðnskólanefnd.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til sjútvmrh. um störf fiskiðnskólanefndar [91. mál, 3] (A.115).

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. sjútvmrh., hvað líði störfum fiskiðnskólanefndar, sem sjútvmrh. skipaði 27. nóv. 1967 samkv. þál. frá 30. apríl 1964.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í des. 1966 skilaði n., sem skipuð var samkvæmt þál. um fiskiðnskóla frá 30. apríl 1964, áliti um fiskiðnskóla á Íslandi. Í áliti n. er gert ráð fyrir, að skólinn verði staðsettur á Suðvesturlandi. Hann verði í eigin húsakynnum, þar sem aðstaða verði til bóklegrar og verklegrar kennslu. Skólatími verði full tvö ár, þ. e. verkleg þjálfun í þrjá mánuði í upphafi skólatímans og þrjá mánuði á milli bekkja. Kostnaður við skólann skal greiddur úr ríkissjóði og fái nemendur ókeypis skólavist.

Í álitinu kemur fram, að nm. telja nauðsynlegt, að skólinn starfræki fiskvinnslustöð með fullkomnum fiskvinnsluvélum, þar sem verkun sem flestra fiskafurða geti farið fram. Bendir n. á aðstöðu, sem fyrir er í húsakynnum Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins að Skúlagötu 4, og telur það vera húsnæði, sem nota mætti fyrst í stað, enda verði tryggt, að skólinn komist svo fljótt sem við verður komið í eigin húsakynni. N. telur, að nauðsynlegt sé, að skólinn reki heimavist og mötuneyti til að jafna aðstöðu þeirra, sem skólann sækja.

Þar sem engin áætlun var í grg. n. um kostnað við stofnun og rekstur skólans, var Sveini Björnssyni framkvstj., Erni Marinóssyni fulltrúa og Jóni L. Arnalds deildarstjóra falið að semja fjárhagsáætlun fyrir fiskiðnskólann. Könnuðu þeir, hvaða hugmyndir lægju fyrir um starfsemi slíks skóla. Skoðanir manna um uppbyggingu og starfsemi slíks skóla virtust mjög ólíkar. Var þá sérstaklega kannaður hugur nm., sem upphaflega nál. sömdu. En aðrir töldu hins vegar nauðsynlegt, að skólinn hæfi starfsemi í eigin húsnæði og ræki fiskvinnslustöð ásamt útgerð o. s. frv., eins og fyrr er greint. Voru menn almennt ósammála um upphaflegan nemendafjölda.

Þeir þremenningarnir skiluðu fjárhagsáætlun um fiskiðnskóla í desembermánuði s. l., og var í fjárhagsáætluninni tekið tillit til allra þeirra hugmynda, sem fram höfðu komið, og gert ráð fyrir mörgum valkostum. Í fjárhagsáætlun í fyrra er gert ráð fyrir ýmsum skólagerðum, allt frá einni bekkjardeild á ári, þar sem nýir nemendur eru innritaðir annað hvert ár og miðað er við að nota eingöngu þá aðstöðu, sem til staðar er að Skúlagötu

4, og allt til þess, að bekkjardeildir væru 4, 2 í hvorum árgangi. Skólinn væri í eigin húsakynnum og með heimavist og mötuneyti, svo sem upphaflega nál. gerði ráð fyrir, og hann mundi starfrækja fiskiðjuver og útgerð. Rekstrarkostnaður ódýrasta valkostsins reyndist vera 2.2 millj. kr.

Í framhaldi af þessum till. hefur rn. nú í haust ákveðið að stofna til fiskiðnaðarnámskeiða í húsakynnum Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins að Skúlagötu 4, sem miðað er við, að orðið gæti grundvöllur að fiskiðnskóla. Hefur rn. falið dr. Þóröi Þorbjarnarsyni forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins að hafa yfirumsjón með skipulagningu og stofnsetningu þessara námskeiða. Sigurður B. Haraldsson fyrrv. framkvæmdastjóri Ferskfiskeftirlitsins hefur verið ráðinn til að undirbúa námskeiðin, semja starfs- og skipulagsáætlun og veita þeim forstöðu. Við stofnun og rekstur námskeiðanna verður leitað til fiskmatsstjóra, samtaka framleiðenda sjávarafurða og annarra stofnana sjávarútvegsins, eftir því sem við á og þörf verður á talin. Í húsi Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins að Skúlagötu 4 er fyrir hendi aðstaða fyrir verklega og bóklega kennslu, þar sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er staðsett. Forstjóri stofnunarinnar, dr. Þórður Þorbjarnarson, telur, að lítill skóli mundi ekki há starfsemi stofnunarinnar að öðru leyti eða trufla þau rannsóknarstörf, sem unnin eru á vegum hennar. Verður að telja æskilegt, að skóli sem þessi fengi að mótast í slíkum húsakynnum, a. m. k. áður en ráðizt yrði í mikla fjárfestingu og hann mundi væntanlega njóta góðs af nánum tengslum við rannsóknastofnanir sjávarútvegsins.

Ef úr því yrði, að skólinn yrði starfræktur áfram og stækkaður, væri e. t. v. hugsanlegt, að hann fengi eitthvað af því húsnæði, sem ríkisútvarpið hefur nú til afnota að Skúlagötu 4. Ljóst er þó, að húsnæðið að Skúlagötunni mundi ekki vera nægilegt til langframa. Ef skólinn héldi áfram að þróast að vissu marki og starfræksla hans að aukast, yrði óhjákvæmilegt, að hann kæmist í eigin húsakynni, sem yrðu þá rúm.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið.

Það virðist koma í ljós, að fiskiðnskólanefndin hafi skilað áliti fyrir um það bil tveimur árum, enda eru 4 ár síðan n. var skipuð, og eftir svari ráðh. hefur n. skilað ákveðnum till. um það, hvernig slíkur skóli skuli starfa. En síðan virðist eins og hæstv. ráðh. hafi ekki verið ánægður með það álit, sem þarna hefur komið fram, og telji, að það þurfi að fara aðrar leiðir en í nál. segir, eða svo skilst mér. Að vísu hef ég ekki séð þetta nál. og get því ekki fullyrt um þetta, en æskilegt hefði verið, að ég og aðrir þm. hefðum fengið aðstöðu til þess að sjá, hvernig n. gengur frá þessu máli í sínu áliti. Ég álít, að það hefði þurft að kanna það miklu betur, hvort ekki sé rétt að fara þá leið, sem n. leggur til, því að hún var til þess valin að kanna þetta mál og finna á því heppilegustu lausnina, og í n. voru einmitt menn bæði frá fiskiðnaðinum og ýmsum stofnunum sjávarútvegsins og þannig þeir fulltrúar, sem áreiðanlega þekkja þetta mál hvað bezt. En sem sagt, mér sýnist, að þetta mál sé komið í hendur ríkisstj. og það væri eðlilegt að hefja framkvæmdir og einmitt svo myndarlegar, að það sé tekið undir þær till., sem n. virðist hafa gert.

Þar er till. um stofnun fiskiðnskóla eða skóla, sem á að mennta fiskvinnslufræðinga, ef svo mætti segja. Þetta eru ekki neinir hálærðir menn, heldur menn, sem eru færir um það að gegna verkstjórastörfum og vera framkvstj. í fiskiðjuverum. Og það er alveg augljóst mál, að það er mikil þörf fyrir slíkan skóla og e. t. v. meiri þörf fyrir slíkan skóla en marga aðra, sem við erum að stofna. Íslendingar eru fiskveiðaþjóð, og við vitum, að aðalundirstaða efnahagslífsins er fiskurinn. Það er fiskurinn og fiskafurðirnar. Þannig er það, og ég hygg, að svo muni verða um mjög langa framtíð, og ég hygg líka, að það sé eitt af okkar stærstu verkefnum að nýta sjávaraflann sem bezt. Við getum ekki einhliða lagt áherzlu á veiðimennskuna, ekki það að auka sífellt aflann, þó að það kunni að vera eðlilegt líka, en fyrst og fremst á aukinn fiskiðnað og á nýtingu aflans. Við verðum að auka verðmæti sjávaraflans. Þannig hygg ég, að við munum vinna bezt að framförum í atvinnumálum. Og það á að vera eitt aðalatriðið í okkar stefnu í atvinnumálum, að slíkt sé gert. Ég vil því hvetja mjög til þess, að þetta mál verði ekki látið niður falla, heldur verði það enn athugað, hvað sú n., sem um þetta fjallaði, hafði um þetta að segja, því að ég hygg, að þeir menn, sem um það fjölluðu, hafi haft bezta þekkingu á því og getað lagt það til, sem við ættum eftir að fara.

26. Gengistap áburðarverksmiðju og áburðarverð.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til landbrh. um gengistap áburðarverksmiðju og áburðarverð [80. mál, 6] (A. 100).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 100 hef ég ásamt hv. 5. þm. Austf. og

hv. 6. þm. Norðurl. e. leyft mér að flytja fsp. til hæstv. landbrh., sem er svo hljóðandi:

„1. Hvað hefur gengistap Áburðarverksmiðju ríkisins numið háum fjárhæðum í íslenzkum kr. frá og með árinu 1960 til þessa dags?

2. Hvað kemur verð á áburði frá Áburðarverzlun ríkisins til með að hækka mikið í prósentum miðað við íslenzka krónu vegna gengisbreytinga 1967 og 1968?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Um er spurt:

„Hvað hefur gengistap Áburðarverksmiðju ríkisins numið háum fjárhæðum í íslenzkum kr. frá og með árinu 1960 til þessa dags?"

Því er til að svara: Árið 1960 34 443 457 kr., árið 1961 7 120 629 kr., 1967 11 015 585 kr., árið 1968 23 321 889 kr., eða alls 75 901 892 kr.

Erlendar skuldir Áburðarverksmiðjunnar nú eru: Alþjóðabankinn 5 millj. 853 þús., Import-Export-banki 60 millj. 363 þús., eða 66 millj. 216 þús.

Þá er það liður nr. 2:

„Hvað kemur verð á áburði frá Áburðarverzlun ríkisins til með að hækka mikið í prósentum miðað við íslenzka krónu vegna gengisbreytinga 1967 og 1968?"

Það er vitanlega erfitt að svara þessu, vegna þess að áburðurinn hefur ekki verið verðlagður enn og þess vegna ekki hægt að reikna þetta nákvæmlega út í krónum. En ef við tökum þetta svona nokkurn veginn, þá má komast nærri þessu. Gengistap Áburðareinkasölu ríkisins hefur orðið 49 millj. 316 þús. kr., vegna þess að það var ógreiddur áburður, þegar gengisbreytingin varð, og innfluttar birgðir hafa numið 5 millj. 311 þús., sem hefur verið dregið frá, og er þá raunverulegt gengistap einkasölunnar 44 millj., sem stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur tekið að láni fyrir hönd Áburðareinkasölunnar hjá Seðlabankanum. Ef gert væri ráð fyrir, að þetta væri greitt á 5 árum og gengistap Áburðarverksmiðjunnar verði sett inn í áburðarverðið, aðeins sem nemur vöxtum, en afborganir settar inn í fyrningu, eins og yfirleitt hefur verið, þá verður hækkunin um 12 millj. kr. sem kæmi til með að dreifast á áburðinn á þessu ári.

Gert er ráð fyrir, að Kjarninn verði um 25 þús. tonn eða 500 þús. sekkir og innfluttur áburður 37 þús. tonn eða 752 þús. sekkir, samtals 1257 þús. sekkir. Þá mætti reikna út, hver hækkunin yrði á sekk. Við getum kannske líka gert okkur nokkurn veginn grein fyrir því, hvað þetta væri í prósentum. 1968 var innfluttur áburður seldur fyrir 160 millj. kr. og Kjarni fyrir 112 millj. eða samtals 272 millj. Nú vil ég endurtaka, að ég veit ekki, hver hækkunin verður á næsta vori. En ef við segðum, að það væri til jafnaðar 30%, sem mér finnst fullmikið, en segjum það til jafnaðar, og þegar Kjarni kemur líka inn í dæmið, þá væri salan um 350 millj. á næsta vori og þá væri þetta ca. 30% hækkun.

Ég ætla, að þetta sé e. t. v. fullnægjandi svar við þeim fsp., sem hér er um að ræða, og mér verði virt til vorkunnar, þótt ég geti ekki sagt nákvæmlega, hver hækkunin verður í prósentum, á meðan ekki er vitað, hvert áburðarverðið verður á næsta vori.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, svo langt sem þau ná.

Við svar hans við fyrra liðnum hef ég engar aths. að gera, en það var aftur óljósara svarið við síðari liðnum. Í fyrsta lagi vil ég segja um það svar, að það hlýtur þó að vera augljóst, hvað áburðarverðið 1967 hækkaði vegna gengisbreytingarinnar, því að það er þekkt stærð og hefði verið auðvelt að reikna það út. Hins vegar má vera, að ekki liggi enn fyrir verðútreikningar fyrir næsta ár og þess vegna sé ekki svo auðvelt að reikna þetta út.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um skuld þá, sem var hjá Áburðareinkasölunni, þegar gengisbreytingin var gerð, vil ég leyfa mér að gera til hans viðbótarfsp., hvort það sé ekki rétt, að það hafi verið leitað til hæstv. ríkisstj. um möguleika á því að fá lán til þess að greiða þessa fjárhæð, áður en gengisbreytingin varð, því að hún mun hafa fallið í gjalddaga rétt eftir gengisbreytinguna, og hvernig hafi þá staðið á því, að ríkisstj. gat ekki fengið lán hjá Seðlabankanum fyrir gengisbreytinguna eins og nokkrum dögum síðar. Er það ekki rétt, að það sé tekið fram af hálfu Seðlabankans og sé skilyrði fyrir láninu, að þessu verði dreift á áburðinn, en ekki greitt á annan hátt? Þetta langar mig að fá upplýst, vegna þess að svar hæstv. ráðh., sem kom að þessu, var mjög óljóst.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. vildi fá að vita, hver hækkunin hefði orðið á áburðinum 1968 vegna gengisbreytingarinnar 1967. Það er hægt að svara því. Gengistapið var þá 11 millj. og 15 þús. og þetta er lán í Alþjóðabankanum og Export-Import-bankanum, annað lánið með 2.5% vöxtum og hitt með 4.75% vöxtum. Ef þessu verður deilt jafnt og sagt, að það væru 3.5% af 11 millj., þá eru vextirnir tæplega 400 þús. kr., en það eru aðeins vextirnir, sem voru látnir ganga inn í áburðarverðið. Það eru 400 þús., en salan á áburði á þessu ári var 272 millj., og þá er auðvelt að finna út, hvaða prósenta þetta er.

Um hitt atriðið vil ég segja, að í því skuldabréfi, sem stjórn Áburðarverksmiðjunnar skrifaði undir fyrir hönd Áburðareinkasölunnar, ætla ég, að það hafi verið skilyrði, að þetta gengistap yrði greitt með því að leggja það á áburðarverðið. Ég held, að það sé alveg rétt. En þetta skuldabréf hef ég reyndar ekki séð, en ég held, að það sé alveg öruggt, að þetta skilyrði sé þar.

Um hitt atriðið, hvort ríkisstj. hafi ekki verið beðin um að útvega lán fyrir hönd Áburðareinkasölunnar til þess að borga áburðinn fyrir gengisbreytingu, þá get ég játað, að þetta kom til tals, en það var nokkru áður en gengisbreytingin varð, sem þegar höfðu orðið nokkrar takmarkanir um niður-

færslu gjaldeyris í bönkum, — að þær reglur voru settar í bönkunum að greiða aðeins það, sem væri gjaldfallið. Víxlar Áburðareinkasölunnar gjaldféllu hins vegar ekki fyrr en 30. nóv. Og af hverju var gjalddaginn miðaður við 30. nóvember? Það var vegna þess, að þá gerðu þeir aðilar, sem keyptu áburð á s. l. vori, ráð fyrir því að hafa möguleika til þess að greiða áburðinn. Þetta er ástæðan fyrir því, að það var ekki yfirfært fyrir gengisbreytinguna, að þeir, sem höfðu fengið áburðinn í vor, voru ekki tilbúnir til þess að greiða hann fyrr en þetta. Það má vel vera, að ríkisstj. hefði átt að grípa þarna í taumana og hlaupa undir baggann og lána þessum fyrirtækjum til þess að losna við gengistapið. En þetta er náttúrlega ekki svo einfalt. Það voru margir, sem sóttu á um yfirfærsluna í bönkunum, þegar grunur lék á, að gengisbreyting væri í vændum, og ég held, að það sé ekkert undarlegt, þótt settar hafi verið reglur í bönkunum um það að binda yfirfærslurnar við það, sem gjaldfallið var. Ef það hefði ekki verið gert, hefði verið erfitt að stjórna þessum málum. Þá hefði einhver talað um, að það væri misrétti í frammi haft.

Ég ætla, að þetta séu nægilegar skýringar.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt eða fara að blanda öðrum málum inn í þessar umr. Ég vil aðeins undirstrika, að ég tel, að sá skilningur minn sé réttur, að lán Seðlabankans verði allt að greiðast af áburðarverðinu á næstu 5 árum, og í öðru lagi hefði verið farsælla og eðlilegra, að ríkisstj. hefði getað útvegað lán hjá Seðlabankanum nokkrum dögum fyrir gengisbreytinguna, eins og henni tókst eftir gengisbreytinguna. Það munaði miklu í áburðarverðinu.

27. Sementsverksmiðja ríkisins (fsp. HS o. fl.).

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til iðnmrh. um Sementsverksmiðju ríkisins [80. mál, 7] (A. 100).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 17. og 19. fundi í Sþ., 4. og 11. des., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 100 hef ég ásamt hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og hv. þm. Vilhjálmi Hjálmarssyni leyft mér að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnmrh. um Sementsverksmiðju ríkisins:

„1. Hverjar voru skuldir Sementsverksmiðju ríkisins í árslok 1958, og hverjar eru þær nú?

2. Hvað hefur verið varið hárri fjárhæð í stofnkostnað við verksmiðjuna síðan árið 1958?

3. Hvað hefur tekjuafgangur verksmiðjunnar numið hárri fjárhæð samtals?“

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Svör mín við þessum fsp. verða eftirfarandi:

Við 1. lið. Fyrirspyrjandi mun eiga við stofnlán verksmiðjunnar, en ekki venjulegar viðskiptaskuldir, sem alltaf eru einhverjar á hverjum tíma og mjög breytilegar. Stofnlán til langs tíma eru í dollurum, þýzkum mörkum, svissneskum frönkum, dönskum krónum og íslenzkum krónum. Í árslok 1958 eru þessi lán 588 millj. kr., og eru þá erlendu lánin reiknuð á gengi dagsins í dag. Í árslok 1968 eru lán til langs tíma alls 277 millj. kr., einnig reiknað á gengi í dag. Nettólækkun lánanna er því 311 millj. kr. á þessum 10 árum, miðað við núverandi gengi íslenzku krónunnar. Þess ber þó að geta, að ógreiddar gjaldfallnar afborganir nema um 22 millj. kr.

2. liður. Til ársloka 1967 og frá ársbyrjun 1959 hafa fjárfestingar numið alls 133 millj. kr., ef það er reiknað, eins og bókfært er á hverjum tíma. Aðalliðir þessarar fjárfestingar eru kaup á m. s. Freyfaxa, bygging pökkunarstöðvar á Ártúnshöfða og kaup á nýjum sementsflutningabílum. Stofnkostnaður verksmiðjunnar hefur síðan verið hækkaður um gengistap á föstum, erlendum lánum, þegar gengislækkanir hafa orðið á undanförnum árum. Þannig mun stofnkostnaður verksmiðjunnar í árslok 1968 hækka af þessum ástæðum um rúmlega 100 millj. kr.

3. liður. Á árunum 1958 til ársloka 1967 námu hreinar tekjur samt. 12.6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningum. Á sama tíma nema afskriftir af fastafjármunum alls 183 millj. kr.

Þetta eru þær upplýsingar, sem mér hafa verið látnar í té af fyrirsvarsmönnum verksmiðjunnar til þess að svara þeim fsp., sem hér liggja fyrir.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. iðnmrh. fyrir svör hans, en vil um þau segja, að ég held, að það sé alveg nýr háttur á hv. Alþingi, að skuldir fyrirtækja séu gefnar upp í erlendri mynt, en ekki í íslenzkum kr. Og ég skil það svo, að þegar hæstv. ráðh. gefur upp skuldir Sementsverksmiðjunnar 1958, sé búið að margfalda þær með ca. 414, sem er hækkun á erlendum gjaldeyri. (Gripið fram í.) Það, sem ég átti að sjálfsögðu við, voru reikningsniðurstöður fyrirtækisins, samkvæmt þessum reikningi, og skuldir, eins og þær eru bókfærðar í árslok 1958 og eins og þær eru í dag.

Út af öðru, sem fram kom í svörum hæstv. ráðh., hef ég ekki aths. að gera.

28. Ráðstafanir til að bæta úr rekstrarfjárþörf atvinnuveganna.

Á deildafundum 3. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til forsrh. um ráðstafanir til að bæta úr rekstrarfjárþörf atvinnuveganna [91. mál, 1] (A. 115).

Á 17. fundi í Sþ., 4. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að eitt af því, sem veldur forustumönnum atvinnufyrirtækja mestum áhyggjum nú, sé rekstrarfjárskorturinn. Menn hafa varla á undanförnum veltiárum komið svo saman á stéttarþingum, að þeir hafi ekki ályktað um þennan bölvald atvinnulífsins, og gildir einu, hvort teknar eru fram ályktanir útvegsmanna, bænda, iðnrekenda eða yfirleitt hvers konar atvinnurekenda, sem vera skal. Þá hljóta menn að minnast fjölmargra ályktana frá aðalfundum ýmissa fyrirtækja, hlutafélaga jafnt sem samvinnufélaga, þar sem því er lýst, hvílíkur þrándur í götu fjárskorturinn hafi verið í rekstri þeirra. Þessar ályktanir hafa heldur engan veginn verið tilefnislausar. Ástandið hefur vissulega verið slæmt í mörgum fyrirtækjum af þessum sökum, það vita áreiðanlega allir, sem hér eru inni.

En hvernig ætla menn þá, að umhorfs sé í þessum málum nú, eftir að verð á erlendum gjaldeyri hefur með einu pennastriki verið hækkað um hvorki meira né minna en 54%, og raunar um 100% á einu ári? Ég hygg, að hver og einn geti svarað því sjálfur, hvernig slíkur kostnaðarauki komi við þann atvinnurekstur, sem fyrir hækkunina var sárþjáður af fjármagnsskorti. Það þarf áreiðanlega ekki að lýsa því hér.

Því er haldið fram með nokkrum þunga, að gengislækkunin tryggi atvinnuvegunum heilbrigðan rekstrargrundvöll, rétt eins og Íslendingar séu í fyrsta skipti að kynnast þvílíkum ráðstöfunum. Rétt er þó auðvitað, að þau fyrirtæki, sem framleiða vörur til útflutnings, fá fleiri krónur fyrir þær afurðir, sem aðrar þjóðir kaupa af þeim, samkeppnisaðstaða innlends iðnaðar batnar eitthvað gagnvart innfluttri vöru, og bændur fara kannske eitthvað nær því að fá verðlagsgrundvallarverðið vegna hækkunar á því, sem þeir selja út. En allt er þetta þó vitanlega því skilyrði bundið, að atvinnurekendurnir komi starfseminni í gang. Það stoðar lítið fyrir íslenzka útgerðarmenn, að verðið sé hátt á fisknum í sjónum, ef þeir komast ekki út til að veiða. Það hefur lítið gildi fyrir iðnrekendur, að verð innfluttrar vöru hækkar hér á landi, ef þeir geta ekki framleitt vörur vegna rekstrarfjárskorts til að mæta samkeppninni eða til þess að taka þátt í samkeppninni. Þetta finna fleiri en framsóknarmenn. Meira að segja hefur eitt stjórnarblaðið nýlega lýst ástandinu þannig, að það væri eins og búið væri að láta benzín á tankinn, en rafhlaðan væri tóm, og því kæmist vélin ekki í gang. En á meðan vél atvinnulífsins kemst ekki í gang, vegna þess að neista fjármagnsins vantar, fellur vinnan niður og atvinnuleysið gengur í garð.

Nýlega héldu útvegsmenn þing. Þeir ályktuðu eitt og annað, eins og gengur, m.a. ályktuðu þeir að skora á ríkisstj. og stjórnir bankanna að stuðla að því, að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar í lánamálum útvegsins:

„a) Að Seðlabanki Íslands láni fiskverkendum út á afurðir þeirra 70% af áætluðu söluverði varanna, og að viðskiptabankarnir láni til viðbótar sem svarar 30% af Seðlabankaláninu. Telur fundurinn, að þessi lágmarkslán séu alger forsenda þess, að fiskvinnslustöðvarnar geti greitt vinnulaun og hráefni jafnóðum.

b) Að rekstrarlán til fiskiskipa verði hækkuð í samræmi við tvær síðustu gengisbreytingar. Telur fundurinn, að núverandi upphæð rekstrarlána sé algerlega ófullnægjandi til að búa báta á veiðar og standa í skilum með andvirði veiðarfæra, olíu og viðhalds bátanna, þar eð alls staðar er nú krafizt staðgreiðslu.

c) Að útvegsmönnum verði veitt hagstæð lán til langs tíma til greiðslu á lausaskuldum. Skuldir þessar eru víða orðnar svo miklar, að ómögulegt er að halda áfram eðlilegum viðskiptum við þjónustufyrirtæki og aðra aðila, ef jafnframt eigi að forða skipunum frá fjárnámum og uppboðum af þeim sökum."

Skömmu áður hélt Alþýðusamband Íslands þing, og gerði nokkrar ályktanir, eins og þar er venja, mig minnir, að þær væru aðallega 9. Ein þeirra fjallar um, að gerðar séu víðtækar ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegum landsins og megináherzla lögð á eflingu útflutningsatvinnuveganna, og í því sambandi er bent á ýmis gjöld, sem þingfulltrúar samþykktu, að stefna bæri að að létta af atvinnuvegunum, og fer ég ekki nánar út í það að svo stöddu. En í annarri ályktuninni segir, að skuldamál atvinnuveganna verði tekin til rækilegrar athugunar og ráðstafanir gerðar til að létta skuldabyrði atvinnufyrirtækja, svo að þau geti búið við viðunandi rekstrargrundvöll.

Hér hef ég vitnað til tveggja stærstu samtakanna, annars vegar atvinnurekenda og hins vegar launþega. Báðum þessum aðilum er ljóst, eins og öllum hlýtur að vera ljóst, að atvinnuvegirnir þurfa að-

stoð, en þeir benda að nokkru á sína leiðina hvor. L.Í.Ú. bendir á, að afla þurfi meira fjármagns, A. S. Í. bendir hins vegar á, að til viðbótar því séu kannske aðrar leiðir, sem til greina komi, niðurfærsluleiðir.

En hvaða skoðun, sem menn hafa á þessum leiðum, þá er ljóst, að þetta er sú spurning, sem heitast brennur í dag: Hvað verður gert í rekstrarfjármálum atvinnuveganna? Hæstv. ríkisstj. hefur lækkað gengið og aukið þar með tilkostnað atvinnuveganna. Hins vegar hafa ekki enn komið frá henni till. um þá spurningu, sem hér er borin fram, og ég hygg, að mörgum muni leika forvitni á að heyra svar við henni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ríkisstj. er vissulega ljóst, hve mikil áhrif erfiðleikar í lánsfjármálum hafa haft á rekstrarstöðu atvinnuveganna. Hins vegar er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að lánsfjárskorturinn er að mestu leyti bein afleiðing þeirra efnahagsáfalla, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir. Hinn mikli hallarekstur sjávarútvegsins hefur valdið vaxandi skuldasöfnun við bankana, jafnframt því sem aukning innlána í bönkum hefur farið mjög minnkandi, og á hinn almenni tekjusamdráttur vafalaust meginþátt í því. Síðustu tölur, sem liggja fyrir um inn- og útlán banka og sparisjóða, miðast við októberlok, en samkvæmt þeim var útlánaaukningin frá áramótum til loka okt. 1028 millj. kr., en aukning innlána aðeins 378 millj. kr. Meginhlutinn af hinum mikla mismun útlána og innlána var jafnaður með skuldaaukningu bankanna gagnvart Seðlabankanum. Skuldaaukning bankanna við Seðlabankann jókst enn í nóv., en samkvæmt reikningum Seðlabankans hafði staða innlánsstofnana rýrnað gagnvart Seðlabankanum um 753 millj. kr. frá áramótum til loka nóv.

Af þessum tölum er ljóst, að rekstrarfjárskorturinn stafar ekki af því, að þrengt hafi verið um útlán úr Seðlabankanum, því að raunverulega hefur meginhluti útlánaaukningarinnar á árinu komið frá honum. Sýnir þetta bezt, að það eru erfiðleikar atvinnuveganna og minnkun sparifjáraukningarinnar, sem lánsfjárskortinum hafa valdið, en einmitt af þeim ástæðum eru vandamálin miklu torleystari en vera mundi, ef eingöngu væri um íhaldssemi lánastofnana að tefla.

Gengisbreyting sú, sem nýlega var framkvæmd, var gerð í þeim tilgangi að leysa það grundvallarvandamál, sem hér er við að etja, og skapa skilyrði til þess, að hægt verði að endurreisa fjárhag atvinnurekstrar og tryggja atvinnu. Fyrstu áhrif gengisbreytingarinnar á fjárhag margra fyrirtækja eru engu að síður neikvæð, vegna þess að hún hefur í för með sér miklar hækkanir á erlendum vörum, er krefjast aukins rekstrarfjár, ef fyrirtæki eiga að geta notað þau tækifæri til framleiðsluaukningar, sem gengisbreytingin skapar. Ríkisstj. er ljóst, að mikla nauðsyn ber til þess að reynt verði að leysa þetta vandamál, eftir því sem frekast er unnt. Hafa rekstrarfjárvandamálin verið rædd bæði við viðskiptabankana og stjórn Seðlabankans, en á vegum hans er nú unnið að því að kanna, hvaða aðgerðir séu framkvæmanlegar til lausnar þessu vandamáli, og hefur í þessum viðræðum komið fram, að bankastjórn Seðlabankans er ríkisstj. sammála um það, að óhjákvæmileg sé enn frekari útlánaaukning bankans á næstu mánuðum, til þess að gengisbreytingin geti náð tilgangi sínum. Sérstaklega verður nauðsynlegt að auka afurðalán til útflutningsframleiðslunnar, en einnig eru þegar ráðgerð sérstök útlán til fyrirtækja, sem orðið hafa fyrir mestum áföllum vegna gengistaps á stuttum vöruskuldum erlendis. Er þess að vænta, að ekki líði á löngu, áður en unnt er að taka frekari ákvarðanir til að létta þau miklu lánsfjárvandamál, sem íslenzkur atvinnurekstur á nú við að búa.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Út af svari hæstv. forsrh. vil ég í fyrsta lagi fagna því, að ríkisstj. hefur gert sér ljóst, að nú þurfi að auka útlán til atvinnufyrirtækjanna af þeim ástæðum, sem ég rakti í fyrri ræðu minni.

Mér er það algerlega ljóst, að rekstrarfjárþörf og skortur fyrirtækjanna stafar ekki af því, að Seðlabankinn hafi þrengt um útlán, enda væri nú annað hvort. Rekstrarfjárskorturinn stafar af gengisfellingunni, eins og hæstv. forsrh. sagði. Og ég tel augljóst, að útlánastefnu hæstv. ríkisstj. hljóti nú að verða breytt, enda væri að öðrum kosti ekkert samræmi í henni.

Undanfarin ár höfum við fengið að hlýða á það hér, að það væri hygginna manna háttur og hagfræðilega rétt að draga úr fjármagnsútlánum, þegar þensluár væru í þjóðfélaginu. Við skulum láta það liggja á milli hluta, hvernig þessi kenning út af fyrir sig stenzt. En það er augljóst, að rökrétt afleiðing og ályktun af þessari kenningu hlýtur að vera sú, að þegar í ári þrengir, eins og nú hefur gert, séu viðbrögðin að auka útlánin. Og það hlýtur að verða niðurstaðan.

Það er vissulega engum ofsögum sagt af því hjá hæstv. forsrh., að fyrstu áhrif gengislækkunarinnar eru neikvæð. Þau eru geysilega neikvæð, eins og dæmin sanna. Og ég tel í sambandi við útlánaaukningu hjá Seðlabankanum, að það komi ekki til greina að haga henni, eins og gert hefur verið að mestu, á þann hátt, að bankarnir séu látnir borga miklu hærri vexti af þeim lánum, sem þeir taka í Seðlabankanum, heldur en þeir hafa leyfi til að endurlána fjármagnið. Ennfremur hlýtur hæstv. ríkisstj. að breyta þeirri reglu, sem hún tók upp snemma á valdaferlinum, að draga úr afurðalánum. Afurðalánin voru lengi vel 67% af skilaverði til útflutnings, en fljótlega eftir að hæstv. ríkisstj. kom til valda, var þessum útlánum breytt, og þau voru lækkuð niður í það að vera 53—55% og hafa verið það síðan. Og ég heyrði ekki betur en hæstv. forsrh. segði beinlínis, að þessu mundi breytt, og er þá ástæða til að taka eftir því.

Ég held, að það ætti að gera fleira. Ég held, að

það ætti að skoða þær ábendingar, sem Alþýðusambandsþing gerði og ég drap lauslega á áðan, að reyna að lækka tilkostnaðinn við framleiðsluatvinnuvegina, eins og t.d. lækka vextina, en það var ein af fyrstu aðgerðum hæstv. ríkisstj. að hækka vextina til þess að ná stjórn á peningamálum, sem svo var kallað, og skapa samræmi milli framboðs og eftirspurnar á lánamarkaðinum. Þetta hefur að sjálfsögðu ekki tekizt. Það er óþarfi að fara fleiri orðum um það. Allir, sem eru hér viðstaddir, vita, að eftirspurn hefur allan þennan tíma verið langtum meiri en framboð á peningamarkaðinum, þrátt fyrir háa vexti. Og ég tala nú ekki um, þegar svo er komið sem núna.

Það hefur oft verið haft til afsökunar fyrir því að hafa vextina háa, að það væri verið að gæta hagsmuna sparifjáreigenda, og við, sem störfum í bönkum, höfum oft heyrt þessa röksemd. En hvaða sparifjáreigendur eru það, sem verið er að vernda? Ég er kannske ekki að segja í víðri veröld, en a. m. k. í nágrannalöndum eru þeir ekki til, sem hafa verið grár leiknir, en íslenzkir sparifjáreigendur, þegar svo er komið, að maður, sem gat keypt fyrir innistæðu sína 1000 dollara fyrir nokkrum árum, getur núna keypt 400 dollara. Hann hefur þó getað haft 10% vexti af þessu sparifé sínu, ef hann hefur viljað binda það til eins árs í bönkunum, en þó hann hefði gert það, er hann ekki betur settur en ég var að segja. Það er því ekki einhlítt að hafa háa vexti.

Ég skal ekki, herra forseti, tala lengur en þingsköp leyfa. Ég endurtek, að það verður áreiðanlega tekið mjög stíft eftir því núna á næstunni, hvernig þær ráðstafanir, sem hæstv. forsrh. boðaði, reynast í framkvæmd, vegna þess að á þeim er ekki einungis þörf, heldur lífsnauðsyn.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra áhuga þessa hv. þm. fyrir lausn þess vandamáls, sem hér er um að ræða, og það er því frekar ánægjulegt, sem hann er einn þeirra, er getur verulega stuðlað að því með skynsamlegri ályktunargerð í því fyrirtæki, sem hann stendur fyrir, að þessi miklu vandamál leysist, sem auðvitað varða fyrst og fremst okkar útflutningsviðskipti, eins og ég sagði áðan. En auðvitað varða þau einnig innlenda framleiðslu og þá ekki sízt iðnað, vegna þess að til þess að iðnaðurinn geti notið þeirra tækifæra, sem honum gefast nú í skjóli gengislækkunarinnar, er nauðsynlegt, að hann fái fjármagn til þess að geta eflt sína starfrækslu. Þetta er okkur öllum ljóst, og mér er það því meiri ánægja að heyra um áhuga hv. þm., þar sem góð samvinna fjármálastofnana, Seðlabankans og bankanna er undirstaða þess, að lausn á þessum málum verði fundin.

29. Landhelgismál.

Á 19. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:
Fyrirspurn til dómsmrh. um landhelgismál [81. mál] (A. 101).

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 27 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. des., var fsp. tekin til umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er til marks um hæglæti það, sem ríkir hér um afgreiðslu mála, að það kemur iðulega fyrir, að varaþm., sem flytja mál og eru þó þann tíma, sem tilskilinn er í þingsköpum á Alþ., mál, sem þeir flytja jafnvel á fyrstu dögum, sem þeir sitja hér, koma ekki til umr., fyrr en þeir eru löngu horfnir úr þingsölum. Það mál, sem hér er til umr., er fsp. frá varamanni mínum, sem sat hér um nærri þriggja vikna skeið á Alþ. og bar fram fsp. um landhelgismál. Hann er nú horfinn af þingi og ég kominn aftur í hans stað, en hann hefur beðið mig að koma á framfæri fyrir sig þeim sjónarmiðum, sem hann vildi setja fram í sambandi við fsp. og eru þau á þessa leið:

Tilefni fsp. er það, að svo virðist, sem mjög hafi dregið úr allri landhelgisgæzlu að undanförnu. Í sumar kom hingað nýtt varðskip, Ægir, en koma þess hafði þó engan veginn aukna landhelgisgæzlu í för með sér, eins og ætla hefði mátt. Varðskipið Þór, eitt hinna þriggja stóru varðskipa, hefur legið bundið við bryggju í Reykjavík svo að segja frá því, að Ægir kom til landsins og til þessa dags. Þar við bætist, að varðskipið Óðinn var í sumar notað til annarra starfa en landhelgisgæzlu og var því einungis Ægir við landhelgisgæzlu ásamt varðskipinu Albert. Nú hefur varðskipið María Júlía verið auglýst til sölu. Það hefur og komið í ljós hvað eftir annað á undanförnum mánuðum, að landhelgisbrot eru nú mjög tíð og nægir að minna á síendurteknar fréttir frá Norðurlandi, sem skýra frá því, að íbúar í kaupstöðum og kauptúnum þar séu nær daglega áhorfendur að ólöglegum veiðum uppi við landsteina og ekkert þýði að kæra þær veiðar.

Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og er svo að sjá, sem núverandi ríkisstj. geri sér ekki grein fyrir mikilvægi stöðugrar og vakandi landhelgisgæzlu, og er það reyndar í samræmi við allar hennar aðgerðir í landhelgismálum. Hin slælega landhelgisgæzla nú mun afsökuð með því, að um sparnað sé að ræða, en öllum, sem um þessi mál hugsa, er ljóst, að slíkur sparnaður er meira en lítið tvíræður og reyndar langt frá því að vera nokkur sparnaður, þegar á allt er litið. Mætti fremur reyna að spara á mörgum ónauðsynlegri sviðum.

Þetta voru þau sjónarmið, sem varamaður minn, Haraldur Henrýsson, vildi koma á framfæri í sambandi við fsp.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég álít, að það hefði verið lítill skaði, þó að þessi sjónarmið hefðu legið á milli hluta, sem hv. þm. setti fram fyrir hönd síns varamanns, sem nú er horfinn úr þingsölunum, og ég læt mér þau í léttu rúmi liggja, en skal svara fsp., sem hann bar fram, sem var á þessa leið:

„Hver er skipa- og tækjakostur Landhelgisgæzlunnar til landhelgisgæzlu, aðstoðar- og björgunarstarfa og hvernig er nýting hans?"

Sem stendur hefur Landhelgisgæzlan umráð eftirfarandi varðskipa og gæzluflugvéla: Ægir, stærð 927 rúml., áhöfn 22, smíðaár 1968, Óðinn, stærð 982 rúml., áhöfn 22, smíðaár 1959, Þór, stærð 693 rúml., áhöfn 22, smíðaár 1951, Albert, stærð 201 rúml., áhöfn 13, smíðaár 1957, TF Sif, Skymastervél, gerð DC 4, áhöfn 5, keypt 1962. TF Eir, þyrla af Bellgerð, áhöfn 3, keypt 1965 í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands. Minnsta varðskipið, María Júlía, stærð 138 rúml., áhöfn 11, smíðaár 1950, hefur hætt störfum og verið auglýst til sölu. Landhelgisgæzlan mun frá næstu áramótum taka við vitaskipinu Árvakri, er þá sinnir landhelgis- og björgunarstörfum, en varðskipin munu þó jafnframt taka að sér flutning til þeirra vita, sem ekki verður komizt að frá landi ásamt öðrum verkefnum eftir samkomulagi við vitamálaskrifstofuna. Þá er og ætlunin að taka í notkun tvo bandaríska Grumman-Albatrossflugbáta í stað TF Sifjar. Verður gerður um þá leigusamningur við bandaríska varnarliðið, og fer afhending þeirra fram hér á landi um næstu áramót.

Gæzluflugvélin Sif var keypt hingað til lands árið 1962 og sérstaklega útbúin til þarfa Landhelgisgæzlunnar. Hefur hún reynzt hin bezta í alla staði, en er nú tekin að eldast og stutt í dýra flokkun hennar. Þótti því tími til kominn að endurnýja hana, og urðu fyrrnefndir flugbátar fyrir valinu, sem hagkvæmasta lausnin í bili. Grumman-Albatrossflugbátarnir eru sérstaklega byggðir til björgunar- og gæzlustarfa með ströndum fram. Þeir eru nokkru minni en Sif, tveggja hreyfla, og þurfa minni áhöfn. Er ætlunin að hafa annan ætíð tiltækan og hinn þá á meðan til eftirlits. Flugmönnum verður þó því ekki fjölgað.

Þyrlan TF Eir var keypt í tilraunaskyni og hefur síðan verið beitt til að leysa hin margvíslegustu verkefni og árangur orðið mun betri en menn þorðu að gera sér vonir um fyrir fram. En Eir er aðeins lítil eins hreyfils vél og því ekki hæf til gæzlu- og björgunarstarfa út yfir sjó nema á grunnslóðum eða í námunda við stór varðskip með þyrluþilfari. Til gæzlustarfa á fiskimiðum nálægt landi hafa einnig oft verið notaðar litlar leiguflugvélar, þegar flugaðstæður eru hagstæðar, en þær eru hvergi nærri eins hentugar til þeirra nota og þyrlurnar.

Gæzluflug gegn landhelgisbrjótum nýtur sín þó alls ekki án tiltækrar aðstoðar ganggóðra varðskipa, og gagnkvæmt njóta varðskipin sín ekki í dag án stuðnings fluggæzlunnar.

Um almenna nýtingu varðskipanna og gæzluflugvélanna fer mjög eftir árstíðum og sókn íslenzkra og erlendra fiskiskipa á miðin umhverfis Ísland, svo og úthafsveiðum íslenzkra fiskibáta, en allt er þetta nokkrum sveiflum háð. T. d. var engrar landhelgisgæzlu þörf á stórum svæðum norðan- og austanlands fyrri hluta þessa árs vegna hafíssins, en ísinn krafðist hins vegar mjög aukins könnunar- og leiðbeiningaflugs, svo og aðstoðar varðskipanna við aðdrætti til ýmissa staða á þeim slóðum. Sömuleiðis hefur sókn brezkra togara á íslenzk mið verið mun minni í ár en undanfarið, en hins vegar hefur rússneskum og austur-þýzkum togurum, sérstaklega stórum skuttogurum, fjölgað, en þó einnig minni skipum og það að miklum mun, einkum á Vestfjarðamiðum. Sum verkefni, sem varðskipin hafa sinnt um áratugi jafnframt öðrum störfum sínum, eins og fiskirannsóknir og síldarleit, eru nú framkvæmd af sérstökum rannsóknaskipum, en í þess stað hefur bætzt við aðstoðar- og læknisþjónusta á fjarlægum miðum og á næsta ári er gert ráð fyrir mun meiri þjónustu við vita- og sjómerki en varðskipin hafa sinnt hingað til. Þá má og benda á, að fyrirhugað er, að íslenzkt varðskip taki þátt í eftirliti á úthafinu með veiðum bæði innlendra og erlendra fiskiskipa samkvæmt sérstökum samningi fiskveiðiþjóða við Norður-Atlantshaf, sem Ísland er aðili að og nú liggur fyrir Alþ. til samþykktar.

Nýting einstakra skipa eða flugvéla fer eðlilega mjög eftir stærð þeirra og getu. Þau stærstu eru nauðsynlegust síðari hluta vetrar og til allra úthafsverka, en þau minni njóta sín bezt veðurs vegna nálægt landi og frá vori fram á haust.

Sem kunnugt er, hefur varðskipið Óðinn reynzt afburða duglegt og gott sjóskip, og sú reynsla, sem þegar hefur fengizt af hinu nýja varðskipi, Ægi, bendir til, að það sé ekki síðra. Hins vegar hafa aflvélar Þórs ætíð verið gallaðar, og þótt þær hafi verið endurbættar mikið á undanförnum árum, þola þær þó alls ekki fulla notkun, nema stutta stund í einu. Þór er nú líka kominn á 18. ár og því ekki óeðlilegt, að hann sé farinn að slitna. Varðskipið Albert hefur ætíð þótt mjög lipurt og gott skip.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal ekki deila við hæstv. ráðh. um það, hvort sjónarmið flm. hafi haft þýðingu eða ekki til túlkunar málsins og skilnings á því, en ég tel þó, að í því hafi verið sanngjörn gagnrýni á það, að Landhelgisgæzlan væri ekki í eins góðu lagi og við mundum líklega flestir æskja. En nóg um það. Ég þakka samkvæmt venju hæstv. ráðh. fyrir svörin og þær upplýsingar, sem í þeim fólust.

Sérstaka athygli mína vöktu upplýsingar hans um gagnsemi þyrilvængjunnar í þjónustu landhelgisgæzlunnar. Það er tiltölulega nýtt að nota þyrilvængju til þessara starfa, og mér þykja ummæli hæstv. ráðh. varðandi þyrilvængjuna í þjónustu Landhelgisgæzlunnar benda í þá átt, að ástæða væri til að stíga þar annað skref í framhaldi

af því, sem þegar hefur verið stigið, sem sé í þá átt að auka notkun þyrilvængjanna í þessari þýðingarmiklu þjónustu lands og þjóðar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil aðeins út af ummælum hv. þm. um þyrilvængjuna geta þess, sem ég hefði kannske átt að geta í upphafi, en ég held, að ég hafi upplýst það áður á þingi, að áhugi Landhelgisgæzlunnar hefur mjög beinzt að því að auka þyrilvængjakost sinn, og þá hefur einkum verið höfð í huga verulega stór þyrilvængja, tveggja hreyfla, sem væri úthafsflugvél og gæti sjálf fært togara eða veiðiskip, sem ólöglegt væri tekið, til hafnar, en slíkar þyrlur geta mjög vel gert það með því að setja niður menn í skipin og síðan flogið yfir þeim og fylgt þeim, ekkert síður en varðskip. Það var leitað tilboða í slíka þyrilvængju, og þær reyndust vera mjög dýrar. Við forstjóri Landhelgisgæzlunnar skoðuðum slíkar þyrilvængjur á Jótlandi í fyrra, og ég held, að okkur hafi báðum komið saman um, að hér væri um verulega þýðingarmikið tæki að ræða fyrir Landhelgisgæzluna, ekki aðeins til að gæta sjálfrar landhelginnar, heldur mundum við vera mjög vel settir og aukin okkar aðstaða til björgunar við strendur landsins með slíkri þyrilvængju. Þær hafa sýnt sig í reyndinni að geta athafnað sig í miklu veðri, allt að 12 vindstigum, til björgunar á skipum, sem hafa lent í sjávarháska, og farþegum úr slíkum skipum úr björgunarbátum eða beinlínis tínt þá upp úr sjó. Þetta er þess vegna að mínu áliti sú framtíðarstefna, sem við eigum að reyna að keppa að að koma sem fyrst í framkvæmd. En af ýmsum ástæðum, — vegna erfiðs árferðis og fjárhagserfiðleika, — lögðum við þetta mál til hliðar í bili. Það er upp úr því, sem horfið var að því til þess að festa ekki mikla fjármuni nú að leigja þessa tvo Grumman-Albatrossflugbáta, sem ég gat um áðan, um óákveðinn tíma, meðan við athuguðum hitt málið nánar eða meðan okkur skapast aðstaða, sem við tæplega höfum í dag til kaupa, einnig vegna mjög mikillar fjárfestingar í bili í nýja varðskipinu, Ægi. En ég held, að slík þyrilvængja mundi verða þeim mun þýðingarmeiri, sem hægt væri að skapa henni betri aðstöðu með skýlum, bæði á Austurlandi og Vesturlandi, Suðurlandi og Norðurlandi. Slíkt tæki er tvímælalaust það álitlegasta að mati Landhelgisgæzlunnar og rn. til þess að auka getu Landhelgisgæzlunnar, bæði til gæzlu sjálfrar landhelginnar og til björgunarstarfa.

30. Olíumál.

Á 19. fundi í Nd., 26. nóv., var útbýtt:

Fyrirspurn til viðskmrh. um olíumál [82. mál] (A. 102).

Á 20. fundi í Nd., 28. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 12. des., var fsp. tekin til umr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Sama gildir um þetta mál og það, sem við ræddum rétt áðan. Það er fsp. borin fram á þskj. 102 af Haraldi Henrýssyni, meðan ég sat ekki á þingi. Hans sjónarmið varðandi þessa fsp. eru þau sem nú skal greina:

Tilefni fsp. er það, að snemma á þessu ári skipaði viðskmrn. n. til athugunar á kostnaði á dreifingu og birgðahaldi olíuvara og til þess, hvort ekki mætti ná meiri hagkvæmni í þeim málum. Nú er það vitað mál, að kostnaður við dreifingu og birgðahald olíuvara er hér á landi óeðlilega hár, fyrst og fremst vegna hins margfalda kerfis. Það er brýnt hagsmunamál alls almennings í landinu, að svo lengi sem þetta óþarfa kerfi er við lýði, verði þó allt gert, sem hægt er, til þess að draga úr þeim kostnaði, sem því fylgir, svo mikilvægar, sem umræddar eldsneytisvörur eru. Mér er tjáð, að cif-verð að viðbættum opinberum gjöldum fyrir gasolíu nemi um það bil 65—68% af heildarverðinu til neytenda. Sést af því, að dreifingarkerfið tekur til sín allríflegan skerf.

Fsp. fjallar einnig um það, hvort nokkrar athuganir hafi verið gerðar á því, hvort Íslendingum væri hagkvæmt að taka sjálfir olíuflutninga til landsins í sínar hendur. Í nokkur ár höfum við ekkert skip átt til slíkra flutninga eða síðan Hamrafell, sem var eign skipadeildar SÍS, var selt úr landi. Rússar, sem selja okkur mestalla olíuna, munu hafa boðið eitthvað hagstæðari flutningagjöld, en ekki er mér kunnugt um, hvort þau hagstæðu gjöld hafa verið til langframa. Hitt hlýtur hverjum að vera ljóst, að því fylgir mikið óhagræði og öryggisleysi að þurfa að vera upp á aðra kominn að öllu leyti um flutninga á eldsneyti til landsins. Það hlýtur að vera okkur keppikefli að geta í framtíðinni séð sjálfir um þessa aðdrætti til landsins, og að því ber að hefja undirbúning hið fyrsta.

Vona ég svo, að hæstv. ráðh. svari þessari fsp.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. 1. liður fsp. hljóðar þannig:

„Hvað líður störfum n. á vegum viðskmrn., sem athuga skyldi fyrirkomulag dreifingar og birgðahalds á olíuvörum?"

Í lok febr. s. l. varð það að samkomulagi milli viðskmrn., olíufélaganna og viðskiptabanka olíufélaganna, að skipuð yrði n. til þess að athuga fyrirkomulag og dreifingu á birgðahaldi olíuvöru. Í n. voru tilnefndir eftirtaldir menn: Svavar Pálsson löggiltur endurskoðandi, tilnefndur af olíufélögunum, Helgi Bachmann viðskiptafræðingur, tilnefndur af Landsbanka Íslands, Loftur Guðbjartsson fulltrúi, tilnefndur af Útvegsbanka

Íslands og Kjartan Jóhannsson verkfræðingur, tilnefndur af viðskmrn. og var hann jafnframt skipaður formaður n. Eins og áður segir var verkefni n. að athuga fyrirkomulag dreifingar og birgðahalds olíuvöru og í því sambandi að athuga, hvort og á hvern hátt væri unnt að auka hagkvæmni á þessu sviði og þá m. a. hvaða ráðstafanir væri hægt að gera til lækkunar á kostnaði við innflutning, birgðahald og dreifingu á olíuvöru með endurskipulagningu rekstrarins og auknu samstarfi olíufélaganna.

N. hóf störf í marz og skilaði áliti til rn. í byrjun októbermánaðar s. l. og stóðu nm. allir að álitinu, nema Svavar Pálsson. Hann skrifaði undir álitsgerðina með fyrirvara og tilvísun í séraths. varðandi einstök atriði. Í áliti n. er annars vegar fjallað um aðgerðir til þess að auka hagkvæmni í dreifingu olíuvöru við núv. innflutningsaðstæður og hins vegar um framtíðarþróun innflutningsaðstöðu. Til að tryggja aukna hagkvæmni í innflutningi og dreifingu við núverandi innflutningsaðstæður, leggur n. til, að innflutningur, strandflutningar og rekstur birgðageyma verði á einni hendi og gerir n. að till. sinni, að olíufélögin stofni hlutafélag, sem sjái um innkaup á gasolíu, fuelolíu og benzíni, annist strandflutninga og eigi og reki alla innflutnings- og birgðageyma. N. ætlast til þess, að hið nýja félag selji aðeins til olíufélaganna þriggja, og enn fremur telur n. eðlilegt, að hlutafé hins nýja félags skiptist milli olíufélaganna í svipuðum hlutföllum og endursala benzíns, gasolíu og fuelolíu skiptist nú á milli þeirra. Þá telur n., að eðlilegt sé, að skipulag olíuviðskiptanna sé þannig, að sparnaður í rekstri sé keppikefli fyrir olíufélögin, t. d. með því móti, að þau fái að halda að einhverju leyti þeim sparnaði, sem þau öðlast með endurbótum í rekstri. N. telur, að stefna beri að fækkun smásölustöðva og leggur áherzlu á, að olíufélögin framkvæmi hana með samkomulagi sín á milli. Enn fremur er það álit n., að kanna beri betri nýtingu olíuflutningabifreiða á grundvelli heildaryfirlits um notkun úr geymarými hvers notanda og íhuga beri hugsanlega hagkvæmni af því, að flutningar með bifreiðum á smásölustöðvar séu á einni hendi. Minni hl. er hér mótfallinn því, að hið nýja olíufélag geri nokkuð annað en að sjá um innflutning, birgðahald og strandflutninga. Loks leggur n. til, að öryggisbirgðir í landinu verði auknar.

Að því er varðar framtíðarþróun innflutningsaðstöðu telur n., að stefna beri að því að reisa á Reykjavíkursvæðinu innflutningsstöð, er tekið geti við förmum úr allt að 70 þús. tonna skipum. Við val olíuinnflutningshafnar og framkvæmdir við olíustöðina sé höfð í huga nýting hennar í sambandi við hugsanlega byggingu olíuhreinsunarstöðvar á sama stað. Með því að nota stærri skip til innflutnings á olíuvörum telur n., að fást muni lægri flutningsgjöld. Til að standa undir fjármögnun nýrra olíuinnflutningsstöðva leggur n. til, að stofnaður verði sérstakur fjárfestingarsjóður. Tekna í sjóð þennan telur n., að afla megi annars vegar með sérstöku gjaldi á umræddar olíuvörur og hins vegar með því að láta hluta af farmgjaldasparnaði vegna notkunar stærri skipa, þegar stöðin hefur verið tekin í notkun, renna í sjóðinn.

2. liður spurningarinnar hljóðar þannig: „Hafa verið gerðar eða eru á döfinni ráðstafanir til lækkunar á kostnaði við dreifingu og birgðahald olíuvara?“

Till. n., sem ég hef verið að skýra frá, miða allar að lækkun dreifingarkostnaðar á olíuvörum og eru þær nú í athugun hjá ríkisstj. Þá má og minna á, að olíuvörur hafa um langan aldur verið háðar verðlagsákvæðum og má því segja, að eftir þeirri leið sé stöðugt unnið að sem lægstum dreifingarkostnaði á olíuvörum.

3. spurningin er: „Hafa verið gerðar athuganir á því, hvort Íslendingum væri hagkvæmt að taka í sínar hendur olíuflutninga til landsins?“

Því er til að svara, að mér er ekki kunnugt um, að slíkar athuganir hafi verið gerðar nýlega.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. upplýsingar um málið og svör hans við fsp. Mér sýnist einsætt af þeim upplýsingum, sem hann gaf, að niðurstaða n. hefur verið sú, að á ýmsan hátt væri hægt að ná meiri hagkvæmni í dreifingu olíuvaranna til landsmanna en nú ætti sér stað. Það er t. d. auðsætt, að það er ekki hagkvæmni í því að hafa á hinum ýmsu stöðum úti um landið þrjár smásöludreifingarstöðvar hlið við hlið, og síður en svo er það hagkvæmt, að hjá hverju olíufélagi fara jafnan tveir risastórir bílar, annar með benzín, hinn með olíu, út í hinar afskekktustu byggðir landsins, vaða gegnum vegi, sem varla þola slíkar bifreiðar, vor og haust og valda stórkostlegum skemmdum á þeim. Og þarna eru á ferðinni 6 risastórar bifreiðar með geysilegan þunga, þegar þær eru með fullu hlassi, og valda miklu tjóni. Sex bifreiðar eru þarna á ferð í staðinn fyrir tvær og það er óhugsandi annað en þetta sé alldýr liður í dreifingu olíuvaranna til landsmanna.

Mig langar til þess að spyrja, ef ég mætti, í framhaldi af því, sem þegar er upplýst í málinu, hvort hæstv. ríkisstj. hafi þegar hugsað sér að gera eitthvað til þess að framkvæmd verði á þeim ábendingum, sem n. komst að niðurstöðu um og auðvelt væri að hefja framkvæmdir á innan langs tíma.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tók það fram áðan, að þessi mál væru í athugun hjá ríkisstj. Það eru ekki fullir tveir mánuðir síðan ríkisstj. fékk þetta nál., sem er raunar heil bók og mikið verk að skoða frá öllum hliðum, en hv. þm. er öllum kunnugt um, að í mörg horn hefur verið að líta hjá ríkisstj. og þm. á undanförnum vikum, svo að tími hefur ekki unnizt til þess að grandskoða þetta mál. En það mun verða gert og þær ákvarðanir teknar snemma á næsta ári um þær endur-

bætur á olíudreifingarmálunum, sem ráðlegar þykja.

En fyrst ég á annað borð þurfti að fara í ræðustólinn til þess að gera þessa aths., vildi ég í tilefni af fyrri ræðu hv. þm. gefa nokkrar upplýsingar um olíuverðið hér á landi og í nokkrum nágrannalanda til þess að eyða þeim misskilningi, sem er mjög algengur og kom fram í fyrri ræðu hv. þm., að verð á olíuvörum sé mun hærra hér á landi en annars staðar og sé ástæðan m.a. óhagkvæmt dreifingarkerfi hér. Með þessu er ég ekki að segja, að ekki geti ýmislegt staðið til bóta í olíuviðskiptunum á Íslandi og olíuflutningum til landsins. Þvert á móti tel ég, að ýmislegt mætti gera þar til endurbóta og að því verður unnið, en engu að síður er það ekki rétt, að verðlag á olíuvörum sé notendum eða neytendum sérstaklega óhagstætt hér. Ég skal nefna sem dæmi verð á gasolíu frá tankbíl. Hér verður auðvitað miðað við nettóverð, þ. e. a. s. söluverð að frádregnum sköttum til þess að tölur séu sambærilegar, því að skattarnir eru misjafnir í hinum ýmsu löndum. Verð á gasolíu frá tankbíl er hér á Íslandi 2.94 kr. nettó, og það er sama verð og lægsta verð í Noregi, en verð í Noregi er upp í 4.05 kr. Verðið hér er nettó sama verð og það lægsta í Noregi, en þar eru mörg verð eftir ýmsum aðstæðum og ýmsum landshlutum og fer allt upp í 4.05 kr. Í Danmörku er verðið nettó 2.95 kr., þ. e. a. s. 1 eyri hærra, og í Svíþjóð er það frá 3.01 kr. upp í 3.86 kr. Í Hollandi er það 3.85 kr., svo að verð á gasolíu frá tankbíl hér er með því hagstæðasta, sem gerist í nálægum löndum.

Verð á benzíni frá dælu er hér á Íslandi 4.20 kr., og er hér um að ræða 93 oktana benzín. Í Noregi er selt 90 oktana benzín, og þar er verðið frá 5.30 upp í 5.70 frá dælu. Í Danmörku er verðið 4.55. Í báðum þessum löndum er það hærra en hér. Í Svíþjóð er verðið frá 5.45 upp í 5.80, allmiklu hærra en hér. Í Bretlandi er það hins vegar lægra. Og ef ég tek enn fremur verð á léttri fuelolíu frá tankbíl, þá er það á Íslandi 2.08 kr. á lítra, en í Noregi er það frá 2.34 kr. á lítra og upp í 3.30 kr. Lítraverðið í Svíþjóð, lægsta verðið, er nokkru lægra, 1.94, en upp í 2.73 kr. Og ef um þunga fuelolíu er að ræða, þá er verðið hér á lítra 1.86 kr. Í Svíþjóð er það frá 1.77 kr. upp í 2.56 kr., og í Englandi er það 2.56 kr. Ég hef því miður ekki lítraverðið í Noregi, heldur aðeins verð á tonni, en verð á tonni af þungri fuelolíu er hér 1945 kr., en í Noregi frá 2066 kr. upp í 2190 kr. Þessar tölur ættu að taka af öll tvímæli um það, að jafnvel þótt ýmislegt gæti eflaust staðið til bóta í olíudreifingunni og kostnaður við hana gæti orðið minni, sem vonandi verður raunin á, ef skipulagsbreytingar verða gerðar, þá haggar það ekki þeirri staðreynd, að olíuverðlag og benzínverðlag hér á landi er ekki óhagstætt, miðað við það, sem gerist í nálægum löndum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. ráðh., að ég hafi nokkuð vikið að samanburði verðlags á olíuvörum hér á landi og í öðrum löndum. Það gerði ég ekki. En það skiptir ekki máli. Ég þakka hins vegar þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf um verðlag á olíuvörum erlendis. Ég vil bara vona, að þó að hann kæmist að þeirri niðurstöðu, að hér væri olíuverð ekki óhagstæðara en í okkar nágrannalöndum, þá verði það ekki værðarpúði fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að láta dragast á langinn að gera þær hagkvæmnisráðstafanir, sem hægt virðist vera, því að sannarlega veitti íslenzkum sjávarútvegi ekki af því og landsmönnum yfirleitt með tilliti til þeirrar dýrtíðar, sem við búum við, að þess fyndust dæmi, að einhver vara fengist hér ódýrari en í nálægum löndum. Ég held, að það ætti fljótt að bregða við og breyta þessu óhagstæða kerfi, sem við erum allir búnir að sjá, að er hneykslanlega óviturlegt og óhagkvæmt, í hagkvæmt horf, þannig að landsmenn gætu á þessu sviði haft af því hagnað að búa við lægra olíuverð en aðrar þjóðir. Ég held, að þess sé full þörf, því að hér er um mjög þýðingarmikinn vöruflokk að ræða, sem kemur víða við sögu, bæði í einkaheimilishaldinu hjá íslenzkri þjóð og hjá okkar aðalatvinnuvegum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það vakti athygli mína í sambandi við upplýsingar þær, sem hæstv. viðskmrh. gaf um störf þeirrar n., sem ríkisstj. skipaði til þess að athuga dreifingarkostnað á olíu hér á landi, að það virtist vera, að n. hefði aðallega fjallað um það, hvað mætti gera olíufélögunum til handa í þessum málum. M. a. höfðu þeir helzt komizt að þeirri niðurstöðu, að það gæti verið hentugt fyrir olíufélögin, að þau mynduðu með sér eitt félag, enda væri það þá alveg tryggt, að þar kæmu ekki aðrir að. Auk þess var svo auðvitað tekið fram, að ef hægt væri að koma fram sparnaði með þessu nýja fyrirkomulagi, skyldi hann allur renna til þessara sömu olíufélaga. Og að því leyti til, sem kannske væri rétt að koma upp einni olíumóttökustöð í Reykjavík fyrir allt landið, þá væri sjálfsagt að gera það með þeim hætti að leggja sérstakan skatt á olíuverð í landinu og nota þann hagnað, sem af því fengist að flytja olíuna til landsins í stærri skipum en áður, til þess að olíufélögin eignuðust þessa olíustöð.

Það var margt gott í þessu, enda fór auðvitað ekkert á milli mála, að það var tilgangurinn með þessari nefndarskipun að athuga, hvernig mætti vernda þessa einokunaraðstöðu hjá olíufélögunum, sem þau hafa haft. En það hefur ekki verið aðalvandamálið í þessum efnum, og ætti hæstv. viðskmrh. að athuga það, — það hefur ekki verið aðalvandamálið í þessum efnum, hvernig væri hægt að hlúa meir og betur að olíufélögunum en gert hefur verið. Það hefði kannske mátt reyna að koma upp því skipulagi hér á landi, að þau olíusamlög stórra notenda í landinu, eins og t. d. útvegsmanna, sem eru starfandi samkv. lögum, gætu fengið að kaupa olíu á réttu verði, á því heildsöluverði, á því innkaupsverði, sem ríkið hefur sjálft gert á olíunni. Því að það er ríkið, sem semur við

hinn erlenda aðila um að kaupa olíu til landsins. Ríkið veit því, hvað er rétt heildsöluverð á olíunni og ætti m. a. að leyfa þessum dreifingarstöðvum að fá rétt heildsöluverð. En eins og skipulagið er nú og eins og þessi n., sem hér er að skýra frá sínu áliti, virðist vera sammála um, er það alveg fyrirmunað, að aðrir geti fengið rétt verð á olíunni en olíufélögin sjálf. Ég verð að segja, að það eru alveg furðuleg vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj. að ætla að halda sér á þennan hátt við það mikla vandamál, sem hér átti í rauninni að gera athugun á.

Í framhaldi af þessu kemur svo hæstv. viðskmrh. og nefnir nokkrar tölur og það með þeim hætti, að maður skyldi halda, að hæstv. ráðh. héldi og hann tryði því, að sú væri raunin á, að olíuverð hér á landi hafi að undanförnu verið sambærilegt við það, sem er í okkar nágrannalöndum. (Gripið fram í.) Jæja, eða þeir, sem hafa matreitt þetta fyrir hæstv. ráðh. í þetta skipti. Ég býst ekki við, að hann hafi farið djúpt ofan í það sjálfur, — ekki haft aðstöðu til þess. En hér er verið að draga ýmiss konar skatta og gjöld frá verðlaginu innanlands. Svo er verið að birta alls konar verð að utan, og hver segir, að þetta sé á sambærilegum grundvelli. Eitt veit ég þó, og það er af því að ég hef séð afreikningsnótur, að verðlag í septembermánuði s. l. var þannig, að gasolía, sem seld var til íslenzkra skipa í löndunarhöfnum í Vestur-Þýzkalandi, var á 40% lægra verði en hægt var að fá olíuna til skipanna hér á landi. Þetta er hægt að sanna með nótum. Og það hefur verið skýrt frá þessu opinberlega, og enginn treyst sér til þess að hnekkja þessu. Enda tók ég eftir því, að hæstv. ráðh. var hér að lesa upp tölur um verð á gasolíu úr bílum og eins samanburð á verði á benzíni, sem segir í rauninni ekki neitt. Við vitum, að meginhlutinn af benzínverðinu hér og erlendis reyndar líka er skattar.

Nei, því fer víðs fjarri, og það vita allir, sem hafa keypt olíu sjálfir, ýmist í enskum höfnum, þýzkum höfnum eða í okkar viðskiptalöndum, og kaupa sams konar olíu hér, að á undanförnum árum hefur verið stórfelldur munur á þessu, verðlaginu hér í óhag. Það er því full ástæða til þess að snúa sér að því vandamáli, sem þessi rannsóknarnefnd kemst ekki hjá að drepa á, að hún verður auðvitað að viðurkenna það í leiðinni, að það mætti koma við betri nýtingu á bifreiðum og tækjum í sambandi við olíudreifinguna; það mætti fækka útsölustöðum, þar sem þeir eru margir á einum og sama stað o. s. frv. Auðvitað færi bezt á því í þessum efnum, að þar sem svo stendur nú á, að það er einmitt ráðh. Alþfl., hæstv. viðskmrh., sem hefur með þessi mál að gera, að hann sýndi í einu tilfelli, að hann stæði við yfirlýsta stefnu Alþfl., flokksins hans, og sneri sér að því að reyna að leysa þetta mál á þann hátt, sem hans eigin flokkur hefur lýst yfir, að sé hans stefna, en það er að vinna að því að koma upp ríkisverzlun með olíu og koma olíusölunni þannig fyrir á þann ódýrasta hátt, sem hægt er í landinu, en ekki að láta leiða sig til að vera að bauka við það, hvernig megi koma meiri gróða í kassann hjá olíufélögunum. Það er ekki aðalvandamálið í þessum efnum. Og ég vildi vænta þess, af því að það má heita fróðlegt, að hæstv. ráðh. vildi leyfa okkur þm. að sjá þessa nýju olíubók, sem hann var að skýra frá, nál., sem var upp á heila bók. Þetta hlýtur að vera opinbert álit. N. hefur verið skipuð og tilkynnt opinberlega, og við þm. ættum að geta fengið að sjá þetta álit. Hér eru liggjandi fyrir þinginu till. um það, hvernig skuli skipa þessum málum og það væri ekki nema eðlilegt að fá að sjá þetta álit. Ég vildi fara fram á það við hann að hlutast til um, að við fengjum að sjá þetta merkilega álit, sem hér hefur verið skýrt frá.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal með ánægju taka það til athugunar, á hvern hátt þm. yrði með einföldustu móti kynnt niðurstaða olíunefndar, sem um hefur verið að ræða. Að fjölrita eða prenta allt nál. hygg ég að yrði óþarflega dýrt, en það er enginn vandi að taka saman niðurstöðurnar og kynna þm. þær, og það skal ég með ánægju gera.

Annars vildi ég fyrst og fremst leiðrétta það hjá hv. þm., að ég hafi sagt, að allur sparnaður, sem kynni að verða af endurskipulagningu olíuviðskiptanna, ætti samkv. áliti n. að renna til olíufélaganna. Í nál. er sagt, og um það urðu allir nm. sammála, að heppilegt væri að vekja áhuga olíufélaganna sjálfra á lækkuðum rekstrar- og dreifingarkostnaði, t. d. með því móti, — þetta mun ég hafa sagt orðrétt, — að nokkur hluti þess sparnaðar eða tekna af sparnaði rynni til olíufélaganna sjálfra. Og það tel ég vera tvímælalaust heppilega stefnu og heppilega skipan, að sá sparnaður, sem yrði af bættum flutningum til landsins og bættri dreifingu um landið og bættu birgðahaldi, skiptist milli notendanna annars vegar og dreifendanna hins vegar.

Það er ekki um það að ræða, að n. mæli með því, að einokunaraðstaða olíufélaganna sé vernduð, eins og hv. þm. tók til orða. Það er staðreynd, að hér eru þrjú olíuviðskiptafyrirtæki, sem eiga vægast sagt í mjög takmarkaðri samkeppni sín á milli, sem og er eðlilegt, þar sem olíuvörurnar hafa um áratugi verið háðar verðlagseftirliti. Og n. gerir engar till. um að vernda aðstöðu þeirra. Hún gerir einungis ráð fyrir því, að þessi félög muni starfa áfram. Það, sem hv. þm. sagði um upplýsingar mínar um olíuverðið, byggist á því, að þegar hann nú eins og endranær gerir samanburð á gasolíuverði hér og í Vestur-Þýzkalandi, — það hefur hann gert og hans blað margoft áður, — þá er hann að bera saman viðskiptahætti, sem ekki verða bornir saman, þ. e. a. s. olíuviðskipti við gerólíkar aðstæður. Það verð, sem hann notar frá Vestur-Þýzkalandi, er svonefnt „bunkerverð," sem allir íslenzkir fiskimenn þekkja mjög vel, og það er alveg rétt, að „bunkerverðið" í Vestur-Þýzkalandi og annars staðar, þar sem verzlað er með líkum hætti, er mun lægra en verðið hérna. Verðið hér, samkv. upplýsingum, sem ég hef, var á s. l. ári um 70% hærra en „bunkerverð" í Cuxhaven, og gasolíuverðið hér var um 50% hærra

heldur en „bunkerverðið“ á gasolíu í Cuxhaven, svo að ákveðið dæmi sé tekið.

Þarna fór hv. þm. algerlega með rétt mál. En viðskiptaaðstæðurnar eru allt aðrar. Þarna er um stórsölu að ræða og allt annan viðskiptahátt en hægt er að viðhafa hér á Íslandi að óbreyttum öllum aðstæðum. Olían er flutt til meginlands Evrópu í mjög stórum skipum og siglingaleið þangað frá olíulindunum er mun styttri en til Íslands, og nemur þetta mjög verulegum upphæðum. Þá er þess og að geta, að hér er innifalið í verðinu verðjöfnunargjald, sem nemur hátt á þriðja hundrað kr., og er dreifingarkostnaðurinn um landið greiddur af þessu verðjöfnunargjaldi. En um slíkt er auðvitað ekki að ræða í „bunkerverðinu“ í Vestur-Þýzkalandi eða annars staðar. Þá ber einnig að geta þess, að um er að ræða skatt- og tollfrelsi við sölu úr „bunker“ til erlendra skipa. En hér er söluskattur, toll- og leyfisgjöld allt að því 200 kr. á hvert tonn olíunnar. Ennfremur er auðvitað miklu lægri álagning, þegar um slíka viðskiptahætti er að ræða við „bunkersölu“, og einnig getur verið, að lægra innkaupsverð fáist á olíunum, þegar keypt er inn í jafnstórum stíl og þeir viðskiptaaðilar, sem „bunkersölu“ annast, hafa aðstöðu til. Ég hygg, að meginhluti verðmismunarins sé auðveldlega skýranlegur með þessum atriðum, sem ég nefndi áðan.

Að síðustu vék hv. þm. að því, að hann þægi með mikilli ánægju, ef mér tækist að framkvæma stefnu míns flokks í olíumálunum, sem sannarlega er sú, að eðlilegasta skipanin væri, að ríkið hefði einkasölu á olíuinnflutningi og olíuviðskiptum í landinu. Það er rétt, þetta er stefna Alþfl., og Alþfl. hefur nú eins og áður lýst yfir þessari stefnu sinni og heldur fast við hana. Hann telur það vera langæskilegasta skipulagið, að olíuinnflutningur og olíuviðskipti í landi eins og Íslandi væru á einni hendi, og þá er eðlilegast, að þar sé um ríkið að ræða. Hitt er annað mál, að Alþfl. hefur hvorki nú né áður aðstöðu til þess að koma þessari stefnu sinni í framkvæmd. Það á ekki bara við um Alþfl. Það á einnig við um flokk hv. þm. Hann hefur heldur ekki haft aðstöðu til þess að koma þeirri stefnu sinni í framkvæmd, og þótt við tveir tækjum saman, hefðum við ekki aðstöðu til þess. Það er yfirlýst stefna tveggja stærstu þingflokkanna, að olíuviðskipti skuli í megindráttum vera í því horfi, sem þau eru nú, þó að ég geri fastlega ráð fyrir því eða voni það, að samkomulag verði um að gera á þeim þær endurbætur, sem hugsanlegar eru á grundvelli núverandi meginskipulags. En ég vildi minna hv. þm. á, að það er ekki aðeins ég, sem er í þeirri aðstöðu, sem ég er nú, að fara með viðskiptamál án þess að hafa aðstöðu til þess að koma stefnu míns flokks í framkvæmd. Hann hefur áður sjálfur setið í sama ráðherrastóli og ég sit. Hann var um nokkurra ára bil viðskmrh., og varð ég ekki var við og hefur enginn orðið var við það, að honum hafi þá tekizt að koma stefnu síns flokks í framkvæmd. Ég get því ekki séð, að ég sé ámælisverður eða minn flokkur fyrir það, að við að þessu leyti getum ekki komið stefnu okkar flokks í framkvæmd, frekar en hann er ámælisverður fyrir að hafa setið í sama stóli og ég í 2½ ár án þess að koma sinni stefnu í framkvæmd.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning, sem mér virðist koma fram hjá hæstv. ráðh., að því sölufyrirkomulagi á olíu, sem ég tók til samanburðar erlendis, sé ekki hægt að koma við hér á landi. Þetta er mesti misskilningur. Hér er ekki um meiri stórsölu að ræða en það, að sérhvert íslenzkt fiskiskip, sem kemur í þessar erlendu hafnir, — ekki aðeins eina höfn, heldur yfirleitt allar hafnirnar, sem þar er um að ræða, — getur fengið það venjulega magn, sem þau kaupa af olíu, á þessu verði. Og þau kaupa nákvæmlega sama magn úr olíukrönunum hjá olíufélögunum hér á landi og með sama hætti og erlendis, svo að hér er ekki um meiri eða öðruvísi stórsölu að ræða en svo. En hitt er svo annað mál, að það skipulag hefur verið hér á landi í mörg ár, að verðmunur á olíu til skipa hér og erlendis hefur verið miklu meiri en verðmunur á húsaolíu eða olíu til húsakyndingar. Hér hefur farið fram ákveðin verðjöfnun eftir gamalli reglu olíufélaganna. En það er allt annað vandamál.

Það er líka misskilningur hjá hæstv. ráðh., að þessi verðmunur í erlendu höfnunum til fiskiskipa og hér á landi stafi af verðjöfnunargjaldinu. Það er mikill misskilningur. Það stafar ekki af því. Víða erlendis á sér stað alveg hliðstætt verðjöfnunargjald og hjá okkur, en vitanlega nær sú verðjöfnun aðeins til skyldra greina, en er ekki milli alveg óskyldra greina, eins og á sér stað í gegnum það fyrirkomulag, sem olíufélögin hafa knúið fram hér á landi í mörg ár.

Ég vil svo aðeins segja, að ég hafði skrifað niður eftir hæstv. ráðh. úr hans upphaflega máli, að í till. þessarar n. væri að finna, að það ætti einungis að selja áfram til sömu olíufélaganna. Þau ættu að starfa áfram og reglur skyldu vera miðaðar við það, að aðeins þeim yrði seld olía, svo að það er auðvitað ekkert um það að villast, að þessar till. miðast við það að viðhalda einokunaraðstöðu þessara þriggja félaga. Þau þrjú eiga að mynda með sér nýtt félag til að hagræða eitthvað sín á milli, en að öðru leyti er gert ráð fyrir því í till., eins og ráðh. las þær upp, að það skuli aðeins selt til þeirra og þau síðan selja til annarra notenda í landinu, svo að það er auðvitað ekkert um það að villast, að þarna er verið að gera ráð fyrir því að viðhalda einokunaraðstöðu þeirra.

Þá kom ráðh. með það, að ég hefði átt sæti í ríkisstj. og þá ekki komið fram stefnu míns flokks í þeim efnum að koma hér á ríkisverzlun með olíu. Hann hlýtur að muna það mætavel, að ég lagði fram í þeirri ríkisstj. frv., sem ég hafði flutt hér og hef verið að flytja hér á undanförnum árum um það, að tekinn yrði upp sá háttur að koma hér á olíuverzlun ríkisins. Það er rétt, það fékkst ekki samstaða um það í þeirri ríkisstj. Þar með náði það

ekki fram að ganga. Ég hef aldrei ásakað hæstv. ráðh. fyrir það, að hann skuli ekki á undanförnum árum hafa getað beygt Sjálfstfl. í þessum efnum. En ég hef fulla ástæðu til að halda, að það sé þegar orðin meirihlutaaðstaða á Alþ. til þess að koma þessari skipan á, og þar sem till. liggur fyrir um að koma þessu skipulagi á og yfirlýsingar eru bæði frá mínum flokki og flokki hæstv. ráðh. um skýra afstöðu í málinu, þá eigum við að láta reyna á það, hvort það er ekki þegar komin upp aðstaða hér á þingi til þess að fá þetta skipulag viðurkennt og þá þarf ekki að fara þessa undarlegu krókaleið, sem þarna er verið að leggja til af þessari n. olíufélaganna, vil ég segja, sem þarna var á ferðinni. Mér sýnist, að hennar till. leysi lítið annað en að hagræða einhverjum málum fyrir olíufélögin sjálf.

31. Sementsverksmiðja ríkisins (fsp. BGr).

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til iðnmrh. um Sementsverksmiðju ríkisins [80. mál, 5] (A. 100).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 17. og 19. fundi í Sþ., 4. og 11. des., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Sementsverksmiðja ríkisins hefur starfað í liðlega 12 ár og reynzt hið mesta þjóðþrifafyrirtæki. Hún hefur framleitt mikið af góðri nauðsynjavöru, sparað þjóðinni mikinn gjaldeyri og veitt mikla atvinnu. Þegar verksmiðjunni var ákveðinn staður á Akranesi mun varla nokkrum manni hafa komið annað til hugar en skrifstofur og stjórn verksmiðjunnar ættu einnig að vera þar.

Nú hefur farið svo, að Sementsverksmiðjan hefur ekki eina skrifstofu, heldur tvær, skrifstofu á Akranesi og aðra skrifstofu í Reykjavík. Skrifstofan í Reykjavík, sem er í dýru leiguhúsnæði skammt frá höfninni, mun vera stærri en skrifstofan á Akranesi, og mun æðsta stjórn verksmiðjunnar að jafnaði hafa setið í höfuðborginni. Augljóst er, að þetta er bæði dýrt og óhentugt fyrir verksmiðjuna. Sementsverksmiðjan hefur byggt ágætt skrifstofuhús á Akranesi og getur þar leigt út skrifstofuhúsnæði, en fyrir það fær hún aðeins brot af því, sem hún borgar sjálf fyrir leiguhúsnæði í höfuðborginni. Auk þess hlýtur þetta að leiða til óhagræðis og kostnaðar, m. a. ferðakostnaðar. Mér er tjáð, að stjórn Sementsverksmiðju ríkisins hafi samþykkt a. m. k. einu sinni að leggja skrifstofuna í Reykjavík niður og hafa skrifstofuhald og stjórn á Akranesi. En þessi skipting helzt enn þann dag í dag að því er ég bezt veit. Ég vil taka fram, að eðlilegt er, að Sementsverksmiðjan hafi sölu- og dreifingarskrifstofu hér í Reykjavík, og það hefur verksmiðjan haft óháð þeirri aðalskrifstofu, sem hér um ræðir.

Í tilefni af þessu ástandi hef ég leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. iðnmrh., hvað líði flutningi skrifstofu Sementsverksmiðju ríkisins frá Reykjavík til Akraness.

2. liður fsp. er á þá leið, að spurt er, hvort hið nýja gengi krónunnar skapi möguleika á því að flytja út sement. Sementsverksmiðjan mun hafa flutt lítið magn af sementi út á undanförnum árum, og er af þeirri reynslu augljóst, að sementið er samkeppnisfært hvað gæði snertir. En um verð hefur verið önnur saga og flutningskostnaður erfiður.

3. liður fsp. er í beinu framhaldi af 2. lið. Ef það reynist hugsanlegt að flytja út sement, þá er spurt, hve mikill sá útflutningur þyrfti að vera til þess að mynda grundvöll að stækkun Sementsverksmiðjunnar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. „Hvað líður flutningi á skrifstofu Sementsverksmiðju ríkisins frá Reykjavík til Akraness?“ Um það er þetta að segja:

Stjórn verksmiðjunnar hefur ákveðið að láta í byrjun næsta árs koma til framkvæmda fyrri ákvörðun um að flytja aðalskrifstofu verksmiðjunnar upp á Akranes. Settur framkvæmdastjóri sagði upp leiguhúsnæði í Hafnarhvoli fyrst munnlega, en nokkrum dögum síðar var það staðfest með bréfi, 22. nóv. s. l., og kvittaði leigusali fyrir móttöku. Húsnæðinu er sagt upp frá 1. maí 1969.

Varðandi hina tvo liðina, um útflutning á sementi, er þetta að segja: Það hefur aldrei verið ætlunin, að útflutningur á sementi yrði þáttur í venjulegri starfsemi verksmiðjunnar. Hins vegar hefur verið flutt út sement, þegar afköst verksmiðjunnar voru meiri en notkunin innanlands. Hugsanlegt er, að svo geti orðið á næsta ári, og er það mál í athugun. Á árunum 1961, 1962 og 1963 voru alls flutt út rúmlega 50 þús. tonn, og var andvirði þessa útflutnings alls 282 þús. sterlingspund.

Hið nýja gengi veldur stórhækkuðum rekstrargjöldum verksmiðjunnar, sérstaklega á innfluttum rekstrarvörum, svo sem gipsi, brennsluolíu, pokum, varahlutum, stálkúlum o. fl. og ennfremur á vöxtum af erlendum lánum og afborgunum af þeim. Hið nýja gengi gerir því útflutning lítt eða ekki hagkvæmari en ella, nema að svo miklu leyti, sem það yrði selt til útlanda, sem ekki er hægt að selja innanlands fyrir hærra verð en nemur breytilegum kostnaði.

Við þetta vil ég svo aðeins bæta því, að þeir hafa

verið erlendis til að athuga þetta mál nánar, formaður verksmiðjustjórnarinnar og settur framkvæmdastjóri, en eru nýlega komnir heim. Er of snemmt að gera grein fyrir, hvaða horfur séu nú á því, að hægt sé að flytja út sement, svo að hagkvæmt sé fyrir verksmiðjuna, en eins og áður segir, er það mál í athugun.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir skýr og greinargóð svör og lýsi ánægju minni yfir því, að nú skuli loksins eiga að framkvæma þá ákvörðun verksmiðjustjórnar að flytja skrifstofurnar á einn stað á Akranesi.

32. Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn.

Á 23. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn [124. mál, 1] (A. 188).

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í meira en áratug hefur verið rætt hér á landi um að stofna lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, og ekki hefur aðeins verið rætt um málið. Það hafa einnig verið framkvæmdar víðtækar athuganir í því sambandi. 1964 var t. d. Haraldi Guðmundssyni, fyrrv. forstjóra Almannatrygginga, falið að semja álitsgerð um, hvort ekki væri tímabært að setja löggjöf um almennan lífeyrissjóð, sem allir landsmenn, sem ekki eru nú þegar aðilar að lífeyrissjóðum, geti átt aðgang að, eins og stóð í bréfi ríkisstj. Haraldur skilaði skýrslu haustið 1965 og segir þar svo um niðurstöðu sína, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er fullkomlega tímabært að setja löggjöf um eftirlaunasjóð og eftirlaunatryggingu fyrir allt vinnandi fólk til viðbótar við gildandi lífeyristryggingar. Eftirlaunin séu miðuð við fyrri vinnutekjur og starfstíma, kaupmáttur þeirra tryggður og upphæð þeirra ákveðin með það fyrir augum, að ellibæturnar, þ. e. lífeyrir og eftirlaun samtals, nægi til þess að afstýra tilfinnanlegri kjaraskerðingu að loknu ævistarfi. Jafnframt lít ég svo á, að samtímis þessari lagasetningu þurfi að gera breytingar á gildandi lífeyristryggingum, svo að þær verði hæfilegur grundvöllur og undirstaða eftirlaunatryggingarinnar og lágmarksbætur við hæfi.“

Þetta varð niðurstaðan af þessari rannsókn Haralds Guðmundssonar, en síðan er liðið hálft fjórða ár. Þn. hefur starfað að undirbúningi málsins, en enn hefur ekkert frv. séð dagsins ljós. Enn virðist málið ekki vera komið á ákvörðunarstig svo að ég viti. Hins vegar hefur reynslan sannað æ betur, að það tryggingakerfi, sem nú er í landinu, er gersamlega óviðunandi orðið. Meiri hluti aldraðs fólks verður að sætta sig við stórfellda skerðingu á lífskjörum sínum um leið og starfsævinni er lokið og raunar við lífskjör, sem eru algerlega ósæmandi þjóðfélagi okkar. Raunin er einnig sú, að almannatryggingarnar hafa dregizt aftur úr. Þær hafa ekki fylgzt með hinni almennu efnahagslegu þróun í landinu. Og við höfum einnig dregizt aftur úr þróuninni annars staðar á Norðurlöndum. Bæturnar hér eru miklum mun lægri en þær eru hjá grannþjóðum okkar. Ég held, að ellilaun á Íslandi nái ekki helmingi af ellilaunum í Danmörku, eins og nú er komið.

Verðbólgan hefur bitnað mjög harkalega á öldruðu fólki, sérstaklega vegna þess að verðhækkanir á brýnustu nauðsynjum, þar á meðal matvælum, hafa verið meiri en meðalverðhækkanir, þannig að þegar hér eru flutt frv. um að hækka slíkar greiðslur í hlutfalli við vísitölu, — eitt slíkt frv. liggur nú fyrir þinginu, — þá er þar um raunverulega skerðingu að ræða, vegna þess að nauðþurftartekjurnar eru notaðar til þess að kaupa þær vörur, sem hækka meira en meðaltalið hefur hækkað. Þetta hefur verið reynslan um langt árabil, þannig að kaupmáttur þessara ellilauna og annarra slíkra greiðslna hefur farið sífellt lækkandi.

Að undanförnu hefur þetta vandamál einnig magnazt af öðrum ástæðum. Atvinnuskorturinn og atvinnuleysið á Íslandi hefur leitt til þess, að gömlu fólki hefur verið sagt upp störfum öðrum fremur. Það hefur verið háttur íslenzkra verkamanna að vilja vinna meðan þeim entist þrek, en nú er svo komið, t. d. hér í Reykjavík, að þess er varla nokkur kostur fyrir sjötugan mann að fá vinnu. Hér er um að ræða verulegt félagslegt vandamál, en einnig fjárhagslegt. Þessir menn eru dæmdir til að búa við lífskjör, sem eru eins og ég sagði áðan algerlega vansæmandi fyrir þjóðfélagið.

Áhuginn á almennri lífeyristryggingu hefur farið mjög vaxandi að undanförnu. Opinberir starfsmenn hafa lengi búið við þetta kerfi, en á undanförnum árum hafa margir starfshópar komið sér upp sérstökum lífeyrissjóðum. Þeir skipta orðið mörgum tugum núna, og það kerfi er áreiðanlega ekki haganlegt fyrir þjóðfélagið að halda uppi aragrúa af smáum lífeyrissjóðum. Það væri miklu skynsamlegra að fella þetta saman í eitt samfellt kerfi.

Verkalýðshreyfingin hefur sýnt þessu máli vaxandi áhuga á undanförnum árum, gert um það samþykktir á þingum sínum, og raunar hefur það komizt inn í kjarasamninga aftur og aftur, nú seinast í sjómannadeilunni, eins og menn vita, þannig að þetta mál er alltaf að verða brýnna og brýnna.

Fsp. mína ber ég fram til þess að vita, hvernig málið er nú á vegi statt hjá hæstv. ríkisstj., hvort það er komið á ákvörðunarstig, auk þess sem ég vildi nota þetta tækifæri til þess að hvetja hæstv. ríkisstj. til þess að hraða þessu máli sem allra mest.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ef gera ætti þessari fsp. viðhlítandi skil, yrði ég að fara langt út fyrir þann umræðuramma, sem ætlazt er til í fsp.-tíma Alþ., og sé á þessu stigi ekki ástæðu til að gera það, en vil um leið skýra frá því, að ég er reiðubúinn til þess að láta hv. fyrirspyrjanda í té skriflega allar þær upplýsingar, sem ég hef um málið og skal gera það, ef það er hans vilji og ósk. Að öðru leyti er svar mitt þetta:

Með bréfi rn., dags. 6. apríl 1966, var skipuð 5 manna n. til að semja frv. til l. um almennan lífeyrissjóð. Þingflokkarnir tilnefndu sinn manninn hver í n., en formaður var skipaður án tilnefningar, og er Sverrir Þorbjörnsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins formaður n. Aðrir nm. eru þessir: Erlendur Vilhjálmsson deildarstjóri, Guðjón Hansen tryggingafræðingur, Hannibal Valdimarsson alþm. og Ingvar Gíslason alþm. N. hefur ekki enn lokið störfum. Samin hafa verið drög að frv. með grg., sem ég ætla, að séu til athugunar hjá stjórnmálaflokkum þeim, sem fulltrúa eiga í n.

Drög þessi hafa verið rædd allítarlega í n. Einstakir nm. hafa enn ekki tekið afstöðu til einstakra atriða í þessum frv.-drögum, og um skeið í haust féllu fundahöld í n. niður vegna sjúkdómsforfalla formanns. Um þessar mundir eru fundahöld að hefjast að nýju í n., og er þess að vænta, að þá muni ljósara um afstöðu einstakra nm. til málsins.

Að öðru leyti ítreka ég svo boð mitt um að láta hv. fyrirspyrjanda í té allar upplýsingar, sem ég hef um málið, ásamt þeim frumvarpsdrögum, sem þegar hafa komið frá nefndinni.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Ég ætlaðist ekki til þess, að hann færi að rekja í einstökum atriðum, hvernig þetta mál er á vegi statt, og ég mun færa mér í nyt tilboð hans um að fá að skoða þau gögn, sem nú eru tiltæk. Það, sem fyrir mér vakti, var að fá vitneskju um það, hvort þetta mál væri komið á ákvörðunarstig eða ekki. Og eins og svar hans bar með sér, er málið ekki enn þá komið á ákvörðunarstig. Sú n., sem að því hefur unnið, hefur ekki enn þá lokið störfum, og innan ríkisstj. virðist ekki vera um neina ákvörðun að ræða. Þetta finnst mér býsna athyglisvert atriði, m. a. vegna þess, að á flokksþingi Alþfl. s. l. haust voru samþykkt eins konar skilyrði í 8 liðum um þátttöku Alþfl. í ríkisstj. með Sjálfstfl. Þingið taldi nauðsynlegt, að eftirfarandi atriði yrðu þættir í væntanlegum efnahagsráðstöfunum, sagði í samþykkt þingsins, og þar er 3. liður svo hljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvörðun um að stofnaður verði lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn eftir tiltekinn tíma og að almannatryggingar verði efldar.“

Og síðan segir svo í ályktuninni í áframhaldi af þessu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef tekið verður tillit til þessara meginsjónarmiða, telur flokksþingið, að Alþfl. eigi að standa að þeim ráðstöfunum á þessu hausti, sem nauðsynlegar reynast til þess að leggja grundvöll að nýrri eflingu atvinnulífsins“ o. s. frv. Og enn fremur segir svo: „Náist samstaða milli stjórnarflokkanna um þessi meginatriði og önnur úrræði, sem Alþfl. getur fellt sig við, vill flokksþingið, að núverandi stjórnarsamstarfi verði fram haldið.“

Þannig setti þetta þing Alþfl. ráðherrum sínum skilyrði, fól þeim þá skuldbindingu að tryggja í sambandi við samninga um áframhaldandi stjórnarsamvinnu, að tekin yrði ákvörðun um að stofna lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

Það voru raunar fleiri skilyrði, sem voru í þessari stjórnmálaályktun Alþfl. Fyrsta skilyrðið var að tryggja öllum vinnufærum fulla atvinnu. Menn vita, hvernig við það hefur verið staðið allt til þessa, þegar atvinnuleysingjar á Íslandi eru orðnir hátt á 6. þúsund. Ég hafði satt að segja vænzt þess, að Alþfl. mundi reyna að koma fram einhverju af þessum skilyrðum, sem sett voru af flokksþinginu í haust. Og enda þótt n. hafi ekki lokið formlegum störfum sínum, hefði verið hægt fyrir ríkisstj. að taka um það formlega ákvörðun og tilkynna hana á þingi, að það væri ætlun ríkisstj. að láta setja lög um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn eftir tiltekinn tíma. Ég hygg, að undirbúningi þessa máls sé það langt komið, að það þurfi ekki að dragast mjög lengi enn þá að koma þessu máli í höfn.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég get tekið undir flest af því, sem hv. fyrirspyrjandi hefur sagt um þetta mál. Ég tel mjög eðlilegt, að þessi fsp. hafi komið fram. Hins vegar er staða mín í þessu máli sú, að ég er í þeirri n., sem vinnur að því að semja frv. um almennan lífeyrissjóð samkv. þál. og ákvörðun ráðh., og þess vegna ætla ég ekki á þessu stigi að hefja neinar almennar umr. um þetta efni. Í aðalatriðum og í öllu, sem máli skiptir, er það rétt, sem hæstv. ráðh. hefur haft um störf n. að segja. En ég vil aðeins bæta því við, að nefndarstörf voru hafin í haust og nokkrir fundir haldnir, og við vorum komnir allvel á veg með mörg atriði í sambandi við samningu frv., þegar formaður n., Sverrir Þorbjörnsson, veiktist, og það hefur orðið til þess að tefja störf n. Þetta tók hæstv. ráðh. réttilega fram, en ég vil líka undirstrika þetta. Og sem sagt, þess er að vænta, að n. taki nú aftur til starfa, enda eru þm. allir komnir saman, sem í n. eru, og ég verð að segja fyrir mína parta, að ég tel, að þetta mál sé af n. hálfu komið það langt á veg, að það sé engan veginn ómögulegt, að hægt verði að skila áliti, áður en þessu þingi lýkur, þ. e. a. s. ef ríkisstj. gerir okkur ekki þann greiða að rjúfa þing sem allra fyrst. En fari svo, að þing dragist fram á vorið, þá þykir mér hins vegar mjög líklegt, að það ætti að vera hægt að

leggja slíkt frv. fyrir þingið, ef vel yrði að málinu unnið til vors.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég veit ekki, hvaðan það kemur hv. síðasta ræðumanni að tala um, að það ætti að gera honum sérstakan greiða með því að rjúfa þing. Það má vel vera, að það sé eitthvað í sambandi við bankastjórastöðu Landsbankans eða eitthvað annað, sem við þurfum endilega að gera það fyrir hans sérstöku hönd að rjúfa þing. Kannske á að ráða þeim málum annars staðar en hér innan sala Alþ. Það er mál, sem þeir þurfa frekar að ræða í sínum hópi heldur en hér meðal okkar, enda förum við ekki út í það, því að annað mál er á dagskrá.

Það, sem ég vildi aðeins koma að, er áhugi hv. fyrirspyrjanda á þessum sameiginlega lífeyrissjóði allra landsmanna. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum náði stærsta verkalýðsfélag landsins samningum um lífeyrissjóð, en einmitt þessi hv. þm., sem hefur nú borið fram fsp., flokksmenn hans og önnur handbendi eyðilögðu það fyrir þeim mönnum, sem þá börðust fyrir því og höfðu náð samningum um þessi fríðindi og réttindi, sem ég tel vera sjálfsögð.

Það er ekkert launungarmál, að eitt höfuðmálið í þeirri erfiðu kjaradeilu, sem hefur staðið yfir meðal sjómanna og útvegsmanna, er deilan um lífeyrissjóð. Ég held hins vegar, að ekki fari dult, að samningar hafa náðst um þetta mál. En við sjáum á þessu dæmi og öðrum í sambandi við lífeyrissjóðina, sem hafa orðið til á undanförnum árum í frjálsum samskiptum launþega og vinnuveitenda, að þeir hafa orðið til vegna samninga. Þeir hafa orðið til vegna þess, að launþegarnir hafa fórnað ákveðnum kröfum gegn því að mynda slíka sjóði. Og ég vil eindregið, að það komi fram í þinginu og það komi til þeirrar n., sem fer með þetta mál, að það er ekki sama, hvernig verður haldið á þessu máli. Ef allt í einu á að steypa þessu í einn sjóð, eins og mér virðist, að sumir menn álíti, verður að fara með gát. Þetta kom jafnvel fram í þessari yfirlýsingu ríkisstj. á sínum tíma, sem ég hef ýmsa fyrirvara við, einfaldlega út af þessu, að við höfum margir hverjir barizt fyrir því árum saman og jafnvel fórnað okkar kröfum í launþegafélögunum til þess að ná þessum kjarabótum fram, sem við teljum þó, að komi kannske of seint fram fyrir marga. Við teljum, að við höfum verið að fórna þarna ákveðnum hlutum, og við teljum alls ekki rétt, að um leið eigi á einhverju ákveðnu ári að flytja þetta til allra annarra, sem hafa tekið sitt í beinum krónukröfum og fengið það í sínum launum á undanförnum árum, meðan við höfum orðið að binda þetta í þessum sjóðum, sem verðbólgan hefur vissulega verið að eyðileggja á undanförnum árum. Og það höfum við vissulega, sem höfum barizt fyrir lífeyrissjóðum í verkalýðsfélögunum, orðið að sætta okkur við. Um leið og við höfum viljað stuðla að því, að þessi samtök, sem hafa staðið að þessu, söfnuðu í sjóði, hefur þetta rýrnað vegna verðbólgunnar. En þar fyrir utan er ég mjög hlynntur því, að áfram verði haldið á þessari braut. Það hlýtur að verða þjóðfélaginu fyrir beztu, að einhverjir launþegar geti leyft sér að taka af sínum launum til þess að setja í slíka sjóði, en ég vil beina því til þeirra manna, sem hafa með þetta mál að gera, að það er ekki jafneinfalt og virðist koma fram í ræðum sumra, sem tala um þetta mál, að það sé beinlínis hægt að segja: Við skulum setja lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Ég spyr og hef spurt áður: Hvar standa þá þeir lífeyrissjóðir, sem fyrir eru? Hvað á að segja við þá menn, sem hafa á annan tug ára tekið á sig þær kvaðir að byggja upp stóra og mikla sjóði, sem nú eru til mikils gagns? Reyndar ekki fyrir þá sjálfa, heldur fyrir þjóðfélagið í heild, og þar á meðal minnist ég þess, að ríkisstj. og fleiri aðilar hafa ákveðið og samþykkt að taka af þessum sjóðum til úthlutunar í almenna veðlánakerfið fyrir húsbyggjendur. Þessir menn hafa safnað þessu fé, sem ég tel þeirra eign.

Mín ástæða til þess að koma hér upp er aðeins að benda á þetta atriði, að það eru fyrir hendi í dag sjóðir, sem aðilar hafa komið sér saman um í frjálsum samningum. Þeir eiga þá, og það á ekki að vera grundvöllur fyrir því, að Alþ. eða aðrir geti leyft sér að taka þessa sjóði til sinnar ráðstöfunar. Það á heldur ekki að vera hægt, þegar kemur að því að semja væntanlegt frv. um almennan lífeyrissjóð, að ganga fram hjá því, að þarna eru frjálsir samningar, sem áttu sér stað á sínum tíma og eignamyndun þeirra aðila, sem að þeim samningum stóðu.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi gat þess í sinni frumræðu, að flokksþing Alþfl. hefði gert um þessi mál mjög ítarlega ályktun, og ég efast ekki um, að hann hafi lesið hana rétt upp. En hann taldi þann ágalla á þessu máli, að ríkisstj. hefði ekki fyrir fram tekið formlega ákvörðun í málinu og lýst því yfir, að lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn skyldi stofnaður. Fyrst og fremst hefur ríkisstj. lýst yfir, að hún vildi að þessu vinna. Þær yfirlýsingar liggja fyrir, en ég tel það með öllu ólýðræðisleg vinnubrögð, að ríkisstj. taki ákvörðun, fyrr en fyrrgreint nál. liggur fyrir. Það eru eðlileg vinnubrögð, að n. fái að athuga málið, kryfja það til mergjar og gera sínar till. Það er síðan hlutverk ríkisstj. að taka afstöðu til nál., þegar það liggur fyrir. Annað væri rangt að farið, og í alla staði ólýðræðislegt. Ég tel þess vegna þau vinnubrögð, sem ríkisstj. hefur haft í þessu máli, þau einu réttu og eðlilegu, en þau vinnubrögð, sem hv. fyrirspyrjandi virðist vilja hafa, vera röng og óeðlileg.

33. Kæra á hendur forstöðumanni vinnuhælisins á Litla-Hrauni.

Á 23. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:

Fyrirspurn til dómsmrh. um kæru á hendur forstöðumanni vinnuhælisins á Litla-Hrauni [124. mál, 2] (A. 188).

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég hef borið fram fsp. til dómsmrh., og er hún prentuð á þskj. 188. Fyrirspurnin er í 2 tölusettum liðum og hljóðar þannig:

„1. Hvað hyggst dómsmrh. gera viðvíkjandi kæru, sem honum hefur borizt frá nokkrum starfsmönnum á Litla-Hrauni um meint misferli forstöðumanns vinnuhælisins, Markúsar Einarssonar?

2. Er það álit fangelsisnefndar, sem skipuð var og falið að rannsaka þessi mál, að lausn þeirra sé fengin með því, að Sigurði Kristmundssyni bryta vinnuhælisins hefur verið sagt upp starfi án nokkurra viðhlítandi skýringa?"

Þessi fsp. er fram borin vegna eindreginna og ítrekaðra tilmæla frá nokkrum mönnum austan fjalls, og eru sumir þeirra starfsmenn við vinnuhælið á Litla-Hrauni, sem raunar er nú réttara að nefna fangelsið á Litla-Hrauni, þar sem heita má, að vinna fyrir fanga þar sé að mestu úr sögunni.

Eins og fsp. ber með sér, kærðu nokkrir starfsmenn vinnuhælisins, undir forystu yfirgæzlumannsins Magnúsar Péturssonar, forstjórann, Markús Einarsson, fyrir meint misferli í starfi. Þetta mun hafa verið snemma á s. l. ári. Dómsmrn. fól þá stjórnarnefnd hælisins að kanna mál þetta. Stjórnarnefndin mun hafa yfirheyrt menn þá, er undirrituðu kæruna, enn fremur ræddi hún við aðra starfsmenn og ýmsa fanga og skilaði síðan skýrslu um athuganir sínar til dómsmrn.

Mál þetta hefur orðið að talsverðu hitamáli austur þar, bæði meðal starfsmanna og ýmissa annarra, sem næstir búa við vinnuhælið og telja sig allkunnuga högum og háttum þar. Hafa myndazt um þetta mál ýmsar sögur og sagnir, sem ég hef að vísu ekki hent neinar reiður á, en óvissan um niðurstöðu á rannsókn þeirri, sem gerð var í sambandi við kæruna, hefur aukið á alls konar getgátur og orðasveim um þetta mál. Í málinu virðist ekki annað hafa gerzt opinberlega en það, að bryta hælisins, Sigurði Kristmundssyni að nafni, sem var einn af þeim, sem undirrituðu kæruskjalið, var sagt upp starfi frá síðustu áramótum og að því er bezt er vitað, án þess að um nokkurt sakarefni hafi verið getið. Telja sumir, sem um þetta hafa rætt, að þarna sé saklaus maður látinn víkja í hefndarskyni. Ekki legg ég neinn dóm á þetta, en ég geri ráð fyrir því, að maður þessi leiti réttar síns eða aðrir þá fyrir hans hönd, þar sem ég hygg, að hann telji uppsögnina ekki gerða með þeim hætti, sem eðlilegur er og jafnvel löglegur. Ef það reynist rétt, þá getur það orðið ríkisstj. alldýrt í skaðabótum til umrædds manns. Ég hef fengið að sjá afrit af bókun stjórnarnefndar hælisins um framburð manna þeirra, er n. yfirheyrði út af þessari kæru. Þykir mér þar kenna margra grasa og ekki af allra beztu tegund. Eftir að hafa séð það plagg, þóttist ég ekki geta undan því skorazt að bera fsp. fram, úr því þess var eindregið óskað.

Ég er einn þeirra mörgu manna, sem telja, að fangelsismál okkar Íslendinga séu í ófremdarástandi og þau mál þurfi skjótra úrbóta. Í því máli ætla ég engar sakir að bera á einn eða neinn, hvorki ráðh. né þingflokka. En ég tel, að það sé ekki nóg fyrir menningarþjóð að eiga sæmilega refsilöggjöf, eins og ég hygg að Íslendingar eigi. Það velti ekki minna á því, að meðferð sakamanna sé eðlileg og til séu vel búin fangelsi með góðri stjórn, helzt sérmenntaðra og vel hæfra manna.

Um langt skeið hefur verið allóróasamt í kringum þá stofnun, sem rekin er á Litla-Hrauni, og forstjórarnir margir hverjir þar hafa ekki orðið mosavaxnir í starfi. Jarðir voru lagðar undir vinnuhælið í þeim tilgangi, að fangar fengju verkefni við búskap og framleiðslu búvara, sem gæti með vinnu fanganna orðið til að létta kostnað ríkisins við dvöl þeirra þar. Nú hafa allir nautgripir, sem á þessu búi voru, verið seldir, en þar er eftir eitthvað af hrossum, og er þarna sennilega um 200 fjár. Garðrækt er lítil sem engin, þrátt fyrir ágæt skilyrði til slíks á þessum stað. Gæzlumönnum hefur mjög verið fjölgað frá því, sem áður var, og kostnaður við það mjög aukizt. Þarna eru geymdir stórglæpamenn og unglingar, sem hafa a. m. k. sumir ekki nema tiltölulega smávægileg afbrot á samvizkunni. Þetta hlýtur að vera mjög óheppilegt fyrir unglinga og þá, sem vera má, að hægt væri að fá til að bæta ráð sitt. Að mínum dómi má þjóðfélagið ekki haga refsingu og geymslu afbrotamanna á þann hátt að hafa saman stórafbrotamenn og þá, sem ungir eru og líklegir gætu verið til betrunar. Við þá síðarnefndu þarf aðrar aðferðir að minni hyggju, og koma þarf í veg fyrir, að þeir læri af hinum eldri, sem ekki hefur tekizt að betrumbæta. Þess vegna þurfa þeir að vera í einangrun eins og smitberar, sem taldir eru vegna sýkingarhættu þurfa að vera í sóttkví.

Ég veit, að það er enginn öfundsverður af því að stjórna stofnun eins og á Litla-Hrauni er rekin, eins og hún er upp byggð, en það á ekki að afgreiða það sem eitthvert pukursmál, þegar starfsfólk þar þykist þurfa að finna að stjórn stofnunarinnar. Slíkar aðfinnslur eru varla gerðar að tilefnislausu, og ég held, að það hafi aldrei fyrr skeð, að starfsmenn hælisins hafi talið sig þurfa að kæra forstjórann.

Með spurningu þeirri, sem hér er fram borin, er tilraun gerð til þess að fá kærumálið á Litla-Hrauni upplýst, og hvað dómsmrh. hefur raunverulega

þegar gert í þessu máli eða hyggst munu gera. Ég vil einnig í sambandi við þau fáu orð, sem ég hef sagt um fangelsismálin almennt, bæta því við, að mjög væri æskilegt, að hæstv. dómsmrh. vildi eitthvað upplýsa, hvað ríkisstj. hugsar sér að gera í fangelsismálum, og hvenær vænta má framkvæmda í samræmi við lög nr. 18 frá 15. marz 1951 um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Framkvæmd þeirra laga er áreiðanlega brýn nauðsyn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal að mestu leyti leiða hjá mér ræðu hv. fyrirspyrjanda, sem að minnstu leyti kom þessari fsp. við, en svara fsp., eins og ætlazt er til í fsp.-tíma. Hvað ráðuneytið hugsar sér að gera í fangelsismálum er ekki á dagskrá hér, en ég get aðeins af þessu gefna tilefni upplýst, að þau mál hafa verið til ítarlegrar athugunar á liðnu hausti innan rn., fjárveitingar til fangelsismálanna voru auknar við 3. umr. fjárl., eins og hv. þm. er kunnugt um, og ég hef undir höndum ítarlega áætlunargerð um aukningu fangelsisrýmis og væntanlegar aðgerðir í þeim efnum.

Ég mun ekki nota fsp.-tímann til þess að víkja að því. Það hefur margsinnis verið yfir því kvartað, að við ráðh. værum of langorðir um þessar fsp. og færum út í önnur mál. Ég mun ræða þau mál innan ríkisstj., og þegar ákvörðun innan hennar hefur verið tekin, sé ég ekkert því til fyrirstöðu í öðru sambandi að gera hv. Alþ. grein fyrir því.

Um fsp. vil ég segja þetta:

Forstöðumaður vinnuhælisins hefur ekki verið kærður. Hins vegar barst dómsmrn. með bréfi, dags. 20. marz 1968, kvörtun yfir framkomu og hegðun forstöðumannsins. Bréf þetta var undirritað af 6 af 17 starfsmönnum vinnuhælisins að Litla-Hrauni og einum fyrrverandi starfsmanni. Meðferð þessa kvörtunarbréfs og niðurstaða rn. er rakin í bréfi, dags. 13. des. 1968, sem sent var stjórnarnefnd vinnuhælisins, forstöðumanni hælisins og Magnúsi Péturssyni gæzlumanni fyrir hönd þeirra, er báru kvörtunina fram. Niðurstaða rn. og þar með ráðh. er sú, að ekki sé ástæða til frekari aðgerða vegna kvörtunarbréfsins frá 20. marz 1968.

Um 2. lið fsp., þar sem spurt er: „Er það álit fangelsisnefndar, sem skipuð var og falið að rannsaka þessi mál, að lausn þeirra sé fengin með því, að Sigurði Kristmundssyni, bryta vinnuhælisins, hafi verið sagt upp starfi án nokkurra viðhlítandi skýringa?“

Um þennan lið fsp. vil ég segja þetta:

Hæpið virðist að spyrja ráðh. um álit tiltekinna aðila með þeim hætti, sem hér er gert. Hv. alþm. gætu sennilega nálgazt slík viðhorf annarra aðila, eins og hér er spurt, með ekki minni varfærni en rn., og má vera, að eitthvað slíkt búi á bak við þennan fsp.-lið hv. þm. Engu að síður hefur fulltrúi dómsmrn. óskað umsagnar fangelsisnefndar um álit hennar samkv. þessum lið fsp. Formaður stjórnarnefndar vinnuhælisins svarar á eftirfarandi hátt í bréfi til dómsmrn. dags. 3. febrúar s. l.:

„Í rannsókn þeirri, er n. á sínum tíma framkvæmdi vegna kærumála á hendur forstjóra vinnuhælisins, kom aldrei til tals ráðning á matsveininum né vinna hans á staðnum sem slík og hefur n. engin afskipti haft af uppsögn hans né fyrri ráðningu.“

Fyrirspyrjandi (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa svarað fsp. þeirri, sem ég bar fram, svo langt sem hans svör ná. Á þeim var yfirleitt ekki mikið að græða. Ég hef séð álitsgerð fangelsisnefndar, og ég sé það á því, sem þar er, og því, sem ráðh. sagði, að það er mikið ósamræmi á milli álitsgerðarinnar og niðurstöðu rn. Ég hygg, að fangelsisnefndin hafi ætlazt til frekari aðgerða í þessu máli og að kærur þær, sem þarna voru bornar fram, eða kvartanir yrðu sumar hverjar teknar alvarlega og teknar til greina, en það er ekki hægt að segja, að hafi verið gert.

Ég játa, að það er erfitt að ræða þetta mál hér, og ég mun ekki gera það frekar. En ég tel alveg nauðsynlegt, að hæstv. dómsmrh. hafi sjálfur nokkru meira eftirlit með þessum stað. Hann mætti gjarnan taka sér til fyrirmyndar fyrirrennara sinn í embættinu, núv. hæstv. forsrh. Þegar hann var dómsmrh., veit ég það með sannindum, að hann kom oft sjálfur á þennan stað og leit þar eftir, og það veitti ábyggilega visst aðhald í þessari umræddu stofnun.

Ég vil upplýsa, að mér þykir það líka ákaflega leiðinlegt, að fyrrverandi forstjóri, ágætur maður, Guðmundur Jóhannsson, var búinn að koma þarna á fót merkilegu fyrirtæki, sem voru vinnuskálar fyrir fangana, þar sem þeir gátu unnið að smíðum. Tóku þeir að sér merkileg verkefni fyrir skólana hér, sem sé að smíða skólahúsgögn. En nú hefur þessi starfsemi algerlega verið lögð niður, og mér er sagt af kunnugum, að verkfærin séu týnd. Ég álít, að þarna þurfi miklu meiri og nákvæmari gætur á að hafa af hálfu hins opinbera og það sé nauðsynlegt að hafa þarna á staðnum verkefni fyrir fangana.

Búskapurinn hefur að mestu leyti verið lagður niður. Jarðirnar, sem lagðar voru undir vinnuhælið, eru þó vel fallnar til búskapar á margan hátt, t. d. til garðræktar, sem er gott verkefni fyrir fanga. Innivinna á veturna er nauðsynleg, og þessir vinnuskálar, sem þarna var búið að koma upp, sýndu merkilegan árangur, og ef það er ekki tilraun til þess að bæta afbrotamenn að láta þá vinna að hagnýtum störfum, þá veit ég ekki hvað það er, sem hægt er að nota til þess að bæta þá.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta núna. En ég veit, að það er mikil ólga út af þessu máli í næsta nágrenni við vinnuhælið. Sjálfur skal ég játa, að ég er ekki kunnugur á þessum stað og hef ekki gert mér tíðar ferðir þangað, raunar aldrei komið þar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góðar ráðleggingar varðandi eftirlit á Litla-Hrauni, en eins og ég sagði, þá eru

fangelsismálin og fyrirkomulag þeirra annað mál og verður að ræða þau frekar síðar.

Hv. fyrirspyrjandi segir, að hann hafi séð álitsgerð stjórnarnefndar vinnuhælisins og hún sé mjög í ósamræmi við niðurstöður rn. Ég vil aðeins segja, að álitsgerð stjórnarnefndarinnar er send rn., og hún er fyrir utan yfirheyrsluna, sem henni fylgir, á þremur vélrituðum síðum. Þessi álitsgerð var mjög gaumgæfilega yfirfarin í dómsmrn. og henni svarað í ítarlegri grg., þar sem rn. kemst að þeirri niðurstöðu, að ekki sé tilefni til frekari aðgerða í þessu máli, en í því felst ekkert um það, að álitsgerð n. sé í ósamræmi við niðurstöðu rn., og ég hef ekki heyrt orð um það frá nefndinni, að hún sé óánægð með niðurstöðu rn. eða óski annarra aðgerða af hálfu rn. heldur en þetta bréf, dags. 16. des., gefur tilefni til, — ekki orð.

Svo var aðeins eitt atriði, sem ég hefði kannske átt að víkja að í upphafi, en hv. þm. viðhafði þau orð, að það ætti ekki að fara með þessi mál eins og pukursmál, sem hér hefðu komið upp. Þetta hefur nú ekki verið meira pukursmál en það, að Morgunblaðið birti um þetta á útsíðu heilmiklar frásagnir fréttamanns frá sér, og rn. svaraði því með yfirlýsingu og leiðrétti með henni margar missagnir og misskilning, sem voru í þessari fréttaklausu Morgunblaðsins, og þar fyrir utan sendi rn. öllum dagblöðunum yfirlýsingu í sambandi við þetta mál. Hér hefur þess vegna sannarlega ekki verið um nokkurt pukursmál að ræða.

Í sambandi við yfirlýsinguna eða fréttagreinina í Morgunblaðinu vil ég láta þess getið, að 10 af 17 starfsmönnum vinnuhælisins á Litla-Hrauni sendu rn. yfirlýsingu, þar sem þeir lýsa því yfir, að fyrrnefnd grein sé þeim með öllu óviðkomandi og þeir vilji ekki vera neitt við hana riðnir né önnur slík blaðaskrif, eins og þar stendur.

Ég hygg, að það sé rétt til getið hjá hv. fyrirspyrjanda, að það sé nokkrum vanda bundið að stjórna vinnuhæli eða fangelsi eins og hér um ræðir. Mér er alveg ljóst, að skrif eins og því miður komu fram í Morgunblaðinu um þetta mál eru ekki fallin til þess að bæta úr skák, en út í þá sálma skal ég ekki frekar fara og takmarka mál mitt við það, sem nú hefur verið sagt í sambandi við svar við þessari fsp.

34. Perlusteinsvinnsla í Loðmundarfirði.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til iðnmrh. um perlusteinsvinnslu í Loðmundarfirði [109. mál] (A. 140).

Á 19. fundi í Sþ., 11. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 25 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 18. des., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram þessa fsp. út af perlusteinsvinnslu í Loðmundarfirði. Það hefur um allmörg ár staðið yfir athugun á þessum perlusteini eða biksteini, og það hefur ekki enn þá komið í ljós hvort hér geti verið um framtíðarmál að ræða, — að það sé hægt að skapa af þessu útflutning. En alveg nýlega veit ég, að það hefur verið unnið að því að taka sýnishorn til rannsóknar, og þau munu hafa verið rannsökuð bæði í Ameríku og Evrópu, og ég tel þetta mál það mikilvægt, að æskilegt sé að fá fram þær upplýsingar, sem nú liggja beztar fyrir í þessu efni, og þess vegna hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það urðu nokkur mistök af minni hálfu. Ég hafði hugsað mér að biðja forseta um að fresta þessum lið og haft um það samráð við fyrirspyrjanda, en það kemur að vísu ekki að sök. Ég mundi hins vegar vilja mælast til þess, að svari mínu verði frestað. Það er vegna þess, að við bíðum eftir niðurstöðum eða árangri rannsókna, sem verið er að framkvæma í tveimur rannsóknarstöðvum í Evrópu á gæðum perlusteinsins í Loðmundarfirði, og einnig eftir niðurstöðum rannsókna, sem framkvæmdar voru í Bandaríkjunum af firmanu Johns Manville á sýnishornum, sem þeir fengu leyfi til að taka á s. l. sumri. Þess vegna vildi ég óska eftir því, að svarið mætti bíða, þar til þessar niðurstöður liggja fyrir.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var fsp. tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 19. febr., var fram haldið umr. um fsp.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 3. þm. Austf., hafði borið fram fsp. sína á fyrri hluta þessa þinghalds og gert grein fyrir fsp. á þingfundi, áður en fundum Alþ. var frestað, en ég óskaði eftir frestun málsins þá, vegna þess að þess var að vænta, að berast mundu á næstunni niðurstöður nýrrar rannsóknar í þessu máli. Og svo hefur einnig orðið. En spurt er um það, hver hafi orðið árangur af nýjustu rannsóknum á perlusteini í Loðmundarfirði og hvaða horfur séu á vinnslu hans til útflutnings.

Ég vil aðeins að gefnu tilefni fara nokkrum orðum um þetta mál svolítið út fyrir ramma fsp. um árangur hinna nýjustu rannsókna, en þetta mál hefur verið í athugun og rannsókn hjá iðnmrn. s. l. tvö ár, 1967 og 1968, en áður höfðu ýmsar athuganir farið fram á vinnslu perlusteins, og mun

Tómas Tryggvason jarðfræðingur hafa hafið athugun þessa máls eða möguleika á því, að unninn yrði perlusteinn hér á landi þegar árið 1948 og unnið að því meira og minna, þar til hann andaðist. Oft starfaði hann í samvinnu og samráði við erlenda sérfræðinga. Aldrei gat þó orðið af hagnýtri framleiðslu á þessu tímabili. En síðan mun það hafa verið á árinu 1967, að viðræður hófust um það milli mín og fulltrúa frá fyrirtækinu Johns Manville á aðalfundi Kísiliðjunnar í Mývatnssveit þá um sumarið og síðar á fundum hér í Reykjavík. En fulltrúar fyrirtækisins Johns Manville, sem er hluthafi í Kísiliðjunni, eins og kunnugt er, lýstu þá áhuga á því að athuga möguleikana á því að hefja í samvinnu við Íslendinga vinnslu á perlusteini. Fundahöld fóru fram á milli aðila, og iðnmrn. lét þessum aðilum í té grg. þá um sumarið. Ég held, að það hafi verið í ágústmánuði, en einnig skipaði ég þá n. manna til þess að vinna úr öllum þeim gögnum, sem fyrir lágu í iðnmrn. og rannsóknastofnunum um þetta perlusteinsmál, og þessi n. skilaði ítarlegri skýrslu um perlítvinnslu í Loðmundarfirði og hún er víst dags., ef ég man rétt, í nóvembermánuði 1967.

Á sama tíma eða um sama leyti höfðu fulltrúar Johns Manville óskað eftir því að fá send sýni af perlusteininum, og það var gert á árinu 1967. Niðurstöður þeirra voru þær, að þeir þyrftu að fá frekari sýni og óskuðu eftir því að senda eigin mann til rannsókna, og það varð á árinu 1968, og einnig höfðu þá íslenzkir aðilar að tilhlutun iðnmrn. frumkvæði um að taka sýni úr Loðmundarfirði og Prestahnjúk og senda það sjálfstætt til annarra rannsóknastofnana erlendra til þess að fá samanburð frá þeim og á þeim niðurstöðum, sem í ljós kæmu hjá Johns Manville. Johns Manville hefur perlusteinsvinnslu í Bretlandi og efnið til þessarar vinnslu þeirra þar kaupa þeir frá eyjunni Milos í Miðjarðarhafi, og það hafði hvarflað að þeim sú hugsun, að meira öryggi væri fyrir þá að hafa aðgang að perlusteinsvinnslu á Íslandi og samræma flutninga á vinnslu Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, — en kísilgúrinn er mjög léttur og fyrirferðarmikill í flutningum, — við flutninga á perlusteininum sem einhvers konar kjölfestu og gera þannig flutningana auðveldari og hugsanlega arðbærari. Þessir aðilar gerðu þeirri n., sem ég gerði grein fyrir áðan, að skipuð hefði verið af iðnmrh., grein fyrir hugsanlegri stærð og kostnaði við verksmiðju, sem ynni úr perlusteininum í Loðmundarfirði, ef rannsóknirnar yrðu jákvæðar, útflutningsverðmæti, sem væntа mætti, og arðgjöf frá slíkri verksmiðju.

Í stórum dráttum hafa þannig á tveimur undanförnum árum farið fram mjög ítarlegar rannsóknir á perlusteini og með þeim hraða, sem við höfum ráðið mestum yfir, bæði hjá rannsóknastofu Johns Manville og annarra erlendra rannsóknastofa, sem ég skal nánar gera grein fyrir, og í samvinnu við iðnmrn. og Rannsóknastofnun iðnaðarins.

En ef fsp. sjálfri er svarað eingöngu með niðurstöðum nýjustu rannsókna, mundi það verða eitthvað á þessa leið, þó að ég aðeins í örfáum orðum minnist á perlusteininn sem slíkan til frekari skýringar.

Perlusteinn eða perlít, sem einnig hefur verið nefnt biksteinn, er glerkennt afbrigði af líparíti. Í venjulegu líparíti er bundið vatn oftast minna en ½%, en í perlíti 3—5%. Venjulegt líparít þenst ekki við hitun, en við hitun á perlíti myndar bundna vatnið aragrúa af gufubólum svo steinninn verður frauðkenndur, svipaður vikri. Þanið perlít er ágætt einangrunarefni, og þar sem það er ólífrænt, er það endingarbetra en lífrænt einangrunarefni og brennur ekki. Perlítið er eftir þenslu notað bæði til blöndunar í steypu og í múrhúðun, svo og í léttsteypuveggi og einnig sem síunarefni, svipað og kísilgúr, og mun það vera verðmætast, ef gæði þess eru nægjanlega mikil til þess að nota það sem síunarefni.

Perlít hefur einkum tvo kosti umfram vikur. Annars vegar er það flutt óþanið á markaðsstað, en það dregur mjög úr flutningskostnaði. Í öðru lagi er með mölun unnt að ákveða kornastærð perlíts fyrir þenslu. Vikur og þanið perlít hefur þá kosti fram yfir lífræn einangrunarefni, að þessi steinefni breytast ekki með tímanum og eru ekki eldfim. Lífræn einangrunarefni hafa þó á seinustu árum tryggt mjög markað fyrir vikur og perlít.

Kunnugt er um tvö stór perlítsvæði hér á landi. Auk þess hefur fundizt vottur allvíða, en einungis í tveimur stöðum, Loðmundarfirði á Austfjörðum og suðvestanlands í fjallinu Prestahnjúk er um verulegt magn að ræða. Milli Þórisjökuls og Geitlandsjökuls hefur svo mikið magn perlíts fundizt, að áframhaldandi rannsóknir virðast geta komið til greina. Báðir þessir staðir hafa þó þann annmarka, að erfitt er um flutning þaðan. Í Loðmundarfirði eru engin hafnarmannvirki og Prestahnjúkur er um 50 km frá höfn í Hvalfirði. Þegar fyrir allmörgum árum voru gerðar tilraunir með þensluhæfni og gæði perlíts, bæði frá Loðmundarfirði og Prestahnjúk, en ekki varð af vinnslu, m. a. vegna þess tiltölulega mikla kostnaðar, sem fyrirsjáanlega yrði við töku efnisins og flutning á útskipunarstað og þaðan á markað.

Árið 1967 hófust viðræður við bandaríska fyrirtækið Johns Manville Corporation um vinnslu á perlíti hér á landi, en félag þetta er, eins og ég greindi frá áðan, meðeigandi í Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn. Var hugmyndin sú, ef gæði íslenzka perlítsins reyndust nægjanleg, að flytja það utan sem kjölfestu í sömu skipum og flyttu kísilgúr frá Mývatnsverksmiðjunni.

Í árslok 1967 voru tekin sýnishorn í Loðmundarfirði og þau rannsökuð í rannsóknarstofnun Johns Manville Corporation. Sérfræðingur Johns Manville töldu þessi sýnishorn of fá og lítil til þess, að þeir gætu myndað sér skoðun á efnisgæðum, og báðu þeir um að fá að senda mann til að taka frekari sýnishorn 1968. Var það samþykkt og

sýnishornin tekin snemma í júní 1968 í samráði við landeigendur. Töku sýnishornanna önnuðust sérfræðingur Johns Manvilles og Þorleifur Einarsson jarðfræðingur. Rn. taldi rétt, að perlítið væri rannsakað á fleiri stöðum en hjá rannsóknastofu Johns Manville, og voru því um leið tekin á sömu stöðum sýnishorn, sem send voru ásamt sýnishornum úr Prestahnjúk til rannsóknar hjá Bundesanstalt für Bodenforschung í Hannover í Þýzkalandi og rannsóknastofnun Carlo Vivari í Tékkóslóvakíu. Niðurstöður athugana þessara sýnishorna liggja nú fyrir, en bárust ekki rn. fyrr en í janúarmánuði s.l. frá rannsóknarstofnununum tveimur, en aðeins niðurstöður Johns Manville höfðu borizt, áður en fsp. var borin fram.

Þessar niðurstöður benda til, að þenjanlegt perlít, sem nota megi sem léttblendi, megi finna bæði í Loðmundarfirði og í Prestahnjúk, en hins vegar varla unnt að framleiða síunarefni úr perlíti í þessum námum. Efnið úr Loðmundarfirði er talið betra og léttara en efnið úr Prestahnjúk. Úrslit rannsókna þeirra, sem gerðar voru á s. l. ári, má draga saman í stuttu máli, sem hér segir:

Perlítið er þenjanlegt. Þenslan er nægileg til vinnslu á léttblendi og til framleiðslu á léttum plötum í ágætis gæðaflokki. Styrkleiki þanda efnisins er góður. Þensluhluti tiltölulega hár. Þenslan er ekki nægjanleg til framleiðslu á góðum síunarefnum og síunareiginleikar þanda efnisins ekki nógu góðir. Of mikið af salla eða fínum úrgangi, 25—64%, myndast við framleiðsluna. Of mikil rýrnun er á efni við þensluna eða 15.3—27% miðað við 5% efnisrýrnun í góðum, erlendum perlíttegundum.

Á grundvelli rannsókna sérfræðinga sinna hefur Johns Manville tilkynnt iðnmrn., að félagið hafi ekki áhuga á þátttöku í perlítvinnslu hér á landi, en jafnframt hefur félagið boðið aðstoð sína við endanlegar rannsóknir í málinu, svo og við að koma upp nauðsynlegum mannvirkjum til efnistöku og vinnslu efnisins á námastaðnum, ef til kæmi.

Á árinu 1968 leituðu ýmsir erlendir aðilar aðrir en Johns Manville upplýsinga hjá iðnmrn. um möguleika til perlítvinnslu á Íslandi, þ. á m. fyrirtæki í Bretlandi og Þýzkalandi, sem kváðust hafa áhuga á að fá sýnishorn efnisins til rannsóknar í eigin rannsóknarstofum. Sérfræðingar þeir, sem rannsakað hafa sýnishorn af perlíti úr Loðmundarfirði benda á, að sýnishornin hafi verið of fá, aðeins 6 í hverju landi, — þar er átt við Loðmundarfjörð og Prestahnjúk, — til að unnt sé að dæma endanlega um efnisgæðin með fullri vissu. Sérfræðingar Johns Manville hafa gert áætlun um, hvað gera þurfi til að ljúka endanlegri rannsókn bæði á efnismagni og gæðum perlíts í Loðmundarfirði. Er gert ráð fyrir, að náman verði nákvæmlega könnuð með borunum og á annan hátt og 400 sýnishorn þensluprófuð og rannsökuð. Er ljóst, að fullkomin rannsókn mun kosta töluvert fé.

Fyrri hluta fsp., — um árangurinn af þessum nýjustu rannsóknum, — telst svarað með því, sem rakið hefur verið, en síðari hluta fsp., — um horfur á vinnslu perlíts til útflutnings, — er ekki unnt að svara að svo stöddu. Ég vil taka fram, að í iðnmrn. liggja fyrir ítarlegar skýrslugerðir um rannsóknir og einnig ítarlegar skýrslugerðir frá þeirri n., sem ég gat um áðan og iðnmrh. skipaði 1967, en í n. áttu sæti Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og Árni Þ. Árnason deildarstjóri í rn., Pétur Pétursson forstjóri og Hjörtur Torfason, en þess má geta, að n. starfar enn.

Ríkisstj. telur nauðsynlegt, að kannaðir verði til hlítar möguleikar á nýtingu perlíts og mun beita sér fyrir, að það verði gert á þessu ári. Um þetta hefur verið gerð ákvörðun í ríkisstj. á fundi hennar þann 13. febr. s. l.

Ég vil svo aðeins ljúka máli mínu með því, að ef einhverjir hv. þm. og þá kannske sérstaklega fyrirspyrjandi óska eftir að fá þessar frekari upplýsingar, sem eru allt of viðamiklar til þess að fara með þær í upplestri hér í þingsölunum, þá eru þær til reiðu í iðnmrn.

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnmrh. fyrir mjög glögg og ítarleg svör vip fsp. minni. Ég verð að vísu að játa, að mér urðu það nokkur vonbrigði, að ekki var betri útkoma úr þessum rannsóknum á þeim sýnishornum, sem tekin voru, og sérstaklega að dómi Johns Manville fyrirtækisins, en það er áreiðanlega rétt, að það er nauðsynlegt að gera meiri rannsóknir, og eins og fram kom hjá hæstv. iðnmrh., þá hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um, að haldið verði áfram rannsóknunum. Ég er nú svo bjartsýnn í eðli mínu, að það er fjarri því, að ég hafi gefið upp von um, að þær kunni að gefa betri niðurstöðu en enn þá virðist liggja fyrir, og í raun og veru hef ég trú á því, að þarna verði um framtíðaratvinnu að ræða að vinna þessar námur.

Ég vil svo endurtaka þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir glögg og skýr svör.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vil þakka fróðlegar upplýsingar um þetta mál frá hæstv. iðnmrh. Eins og tilkynnt var áðan, hefur verið útbýtt hér í d. í dag þáltill., sem ég flyt varðandi rannsóknir á þessu máli, en ég hef af sérstökum ástæðum haft með þessi mál að gera á undanförnum árum fyrir eigendur þeirra jarða, sem hér eiga hlut að máli. Og ég vildi sérstaklega fagna þeirri ákvörðun ríkisstj., að hún hefur samþykkt að rannsaka til hlítar þá möguleika, sem kunna að vera til staðar varðandi perlusteininn. Það liggur fyrir, að slíkar rannsóknir eru nokkuð viðamiklar, en þó að fyrirtækið Johns Manville hafi lýst því yfir, að það vilji ekki standa að vinnslu á þessu stigi málsins, þarf það alls ekki að útiloka möguleika á því, að hafin verði vinnsla á perlusteini með öðrum hætti. Og ég vil láta í ljósi ánægju yfir því, sem hér hefur komið fram og vonast til þess, að rannsóknum verði hraðað, eftir því sem föng eru á.

35. Efnahagssamvinna Norðurlanda.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til ríkisstj. um efnahagssamvinnu Norðurlanda [133. mál] (A. 246).

Á 28. fundi í Sþ., 12. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 41 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 19. febr., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Nú um eins árs skeið hefur verið framkvæmd býsna víðtæk könnun annars staðar á Norðurlöndum á möguleikunum á því, að Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland taki upp mun nánari efnahagssamvinnu en tíðkazt hefur að undanförnu. Snemma á síðasta ári var n. embættismanna og sérfræðinga frá þessum löndum falið að framkvæma slíka könnun og taka sérstaklega til athugunar tíu tiltekna þætti efnahagsmála. Þessir sérfræðingar fengu afmarkaðan tíma til starfa sinna. Þeir áttu að skila niðurstöðum sínum um seinustu áramót, og við það var staðið af þeirra hálfu. Þeir skiluðu slíkri skýrslu 3. jan. s. l. Þar kom fram, að samstaða reyndist býsna mikil um það, að unnt væri að koma á víðtækri efnahagssamvinnu á sumum þessum sviðum, en á öðrum var uppi nokkur ágreiningur og ýmislegt, sem frekari athugunar þyrfti við. Þetta mál var síðan rætt á fundum forsrh. Norðurlanda, og nú nýlega var sérfræðingunum falið að starfa áfram og athuga alveg sérstaklega 7—8 tiltekin vandamál og skila niðurstöðum um þá athugun 15. júlí í sumar og ennfremur drögum að eins konar efnahagsbandalagssamningi Norðurlanda. Hins vegar virðist svo af ummælum forustumanna í þessum löndum, að taldar séu allverulegar líkur á því, að af þessu samstarfi geti orðið. Vandamálin eru ekki talin meiri en svo, að unnt sé að útkljá þau með pólitískum ákvörðunum eftir tiltölulega skamman tíma.

Hér er um að ræða þróun, sem mun hafa mjög mikil áhrif á Norðurlöndum, ef af þessum ákvörðunum verður, og þess vegna skiptir þetta mál okkur Íslendinga einnig mjög verulegu máli. Við erum þátttakendur í norrænni samvinnu innan Norðurlandaráðs og víðar, og það hefur verið stefna Íslendinga að vilja halda þeirri samvinnu áfram. Hitt gefur auga leið, að ef aðrar Norðurlandaþjóðir bindast í eins konar efnahagsbandalag, án þess að við séum tengdir því á nokkurn hátt, mundi það leiða til þess, að við fjarlægðumst Norðurlönd á þessu sviði.

Ríkisstj. Íslands átti þess kost að taka þátt í þessari athugun, sem framkvæmd hefur verið að undanförnu. Ég lét það í ljósi á þingi á síðasta ári, að mér hefðu þótt íslenzkir ráðamenn sýna furðu mikið tómlæti í því sambandi, því að enginn Íslendingur var ráðinn til slíkra starfa. Hæstv. forsrh. kvað ástæðuna þá, að ríkisstj. hefði ekki haft tiltæka menn til þess að vinna þessi verk. Hins vegar hafa íslenzk stjórnvöld fylgzt með gangi þessa máls, fengið öll gögn í sínar hendur og embættismenn ríkisstj. hafa setið á fundum, auk þess sem hæstv. forsrh. hefur setið á fundum, þar sem þessi mál hafa verið rædd.

Ég held, að það sé óhjákvæmilegt, að Íslendingar taki afstöðu til þessara viðhorfa, og ég trúi ekki öðru en hæstv. ríkisstj. hafi gert sér nú þegar einhverja grein fyrir því, hvernig skynsamlegast verði að þessu máli staðið af hálfu Íslendinga. Þetta mál er það langt komið, að mér finnst vera tímabært, að hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir því á þingi, hver viðhorf hennar eru til þessa máls, svo að almennar umr. og athuganir geti hafizt á vegum fleiri aðila hérlendis.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ríkisstj. hefur gert sér far um að fylgjast sem bezt með þeim umr. og athugunum, sem átt hafa sér stað um aukna efnahagssamvinnu Norðurlanda. Slík efnahagssamvinna hefur lengi verið á dagskrá á Norðurlöndum, en misjafnlega mikið um hana rætt eftir því, hvernig viðhorf hafa verið í viðskiptamálum landanna. Fyrir forgöngu dönsku ríkisstj. hófust sérstakar umr. um málið á s. l. vori. Boðaði forsrh. Dana til sérstaks fundar norrænna ráðh. 22. apríl s.l. um afstöðu Norðurlandanna til ástandsins í markaðsmálum Vestur-Evrópu og þá sérstaklega um aukna efnahagssamvinnu Norðurlanda. Ég sat þennan fund fyrir hönd Íslands. Var málið ennfremur rætt í efnahagsmálan. Norðurlandaráðs. Síðar hafa þessi mál verið til umr. á fundum forsrh. Norðurlanda, og hefur Bjarni Benediktsson forsrh. setið tvo þessara funda, í Osló í okt. s. l. og í Stokkhólmi í byrjun þessa mánaðar. Sendiherrar Íslands á Norðurlöndum og Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri hafa mætt á nokkrum fundum norrænu embættismannan. sem áheyrnarfulltrúar. Þeirri n. var á Kaupmannahafnarfundinum falið að semja bráðabirgðaskýrslu um aukna, norræna efnahagssamvinnu. Var sú skýrsla tilbúin í byrjun jan. s. l. Hefur hún síðan verið til umr. á þrem fundum forsrh. hinna fjögurra Norðurlandanna og verður aðalumræðuefnið á næsta fundi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í marzbyrjun.

Ástæður þess, að áhugi hefur á ný orðið á nánara efnahagssamstarfi Norðurlanda eru fyrst og fremst þær, að tilraunir Dana, Norðmanna og jafnvel Svía til að fá inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu hafa ekki borið árangur, og ekki er búizt við því, að úr rætist í þeim efnum á næstu árum. Hefur því verið talið æskilegt, að Norðurlöndin treystu samstarf sín á milli með norrænu tollabandalagi, sameiginlegri stefnu í viðskiptamálum og landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum og ýmsum öðrum ráðstöfunum, sem hefðu norrænt efnahagsbandalag að markmiði. Þetta fyrirhugaða samstarf á að grundvallast á EFTA-samstarfinu, sem hefur leitt til myndunar á tollfrjálsum markaði fyrir iðnaðar-

vörur milli hinna Norðurlandanna, en það samstarf hefur haft í för með sér mjög mikla aukningu á viðskiptum milli landanna. Með norrænu tollabandalagi er átt við, að allir tollar verði felldir niður í innbyrðis viðskiptum og sameiginlegur ytri tollur verði tekinn upp gagnvart öðrum löndum.

Það var í upphafi ljóst, að Ísland gæti ekki á þessu stigi málsins orðið virkur þátttakandi í hinu fyrirhugaða efnahagssamstarfi, þar eð Ísland er ekki aðili að EFTA og hefur því ekki fellt niður tolla og innflutningshöft samkvæmt EFTA-samningnum, eins og hin Norðurlöndin hafa þegar gert.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að við flytjum miklu meira inn frá hinum Norðurlöndunum en út til þeirra. Heildarafnám tolla gagnvart Norðurlöndunum einum, án þess að á móti fáist hliðstæð fríðindi fyrir íslenzkan útflutning til Norðurlanda, getur ekki komið til mála. Á því eru augljósir erfiðleikar. En til greina yrðu þá að koma í staðinn veruleg fríðindi á öðrum sviðum. Að mati ríkisstj. er aðild Íslands að EFTA því skilyrði þess, að um virka þátttöku Íslands í hinu fyrirhugaða efnahagssamstarfi Norðurlanda geti verið að ræða, og er þetta ein af ástæðum þess, að ríkisstj. hefur hafið samningaviðræður um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, að fenginni heimild Alþ. til þess. Ríkisstj. telur, að víðtækt samstarf við hin Norðurlöndin sé bæði æskilegt og hagkvæmt. Mun hún því halda áfram að vinna að því, að Ísland geti sem fyrst tekið þátt í hvers konar efnahagssamstarfi Norðurlanda, sem nú er um rætt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. viðskmrh., þá er sú viðleitni, sem er gerð til þess að koma á nánara efnahagssamstarfi Norðurlandanna fjögurra, hluti af samstarfi þeirra innan EFTA, og það hefur þess vegna verið skoðun bæði ríkisstj. og þeirra manna, sem eru kunnugastir þessum málum og hafa mest að þeim unnið, að það væri þýðingarlaust fyrir Ísland á þessu stigi að taka þátt í þeim rannsóknum, sem nú eiga sér stað, fyrr en við höfum sjálfir ákveðið, hvort við viljum gerast aðilar að EFTA og getum fengið þau skilyrði, er við teljum okkur aðgengileg.

Þess vegna má segja, að leiðin til þessa samstarfs liggi um EFTA. Hitt er svo annað mál, að okkur hefur verið gefinn kostur á að fylgjast með því starfi, sem nú er unnið. Viðskmrh. var á fyrsta fundinum í apríl í vor, eins og hann drap á, og það var því síður en svo, að við sýndum nokkurt fálæti í þessum efnum. Þar var ráðgert, hvernig undirbúningi málsins yrði hagað, en skjótt kom í ljós, að hann er svo víðtækur, að við höfum ekki nægum sérfræðingafjölda á að skipa til þess að taka þátt í athugun málsins að nokkru gagni. Ég held líka, að við verðum að gera okkur ljóst, að hvort sem við að lokum höfum hug á því að ganga í þetta nánara samstarf eða ekki, sem í bili beinist að fullkomnu tollabandalagi, — og er þó hugsanlegt að lykti á einhvern annan veg, án þess að málið verði að teljast misheppnað, að menn finni aðra leið til þess að tryggja þau markmið, sem eftir er keppt, en tollabandalagið — að við þurfum að gera okkur þess grein, að í samningum um einstök atriði og raunar málið í heild getum við sáralítil áhrif haft. Ef við lítum á þær tölur, sem hér er um að ræða, þá erum við einungis einn á móti hverjum 100 íbúum í Norðurlöndunum í heild. Hinar þjóðirnar eru sem sagt svo miklu mannfleiri en við, að þær samanlagt eru 99 á móti hverjum 1 okkar. Þess vegna getum við ekki vænzt þess að ráða miklu um heildarfyrirkomulag þessara mála eða um þau efni, er ekki varða okkur alveg sérstaklega. Við hljótum því að mestu að vera áhorfendur á meðan verið er að semja um málin í heild. Þegar við svo sjáum í hvaða farveg þau fara, þá verðum við að taka ákvarðanir um, hvort við teljum að hann sé slíkur, að okkur sé hægt að vera með í förinni og þá að reyna að koma að þeim fyrirvörum og þeim sérákvæðum, sem okkur mundu verða óhjákvæmileg, ef við eigum að gerast þarna aðilar, og í sjálfu sér höfum við ekki ástæðu til annars en að gera ráð fyrir, að fullur velvilji verði sýndur á því að veita okkur slíka sérstöðu. Það eru þó viss takmörk fyrir því, hversu langt er hægt í þeim efnum að ganga, ef við á annað borð viljum vera með.

Ég held þess vegna, að það sé ekki miklu spillt, þó að við höfum ekki verið með í undirbúningnum fram að þessu. Við höfum fengið þær heildarskýrslur, sem samdar hafa verið. Okkur hafa verið veitt greið svör við þeim spurningum, sem við höfum borið fram. Mér var meira að segja gefinn kostur á því að mæta á fundi, sem einmitt í dag og í gær er haldinn austur í Helsingfors á meðal forsrh. fjögurra, án þess að aðrir trúnaðarmenn en einn frá hverjum séu viðstaddir, til þess að eiga kost á því að fylgjast með, á hvaða stigi málin eru. Vegna þess að ekki þótti tímabært enn að taka upp sérstök atriði, sem okkur gátu skipt máli, þá taldi ég ástæðulaust að fara á þann fund. Alveg eins og það er víst, að við höfum engu glatað með því að vera ekki á þeim sérfundum, sem þannig hafa verið haldnir fram að þessu, samkvæmt því sem upplýst var á fundinum í Stokkhólmi í byrjun mánaðarins.

Þó að ég telji mjög óvíst ennþá, hvort við getum gerzt aðilar að þessu samstarfi og það sé komið undir því, hvort við fáum þau kjör um inngöngu í EFTA, sem við teljum okkur aðgengileg, og síðan hvers eðlis samstarfið á milli hinna fjögurra verður, sem enginn veit ennþá né raunar heldur, hvort úr því verður, þá eru viss atriði, sem ég tel alveg tímabært fyrir okkur nú þegar að gera okkur grein fyrir og átta okkur á, og það var efni þess, að ég stóð hér upp nú, en ekki það, að ég teldi mig þurfa að betrumbæta skýrslu hæstv. viðskmrh. Það eru viss atriði, sem eru forsenda þess, að við getum gerzt þarna aðilar, sem við höfum enn ekki treyst okkur til að fallast á. Þar mundi ég telja fyrstan af öllu sameiginlegan vinnumarkað. Það er algjör forsenda fyrir því samstarfi, sem þessar fjórar þjóðir nú eru að koma á hjá sér, að þær eru búnar að hafa

sameiginlegan vinnumarkað í mörg ár. Við höfum hingað til ekki treyst okkur til þess að veita mönnum frá öðrum þjóðum slíkt jafnrétti á við okkur. Það eru til þess ríkar ástæður, m. a. sögulegar, smæð okkar og ýmislegt annað, sem okkur er ríkt í huga. En það er tómt mál fyrir okkur að tala um að gerast aðilar að því nána samstarfi, sem þessar þjóðir eru að koma á hjá sér, — miklu nánara samstarfi en þær eiga innan EFTA, þar sem ekki reynir á þetta atriði út af fyrir sig, — nema við treystum okkur til þess að vera aðili að sameiginlegum vinnumarkaði. Ég spyr þá líka bæði sjálfan mig og aðra, og ég játa, að ég hef ekki svör á reiðum höndum við því í dag: Eru þær hættur samfara sameiginlegum vinnumarkaði, sem við hingað til höfum talið vera? Er það okkar reynsla, að hingað sé slík ásókn af mönnum frá öðrum þjóðum, og þá í þessu tilfelli frá hinum Norðurlöndunum, að það skapi okkur nokkra raunverulega hættu að breyta um afstöðu í þessu? Og er það ekki nú þegar tímabært og til athugunar fyrir ráðamenn hér, bæði stjórnmálaflokka, verkalýðshreyfingu og atvinnurekendur, að taka þetta til athugunar? Eigum við ekki að breyta hér til? Eigum við ekki að gera tilraun með það, hvort þær hættur eru fylgjandi sameiginlegum vinnumarkaði, sem við hingað til höfum talið vera? En ég legg áherzlu á, ef menn treysta sér ekki til stefnubreytingar í þessu atriði, þá er allt tal um það, að við nálgumst þá auknu samvinnu, sem nú er verið að reyna að koma á í hinum löndunum, þýðingarlaust hjal.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég er sammála þeim tveim hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, um það, að náið samband hlýtur að vera á milli aðildar okkar að EFTA og möguleika okkar á því að gerast aðilar að norrænni efnahagssamvinnu, og hef ég ekki neinu við það að bæta. En ég hef ekki getað stillt mig um það að standa hér upp og lýsa sérstökum fögnuði mínum yfir þeim áhuga, sem hv. 6. þm. Reykv. virðist hafa á einhvers konar aðild Íslands að norrænni samvinnu á sviði efnahagsmála, og ég tel enga ástæðu til að draga í rauninni í efa, að sá áhugi sé einlægur. Ég hafði raunar áður en hv. þm. fór að hreyfa þessu máli á hv. Alþ. staðið í þeirri trú, að hv. þm. væri mjög eindreginn einangrunarsinni á sviði efnahagsmála, og sá er grunur minn, að e. t. v. hafi hann ekki gert sér fyllilega ljóst, hvaða afleiðingar virk þátttaka Íslands í norrænni efnahagssamvinnu mundi hafa á öðrum sviðum, og vil ég leyfa mér að fara um það örfáum orðum.

Mér eru ljósir, eins og kom fram í ræðum hæstv. ráðh., ýmsir annmarkar á aðild okkar að norrænni efnahagssamvinnu. Að vísu finnst mér, að of mikið hafi að undanförnu verið gert úr vandkvæðum okkar á því að gerast aðilar að sameiginlegum vinnumarkaði Norðurlanda. Og ég hugsa, að þær hættur, a. m. k. eins og ástæður eru nú, sem slíkt mundi hafa í för með sér, væru í miklu ríkara mæli í því fólgnar, að slíkt mundi leiða til þess, að útstreymi yrði úr landinu til Norðurlanda. En ég held, að hættan sé mjög lítil á því, þó að hún kunni að hafa verið fyrir hendi fyrst eftir stríðið, að hingað verði mikið aðstreymi frá Norðurlöndunum. Og ekki má gera sér of miklar vonir um það heldur að mínu áliti, að við fáum mikla markaði á Norðurlöndunum, þó að einhverjir möguleikar kunni að vera í því efni. Samt sem áður er ég í þessu efni samherji hv. 6. þm. Reykv. að því leyti, að ég tel, að þetta mál eigi vandlega að athuga og teldi að ýmsu leyti mjög æskilegt, að við gætum orðið virkir þátttakendur í þessari samvinnu. En meginkosturinn, sem að mínu áliti er við það, er sá, að gerðumst við aðilar að slíkri samvinnu, mundi það knýja okkur til þess að reka áfram svipaða stefnu í peninga- og viðskiptamálum og hefur verið rekin í öllum löndum V.-Evrópu undanfarin ár, einnig hér. Ég veit, að hv. stjórnarandstæðingar eru þessu ekki sammála. Einmitt stefnubreytingin, sem þeir tala svo mikið um, að sé nauðsynleg, byggist á allt öðrum skoðunum, nefnilega hinni gömlu skoðun, sem var svo mikið rædd á kreppuárunum fyrir stríðið og nefndist innilokun kaupgetunnar. Það eigi að auka útlán hér innanlands, lækka vexti o. s. frv. og koma í veg fyrir, að þessu aukna kaupgeta beinist út á við, heldur eigi að loka hana inni, og það hefur verið gert með því að setja á fót gjaldeyrisúthlutunarnefnd og annað slíkt. Meginatriði stefnubreytingarinnar er í rauninni, þegar öllu er á botninn hvolft, endurreisn n. frægu og stóru á Skólavörðustígnum, sem allir kannast við. Nú ætla ég síður en svo að fara að ræða þessa að mínu áliti mjög vanhugsuðu kenningu um innilokun kaupgetunnar, en á því er rétt að vekja athygli, af því að þessi fsp. kemur frá hv. stjórnarandstæðingi, að ef okkur er alvara með einhvers konar þátttöku í alþjóðasamvinnu, þá samrýmist það ekki kenningunni um innilokun kaupgetunnar. Algert skilyrði fyrir slíkri samvinnu, hvort sem það er norræn samvinna innan EFTA o. s. frv., er, að um frjálsa utanríkisverzlun sé að ræða í þeim skilningi, að ekki sé beitt beinum innflutningshöftum eða slíkum takmörkunum. Ég er ekki alveg viss um, að hv. flm. þessarar fsp. hafi gert sér þetta ljóst, en hafi hann gert sér það ljóst, og sé hann reiðubúinn að færa slíka fórn fyrir aðildinni, þá mundi það gleðja mig mjög.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskmrh. og hæstv. forsrh. fyrir þau svör, sem þeir gáfu við fsp. mínum. Svörin báru með sér, að hv. ríkisstj. stendur enn þá algjörlega álengdar og hefur ekki mótað neina sérstaka skoðun á því, hvernig við eigum að bregðast við þeim nýjustu upplýsingum, sem fyrir liggja um horfurnar á aukinni efnahagssamvinnu Norðurlanda.

Hæstv. forsrh. taldi, að við hefðum einskis misst þrátt fyrir þetta, og ég skal ekki draga það í efa, vonandi stenzt það. Hann taldi líka, að við hefðum ekki getað haft mikil áhrif, þótt við hefðum tekið

þátt í þeirri könnun, er framkvæmd hefur verið, vegna þess að fjöldi okkar sé svo lítill, við séum aðeins 1 á móti 100 á öðrum Norðurlöndum. Nú er það að sjálfsögðu ekki svo, að í þessari samvinnu gildi nein höfðatöluregla, það eru til svið, þar sem við erum býsna fyrirferðarmiklir, einnig á þessu stóra svæði. Þar á ég við fiskveiðarnar og fiskiðnaðinn. Á þeim vettvangi mundi að sjálfsögðu vera tekið tillit til okkar sjónarmiða, ef við værum þátttakendur í slíkri könnun. Ég vil einnig minna á, að forsenda þessara viðræðna, sú grundvallarregla, sem átti að fylgja, ef unnt yrði að koma á þessari norrænu samvinnu, var sú að öll aðildarríki mundu hafa hag af henni. Það var meginregla, sem mönnum bar að fylgja í þessari athugun. Ef eitthvert ríki tæki á sig einhvern aukinn vanda, þá yrðu að koma á móti hagsbætur, sem ekki aðeins ynnu upp þennan vanda, heldur meira en það. Það áttu öll ríki að hafa hag af samvinnunni.

Ég dreg ekki í efa, að það yrði erfitt fyrir okkur Íslendinga að gerast fullir aðilar að allsherjar efnahagsbandalagi Norðurlanda, ef það kynni að verða stofnað, en það eru náttúrlega til mörg fyrirkomulagsatriði. Það er alkunnugt, að ráðamenn Norðurlanda hafa fullan hug á því að sýna Íslendingum fulla vinsemd, og það ber okkur að hafa í huga. Þarna getur eflaust komið til greina einhvers konar takmörkuð samvinna af okkar hálfu, einhvers konar aukaaðild. Að minnsta kosti tel ég víst, að ef við tækjum slík mál upp, yrði því vel tekið.

Ég hef ekki þá vitneskju um þetta mál, að ég geti farið að ræða það í einstökum atriðum. Hæstv. ríkisstj. hefur að sjálfsögðu mun meiri vitneskju. Það, sem mér lá á hjarta, var að mælast til þess, að hæstv. ríkisstj. færi að gera frekari grein fyrir þessu máli en hún hefur gert.

Það er auðvitað rétt hjá hv. forsrh., að þarna geta komið upp margs konar vandamál, og við kynnum að þurfa að breyta stefnu okkar á ýmsum sviðum. Hann nefndi m. a. sem algjöra forsendu sameiginlegan vinnumarkað. En eins og bent var á áðan af hv. 12. þm. Reykv., mundi sameiginlegur vinnumarkaður ekki leiða til þess um þessar mundir, að hingað færi að streyma verkafólk annars staðar frá Norðurlöndum, vegna þess að kaupgjald er hér um þessar mundir svo sem helmingur af því kaupi, sem greitt er annars staðar. En hitt er alveg rétt, að við yrðum vafalaust að breyta stefnu okkar á mörgum sviðum. En til þess að við getum rætt þá hluti, þarf að liggja fyrir um það miklu meiri vitneskja en nú er.

Hv. 12. þm. Reykv. hafði hér smátilhlaup til þess að flytja ámóta skemmtilega ræðu og hann flutti í vetur, þegar við ræddum um EFTA, þótt honum ynnist því miður ekki tími í þessum stutta tíma, sem nú er, til að segja gamansögur af þátttöku sinni í hafta- og nefndafargani, sem tíðkaðist áður fyrr. Hitt held ég, að sé algjör misskilningur hjá þessum hv. þm., ef hann ímyndar sér, að forsenda þess, að við getum tekið þátt í samstarfi, t. d. norrænu efnahagsbandalagi, væri, að við héldum áfram þeirri viðreisnarstefnu, sem nú að undanförnu hefur leitt þjóðina út í þá ófæru, sem blasir við öllum. Ég held þvert á móti, að alger forsenda þess, að við getum tekið þátt í þessu samstarfi eða nokkru öðru alþjóðlegu samstarfi, sé, að við breytum algjörlega um vissa þætti í þeirri stefnu, og þar á ég við, að við verðum að taka upp áætlunarbúskap. Við verðum að taka upp áætlunarstjórn á meginþáttunum í efnahagsmálum okkar og atvinnulífi. Þetta er algjör forsenda þess, að við séum menn til þess að taka þátt í nokkru alþjóðlegu samstarfi á sviði viðskipta og verzlunar. Ef við gerum það ekki, eru fyrirtæki okkar allt of vanmegnug til þess að heyja nokkra samkeppni við aðra. Ef við ættum að geta mætt öðrum mönnum á jafnréttisgrundvelli, verðum við að vera menn til þess að sameina krafta okkar á miklu algjörari hátt en okkur hefur tekizt hingað til. Ég held, að það sé algjör forsenda, að við tökum upp áætlunarstjórn á meginþáttunum í efnahagslífi okkar. Án þess er tómt mál að tala um það, að við getum gengið í eitthvert víðtækara bandalag.

Ég vil benda þessum hv. þm. á, að slík áætlunarstjórn tíðkast víða í löndum, sem taka þátt í mjög nánu efnahagsbandalagi. T. d. er hún mjög veigamikill þáttur í efnahagskerfi Frakka og hefur verið það um skeið. Slík áætlunarstjórn þarf ekki að fela í sér neins konar þjóðnýtingu. Í slíkri áætlunarstjórn taka sameiginlegan þátt einkaaðilar og opinberir aðilar. Þetta er aðferð til þess að styrkja aðstöðu viðkomandi ríkis og efla þróun atvinnuveganna. Ef okkur tekst ekki að taka upp slíka stjórn á efnahagsmálum okkar, verðum við aldrei menn til þess að taka þátt í víðtækara samstarfi, og þá má vel vera, að okkur verði nauðugur einn kostur að vera með innilokunarstefnu, en hún leiðir sannarlega ekki fram á við. Okkur er óhjákvæmilegt, ef við ætlum að taka hér upp iðnvæðingu, að tryggja okkur aðgang að víðtækari mörkuðum, það gefur auga leið. En til þess að við getum það, verðum við að koma hér upp sterkum fyrirtækjum eftir okkar mælikvarða, og það getum við aðeins gert með áætlanastjórn. Þetta er algjör forsenda af okkar hálfu.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar rætt er um efnahagssamvinnu Norðurlanda og jafnvel hugsanlega þátttöku Íslendinga í henni, er ekki úr vegi að gera sér grein fyrir því, hvernig viðskiptum okkar við þessi Norðurlönd er háttað um þessar mundir.

Árið 1968 fluttum við inn frá þessum löndum vörur fyrir 2.129 millj. kr., en þau keyptu af okkur vörur fyrir aðeins 952 millj. Okkar næstu nágrannar, Færeyingar, eru okkar beztu viðskiptamenn. Þeir hafa keypt af okkur vörur árið sem leið fyrir 65 millj., en við af þeim fyrir aðeins 2 millj. Það má segja, að viðskiptin við Svía séu hér um bil í járnum. Við fluttum inn frá þeim fyrir 463 millj., en seldum þeim vörur fyrir 464 millj. Finnar eru nokkuð góðir líka. Við keyptum af þeim fyrir 214

millj., en þeir af okkur fyrir 188 millj. Þarna skakkar ekki miklu. En svo fer nú að kárna gamanið, þegar kemur að Dönum og Norðmönnum. Við keyptum af Dönum vörur fyrir 833 millj., en þeir af okkur fyrir aðeins 160 millj., og þó er þetta enn óhagstæðara að því er varðar Norðmenn. Við keyptum af þeim vörur fyrir 617 millj., en þeir af okkur fyrir aðeins 75 millj. Og hvað eigum við að gera í efnahagssamvinnu við svona karla? Ég held, að við eigum að segja við þá: Við hættum að kaupa af ykkur vörur, nema þið gjörið svo vel að kaupa okkar vörur í staðinn. Við höfum ekkert við þá að virða í viðskiptamálum. Okkar aðalviðskipti eru við aðrar og fjölmennari þjóðir, og þau er hægt að auka.

Á s. l. ári seldum við Bandaríkjunum vörur fyrir 1280 millj. kr., en keyptum af þeim fyrir 903 millj., og það er enginn vafi á því, að þar hjá þeirri fjölmennu þjóð eru einmitt mestu möguleikarnir fyrir okkur til þess að auka útflutning og sölu á vörum. Það er vitað mál. Það eru fleiri stórar þjóðir, sem eru góðir viðskiptamenn okkar, nefnilega Sovétríkin. Að vísu keyptum við dálítið meira af þeim árið sem leið en þeir af okkur.

Það er sagt, að við komumst ekki inn í þessa efnahagssamvinnu Norðurlanda nema í gegnum EFTA. Ég gerði grein fyrir skoðun minni á EFTA-málinu í vetur, og ég hef ekki tíma til og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. En ég teldi það ákaflega misráðið, ef við færum að fara í þau samtök, ákaflega misráðið. Og ég sé ekki, að við höfum neitt gagn af efnahagssamvinnu við a.m.k. Dani og Norðmenn.

Hv. 12. þm. Reykv. sagði nokkur orð, og hann gat ekki stillt sig um það, frekar en venjulega, þegar hann kemur hér í stólinn, að minnast á Skólavörðustíginn og gömlu n. þar. Það er hans uppáhalds umræðuefni. Það er svo merkilegt með þennan prófessor, að hann getur aldrei stillt sig um að hreyta skít í fyrirrennara sinn við háskólann, merkan mann, Magnús Jónsson guðfræðiprófessor, sem veitti forstöðu þeirri n. nokkur ár, sem stjórnaði fjárfestingarmálum og innflutningsmálum á þeim tímum, sem mest stjórn var af opinberri hálfu á þeim málum. Ég ætla ekki að fara að gera neinn samanburð á þessum háskólaprófessorum, Magnúsi heitnum Jónssyni og Ólafi Björnssyni, núv. hv. 12. þm. Reykv., ég vil ekki leggja mig niður við slíkt. En ég vil segja honum það, hv. 12. þm. Reykv., að þessi framkoma hans og sífelldar árásir hans á þennan merka sjálfstæðismann, sem látinn er fyrir mörgum árum, er honum til skammar og hann eykur ekki veg þeirrar stofnunar, sem hann vinnur hjá, með þessu framferði.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Fyrir fáeinum vikum gerðist það, sem er tiltölulega sjaldgæft á vettvangi stjórnmálanna, að eitt af vinstri blöðum hv. stjórnarandstöðu, sem nýlega er farið að koma út í sinni núverandi mynd, gerði mér þann sóma að birta af mér mynd og tilfæra orðrétt alllangan kafla úr ræðu, sem ég flutti við vantraustsumr., sem fóru fram á hv. Alþ. seint í nóvembermánuði. Þetta er tiltölulega óvenjulegt, að svo vinsamlega sé minnzt á ræður andstæðinganna, því að því miður er það oftast svo á vettvangi stjórnmálanna, ef andstæðingablöð yfirleitt geta um ræður andstæðinganna, þá er það ekki nema með útúrsnúningi og skætingi, en venjan er sú að þegja alveg. Í þessari grein kom samt fram allmikill misskilningur, sem ég vil leyfa mér að leiðrétta einmitt að sérstöku gefnu tilefni af hálfu hv. 1. þm. Norðurl. v., þegar hann var að tala um árásir, sem ég hefði gert á hinn mæta, látna stjórnmálaskörung, prófessor Magnús Jónsson. Þessi misskilningur virðist vera ákaflega ríkur og djúpstæður, því nú hef ég síður en svo ástæðu til þess að ætla, að umrætt málgagn hafi vísvitandi mistúlkað mín sjónarmið. En sá misskilningur virðist vera ákaflega ríkur, að ef gagnrýnd er framkvæmd haftakerfisins, þá sé það persónuleg árás á þá menn, sem tekið hafa þátt í framkvæmd þess. Ég tók það einmitt skýrt fram í minni ræðu, — en því var sleppt í þessu, sem birtist í umræddri grein, — að ég væri hvorki að gera árás á stjórnmálamenn almennt eða þá mætu menn, sem hefðu haft framkvæmd þessa með höndum, heldur sagði ég, að svona hlyti framkvæmdin alltaf að verða í landi kunningsskaparins, og tel ég þó sízt til bóta, þegar hv. framsóknarmenn t. d. eru með tillögu um það að skipa einhverja slíka n. fulltrúum stéttasamtaka eða þess háttar. Ég tel það sízt til bóta, því að hvað sem má um stjórnmálaflokkana segja, þá er þó hægt að gera þá ábyrga gerða sinna, sem miklu síður er tilvikið með stéttarsamtök, að maður nú ekki tali um banka og aðrar slíkar stofnanir.

Það virðist mjög útbreiddur misskilningur, að til sé einhver ákveðin niðurröðun verkefna, hvort heldur eru fjárfestingarframkvæmdir, innflutningur eða annað, sem allir séu sammála um, og ef frá þessari niðurröðun sé vikið, þá beri það vott um spillingu. Aðalatriði málsins er, að það er engin slík niðurröðun til. Að vísu höfum við, sem staddir erum í þessum sal, kannske einhverjar óljósar hugmyndir um slíka niðurröðun, bæði innflutnings- og fjárfestingarverkefni o. s. frv., en ég held, að ef skoðanakönnun færi fram á meðal okkar, þá mundu engir tveir vera sammála um þessa niðurröðun. Það er þetta, sem er aðalatriði málsins, og einmitt með tilliti til þess, hvað t. d. er nauðsynjavara og hvað ekki, eru skoðanir á því kannske jafnmargar og þjóðfélagsborgararnir. Þá er það ekki svo ákaflega hneykslanlegt, þó að við vitum allir, hver áhrif það hafði á mat þeirra, sem sátu í innflutningsn., hvað væri nauðsynlegt og hvað væri ekki nauðsynlegt, hvaða fyrirtæki það var, sem hafði umboð fyrir umrædda nauðsynjavöru. Framsóknarmennirnir í n. töldu það hafa þýðingu við mat á því, hvort einhver vara væri nauðsynjavara eða ekki, hvort það var Sambandið, sem flutti hana inn. Ef svo var, þá lyfti það vörunni upp í stiganum, og sama máli held ég að hafi gegnt um fulltrúa Sósfl. þegar um var að ræða fyrir-

tæki, sem studdu þann flokk og verzluðu austan járntjalds. (Gripið fram í.) Ætli það hafi ekki verið eins með Sjálfstfl. og Alþfl., að það spillti engu, ef vitað var um viðkomandi fyrirtæki, að það legði fram fjármuni og annað til styrktar viðkomandi flokki? Í því efni held ég, að allir hafi verið í einum bát.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ekki skal ég blanda mér frekar í þær sérkennilegu umr., sem hv. 12. þm. Reykv. er farinn að hafa uppi hér af hinum undarlegustu tilefnum aftur og aftur. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs aftur, er aðeins eitt atriði, sem ég gleymdi að minnast á áðan, en mig langaði til að gera nokkur skil.

Hæstv. forsrh. sagði, að efnahagssamvinna Norðurlanda, sem fyrirhuguð væri, væri aðeins hluti af samstarfi þeirra innan EFTA, og hæstv. viðskmrh. sagði, að aðild Íslands að EFTA væri skilyrði þess, að við gætum orðið aðilar að þessu norræna samstarfi. Þetta mál er engan veginn svona einfalt. Staðreyndin er sú, að samstarf EFTA er í rauninni strandað. Það er strandað vegna þess, að því verkefni, sem EFTA átti að leysa, er lokið, og *það hefur ekki tekizt að koma á frekari efnahagsþróun* innan þess bandalags. Einnig hefur það gerzt, að Bretar hafa reynzt mjög fyrirferðarmiklir innan bandalagsins og hafa aftur og aftur gengið á skýlaus ákvæði EFTA-sáttmálans. Þetta er ástæðan til þess, að Norðurlönd hafa ákveðið að stefna að því að athuga gaumgæfilega, hvort ekki væri unnt að koma á efnahagsbandalagi Norðurlanda. Þeir vilja m. a. styrkja sig gagnvart Bretum, en fyrst og fremst vilja þeir koma á stofnun, sem geti tryggt þeim frekari efnahagsþróun. Ef af slíku norrænu efnahagsbandalagi verður, er augljóst mál, að það, sem í raun og veru er að gerast, er, að EFTA er að klofna í tvennt. Það kann að halda áfram að forminu til, en í raun skiptist það í sundur. Þess vegna finnst mér, að við verðum að athuga þetta mál, sérstaklega í sambandi við athuganir á því, hvort Íslendingar eigi að gerast aðilar að EFTA eða ekki. Því hvað gerist, ef myndað verður bandalag Norðurlanda, efnahagsbandalag Norðurlanda, sem við gerumst ekki aðilar að, en við ákveðum hins vegar að ganga í EFTA? Þá erum við komnir í félagsskap við annan partinn af EFTA og þá einmitt þann hluta þess bandalags, sem við höfum engan sérstakan áhuga á, þegar Bretland er undanskilið.

Ég lít þannig á, að þessi norræna efnahagssamvinna sé svo mikilvæg, að við þurfum að athuga hana alveg sérstaklega, og ef það liggur fyrir, að við teljum okkur ekki geta gerzt aðilar á neinn hátt, sé það í sjálfu sér fjarskalega langsótt að gerast aðilar að hinum hluta EFTA. Ég held, að forsenda þess, að menn ákveði að ganga í EFTA, ef myndað verður norrænt efnahagsbandalag, sé sú, að við teljum okkur kleift að taka þátt í þessu norræna efnahagsbandalagi, því ef það verður ekki, finnst mér EFTA-hugmyndin gjörsamlega runnin út í sandinn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér finnst, að þessum mjög nytsamlegu umr. megi ekki ljúka, nema andmælt sé þeim skoðunum á viðskiptum Íslands og hinna Norðurlandanna, sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúla Guðmundssonar. Hann taldi þann halla, sem hefur verið og er á viðskiptum Íslands við hin Norðurlöndin, vera fullkomna sönnun þess, að við ættum ekkert erindi í neins konar viðskiptasamstarf eða efnahagssamstarf við þessi lönd, og hafði um þetta allstór og þung orð. Þessu vil ég ekki láta ómótmælt. Það er algjörlega úrelt sjónarmið, fullkomlega úrelt sjónarmið, að meta viðskipti milli einstakra þjóða á þann mælikvarða einan, hvort um svokallaðan viðskiptahagnað eða viðskiptahalla sé að ræða í viðskiptum þjóðanna. Ef fylgja ætti þessari algjörlega úreltu reglu hv. þm., þá ætti það að vera meginmarkmið í viðskiptum okkar Íslendinga, að við hefðum fullkominn viðskiptajöfnuð í viðskiptum okkar við allar þjóðir, þ. e. a. s. við hverja einstaka þjóð. Við gætum eflaust haft þetta að markmiði. Þetta var markmið mjög margra þjóða á *kreppuárunum* til að mæta alveg sérstökum erfiðleikum, sem þá dundu yfir. Þá var reynt að vinna bug á slíkum erfiðleikum með atriðum sem þessum, enda þurfti ekki nema nokkurra ára reynslu til þess að sýna öllum vitibornum mönnum fram á, að hér var um að ræða stórkostlegt spor aftur á bak. Ef þessi regla hv. þm. yrði tekin upp hér á landi og við stefndum næsta áratug að því að hafa fullkominn jöfnuð í viðskiptum okkar við allar þjóðir, — kaupa ekki meira af nokkurri þjóð en hún keypti af okkur, — þá mundi það verða stærsta spor aftur á bak, sem stigið hefði verið á þessari öld í íslenzkum efnahagsmálum. M. ö. o.: Sú kenning, sem hv. þm. boðar, og skal ég ekki fjölyrða um hana meira að öðru leyti, hún væri stefnubreyting í íslenzkum viðskiptamálum, sem hefði í för með sér stórkostlega lífskjaraskerðingu á Íslandi. Hún yrði stórkostlegt spor aftur á bak í íslenzkum viðskiptamálum og íslenzkum efnahagsmálum yfir höfuð að tala. Sem betur fer er frekar sjaldgæft, að slíkar kenningar séu boðaðar á Íslandi, annars staðar heyrast þær alls ekki lengur.

Og þá vildi ég, fyrst ég er kominn hérna á annað borð, segja örfá orð um það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði síðast. Það er ekki rétt, sem hann sagði, að samstarf EFTA-landanna sé strandað. Það er ekki rétt, að fyrirhugað efnahagssamstarf Norðurlandanna beri vott um það, að þau telji samstarfið innan EFTA ekki hafa borið nægilega mikinn og góðan árangur. Hitt var rétt, sem hann sagði, að samstarfið innan EFTA hefur að mjög verulegu leyti náð þeim árangri, sem því var ætlað að ná. Það er enginn vafi á því, að EFTA-löndin öll hyggja á áframhaldandi samstarf sín á milli, ef þau eiga ekki kost á því að auka og stækka verksvið sams konar samstarfs. En EFTA er ekki að klofna í tvennt. Það,

sem er að gerast, er, og ég vék að því í fáum orðum í upphafsorðum mínum í svari mínu, að EFTA-samstarfið út af fyrir sig hefur ekki fullnægt óskum um aukin markaðsskilyrði fyrir landbúnaðarvörur þeirra, einkum Dana, af ýmsum ástæðum, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja til þess að lengja þessar umr. ekki um of. Þess vegna hafa Danir freistað þess að fá bættan markað fyrir sínar landbúnaðarafurðir með því að gerast aðilar að Efnahagsbandalaginu. Þær tilraunir hafa strandað, svo sem kunnugt er. Þess vegna hafa einmitt Danir haft forustu um að bæta skilyrði sín til sölu á landbúnaðarvörum með því að fá hin Norðurlöndin til að opna markaði sína fyrir dönskum landbúnaðarvörum. Þetta er í mjög einföldum, ég vona ekki í of einföldum orðum sagt. Þetta er meginskýringin á þeirri þróun, sem nú er að verða varðandi efnahagssamstarf Norðurlandanna. Inn í þetta blandast svo auðvitað óskir hinna Norðurlandanna, sem eiga að taka við dönskum landbúnaðarvörum, að Danir láti í té viss gagnfríðindi, og þannig þróast málið koll af kolli og gerir það jafnflókið og það í raun og veru er. Þess vegna vildi ég líka andmæla þeim skoðunum, sem komu fram hjá hv. þm., að fyrirætlanirnar um norrænt efnahagssamstarf séu vegna þess, að samstarf EFTA sé strandað og hinu, að EFTA sé að klofna í tvennt, þó að til slíks efnahagssamstarfs komi.

Ég tel það tvímælalaust rétt, sem við forsrh. höfum látið í ljós í þessum umr., að okkur er nauðsyn á því að auka efnahagssamstarf okkar við aðrar þjóðir. Það, sem mest liggur á í þeim efnum, er að auka samstarf okkar við Fríverzlunarbandalagsþjóðirnar og síðan í næsta áfanga við hinar Norðurlandaþjóðirnar.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að Norðurlandasamstarfið er víðtækara en EFTA-samstarfið. Að svo miklu leyti, sem skoðanamunur kynni að vera á milli okkar hv. 6. þm. Reykv. um það, hvort samstarfið eigi að ganga fyrir í augum Íslendinga, þ.e. hvort þjóni hagsmunum okkar betur að taka Norðurlandasamstarfið fyrst og EFTA-samstarfið á eftir, eins og mér skilst vera hans skoðun, skal ég ekki segja margt, en það er skoðun ríkisstj., að við eigum að taka EFTA-samstarfið fyrst og Norðurlandasamstarfið á eftir. Í sambandi við þetta má segja, og það vil ég sérstaklega undirstrika, að Norðurlandasamstarfið er víðtækara en EFTA-samstarfið, þ. e. með fullri þátttöku í efnahagsbandalagi Norðurlanda tökum við á okkur meiri skuldbindingar og fáum minni fríðindi en ég vona, að við eigum kost á í sambandi við inngöngu í EFTA. M. ö. o.: Aðild að EFTA felur þannig í sér minni skyldur fyrir okkur Íslendinga og von um meiri fríðindi en aðildin að efnahagssamstarfi Norðurlandanna. Það er einmitt af þessum sökum, sem við í ríkisstj. teljum tvímælalaust, að leiðin eigi að vera EFTA fyrst og NORDEK, efnahagssamstarf Norðurlandanna, á eftir. Þetta styðst auðvitað líka af þeirri augljósu staðreynd, að höfuðútflutningsmarkaður okkar í EFTA-löndunum er utan Norðurlandanna, þ. e. í Bretlandi, og okkar meginkeppikefli í sambandi við aukna efnahagssamvinnu við önnur lönd hlýtur auðvitað að vera að fá sem frjálsastan og mest bættan aðgang að okkar stærsta útflutningsmarkaði, að fá aflétt þeim hömlum, sem nú eru á viðskiptum okkar við Bretland. Leiðin til þess er augljóslega aðild að EFTA, en ekki aðild að NORDEK.

Ég tel þessar umr. hafa verið mjög gagnlegar, það sé nauðsynlegt og ánægjulegt, að menn skiptist á skoðunum um jafnmikilvæg efni og hér er um að ræða.

Ég vil taka undir það að síðustu, sem kom fram hjá öðrum ræðumönnum hér, að mér þykir vænt um áhuga hv. 6. þm. Reykv. á auknu efnahagssamstarfi Íslands við hin Norðurlöndin og vona og þykist raunar vita, að það stafi fyrst og fremst af almennum stjórnmálaáhuga hans á auknum samskiptum við hin Norðurlöndin, en ég vona, að aukin umhugsun af hans hálfu um þessi efni og aukin þekking af hans hálfu færi honum heim sanninn um, að ef hann vill meta rétt viðskiptahagsmuni Íslendinga, hreina viðskiptahagsmuni Íslendinga, þá verði röðin í atburðarásinni að vera sú, að fyrst leitum við aðildarinnar að EFTA og síðan komi aðild að NORDEK sem beint og eðlilegt framhald af því.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef aldrei haldið því fram, að það væri sjálfsagt að kaupa vörur af einstökum þjóðum fyrir nákvæmlega jafnmargar krónur og við seljum þeim vörur fyrir, en ég tók þarna dæmi af viðskiptunum við Danmörku og Noreg. Og þetta er ekkert nýtt. Svipað þessu hefur þetta verið undanfarin ár. Ég fæ ekki séð, hvernig hægt er að halda áfram að kaupa vörur af Dönum fyrir rúmlega 5 sinnum hærri upphæð en því nemur, sem þeir kaupa af okkur og 8 sinnum meira af Norðmönnum en þeir kaupa af okkur. Hvar er öruggur markaður í öðrum löndum fyrir íslenzkar útflutningsvörur til þess að jafna þennan halla í framtíðinni? Þetta eru líka mjög misjafnlega þarfar vörur, sem við kaupum frá þeim. Mikið af þessu, sem flutt hefur verið inn frá þessum grönnum okkar árið sem leið, eru vörur, sem vel mátti framleiða hér á landi. Þarna hefur verið tekin vinna frá íslenzkum iðnaðarmönnum og flutt út til Danmerkur og Noregs, og ég sé enga framtíð í slíku. Ég tel ekki heldur heppilegt fyrir Íslendinga eða heillavænlega stefnu, sem núverandi stjórn fylgir, að skipta sér ekkert af því, eða láta það gott heita, að billjóna halli sé á vöruskiptajöfnuði við önnur lönd, en svo séu sendir út menn um alla jarðarkringluna til þess að leita eftir styrkjum til þess að halda uppi slíkum viðskiptaháttum. Við höldum ekki lengi okkar frelsi og sjálfstæði með slíku háttalagi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það hefur oft komið í ljós, að virðulegur þm., sem hér talaði síðast, lifir í gömlum heimi, og varðandi

það, sem hann sagði síðast, var auðsjáanlegt, að hann hélt, að hann lifði enn á dögum vinstri stjórnarinnar, þegar sá háttur var á hafður, að menn voru sendir út um alla heimskringluna til þess að leita eftir styrkjum, lánum og gjöfum, og þegar það þótti helzt merkilegt, ef einhver góður framsóknarmaður kom til landsins og skrifaði í *Tímann* eða hafði þar viðtal, að þarna væri kannske hægt að fá lán eða styrk, þótt menn hefðu ekki tekið eftir því hingað til.

Um þetta ætla ég ekki að fara að deila. Þetta er einungis staðfesting á því, sem einn hv. samflokksmaður þm. sagði hér í vetur, að hv. þm. lifir í gömlum heimi og veit ekki, hvað er að gerast nú á dögum.

Varðandi það, að menn hafi hér viðskiptahalla, þá skulum við ræða það alveg hiklaust. Það er ljóst, að við erum að reyna að brjótast út úr þeim erfiðleikum, sem stórminnkaðar tekjur vegna aflaleysis, af lækkuðu verðlagi og af söluhindrunum hafa orðið hér valdandi. Og það er eðlilegt, að það taki nokkurn tíma að komast úr þeim vandræðum, og ekki óeðlilegt, að menn leiti eftir venjulegum viðskiptalánum til þess að komast út úr þeim vandræðum, — þeim lánum, sem einmitt margar alþjóðastofnanir hafa verið stofnaðar til þess að veita til að greiða úr slíkum vandræðum. Og það er einmitt viðurkennt af þessum alþjóðastofnunum, að Ísland hefur orðið fyrir meiri óhöppum, án þess að stjórnvöld hér eða aðrir fengju við ráðið, heldur en þekkt er á síðari áratugum, að þjóðir á svipuðu þróunarstigi og við hafi orðið fyrir. Allt þetta hefur auðsjáanlega farið fram hjá þessum virðulega *ræðumanni*, sem hér talaði áðan, sem lifir enn í hinum horfna hugarheimi.

Það er hins vegar rétt að rifja upp, að samstarfið, hið aukna samstarf, sem er verið að leitast við að koma á á Norðurlöndum, byggist fyrst og fremst á viðleitninni til þess að tryggja fulla atvinnu og stöðugt bætt lífskjör og öran vöxt þjóðartekna. Og þeir aðilar, sem að þessu samstarfi standa og beita sér fyrir, eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum á Norðurlöndum. Þeir telja, að þessu verði ekki náð með þröngri innilokunarstefnu, heldur með stöðugt vaxandi samstarfi þjóðanna. Sem sagt, alveg eins og hv. 12. þm. Reykv. sagði, með auknu frjálsræði í viðskiptum. Og það er alveg rétt skilið hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að Norðurlandasamvinnan stefnir fyrst og fremst að auknum samskiptum í viðskiptum. Hún stefnir að því að brjóta niður þær hömlur, sem hafa verið, og þess vegna eru ný höft á þann veg, sem þessi hv. þm. telur vera lífsskilyrði, ósamrýmanleg þessum ráðstöfunum. Í þessu hefur hv. þm., þó að hann tilheyri horfinni tíð, — á þessu hefur hann gleggri skilning en hv. 6. þm. Reykv., sem ekki virðist átta sig á þessu meginatriði málsins. Þar kemur til hin góða náttúrugreind hv. 1. þm. Norðurl. v., sem sker úr, því að þótt hann að sumu leyti minni á nátttröll, þá er þó sá lífsandi, sem enn bærist með honum, ólíkt fjörugri og andríkari, ef svo má segja, heldur en andinn, sem inni býr hjá hv. 6. þm. Reykv. Þar er mikill mannamunur.

En við skulum játa, að það er því aðeins, að menn vilji horfast í augu við þessi auknu samskipti, að hömlur og höft séu brotin niður í miklu ríkara mæli en við höfum enn talið okkur fært að gera, sem nokkurt viðlit er að gerast aðili að þessu aukna *samstarfi*. Og þeir góðu menn, sem fyrir því beita sér, hvort heldur það er sósíaldemókratinn Erlander eða danskir íhaldsmenn eða milliflokksmenn, eins og Baunsgård, þá segja þeir, að það sé frumskilyrði til þess, að við getum haft sambærileg lífskjör við aðra, að við getum eflt okkar fyrirtæki, og þau eflast ekki, nema við fáum stærri markað. Jafnvel í þessum löndum, sem eru miklu mannfleiri en við Íslendingar, þar sem við erum algert smáríki miðað við þá, segja þeir: Okkar markaðir eru of þröngir, til þess að við getum vænzt þess til lengdar að geta haldið til jafns við aðrar og stærri þjóðir, nema því aðeins, að við getum fengið stóran, sameiginlegan markað, þar sem við getum notið stærðarinnar og nútíma tækni. Og þeir segja: Þetta er ekki fyrst og fremst nauðsynlegt vegna þeirra stóru fyrirtækja, sem þegar eru til í okkar löndum. Þau eru orðin svo stór, að þau geta komizt inn á markaði erlendis án okkar aðstoðar. Það eru smáu fyrirtækin, fyrirtækin með innan við 10 manns, innan við 20 manns, sem ekki geta eflzt, nema því aðeins að við fáum fyrst þennan stærri markað, sameiginlegan á öllum Norðurlöndum, í tollabandalagi, eins og þeir nú segja. En við skulum einnig hafa það í huga, að a. m. k. fyrir sum þessara landa, — og ég hef fyrirvara um það, ég segi fyrir sum þessara landa, — er þessi aukna samvinna nú beinlínis gerð í því skyni að auðvelda þeim að komast inn í Efnahagsbandalag Evrópu. Það er vitað mál, að afstaða landanna fjögurra er ólík í þessum efnum. Bæði Danir og Norðmenn telja sér mjög mikilsvert að komast inn í Efnahagsbandalagið. Svíar hafa talið sér mjög mikilsvert að fá eins konar aukaaðild, eins og við höfum talað um hér. Þeir gera það af öðrum ástæðum en við, en þeir telja sér *nauðsynlegt að ná sérstökum samningum* við Efnahagsbandalag Evrópu. Finnar hafa þarna sérstöðu. Það er vitað mál, og þeir fara aldrei leynt með það. En það er alveg víst, að af hálfu a. m. k. tveggja ríkjanna er það alger forsenda, að ekkert verði gert í þessari nýju auknu samvinnu, sem geri það torveldara en verið hefur hingað til, — og það hefur reynzt erfitt hingað til fyrir þá, — að komast inn í Efnahagsbandalag Evrópu og þetta aukna samstarf, viðleitnin til þessa samstarfs er hafin í þeirri veru að greiða fyrir því að komast þar inn. En ég ítreka, að Finnland hefur í þessu sérstöðu, enda er upphaflega til samstarfsins stofnað milli hinna landanna þriggja, hinna eiginlegu skandinavísku landa, og mönnum kom að vissu leyti á óvart hinn mikli áhugi, sem Finnar, a. m. k. núv. forsrh., hafa sýnt fyrir þessu samstarfi. En það er einnig vitað, að í Finnlandi er að vaxa upp mjög hörð andstaða á móti samstarfinu einmitt af þessum ástæðum, að

talið er, að það muni leiða þá nær Efnahagsbandalaginu en þeir ella væru.

Þetta eru staðreyndir málsins, sem menn verða að gera sér grein fyrir. Það er ekki vegna þess, að þjóðirnar séu búnar að fá nóg af því víðtæka samstarfi, sem hefur tekizt innan EFTA, heldur af því, að þær telja sér þörf á enn þá víðtækara samstarfi, svo að það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, hvíldi allt á fullkomnum misskilningi. Hann og aðrir komast ekki heldur fram hjá því, ef verið er að tala um efnahagssamvinnu Norðurlandanna, að svara þeirri spurningu strax í upphafi, — ekki með því að svara út úr, heldur svara því efnislega, bæði gagnvart sjálfum sér og gagnvart þingheimi og þjóðinni: Treysta menn sér til þess sem fyrsta stigs að gerast fullkomnir aðilar að hinum sameiginlega vinnumarkaði á Norðurlöndum? Ef menn treysta sér ekki til þess, skulum við láta allt tal niður falla um það, að við getum gerzt aðilar að NORDEK, allt tal niður falla. Einmitt þetta, sem hv. þm. segir, að nú sé ekki sérstök hvöt til þess fyrir menn að sækja hingað til landsins, ætti að vera honum aukin hvöt til þess að segja skýlaust: Vill hann, að við gerumst aðilar að þessum sameiginlega vinnumarkaði eða er hann bara að skjóta sér undan vandanum með því að svara út í hött? Hitt er svo alger fjarstæða, þegar hv. þm. gefur í skyn, að lífskjör manna á Íslandi séu helmingi lakari en á hinum Norðurlöndunum. Jafnvel eftir það áfall, sem við höfum fengið, er ekki munur á lífskjörum manna hér á Íslandi og a. m. k. sumum hinna Norðurlandanna, ekki sízt í Finnlandi og a. m. k. hlutum í Noregi, þó að Svíar beri vitanlega af að auðæfum fram yfir aðra.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa farið nokkuð á víð og dreif, og væri freistandi að minnast á ýmis atriði, sem þar hafa komið fram, og ekki sízt á sumt af því, sem hæstv. forsrh. minntist á sjálfur, en ég mun sleppa að gera það að þessu sinni, enda gefst tækifæri til að gera það síðar.

Það, sem ég vildi gera hér að umtalsefni fyrst og fremst, er sú stefna, sem mér virðist vaka fyrir ríkisstj. í viðskipta- og markaðsmálum. Hæstv. forsrh. varaði alveg réttilega við því, að menn ættu ekki að lifa í gömlum heimi. Það rifjaðist upp fyrir mér í sambandi við það, að fyrir nokkrum kvöldum var ég að grúska í gömlu Skírnishefti, og þar var grein eftir Árna Pálsson um Háskóla Íslands, sem þá var nýlega tekinn til starfa. Árni komst m. a. í þessari grein að þeirri niðurstöðu, að það hefði verið mjög óheppilegt menningarlega séð fyrir Íslendinga að hafa ekki á miðöldunum haft samband við annan erlendan bæ en Kaupmannahöfn, því að á þeim tíma og allt fram á 19. öld hefði Kaupmannahöfn verið kotbær í menningarlegum efnum, þó að það hefði breytzt þá.

Ég er síður en svo að tala á móti norrænu samstarfi, því að ég álít, að það sé mikilsvert og hollt fyrir okkur að taka sem víðtækastan þátt í því, eftir því sem mögulegt er. En mér finnst, að þess kenni allt of mikið hjá ríkisstj. í sambandi við stefnu hennar í viðskipta- og markaðsmálum, að hún lifi í gömlum heimi, að hún sjái ekki mikið út yfir Norðurlönd og Vestur-Evrópu. Og það kom mjög skýrt fram í því, sem viðskmrh. sagði áðan, að í viðskipta- og markaðsmálum væri það nr. 1 hjá ríkisstj. að komast inn í EFTA og nr. 2 að tengjast hinni efnahagslegu samvinnu Norðurlanda, ef úr henni yrði. Stærri mörk en þetta virðist ríkisstj. ekki setja sér í viðskipta- og markaðsmálum, samkvæmt því sem viðskmrh. sagði hér áðan.

Ég er síður en svo að mæla á móti því, að við reynum að leita eftir sem beztum viðskiptasamböndum og samvinnu við löndin í Vestur-Evrópu og Norðurlöndin alveg sérstaklega. En ég álít, að ef við gerum ekki meira en þetta, ef við hugsum fyrst og fremst um þennan gamla heim í sambandi við viðskiptamálin og markaðsmálin, séum við farnir að hallast að ekki aðeins vafasamri, heldur hættulegri einangrunarstefnu. Ég álít, að eins og nú er komið, verðum við að stefna að því að sækjast eftir markaði eða mörkuðum sem allra víðast og beina sókn okkar í þeim efnum að miklu stærra svæði en Vestur-Evrópu og þá sérstaklega stærri svæðum en EFTA-löndin eru og Norðurlöndin, þó að við stefnum líka að því að eiga góða samvinnu við þessar þjóðir. Á EFTA-svæðinu búa ekki nema 90 millj. manna, og það er ekki nema tiltölulega lítill hluti alls mannkynsins. Utan EFTA-svæðisins eru víða miklu stærri markaðssvæði en þar eru. Þar er ekki aðeins að nefna löndin, sem eru í Efnahagsbandalagi Evrópu, sem er helmingi fólksfleira heldur en EFTA-svæðið. Þar má nefna Bandaríkin, Austur-Evrópu og ekki sízt þróunarlöndin. Ég álít, að í viðskipta- og markaðsmálum okkar verðum við að fylgja sem allra víðsýnastri stefnu og vinna okkur markaði hvarvetna, þar sem við teljum það vera mögulegt og alveg sérstaklega eigum við að sækjast eftir að komast inn á hina stóru markaði eins og t. d. í Bandaríkjunum, Austur-Evrópu og þróunarlöndunum.

Það hefur verið bent á það fyrir nokkru í blöðum, að bara með því að gera tiltölulega litlar breytingar á fiskverkunaraðferðum okkar, muni vera hægt að auka markaðinn í Bandaríkjunum svo nemur mörgum hundruðum millj. kr. á ári. Ég sé það í norskum blöðum, að Norðmenn eru að ræða um að byggja upp fiskframleiðslu sína þannig í framtíðinni, að þeir geti haft veruleg viðskipti og vaxandi við þróunarlöndin. Og þeir eru í mörgum Afríkulöndum að leita eftir möguleikum á að auka söluna á hertum fiski þangað. Ég sá nýlega í blöðum, að þeir höfðu sent fulltrúa til Alsír og Marokkó og fleiri landa til þess að reyna að ryðja þessari vöru þar braut.

Það hafa nokkrum sinnum verið bornar fram till. hér á þinginu og meira að segja samþykktar um að skora á ríkisstj. að vinna að sem víðtækastri markaðsleit. Ríkisstj. hefur ekkert gert til að framfylgja þeim till. enn þá eða þeirri ályktun Alþ. Hún virðist ekki sjá annað eða eygja aðra möguleika í

þessum efnum en að binda viðskipti okkar sem mest við EFTA-svæðið, sem hefur þó ekki nema 90 millj. íbúa og aðeins brot af mannkyninu. Ég er ekki, eins og ég sagði áðan, að mæla á móti því, að við reynum að auka viðskipti okkar við þessi lönd, en ég tel, að ef við gerum ekki meira en það, séum við komnir inn á mjög vafasama og hættulega einangrunarleið í þessum efnum og við séum kannske að missa af strætisvagninum í sambandi við marga aðra og stærri markaði, sem eru vanræktir, á meðan allt það, sem ríkisstj. hugsar og gerir í þessum efnum, er eingöngu miðað við EFTA-svæðið.

Ég vil þess vegna vara alveg sérstaklega við því, að í viðskipta- og markaðsmálunum lifum við áfram í gömlum heimi. Við eigum þvert á móti að gera okkur grein fyrir því, að við lifum í nýjum og stórum heimi, að okkar markaðsmöguleikar liggja miklu víðar en á Norðurlöndum og í EFTA-löndunum. Þá er að finna í Bandaríkjunum, þá er að finna í Austur-Evrópu og þá er að finna í þróunarlöndunum ekkert síður en á EFTA-svæðinu og jafnvel miklu heldur. Það mætti miklu frekar segja mér, að okkar markaðsmöguleikar séu að mestu fullnýttir í EFTA-löndunum, en hins vegar séu miklu meiri möguleikar til að auka útflutning á íslenzkum vörum til annarra markaðssvæða. Og a. m. k. megum við ekki einblína svo á EFTA-svæðið, eins og ríkisstj. hefur gert, að við gleymum öllum öðrum mörkuðum, þar sem möguleikarnir geta verið og eru vafalaust oft og tíðum miklu meiri.

Ég kom í ræðustólinn fyrst og fremst til þess að vara við þeim hugsunarhætti ríkisstj. að lifa í gömlum heimi í sambandi við viðskiptamálin, vara við þeirri einangrunarstefnu, sem mér virðist hún vera komin inn á í þessum efnum og hvetja til þess, að við fylgjum víðsýnni stefnu í markaðs- og viðskiptamálunum, leitum okkur markaða sem allra víðast og vinnum að því að tryggja afkomu okkar á þann veg.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Fyrr í vetur hef ég einu sinni hlustað á hæstv. forsrh. halda ávíturæðu yfir þm. úr þessum ræðustóli fyrir það, hvernig þeir misnotuðu fsp.-tímana. Ég hlustaði áðan á hæstv. ráðh. flytja ræðu, sem var dæmigerð um það, sem hann var að áfellast aðra fyrir í vetur. Það vill oft verða svo um þennan hæstv. ráðh., að skapsmunirnir bera dómgreindina ofurliði og skapsmunum hans virðist vera þannig háttað núna, að hann hafi sérstaka þörf til þess að reyna að sparka úr klaufum sér, og skal ég svo sem ekki áfellast ráðh. fyrir það. Ég skil það ofurvel. Hæstv. ráðh. bar saman vitsmuni mína og hv. 1. þm. Norðurl. v. og ekki skal ég hafa á móti því að vera borinn saman við þann ágæta mann, Skúla Guðmundsson. Við þekkjum allir, að vitsmunir hans eru miklir. Hins vegar dreg ég það mjög í efa, að hæstv. ráðh. hafi mikla dómgreind til að kveða upp úr um það, hvort skoðanir manna um efnahagsmál séu skynsamlegar eða ekki. Reynsla undanfarinna ára hefur sannað það ákaflega vel, að þessum hæstv. ráðh. lætur flest annað betur en að fjalla um efnahagsmál. Það kom til að mynda fram í ræðu hans áðan, að hann virðist ekki gera sér þess nokkra grein, að það er alger munur á áætlunarstefnu í efnahagsmálum og haftastefnu. Þetta er síður en svo sama stefnan. Þetta eru andstæðar stefnur. Ég var að mæla fyrir því, að við tækjum upp áætlunarbúskap, eins og tíðkast alls staðar í nútímaþjóðfélögum um þessar mundir. Og þetta er tvímælalaust alger meginnauðsyn fyrir okkur Íslendinga, ef við ætlum að reyna að stunda einhvers konar samvinnu við aðrar þjóðir. Það er fráleitt með öllu, að við getum stundað svokallaða frjálsa samkeppni við aðra, meðan atvinnuvegir okkar eru eins á sig komnir og þeir eru nú. Með örfáum, litlum og magnþrota fyrirtækjum yrðum við strax undir í slíkri samkeppni. Forsenda þess, að við getum tekið þátt í nokkurri efnahagssamvinnu, er, að við tökum upp áætlunarbúskap, sameinum krafta okkar og reynum að koma upp þannig fyrirtækjum, að þau standist í slíkri samkeppni. Þetta hafa allar þjóðir gert á undanförnum árum nema Íslendingar. Um það er hægt að nefna fjölmörg dæmi. Það má t. d. minna á, að í lok stríðsins tóku tvær stórar þjóðir upp áætlunarbúskap á tilteknu sviði, — um aukningu fiskveiða og fiskiðnaðar. Þessar þjóðir voru Sovétríkin og Japanir. Þetta var gert með áætlunarbúskap í báðum löndunum. Bæði löndin gerðu 5 ára áætlun um slíka þróun, í Sovétríkjunum með ríkisfyrirtækjum, en í Japan með samvinnu ríkisins og einkafyrirtækja. Þessar áætlanir hafa staðizt gersamlega hjá þessum tveimur forustuþjóðum í sjávarútvegi. Þó að þarna sé um að ræða sjávarútveg, sem talinn er valtur, hafa þessar áætlanir staðizt til þessa dags, og þessar þjóðir hafa algera forustu á þessu sviði. Slík áætlunarstefna tíðkast hvarvetna í Evrópuríkjum. Hún er til að mynda mjög sterk í Frakklandi, eins og ég hef minnzt á. Stórfyrirtæki þau, sem hæstv. ráðh. hafa sérstakt dálæti á, vinna öll samkvæmt reglum áætlunarbúskapar, hvert eitt einasta þeirra. Og þessi áætlunarbúskapur er alls staðar að þróast. Hin nýja tækni, sem komið hefur til síðustu árin, tölvutæknin, gerir það kleift að beita áætlunarvinnubrögðum á miklu öflugri hátt en nokkurn tíma áður hefur verið gert. Forsrh., sem hefur ekki hugmynd um svona hluti, ætti að fara sér hægt í að tala um þekkingu og vitsmuni þm. Áætlunarbúskapur og haftabúskapur eru algerar andstæður, og ég held, að hæstv. ráðh. ætti að reyna að gera sér þessa einföldu staðreynd ljósa.

Hæstv. ráðh. spurði, hvort ég vildi svara því umyrðalaust, hvort ég væri reiðubúinn til að fallast á sameiginlegan, norrænan vinnumarkað. Hæstv. ráðh. hefur enga aðstöðu til þess að spyrja mig nokkurra spurninga í því sambandi. Það liggur ekkert fyrir um það, með hvaða kostum við ættum möguleika á því að taka þátt í norrænni samvinnu.

Það átti að vera eitt af verkefnum hæstv. ríkisstj. að kanna það mál, og ég bar fram þá fsp., sem ég flutti í dag, til að fá einhver svör við því. En þau svör liggja ekki fyrir. Þegar það liggur fyrir, á hvaða grundvelli hugsanlegt er, að við tökum þátt í norrænni samvinnu og hvaða valkosti þar kann að vera um að ræða, þá skal ég svara öllum spurningum um það efni. En hæstv. forsrh. hefur enga möguleika til þess að yfirheyra mig eða nokkurn annan þm. um nokkurt atriði í þessu sambandi. Ég held, að það sé algerlega ástæðulaust að rjúka hér upp í þykkjuræðu, eins og þessi hæstv. ráðh. gerði í sambandi við umr., sem hófust á málefnalegan og eðlilegan hátt. Hér er um að ræða afar fróðlegt mál, sem ég tel, að allir þm. ættu að kynna sér gaumgæfilega, og ég vildi leggja áherzlu á, að mér finnst, að hæstv. ríkisstj. ætti að gera ráðstafanir til þess, að þingflokkarnir og almannasamtök, bæði atvinnurekendur og Alþýðusamband Íslands, ættu kost á að fylgjast sem bezt með þeirri athugun, sem nú er verið að framkvæma á Norðurlöndum, til þess að hægt sé að taka afstöðu til mála á málefnalegan hátt og á skömmum tíma.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Því fer fjarri, að mér komi til hugar að fara að skattyrðast við þennan hv. þm., sem auðsjáanlega hvorki veit, hvað hann segir sjálfur, né tekur eftir því, sem aðrir segja. Hann talaði um misnotkun á þingsköpum. Hann hefur sjálfur talað a. m. k. tvisvar sinnum lengur en þingsköp ætlast til. Hann notaði síðasta tækifærið, að því er hann sagði, til þess að bera af sér sakir. Sakirnar voru þær, sem honum sárnaði svo mjög, að hann væri ekki eins gáfaður og hinn stórgáfaði hv. 1. þm. Norðurl. v., og sýnir það vel hógværð hv. þm. Hann ætlar sér vissulega ekki lítinn hlut.

36. Fyrirhugaður flutningur á aðalviðhaldsstöð Loftleiða til Keflavíkurflugvallar.

Á deildafundum 18. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til utanrrh. um fyrirhugaðan flutning á aðalviðhaldsstöð Loftleiða til Keflavíkurflugvallar [143. mál] (A. 260).

Á 29. fundi í Sþ., 19. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 260 að beina svo hljóðandi fsp. til hæstv. utanrrh. um fyrirhugaðan flutning á aðalviðhaldsstöð Loftleiða til Keflavíkurflugvallar:

„Hvenær er að vænta niðurstöðu frá utanrrn. við málaleitan Loftleiða frá 12. sept. s. l. um aðstoð og fyrirgreiðslu við fyrirhugaðan flutning á aðalviðhaldsstöð félagsins frá Bandaríkjunum til Keflavíkurflugvallar?"

Ástæðan til þess, að ég kem fram með þessa fsp., er sú, að hér er um talsvert stórt mál að ræða almennt séð og miklir hagsmunir við það bundnir, að þessi flutningur geti átt sér stað til Keflavíkurflugvallar, m.a. fyrir íbúa Suðurnesja. Það er talið, að ef hægt verður að flytja aðalviðhaldsstöð Loftleiða til Keflavíkurflugvallar, muni það spara þjóðinni gjaldeyri fyrir um 130—150 millj. kr. Talið er, að þarna gætu fengið góða atvinnu allt að 130 menn, en nú starfa þar aðeins um 20 manns.

Þessi flutningur getur ekki orðið nema viss fyrirgreiðsla fáist í þessum efnum, og eftir henni hefur verið leitað til utanrrn. í bréfi frá 12. sept. s. l. Sú aðstaða, sem Loftleiðir þurfa að fá, felst m. a. í því, að félagið þarf að fá stóraukinn aðgang að flugskýlum þar syðra eða jafnvel byggja nýtt flugskýli, og ennfremur hefur félagið talið nauðsynlega forsendu þess, að af þessum flutningi gæti orðið, að nokkrar tollaívilnanir fengjust á afgreiðslutækjum og viðhaldsverkfærum og ýmsum tækjum í sambandi við viðhaldið.

Þar sem þessar athuganir hafa nú staðið alllengi, hafa heyrzt um það raddir, að svo gæti farið, að Loftleiðir yrðu að fara með þessa viðhaldsstöð sína til Lúxemborgar, og við Íslendingar yrðum þá af þessu tækifæri. Til þess að fá upplýst, hvað rétt er um afstöðu ríkisvaldsins um þessi málefni og hvað hefur verið gert af hálfu utanrrn. til þess að koma á móti óskum Loftleiða, er fsp. þessi borin fram.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í septembermánuði s. l. sneru fulltrúar frá Loftleiðum sér til mín og óskuðu eftir því m. a. að fá aukið húsrými í aðalflugskýli flughers varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Var beiðni þessi fram borin vegna þess, að félagið hafði í hyggju að flytja aðalviðhaldsstöð sína frá New York til Keflavíkurflugvallar, en um þetta leyti var að renna út samningur frá árinu 1965, sem utanrrn. hafði gert við varnarliðið og tryggði Loftleiðum afnot í 3 ár af hluta þessa sama flugskýlis. Var hér um að ræða húsnæði, sem var nægilega stórt til að hýsa flugvél af gerðinni CL-44 þ. e. a. s. stærri gerðinni, lengri gerðinni, tilheyrandi verkstæði og skrifstofur. Loftleiðir greiddu ekki leigu samkvæmt samningi þessum, en tóku að sínum hluta þátt í rekstrar- og viðhaldskostnaði flugskýlsins.

Málaleitun Loftleiða var því í rauninni tvíþætt: Í fyrsta lagi að tryggja Loftleiðum áframhaldandi afnot af því húsnæði, sem þeir höfðu haft s. l. 3 ár, og í öðru lagi að óska eftir því, að varnarliðið léti þeim í té skýlisrými til viðbótar vegna

viðgerðarþjónustunnar. Mál þetta var strax tekið fyrir í varnarmálanefnd og lofuðu fulltrúar varnarliðsins að taka allt þetta til gaumgæfilegrar athugunar, þ. e. hvort tiltækilegt væri að endurnýja samninginn um afnot Loftleiða og rýma jafnvel enn meir til fyrir þeim. Jafnframt bentu fulltrúar varnarliðsins á, að flugvélakostur sá, sem nota þyrfti nú á vellinum, hefði aukizt á árinu 1968 og ættu þeir því erfitt um vik, þar sem þeir þyrftu raunverulega á auknu skýlisrými að halda, eins og nú stæðu sakir, a. m. k. fram eftir árinu 1969. Umr. héldu áfram í varnarmálanefnd um þetta mál þar til 19. nóvember á síðastliðnu ári, að fulltrúar frá varnarliðinu lögðu fram svofellda bókun:

„Bandarískí formaðurinn lýsti því yfir, að nákvæm athugun, sem gerð hefði verið á því skýlisrými, sem fyrir hendi væri í flugskýli 885 og þeim afnotum, sem varnarliðið þyrfti að hafa af þessu skýlisrými, hefði leitt í ljós, að ekki mundi þurfa að óska eftir því við Loftleiðir, að félagið færi úr því húsnæði, sem það hefur nú til afnota í flugskýlinu. Á hinn bóginn væri ekki mögulegt að útvega Loftleiðum neins konar viðbótarrými, eins og nú standa sakir."

Bandarískí formaðurinn lýsti því yfir, að honum þætti leitt að geta ekki orðið við þessari beiðni, því að eftir vandlega athugun á öllum málavöxtum, væri nauðsynlegt að neita beiðni Loftleiða um viðbótarrými í flugskýli 885 til þess að tryggja viðunandi starfsaðstöðu varnarliðsins. Þessi málalok voru tilkynnt Loftleiðum með bréfi dags. 20. nóv. s. l. Fulltrúar Loftleiða gengu þá á minn fund nokkrum dögum seinna og ítrekuðu óskir sínar. Ég ræddi þá þegar við yfirmann varnarliðsins, Stone aðmíral um það, hvort unnt mundi vera að verða við óskum Loftleiða, þegar eitthvað væri komið fram á árið 1969, ef hægt væri að fresta heimflutningi viðgerðarverkstæðisins fram eftir árinu. Óskaði aðmírállinn þá eftir að fá upplýst, hve lengi Loftleiðir gætu sér að skaðlausu beðið með flutninginn og að rannsakað yrði, hvort þeir gætu komizt af með eitthvað minna húsnæði en upphaflega var farið fram á. Mundi hann þá láta fara fram nýja athugun á því, hvort unnt væri að verða við óskum Loftleiða, án þess að það truflaði um of starfsemi flugsveita varnarliðsins. Ég óskaði þá strax eftir svari frá Loftleiðum við spurningum aðmírálsins. Það var í byrjun desembermánaðar s. l., en þeir báðu um frest til að athuga málið. Aðmíráll Stone, yfirmaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, fór alfarinn til Bandaríkjanna 16. jan. s. l., og var þá ekki enn komið svar frá Loftleiðum, en það kom að vísu skömmu síðar.

Mér er kunnugt um, að hinn nýi aðmíráll hefur haft málið til athugunar síðan hann kom, og verða nú teknir upp samningar við hann. En ég tel mig geta fullyrt, að málið hafi mætt fullum velvilja hjá yfirmönnum varnarliðsins, þó að ekki væri hægt að leysa það eins og á stóð í okt. eða nóv. s. l. Ég get því miður ekki svarað nákvæmlega hvenær niðurstaðan fæst, en ég vona, að ekki líði á löngu þar til hún liggur fyrir.

Um það, hvenær Loftleiðir þurfi á þessu skýlisrými að halda, segir svo í bréfi þeirra frá 15. jan. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Fáist flugskýlispláss á Keflavíkurflugvelli, eins og farið hefur verið fram á, þyrfti félagið að fá það til ráðstöfunar upp úr miðju þessu ári og þó ekki síðar en 1. sept., þannig að tími vinnist til að koma fyrir vélum og tækjum, sem til starfrækslu viðhaldsdeildarinnar þarf. En eins og við staðfestum í viðtali við yður, er óhjákvæmilegt, að skýlisrýmið verði ekki minna en fyrir tvær flugvélar af gerðinni RR-400 samtímis. Mundi einn endabás í flugskýlinu og tvær svokallaðar eyjar nægja í viðbót við það rými, sem félagið hefur nú þegar til afnota í flugskýlinu."

Ég vildi þess vegna vona, að niðurstaða í málinu fengist örugglega, áður en sá tími er liðinn, sem Loftleiðir hafa tiltekið sem síðasta mark fyrir því að fá skýlið til afnota, sem er 1. sept. Það ætti að vera nægur tími til þess, þó að þetta hafi af ástæðum, sem rn. eru ekki viðráðanlegar, dregizt þetta lengi.

Út af tollamálum og öðru slíku er allt hægara um vik, því að þar eru rn. ein til ákvörðunar, og ég get fullyrt, að það er vilji fyrir því hjá ríkisstj. að verða við þessari beiðni Loftleiða að svo miklu leyti, sem möguleikar eru til af okkar hálfu, og við munum gera það sem hægt er til þess að reyna að fá þetta pláss frá varnarliðinu, sem þó er orðið það mikið, ef þetta fæst, að það er nálega rúmur þriðjungur af stærsta flugskýlinu, sem þarna er afhentur til afnota fyrir Loftleiðir.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann veitti við fsp. minni. Þau voru ljós og fullnægjandi, og út af fyrir sig gefa þau ekki mikið tilefni til langra umr. af minni hálfu. Ég vil þó aðeins segja, að ég vænti þess, — og ég veit, að ég tala þar fyrir munn nokkuð margra, — að utanrrn. beiti áhrifum sínum til hins ýtrasta til þess að reka á eftir svörum frá yfirmönnum varnarliðsins um aðstöðu fyrir Loftleiðir í flugskýlinu, sem þar er.

Mér skilst af yfirlýsingu hæstv. ráðh., að spurningin um tollaívilnanir muni ekki verða þessu máli að fótakefli, og vil ég fagna því sérstaklega.

37. Radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar.

Á 32. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til sjútvmrh. um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar [152. mál, 1] (A. 283).

Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. sjútvmrh. svo hljóðandi fsp.:

„Hvað líður framkvæmd þál. um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða, sem samþykkt var í Sþ. 18. apríl 1967?“

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Þál. sú, sem vitnað er til í umræddri fsp. og samþ. var á Alþ. 18. apríl 1967, var svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. sérfræðinga til að gera athugun og till. um radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar við Ísland með sérstöku tilliti til fiskveiða.“

Hinn 22. maí sama ár skipaði siglingamálarh. þriggja manna n. til að gera athugun þá, sem um ræðir í þál. Í n. voru skipaðir Aðalsteinn Júlíusson vitamálastjóri, formaður, Leifur Magnússon framkvstj. flugöryggisþjónustunnar og Birgir Frímannsson verkfræðingur. Störfum n. er nú langt komið og álit hennar væntanlegt innan tveggja mánaða að sögn formannsins. N. hefur athugað, hvaða kosta sé völ varðandi radíóstaðsetningarkerfi, sem nú eru í almennri notkun svo og þróun þeirra mála erlendis. Þá hefur n. leitað álits ýmissa aðila, er málið varðar. Frá flestum hafa borizt svör með jákvæðum undirtektum um gagnsemi betri staðsetningarkerfa en nú eru starfrækt, en hins vegar skortir enn forsendur til þess, að hægt sé að gera sér grein fyrir fjárhagsþýðingu hinna mismunandi valkosta. N. vinnur nú að athugun á kostnaðarhlið málsins og gerir ráð fyrir í því sambandi að geta haft gagn af reynslu Norðmanna, sem á s. l. ári komu upp Dekkakerfi með allri strönd Noregs. Hefur n. notið sérstakrar velvildar þeirra aðila, er að þessum málum vinna í Noregi. En eins og fyrr er sagt, væntir n. þess að geta gengið frá frumskýrslu sinni innan tveggja mánaða.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

---

38. Vesturlandsvegur.

Á 32. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt:

Fyrirspurn til samgmrh. um lengingu Vesturlandsvegar [152. mál, 2] (A. 283).

Á 33. fundi í Sþ., 26. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 283 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgmrh.:

„1. Var lagning Vesturlandsvegar, þ. e. sá hluti, sem nú er unnið að, boðin út, áður en framkvæmdir hófust?

2. Ef svo var ekki, hver er þá ástæðan til þess, að Íslenzkir aðalverktakar voru ráðnir til að sjá um framkvæmd verksins án útboðs, og hver tók þá ákvörðun?

3. Hafði ekki Vegagerð ríkisins sjálf möguleika á að vinna verkið á jafnhagkvæman hátt? Hefur hún haft verkefni í haust og vetur fyrir vinnuvélar sínar og þá starfsmenn, sem þarf að sjá fyrir vinnu svo að segja allt árið, eins og um fasta starfsmenn væri að ræða?“

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Við 1. tölulið vil ég gefa þetta svar:

Sá hluti Vesturlandsvegar, sem nú er unnið að, er um 850 m langur og nær frá Rofabæ að Höfðabakka, en það eru nöfn á götum, sem komnar eru eða eiga að koma samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur á þessu svæði. Nánar til tekið má segja, að það sé frá austurbrún Elliðaárbrekku á Vesturlandsvegi að þeim stað, sem umferð er á Suðurlandsveg út af Vesturlandsvegi. Verk þetta var ekki boðið út af ástæðum, sem greindar eru í lið 2 í fsp., en sá liður hljóðar þannig, eins og hv. alþm. sennilega muna eða sjá: „Ef svo var ekki,“ þ. e. að bjóða út, „hver er þá ástæðan til þess, að Íslenzkir aðalverktakar voru ráðnir til að sjá um framkvæmd verksins án útboðs og hver tók þá ákvörðun?“

Sem svar við þessu vil ég taka þetta fram: Í vegáætlun fyrir árin 1965—1968 voru engar fjárveitingar til lagningar þess hluta Vesturlandsvegar, sem talinn er hraðbraut í vegáætlun, en það er frá vegamótum milli Miklubrautar og Reykjanesbrautar í Breiðholti vestan við Elliðaár að vegamótum Vesturlandsvegar og Þingvallavegar. Hins vegar voru í vegáætlun lántökuheimildir fyrir 62.5 millj. kr. til lagningar þessa vegar, sem síðar voru hækkaðar við endurskoðun á vegáætlun 1967 um 25.8 millj. kr., svo að lántökuheimildir voru alls fyrir 88.3 millj. kr. Þessar miklu lántökuheimildir í vegáætlun til þessa hluta Vesturlandsvegar, sem talinn er hraðbraut, er mjög ákveðin ábending Alþ. til ríkisstj. um, að nauðsyn sé að hefja lagningu þessa vegar fyrir lánsfé á vegáætlunartímabilinu, þó að engar fjárveitingar hafi verið teknar upp til verksins. Þar sem ekki reyndist unnt að afla lánsfjár til þessara framkvæmda innan ramma framkvæmdaáætlunar ríkisstj. á s. l. ári, var horfið að því ráði að semja við Íslenzka aðalverktaka um að taka að sér lagningu á hluta af þeim kafla Vestur-

landsvegar, sem nauðsynlegt er að endurbyggja sem hraðbraut, en það er frá enda Miklubrautar vestan við Elliðaár inn að Höfðabakka, þar sem umferð eftir Suðurlandsvegi fer út af Vesturlandsvegi. Umferðaröngþveitið á þessum vegarkafla undanfarin sumur er kunnara en svo, að um það þurfi að fjölyrða. Ástæðan til þess, að samið var við Íslenzka aðalverktaka um þennan fyrsta vegarkafla var sú, að félagið bauðst til þess að lána allan kostnað við verkið til þriggja ára með svipuðu móti og þeir gerðu við lagningu Reykjanesbrautar. Er samið um framkvæmd verksins á einingarverðsgrundvelli á sama hátt og gert var við Reykjanesbraut.

Það var ekki kunnugt um annan verktaka, sem hefur fjárhagslegt bolmagn til þess að taka að sér verk sem þetta á ofangreindum grundvelli. Það, sem máli skiptir í þessu, er, að í sambandi við samningana var talið af verkfróðum mönnum og vegamálastjóra og öllum hans mönnum, að þetta væri tiltölulega hagstætt tilboð, þar sem reiknað var á einingargrundvelli hvert kostnaðarverðið væri og reynsla var fengin fyrir því, hvað sanngjarnt var að miða við. Í annan stað var augljóst fyrir fram, að tilgangslaust var að bjóða verkið út, þar sem ekki var vitað um neinn verktaka, sem hefði fjármagn til þess að lána. Það var því um tvennt að velja: Að byrja ekki á verkinu á s.l. hausti eða semja við þann aðila, sem fjármagn hafði undir höndum.

Liður 3: „Hafði ekki Vegagerð ríkisins sjálf möguleika á því að vinna verkið á jafnhagkvæman hátt. Hefur hún haft verkefni í haust og vetur fyrir vinnuvélar sínar og þá starfsmenn, sem þarf að sjá fyrir vinnu svo að segja allt árið eins og um fasta starfsmenn væri að ræða?“

Rétt er að taka fram, að vegagerðin hefði að sjálfsögðu getað unnið þetta verk eftir kostnaði og hefði sjálfsagt ekki þurft að verða dýrara en hjá Aðalverktökum. En þess ber að geta, að það var engin fjárveiting til verksins. Vegagerðin hafði ekki yfir fjármagni að ráða til þess að hefja þessar framkvæmdir. Vegagerðin hefur yfir talsverðum vélakosti að ráða, en vafasamt er að binda þennan vélakost á einum stað yfir vetrarmánuðina, þar sem oft þarf að grípa til þessara véla, þegar mikil snjóalög falla eða þegar skemmdir verða á vegum vegna náttúruhamfara. Það er því vafasamt, að vegagerðin hefði haft nægilegan vélakost til þess að vinna þetta verk. Það má einnig segja, að það fólk, sem er fastráðið hjá vegagerðinni, hafi haft atvinnu í haust og í vetur og hefur þess vegna ekki verið byrði hjá vegagerðinni út af fyrir sig.

Ég held, að ég hafi ekki fleira að segja að svo stöddu sem svar við þessari fsp., sem fram er borin í þrem liðum.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við þessari fsp. minni og hef ekkert út á þau að setja, því að þau skýrðu það alveg, sem eftir var sótt. Hins vegar vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að það, sem hér er að gerast, er, að það er verið að framkvæma verk á vegum ríkisins með tilliti til þess, hvaða aðili í landinu er það fjársterkur, að hann geti lánað fé til að framkvæma verkið. Verkið er ekki boðið út, að því er hæstv. ráðh. segir, af því að ekki er talið, að neinn annar gæti lánað til verksins. Það er ekki metið, hvort vegagerðin sjálf geti framkvæmt verkið, af því að ekki er fjárveiting til þess. Einn aðili í landinu er orðinn það fjárhagslega sterkur að dómi hæstv. ráðh., að hann getur lánað til þessa verks í 3 ár, og þá er hann skilyrðislaust látinn vinna verkið án þess að bera saman, hvort vegagerðin sjálf hafði hagnað af því að vinna það eða hvort það væri hægt að ná hagkvæmari samningum með útboðum. Þetta sýnir okkur, að við erum hér sem í fleiru á hættulegri braut og verðum að gera okkur grein fyrir því, hvort við ætlum að fara að láta þá eina framkvæma verk í landinu, sem hafa aðgang að fjármagni og geta þannig lánað ríkissjóði.

Ég vara við þessari stefnu og vek athygli á henni, en hef ekkert út á svör ráðh. að setja í sambandi við fsp. mína. Það, sem ég einmitt óttaðist, var, að það væri verið að fara inn á þessa braut, sem ráðh. hefur staðfest að er.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi talaði um, að hér hafi verið gengið inn á hættulega braut að láta fjármagnið ráða, láta þann eina aðila fá þetta verk, sem gat útvegað lán til framkvæmdanna. Og hv. fyrirspyrjandi sagði, — ég skrifaði það orðrétt eftir honum, — að láta vinna þetta skilyrðislaust, án þess að bera saman, hvort vegagerðin hefði getað unnið verkið á jafnhagkvæman hátt. Ég held, að það sé ekki sæmandi fyrir hv. fyrirspyrjanda að orða þetta þannig, því að það kom fram í mínu svari, að það hafði verið borið saman, hvort þetta verktilboð Aðalverktaka væri hagkvæmt eða óhagkvæmt. Það er unnið eftir einingarverði og vegamálastjóri og verkfræðingar hans reiknuðu þetta út og báru það saman og töldu þetta tilboð mjög hagkvæmt, töldu að þetta væri unnið á kostnaðarverði. Það var þess vegna ekki um það að ræða, hvort vegagerðin gæti unnið þetta á hagkvæmari máta en hér er um að ræða. Þótt vegagerðin hefði haft fjármagn undir höndum, hefði hún ekki að mati þeirra fróðustu manna getað unnið þetta ódýrara heldur en nú er til stofnað. Þetta finnst mér skipta höfuðmáli, og það er vitanlega aðeins um misskilning að ræða hjá hv. fyrirspyrjanda frekar en hann hafi ekki viljað hafa það, sem sannara reyndist í þessu. Þetta var borið saman. En ef vegagerðin hefði haft fjármagn undir höndum, þá kom vel til mála, að hún ynni þetta verk og hefði sjálfsagt gert það, en þar sem hún hafði ekki fjármagn undir höndum, var ekki um það að ræða, og verkið hefði ekki orðið ódýrara, þótt vegagerðin hefði unnið að málinu.

Hitt er svo vafamál, hve hættulegt það er að láta Aðalverktaka fá þetta verk með þeim kjörum, sem

hér er um að ræða, af því að þeir geta lánað til þessara framkvæmda. Hv. Alþ. hefur lýst vilja sínum og samþykkt lántökuheimildir til þess að flýta þessu verki. Og meira að segja hafa margir hv. alþm. látið þá skoðun sína í ljós, að það ætti að flýta gerð hraðbrauta með því að taka erlend lán. Og ég er einnig þeirrar skoðunar, en þá þurfum við vitanlega að fá hagstæð lán. Hér er um að ræða innlent lán hjá innlendu fyrirtæki, og ég sé ekki þá hættu, sem af því stafar að taka lán hjá þeim. Hitt er svo annað mál, að það er eðlilegt, að verk séu boðin út og öllum gert jafnt undir höfði, en það er búið að lýsa því áður, að hér var um sérstakt tilfelli að ræða, og ég tel, að það hafi verið vel gert að ýta þessu af stað. Með því hafa ýmsir haft atvinnu í vetur, sem annars hefðu verið atvinnulausir. Þetta verk er nú komið af stað og það verður til þess, að því miðar fyrr áfram.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki tala langt mál. Ég vildi aðeins vekja athygli á því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefði ekki sannazt, að það hefði verið óhagkvæmt að taka þessa ákvörðun, en í fyrri ræðu sinni vék hann að því, að verkefni hjá vinnuvélum vegagerðarinnar væru það takmörkuð, að þær væru ekki nýttar sem skyldi á þessum vetri, og það er mér kunnugt um. Þess vegna held ég, að það hefði verið hagkvæmara undir þessum kringumstæðum, fyrst ekki var boðið út, að vegagerðin hefði sjálf unnið verkið, og það, sem ég varaði við og vara ennþá við er, að þeir einir fái að vinna verkið, sem geta lagt til fjármunina. Það er stefna, sem vegagerðin á ekki að fylgja.

39. Skuldir Íslendinga við aðrar þjóðir.

Á deildafundum 4. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til ríkisstj. um skuldir Íslendinga við aðrar þjóðir [163. mál, 1] (A. 316).

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var fsp. tekin til umr., hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var fsp. tekin til umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Spurt er: „Hvað námu skuldir þjóðarinnar við önnur lönd mikilli fjárhæð um síðustu áramót, reiknaðar í íslenzkum krónum með núverandi gengi: 1) Föst lán:“ Svarið er 11270 millj. „2) Lausar skuldir?“ Svarið er: 1102 millj., sem eru stutt vörukaupalán.

„3) Hvað er talið, að afborganir og vaxtagreiðslur af föstum, erlendum lánum nemi miklu í íslenzkum peningum árið 1969?“ Svarið er: 2260 millj.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka svörin.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að hefja neina almenna umr. um þessar fróðlegu tölur, sem hæstv. fjmrh. lét okkur í té, en mig langaði aðeins að beina til hans einni viðbótarspurningu af þessu tilefni.

Ég minnist þess, að í upphafi viðreisnar, haustið 1959, flutti Jónas Haralz, sem verið hefur helzti efnahagssérfræðingur hæstv. ríkisstj., mjög athyglisverða ræðu 1. des. og ræddi þar um vanda okkar við að halda uppi sjálfstæðu þjóðfélagi á Íslandi, sérstaklega vandann í efnahagsmálum. Þar vék hann að því, að skuldir Íslendinga væru þvílíkar, að árlegir vextir og afborganir væru allt að 11% af gjaldeyristekjum okkar á ári, og hann taldi, að aðeins ein þjóð í víðri veröld þyrfti að greiða jafn háa hlutfallstölu af árstekjum sínum til þessara þarfa. Hann taldi einnig, að þessar greiðslur væru svo miklar, að þær ógnuðu hreinlega tilveru okkar sem efnahagslega sjálfstæðrar þjóðar.

Sú tala, sem hæstv. fjmrh. nefndi áðan, er greinilega miklu hærri en sú tala, sem Jónas Haralz nefndi 1959. Því vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann teldi, að þessi kenning Jónasar Haralz hafi verið rétt 1959, að 11% af gjaldeyristekjum til vaxta og afborgana ógni efnahagslegu sjálfstæði þjóðar eða hvort hann telur e. t. v., að sú kenning hafi verið röng. Ef hann telur kenninguna rétta, vil ég enn fremur spyrja, hvort fjárhag okkar sé þá þannig komið, að hætta sé á, að við séum að missa efnahagslegt sjálfstæði.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég er síður en svo á móti því að ræða þessi mál örlítið meira, þó að ég hafi kosið að hafa svör mín í þessu stutta formi, sem spurningarnar gáfu tilefni til, og tel að það sé rétt og eðlilegt, að þannig sé spurt og þannig svarað, og erum við fyrirspyrjandi alveg sammála um það, en það er vitanlega ástæða til þess að ræða þessi mál allmiklu meira, og án þess að ég ætli að fara of langt út í þá sálma hér, nema frekara tilefni gefist til, þá vildi ég ekki láta hjá líða að ræða þetta örlítið betur í tilefni af fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv.

Hann vitnaði í ummæli Jónasar Haralz um skuldabyrði þjóðarinnar 1958 að mig minnir eða 1959, sem hann mun hafa samið grg. um og reyndar talað um á sínum tíma, að væri mjög geigvænleg og hefði numið 11% af gjaldeyristekjum. Hv. 6. þm. Reykv. spurðist fyrir um það, hver væri skoðun mín á þessum orðum Jónasar Haralz, hvort þau væru röng eða þá hvort landið stæði andspænis gjaldþroti, vegna þess að skulda-

byrði þess væri orðin þyngri. Ég álít hvorugt. Ég álít, að orð Jónasar Haralz hafi haft fullkomlega við rök að styðjast. Ég álít ekki heldur, að við stöndum andspænis neinu ríkisgjaldþroti, enda þótt prósentutala okkar af gjaldeyristekjum sé hærri en hún var þá. Prósentutalan, sem þá var nefnd og mun vera rétt með farið, var 11%. Skuldabyrði okkar nú nemur um 15% eða rúmlega það á næsta ári. Það, sem hér verður að hafa í huga, er að meta aðstæður og hvers konar skuldir er um að ræða. Skuldirnar, sem við áttum við að stríða, þegar Jónas Haralz flutti sína grg., voru að stórum hluta til lausaskuldir og yfirdráttarskuldir hér og þar í bönkum út um heim, sem voru meira og minna óumsamdar og voru þess eðlis, að það er rétt, að 1959 höfðu bankarnir notað allar sínar yfirdráttarheimildir til þess að kaupa brýnustu nauðsynjar til landsins. Það hefur ekkert átt sér stað í þessa átt enn sem komið er.

Það er rétt, að greiðslubyrðin hefur vitanlega vaxið mjög mikið og er orðin 15%, sem stafar af hinni geigvænlegu lækkun á útflutningstekjum. Áður en þessi lækkun kom til, var greiðslubyrðin ekki nema 7—8% og að meginhluta til í föstum lánum, t. d. voru allar opinberar skuldir í löngum lánum, sem ástæðulaust var að hafa nokkrar áhyggjur af þannig lagað séð, og þær lögðu ekki óeðlilega þungan bagga á þjóðina. Greiðslubyrðin hefur hækkað um nærri helming á nærri 2 árum, en ekki vegna þess að skuldirnar hafa hækkað, heldur vegna þess, að tekjur okkar hafa lækkað stórlega, sem við höfum til að standa undir þessum skuldum. Þá er það samt svo, að við höfum ekki safnað lausaskuldum erlendis. Þær yfirdráttarheimildir, sem við höfum fengið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum eru allt annars eðlis. Þær yfirdráttarheimildir hafa ekki heldur verið notaðar enn, þannig að gjaldeyrisstaðan hefur batnað það mikið, að ekki hefur þurft að nota þessar heimildir að öðru leyti en því, að þær eru notaðar að vissu marki til að greiða af lánum, en það eru að sjálfsögðu ekki nein ný lán, sem skapast við það. Hitt er alveg ljóst, að til langframa er það auðvitað allt of þungur baggi á þjóðina að þurfa að borga 15% sinna gjaldeyristekna til afborgana af erlendum lánum, nema því aðeins, að nýjar gjaldeyristekjur komi til og það áfall jafni sig, sem þjóðin hefur orðið fyrir. Við þetta höfum við að sjálfsögðu ekki getað fengið ráðið með neinum hætti, að greiðslugeta okkar hafi minnkað, sem þessu nemur, en ég álít og vil láta það koma skýrt fram, að það er mat þeirra alþjóðlegu lánastofnana, sem við höfum mest samband við, og mat þeirra erlendu aðila, sem við höfum leitað til varðandi lántökur, — og ég vil taka fram lántöku með algjörlega eðlilegum hætti, ekki neinu hjálparlánaformi heldur eðlilegum lánagrundvelli, — að Ísland sé land, sem sé fullkomlega fært um að standa undir sínum skuldbindingum, enda hefur það ekki enn komið fyrir, að landið hafi ekki gert það.

Ég sé sérstaka ástæðu til þess að láta það koma fram og legg á það áherzlu, vegna þess að jafnan er flaggað með þessum háu tölum, 12—13 þús. millj. kr., sem skuldabyrði þjóðarinnar sé eftir tvær gengislækkanir, að vitanlega hefur gengislækkunin sem slík ekki þyngt greiðslubyrði þjóðarinnar að neinu marki, og skuldir þjóðarinnar út á við hafa ekki vaxið á neinn hátt, þó að þær séu hærri í krónutölu og þær séu nú um 12 þús. millj. kr., en fyrir 2 árum hafi sambærileg tala verið innan við 6000 millj. kr. Hér hefur ekki orðið um neina greiðsluþyngingu út á við að ræða.

Það er enn annað, sem ég vildi leggja áherzlu á í þessu sambandi til þess að gefa örlítið ljósari mynd af þessu, og það er, — og þá nota ég þær krónutölur, sem nú er við miðað, — að frá 1963 hafa skuldir þjóðarinnar aukizt um 3220 millj. kr. miðað við núverandi gengi. En þegar við athugum, hvernig þessar skuldir eru til komnar, þá kemur í ljós, að vegna Landsvirkjunar hafa verið tekin lán, sem nema 2083 millj. og vegna flugvélakaupa, fyrst og fremst flugvéla Loftleiða, hafa verið tekin lán, sem nema 1725 millj. Hér er því um að ræða 3700 millj. kr. á þessu tímabili til þessara tveggja þjóðfélagsþarfa eða meira en nemur allri skuldahækkuninni á þessu tímabili. Þetta tel ég ástæðu til að benda á, vegna þess að hvor tveggja þessara framkvæmda er með þeim hætti, að þær tryggja nýjar og auknar gjaldeyristekjur. Búrfellsvirkjun og Straumsvíkurhöfn, andvirði orkunnar þaðan og afnot hafnarinnar er tryggt með samningum við Swiss Aluminium, þannig að það greiðist með nýjum gjaldeyristekjum. Varðandi flugvélakaupin er það sama að segja, að hvað snertir flugvélar Loftleiða eru þær nær 100% á erlendum flugleiðum og færa okkur þar af leiðandi auknar gjaldeyristekjur, sem þessu nemur og raunar meira en þessu nemur, og þota Flugfélags Íslands fær einnig að mjög verulegu leyti erlendar gjaldeyristekjur. Loks má bæta því við, að á sama tíma hafa skuldir vegna fiskiskipa hækkað um 300 millj. kr., en það eru fyrst og fremst þau skip, sem eru að flytja að landi þann afla, sem mest berst af að landi þessa dagana og hefur gert okkur fært að stunda síldveiðarnar síðustu árin. Skuldaaukning vegna nýrrar gjaldeyrisöflunar er því samtals um 4000 millj. kr. eða nær 800 millj. kr. meira en nemur skuldaaukningunni á þessu tímabili. Þetta tel ég rétt, að komi fram, til þess að ótti grípi ekki fólk vegna hárra talna í þessu sambandi, vegna þess að vitanlega er það áhyggjuefni, ef við værum það illa staddir, að við stæðum andspænis því að geta ekki lengur staðið við okkar skuldbindingar. Hér er sem sagt um það að ræða, að aukning skulda okkar undanfarin ár hefur lagt grundvöll að nýjum gjaldeyristekjum, sem einmitt gera okkur mögulegt að standa betur að vígi varðandi greiðslu erlendra skulda á næstunni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessum umr. og hafði ekki búið mig undir það, en það voru ummæli, sem féllu hjá

hæstv. fjmrh., sem gáfu mér tilefni til að standa á fætur.

Hæstv. ráðh. hnykkti sýnilega nokkuð við, þegar hann var spurður að því, hvort hann teldi þjóðina eiga auðvelt með að standa undir þeim lánum, sem hafa verið tekin, þegar greiðslur af þeim væru líklegar til að verða 15% af gjaldeyristekjunum og þegar haft væri í huga, að talsmenn stjórnarflokkanna í byrjun stjórnartímabilsins hefðu haldið því fram, að nálega þjóðargjaldþrot væri framundan, þar sem sýnilegt væri, að greiðslur af erlendum lánum mundu komast upp í 11% af gjaldeyristekjum. Þeir töldu sem sagt þá og sögðu þjóðinni, og það var ekki Jónas Haralz einn, sem sagði það, heldur var það stjórnarliðið allt í kór, sem endurtók sífellt, að þjóðin væri að farast fjárhagslega. Þeir ætluðu sér að reisa hana við. Skuldabyrðin væri orðin svo mikil, að það væri hættulegasti þátturinn, og það liti út fyrir, að 11% af gjaldeyristekjunum færu til að greiða af erlendum lánum. Þetta sögðu þeir þá, en nú segja þeir, að þjóðinni sé vel borgið með því að greiða 15% vegna erlendra lána. Viðreisn þeirra hefur verið fólgin í því m. a. að auka skuldabyrðina um 40—50%, og það segja þeir nú, að sé í lagi.

Það er eðlilegt að hæstv. ráðh. gangi illa að koma þessu heim og saman. Ég vona, að íslenzka þjóðin geti staðið undir þeirri byrði, sem þeir hafa á hana hlaðið. Ég vona það. En það er þó alveg víst, og það ætti hæstv. fjmrh. að viðurkenna, að sé það rétt, var það markleysa, sem þeir sögðu 1959 og 1960. Geti þjóðin staðið undir þessu, sem ég vona að verði, þá var það markleysa, sem þeir sögðu þá, og það er það minnsta sem hægt er að ætlast til, að hæstv. fjmrh. viðurkenni drengilega, að það var marklaus áróður. Með því að viðurkenna ekki þetta bætir hann ekkert hlut sinn eða þeirra sem stóðu að þeim rógi, sem þá var fluttur um efnahag landsins bæði utan lands og innan af hendi þeirra. Það var ekkert annað en rógur um efnahag landsins, þær fullyrðingar, sem þeir viðhöfðu þá um möguleika þjóðarinnar til að standa við skuldbindingar sínar, og það mætti ekki minna vera en þeir viðurkenndu það nú, eins og þetta er komið, að það var markleysa, sem þeir sögðu.

Öll viljum við auðvitað trúa því, að við getum staðið undir jafnvel þeim gífurlegu byrðum, sem nú hafa verið lagðar á, hvað þá þeim tiltölulega léttu byrðum, sem þá höfðu verið lagðar á þjóðina. Eðlismunur er enginn á skuldabyrði þá og nú af þeirri einföldu ástæðu, að mest af því, sem þá hafði verið tekið að láni, hafði gengið til nauðsynlegra framkvæmda a. m. k. ekki síður en nú, að ekki sé nú meira sagt. Og þetta tal hæstv. ráðh. um, að það sé mikill eðlismunur á þessu, því að þá hafi verið mikið af lausaskuldum og yfirdráttarskuldum út um allan heim, fær ekki staðizt. Ég held, að hæstv. ráðh. hljóti að vita það mjög vel, að yfirdráttarskuldir bankanna eru ekki teknar inn í þetta skuldadæmi. Þær eru teknar inn í sjálfa gjaldeyrisstöðuna og dregnar frá innistæðum. Ég hygg, að hæstv. ráðh. viti þetta, og því er ég ákaflega hræddur um, að hann hafi mælt gegn betri vitund, þegar hann sagði þetta. Hitt er svo annað mál, að þá voru ekki lausar verzlunarskuldir út um allt eins og nú. Það er nýtt fyrirbrigði, sem hefur komið til. Manni skilst, að þær muni vera hátt í 1000 millj.

Fleira mætti telja í þessa átt, og það er ósæmilegt af hæstv. ráðh. að vera að gefa það í skyn, að skuldirnar, sem þá voru, hafi verið hættulegri en þær skuldir, sem nú eru. Það er algjörlega rangt, og það mundi sjást, ef þetta mál væri skoðað. Ég hef ekki þær nauðsynlegu skýrslur við hendina, sem þyrfti, en þær eru í Fjármálatíðindum. Sannleikurinn er sá, að það er ekki ólíklegt, að það kæmi í ljós, að lán til stutts tíma væru meiri nú tiltölulega en nokkru sinni áður, vegna þess að það hefur verið tekið svo mikið af lánum til stutts tíma t. d. til að kaupa báta og skip og miklu meira en nokkru sinni áður. Ég hugsa, að það væri fremur þetta, sem kæmi í ljós, ef væri skoðað, en hitt, sem hæstv. ráðh. gaf í skyn.

Ég spyr: Finnst mönnum ekki í raun og veru ósæmilegt að vera að pexa um, hvort byrðin er þyngri núna, þegar hún er 15% en þegar hún er 11%. Ég verð að segja, að þeir menn færast nokkuð í fang, sem ætla sér að telja þjóðinni trú um, að skuldabyrðin sé léttari, þegar hún er orðin 15%, en á meðan hún var 11%. Og það er algjörlega vonlaust fyrir hæstv. fjmrh. að ætla sér að fá okkur til þess að trúa því, að þjóðarbúið kasti svo miklu betur af sér tekjum nú miðað við fjárfestinguna en áður var, að þar sé að vænta björgunar í þessu. Við sjáum svona hér um bil, hvernig fjárfestingin á þessu 10 ára tímabili hefur gefizt á því, hvernig þjóðartekjurnar eru nú, sem út eru mældar í launum og kaupgjaldi, og samt er sagt, að atvinnuvegirnir eigi mjög erfitt með að bera kaupið. Kaupmáttur tímakaups er minni núna en hann var fyrir 10 árum, og afkoma fyrirtækjanna líklega upp og ofan lakari en þá. Og það er þessi fjárfesting, sem svona gefur af sér, sem kemur svona fram í þjóðarbúskapnum, sem hæstv. ráðh. segir, að sé svo vel heppnuð, að það muni vera léttara fyrir þjóðina núna að láta 15% af gjaldeyristekjunum í vexti og afborganir en 11% áður. Þetta er vonlaust, og mér finnst, að tíma Alþingis mætti verja betur.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var kannske ekkert að undra, að það kæmi við hjartað í hv. síðasta ræðumanni að minnast á skuldamálin fyrir 1959, enda tók hann það mjög óstinnt upp. Ég hafði ekki gert það að fyrra bragði að fara að gera samanburð í þeim efnum, heldur aðeins að gefnu tilefni frá hv. 6. þm. Reykv., og ég sagði, að ég áliti og ekki aðeins áliti, heldur er sannfærður um, að aðstaða okkar til þess að standa undir 15% greiðslubyrði er a. m. k. sízt lakari en hún var þá til að standa undir 11% greiðslubyrði, vegna þess að skuldir okkar eru nú allt annars eðlis en þær voru þá.

Ég skal taka undir það með hv. þm., að það er

erfitt að ræða um þetta í einstökum atriðum nú, vegna þess að við höfum ekki allar þær tölur, sem til þarf til að meta þetta. En ég hygg þó engum efa bundið, að rétt er, að skuldum okkar er nú háttað á þann veg, að aðstaðan til að standa undir greiðslubyrðinni er allt önnur.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég sagði aldrei, að ég áliti, að það væri allt í lagi að hafa 15% greiðslubyrði. Ég álít, að það sé ekki í lagi og það sé til langframa allt of þung byrði fyrir þjóð að hafa 15% greiðslubyrði. Hitt er annað mál, eins og ég sagði áðan, að greiðslubyrðin var fram á árið 1967 á milli 7 og 8%, sem ég hygg, að hafi verið mjög viðráðanlegt miðað við eðli skuldanna eins og þær voru þá og hafa verið á þessum árum. Það, sem gerzt hefur á þessum síðustu 2 árum, er ekki það, að skuldum hafi verið safnað, heldur hitt, sem öllum landslýð er kunnugt, að tekjur okkar hafa stórkostlega minnkað og það gildir auðvitað það sama um þjóðarbúið og bú hvers einstaklings, að það verður þeim mun erfiðara að standa undir skuldum sem tekjurnar minnka. Þetta liggur í augum uppi og ætti ekki að þurfa skýringar við. Hitt skal ég gjarnan segja, ef það huggar eitthvað hv. þm., að ég álít, að til langframa sé það allt of mikil greiðslubyrði að þurfa að láta 15% af gjaldeyristekjum til þess að standa undir erlendum lánum. Það þarf ekki að merkja það, að við getum það ekki, og það þarf ekki að merkja það, að allt sé í kalda koli hjá okkur, en það hlýtur að leiða til þess, að við þurfum mjög að draga að okkur með aðrar þarfir þjóðarinnar, og það er þess vegna engum efa bundið, að til langframa er þessi greiðslubyrði of mikil. En ég vildi aðeins að lokum leggja aftur á það áherzlu, að af þessari greiðslubyrði okkar núna eru 3700 millj. kr., sem skila sérstökum gjaldeyristekjum, sem ekki voru til staðar áður en í þá skuldaaukningu var ráðizt og stendur þar af leiðandi undir sínum gjaldeyrisútgjöldum í framtíðinni. Landsvirkjunin er ekki farin að skila neinum gjaldeyristekjum, en þar er um öruggar gjaldeyristekjur að ræða í sambandi við 25 ára samning við álbræðsluna, þannig að skuldir sem þessar eru ekkert áhyggjuefni fyrir þjóðina. Ég álít ekki heldur, að skuldir vegna flugvélakaupanna séu það, a. m. k. ekki eins og ástatt er nú, og við verðum að vona, að áfram muni horfa bærilega í þeim efnum. Ég hygg því, að það væri fullkomlega raunhæft að segja, að það mætti draga frá hinni almennu greiðslubyrði þessar fjárhæðir, en ég skal ekkert vera að gera það. Það er alltaf hægt að leika sér fram og aftur með tölur, en ég tel þó rétt, að þetta komi fram, til þess að mönnum verði ljóst, að síðustu 5 árin hafa engar aukningar orðið á gjaldeyrisskuldum þjóðarinnar á erlendum vettvangi, nema í sambandi við nýjar gjaldeyrisskapandi framkvæmdir, og það álít ég, að sé kjarni þessa máls. Við verðum svo að reyna að komast yfir þessa erfiðleika að þessu sinni. Það getur auðvitað enginn lækkað greiðslubyrðina eða borgað upp öll erlend lán í einu, þannig að greiðslubyrðin hlaut að hækka, þegar þessi áföll urðu. En við verðum að vona, að okkur auðnist að auka okkar gjaldeyristekjur mjög verulega á næstu árum, þannig að hlutfallið geti aftur orðið mjög svipað og það var, þegar það var á milli 7—8%, sem ég tel, að sé alveg hættulaus skuldabyrði. Að öðru leyti get ég einnig lagt á það áherzlu, að ég álít, að við verðum að sýna fullkomna varúð, meðan svo standa sakir sem nú, um töku erlendra gjaldeyrislána. Það verður að fylgja þeirri meginstefnu, að ekki séu tekin frekari gjaldeyrislán nema til nýrra gjaldeyrisskapandi framkvæmda.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er mitt álit, að ekki ættu að fara fram umr. um fsp. umfram það, sem er bráðnauðsynlegt til þess að fá þeim svarað. Ég hef sýnt þessa skoðun mína í verki að undanförnu, þegar ég hef flutt hér fsp. En úr því að farið er að ræða um mál í sambandi við þessa spurningu mína, get ég ekki stillt mig um að nota rétt minn til að segja örfá orð.

Samkvæmt því, sem segir í aths. með efnahagsmálafrv. ríkisstj. í febr. 1960, voru vextir og afborganir erlendra lána árið 1958 8.2% af tekjum fyrir útfluttar vörur það ár. Í janúarhefti Hagtíðinda 1969 segir, að ef allur útflutningur ársins 1968 sé reiknaður á hinu nýja gengi, sem nú gildir, hafi hann numið 7227 millj. kr. Nú veit auðvitað enginn, hvað útflutningurinn verður mikill á þessu ári, en ef við göngum út frá því, að hann verði jafnmikill að verðmæti og árið sem leið, sýnist mér á fram komnum upplýsingum, að það muni fara dálítið yfir 30% af tekjunum fyrir útfluttar vörur í ár til að greiða vexti og afborganir af erlendum lánum. Hæstv. fjmrh. gaf upp áðan, að til þess mundi þurfa 2260 millj., og það eru rúmlega 30% af tekjunum fyrir útfluttar vörur, ef þær verða þær sömu í ár og árið sem leið. En þegar þeir gáfu þetta út, sem ég nefndi áðan, árið 1960, þeir sem þá voru að taka við stjórn landsins og hafa hana enn, þ. e. þeir sömu flokkar, skildist manni á þeim góðu mönnum, að allt væri að ganga af göflunum í okkar þjóðfélagi, vegna þess að greiðslubyrðin væri 8.2% af verðmæti útfluttra vara, en nú eru þeir sömu karlar búnir að koma þessu í rúmlega 30%.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég er eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. á því, að ekki eigi að vera almennar umr. í sambandi við fsp., en mér þótti hlýða áðan að spyrja hæstv. ráðh. um mat hans á þeim mjög svo alvarlegu tölum, sem hann birti okkur. Þessar tölur eru hrikalega háar. 2260 millj. í eina saman vexti og afborganir eru yfir 10 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu, um 50 þús. kr. á hverja meðalfjölskyldu að jafnaði. Og þetta eru skuldir, sem á okkur hvíla eftir mesta velmegunartímabil í sögu þjóðarinnar.

Mér urðu það mikil vonbrigði, að hæstv. fjmrh. skyldi reyna að gera lítið úr þessum vanda. Það fannst mér hann gera í báðum ræðum sínum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að það var rétt hermt hjá Jónasi Haralz 1959, að 11% voru há tala. Hann

sagðist þá ekki vita um nema eitt land í víðri veröld, sem svo væri ástatt fyrir. En þessi tala er miklu hærri. Talan 11% var ein af aðalröksemdunum fyrir viðreisnarstefnunni. En núna í lok viðreisnartímabilsins er þessi tala orðin miklu hærri.

Hæstv. ráðh. sagði, að verulegur hluti af auknum skuldum síðan 1963 hefði farið til framleiðslutækja, sem skiluðu gjaldeyri. En á því tímabili, sem hæstv. ráðh. talar um, er svo ástatt á Íslandi, að gjaldeyristekjur okkar jukust ár frá ári. Um 5 ára skeið varð aukningin svo mikil, að hún nemur á núverandi gengi um 14 milljörðum króna fram yfir meðalár. Á árinu 1966 urðu gjaldeyristekjur okkar af útflutningi tvöfalt hærri en þær eru í meðalári. Í stað þess, að þessar miklu gjaldeyristekjur væru notaðar til þess að lækka skuldir og kaupa ný framleiðslutæki, var þeim öllum eytt og í ofanálag tekin stórfelld erlend lán. Og þetta er mjög alvarleg staðreynd, vegna þess að nú, þegar að kreppir, er augljós nauðsyn fyrir okkur, ef við ætlum að efla atvinnuvegi okkar, að verða okkur úti um lánsfé. En þjóð, sem skuldar svo mikið, að hún verður að verja yfir 15% af árlegum gjaldeyristekjum sínum í vexti og afborganir, getur varla haft mikið eðlilegt lánstraust. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. geri sér vonir um, að við getum e. t. v. notið einhvers óeðlilegs lánstrausts, en það er ekki í samræmi við framtíðarhagsmuni okkar sem sjálfstæðrar þjóðar. Ég staðhæfi, að þjóð, sem skuldar svo mikið, að hún verður að nota um það bil sjötta hluta af árlegum gjaldeyristekjum sínum til að borga vexti og afborganir, nýtur ekki lánstrausts erlendis. Og þetta er einhver harðasti dómur, sem unnt er að kveða upp yfir fjármálastjórn viðreisnartímabilsins. Á þessu tímabili urðu gjaldeyristekjur okkar og þjóðartekjur hærri en nokkru sinni fyrr í sögunni. Okkur áskotnuðust feiknalega miklar fúlgur umfram það, sem gerist í eðlilegu árferði, en engu að síður hefur þessi ríkisstj. lagt á okkur þyngri skuldabagga en dæmi eru um, ekki aðeins hér á landi, heldur nokkurs staðar í víðri veröld.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar setningar til að gera þessa mynd skýrari, fyrst farið er að ræða þetta nánar.

Samkvæmt þeim skýrslum, sem er að finna í Fjármálatíðindum, var greiðslubyrðin 5.1% af gjaldeyristekjunum 1958, 8.7% 1959 og 9.9% 1960 og 11% 1961. Og það eru þessi 11%, sem hér er verið að ræða um. Það var sem sé áætlað 1959, að gjaldeyrisbyrðin færi mest upp í 11% og stæði í því 1961, 1962 færi hún niður í 10.2% og síðan nokkuð lækkandi. Hún átti því að fara á tveggja ára bili upp í 11%, sem þótti þá geigvænleg tala. Síðan átti hún að fara lækkandi, ef ekki bættust við nýjar skuldbindingar. Þetta vildi ég, að kæmi fram, fyrst farið er að ræða þessi atriði.

Ennfremur vil ég segja við hæstv. fjmrh., að það er engin nýlunda, að erlend lán séu tekin til framkvæmda, sem hafa gjaldeyrisöflun í för með sér. Yfirleitt hefur verið reynt að haga þannig til, að erlendar lántökur kæmu ekki til nema þá helzt til þeirra framkvæmda, sem gæfu af sér erlendan gjaldeyri, þangað til á síðustu árum, einmitt á þessu tímabili, sem við erum að ræða hér um. Nú hefur verið tekið mjög mikið af erlendum lánum, sem ekki hafa gengið beint til gjaldeyrisaflandi framkvæmda og meira en áður hafði komið til. Ég held, að það sé enginn sleggjudómur að upplýsa það, og það er náttúrlega alveg rangt hjá hæstv. ráðh., að á síðustu þremur árum hafi engin lán verið tekin nema til framkvæmda, sem beint skili aftur gjaldeyrinum sjálfar. Það eru innan um stórar lántökur af allt öðru tagi, og það, sem hér skiptir aðalmáli, er heildarbyrðin, sem borin er. Hún er orðin þessi, sem hér hefur verið upplýst. Það er aðalatriðið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er einkum eitt atriði af því, sem hér hefur verið sagt, sem ég vildi, að kæmi ljósar fram.

Hæstv. fjmrh. sagði, að afborganir og vextir af skuldum þjóðarinnar við útlönd mundu verða um 2260 millj. kr. á ári, og taldi því, að greiðslubyrðin mundi vera orðin um 15% af árlegum gjaldeyristekjum. Mér koma þessar tölur heldur spánskt fyrir. Mér sýnist, að þetta þýði, að árlegar gjaldeyristekjur þjóðarinnar séu taldar vera 15 þús. millj. kr. eða rúmir 15 milljarðar. Það er mun hærra en ég hef nokkurs staðar séð, og ég vildi gjarnan, að það kæmi skýrt fram hjá hæstv. fjmrh., hvort gjaldeyristekjur þjóðarinnar á nýliðnu ári hafi reynzt 15000 millj. kr. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að hér sé reiknað með hærri fjárhæð hjá hæstv. fjmrh. í gjaldeyristekjum á ári, þó að reiknað sé með nýja genginu, en við höfum haft, og því sé þetta raunverulega þannig, að hér sé um mun meiri greiðslubyrði að ræða miðað við árlegar gjaldeyristekjur en 15%.

Ég vildi svo aðeins, fyrst ég er kominn hér upp, undirstrika, að því fer fjarri, að þessi greiðslubyrði hafi árin 1958 og 1959 verið orðin svo há sem hér hefur verið talað um, að hún hafi numið 11% af gjaldeyristekjunum þá. Í þeirri töflu, sem fylgdi frv. ríkisstj., þegar hún lagði fram frv. sitt um viðreisnarstefnuna, kemur skýrt fram, að þessi greiðslubyrði var talin nema árið 1958 5.7% af gjaldeyristekjunum, sem mun svo við endanlegt uppgjör hafa reynzt nokkru lægri, og árið 1959 var talið, að þessi greiðslubyrði mundi nema 9.4%, en hún reyndist einnig nokkru minni, svo að það var ekki um það að ræða, þegar því var haldið fram í upphafi viðreisnar, að þessi greiðslubyrði væri orðin svo mikil, að hún ógnaði út af fyrir sig afkomu þjóðarinnar.

Ég vil fyrir mitt leyti taka undir það, sem hæstv. fjmrh. hefur sagt, en hann og hans flokksbræður voru ekki fúsir að segja í upphafi viðreisnar, þegar þeir voru að slengja fram þessari kenningu, sem hér hefur verið rædd og Jónas Haralz var aðallega borinn fyrir. Ég álít, að það sé rétt að athuga skuldabyrðina eða greiðslur af skuldum þjóðarinnar með tilliti til þess, hvers eðlis skuldirnar eru.

Ef telja má nokkurn veginn víst, að greiðslur vegna erlendra skulda verði ekki til þess að íþyngja þjóðinni, þar sem erlendu skuldirnar hafi verið notaðar til þess að koma upp framleiðslufyrirtækjum í landinu, sem gefa af sér auknar tekjur, þá er ekki um ýkja mikið vandamál að ræða. Á þetta bentum við, sem nú erum í stjórnarandstöðu, árin 1958 og 1959, þegar þessi mál voru til umr. Þá voru skuldirnar, sem mest var talað um af þeim viðreisnarmönnum, vegna fiskiskipa og virkjana, sem ráðizt hafði verið í af fyrrv. stjórnum. En sem sagt, nú er komið annað hljóð í strokkinn í þessum efnum. En ég vildi vænta þess, að hæstv. fjmrh. upplýsti, svo að ekki færi á milli mála, hvort það er svo, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar allar hafi á s. l. ári reynzt rúmlega 15 þús. millj. kr. miðað við núverandi gengi eða hvort hér er um einhvern feilútreikning að ræða. Það vildi ég fá upplýst.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir ánægjulegt að heyra, að við hv. 4. þm. Austf. eru sammála um það, sem ég hef verið að segja í mínum orðum í dag, að það sé nauðsynlegt að meta, þegar talað er um greiðslubyrði og þunga hennar, hvers eðlis skuldirnar séu. Þar er ég honum nákvæmlega sammála, og það var það, sem ég átti við, þegar ég var að tala um, að 11% greiðslubyrði á einum tíma kynni að vera óeðlilegri og hættulegri en 15% greiðslubyrði á öðrum tíma, enda þótt ég sé sammála um, að í báðum tilfellunum er um háa greiðslubyrði að ræða.

Það er rétt hjá hv. þm., að það voru ekki 11%, sem greiðslubyrðin var 1958 eða 1959. Það var upplýst af hv. 1. þm. Austf., að það var ekki fyrr en á árinu 1961, sem hún komst upp í þá upphæð, en það stafaði fyrst og fremst af skuldum, sem stofnað var til á þeim tíma, enda kom greinilega fram hjá hv. 1. þm. Austf., að hann taldi, að skýringarinnar væri að leita lengra aftur í tímann. Ég skal ekkert orðlengja um það frekar. Við getum látið það alveg liggja á milli hluta, og ég skal ekki fara lengra út í það mál.

En það voru aðeins örfá atriði í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem ég vildi gera að umtalsefni mjög stuttlega. Hann sagði í sinni ræðu, að það væri dæmalaust, hve skuldir hefðu vaxið á mesta velmegunartímabili í sögu þjóðarinnar. Ég held, að það væri fullkomið rannsóknarefni að gera sér grein fyrir, að hve miklu leyti sú velmegun stafaði af þessum skuldum, sem við höfum stofnað til, því að lántökurnar, sem teknar hafa verið einmitt á þessu tímabili, hafa lagt grundvöllinn að þeirri stórkostlegu eflingu sjávarútvegsins, sem varð á þessu skeiði. Og það hefði verið okkur algerlega óviðráðanlegt að ráðast í þá miklu aukningu síldveiðiflotans, sem gerð var á skömmum tíma, ef við hefðum ekki fengið veruleg erlend lán. Til þess var ekkert innlent fjármagn til. Og það veit ég, að okkur hv. þm. greinir ekki á um.

Það er svo aftur annað mál, þegar talað er um, að öllum gjaldeyristekjum hafi verið eytt og stofnað til stórskulda og mælt um það æðimiklum hneykslunaryrðum í dag, þá verður mér hugsað til þess, að undanfarin ár hefur ríkisstj. verið að reyna eftir megni að byggja upp gjaldeyrisvarasjóð, einmitt að leggja til hliðar hluta af þeim mikla gjaldeyri, sem þjóðinni áskotnaðist vissulega, og sá sjóður var kominn upp í um 2000 millj. kr., en hins vegar var það gegn mjög harðri andstöðu beggja hv. stjórnarandstöðuflokka, að þeirri stefnu var fylgt.

Þá vék hv. þm. einnig að því, að kannske mætti bjarga þessu áfram með því að fá einhver óeðlileg lán, og reikna ég þá með því, að hann eigi við einhver hjálparlán eða samskotalán. Ég er honum alveg sammála um, að það er fráleitt, að íslenzka þjóðin taki slík lán, og við verðum að reyna að bjarga okkur með öðrum hætti. Hitt er annað mál, að það er ekkert óeðlilegt, þegar þjóð verður fyrir meiri áföllum heldur en þekkt eru um nokkra sambærilega þjóð, eins og við höfum orðið fyrir nú, að það þurfi að grípa til ýmiss konar aðstoðar frá alþjóðlegum stofnunum, sem við erum aðilar að, og er engin hneisa í því fólgin. En þessi ríkisstj. hefur ekki tekið nein slík lán og hefur ekki í hyggju að taka nein slík lán, sem tekin eru með óeðlilegum hætti, a. m. k. ekki lán, sem á sínum tíma voru tekin hér og hv. þm. kannske kannast svolítið við, — voru veitt úr sjóði, sem Bandaríkjaforseti hafði til sérstakra umráða til þess að tryggja öryggi Bandaríkjanna. En það voru aðrir, sem tóku þau lán.

Hv. 1. þm. Austf. sagði, að það væri ekkert nýtt, að gjaldeyrisskapandi lán væru tekin. Þetta er alveg rétt hjá honum. Það er ekkert nýtt. En það er þó eitt nýtt, og það eru þau lán, sem tekin eru vegna Búrfellsvirkjunar og Straumsvíkur, sem eru langstærstu lánin, sem Ísland hefur nokkru sinni tekið og eru algerlega ný að því leyti til, að það er tryggð endurgreiðsla þessara lána í erlendum gjaldeyri með samningi langt fram í tímann. Þetta höfum við, held ég, aldrei áður gert.

Að lokum fsp. hv. 4. þm. Austf. Ég skil ósköp vel, að hann varpi henni fram og eigi erfitt með að fá enda til að ná saman með hliðsjón af þeim tölum, sem hér voru birtar áðan af hálfu hv. 1. þm. Norðurl. v. Ég hef heldur ekkert við þær að athuga, svo langt sem þær ná, en staðreynd málsins er sú — ég hef ekki nákvæmlega tölurnar fyrir 1968, en þá var hins vegar gert ráð fyrir því, ég vil taka það fram, að þetta eru bráðabirgðatölur, einnig fyrir 1958, það eru ekki öll kurl þar komin til grafar, — að greiðslubyrðin hefði á því ári numið 15.4% af heildargjaldeyristekjum og ætti þá að vera hægt nokkurn veginn að finna það út, en samkv. innflutnings- og gjaldeyristekjuáætlun fyrir árið 1969 er gert ráð fyrir því, að gjaldeyristekjurnar nemi 14360 millj. og greiðslubyrðin verði 15.7%.

40. Stækkun Áburðarverksmiðjunnar.

Á deildafundum 4. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til landbrh. um stækkun Áburðarverksmiðjunnar [163. mál, 2] (A. 316).

Á 34. fundi í Sþ., 5. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. landbrh.

„1. Hefur ríkisstj. formlega samþ. áætlanir Áburðarverksmiðjunnar um fyrirhugaða stækkun?
2. Hvaða áburðartegundir er fyrirhugað að framleiða í Áburðarverksmiðjunni eftir stækkunina?
3. Hefur verið gerð nákvæm rekstraráætlun fyrir hina nýju verksmiðju?
Og hver verður þá framleiðslukostnaður á hverja köfnunarefniseiningu í hverri áburðartegund, miðað við núverandi verðlag? Og hvernig er hann borinn saman við verðlag á samsvarandi áburði erlendis?
4. Með hvaða verði á raforku til verksmiðjunnar er reiknað?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Sem svar við 1. tölulið þeirrar fsp., sem hér hefur verið lögð fram, vil ég segja, að ríkisstj. hefur með bréfi til Áburðarverksmiðjustjórnarinnar, dags. 17. þm., gefið heimild til að undirbúa framkvæmdir til stækkunar Áburðarverksmiðjunnar. Bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur samþ. að stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f geri þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til að ganga frá tilboðum um stækkun Áburðarverksmiðjunnar og gangi frá tæknilegum atriðum í sambandi við undirbúning að stækkun verksmiðjunnar."

Það má segja, að þetta sé ekki formleg samþykkt, og það má segja, að þegar þessum þætti er lokið, undirbúningnum, þá muni ríkisstj. taka þetta mál fyrir að nýju og ákveða frekar um aðgerðir, en ríkisstj. hefur ávallt verið í sambandi við stjórn Áburðarverksmiðjunnar. Hæstv. forsrh. lýsti því yfir í okt. 1967, að ríkisstj. vildi beita sér fyrir því, að Áburðarverksmiðjan yrði stækkuð, en stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur látið fara fram athuganir á því, hvort það væri þjóðhagslega hagstætt að gera þetta. Hún hefur látið kanna á hvaða verði áburðurinn yrði í hinni stækkuðu verksmiðju samanborið við innfluttan áburð, og telur, að athuganir séu það langt komnar, að það sé tímabært að fara að ganga frá útboðum um stækkun verksmiðjunnar.

Töluliður 2: „Hvaða áburðartegundir er fyrirhugað að framleiða í Áburðarverksmiðjunni eftir stækkunina?"

Stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur haft samráð við bændasamtökin, Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Það má segja, að fram komnum óskum frá Áburðarverksmiðjunni til Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um tillögur frá þessum aðilum um það, hvers konar áburð sé þjóðhagslega hagstæðast að nota á Íslandi, að ofangreindir aðilar sameinuðust um tillögur og ábendingar í þessu efni, sem felast í nál., sem stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur borizt frá þessum aðilum. Eftir að þetta álit kom frá nefndum aðilum, hefur verið unnið að því í sambandi við undirbúning að stækkun verksmiðjunnar, að unnt væri að framleiða þann áburð, sem að áliti sérfróðra manna er hentugastur fyrir íslenzkan landbúnað.

Töluliður 3: „Hefur verið gerð nákvæm rekstraráætlun fyrir hina nýju verksmiðju? Og hver verður þá framleiðslukostnaður á hverri köfnunarefniseiningu í hverri áburðartegund, miðað við núgildandi verðlag? Og hvernig er hann borinn saman við verðlag á samsvarandi áburði erlendis?"

Gerðar hafa verið rekstraráætlanir fyrir stækkaða verksmiðju fyrir hvert ár frá 1972 til 1980 og við það miðað, að rekstur slíkrar verksmiðju hæfist síðari hluta árs 1971, svo eftirspurn bænda eftir blönduðum túnáburði verði mætt 1972. Þar sem gera verður ráð fyrir, að mismunandi blöndur verði notaðar, er ekki unnt að áætla magn hverrar tegundar áburðarblöndu út af fyrir sig og því hefur rekstrarkostnaður verið reiknaður fyrir eina blöndu, sem talin er vera sem næst samnefnari fyrir þær blönduðu tegundir, sem líklegast þykir, að notaðar verði. Væri kostnaðarverð köfnunarefnis í slíkri blöndu reiknað hið sama og í eingildum kornuðum kjarna, en það er áætlað árið 1971 sem næst 14.5% lægra en meðalkostnaðarverð á þessu ári á hverja köfnunarefniseiningu í þeim eingildu köfnunarefnisáburðartegundum, sem fluttar hafa verið til landsins á s. l. árum, þá er áætlað framleiðslukostnaðarverð á blönduðum áburði lægra en verð á samsvarandi blöndu innfluttri, ef hver eining áburðarefna í slíkri innfluttri blöndu er verðlögð á einingarverði, sem lægst getur fengizt í eingildum innfluttum tegundum.

4. töluliður: „Með hvaða verði á raforku til verksmiðjunnar er reiknað?"

Tekið skal fram, að enn hafa ekki verið gerðir samningar um orkuverð til Áburðarverksmiðjunnar, eftir að hin nýja Búrfellsvirkjun tekur til starfa, en í áætlun er reiknað með, að öll orka, sem verksmiðjan fengi, yrði seld á sama verði og álverksmiðjunni í Straumsvík, eða sem samsvarar 22 aurum á hverja kwst.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. svörin. Við viljum allir stuðla að auknum íslenzkum iðnaði og allra helzt þeim, sem er líklegur til að auka aðrar greinar innlendrar framleiðslu og gera þær hagkvæmar. En til þess er ódýr innlend áburðarframleiðsla einmitt líkleg, en leggja verður áherzlu á það, m. a. vegna fenginnar reynslu, að með stækkun Áburðarverksmiðjunnar, þannig að hún fullnægi eða meira en það innlendum þörfum, eru bændur bundnir við að nota framleiðslu hennar og verða að sæta því verði og gæðum, sem hún getur boðið hverju sinni.

Áburðarverksmiðjan hlýtur alltaf að byggjast að mestu leyti eða framleiðsla hennar á innlendum markaði. Það getur oft hent, að við verðum að styrkja ýmsa innlenda framleiðslu, sem ekki stenzt samkeppni við samsvarandi erlenda framleiðslu, og það getur vissulega verið þjóðhagslega rétt, en það verður ætíð að gæta þess, að þessi stuðningur við innlenda iðnaðarframleiðslu verði ekki kallaður stuðningur við landbúnaðarframleiðslu.

Landbúnaðurinn stendur í samkeppni við erlenda landbúnaðarframleiðslu, sem býr við miklu ódýrari rekstrarvörur, t. d. áburð, og svo hefur verið lengi. Það kom t. d. í ljós í athugunum, sem landbrn. gerði á aðstöðu landbúnaðar hér og í nokkrum nágrannalöndum, að þar var áburðurinn einn af þeim rekstrarliðum, sem var miklu hærri hér en annars staðar. Og við vitum allir, að landbúnaðurinn hefur víða undir högg að sækja. Það er því raunar réttlætiskrafa, að áburður verði aldrei seldur hér hærra verði en innfluttur áburður fæst ódýrastur.

Þá vil ég vekja athygli á því, hve miklu það munar og hve miklu skiptir fyrir rekstrarafkomu búanna, að áburðarverðið sé ekki hátt. Hann er annar stærsti liðurinn í rekstrarvörum búsins, sem er eftir niðurstöðum 61 búreiknings frá árinu 1967 17,12% af útlögðum rekstrarkostnaði, en snöggtum meira mundi þetta vera eftir gengisfellinguna, sem var í fyrra. Og hvað verður nú á næsta ári? Freistandi væri að bæta við þeirri spurningu til hæstv. landbrh., hvað áburðarverðið muni hækka mikið í vor og hvaða líkur hann telji á því, að hægt verði að gera bændum kleift að leysa áburðinn út í vor, án þess að þeir eigi á hættu að fá tvær gengisfellingar á sama áburð, eins og raunar gerðist með áburðarkaup síðasta árs, eins og mönnum er kunnugt um.

Það skiptir svo auðvitað neytendur mjög miklu máli, hvert áburðarverðið er, þar sem hann er svo stór liður í rekstrarvörum búanna og kemur þar fram í verðlaginu. Einnig má segja, að það skipti atvinnurekendur þar með miklu máli, þar sem þetta hefur svo mikil áhrif á verðlag í landinu. Og það skiptir ekki aðeins miklu máli, hvert áburðarverðið er og hve hár liður hann er í útgjöldum búsins. Það hefur líka áhrif á það, að hve miklu leyti landbúnaðarframleiðslan er innlend, því að hátt verð á áburði dregur úr framleiðslu heimaaflaðs fóðurs, en eykur þátt erlends fóðurbætis í framleiðslunni. Ég vil mega benda á, að áburðurinn er einn stærsti liðurinn í hinni mikilvægu framleiðslu, þar sem landbúnaðarvörurnar eru, og ef hægt er að hafa þann lið sem lægstan, sparar það mikinn vaxtakostnað allt að því í 1½ ár t. d. hvað viðkemur sauðfjárafurðum, og því má benda á með rökum, að mikið má til þess vinna að gera hann sem lægstan, t. d. með niðurgreiðslu.

Ég vil svo aftur þakka ráðh. fyrir svörin.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi virtist vera ánægður með þau svör, sem ég gaf við fsp., en af því að hann sagði, að freistandi væri að spyrja einnig að því, hvaða verð yrði á áburðinum í vor, tók ég það svona næstum því sem fsp., en því er til að svara, að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur ekki enn sent till. til rn. um verðlagningu á áburðinum, og get ég því ekki svarað því, enda er það sjaldan, að verðið á áburðinum sé ákveðið fyrr en í apríl. En eitt tel ég rétt að upplýsa, til þess að menn séu ekki að gera sér gyllivonir, að það er alveg öruggt, að áburðurinn verður ekki greiddur niður, eins og sumir eru að tala um. Hann verður ekki greiddur niður. En hvaða ráðstafanir verða gerðar til þess að gera bændunum kleift að kaupa áburðinn? Raunhæfustu aðgerðina tel ég vera þá að gera mögulegt að gefa bændum gjaldfrest á talsverðum hluta áburðarverðsins til haustsins, — þangað til þeir fá peninga fyrir afurðirnar.

Það er óhjákvæmilegt, að áburðurinn hlýtur að hækka talsvert á þessu vori. Það hlýtur öllum að vera ljóst, en ég vænti þess, að þar sem bændur hafa fengið talsverða hækkun á sínu afurðaverði, þá geti þeir keypt áburðinn að þessu sinni eins og áður.

41. Fæðingardeild Landsspítalans.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til heilbrmrh. um stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans [174. mál] (A. 341).

Á 35. fundi í Sþ., 12. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Athygli okkar alþm. hefur að undanförnu verið vakin á mjög alvarlegu ástandi á Fæðingar-

og kvensjúkdómadeild Landsspítalans. Bandalag kvenna hefur sent öllum alþm. samþykkt um nauðsyn þess, að fæðingardeildin verði stækkuð og þar verði komið upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútímageislalækninga, og samþykkt bandalagsins fylgdi mjög skýr grg. Að bandalaginu standa sem kunnugt er öll kvenfélög Reykjavíkur. Hliðstæðar samþykktir hafa verið gerðar af Kvenréttindafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands.

Hér á lestrarsal Alþ. liggur nú skjal undirritað af 218 ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og öðru starfsfólki Landsspítalans, þar sem sérstök athygli er vakin á því, að starfsaðstaðan á fæðingardeildinni er ósæmileg með öllu. Í þessu áliti er m. a. komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fæðingardeildin er eldhúslaus, og í tvo áratugi hefur matur verið fluttur, fyrst í hjólbörum, síðan í bílum milli húsa. Sjúklinga verður að flytja í bílum steinsnar milli deilda, t. d. til röntgendeildar, þar sem allur slíkur flutningur á að ske innanhúss. Salernismálin eru alræmd. Tveir skápar inni í skápum, ætlað fyrir 30 konur, fullnægja engan veginn lágmarkshreinlætiskröfum vegna þrengsla. Um þrengsli deildarinnar er margbúið að kvarta án þess að árangur hafi náðst, og er nú svo komið, að nemar spítalans, sem mikið af starfi hans hvílir á, neita að una þessum vinnuskilyrðum lengur."

Ástæðan fyrir ófremdarástandinu á Fæðingardeild Landsspítalans er sú, að deildin hefur aldrei verið fullgerð. Þegar sá áfangi, sem nú er í notkun, hóf starfrækslu fyrir 20 árum var ráðgert, að byggingin yrði von bráðar stækkuð og tengd aðalspítalanum. Teikning af stækkuninni var fullgerð 1956, en síðan hefur ekkert orðið úr framkvæmdum, þótt erfiðleikar deildarinnar hafi magnazt ár frá ári. Á fæðingardeildinni sjálfri eru aðeins 27 rúm fyrir sængurkonur, en deildin fær afbrigðilegar fæðingar frá öllu landinu. Vegna þess, hve mikið er um afbrigðilegar fæðingar á þessari litlu deild, verður hlutur eðlilegra fæðinga of lítill fyrir þá kennslu læknanema og ljósmæðranema, sem þar á að fara fram. Auk þessara 27 rúma eru 10 rúm fyrir sjúkdóma meðgöngutímans, en það er tæpur helmingur af þörfinni.

Á deildinni allri er aðeins ein skurðstofa, en þar fara nú fram á níunda hundrað aðgerðir á ári. Sótthreinsunaraðstaða hefur verið ófullnægjandi frá byrjun, engar dagstofur eru á legudeildum, skoðunarherbergi vantar á deildirnar, og þannig mætti lengi telja.

Alvarlegast er þó ástandið á kvensjúkdómadeildinni, en það er eina kvensjúkdómadeild landsins. Þar eru aðeins 16 rúm, svo að deildinni er gersamlega um megn að sinna aðkallandi sjúkdómstilfellum. Lögum samkvæmt er deild þessi skylduð til að sinna vönunum og fóstureyðingum, en þar er um að ræða nær 100 sjúklinga á ári. Auk þess eru sjúklingar með krabbamein í móðurlífi sendir deildinni af öllu landinu. Starf leitarstöðvar Krabbameinsfélags Íslands hefur undanfarin ár leitt til þess, að fundizt hafa ýmis grunsamleg tilfelli, sem þurft hefur að kanna og lækna tafarlaust. En þá hafa margir rekið sig á þá ömurlegu staðreynd, að ekki var rúm fyrir þá á kvensjúkdómadeildinni, og sjúklingar annað hvort orðið að láta skrá nöfn sín á biðlista, fara á önnur sjúkrahús eða leita til útlanda.

Neyðarástandið á þessari deild er nátengt ástandinu á Geislalækningadeild Landsspítalans, því að um fjórðungur af sjúklingum geislalækningadeildarinnar hefur að undanförnu verið með krabbamein í móðurlífi. Vinnuaðstaða geislalækningadeildar, sem hefur starfað frá 1931, er afar slæm. Þar eru hvorki skoðunarherbergi né viðtalsherbergi, engin aðstaða til ísótópalækninga, engin aðstaða fyrir eftirrannsóknir sjúklinga, hvorki aðstaða fyrir geislaáætlun sjúklinga né geislamælingar, og fjölmörg önnur atriði mætti telja upp. Í áratug hefur verið kunnugt, að deildin gæti náð stórbættum árangri með kóbaltgeislatæki, og fyrir þremur árum bauðst Landsspítalanum slíkt tæki að gjöf. Þá var engin aðstaða til að veita því móttöku, og nú er loks verið að koma því fyrir í bráðabirgðahúsnæði, sem engan veginn getur tryggt þá eðlilegu þjónustu, sem fengist, ef geislalækningarnar væru í beinum tengslum við kvensjúkdómadeildina.

Hversu alvarlegt ástandið er á þessu sviði má marka af því, að samkvæmt doktorsritgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors nam árangur lækninga á leghálskrabbameini 28% hérlendis á árabilinu 1946—1955 en 45% í hliðstæðri stofnun sænskri. Guðmundur Jóhannesson læknir hefur á hliðstæðan hátt fjallað um árangur slíkra lækninga á árabilinu 1955—1966. Árangur af meðferð á leghálskrabbameini var þá hérlendis 38.7%, en erlendis 63%. Af sjúklingum með legholskrabbamein á sama tíma lifðu hér ekki nema 57%, en í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndum um 90%. Hér er því um mörg mannslíf að tefla.

Ég vék að því í upphafi máls míns, að konur hefðu að undanförnu vakið athygli okkar alþm. á þessu ósæmilega neyðarástandi. Málflutningur þeirra hefur verið svo vel rökstuddur, að ég tel, að Alþ. Íslendinga beri skylda til að taka þetta vandamál föstum tökum og beita sér fyrir tafarlausum aðgerðum. En áður en unnt er að taka slíkar ákvarðanir, er nauðsynlegt að vita um áform hæstv. ríkisstj., og því hef ég leyft mér að bera fram þessa fsp. til hæstv. heilbrmrh.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Sú grg. frá konum, sem hér var lesin upp af hv. 6. þm. Reykv., þarf því miður á fleiri en einum stað leiðréttinga við. En það er ekki verkefni mitt á þessum vettvangi, heldur að svara þeirri fsp., sem fram var borin. Ég vil aðeins þó benda á t. d., að það er talað um, að fæðingardeildin hafi verið eldhúslaus frá upphafi, eins og þetta sé einhver vanræksla og það hafi ekki verið lokið við eldhúsið. Þetta er alger misskilningur. Það var alltaf frá öndverðu gert ráð

fyrir því, að ekki væri eldhús í þessari deild, fæðingardeildinni, heldur að flutt yrði á milli spítalanna, eins og gert hefur verið. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, voru engar till. uppi um það þá, miðað við þær aðstæður, sem deildin var reist við, að hafa þetta öðruvísi. Það er þess vegna ekki rétt, að fæðingardeildin hafi aldrei verið fullgerð, því að hún var fullgerð, eins og ætlazt var til, að hún yrði. Það má kannske segja, að sú aðstaða, sem hefur verið lagfærð á allra síðustu árum í viðbyggingu við hana, hafi verið ráðgerð og dregizt lengur en skyldi, en það snertir ekki aðstöðu fyrir fæðandi konur eða konur með sjúkdóma, heldur aðstöðu fyrir ljósmæðraskólann og aðra aðstöðu fyrir þá, sem vinna við fæðingardeildina.

Það er heldur ekki rétt, að það hafi í upphafi verið ráðgerð stækkun og tenging við Landsspítalann. Þetta fær ekki staðizt. Þetta er komið til miklu síðar, en eins og ég sagði, skal ég láta þetta liggja á milli hluta, en svara þeirri fsp., sem til mín hefur verið beint. Ég mun láta hinu beina svari fylgja nokkrar almennar upplýsingar til frekari glöggvunar fyrir hv. þm.

Allbreytilegt er, hve mörg sjúkrarúm fyrir kvensjúkdóma eru talin nauðsynleg, en í Svíþjóð, þar sem kröfur eru hvað mestar, er áætluð þörf 30—40 rúm á hverja 100 þús. íbúa. Miðað við þær tölur ættu hér á landi að vera 60—80 sjúkrarúm fyrir kvensjúkdóma. Fyrir höfuðborgarsvæðið sjálft þyrfti um 30—40 rúm og þar sem vissar aðgerðir á sviði kvensjúkdóma verða ekki gerðar nema í sambandi við sérdeildir fyrir kvensjúkdóma, þarf að áætla a. m. k. helming af þeim 30—40 rúmum, sem þá vantar, sem viðbót við sjúkrarúmin fyrir höfuðborgarsvæðið. Yrðu rúm þá alls um 45—60 í kvensjúkdómadeildum á höfuðborgarsvæðinu.

Í Fæðingardeild Landsspítalans eru 53 rúm. Þar af eru 27 ætluð fæðandi konum, en 26 konum með sjúkdóma, bæði sjúkdóma, sem stafa frá þungun og kvensjúkdóma almennt. Þau rúm skipast yfirleitt þannig, að 10 rúm eru fyrir sjúkdóma um meðgöngutímann, en 16 fyrir kvensjúkdóma.

Hús fæðingardeildarinnar var tekið í notkun á árinu 1949. Er það því 20 ára um þessar mundir. Var bygging þess kostuð af ríki og Reykjavíkurborg sameiginlega — að 2/3 hlutum af borginni en 1/3 af ríkinu. Báru þessir aðilar einnig kostnað af rekstri deildarinnar í þeim hlutföllum til ársins 1961, en síðan hefur ríkið staðið eitt að rekstri deildarinnar. Tók þá til starfa Fæðingarheimili Reykjavíkurborgar með 25 rúmum, og var um það samkomulag milli ríkis og borgar, að ríkið tæki þá að fullu við öllum kostnaði vegna Fæðingardeildar Landsspítalans.

Geislalækningar eru einungis framkvæmdar á einum spítala á landinu, Landsspítalanum, og annast röntgendeildin þær. Þar eru framkvæmdar geislalækningar á illkynjuðum æxlum og öðrum þeim meinsemdum, sem geislarnir eru taldir geta læknað. Þeir kvensjúkdómasjúklingar, sem þurfa geislameðferð og þurfa að vera rúmliggjandi, liggja á fæðingardeildinni, en nýlega hefur verið sköpuð aðstaða í aðalbyggingu Landsspítalans, til að slíkir sjúklingar geti legið þar í einu herbergi. Til geislameðferðarinnar hefur verið notað radíum, sem upphaflega mun hafa verið aflað fyrir forgöngu radíumsjóðsins, en endurnýjað og aukið verulega á síðasta ári.

Um framtíðarhorfurnar almennt er þetta að segja: Af þeim upplýsingum, sem raktar eru að framan, er ljóst, að sjúkrarými fyrir kvensjúkdóma er of lítið á sérdeildum hér á landi. Á það reynir þó sérstaklega í sambandi við kvensjúkdóma, sem þörf er á geislun við, því að ekki er annað að leita þeirrar læknisþjónustu en á Landsspítalann. Ýmsar handlæknisaðgerðir við kvensjúkdómum eru hins vegar framkvæmdar á handlækningadeildum annarra sjúkrahúsa, en þörfin á því sviði er leyst að vissu marki utan sérstakra kvensjúkdómadeilda eins og er, enda kemur það greinilega fram í fsp., að það er aðstaðan til geislameðferðar á kvensjúkdómum, sem fsp. fyrst og fremst beinist að. Til þess að bæta úr þeirri þörf, sem hér er óleyst, hafa af heilbrigðisstjórnarinnar hálfu verið uppi ráðagerðir um, að byggðar yrðu tvær 24 rúma deildir við Fæðingardeild Landsspítalans, þannig að þar yrðu 48 rúm fyrir kvensjúkdóma og svipuð tala rúma fyrir fæðingar og sjúkdóma um meðgöngutímann, eða alls 101 rúm. Einnig kæmi til greina, að skurðdeild fyrir kvensjúkdóma yrði að auki við annan spítala á höfuðborgarsvæðinu, t. d. Borgarspítalann, með allt að 28 rúmum. Slík deild væri þó ekki bundin við kírúrgíska kvensjúkdóma, heldur gæti hún rúmað vissa aðra kírúrgíska sjúklinga. Til þess að koma upp betri aðstöðu fyrir geislalækningar og til þess að geta hið fyrsta tekið í notkun kóbalttæki það, sem Krabbameinsfélag Íslands hafði milligöngu um, að væri fært Landsspítalanum að gjöf, var ákveðið á s. l. ári að byggja um 160 fermetra húsnæði við núverandi húsnæði röntgendeildar, því að ekki var talið unnt að koma því fyrir í núverandi húsnæði né hagkvæmt að setja það niður í því húsnæði, sem röntgendeildin fær til umráða í kjallara gömlu Landsspítalabyggingarinnar, þegar eldhúsið flytur í nýtt húsnæði eftir væntanlega 1—2 ár. Sú lausn hefur þann kost, að unnt verður að taka kóbalttækið í notkun miklu fyrr, a. m. k. 4—5 árum fyrr, en ef bíða hefði átt eftir nýrri geislalækningadeild eða geislalækningabyggingu. Það var samdóma álit byggingarnefndar Landsspítalans og sérfræðinga þeirra, sem starfa við geislalækningar á röntgendeildinni, að hér væri um svo brýnt úrlausnarefni að ræða, að ekki væri stætt á því að bíða fullkominnar byggingar, þegar hægt væri að koma tækinu í notkun í bráðabirgðahúsnæði þegar á þessu ári. Tæki þetta kemur að gagni, þótt ekki verði fjölgað sjúkrarúmum fyrir kvensjúkdóma, því að nokkur hluti þeirra, sem á meðferð í tækinu þurfa að halda, þurfa ekki að liggja á sjúkrahúsi meðan á meðferð stendur.

Ég skal þá víkja að byggingarmöguleikum og skipulagsmálum í sambandi við þá.

Byggingarsaga Landsspítalans á núverandi lóð hefst á árinu 1919, þegar ríkið kaupir lóð á Grænuborgartúni af Reykjavíkurbæ. Húsameistari ríkisins gerði síðan skipulagsuppdrátt af byggingu á lóðinni og teikningar af gamla hluta Landsspítalans, sem reyndar átti að vera allmiklu stærri samkvæmt fyrstu till. en hann endanlega varð. Ekki er ástæða til þess að rekja byggingarsögu Landsspítalalóðarinnar, nema hvað haldið hefur verið áfram að auka við byggingum á lóðina, síðast eldhúsi og og mötuneytisbyggingu, sem byrjað var að byggja 1966. Ekki hafði í byrjun verið byggt með framtíðarskipulag Landsspítalans sérstaklega fyrir augum, heldur eftir því sem þörf var fyrir á hverjum tíma. En í ársbyrjun 1965 ákvað heilbrmrh. að fela byggingarnefnd Landsspítalans það verkefni að gera tillögur um skipulag bygginga á Landsspítalalóðinni og í hvaða tímaröð þær skyldu reistar. Jafnframt kom þá í byggingarnefnd fulltrúi frá læknadeild háskólans með það fyrir augum, að sameinaðar skyldu á lóð Landsspítalans byggingar fyrir allt læknanám, bæði hið verklega, sem þegar er þar, þ. e. sjúkrahúsið, og það bóklega, sem enn er í öðrum byggingum háskólans, en við of þröngan húsakost. Byggingarnefnd tók þegar að kanna möguleika á því að ganga frá endanlegu skipulagi lóðarinnar, en komst jafnframt fljótlega að raun um, að allar áætlanir fyrir framtíðarbyggingar þyrfti að vinna frá grunni, áður en unnt yrði að gera nokkrar endanlegar till. um skipulag á lóðinni. Í fyrstu var kannað, hvaða möguleiki væri á að koma fyrir byggingum og hve miklu magni bygginga á þeirri lóð, sem afmarkast af núverandi Hringbraut, Barónsstíg, Eiríksgötu og Snorrabraut, og var húsameistara ríkisins falið að gera till. um það. Þær till., sem fyrst komu frá húsameistara, voru síðan óformlega lagðar fyrir borgaryfirvöld til athugunar, og kom þá fljótlega í ljós, að þau töldu, að mjög skorti á, að séð væri fyrir nægjanlegum bílastæðum fyrir þær byggingar, sem þar voru fyrirhugaðar. Einnig var mjög fundið að hæð húsa á lóðinni og eins, að þau kæmu of nálægt þeirri íbúðabyggð, sem væri í nálægð spítalans. Jafnframt því, að gerðar voru till. að fyrirkomulagi og stærð bygginga á framangreindri lóð, var af hálfu byggingarn. unnið að því að fá yfirlit frá öllum deildum spítalans og háskólans um áætlaða framtíðarhúsnæðisþörf þeirra deilda, sem læknakennslu annast. Síðla vetrar 1967 lágu síðan fyrir niðurstöður um framtíðarhúsnæðisþörf Landsspítalans með 700 rúmum og húsnæðisþörf fyrir kennslu læknastúdenta við læknadeild háskólans.

Til að vinna að lausn skipulagsmálanna var vorið 1967 ákveðið í samráði við borgarverkfræðinginn í Reykjavík að leita aðstoðar danskra verkfræðinga og arkitekta, sem unnið höfðu að skipulagsmálum Reykjavíkurborgar og fór húsameistari ríkisins ásamt Bárði Ísleifssyni arkitekt og Guðmundi Þór Pálssyni arkitekt til Kaupmannahafnar og dvöldu þar meginhluta aprílmánaðar ásamt dönskum sérfræðingum við tillögugerð um skipulag Landsspítalalóðarinnar og fyrirkomulag byggginga. Niðurstaða þess starfs varð sú, að möguleiki væri að koma miklum hluta nauðsynlegra bygginga fyrir á lóðinni norðan Hringbrautar, en ókannað var, hvort það yrði leyft vegna nálægðar við íbúðabyggingar við Barónsstíg og Eiríksgötu. Ljóst varð einnig, að gatnakerfi borgarinnar er ekki skipulagt til að taka við slíku magni bygginga á þeirri lóð og bílastæði yrði að finna utan lóðarinnar. Þegar hér var komið málum, kom borgarverkfræðingur, Gústaf Pálsson, fram með þá hugmynd, hvort ekki væri ráðlegra að flytja núverandi Hringbraut ca. 50 metrum sunnar niður fyrir bakka núverandi Hringbrautar. Við það fengi Landsspítalinn aukið lóðarými, þannig að bifreiðastæði gætu verið á því svæði, þar sem núv. Hringbraut er. Þannig mundu einnig skapast möguleikar til stórbyggingar fyrir ýmsar stofnanir Landsspítalans og læknadeildar sunnan nýrrar Hringbrautar og svigrúm aukast á núverandi lóð. Síðan sú till. kom fram, hefur verið gerð athugun á því, hvaða möguleikar væru á að skipuleggja Landsspítalalóðina með tilliti til þess, og hefur verið stillt upp af hálfu húsameistara nokkrum mismunandi möguleikum, sem virðast fullnægja kröfum borgarinnar betur um hæð húsa og nálægð þeirra við íbúðarhverfi norðan og austan Landsspítalalóðarinnar. Yrðu þannig aðallega sjúkradeildir á núverandi lóð Landsspítalans, en rannsóknastofur og ýmsar kennslustofur sjúkradeilda, sem þar teldust mun betur staðsettar, svo sem t. d. ný geðdeild. Við flutning Hringbrautarinnar og skipulag Landsspítalalóðar samkvæmt því, þ. e. byggingar beggja vegna Hringbrautar og bílastæði á því svæði sem Hringbrautin liggur nú um, vinnst það fyrst og fremst fyrir Landsspítalann, að miklu betri skipulagsmöguleikar fást á gömlu lóðinni, auðveldara verður að koma þar fyrir þeim byggingum, sem æskilegt er, að séu í beinum tengslum við núverandi spítalakjarna, og einnig fást möguleikar fyrir bifreiðastæði á þeim hluta lóðarinnar. Af hálfu byggingarn. hefur sú lausn, sem hér er rakin, þ. e. flutningur Hringbrautarinnar og bygging rannsóknastofu og kennsluaðstöðu sunnan Hringbrautarinnar, verið talin æskilegasta lausnin á skipulagsmálum Landsspítalabygginga og læknadeildar háskólans, og er það álit n. byggt á rannsóknum þeirra sérfræðinga, innlendra og erlendra, sem unnið hafa að þessum málum, eins og að framan er rakið, því að með því að hafa byggingar sunnan Hringbrautar, opnast miklu meiri möguleikar á framhaldi bygginga þar og af borgaryfirvalda hálfu hefur verið gert ráð fyrir, að Landsspítalinn og stofnanir hans gætu þá í framtíðinni haft að mestu leyti til umráða landssvæðið allt, sem myndast milli Hafnarfjarðarvegar og nýrrar götu frá Sóleyjargötu suður í Fossvog og upp í Öskjuhlíð. Er þarna um mjög stórt landssvæði að ræða. Mun það verulega stærra en núverandi Landsspítalalóð.

Þótt skipulag lóðarinnar hafi þannig þokazt

verulega áfram, standa málin samt svo í dag, að ekki verður byrjað á nýrri byggingu á því svæði sem skipulagið nær yfir, fyrr en lóðamálin eru endanlega ákveðin. Varðar þetta bæði geislalækningadeildarhús og viðbyggingu við fæðingardeildina. Þess er vissulega að vænta, að skipulagið fáist endanlega ákveðið áður en mjög langur tími líður, en þau atriði, sem óleyst eru nú, eru fyrst og fremst fjárhagslegs eðlis. Yfirstjórn heilbrigðismálanna hefur lagt mjög mikla áherzlu á það að undanförnu, eins og fram kemur að vissu leyti í þessari grg., að hraða þessum málum. Verður lagt á það höfuðkapp af viðkomandi ráðamönnum að fá endanlega ákvörðun um skipulag lóðarinnar alveg á næstunni.

Það hefur komið fram í álitsgerðum byggingarn. Landsspítalans og landlæknis, og hef ég verið sama sinnis, að þegar hafizt verður handa um byggingu frekara sjúkrarýmis á Landsspítalalóðinni, er kvensjúkdómadeild og geðdeild það, sem mest er aðkallandi. Um fjármálin er rétt að fara nokkrum orðum. Æskilegast væri að geta reist allar byggingar sem fyrst og á sem skemmstum tíma. Undanfarin ár hefur verið byggt á Landsspítalalóðinni fyrir eftirtaldar upphæðir: Árið 1968, þ. e. viðbygging Landsspítalans plús tæki, 29.1 millj. kr. Eldhúsbygging er þá ekki komin í gagnið, en byrjað á henni og varið til hennar 15.8 millj. kr. og til fæðingardeildarinnar 391 þús. kr. eða alls á árinu 1968 byggt fyrir 45.4 millj. kr. Árið 1969 var byggt við viðbyggingu Landsspítalans fyrir 34.4 millj. kr., við eldhúsbygginguna 9 millj. kr., fæðingdardeildina, — viðbótarbygging, sem ég vék nokkuð að áðan, — 5 millj. kr. eða alls fyrir 48.5 millj. kr. Árið 1966 var varið til viðbyggingar Landsspítalans 22.6 millj. kr., til eldhúsbyggingar 5.5 millj. kr., til fæðingardeildarinnar 1.4 millj. kr. eða alls 29.6 millj. kr. 1965 var varið til viðbyggingar Landsspítalans og tækjakaupa 19.6 millj. kr., til eldhúsbyggingar 1.4 millj. kr. eða alls 21 millj. kr. 1964 til Landsspítalans 20.8 millj. kr. og 1963 15.5 millj. kr. og á árabilinu frá 1953 til 1962, 10 ára tímabili, alls 59.8 millj. kr. eða að meðaltali 6 millj. kr. þessi 10 ár. Er alls á þessu tímabili varið til þessara bygginga 240.7 millj. kr.

Nú er auðvitað mjög erfitt að átta sig á þessum tölum, sem eru frá ósambærilegum tímabilum, vegna breytts verðlags, og hef ég því látið færa heildarniðurstöðuna til verðlags 1968, og þá verða niðurstöðurnar þannig, að alls sé varið til þessara bygginga 1968 45.4 millj. kr. 1967 54.2 millj. kr., 1966 34 millj. kr., 1965 27.8 millj. kr., 1964 32 millj. kr. og 1963 27.5 millj. kr. og á árabilinu 1953—1962 164.7 millj. kr., eða alls á þessu tímabili miðað við verðlag ársins 1968 385.6 millj. kr. Það, sem segja má, að einkenni þessar tölur, hvort sem þær eru færðar til sambærilegs verðlags eða ekki, er hið vaxandi hlutfall fjárveitinga til þessara bygginga frá ári til árs, og þó að sé tekið sambærilegt verðlag t. d. á árabilinu 1953—62, er meðaltal þeirra ára 16.5 millj. kr., eða um það bil þriðjungur af meðaltali áranna 1967—68, sem er um 100 millj. kr. bæði árin, eða um 50 millj. kr. að meðaltali.

Til þess að ljúka þessum byggingum, sem nú eru í smíðum á Landsspítalalóðinni og unnið er að, þarf a. m. k. fjárveitingu þessa árs, eins og hún er ákveðin í fjárl., og tilsvarandi fjárveitingar næstu tvö ár. Verði ekki hægt að veita stórlega aukið fé til byggingarframkvæmda á Landsspítalalóðinni, eru ekki miklar horfur á, að unnt verði að hefja nýjar framkvæmdir fyrr en á árinu 1972. Hæstv. Alþ. ákveður fjárveitingar frá ári til árs, og fjárhagsgetan markast að sjálfsögðu af efnum og ástæðum þjóðarinnar og eins hinu, hvaða forgang hv. þm. vilja veita slíkum fjárframlögum umfram önnur. Lasta ég ekki afstöðu þm. að þessu leyti hin síðustu ár.

Um tímasetninguna að öðru leyti en felst í því, sem ég nú hef sagt, vil ég segja, að þó svo að skipulagsmál væru leyst og peningar væru nægir fyrir hendi til þess að reisa kvensjúkdómadeild, er óhjákvæmilegt, að það taki tíma. Til að fullgera teikningar og ljúka annarri undirbúningsvinnu, svo sem útboðsgögnum, þarf allmarga mánuði, og til að fullgera slíkar byggingar þarf a. m. k. þrjú ár frá því að framkvæmdir hefjast. Má ætla, að allt að fjögur ár líði frá því að minni háttar spítalabygging er ákveðin samkvæmt frumteikningu og þar til hún er komin í notkun miðað við beztu aðstæður.

Af því, sem ég nú hef sagt, verða niðurstöður eftirfarandi: Miðað við allar þær aðstæður, sem vikið hefur verið að, er þess vart að vænta, að hafizt verði handa um stækkun fæðingardeildarinnar fyrr en í fyrsta lagi eftir 2 ár, en aðstaða til nútíma geislalækninga ætti að komast í gagnið á þessu ári, þó við fremur ófullkomnar aðstæður. Ekki virtist grundvöllur fyrir fullkomnari geislalækningastarfsemi hér á landi án tafar tæknilega séð en þeirri, sem verið er að koma upp, en aðstaða þarf að batna, og hún mun gera það. Ég hef lýst því afdráttarlaust yfir og geri það enn, að sú bráðabirgðabygging, sem kóbalttækinu til geislalækninga verður nú komið fyrir í, 4—5 árum fyrr en með nokkru öðru móti eins og aðstæður eru og skýrt hefur verið, mun ekki, ef ég fæ nokkru um ráðið, og má ekki hafa minnstu áhrif á framkvæmdahraða þeirra mjög svo brýnu og veigamiklu framtíðarverkefna, sem hér bíða úrlausnar. Ég hef ekki treyst mér til þess að bera ábyrgð á, að nokkurra ára bið yrði enn á því, að hinar mikilvægu nútíma geislalækningar gætu hafizt hér á landi. Þess vegna er nú unnið að þessari bráðabirgðabyggingu, sem ég hef áður greint frá og ég vildi mega vænta, að kæmi að verulegu gagni, þar til framtíðarbyggingar verða reistar.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. þau ítarlegu svör, sem hann hefur gefið. Hann vék að fjölmörgum fleiri atriðum en ég spurði um, en það er að sjálfsögðu baksvið þeirrar niðurstöðu, sem hann greindi síðan frá.

Hæstv. ráðh. vék að því í upphafi máls síns, að

ekki væri allt rétt hermt í þeirri framsögu, sem ég flutti áðan, en hann vildi ekki leiðrétta þau atriði, sá enga ástæðu til þess. Ég held, að það hefði verið ástæða fyrir hæstv. ráðh. til að flytja hér slíkar leiðréttingar, vegna þess að þessar staðreyndir hafa verið raktar í bréfi frá Bandalagi kvenna til allra alþm., og frá því hefur verið greint ýtarlega í blöðum. Sé þar eitthvað alvarlega ranghermt, held ég, að það væri rétt hjá hæstv. ráðh. að leiðrétta það. Eina atriðið, sem hann vék að í þessu sambandi, var, að á fæðingardeildinni er ekkert eldhús. Hann sagði, að það hefði verið ráðgert frá upphafi, að þarna yrði ekki eldhús, en ástæðan fyrir því var að sjálfsögðu sú, að það var alltaf ætlunin, að fæðingardeildin yrði tengd við aðalspítalann, og þá hefði ekki verið þörf á sérstöku eldhúsi þar. Erfiðleikarnir á þessu sviði stafa af því, að sú ætlun hefur ekki verið framkvæmd.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að á þessu sviði væri um að ræða algert neyðarástand hjá okkur. Hann benti á, að sjúkrarúm kvensjúkdómadeilda í Svíþjóð jafngiltu því, að hér á landi ættu að vera 60—80 rúm, en þau eru aðeins 16, eins og ég sagði áðan, auk 10 rúma, sem ætluð eru fyrir sjúkdóma meðgöngutímans og eru helmingi of fá.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi einnig, að geislalækningaaðstaða væri gersamlega ófullnægjandi, og hann taldi, að hann hefði tekið rétta ákvörðun að koma kóbalttækjunum fyrir í bráðabirgðahúsnæði, þau kæmust þá fyrr í gagnið en ef beðið hefði verið eftir endanlegu húsnæði. En þessi staðreynd, hvað geisladeild okkar er vanbúin tækjum, hefur verið ljós í heilan áratug. Það hefur verið vitað í 10 ár, að kóbaltgeislatæki næðu mun betri árangri en sú takmarkaða geislunaraðstaða, sem hér hefur verið. Og það eru hvorki meira né minna en 3 ár síðan vitað var, að Landsspítalinn gat fengið kóbalttæki að gjöf. Það hafa liðið 3 ár í aðgerðaleysi. Ef þegar hefði verið hafizt handa um að koma upp varanlegu húsnæði fyrir þessi tæki, þegar vitað var, að Landsspítalinn gat fengið þau að gjöf, væri þeirri byggingu langt komið nú. Að ráðizt er í bráðabirgðahúsnæði nú, stafar af því einu, að þetta mál hefur verið vanrækt ár eftir ár.

Hæstv. ráðh. talaði mikið annars vegar um skipulagsvandamál Landsspítalans og hins vegar um miklar fjárveitingar til Landsspítalans og annarra sjúkrahúsmála. Það er alveg rétt, að til þeirra mála hefur verið veitt mikið fé á undanförnum árum. En í mjög fróðlegri grein, sem læknar skrifa í Samvinnuna nýlega, halda þeir því fram, að vandi sjúkrahúsmálanna sé ekki sá, að til þeirra hafi verið veitt of lítið fé að undanförnu, heldur að þar hafi skort skipulagningu og framsýni. Með betra skipulagi muni húsnæði okkar geta nýtzt miklu betur en nú er. Og skipulagið ætti einmitt að vera alveg sérstakt hlutverk hæstv. heilbrmrh.

Mér þóttu það ákaflega alvarleg tíðindi, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann sæi ekki fram á, að hægt væri að hefjast handa um byggingu þessarar mikilvægu sjúkradeildar fyrr en 1972. Síðan mundu líða 4 ár, þangað til deildin væri komin upp, þ. e. a. s. árið 1976 í fyrsta lagi. Ég held, að það hljóti að vera hægt að finna leiðir til þess að ráðast gegn þessum vanda miklu fyrr. Til þess þarf að sjálfsögðu fjárveitingar frá Alþ., eins og hæstv. ráðh. vék að, og hér liggja nú fyrir þingi tvær þáltill., sem eiga að stuðla að slíkri þróun, og ég vænti þess, að þetta mál verði tekið upp í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Meira að segja væri hægt að gefa hæstv. ráðh. tryggingu fyrir því frá flokkunum nú þegar, að þeir mundu vilja standa að fjáröflun, sem hann gæti beitt sér fyrir þegar á þessu ári í þessu skyni.

Eins og hæstv. ráðh. sagði, eru tveir þættir heilbrigðismála okkar ákaflega illa settir, annars vegar geðsjúkdómalækningar og hins vegar kvensjúkdómalækningar. Það verður að taka af fullri festu á báðum þessum atriðum. Og ég hef trú á því, að hægt sé að þoka áfram stækkun fæðingarheimilis og geislalækningaaðstöðu við þá deild, vegna þess að við erum einmitt að ræða þetta mál hér að frumkvæði kvenna, sem hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga, sem hafa beitt sér fyrir, að það væri tekið upp hér á Alþ. og geta ýtt á eftir því af sínum alkunna dugnaði eftirleiðis. Ef samtök kvenna sýna þessu máli áhuga, ef þær beita sér fyrir því, að þarna verði ráðizt í framkvæmdir án tafar, geta þær haft það mikil áhrif á forustumenn stjórnmálaflokkanna, að þeir geti ekki skotið sér undan þessari nauðsyn.

Einar Ágústsson: *Herra forseti. Um þetta mál,* sem hér hefur borið á góma, hef ég á þskj. 336 ásamt tveimur hv. þm. flutt till. til þál. um, að Alþ. skori á ríkisstj. að hefja sem allra fyrst byggingarframkvæmdir við stækkun Fæðingardeildar Landsspítalans, þar sem verði komið upp sérstakri kvensjúkdómadeild með fyllstu aðstöðu til nútíma geislalækninga. Þessi till. er að vísu á dagskrá þessa fundar, en þar sem hæpið er, að hún komist að vegna annarra mála, sem á undan eru, tel ég rétt að segja hér örfá orð um málið, þó að mér sé ljóst, að í fsp.-tíma með 5 mínútna ræðutíma er ekki hægt að gera þessu máli nein viðhlítandi skil.

Það er mjög að vonum, að málefni fæðingardeildarinnar og kvensjúkdómadeildarinnar séu ofarlega á baugi um þessar mundir, svo aðkallandi, sem úrbæturnar eru orðnar. Og þá má líka segja, að hv. alþm. hafi hrokkið upp með andfælum, þegar hógværar, en ákveðnar kröfur lækna og annars starfsliðs þessara stofnana voru lagðar hér fram, bæði í bréfi frá Bandalagi kvenna, sem hér hefur verið rakið, og eins með áskorun frá starfsliði þessara stofnana. Og nú liggja fyrir þrjú þingmál um málefnið.

Það hefur vissulega verið gert ýmislegt í heilbrigðismálum á undanförnum árum, eins og hæstv. heilbrmrh. var að lýsa, enda mætti nú fyrr vera, ef gróðaár landsins hefðu gengið sporlaust yfir á sviði heilbrigðismálanna. En mörgum virðist, og ég tek undir með hv. 6. þm. Reykv. þar, að meira

hefði átt að gæta fyrirhyggju í þeim framkvæmdum og skipulags en gert hefur verið, og má nefna bæði byggingarframkvæmdir á Landsspítalalóðinni og Borgarspítalann í þessu sambandi, þó að ekki sé tími til að fara út í það nú, en verður kannske hægt að gera því einhver skil síðar.

Þær tvær byggingar, sem einna lengst hafa staðið á Landsspítalalóðinni, sjálft gamla sjúkrahúsið og fæðingardeildina, hefði fyrir löngu átt að vera búið að sameina til ómetanlegs hagræðis fyrir alla starfsemina, í stað þess að byggja við gamla spítalann í allar áttir, eins og búið er að gera og fara svo eftir það, 1965, að athuga, hvernig eigi að skipuleggja framkvæmdir á lóðinni. Þar er alveg farið í öfugan enda á málinu, eins og allir hljóta að sjá. Teikningar af þessum framkvæmdum hafa legið fyrir frá árinu 1956, eins og hér hefur verið rakið.

Eg fer ekki út í það að lýsa núverandi aðstöðu á þessum deildum í þessum stutta ræðutíma. Til þess má vísa m. a. til þess, sem fram hefur komið hér, og svo til þess bréfs frá Bandalagi kvenna, sem hv. alþm. allir hafa á sínum borðum. Ég skal ekki leiða neinum getum að því, hvað þessi framkvæmd kann að kosta, enda er erfitt að gera kostnaðaráætlanir á þessum tímum, og vafalaust kostar hún nokkurt fé. Ég hef t. d. heyrt nefnda töluna 30 millj. kr. Kannske er það eitthvað of lágt. Og ég skal játa, að 30 millj. kr. er allmikið fé. En í hlutfalli við þá hagsmuni, sem hér eru í húfi, kalla ég það smámuni, hreinustu smámuni. Svo má líka draga frá þessari tölu kostnaðinn við bráðabirgðabyggingu hæstv. heilbrmrh., sem hann var að lýsa áðan, að nú ætti að ráðast í, eftir að tækin eru búin að vera fyrir hendi í 3 ár.

Fyrir skömmu átti ég þess kost að skoða aðstæður á þessum deildum, og tala við lækna og annað starfslið. Og af samtölum við Pétur Jakobsson yfirlækni, Guðmund Jóhannesson lækni, Jón Hannesson lækni og Gunnlaug Snædal lækni ásamt yfirhjúkrunarkonum á kvensjúkdómadeild, yfirljósmóður á skurðstofu, er mér alveg ljóst, að það er hvergi ofsagt í þeim bréfum og grg., sem þetta fólk hefur látið frá sér fara. Þvert á móti vil ég segja, að þar sé í mörgum greinum furðulega hógværlega til orða tekið. Ég eftirlæt hæstv. heilbrmrh. að leiðrétta þær missagnir, sem kunna að vera í bréfi Bandalags kvenna. Það er mál, sem ég blanda mér ekki í, en ég hef séð þessar aðstæður, og af þeirri skoðunarferð er mér alveg ljóst, að hér verður að taka myndarlega í strenginn. Þess vegna skora ég á heilbrigðisyfirvöldin, hæstv. heilbrmrh. og alla hv. alþm. að kynna sér allar aðstæður á umræddum sjúkrahúsadeildum og tala við fólkið sem þar starfar. Slík kynnisferð er áreiðanlega áhrifameiri en allar þær ræður, sem við getum haldið, því að sjón er sögu ríkari. Og ég er sannfærður um það, að öllum hlýtur að fara eins og fór fyrir mér, að eftir að ég hef fengið að sjá og reynt að skilja það, sem hér er á ferðinni, mun ég hvar sem er og hvenær sem er veita þessu máli það lið, sem ég frekast get. Og ég lýsi því hér með yfir, að sú úrlausn, sem hæstv. heilbrmrh. tilkynnti áðan, að beðið yrði eftir framkvæmdum í 6—7 ár, er algerlega fráleit, og Alþ. verður að taka fram fyrir hendurnar á ríkisstj., ef þetta er hennar ákveðna leið.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég hef að segja í viðbót við það, sem ég hef sagt í svari mínu við fsp. Ég er að sjálfsögðu mjög þakklátur þessum konum, sem hér eru samankomnar og heildarsamtökum kvenna fyrir að hafa vakið hv. þm. til umhugsunar um heilbrigðismálin og nauðsyn þess, að byggð yrði fæðingardeild og kvensjúkdómadeild.

Sumir, sem hér eru áhorfendur, hafa í dag séð þátt af vissum leikaraskap, sem stundum fer fram í þingsölunum, en þessar kempur, sem hér hafa talað, hafa látið lítið að sér kveða að undanförnu, og man ég ekki eftir neinni stólparæðu frá þeim eins og þeim, sem þeir hafa flutt nú, hvorki um fæðingardeild, kvensjúkdómadeild eða heilbrigðismálin yfirleitt. (**Gripið fram í:** Þá man ráðh. illa.) Ég man ekkert illa í því sambandi, því að þó að hv. þm., sem nú greip fram í, kunni einhvern tíma að hafa minnzt á heilbrigðismál hér í sölunum, þá hefur hann aldrei talað af slíkum fjálgleik, sem hann hefur gert í dag.

Varðandi bréf Bandalags kvenna (Gripið fram í.) Það er a. m. k. mannlegt, — varðandi bréf Bandalags kvenna, sem ég vék að, þá mun ég koma til þeirra frá rn. leiðréttingum á missögnum, sem í því eru, og ég teldi ekki eðlilegt, að ég færi að ræða það hér í þingsölum í fsp.-tíma. Ég hafði ekkert að athuga við lýsingu þeirra á ástandinu og fetti ekkert fingur út í það. En það eru missagnir í bréfinu um ráðagerðir, sem ekki hafi verið staðið við, og þær mun ég leiðrétta og senda Bandalagi kvenna.

Það var ekki ónýtt að heyra, að læknar skrifuðu um það á einhverjum vettvangi, að á síðustu árum hefði alls ekki vantað fé til heilbrigðismála. Mér þætti gaman, ef á einhverju öðru tímabili hefði verið talað þannig, að nú væri veitt nægjanlegt fé til heilbrigðismála, og það hlýtur að sjálfsögðu að vera ánægjuefni fyrir mig, sem á þessu tímabili hef farið með heilbrigðismálin, að ekki er kvartað undan því, að fé vanti til þeirra. Mér þykir vænt um það út af fyrir sig að fá slíka viðurkenningu, en það vantar skipulag, segja læknarnir. Nú er sannast bezt að segja, að þeim er nú blessuðum margt betur gefið en að skipuleggja, læknunum. En það er einmitt það, sem hefur verið unnið að á síðari árum og mjög kappsamlega, eins og kom fram í minni grg. Hitt skal ég ekkert fara út í, hvernig skipulag þessara mála var undirbúið áður. T. d. sagði hv. 11. þm. Reykv. áðan, að það hefði margt farið illa úr hendi í þeim efnum, eins og t. d. viðbyggingar við Landsspítalann á þvers og kruss og svo væri núna farið að skipuleggja þetta. Þetta var heilbrmrh. Framsfl., sem kom þessu í gang á sínum tíma, þessari aðferð að ákveða þessar viðbyggingar við Landsspítalann, án fyrir fram ákveðinnar skipulagningar, en ég læt það líka liggja á milli hluta, og

það skiptir ekki máli. Aðalatriðið er, að við reynum að fóta okkur á því, að það er rétt, sem sagt er, að nauðsynlegt er að skipuleggja langt fram í tímann, og að því hefur heilbrmrn. eða heilbrigðisstjórnin unnið að undanförnu, og ég hef lagt á það sérstaka áherzlu og einmitt sérstaklega með Landsspítalalóðina. Ég tel það ákaflega mikilvægt, ef við á þessu ári eða næstu mánuðum gætum fengið ákveðið það skipulag að flytja Hringbrautina, sem kostar að vísu fé. Ég tel það sáralítið í samanburði við það mikla fé, sem þarf til allra þeirra bygginga, sem koma á upp á þessum lóðum. Eins og ég sagði áðan, mundi gamla lóðin nýtast miklu betur. Hún yrði líka hagkvæmari. Það yrði minni hávaði af umferðinni á lóðinni og það eru góð orð um það hjá borgaryfirvöldum eða borgarstjóra, sem ég hef rætt um þetta við og aðra hans embættismenn, að spítalinn gæti þá fengið til umráða allt svæðið suður að Öskjuhlíð að litlu fráteknu frá Hringbrautinni, þegar hún væri flutt. Og þar yrðu skapaðir framtíðarmöguleikar. Ég veit ekki, hvenær byggingar Landsspítalans, læknadeildirnar og aðrar heilbrigðisstofnanir eins og geðdeild, sem ég einnig minntist á, verða fullbyggðar. Hvort ég á að segja 20, 30 eða 40 ár, það veit ég ekki. Það fer sjálfsagt eftir því, hvað þm. verða örir á að útvega fé. Hv. 6. þm. Reykv. er reiðubúinn með kassann og hringlar í peningunum strax. Ef þm. eru orðnir svona fjörugir og duglegir að útvega fjármuni, þá verður náttúrlega búið að byggja á þessu svæði á miklu skemmri tíma en næstu 20—40 árum.

Ég vil leiðrétta misskilning, sem fram kom um það, að bíða ætti eftir framkvæmdum á byggingu fæðingardeildar og kvensjúkdómadeildar í 6—7 ár. Það er ekki um það að ræða. En ég sagði, að ekki yrði hægt að byrja framkvæmdir þarna, fyrr en væri búið að ákveða skipulagið á lóðunum og ganga frá teikningum. Það er þegar búið að vinna töluvert mikið verk að frumteikningum að stækkun fæðingardeildarinnar og byggingu geðsjúkdómadeildar. Hversu langan tíma tekur að ljúka fullkomnum teikningum er óráðið, en þó hefur reynslan kennt, að það er betra að hrapa ekki að neinu í þeim efnum og gera það vandlega, áður en hafizt er handa, og undirbúa byggingarframkvæmdirnar á meðan. En ég sagði, miðað við þau fjárráð, — og ég hef enga tilhneigingu til þess að láta málin líta betur út, þótt hér séu margir áheyrendur, — þá gerði ég ekki ráð fyrir, að hægt væri af fjárhagsástæðum að hefja framkvæmdir fyrr en á árinu 1972 og það þýddi, að til undirbúningsframkvæmda, teikninga og annars slíks, væru 2 ár, sem væri að sjálfsögðu hægt að stytta eitthvað, ef fjárreiðurnar verða þær, að menn hafi nægjanlegt fé til þessa, en það hefur mjög verið gagnrýnt, hvað viðbyggingarnar við Landsspítalann hafa tekið langan tíma, og í mínum huga hefur verið nauðsynlegt að ljúka byggingum, áður en hafizt yrði handa um nýjar byggingar.

Þingið getur sjálfsagt í þeim efnum eins og öðrum tekið ráðin af mér eða heilbrigðisstjórn í þessu sambandi og sagt: Það er eitthvað þarna, sem á að ganga á undan, hvort sem það á að vera fæðingardeild eða kvensjúkdómadeild, og látið bara hitt bíða. Það kann vel að vera. En ég vildi skýra samvizkusamlega og réttilega frá því, sem að hefur verið stefnt og er í hugum heilbrigðisstjórnarinnar í þessu sambandi. Og það er í mínum huga alveg nákvæmlega eins og í huga hv. 11. þm. Reykv., að hér verði hafizt handa sem allra fyrst um framkvæmdir. Um þetta greinir okkur ekki á. Það er bara spurningin, hver getan er til þess að hefja framkvæmdir, og þá er það ekki aðeins, — og þess vegna vék ég, eins og réttilega var sagt, nokkuð út fyrir að svara spurningunni beint, — og þar koma ekki aðeins fjárhagsatriði, sem ég hef vikið að, til greina, heldur einnig þessi skipulagsatriði, sem menn leggja mikla og ríka áherzlu á og ég tel ákaflega mikils virði, að hægt verði að taka endanlegar ákvarðanir um þau.

Ég vil svo aðeins ljúka þessu máli mínu með því, sem ég byrjaði þessa síðari ræðu á, að það er ánægjulegt, hvað félagssamtökum kvenna hefur tekizt að vekja mikinn áhuga þm. og það hefði miklu betur farið á því, skilst mér, að það hefði verið gert fyrr.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. heilbrmrh. þarf ekki að hafa mikla getspeki til þess að finna á því rétta lausn, hvers vegna þm. tala í dag um þetta mál. Það er ekki aðeins af því, að fagrar konur eru á þingpöllunum. Það er af því, að þær sendu frá sér áminningu til þingsins um það, hvernig ástatt væri í heilbrigðismálunum í vissri stofnun og gerðu það á þann hátt, að þm. hrukku við, hrukku svo skarpt við, að á einum og sama degi skiluðu þeir frá sér þremur þskj. um málið, tveimur þáltill. og fsp. þeirri, sem hér er til umr. Og það, að þm. hrukku svo við vegna þessa máls, var vegna þeirrar ömurlegu lýsingar, sem blasti við þeim í bréfi frá Bandalagi kvenna. Og ég verð að segja, að hæstv. ráðh. hefur tekið þann skynsamlega kost að bera ekki brigður á það eða a. m. k. bera ekki til baka neitt af því, sem konurnar sögðu frá í sínu skjali til þingsins. Að vísu lét hann að því liggja, að þær væru að skrökva, það væri margt ósatt í þessu bréfi og það var óskynsamlegt af hæstv. ráðh. að gera því skil, nema þá því aðeins að víkja að hverju ósannindaatriði á fætur öðru og gera því þannig full skil. En það gerði hann ekki.

Ég vil, að þessum þingfundi ljúki ekki, án þess að hæstv. ráðh. eigi þess kost að svara því, hvort viss atriði, sem felast í bréfi Bandalags kvenna eru rétt eða röng, eru skrök eða sannleikur. Ég staldra t. d. við þessa fullyrðingu í skjali kvennanna:

„Hér vantar ekki aðeins sjúkrarúm“, segja þær, „heldur svo að segja allt svigrúm til starfa. T. d. er aðeins ein skurðstofa á stofnuninni, og þar fara fram allar aðgerðir, nánar til tekið á 9. hundrað aðgerðir á ári, hvort sem um er að ræða keisaraskurð, afbrigðilegar fæðingar eða krabbamein á

hvaða stigi sem er.“ Er þetta sannleikur eða er þetta skrök, að ástandið sé svona?

Það er annað atriði, sem ég vil líka spyrja um alveg sérstaklega og vil fá að vita í dag af hæstv. ráðh., hvort hann álítur það sannleika eða ósannindi. Og það er þetta: Þegar læknir hefur sagt okkur, og það segja allir læknar auðvitað: Krabbamein hefur því meiri lækningamöguleika, sem það er fyrr rannsakað og kemst fyrr undir læknismeðferð. Hér segir í bréfi kvennanna:

„Finnist grunsamlegt tilfelli, liggur leið þess sjúklings ekki beint inn á deildina, sem þó er talið nauðsynlegt, heldur skrifast nafn sjúklingsins á biðlista deildarinnar.“

Að krabbameinssjúklingur, sem læknir hefur fundið, að er sjúkur af þeim ægilega sjúkdómi, kemst ekki inn á deildina, þegar sjúkdómur hans hefur uppgötvazt, kemst ekki til læknismeðferðar, heldur skrifast á biðlista hennar, finnst mér vera ægileg staðreynd að horfast í augu við. Ég get ekki að því gert. Ég spyr, hvort þetta sé skrök eða sannleikur. Ef þetta er sannleikur, er þetta óhugnanlegur sannleikur, svo óhugnanlegur, að við alþm. komumst ekki hjá því að leggja fram fé til þess að hægt sé að hefja byggingar fyrr en eftir 5—7 ár. Það er líka ægileg staðreynd, sem einn læknir, Guðmundur Magnússon, segir, að hér á landi læknist ekki eða sé forðað frá bana nema 1 konu af hverjum 3, þegar í Svíþjóð sé bjargað 2 af hverjum 3. Og þetta eru yfirleitt konur á góðum aldri, milli fertugs og fimmtugs, sem í mestum háska eru vegna krabbameinsins.

Í ræðu, sem dr. Gunnlaugur Snædal hélt í tilefni af 20 ára afmæli Krabbameinsfélagsins, kemur hann hvað eftir annað inn á það í grein eða ræðu, sem birt var í Morgunblaðinu fyrir skömmu, að það séu húsnæðismálin, sem standi í vegi fyrir því, að við getum notað nauðsynleg tæki og staðið okkur eins og aðrar menningarþjóðir í baráttunni við krabbameinið. Hvað eftir annað víkur hann að því, að það séu húsnæðismálin, sem standi í veginum, og skal ég nú, með leyfi hæstv. forseta, víkja að 2—3 atriðum í ræðu hans. (**Forseti:** Forseti gerir þá aths. að ræðutími er liðinn.) Hann er liðinn. Þá verður það að bíða betri tíða. Það gerist þá, þegar ég flyt framsöguræðu fyrir minni þáltill., sem einnig liggur fyrir á dagskrá, en kemur sennilega ekki til umr. í dag.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skal ekki halda langa ræðu, enda ekki tími til þess.

Hæstv. heilbrmrh. kallaði þessi ræðuhöld mín og hv. 6. þm. Reykv. skrípaleik. Ég felli mig ekki við þá nafngift. (Gripið fram í.) Eitthvað var það, sem mátti skilja þannig, held ég, hjá hæstv. ráðh., hvaða orð sem hann svo notaði. Ég sætti mig ekki við það, að þegar tekin eru fyrir alvarleg mál, eins og þetta vissulega er, sé það hártogað og sagt, — ég vil kannske ekki endurtaka, að það hafi verið kallaður skrípaleikur, af því að ég man ekki orðið fyrir víst, en eitthvað var það, sem mátti skilja á þá lund, — leikaraskapur líklega. Ég neita því náttúrlega ekki, að það getur vel verið, að ég hafi verið eitthvað pínulítið hressilegri í ræðustólnum en ég á vanda til, þegar allir þessir áhorfendur eru hérna viðstaddir. Það má vel viðurkenna það. En ég játa, að ég hafði ekki áttað mig á því, hvernig ástandið var í þessum málum, fyrr en bréfin frá þessum konum bárust hingað. Hafa aðrir hv. þm. gert það? Hefur hæstv. heilbrmrh. gert það? Þeir, sem hafa gert það og þagað, eru miklu sekari en við, sem höfum talað um þessi mál í dálítið hressilegum og hvössum tón.

Það er rétt, að ég hef ekki flutt um nokkurt skeið till. til aukinna fjárveitinga í heilbrigðismálum. En það er ekkert langt síðan ég gerði það. Og ástæðan til þess, að ég gafst upp við það er auðvitað sú, að þær hafa alltaf verið felldar. Nei, þetta bréf og þessi skrif um málin hafa vakið mig til alvarlegrar umhugsunar um það, að hér þurfi úrbóta við og kvensjúkdómalækningar séu ásamt geðlækningum, eins og hér hefur komið fram, þær sjúkdómsgreinar, sem mesta áherzlu þurfi að leggja á úrbætur í. Og þegar frá því er skýrt, að sjúklingar með krabbamein í móðurlífi séu sendir deildinni af öllu landinu og stór hluti þeirra fari á biðlista, eins og hv. síðasti ræðumaður kom að, þá er sannarlega þörf á því að athuga sinn gang. Með skipulagðri leit, sem krabbameinsfélögin hafa tekið upp á þessum sjúkdómi, hafa líkurnar stórkostlega aukizt á því að finna hann á viðráðanlegu stigi. Og hvílík hörmuleg ógæfa er það þá ekki, ef aðstöðu til framhaldsmeðferðar og lækninga vantar.

Ég skal ekki ræða núna, — það gefst kannske kostur á því síðar — um skipulag á þessum málum öllum, það skipulag á lóðinni, sem er efst í huga ráðamanna, að leggja niður núverandi Hringbraut, taka hana undir bílastæði, byggja nýja Hringbraut, byggja svo brú yfir nýju Hringbrautina til þess að sameina Landsspítalalóðina, sem þá ætti að ná suður undir Hafnarfjarðarveg. Þetta er sjálfsagt mjög glæsileg áætlun, en ég er hræddur um, að hún kosti talsvert fé, og ég er hræddur um, að þá verði að opna budduna rækilegar en þó að fallizt yrði á að byggja þessa kvensjúkdómadeild, sem við erum að ræða um. Nei, það er góðra gjalda vert og viðurkenningarvert, að konur hafa tekið þetta mál þannig upp, að þær hafa vakið áhuga þm. og ég skammast mín ekki fyrir að viðurkenna, að vegna þeirra skrifa hefur áhugi minn á þessu máli vaknað. En það væri æskilegt, að áhugi hæstv. ráðh. hefði einnig vaknað af þessu tilefni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í sambandi við áhuga minn vil ég segja, að ég hef ekki hrokkið upp af neinum svefni. Ég hef ekkert sofið í þessum málum, eins og hv. þm. Mér hefur verið þetta mikið áhyggjuefni, og ég játa, að ég vildi hafa getað gert og komið miklu meiru til leiðar á sviði heilbrigðismálanna en ég hef gert á þeim tíma, sem ég hef farið með heilbrigðismálin. En það er langt í frá, að ég hafi sofið á verðinum. (**Gripið fram í:** Hvar eru till. hæstv. ráðh.?) Hvar eru till.?

Er ég ekki búinn að gera grein fyrir því í svarinu?(Gripið fram í.) Það þýðir náttúrlega ekki að vera að þrasa svona um framkvæmdir á liðnum árum á þessu sviði, en það er hægt að benda á margt annað, og það er ekki hægt að gera allt í einu. Það vita allir. Og segja má, að það hefði verið mjög æskilegt, að konurnar hefðu ýtt við þm. miklu fyrr en nú, fyrst þeir hrökkva svona alvarlega við.

Aðalerindi mitt í ræðustólinn núna var út af ræðu hv. 9. þm. Reykv. Ég vil leiðrétta það hjá hv. þm., að ég hef hvorki talað um, að það væru ósannindi eða skrök í bréfi Bandalags kvenna. Og hann vildi fá að vita, hvort eitthvað væri sannleikur eða skrök, sannleikur eða ósannindi. Þessi orð viðhafði ég ekki. Ég sagði, að það væru missagnir í bréfinu. (**Gripið fram í:** Já, það var sama og skrök, auðvitað.) Og ég benti einmitt á í hverju missagnirnar væru og vék ekkert að lýsingum þeirra á ástandinu á fæðingardeildinni og hvort sá, sem kemur með krabbamein, er settur á biðlista hjá lækninum eða ekki. Það veit ég ekkert um. Það er sjálfsagt rétt, því að þær eru fjölmargar, sem til þessa þekkja. Að þessu vék ég ekkert. En ég sagði, að það væru missagnir, og er ekki rétt að gera því skóna og láta líta þannig út, að ekki hefði verið staðið við ráðagerðir og fyrirætlanir um fæðingardeildina, þegar hún var byggð og hún hefði aldrei verið fullbyggð, því að það er ekki rétt, það er missögn, og það er líka missögn, og ég endurtek það, að það voru aldrei uppi ráðagerðir um að tengja fæðingardeildina við gamla spítalann. Það er síðari tíma fyrirbrigði, sem er komið til á síðari árum, en var alls ekki þá. Og þetta er missögn. Ég hef ekki þetta bréf í höndunum núna, og mér fannst eðlilegt, eins og ég sagði áðan, að ég mundi benda þeim á þessar missagnir, sem þarna er um að ræða. En ég vil alvarlega taka það fram, að ég hafði ekki á nokkurn hátt þau orð, að það væru ósannindi eða skrök í bréfinu. (**Gripið fram í:** Vill ráðh. fá bréfið?) Það er alveg óþarfi. Ég er búinn að benda þarna á nokkur dæmi missagna, og ég mun rekja þau frekar í skrifum mínum til bandalagsins. En ég endurtek það, sem ég segi, þar sem mönnum er svo brátt að taka fram í. Ég veit ekki, hvað þeim liggur mikið á. Ég talaði hvergi nokkurs staðar um ósannindi í þessu bréfi og kom það aldrei í huga. (**Gripið fram í:** En það sem er rangt, hlýtur að vera ósatt.) Mér finnst það ekki skipta máli, hvaða mat Hannibal Valdimarsson hefur á því, hvort það sé sama, missögn eða ósannindi. Ósannindi eru í mínum augum allt annað en missögn. En ég skal svo ekki víkja að miklu meira. En þó vil ég víkja að einu.

Ég talaði mikið um skipulag Landsspítalalóðarinnar, sem ég tel eitt mikilvægasta málið fyrir Landsspítalann. Þar innifalið er fæðingardeild, framtíðarbygging fæðingardeildar og kvensjúkdómadeildar og geðdeildar. Og þar eru ákveðin áform uppi, sem ég hef lýst, og þau áform kosta samninga við bæjarfélagið. Hér hefur talað hv. 11. þm. Reykv., og hann er líka bæjarfulltrúi eða borgarfulltrúi eins og þeir heita nú. Honum fannst, að það mundi vera dýrt að flytja Hringbrautina, en ég ætla að vona, þegar ég á viðræður við borgaryfirvöldin og samninga um þau mál, að hann verði þá liðtækur til þess að lyfta undir mál mitt og styðja með þeim hætti framtíðaraðstöðu og möguleika fæðingardeildarinnar og kvensjúkdómadeildarinnar ekki síður en annarra heilbrigðisstofnana á Landsspítalalóðinni.

Að lokum vil ég svo víkja að því, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði og er auðvitað hryllileg staðreynd og kemur raunar fram í bréfi kvennanna, að hér hefur ekki verið aðstaða til nútíma geislalækninga með þeim afleiðingum, að hér hefur aðeins tekizt að bjarga 1 konu af hverjum 3 í vissum sjúkdómstilfellum, þar sem nágrönnum okkar eða öðrum þjóðum, sem hafa nútíma lækningar, hefur tekizt að bjarga 2 af 3. Þessi staðreynd var mér ekki ljós fyrr en á s. l. sumri. Þá komu til mín tveir læknar, kvenmenn báðir, og skýrðu mér frá áhyggjum sínum í þessu efni. Það mun hafa verið um líkt leyti, sem læknar spítalans rituðu landlækni um þessa staðreynd, og töldu sig ekki geta starfað við þessa aðstöðu. Það var eitthvað 1—2 mánuðum seinna, sem stjórn Krabbameinsfélagsins kom á fund ráðh. og ræddi þá um þá möguleika að koma hinu umtalaða kóbalttæki fyrir og í gagnið sem allra fyrst. Frá fjárl. hafði þá verið gengið. Hins vegar ræddi ég þá strax daginn eftir við ríkisstj., að við tækjum inn á fjárl., þegar þar að kæmi, eða öfluðum fjár á einhvern annan hátt, sem ætla mætti, að þyrfti að vera að ég hygg um 5 millj. kr. á móti fjársöfnun, sem Krabbameinsfélagið lofaði til þess að koma upp húsnæði yfir þetta kóbalttæki. Og þá hafði ég látið gera bráðabirgðateikningar, sem hugsanlegan möguleika á því, að hluti af framtíðarbyggingunni fengi að byggjast og síðan kæmi framtíðarskipulagið og þetta gæti svo fallið inn í það. Þessar hugmyndir veltust á milli manna og þar á meðal bæjaryfirvalda og byggingaryfirvalda, þar til niðurstaðan, úrskurðurinn, var sá, að það væri gersamlega útilokað að leyfa þetta með þessum hætti, útilokað, og væri ekki hægt að leyfa neinar byggingar af þessu tagi, fyrr en endanlega væri tekin ákvörðun um stærð lóðarinnar. Þá reyndi ég þennan síðasta möguleika, sem nú er kallaður bráðabirgðabygging og er það vissulega, og það var slegið upp teikningum af bráðabirgðahúsnæði til þess að hýsa kóbalttækið og til þess var talið, að þyrfti um 2½ millj. kr. og það ræddi ég við fjmrh. og fjvn. tók þetta upp í till. sínar við 3. umr. fjárl., eins og hv. þm. rekur minni til. Nú hefur þetta m. a. verið átalið og sagt, að þetta væri ómögulegt. Og ég verð að segja, að ég hef staðið þar í stríðu við sérfræðinga og lækna, sem ekki vildu þetta, og varð að taka um það ákvörðun, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Og mín ákvörðun var sú, að þetta skyldi gert. Og þó að þetta kostaði 2½ millj., — við skulum segja, að það færi upp í 3½ millj., eða eitthvað því um líkt, — þá er það mín skoðun, sem ég lýsti í lok framsöguræðu minnar, að slíkt ætti ekki og mætti ekki hafa nein

áhrif á framkvæmdahraða framtíðarbygginganna, og það tel ég, að ekki eigi að þurfa að gera. En þetta mundi þýða, að þetta kóbalttæki gæti á við skulum segja þriggja, fjögurra eða fimm ára bili — ég veit ekki, hvað er bezt að segja, — bjargað mörgum mannslífum, sem ella hefði ekki verið við ráðið. Á þessu byggist ákvörðunin um bráðabirgðabygginguna yfir kóbalttækið. Mér er það ljóst, að ég ber á henni höfuðábyrgð, en hún er gerð eftir beztu samvizku og í þeirri von, að ég geti með því móti bjargað mannslífum, sem séu miklu meira virði en það, að slík bygging fari síðar í súginn og verði kastað, en það á ekki að hafa nein áhrif á hraða framtíðarbygginganna.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér finnst það ekkert aðalatriði að koma höggi á hæstv. heilbrmrh. í þessu máli, því að það er staðreynd, að Alþ. hefur ekki veitt fé til þess að bæta úr húsakosti fæðingardeildarinnar, sem með hefði þurft. Hitt má kannske segja, að hann hafi ekki leitað nægilega fast eftir því. En ég tók eftir því, að hann ræddi mikið um byggingarsögu á Landsspítalalóðinni og sagði frá átökum um það, hvernig ætti að koma þar byggingum fyrir og taldi, að framkvæmdir yrðu að bíða, þangað til úr þessu væri skorið. Ég veit, að það hafa verið átök milli byggingarn. Landsspítalans, skipulagsyfirvalda Reykjavíkurborgar og læknadeildar háskólans um þessi mál og þetta hefur vafalaust valdið töfum á aðgerðum. En hér þarf ráðh. að taka af skarið. Og það er það, sem ég tel hans skyldu að gera, láta ekki þessi yfirvöld rífast um málið ár eftir ár. Það er búið að standa til boða að fá kóbalttæki í þjónustu íslenzkra heilbrigðismála í 3 ár. Þau 3 ár eru liðin, og svo blasir kannske við, að það tefjist í önnur 3 ár. Það er óþolandi að horfa á slíkt ástand, sem hér ríkir í þessu máli. Það er nægilegt rými til þess að byggja við Fæðingardeild Landsspítalans, og það er hægt að koma þeirri byggingu upp. Ég er alveg viss um, að það muni vera hægt að leysa fjárhagshliðina á því máli. Og allra helzt er þetta hægt, þegar búið er þá að gefa vilyrði fyrir og nokkurn veginn að ákveða, að lóðin verði síðar stækkuð og þá er hægt að sjá fyrir hégóma eins og bílastæðum. Bílastæði á Landsspítalalóðinni mega ekki standa í vegi fyrir aðgerðum í svo bráðaðkallandi heilbrigðismáli sem þessu.

Það að færa Hringbrautina og stækka Landsspítalalóðina og endurskipuleggja hana, velta vöngum yfir skipulagsteikningu á henni má ekki standa í vegi fyrir því, að svarað sé bráðri lífsnauðsyn í aðgerðum heilbrigðismálayfirvalda á þessu sviði.

42. Útbreiðsla sjónvarps.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til menntmrh. varðandi útbreiðslu sjónvarps [183. mál, 1] (A. 358).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Í umr., sem fram fóru á Alþ. 1. nóv. 1967 varðandi fsp. Ingvars Gíslasonar um dreifingu sjónvarps, komst hæstv. menntmrh. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að hraða sem mest sjónvarpssambandi við Akureyrar- og Eyjafjarðarsvæðið er gert ráð fyrir því að koma upp bráðabirgðastöð á Vaðlaheiði haustið 1968, af því að ekki er hægt að ganga frá pöntunum hinnar endanlegu stöðvar á Vaðlaheiði fyrr en lokið er öllum mælingum frá Vaðlaheiði og austur á Fjarðarheiði og víðar. Gert er ráð fyrir að byggja varanlega stöð á Vaðlaheiði fyrir árslok 1969.“ Og síðar í sömu ræðu, með leyfi forseta: „Þá er spurt um það, hvenær ráðgert sé, að sjónvarp nái til allra landshluta. Um það er þetta að segja: Gert er ráð fyrir, að sjónvarp nái til allra landshluta á árinu 1969, og hafa verkfræðingar Landssímans gert skýrslu um það efni. Skýrslugerðinni var lokið 13. sept. 1967. Þetta jafngildir að sjálfsögðu ekki því, að bókstaflega allir landsmenn muni þá eiga kost á sjónvarpsþjónustu, enda er miklum tæknilegum örðugleikum bundið að tryggja sendingu góðrar sjónvarpsmyndar til afskekktra staða og auk þess mjög dýrt. En framkvæmdum við aðalsendistöðvar í öllum landshlutum og helztu aukastöðvar mun verða lokið 1969.“

Nú er það herrans ár 1969 upp runnið, og er því ekki nema að vonum, að fólk á þeim svæðum, sem sjónvarpsgeislar ná enn ekki til, sé farið að halda spurnum fyrir um það, hvenær á árinu muni verða af efndum. Ekki er heldur laust við það, að nokkur orðasveimur hafi verið á lofti um, að ekki sé öldungis víst, að efndir verði á árinu. Mér hafa borizt fleiri beiðnir um það að norðan að komast að hinu sanna í þessu efni. Því hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvenær er ætlunin, að sjónvarpssendingar nái til Norðurlands austan Vaðlaheiðar og hvenær til allra landshluta?“

Það er þegar alllangt liðið síðan fsp. þessi var lögð fram, en atvik höguðu því þannig, að ekki hefur gefizt tóm til svara fyrr en nú. Ég vona, að þau atvik boði þó ekki illt frá sjónarmiði sjónvarpsáhugamanna fyrir norðan.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Spurzt er fyrir um það, hvenær ætlunin sé, að sjónvarpssendingar nái til Norðurlands austan Vaðlaheiðar og hvenær til allra landshluta. Mér er ánægja að því að svara þessari fsp. og gera hinu háa Alþ. og þá um leið þjóðinni allri grein fyrir þeim áætlunum, sem gerðar voru á sínum tíma um dreifingu sjónvarps um landið, og þeim ákvörðunum, sem teknar hafa verið um framkvæmdir á þessu ári, ásamt ráðgerðum framkvæmdum á næsta ári.

Þegar ríkisstj. ákvað fyrir 5 árum að beita sér fyrir því, að komið yrði á fót íslenzku sjónvarpi, var sú ákvörðun byggð á því, að aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum skyldu ganga til greiðslu á stofnkostnaði sjónvarpsins, en tekjur af árlegum afnotagjöldum og auglýsingum skyldu standa undir kostnaði við rekstur. Alþ. heimilaði ríkisstj. að nota aðflutningsgjöld af innfluttum sjónvarpstækjum til greiðslu á stofnkostnaði íslenzks sjónvarps, og hefur þessi heimild verið notuð síðan 1. júlí 1964. Allur rekstrarkostnaður sjónvarpsins hefur hins vegar verið greiddur með tekjum af afnotagjöldum og auglýsingum. Unnt hefur reynzt að hafa daglega dagskrá lengri en upphaflega var ráð fyrir gert, og dreifing sjónvarpsins um landið hefur og orðið örari en menn þorðu að vona í upphafi, að orðið gæti. Um það bil tvö ár liðu frá því, að ákvörðun var tekin um stofnun íslenzks sjónvarps, þangað til sjónvarpssendingar hófust frá sendistöð, sem ætluð var Reykjavíkursvæðinu. Byggingu aðalstöðvarinnar, sem vera átti og er hornsteinn dreifingar sjónvarpsins um landið, stöðvarinnar á Skálafelli, var lokið í nóvembermánuði 1968. Um svipað leyti hafði verið komið upp bráðabirgðastöð á Vaðlaheiði og endurvarpsstöð á Skipalóni, til þess að sjónvarpið næði til Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins. Rétt á eftir eða fyrir s. l. áramót hófust einnig sjónvarpssendingar til Skagafjarðar um Skálafellsstöðina og til nokkurs hluta Vestfjarða um aðalstöð í Stykkishólmi. Jafnhliða hefur verið komið upp fjölmörgum minni stöðvum. Nú í dag eða um það bil 2½ ári eftir að íslenzkt sjónvarp var hafið, nær það til landssvæðis, sem á búa 175 þús. manns eða um 85% allrar þjóðarinnar. Á þessu landssvæði eru nú 31400 sjónvarpstæki í notkun, og sé gert ráð fyrir því, að meðalfjölskylda sé um hvert sjónvarpstæki, eru nú um 132 þús. landsmanna á þeim svæðum, sem sjónvarpið nær til sjónvarpsnotenda, eða 66% allra landsmanna.

Í svari við fsp. á hinu háa Alþ. haustið 1967 sagði ég, eins og hv. fyrirspyrjandi rakti, að gert væri ráð fyrir því, að sjónvarp næði til allra landshluta á árinu 1969. Gengisbreytingar þær, sem urðu haustið 1967 og 1968, hlutu hins vegar að raska verulega fjárhagsgrundvelli þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar höfðu verið. Engu að síður tókst að halda framkvæmdum í fyrra í öllum aðalatriðum eins og áætlað hafði verið. En á þessu ári, árinu 1969, hafði verið áætlað að reisa aðalstöðvarnar á Vaðlaheiði og Fjarðarheiði auk ýmissa aukastöðva. Til þess að gera þetta kleift hefur orðið að grípa til sérstakra ráðstafana. Með núverandi verðlagi er áætlað, að þessar framkvæmdir kosti 80 millj. kr., en til viðhalds og endurnýjunar af innfluttum sjónvarpstækjum eru áætlaðar 48 millj. kr., svo að 40 millj. kr. vantar á til þess að hægt verði að fylgja upphaflegum áætlunum. Fé hefur nú verið tryggt til þessara framkvæmda, svo að unnt mun verða að fylgja upphaflegri áætlun. Munu því í ár verða byggðar aðalstöðvar dreifikerfisins á Norðurlandi og á Austurlandi, þ. e. a. s. stöð á Vaðlaheiði og á Gagnheiði, sem nú er talin heppilegri en Fjarðarheiði, og sjónvarpi þar með komið til fjögurra kaupstaða, þ. e. a. s. til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar um Vaðlaheiðarstöðina og til Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar um stöðina á Gagnheiði. Þessar ákvarðanir hafa þegar verið teknar. En áætlanir hafa einnig verið gerðar um framkvæmdir á næsta ári, árinu 1970. Þá er ráðgert að byggja aðalstöð á Fljótsheiði í Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir Þingeyjarsýslur og Húsavík, aðra aðalstöð á Blönduósi fyrir Austur-Húnavatnssýslu og sem tengistöð fyrir Hólmavík og norðanverða Strandasýslu, svo og tengistöð á Hrútafjarðarhálsi fyrir Vestur-Húnavatnssýslu og sunnanverða Strandasýslu. Ennfremur er ráðgert að byggja aðalstöð á Háfelli í Mýrdal fyrir Skaftafellssýslu og til sambands við sunnanverða Austfirði gegnum Höfn í Hornafirði. Auk þess verður þá haldið áfram útbreiðslumælingum fyrir Austfjarða- og Norðausturlandssvæðið.

Ég tel ánægjulegt að geta skýrt frá því, að þegar á þessu ári muni verða svo komið, að íslenzkt sjónvarp nái til allra landshluta. Auðvitað mun það ekki á þessu ári ná til sérhvers landsmanns, enda á sér slíkt ekki stað enn í löndum, sem þó hafa haft sjónvarp miklu lengur en Íslendingar, jafnvel þótt aðstæður séu ekki eins erfiðar og hér á sér stað. En Íslendingar hafa sýnt sérstakan áhuga á sjónvarpi þann stutta tíma, sem það hefur verið starfrækt. Þess vegna er sjálfsagt að leggja á það hina ríkustu áherzlu, að það komi sem fyrst í alla landshluta. Það er gleðilegt, að þeir fjárhagserfiðleikar, sem að þjóðinni hafa steðjað, skuli ekki hafa orðið til þess að raska áætlunum um dreifingu sjónvarps um landið eða til þess að draga úr þeirri þjónustu, sem sjónvarpið hefur veitt, með styttingu dagskrár eða með því að draga úr gæðum hennar. En unnið verður að því, að hvorugt eigi sér stað.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Mér finnst það sorglegt, að í ljós kom, að ekki verður hægt að standa við gefin loforð í þessu efni. Mér finnst það lítil huggun, þó hægt sé að segja, að sjónvarpsgeislar nái yfir alla landshluta, því fólkið nær ekki til þeirra. Þess vegna finnst mér ekki hægt að segja, að við þessi loforð hafi verið staðið, því miður. Það er vitanlega augljóst, að erlendur kostnaður hefur aukizt mjög mikið, og hann mun

vera mikill hluti af kostnaði við að dreifa sjónvarpinu um landið. Þess vegna kemur gengisfellingin mjög hart niður á þessu, en ég get ekki séð neitt réttlæti í því, að fólkið, sem bíða varð lengst eftir sjónvarpinu, verði að gjalda þess.

Þegar ákveðið var að stofna til sjónvarps, þá lá ljóst fyrir, hvernig landið var lagað og hvað það var stórt, og það hefur ekki breytzt síðan. Svipuð er líka búsetan í landinu, þó að hún hafi því miður e. t. v. eitthvað dregizt saman og sigið á ógæfuhlið. Og þá hefur, þegar þetta var ákveðið, vonandi verið reiknað út, hvað það kostaði á hvern íbúa í landinu að dreifa sjónvarpi um landið og dreifa því um allt landið og reikna þá á hvern íbúa í öllu landinu, hvað þetta kostaði. Vonandi hefur ekki verið reiknað út, hvað kostaði á hvern íbúa í þéttbýlinu, og nú sé farið að reikna út, hvað það kostar á hvern íbúa í dreifbýlinu. Ég vona, að sá hugsunarháttur skjóti ekki upp kollinum.

Ég vil ekki gagnrýna það, sem gert hefur verið í þessum málum, fyrst ákvörðun var tekin um að stofna til sjónvarps, og ég vil heldur ekki gagnrýna þann hátt, sem hefur verið hafður á framkvæmdinni. Það var eðlilegt, að sjónvarpi yrði dreift í þessari röð, þó e. t. v. geti verið hægt að deila eitthvað um það. Það er líka eðlilegt, að þetta taki nokkurn tíma, en ég vil gagnrýna það, eins og ég sagði áður, að fólkið, sem þurfti lengst að bíða, líði fyrir þær efnahagskollsteypur, sem hér hafa átt sér stað. Það má benda á, að nokkrir menn í þessum landshlutum hafa reynt að sjá við kollsteypunum, þeir hafa jafnvel keypt sér sjónvarpstæki og þótzt þar draga lærdóm af vissri efnahagspólitík og talið það heppilegt. En nú munu þeir verða að bíða, kannske eitt ár og kannske tvö ár með tæki sín algerlega myndarlaus, en verða væntanlega að borga afnotagjald eftir settum reglum. Ég vil benda á, að réttara hefði verið að draga úr rekstrarkostnaði sjónvarps en hægja á dreifingu. Það munu vera fleiri, sem eru því meðmæltir að stytta dagskrána en lengja hana, og fáir, sem álíta, að það væri ekki hægt, án þess að sjónvarpið biði við það skaða frá menningarlegu sjónarmiði.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir ástæða til þess að fagna yfirlýsingu hæstv. menntmrh., um dreifingu á sjónvarpi eða áætlanir um framkvæmdir á þessu ári, hvað við kemur Austurlandi. Það hafði óneitanlega komið upp nokkur kvittur um það, að hætta væri á, að ekki yrði staðið við ráðgerðar framkvæmdir varðandi dreifingu sjónvarps á Austurlandi, en nú hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir, að fé hafi verið tryggt til fyrstu framkvæmda þar um slóðir, þ. e. a. s. að koma upp aðalsendistöðinni á Austurlandi á Gagnheiði, og síðan yrði komið upp fyrstu dreifistöðvunum á Seyðisfirði og Neskaupstað, eins og áætlanir höfðu verið gerðar um áður. Ég fagna því, að þetta skuli eiga að framkvæmast á þessu ári, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. hlutist til um, að þeir, sem hafa með framkvæmdirnar að gera, standi við þetta í raun. En jafnframt þykir mér ástæða til þess að leggja áherzlu á, að varðandi dreifingu sjónvarps á Austurlandi eða áætlanir þar um á árinu 1970 var heldur lítið sagt hjá hæstv. ráðh., nema að áfram mundi verða unnið að dreifingu sjónvarps á Austurlandi. Ég veit, að það er nokkrum erfiðleikum bundið, en þó hygg ég miðað við þær upplýsingar, sem ég hef fengið, að eftir að aðaldreifistöðin er komin fyrir Austurland, ætti ekki að vera ýkjamiklum erfiðleikum bundið að koma sjónvarpi á allmarga staði á Austurlandi, og ég vil vænta þess, að það verði unnið að því, eins og tök eru á árið 1970, til þess að þeir staðir verði ekki mikið á eftir hinum fyrstu, sem sjónvarp fá þar um slóðir á þessu ári, samkvæmt því sem hér hefur verið upplýst. Ég sé sem sagt ástæðu til þess að fagna því, að hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir því að afla fjár, til þess að hægt verði að standa við ráðgerðar framkvæmdir í þessum efnum, en ég tel, að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða fyrir hina dreifðu landsbyggð.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir mjög miður, að hv. fyrirspyrjandi virðist annaðhvort alls ekki hafa heyrt það rétt, sem ég sagði í svari mínu við fsp. hans, eða þá misskilið það gersamlega, vegna þess að hann tók þannig til orða, að með þeim framkvæmdum, sem ákveðnar hafa verið á árinu 1969, hafi ekki verið staðið við þau fyrirheit, sem áður hafa verið gefin varðandi dreifingu sjónvarpsins um landið. Og hann notaði síðar í seinni ræðu sinni þau orð, að fyrir dyrum stæði að hægja á dreifingu sjónvarpsins um landið. Það kom að vísu ekki skýrt fram í ræðu hans, hvað hann raunverulega átti við með þessu. Þó gat ein setning, sem hann sagði, bent til þess, að hann teldi það vanefndir, ef ekki hefði hver einasti maður í öllum landshlutum eða hvert einasta býli í öllum landshlutum fengið skilyrði til þess að njóta sjónvarps á árinu 1969. En þeir, sem setið hafa lengur á þingi en hann og hafa heyrt mig gefa um þetta skýrslur og svara fsp. á undanförnum 3—4 árum, þeir vita allir mjög glögglega, að ég hef í hvert skipti, sem málið hefur borið á góma, gert grein fyrir þeim framkvæmdum, sem þegar hafa verið unnar, og áætlunum um næstu ár, þar á meðal í þeirri ræðu, sem hann sjálfur vitnaði til, og ég hef hér fyrir framan mig. Þar segir m. a., — ég læt mér nægja að lesa úr henni aðeins örfáar setningar. Þar segir:

„Gert er ráð fyrir", — það er ræða síðan haustið 1966, — „gert er ráð fyrir, að sjónvarp nái til allra landshluta á árinu 1969", — til allra landshluta á árinu 1969, — „og hafa verkfræðingar Landssímans gert skýrslu um það efni, dags. 13. sept. 1967. Framkvæmdir við dreifingu sjónvarpsins eru að sjálfsögðu bæði tæknimál og fjárhagsatriði. Ríkisútvarpið mun hafa nægilegt fé til framkvæmdanna miðað við þá áætlun, sem gerð hefur verið. Framkvæmdirnar verða að fara eftir því, sem mælingar og tæknirannsóknir segja til um, en þeim eru skorður settar af árstímum og veðri, en mikið

hefur verið unnið að þeim og þeim flýtt eftir föngum, og verður því haldið áfram."

Við þá áætlun, sem hér er vitnað til, verður staðið. Framkvæmdum var hagað eftir henni 1968, og þeim verður hagað nákvæmlega eftir henni á árinu 1969. Það, sem olli vissum vandkvæðum um tíma, var það, sem ég gerði grein fyrir, að framkvæmdirnar 1969 kosta mörgum milljónatugum meira en gert var ráð fyrir á árinu 1966. Mörgum milljónatugum meira en ég gerði nánar grein fyrir í þessari ræðu, að þær mundu kosta. Þess vegna hefur ekki fyrr en alveg nýlega verið hægt að taka endanlegar ákvarðanir um þessar framkvæmdir. Ef engar gengisbreytingar hefðu orðið á undanförnum tveimur árum, hefðu eigin tekjur útvarpsins dugað til framkvæmdanna í fyrra, sem þær raunar gerðu, og framkvæmdanna í ár og á næsta ári. En gengisbreytingarnar gagnvart erlendum gjaldeyri og hækkun byggingarkostnaðar innanlands, hafa valdið því eða ollu því, að hægt var að nota fé útvarpsins til ársloka 1968 til þess að standa við áætlun, en ekki lengur.Við hefðum lent í strandi á árinu 1969, — þegar á þessu ári, — ef ekki hefði tekizt að útvega sérstakt fé, til að hægt væri að halda framkvæmdunum áfram. Þetta fé er hvorki meira né minna en 40 millj. kr., en eins og ég sagði í svari mínu, hefur það fé þegar verið tryggt. Ríkisstj. hefur litið þannig á, að það væri svo mikils virði að geta staðið við upphaflegar áætlanir um dreifingu sjónvarpsins, að ekki væri áhorfsmál að leggja ætti í þær sérstöku ráðstafanir, sem nú hefur verið efnt til og útvega þannig 40 millj. kr. viðbótarfé til viðbótar eigin fé ríkisútvarpsins á árinu 1969 einmitt til þess að þurfa ekki að hægja á fyrri áætlunum um dreifingu sjónvarpsins. Þennan misskilning taldi ég sjálfsagt að leiðrétta og vona, að hv. fyrirspyrjandi átti sig á því, að hér er um einhvern misskilning að ræða, sem ég að vísu ekki átta mig fullkomlega á skýringunni á.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Hér held ég, að sé ekki um neinn misskilning að ræða. Hins vegar get ég gengizt inn á, að orðið landshluta megi túlka á mismunandi hátt. Ég hef t. d. orðið var við það hér í Reykjavík, að svo er kölluð ein sveit austan við Fjall. En í mínum augum er svæðið frá Vaðlaheiði austur að Möðrudalsöræfum landshluti. Eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um, þarf stöð á Fosshóli til þess að fólkið á þessu svæði sjái sjónvarp, þ. e. a. s. í Þingeyjarsýslum báðum með Húsavíkurkaupstað, og þá þarf aðra stöð á Skollahnjúk á Fljótsheiði og enn eina á Húsavíkurfjalli. Ég vil taka það fram, að þessi stöð á Skollahnjúk er ábyggilega í hópi þeirra, sem kallast helztu aukastöðvar. En auk þess þarf stöð á Skúlagarði í Kelduhverfi og Þórshöfn á Langanesi.

Ég vil svo aðeins vitna til þess, sem hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni 1. nóv. 1967, sem ég hef reyndar áður vitnað til, en hann segir í lok þeirrar tilvitnunar, sem ég hef áður tekið, með leyfi hæstv. forseta:

„En framkvæmdum við aðalsendistöðvarnar í öllum landshlutum og helztu aukastöðvar mun verða lokið fyrir 1969."

Það er þetta, sem í ljós hefur komið að þessar stöðvar eins og stöðin á Skollahnjúk á Fljótsheiði, sem hlýtur að teljast meðal helztu aukastöðva, að þeim hefur ekki verið komið upp. Þess vegna mun fólkið í Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstað ekki fá sjónvarp á þessu ári. Ég hirði svo ekki að deila um það við hæstv. menntmrh., hvort hann telur þetta svæði til einstakra afskekktra býla eða ekki, en ég kalla það landshluta.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það og taka skýrt fram, eins og öllum eldri þm. er kunnugt, að með dreifingu sjónvarps í alla landshluta hefur ávallt frá byrjun verið átt við það, að aðalstöðvum í landshlutunum yrði komið á fót og með landshlutunum er þá átt við landsfjórðungana fjóra, og auk þess nokkrum helztu aðalstöðvum samkvæmt nánar gerðri áætlun. Sú áætlun hefur legið fyrir. Allir þm. hafa haft aðgang að henni og átt þess kost að sjá hana, og þeir, sem bera hana saman við það, sem nú hefur verið ákveðið fyrir árið 1969, munu sjá, að eftir henni er nákvæmlega farið í öllum aðalatriðum. Hitt hef ég aldrei sagt og enginn forráðamaður íslenzks sjónvarps, að orðið landshluti þýddi í því sambandi hvert einstakt hérað eða hver einstök sveit í hverjum einstökum landsfjórðungi. Það hefur aldrei verið sagt af hálfu ríkisstj. eða sjónvarps í þessum málum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil aðeins vara við mjög nákvæmum umr. um það, hvert hafi verið lofað að koma sjónvarpi og hvert því sé komið. Núverandi stjórnarvöld hafa farið mjög varlega í allar sínar umsagnir um það, hvert hægt mundi verða að koma sjónvarpinu, og það hafa aðeins legið fyrir áætlanir frá Landssímanum um það, hvað mundi tæknilega vera mögulegt, ef við gætum skaffað alla peninga, sem vantar, til að koma því. Ég vil leggja á það ríka áherzlu, að sjónvarpið hefur dreifzt út um Ísland miklu hraðar en nokkurn mann dreymdi um og miklu hraðar en nokkur tæknimaður mundi hafa þorað að lofa. Og ég vil t. d. láta það koma fram í þingtíðindum og segja það hér, að samkvæmt ráðum og upplýsingum erlendra tæknimanna, er íslenzkt sjónvarp frá fjöllum í nágrenni Reykjavíkur til Norðurlands ómögulegt. Það er ómögulegt. Hins vegar hefur Landssími Íslands, stofnun, sem oft er til umr. á þessu þingi og við erum oft dálítið áhyggjusamir um, hvernig hún fer með peninga og annað slíkt, þá hefur Landssíminn, þessi stofnun, hún hefur þó í þessu máli sýnt tæknilega kunnáttu, sem er með því fremsta, sem til er í veröldinni í dag. Hún hefur sent sjónvarpið frá Skálafelli til Norðurlands, og frá Skálafelli til Vesturlands, og við, sem höfum fylgzt með þessum málum, vitum, að verkfræðingar

annarra þjóða, sem hafa komið hingað, — ekki bara til þess að horfa á, hvað við erum að gera, heldur stundum í þeim tilgangi að reyna að ná við okkur viðskiptum og hafa þess vegna nákvæmlega rannsakað þessar aðstæður, — þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að sjónvarp frá Reykjavík til Norðurlands og Reykjavík til Vestfjarða sé ekki innan þess, sem er almennt talið tæknilega mögulegt.

Landssíminn hefur gert ýmsar áætlanir, sem hafa yfirleitt verið um það, hvað er tæknilega hægt, en það sem er tæknilega hægt, er ekki alltaf það, sem er fjárhagslega og efnahagslega hægt. Það, sem hér er um að ræða, er aðeins það, hvað við getum staðið við efnahagslega, hvað ríkisstj. getur gengið langt í útbreiðslu sjónvarps frá fjárhagslegu og efnahagslegu sjónarmiði, og það er það, sem spurningin er í raun og veru um. Það er ekki um það að ræða, að ríkisstj. vilji á einhvern hátt ráða því, hvort sjónvarp komist til Ólafsfjarðar, Siglufjarðar, Húsavíkur, Seyðisfjarðar eða Norðfjarðar. Tæknin hefur í raun og veru tekið af okkur allar ákvarðanir, því að þetta fylgir hvað á eftir öðru, og spurningin er aðeins á hverju við höfum ráð, og á hverju höfum við ekki ráð á komandi árum. Þess vegna mun sjónvarpið fara eins hratt og við höfum framast möguleika til, en það getur ekki farið hraðar en greiðslumöguleikar sjónvarpsins og okkar sjálfra fara.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. segir okkur nú, að þegar hann talaði um landshluta endur fyrir löngu, hafi hann átt við landsfjórðunga. Hvernig stóð þá á því, að hæstv. ráðh. nefndi ekki landsfjórðunga á þeirri tíð? Meðan heil héruð hafa ekki möguleika til að njóta sjónvarpsins, tel ég, að ekki hafi verið staðið við þá fyrirheit að koma því til allra landshluta.

43. Félagsheimilasjóður.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til menntmrh. um félagsheimilasjóð [183. mál, 2] (A. 358).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Austf. að beina á þskj. 358 svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvaða ráðstafanir eru á döfinni til lausnar þeim vandamálum, sem félagsheimili eiga við að etja vegna fjárhagsörðugleika félagsheimilasjóðs?“

Þetta mál hefur oft áður verið hér á ferðinni, gott ef ekki á hverju einasta þingi um langt árabil, enda mikið og alvarlegt vandamál og versnar sí og æ með versnandi þjóðfélagsástandi, eins og annað. Þeir draumar, sem í upphafi voru tengdir við félagsheimilasjóðinn og þá lyftingu fyrir félagslífið í dreifbýlinu og raunar landsbyggðinni allri, sem framlög úr honum áttu að verða, hafa ekki rætzt sem skyldi, og má jafnvel segja, að í vissum tilfellum hafi þeir orðið að hálfgerðri martröð fyrir þá, sem bera ábyrgð á fjárhag félagsheimilanna. Þær skuldir, sem félagsheimilin hafa orðið að taka á sig vegna vangoldinna framlaga úr félagsheimilasjóði hafa jafnvel víða orðið til þess að draga úr raunverulega menningarlegu félagsstarfi, þar sem félagsheimilin hafa neyðzt til þess að bregða á það ráðið, að leggja megináherzluna á dansleikjahald og annað slíkt, sem gefur skjótfenginn gróða, en þroskandi félagsstarfsemi og menningarlegt samkomuhald hefur hins vegar orðið að sitja á hakanum.

Þetta er sem sagt og hefur lengi verið hið mesta ófremdarástand og þess vegna er ekki að ófyrirsynju, að enn sé spurt, hvort ekki séu á döfinni einhverjar ráðstafanir til þess að bæta úr því.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Lög um félagsheimili voru sett 1947, og var ákveðið í þeim lögum, að heimilt væri, ég undirstrika, að heimilt væri að styrkja byggingu félagsheimila úr félagsheimilasjóði með greiðslu 40% af byggingarkostnaði félagsheimilanna. Það kom í ljós, að mikill áhugi var fyrir því að byggja félagsheimili, og það var ljóst þegar eftir samþ. laganna að ekki mundi vera hægt að standa við eða fullnægja þessu hámarksákvæði laganna um 40% styrk til þeirra félagsheimila, sem þá voru í byggingu eða fyrirhuguð var bygging á, og hefur það aldrei verið hægt allar götur í þau rúmlega 20 ár, sem félagsheimilal. hafa verið í gildi, að styrkja þau þegar í stað við byggingu né heldur á fyrstu árum eftir að byggingu lauk svo mjög, að um greiðslu 40% byggingarkostnaðar væri að ræða. Segja má, að þær ríkisstj., sem setið hafa að völdum síðan 1947, og hafa þær verið margar, eða þeir menntmrh., sem setið hafa að völdum síðan 1947 og hafa verið margir, hefðu átt að beita sér fyrir því með hliðsjón af fenginni reynslu, að þessu hámarksákvæði laga verði breytt og það lækkað til samræmis við tekjur sjóðsins annars vegar, sem eru helmingur skemmtanaskatts, og við augljósa fjárþörf sjóðsins hins vegar, en engin ríkisstj. hefur viljað beita sér fyrir því við Alþ., að þessum hámarksákvæðum væri breytt og heldur viljað taka þann kostinn, að það dragist alllangan tíma, að þeir, sem byggja félagsheimili, fái 40%

styrkinn greiddan, en öllum sem í byggingu félagsheimilis hafa ráðizt, hlýtur að hafa verið ljóst, og hefur áreiðanlega verið ljóst, að þessi ákvæði eru hámarksákvæði, og það fer eftir fjárhagsgetu sjóðsins, hversu langan tíma þarf til þess að standa við þetta hámarksákvæði laganna. Lögin leggja ekki greiðsluskyldu á félagsheimilasjóð. Þau leggja ekki skyldu á hans herðar um að greiða 40% af byggingarkostnaðinum, alls ekki yfirleitt. Félagsheimilasjóður gæti sagt: Ég borga aðeins 20% eða 30%. Það væri ekkert lagabrot. Og enn síður leggja lögin þá skyldu á herðar félagsheimilasjóðs að greiða 40% á ákveðnu árabili. Þeir aðilar, sem leggja í byggingu félagsheimilis, verða að gera sér grein fyrir því, að þeir gangast undir þá áhættu að fá ekki full 40% greidd, nema á löngum tíma, og það hefur verið stefna allra ríkisstj., sem setið hafa, síðan lögin voru samþ., að stefna að því, að öll félagsheimili fái greidd 40% af byggingarkostnaðinum, þó það taki langan tíma. Um þessa stefnu hefur ekki verið deilt, allir flokkar hafa átt sæti í þeim ríkisstj., sem þessari stefnu hafa fylgt, og þeir, sem lagt hafa í framkvæmdirnar, hafa því að sjálfsögðu vitað, að hverju þeir hafa gengið.

Reikningar félagsheimilasjóðs eru opinber plögg, og tekjur hans eru á vitorði allra, sem á þessum málum hafa áhuga, og fjárþörfin er líka augljós. Ég skal gjarnan gefa þær upplýsingar til viðbótar þessum almennu atriðum, að alls hafa tekjur sjóðsins frá því að hann tók til starfa 1948 numið 65.4 millj. kr., en sú tala segir í raun og veru afar lítið. Hún er í raun og veru allsendis ómark, vegna þess að hún er samtala af kr. með gerólíku verðgildi. Hitt er fróðlegra að vita og heyra, að alls hafi verið veittir styrkir til 136 félagsheimila, sem verið hafa í smíðum frá 1944 til 1968, en lögin voru í upphafi látin verka aftur fyrir sig til félagsheimila, sem smíði var hafin á 1944. Með öðrum orðum hafa 136 félagsheimili, sem í byggingu hafa verið síðan 1944, verið styrkt, og eru hús þessi í 116 sveitar- eða bæjarfélögum. 20 félagsheimilanna eru í eign sérfélaga í kaupstöðum. Af þessum 136 félagsheimilum hafa 66 félagsheimili fengið greiddan 40% stofnkostnaðarins, eða um það bil helmingur þeirra félagsheimila, sem byggð hafa verið á undanförnum 25 árum. Gagnvart þeim hefur verið staðið við það fyrirheit, sem lögin gáfu af mikilli bjartsýni árið 1947.

Hins vegar er ástand þessara mála í dag mjög ískyggilegt. Hér er um mikið vandamál að ræða, og get ég tekið undir orð hv. fyrirspyrjanda, að hér er um geysilegt vandamál að ræða, sem hefur farið vaxandi frá ári til árs á undanförnum árum og þar með stöðugt orðið torleystara. Til þess að gera hv. þm. grein fyrir því, um hvað hér er að ræða, vil ég skýra frá síðustu úthlutun félagsheimilasjóðs, sem fór fram í desembermánuði s. l. Sú upphæð, sem þá var til ráðstöfunar af skemmtanaskatti ársins 1968, nam 7.9 millj. kr. Þessari upphæð þurfti að skipta milli 73 félagsheimila, sem þá voru í byggingu. Framkvæmdastig þessara 73 félagsheimila var það sem hér segir: Það var lokið við 20. 20 voru fullbyggð, en þau hafa ekki enn fengið greitt 40% byggingarkostnaðarins. Það var nærri lokið við 28, en með því er átt við 80—90% kostnaðar. Rúmlega fokheld voru 13, þ. e. 50—80% byggingarinnar var lokið. Fokheld voru 6, en við sex hafa aðeins verið settir í gaflar, grunnur eða sökkull. Heildarkostnaður allra þessara húsa nam fram að þessum degi 256.9 millj. kr. Áætlaður kostnaður við að ljúka smíði þeirra nemur 170 millj. til viðbótar. Sú fjárfesting, sem lagt hafði verið í á undangengnu ári við þessi 73 hús, nam 28.6 millj. kr. Til ráðstöfunar upp í þessa fjárfestingu voru 7.9 millj. kr. eða tæpar 8 millj. kr., þ. e. a. s. rúmur þriðjungur, þannig að augljóst var, að ekki var hægt að veita öllum þessum húsum fullan 40% styrk, enda var það ekki gert. Sum fengu þó 40%, en önnur miklu minna eftir fjárhagsaðstæðum og eftir því, hversu byggingarnar voru komnar langt.

Ef við reynum að gera okkur grein fyrir stöðu félagsheimilasjóðs nú, er staðan þannig, að ef félagsheimilasjóður á að geta greitt 40% af þeirri upphæð, sem nú er áfallinn af kostnaði þeirra 73 félagsheimila, sem eru í byggingu, nemur sú upphæð 99 millj. kr. Nú kann mér að hafa orðið á mismæli og þess vegna vil ég endurtaka þetta. Heildarþátttaka sjóðsins í áföllnum kostnaði nemur 99 millj. kr., ef miðað er við greiðslu 40% kostnaðar. Vona ég, að þetta valdi engum misskilningi. Ef félagsheimilasjóður á að greiða 40% af þeim kostnaði, sem þegar hefur verið lagt í, þá nemur sú upphæð 99 millj. kr. Af þessari upphæð er þegar búið að greiða 46.7 millj. kr. Mismunurinn er því sú upphæð, sem á vantar, til þess að greidd séu 40% af byggingarkostnaðinum. Ef jafnframt er tekið tillit til þess, hvað kostar að ljúka byggingu allra þessara félagsheimila, og gert er ráð fyrir því, að félagsheimilasjóður greiði einnig 40% af því, sem þá er eftir, þá kemur í ljós, að hlutur félagsheimilasjóðs í byggingu þessara félagsheimila, sem yrði að greiða, nemur um 120 millj. kr. Og þessi upphæð hefur farið vaxandi ár frá ári á undanförnum árum, vegna þess að framkvæmdir hafa smám saman verið að aukast að magni til og byggingarkostnaður að vaxa mun örar en tekjur félagsheimilasjóðsins hafa vaxið, mun örar en skemmtanaskatturinn hefur vaxið.

Það hefur undanfarin ár verið til athugunar í menntmrn., með hvaða hætti mætti hraða því, að unnt væri að greiða 40% byggingarkostnaðarins, því að ég er enn þeirrar skoðunar, að það sé æskilegt mark. Sú hugmynd hefur helzt verið rædd í því sambandi og raunar athuguð mjög gaumgæfilega, að félagsheimilasjóður fengi heimild til þess að gefa út ríkistryggð skuldabréf, sem síðan yrði samið við bankakerfið um kaup á. Ríkisstj. hefur á undanförnum árum fyrir sitt leyti verið reiðubúin til þess að ríkistryggja slík skuldabréf með vissum skilyrðum, með vissum hætti, en enn hefur ekki tekizt að koma á samkomulagi við bankakerfið, um

kaup á slíkum bréfum með þeim hætti, sem félagsheimilasjóði mundi að gagni verða. En viðleitni í þessa átt mun verða haldið áfram.

Ég harma það og get alveg tekið undir með hv. fyrirspyrjanda, — ég harma, að enn skuli ekki hafa tekizt að fá lausn á þessu mikla og vaxandi vandamáli, en ég vona, að þegar þm. heyra þær tölur, sem hér er um að ræða, geri þeir sér ljóst, að sá vandi er ekki auðleystur, þegar horft er til allrar þeirrar fjárþarfar, sem við blasir hvarvetna í íslenzku uppbyggingarþjóðfélagi. En viðleitninni mun verða haldið áfram til lausnar á þessu vandamáli, sem ég viðurkenni, að er mikið og vaxandi.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, þó að þau gefi því miður ekki mikla ástæðu til þess að fagna. Hann talar um, að málið sé í athugun, talar um ríkistryggð skuldabréf í þessu sambandi. Mig minnir, að það hafi verið nákvæmlega það sama, sem hann sagði í fyrra, þegar spurt var um þetta mál. Ég get ekki sagt um þingin áður, því að þá átti ég ekki sæti hér.

Svo segja mér þm., sem hafa átt sæti lengur en ég, að ekki alls fyrir löngu, þ. e. a. s. fyrir nokkrum árum, 2—3 árum, hafi hæstv. ráðh. gefið loforð um það hér á hinu háa Alþ., að sett yrði saman lagafrv. til að leysa þessi mál og væri fróðlegt að fregna nánar af þeirri hugmynd.

Hvað sem líður útleggingum hæstv. ráðh. varðandi þessi 40%, sem félagsheimilasjóði var ætlað að greiða eða heimild var til að greidd yrðu úr félagsheimilasjóði af stofnkostnaði félagsheimila, — hvað sem ráðh. segir um þetta, þá var það þannig túlkað af fólki yfirleitt, að á þetta mætti treysta og því er nú komið, sem komið er.

Upplýsingar hæstv. ráðh. varðandi skuldir eða ógoldin framlög félagsheimilasjóðs eru næsta alvarlegar. Á einföldu máli sýnist mér, að þær séu svona: Skuldir eða ógoldin framlög vegna þeirra félagsheimila, sem fullbúin eru, mundu vera um 52—53 millj. kr. Ógoldin framlög vegna þeirra félagsheimila, sem eru í smíðum — eru ekki fullbúin — mundu vera um 68 millj., samtals 120 millj. Þetta er mikil skuld og alvarleg, og þeim mun alvarlegri að mínum dómi og eflaust að dómi hæstv. menntmrh. líka, — þeim mun alvarlegri, sem hún bitnar á þeim aðilanum, sem sízt ætti að þurfa að eiga við fjárhagsörðugleika að etja, en það er hin margrómaða menning okkar.

En þó eru þessar 120 millj. að sjálfsögðu ekki nema brot af allri þeirri skuld, sem hið opinbera stendur í við menninguna yfirleitt. Það, sem á vantar til skólabygginga og vísindastarfa og annarra greina menningarinnar, er auðvitað margfalt þetta. En það er önnur saga og miklu meira mál og alvarlegra en svo, að hægt sé að gera því nein teljandi skil í stuttum fsp.-tíma.

Tilgangur okkar fyrirspyrjendanna með þessari fsp. var sem sagt aðeins sá að minna enn einu sinni á þá erfiðleika, sem félagsheimilin eiga við að stríða, vegna þess að stjórnarvöldin hafa illa staðið við þau fyrirheit, sem í upphafi voru gefin í sambandi við félagsheimilasjóðinn. Og um leið og ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svör hans, vil ég enn einu sinni nota tækifærið til þess að láta í ljós samúð mína með honum vegna þess hörmulega hlutskiptis að vera menntmrh. í ríkisstj., sem hefur sennilega komizt einna lengst allra ríkisstj. í því að safna skuldum gagnvart menningunni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna tvenns. Annars vegar vegna þess, að það kann vel að vera mín sök, að tölur skolast til hjá hv. þm. varðandi væntanleg útgjöld félagsheimilasjóðs, ef hann ætti að greiða 40% byggingarkostnaðar þeirra bygginga, sem nú eru í byggingu, og 40% þess, sem kostar að fullgera byggingarnar. En tölurnar eru svona í heild, svo að ekki fari á milli mála um, hvað rétt er í þessu, en ég held, að það sé öllum þjónað með því að vita um þetta nákvæmlega réttar tölur. Ef gert er ráð fyrir 40% greiðslukostnaðar af þeim kostnaði, sem þegar er á fallinn vegna þeirra 73 bygginga, sem nú eru í smíðum, eru það 99 millj. kr., þ. e. a. s., ef menn vilja láta félagsheimilasjóð borga 40% þess, sem þegar er búið að leggja í öll félagsheimili, sem nú eru í smíðum, eru það 99 millj. kr. Ef tekið er tillit til þess, sem þegar er búið að borga upp í þetta, verða afgangs 46.7 millj. kr., m. ö. o., ef menn vilja tala um vangreiðslu í þessu sambandi, sem ég tek ekki undir og það þarf ekki að skýra frekar, nemur vangreiðsla af þessari upphæð 46.7 millj. kr. — Nei, nú bið ég afsökunar. Ég hef eflaust ruglað hv. þm. á þessu og þeim mun nauðsynlegra var, að ég kæmi með réttar tölur í því sambandi vegna þess að þetta er uppstillt hér fyrir mér. Það, sem er þegar búið að greiða upp í þessar 99 millj., eru 46.7 millj. Það, sem þegar er búið að greiða upp í þessar 99, eru 46.7. Okkur er öllum þjónað með því að hafa það, sem rétt er í málinu. Eftir er því að greiða miðað við 40% þátttöku 52.3 millj. kr. Þetta er eftir af því, sem þegar er búið að festa í húsunum. Við þetta þarf síðan að bæta hugsanlegum 40% af því, sem eftir er, miðað við núverandi byggingarkostnað, en það eru 68 millj. kr. og summan af þessu tvennu, 52 og 68, er talan, sem nefnd er réttilega, 120 millj. kr. Það mundi verða hlutur félagsheimilasjóðs í byggingu þessara húsa, því, sem búið er að byggja, og því, sem eftir er að byggja, miðað við 40% greiðslu. Þess vegna er þetta sú tala, sem ég ávallt miða við, þegar ég ræði við mína kollega og við bankakerfið um fjárþörf félagsheimilasjóðs. Ég tel hana núna í dag vera 120 millj. kr., sumpart vegna þess, sem búið er, sumpart vegna þess, sem væntanlegt er, og nú vona ég, að ekkert fari á milli mála um þetta efni og bið afsökunar á því, ef ég hef látið þá uppsetningu, sem hér er fyrir framan mig, villa mig í svari mínu áðan.

Svo að síðustu varðandi frv., sem hv. þm. talaði um, að rætt hefði verið um að flytja hér á sínum tíma, þá var það einmitt frv. um útgáfu ríkisskuldabréfa, sem bankakerfið skyldi kaupa eftir

ákveðnum reglum. Félagsheimilasjóður getur ekki gefið út skuldabréf og ríkissjóður getur ekki ábyrgzt skuldabréf, nema samkv. sérstökum lögum, og þess vegna var það kjarni þess frv., sem í nokkur ár var á döfinni í ríkisstj. og ég hygg, að þingflokkarnir hafi fengið meiri og minni kynni af. Auk þess var í þessu frv. gert ráð fyrir því, að viss hluti tekna félagsheimilasjóðs, 10% skyldi ganga til styrktar menningarstarfsemi í félagsheimilunum, og mundu það vera núna, miðað við núv. tekjur, um 800 þús. kr. En ástæðan til þess, að þetta frv. var aldrei flutt, var sú, að ekki tókst að ná nauðsynlegum samningum við bankakerfið um kaup á skuldabréfunum, vegna þess að það er auðvitað þýðingarlaust að hafa lagabókstaf, sem heimilar útgáfu skuldabréfa, sem ekki hefur þegar verið tryggð sala á. Með því móti hefði enn verra verið gert en gert var fyrir 25 árum, þegar lögin frá 1947 voru samþ. með 40% styrktarheimildarákvæðinu, sem á sama degi og lögin voru samþ., var augljóst, að ekki mundi vera hægt að standa við á næstu árum og næstu áratugum.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég hygg, að það fari ekki á milli mála, að brýna nauðsyn beri til þess að bæta úr þeirri fjárþröng, sem félagsheimilasjóður hefur um langt skeið verið í og afla honum aukinna fjármuna. Það hafa verið uppi raddir um þetta öðru hverju hér á hv. Alþ. og fyrir nokkrum árum fékk hæstv. menntmrh. menn til aðstoðar við sig í leit að leiðum til þess að afla nýrra tekjustofna fyrir félagsheimilasjóð. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að þá kom fyrst og fremst til orða, að félagsheimilasjóður fengi heimild til þess að gefa út ríkistryggð skuldabréf, sem bankakerfið síðan keypti. Um þetta náðist því miður ekki samkomulag. Ég tel, að þetta hefði verið æskileg leið, ef hún hefði verið framkvæmanleg.

Ég vil í þessu sambandi minna á, að ég hef oftlega og einmitt í sambandi við þá endurskoðun, sem hæstv. menntmrh. vildi beita sér fyrir á lögum um skemmtanaskatt og félagsheimilasjóð, bent á annan tekjustofn í framhaldi af þessum, tekjustofn, sem er mjög eðlilegur. Eins og hv. þm. vita er það þannig, að aðeins nokkur hluti kvikmyndahúsarekstrar í landinu greiðir skemmtanaskatt, sem síðan rennur í félagsheimilasjóð. Ég hygg, að það muni vera um það bil helmingur af kvikmyndahúsarekstri í landinu, sem er skattskyldur. Með því að gera allan kvikmyndahúsarekstur skattskyldan, mundi vera hægt að afla félagsheimilasjóði nokkurra millj. kr. viðbótartekna á ári. Þetta hefur hvorki hv. Alþ. né hæstv. menntmrh. ennþá viljað fallast á. Ég er reiðubúinn til samvinnu enn sem fyrr við hæstv. menntmrh. um þetta og legg eindregið til að allur kvikmyndahúsarekstur í landinu verði látinn greiða skemmtanaskatt, sem síðan renni til félagsheimilasjóðs.

Eins og hv. þm. vita, er það þannig að kvikmyndahús, sem rekin eru af einstaklingum eða hlutafélögum, greiða fullan skemmtanaskatt. Hins vegar eru kvikmyndahús, sem rekin eru af ýmsum félögum, sem talin eru menningarfélög, og ennfremur kvikmyndahús, sem rekin eru af bæjarfélögum, háskólanum og fleiri aðilum, ekki skyld til þess að greiða þennan skatt. Ég tel þetta mjög miður farið. Að vísu má segja, að þessi skattfrjálsi kvikmyndahúsarekstur standi undir gagnlegum fyrirtækjum og miði að menningarlegri starfsemi í landinu. En hingað til hefur kvikmyndahúsarekstur verið talinn það ábatasamur, að hann ætti að geta verið rekinn af hinu opinbera og ýmsum menningarfélögum ekki síður en einstaklingum með allgóðum ábata án þess að njóta slíkra skattfríðinda.

Þetta vil ég benda á enn einu sinni og að lokum ítreka, að ég tel brýna nauðsyn bera til þess, að haldið verði áfram að efla félagsheimilasjóð og styðja þar með þá merkilegu starfsemi, sem hann hefur eflt, þ. e. að koma upp góðum samkomuhúsum og félagsheimilum víðs vegar um landið. Starfsemi og rekstur félagsheimila má að vísu gagnrýna eins og flest í mannlegu samfélagi. Félagsheimilin hafa jafnvel verið talin uppspretta alls konar siðspillingar og hálfgerðar Sódómur og Gómorrur. En ég fæ ekki á það fallizt, þó að félagslíf og skemmtanalíf í þessu landi mætti vera með menningarlegri blæ en það er, að það sé ómenningarlegra í hinum nýju og glæsilegu félagsheimilum víðs vegar úti um land en í hinum stærstu veitingahúsum og samkomuhúsum í hinu mesta þéttbýli og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík. En það er eins og sumir menn haldi, að öll spilling sé upprunnin í þessum blessuðum félagsheimilum. Ég held, að þetta sé hin mesta fjarstæða og hafi við engin rök að styðjast. Ég þekki ósköp vel, hvernig félagslífið var í einstökum byggðarlögum í hinum gömlu og hrörlegu kumböldum, sem áttu að heita samkomuhús fólksins fyrir nokkrum áratugum. Sannleikurinn er sá, að með nýju félagsheimilunum varð allt annar og menningarlegri svipur á öllu samkomuhaldi almennings, þar sem félagsheimilin hafa risið upp. Ég vil því eindregið skora á hæstv. menntmrh., sem ég veit, að hefur áhuga fyrir umbótum í þessum efnum, að halda viðleitni sinni áfram, og ég er viss um, að hann nýtur til þess ekki aðeins stuðnings okkar í stjórnarflokkunum, heldur fjölmargra góðra manna úr öllum flokkum bæði hér á þingi og utan þings.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þekki bæði áhuga hv. síðasta ræðumanns á málefnum félagsheimilanna frá fyrstu tíð og ennfremur þessa till. hans, sem hann lýsti, um lausn á vandamálum félagsheimilasjóðsins. Á því er enginn efi, að ef það væri gert, sem hann greindi frá og hefur margoft stungið upp á á undanförnum árum, þá væru fjármál félagsheimilasjóðs leyst að mjög verulegu leyti eða a.m.k. mundi það auðvelda lausn vandamálanna alveg stórkostlega. En alltaf hefur farið svo, er á hefur reynt og þessi hugmynd hefur verið rædd í alvöru, að hún hefur ekki

reynzt eiga fylgi á hinu háa Alþ. eða réttara sagt í þeim flokkum, sem hér skipa sess. Á það hefur að vísu aldrei reynt í opinberri atkvgr., en málefni félagsheimilasjóðs, og þar á meðal þessi hugmynd hv. þm., hafa svo oft verið rædd í öllum stjórnmálaflokkum þingsins, að í ljós hefur komið að þær eiga ekki fylgi. Og skýringin á því er ofur einföld. Hún er sú, að þær stofnanir eða þau kvikmyndahús, sem nú njóta skattfrelsis, eru allar reknar af menningarstofnunum eða heilbrigðisstofnunum, sem nota fé sitt þannig, að ef þær verða sviptar þessum tekjustofni, yrði ríkið að hlaupa undir bagga með mjög svipaða fjárhæð. Til þess að hv. þm. geri sér grein fyrir, um hvaða stofnanir hér er að ræða, skal ég nefna þær. Ég vona, að ég gleymi engri.

Það er fyrst og fremst háskólinn, sem er fyrsta stofnunin, sem fékk sér dæmd í hæstarétti þau hlunnindi að þurfa ekki að greiða skemmtanaskatt. Ég hygg, að þær raddir mundu verða uppi, ef háskólinn yrði sviptur þessum hlunnindum sínum, að það yrði að auka tekjur hans úr ríkissjóði, sem því nemur.

Í öðru lagi er um að ræða Dvalarheimili aldraðra sjómanna, sem rekur kvikmyndahús og notar tekjurnar til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Í þriðja lagi er hér í Reykjavík um að ræða Tónabíó, þ. e. kvikmyndahús, sem Tónlistarfélagið rekur og notar allar tekjurnar til rekstrar Tónlistarskólans, og lítill vafi er á því, að óskir mundu verða uppi um það, að það yrði að bæta Tónlistarskólanum það tekjutjón, sem hann yrði fyrir, ef hann yrði sviptur þessum hlunnindum.

Þá ganga tekjur af kvikmyndahúsinu á Akranesi til sjúkrahússins þar. Tekjur af kvikmyndahúsi í Hafnarfirði ganga til elliheimilisins þar, og tekjur af kvikmyndahúsi á Akureyri ganga til Góðtemplararreglunnar á Akureyri. Þetta eru þau sex kvikmyndahús, sem ég man í fljótu bragði eftir, að þessara tollfríðinda njóti, svo að ég geri ráð fyrir því, að í aðalatriðum mundi þessi till. jafngilda því, að ríkissjóður yki framlag sitt til þessara stofnana um nokkurn veginn sömu fjárhæð og félagsheimilasjóður fengi vegna þessarar lagabreytingar, sem hér yrði nauðsynleg.

Og þá má varpa fram þeirri spurningu: Því styrkir ríkissjóður félagsheimilasjóðinn ekki beint? En það strandar náttúrlega á þeim venjulegu og eðlilegu erfiðleikum, sem á ári hverju eru á því að koma heilbrigðum fjárl. heim og saman. Um hitt er ég alveg sammála hv. þm. og get raunar notað þetta tækifæri til þess að undirstrika þá skoðun alveg sérstaklega, að undantekningar í málum eins og þessum eru mjög varhugaverðar. Hér reið háskólinn á vaðið á grundvelli gamals lagaákvæðis, sem hæstiréttur túlkaði þannig, að það þýddi, að kvikmyndahús, sem háskólinn ræki, þyrfti ekki að greiða skemmtanaskatt. Þegar sá dómur var fallinn, leið ekki á löngu þar til önnur bíó sigldu í kjölfarið, og í kjölfar þess komu öll hin, DAS, Tónlistarfélagið, Bæjarbíó í Hafnarfirði, Bæjarbíó á Akranesi og bíóið á Akureyri. Ef í upphafi hefði verið sett sú regla, að undanþágur væru háðar því skilyrði, að kvikmyndahúsin skiluðu eigendum sínum jafnmiklu og þau spara í skemmtanaskatti vegna undanþágunnar, þá mætti segja, að nokkurt vit hefði verið í þessu. En þetta hefur ekki átt sér stað.

Það er því miður þá sögu að segja á undanförnum árum um mörg þessara kvikmyndahúsa og þá sögu er enn að segja um mörg þeirra, að þau skila eigendum sínum ekki þeim tekjum, sem svara þeim skemmtanaskatti, sem þau hefðu átt að greiða. Sumpart á þetta rót sína að rekja til þess, að m. a. í skjóli þessarar undanþáguheimildar fjölgaði kvikmyndahúsum með alveg óeðlilegum hætti, og á allra síðustu árum á sjónvarpið sinn þátt í því, að aðsókn að kvikmyndahúsum hefur minnkað mjög mikið og þannig hafa tekjur þeirra rýrnað alveg stórkostlega. Og sannleikurinn er sá um afkomu kvikmyndahúsanna, að hún er mjög léleg. Hún hefur á undanförnum árum, hér í höfuðstaðnum a. m. k., verið mjög léleg, þannig að kvikmyndahúsarekstur er ekki lengur sá gróðavegur, sem hann áður var, og á því er ekki nokkur vafi, að ef skemmtanaskattshlunnindi kvikmyndahúsanna yrðu afnumin, eins og hv. þm. leggur enn til, mundi það hafa í för með sér, að nokkrum kvikmyndahúsum í Reykjavík yrði lokað. Ég segi auðvitað ekki hverjum, og ég segi ekki einu, heldur nokkrum húsum hér í Reykjavík yrði beinlínis lokað. Ég segi ekki, að þetta yrði nein goðgá. Ég held þvert á móti, að kvikmyndahús hér í Reykjavík séu of mörg, miðað við þá víðtæku sjónvarpsþjónustu, sem við höfum. En menn verða að gera sér grein afleiðinga þeirra ráðstafana, sem þeir gera, og ég er sannfærður um, að ein af afleiðingum þeirra ráðstafana, sem hv. þm. stingur enn upp á, — ég veit, að hann gerir það af góðum hug til félagsheimilanna, — mundi verða fækkun kvikmyndahúsa í Reykjavík. Það má vel segja, að sú þróun sé æskileg, en hvort æskilegt er að gera hana á þann hátt að knýja þau til þvílíks taprekstrar, sem leiddi til lokunar, er svo annað mál. Það er ekki alveg víst, að hús í þeim bæjarhlutum lokuðu, sem bæjarbúar gætu helzt verið án, því að kvikmyndahúsaþjónusta er einu sinni þannig, að eitt atriði af þeirri starfrækslu, sem sérhvert bæjarfélag þarf að skipuleggja, er að veita fólki í hinum ýmsu bæjarhlutum skilyrði til svipaðs aðgangs að þeirri þjónustu, sem kvikmyndahúsin á annað borð veita. Þetta segi ég aðeins til þess að benda á og undirstrika, að mál þetta allt er mjög flókið í eðli sínu. En ég skal gjarnan verða við þeirri áskorun hv. þm. og raunar fyrirspyrjanda líka að halda áfram athugunum á málinu, þó að ég játi gjarnan, að reynslan af fyrri viðleitni í þá átt að leysa þennan vanda sé ekki allt of góð og gefi ekki allt of mikið tilefni til bjartsýni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vestf. kom fram með hugmynd, sem að hans mati,

— ef úr framkvæmd yrði, — mundi leysa fjárhagsvandræði félagsheimilasjóðs. Ég minnist þess, að ekki er ýkjalangt síðan ég las í blaði því, sem hann ritstýrir, að eitt af þeim bíóum, sem nýtur þessara skemmtanaskattsfríðinda, sem hér hafa komið á dagskrá, — að eigendur og forsjármenn þess bíós, Bæjarbíós í Hafnarfirði, skýrðu frá því, að taprekstur inn hefði numið eitthvað á aðra millj. kr. á s. l. ári. Hvernig hv. 2. þm. Vestf. og reyndar að nokkru leyti hæstv. ráðh. líka ætla sér að skattleggja slík fyrirtæki, þannig að hægt verði að renna undir félagsheimilasjóð þeim styrku stoðum, sem nauðsyn er á og ég held, að enginn beri á móti, að þurfi að gera, fæ ég satt að segja ekki skilið.

Ég er nokkuð kunnugur rekstri eins af þessum kvikmyndahúsum, því kvikmyndahúsi, sem sjómannadagssamtökin hér í Reykjavík reka, og vil ég aðeins leiðrétta orð hæstv. ráðh. Rekstrartekjur bíósins ganga ekki til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, heldur til styrktar rekstri þess. Á móti því hefur komið, að þetta elliheimili, sem við getum kallað svo, hefur aldrei sótt um styrk til Alþ. vegna rekstrar síns, þó að bæði Elliheimilið Grund í Reykjavík og önnur elliheimili um landið hafi sótt um slíkan styrk, og um leið hefur tekizt á þessu elliheimili að hafa ódýrust vistgjöld á slíkum stofnunum, sem þekkjast hér á landi. Ég er anzi hræddur um, að bæði ég og aðrir muni rísa upp, þegar kemur að því að taka þessi fríðindi af þessum aðilum, þessum bíóum. Háskólabíó er, að ég má segja, skattlaust að mestu, því opinber gjöld þess námu í hitteðfyrra 26 þús. kr., meðan t. d. bíó eins og Laugarásbíó, sem sjómannadagssamtökin reka, og Tónabíó borguðu töluvert á 4. hundrað þús. kr. í aðra skatta og opinber gjöld. Þótt þau væru leyst undan því að borga þennan eina skatt, þá voru held ég einir sjö liðir aðrir, sem hægt var að tína til og leggja á rekstur þessara stofnana.

Ég vil líka leiðrétta það hjá hæstv. ráðh. að það er alls ekki rétt, að þessi bíó sum hver hafi ekki skilað því, sem nemur skemmtanaskatti. Að vísu hefur reksturinn, eins og hann tók réttilega fram, á öllum kvikmyndahúsum farið mjög niður á við, eftir að sjónvarpið tók til starfa, svo að það hefur verið staðreynd, að aðsókn hefur minnkað um 25—33% í kvikmyndahúsum í Reykjavík, og ég satt að segja skil ekki ennþá, hvernig þeir, sem standa í einkarekstri slíkra fyrirtækja, geta staðið undir rekstrinum öllu lengur. Ég hefði frekar álitið, að það hefði átt að heyrast frá hv. 2. þm. Vestf., að það ætti að létta þessum skatti af þessum rekstri, til þess að þessi fyrirtæki gætu starfað áfram, en það stendur fyrir dyrum hjá sumum hverjum að loka a. m. k. nokkra daga vikunnar til þess að ná fram hagræðingu í starfsemi sinni, vegna þess að þau einfaldlega geta ekki staðið undir því að hafa reksturinn í þeirri mynd, sem hann hefur verið fram til þessa.

Laugarásbíói, sem ég hef vitnað til, tókst á s. l. ári að skila til Hrafnistu um það bil þeirri upphæð, sem skemmtanaskattinum nam, auk þess sem það hefur staðið undir þeim háu sköttum, sem á þetta fyrirtæki er lagt.

Ég vil aðeins út af þeim orðum, sem hér hafa fallið um þetta, lýsa því yfir, að ég er algerlega andvígur því, að þessi fríðindi verði tekin af þessum kvikmyndahúsum og tek undir það með hæstv. ráðh., að ef svo verður, munu sjálfsögðu a. m. k. flestir þeirra aðila, sem þessara fríðinda njóta, leita til fjárveitingavaldsins um frekari fyrirgreiðslu en verið hefur.

Út af umr. í heild langar mig til þess að spyrja þá áhugamenn um þessi mál, sem hér hafa talað um félagsheimilin og félagsheimilasjóð, hvort borgaður sé skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum, sem fram fara í félagsheimilunum. Er borgaður skemmtanaskattur af þeim skemmtunum, sem fara fram í félagsheimilunum? Er ekki orðið tímabært, ef svo er ekki, að það sé borgaður fullur skemmtanaskattur af þeim húsum, sem nú þegar eru komin það vel á legg og orðin það gróin í rekstri sínum, að þau geti staðið undir slíkri skattgreiðslu? Ég minnist þess að hafa heyrt það úr kjördæmi hv. 2. þm. Vestf., að eitt slíkt hús, sem engan skemmtanaskatt borgar, á í harðri baráttu við hús, sem er í kaupstað nokkra km frá og þarf að borga fullan skatt. Er ekki orðið tímabært að athuga það, hvort félagsheimilin, sem hafa fengið sína styrki kannske að miklu leyti og að fullu, — hvort það sé ekki orðið tímabært, að þau borgi skemmtanaskatt, bæði af skemmtunum og kvikmyndasýningum, eins og önnur þau kvikmyndahús, sem njóta engra fríðinda í sambandi við skemmtanaskattsgreiðslur?

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er misheyrn hjá hv. 10. þm. Reykv., sem síðastur talaði, að ég hafi talið, að hægt væri að leysa allan vanda félagsheimilasjóðs með því að skattfríðindi væru afnumin af þeim kvikmyndahúsarekstri, sem hingað til hefur notið slíkra skattfríðinda. Ég sagði það alls ekki. Hitt sagði ég, að það hefði verið hægt að afla verulegra aukinna tekna í félagsheimilasjóð, ef þessi skattfríðindi hefðu ekki komizt á, ef allur kvikmyndahúsarekstur í landinu hefði setið við sama borð. Þetta var það, sem ég sagði. Og við það stend ég. Hitt verð ég svo að segja, að það fer svo fjarri því, að ég undrist, að hv. 10. þm. Reykv., sem rekur eitt þessara forréttindafyrirtækja, standi upp og neiti að skila sínum forréttindum aftur. Ég spyr hv. þm.: Hvenær vilja þeir, sem fengið hafa forréttindi, skila þeim góðfúslega aftur? Menn verja þau auðvitað með kjafti og klóm. Þetta vænti ég, að hv. þm. skilji eins og aðrir. En hitt vil ég spyrja einkarekstrarelskandann um, hv. 10. þm. Reykv., hvernig hann fær komið því saman, að kvikmyndahúsin í kjördæmi hans, einkarekstrarhúsin, skuli greiða milljónir kr., ekki aðeins í skemmtanaskatt, heldur í svokölluð sætagjöld til borgarinnar á meðan hans kvikmyndahús nýtur skattfrelsis að þessu leyti.

Það sé fjarri mér að gera lítið úr starfsemi, sem dvalarheimilisbíóið stendur undir. Þvert á móti. Ég

tel, að það sé mjög gagnleg og góð stofnun. En eins og ég sagði í frumræðu minni: Kvikmyndahúsarekstur hefur verið talinn það ábatasamur, að einstaklingar gætu grætt á honum, þó að þeir borguðu bæði há sætagjöld og skemmtanaskatt í félagsheimilasjóð. Ætla mætti, að önnur kvikmyndahús yrðu rekin með skaplegum hætti og hefðu ágóða og það verulegan ágóða, þótt þau sætu við sama borð og einkaframtakið í þessum efnum og borguðu skemmtanaskatt til félagsheimilasjóðs og jafnvel sætagjald til borgarinnar.

Það er hörmulegt til þess að vita, ef þessi atvinnurekstur er beinlínis að gefast upp, því að þetta eru nú einu sinni fyrirtæki, sem almenningur leitar mikið til í frístundum sínum. Á því eru auðvitað eðlilegar skýringar, að kvikmyndahúsarekstur gengur ekki eins vel nú og fyrir nokkrum árum, t. d. tilkoma sjónvarpsins. Það hlýtur að hafa í för með sér, að mjög verulega dregur úr aðsókn að kvikmyndahúsum. Það hefur gert það hér í Reykjavík og það hefur gert það í öðrum byggðarlögum úti um land, sem sjónvarpið nær til.

Ég vil í tilefni fsp. hv. 10. þm. Reykv. um skemmtanaskattsgreiðslu af kvikmyndasýningum í félagsheimilum taka fram, að mér finnst ekkert óeðlilegt, að félagsheimili, ný, glæsileg og góð samkomuhús, greiði skemmtanaskatt í félagsheimilasjóð, ef þau eru í það stórum byggðarlögum, að þau geti á annað borð fallið undir ákvæðin um greiðslu skemmtanaskatts. En eins og menn vita, fer það nokkuð eftir stærð byggðarlaganna. Mér fyndist það koma mjög til greina, eftir að aðstaðan hefur breytzt mjög til hins betra í þessum efnum, að greiddur verði skemmtanaskattur í félagsheimilasjóð af kvikmyndasýningum, sem fram fara í félagsheimilum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að öðru leyti að hefja deilur um þetta við hv. 10. þm. Reykv. Ég veit, að hann vill gjarnan, að félagsheimilin komist upp úti um landið. Hann vill hins vegar hlúa að sínu fyrirtæki. Ég vil gera það líka. Ég vil hlúa að Dvalarheimili aldraðra sjómanna, en ég hef talið og tel enn, að kvikmyndahúsarekstur sé það arðvænlegur atvinnurekstur, að hann eigi að sitja við sama borð hjá opinberum aðilum og einkarekstri.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þátttakan í þessum umr. sýnir, að hér er mál á ferðinni, sem þm. láta sig miklu skipta, enda er það sannarlega rétt, að þessi félagsheimilamál eru hin mikilvægustu, og eins og hér hefur komið fram, er mikil þörf á að ráða bætur á því ástandi, sem er með félagsheimilasjóð.

Nú hefur hv. 2. þm. Vestf. heitið hæstv. menntmrh. aðstoð sinni til áframhaldandi leitar að ráðum til þess að bæta úr þessu, og ég geri ráð fyrir, að það muni vera svo með flesta þm. að þeir vilji gjarnan leggja sitt lið til.

Tilefnið til þess, að ég bað um orðið, var einmitt það, að í hug minn flögraði einmitt, þegar ég sá hv. 10. þm. Reykv. standa í þessum ræðustól, að e. t. v. ættum við völ á einni ágætri leið til þess að afla þessum sjóði tekna. Eins og margir sjónvarpseigendur muna sjálfsagt, kom hann einmitt fram í sjónvarpi s. l. kvöld eða í gærkvöld, til þess að ræða um till., sem var flutt á Alþ. Og hún er um það að leyfa bruggun á sterku öli. Vafalaust mundi af þessu leiða mjög verulegar tekjur fyrir það opinbera. Nú vildi ég skjóta fram þeirri hugmynd, hvort ekki sé kjörið að afla tekna til félagsheimilasjóðs með því að samþykkja þessa till. hv. 10. þm. Reykv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. út af orðum síðasta ræðumanns. Ég vil aðeins segja það, að hann má fá skattinn, ef ég fæ ölið, og ef till. verður samþ., er það auðvitað alveg frjálst af minni hendi, hvernig þingið ákveður að verja þeim óneitanlega miklu tekjum, sem við sjáum fram á, að af þeim iðnaði gæti orðið hér á landi.

Ég fæ ekki skilið, af hverju hv. 2. þm. Vestf. heldur því enn fram í seinni ræðu sinni, að kvikmyndahúsarekstur sé arðvænlegur og þar sé um mikla möguleika á skatttekjum að ræða, þegar ég er búinn að benda honum á fréttina í hans eigin blaði um eitt af þessum húsum, sem hefur ekki skilað milljónagróða, heldur nokkuð á aðra millj. í rekstrartap á s. l. ári. Ég skil ekki þann málflutning og heldur ekki, að hann skuli fara að leggja mér í munn þau orð, að ég hafi sagt, að það bíó, sem ég hef valizt til að vera stjórnarformaður fyrir og það er aðeins frá ári til árs í gegnum kjör í okkar samtökum, sjómannadagssamtökunum, að ég hafi látið á mér skilja, að við borguðum engin gjöld, hvorki til Reykjavíkurborgar eða þá í þennan ágæta félagsheimilasjóð. Þetta sagði ég aldrei. Eina undantekningin frá skattgreiðslu á þessu bíói er skemmtanaskatturinn. Við borgum öll önnur opinber gjöld, bæði til borgar og ríkis, eins og lög kveða á um. Og ég tók líka fram að þessi upphæð hefði numið nær 400 þús. kr. á s. l. ári. Og ég tel það alls ekki litla upphæð af svo litlu bíói, sem aðeins tekur tæp 400 manns í sæti, meðan Háskólabíó sjálft borgar aðeins 26 þús. kr., en tekur 1000 manns í sæti. Ég er ekki kunnugur því, hvað gert er í sambandi við önnur slík fyrirtæki út um land, en ég veit, að bæði Laugarásbíó og Tónabíó borga að fullu aðra þá skatta, sem á eru lagðir samkvæmt íslenzkum lögum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér hafa farið fram býsna fróðlegar umr. um þetta mál. Þó að svo sé ástatt um þetta mál, að það hafi verið hér á dagskrá á hverju ári — ég veit nú ekki hve mörg ár, en varla minna en svona 6—8 ár. Það líður ekkert einasta þing svo, að ekki sé lögð fram fsp. til hæstv. ráðh. um það, hvað ætlað sé að gera í þessu mikla vandamáli varðandi fjárgreiðslur úr félagsheimilasjóði. Og jafnan kemur hæstv. ráðh. og les upp margar og miklar tölur um það, hvað skuldir sjóðsins séu raunverulega gífurlega miklar, og þá er gengið út frá því, að hann muni greiða um 40% af

stofnkostnaði félagsheimilanna, þ. e. til þeirra, sem ekki hafa verið byggð að fullu eða ekki hafa fengið greiðslu að fullu eins og til hinna, sem þegar hafa fengið sína greiðslu að fullu. Og svo kemur gjarnan upp hjá hæstv. ráðh. og öðrum, að hér sé um gífurlegt vandamál að ræða, alveg ískyggilegan vanda. Þetta er endurtekið ár eftir ár og alltaf stöndum við í sama farinu. Ég hef svo viðhaft við afgreiðslu fjárlaga, — mér liggur við að segja svo lengi sem ég man eftir, — að flytja till. um að hækka óverulegt framlag til félagsheimilasjóðs á fjárl., en alltaf er sú till. drepin. Það er engin leið að hækka þennan óverulega styrk til sjóðsins, sem raunverulega hefur farið lækkandi á undanförnum árum. Og svo segir hæstv. ráðh. okkur, að í öllum þessum mikla vanda hafi hann m. a. látið sér til hugar koma, að félagsheimilasjóður gæti gefið út ríkisskuldabréf, ríkistryggð bréf, og síðan yrði reynt að fá bankana til þess að breyta þessum bréfum í peninga, svo að félagsheimilin gætu fengið sitt framlag. En þrátt fyrir góðan vilja og fullan skilning hæstv. ráðh., sem jafnframt er bankamálaráðh., hefur hann ekki komizt ögn áfram á þessari braut. Ég trúi því ekki, að hæstv. ráðh. gæti ekki eitthvað komizt áleiðis í þessum efnum, jafnvel þó að hann fengi ekki bankana til þess að leysa út alla upphæðina á einu ári. Ég trúi því ekki. Ef hann hefur þá í raun og veru gert sér grein fyrir því, hvers konar vandi hér er á ferðum. Það er ekki hægt að skilja þennan sjóð eftir fremur en aðra svona gersamlega í vanskilum, eins og hann er, því að ég fullyrði, að það er ekki um neinn annan sjóð að ræða, sem er neitt viðlíka eins illa settur og þessi.

Svo koma auðvitað út úr öllum vandræðunum menn með hinar furðulegustu till. um það, hvernig skuli afla fjár í þennan sjóð. Einn leggur til að fara að skattleggja með óbeinum hætti ýmiss konar mannúðarfélög, sem halda uppi sjúkrahúsarekstri eða öðru slíku. Annar kemur auðvitað með bjórskatt, og sá þriðji finnur það snjallræði upp, að það megi bara leggja skemmtanaskatt á félagsheimilin sjálf og drýgja þannig tekjurnar. Það er sem sagt gamla sagan með rófuna, — að höggva hana af og gefa hana dýrinu sjálfu að éta, — ég held, að þessar till. allar komi að litlu gagni, þær leysi lítinn vanda. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki þín till.) Nei, það er ekki mín till. Ég legg það til, að við greiðum af ríkisheildinni. Ég vil ekki kalla ríkisheildina rófuna, en ég legg til, að við sinnum þessu nauðsynjamáli eins og öðrum og verjum eðlilegum hluta af ríkisfjármunum, til þess að þessi sjóður geti staðið við sínar skuldbindingar eins og aðrir, en sé ekki svona hraklega settur eins og hann er. Og ég vil svo að endingu vænta þess, að þessar umr. verði til þess, að hæstv. ráðh. geri þær ráðstafanir í þessum efnum, sem verði a. m. k. til þess, að ekki sé ástæða til að endurtaka þessar umr. um sama málið aftur á næsta þingi.

44. Framkvæmd á l. nr. 83/1967.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til ríkisstj. um framkvæmd á lögum nr. 83/1967 [183. mál, 3] (A. 358).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. 19. dag desembermánaðar 1967 voru samþ. á Alþ. lög um breyt. á lögum um almannatryggingar. Í þessum lögum voru bráðabirgðaákvæði og síðasta mgr. í ákvæði til bráðabirgða hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Athuga skal möguleika á að draga úr kostnaði við rekstur Tryggingastofnunar ríkisins með því að semja við banka eða sparisjóði um, að þær stofnanir annist útborgun á bótum frá almannatryggingunum.“

Það hefur lítið af þessu heyrzt, en mér skildist á auglýsingum, sem ég heyrði ekki alls fyrir löngu í ríkisútvarpinu, að hér sæti allt í sama farinu. Ég heyrði auglýsingar frá tveimur sýslumönnum á Vesturlandi um, að þeir mundu taka sér ferð á hendur eða sendimenn þeirra á ákveðnum dögum út um sín umdæmi, mér skilst á þingstaði hreppanna og borga þar út bætur fyrir almannatryggingarnar. Ég tel þetta ákaflega óheppileg vinnubrögð. Það hlýtur að vera verulegur kostnaður við þessar ferðir út um héruðin, og þetta er líka ákaflega óhentugt fyrir þá, sem eiga að taka við þessum bótum. Fólk hefur yfirleitt engin erindi á þingstaði hreppanna, nema þegar haldin eru manntalsþing eða hreppsskilaþing og sækja menn þær samkomur reyndar misjafnlega í seinni tíð og verr en áður var. Þarna þurfa því þeir, sem eiga að fá þessar bætur, að koma eða gera út sendimenn til þess að taka á móti þessu án þess að hafa önnur erindi til þessara staða. Öðru máli gegnir um verzlunarstaðina, þar sem víða eru bankaútibú eða sparisjóðir. Þangað eiga menn tíðar ferðir, og það væri þeim stórum hentugra að geta fengið þessar bætur útborgaðar hjá slíkum stofnunum. Ég tel því, að mjög væri til bóta, ef þetta fyrirkomulag væri tekið upp úti um land.

Í Reykjavík er mikið af bönkum og bankaútibúum, og mér kemur í hug, að hægt væri að gera samninga við þessar stofnanir um að annast greiðslu á þessu einmitt hér og sennilega í fleiri kaupstöðum og það mundi verða ódýrara en halda uppi stóru skrifstofubákni, eins og hér mun vera gert í Reykjavík af hálfu Tryggingastofnunarinnar, til að borga út þessar bætur. En um þetta verður ekkert fullyrt fyrr en á það reynir með samningum

við þessar stofnanir, banka og sparisjóði, eins og til var ætlazt með því bráðabirgðaákvæði í lögum, sem ég gat um áðan. Og því hef ég leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 358, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað er að frétta af samningaviðræðum við banka eða sparisjóði, sem ákveðnar voru með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 83/1967, um, að þær stofnanir annist útborganir á bótum frá almannatryggingunum?“

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef farið fram á það við Tryggingastofnun ríkisins, að hún veitti svör við þessari fsp. hv. fyrirspyrjanda, og fer svar Tryggingastofnunarinnar efnislega hér á eftir:

Starfsmenn Tryggingastofnunarinnar hafa oft hugleitt, hvort hægt væri að láta banka og sparisjóði greiða bætur almannatrygginga og þá samkvæmt greiðslufyrirmælum stofnunarinnar í ávísunarformi, greiðsluskírteinisformi eða með einhverjum öðrum hætti, og þá sérstaklega haft í huga, hvort hægt væri með því að auðvelda bótaþegum að vitja bóta sinna, en að sjálfsögðu einnig áætlað tilkostnað, sem því væri samfara. Athugun þessi hefur eðlilega verið við það miðuð, að öruggt væri, að greiðsla bærist réttum aðila og hægt væri að koma við eins skjótri afgreiðslu á umsóknum eða niðurfellingum bóta, eins og nú á sér stað. Þessar hugleiðingar hafa ekki orðið til þess, að ástæða hafi verið talin til að leggja til að breyta núv. fyrirkomulagi samkvæmt umræddu bráðabirgðaákvæði. Ef greiðslufyrirmælin væru í ávísanaformi á innistæðu stofnunarinnar, þyrfti að sjálfsögðu enga samninga við lánastofnanir aðra en almenna innistæðusamninga og greiðsla til lánastofnunarinnar yrði því hverfandi eða engin. Ef ætlazt væri til meiri þjónustu hjá lánastofnuninni, kæmi til greiðsla, sem að sjálfsögðu yrði að inna af hendi. Hins vegar hefur engum hugkvæmzt, a. m. k. ekki hvað greiðslu bóta í Reykjavík viðvíkur, að með þessum hætti mætti spara útgjöld. Kostnaður stofnunarinnar við bótagreiðslur er að langmestum hluta tengdur móttöku bótaumsókna, úrskurði bótaréttar eða niðurfellingu ásamt með bókhaldi og skýrslugerð. Kostnaður við útborgun bótanna er hverfandi lítill, vegna þess að bótaþegar eða umboðsmenn þeirra þurfa að vitja bótanna á einum stað í Reykjavík, sem er á sama stað og önnur vinna við þessa starfsemi. Allar ákvarðanir í sambandi við úrskurði eru samstundis komnar til útborgunardeildar, og útborgunardeild getur haft beint samband við úrskurðardeild og bókhald og fylgist með greiðslum bæði fyrir og eftir að greiðslur fara fram. Tryggingastofnuninni er að sjálfsögðu ljóst, að skoðanir starfsmanna hennar kunna að einhverju leyti að vera staðnaðar og einhver þau viðhorf geta verið um þessi mál, sem ekki hefur verið nægur gaumur gefinn, og leyfir sér því að benda á, ef ástæða þykir til, að aðila utan stofnunarinnar verði falið að gera þessa athugun, sem þó getur ekki farið fram, án þess að starfsmenn stofnunarinnar upplýsi, hvers þarf að gæta í því sambandi.

Það er því rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan, að ennþá hafa ekki verið gerðir samningar við aðrar stofnanir en fyrr hafa um þessi mál séð til afgreiðslu þessara bóta.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 1. þm. Norðurl. v. áðan. Hann er áhugamaður um það, að Tryggingastofnunin breyti reglum sínum um útborganir almannatrygginga og má vel vera, að það eigi rétt á sér að kanna það mál, a. m. k. í þéttbýlinu, en út um hinar dreifðu byggðir landsins hygg ég, að hans till. njóti sín ekki, eins og þær eru fram settar og útskýrðar. Ég held, að flestir umboðsmenn almannatrygginga úti um hinar dreifðu byggðir hafi tekið upp þá reglu á síðari árum og áratugum að fara um umdæmi sín með bæturnar í staðinn fyrir að láta hvern og einn sækja þær á skrifstofu embættisins. Þessar útborgunarferðir, sem svo eru nefndar, sem víða eru farnar, a. m. k. þar sem ég þekki til, fjórum sinnum á ári á þingstaði hreppanna, eru yfirleitt mjög vinsælar, fólkið fær þær bætur, sem það á rétt á, greiddar í peningum. Það er alveg rétt, að það er oft, sem það lætur aðra taka bæturnar fyrir sig, eins og t. d. hreppstjóra eða aðra umboðsmenn, og þá er þess líka að geta, að frá sjónarmiði sýslumanna þurfa þeir að gera fleira en borga út peninga. Þeir þurfa líka að innheimta. Innheimtan þarf að vera í góðu lagi, og það er æði oft, sem hægt er að jafna þarna greiðslum saman og þykir fara mjög vel á því. Þá er einnig hægt að gera jafnframt í þessum útborgunarferðum ýmislegt annað til hagræðis fyrir íbúa dreifbýlisins, þannig að ég hygg, að þeir séu ekki margir, sem taka undir þá till. hv. þm. að breyta þessu fyrirkomulagi til neinna muna, eins og það hefur tíðkazt nú á síðari árum, a. m. k. ekki úti í dreifbýlinu.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. ráðh., að þetta lagafyrirmæli, sem samþ. var í des. 1967, hefur ekki verið framkvæmt. Má það merkilegt heita, hver dráttur hefur á þessu orðið að leita eftir samningum við banka og sparisjóði um þetta efni, þar sem nú eru liðnir 15—16 mánuðir frá því, að lög um þetta voru sett á Alþ., og þetta tel ég mjög aðfinnsluvert. Hæstv. ráðh. las eitthvert bréf frá Tryggingastofnun ríkisins. Það kemur þessu máli ekkert við. Það er ekki hægt að kanna, hvað er heppilegast í þessu efni og hvað er ódýrast, nema með samningaumleitunum við banka eða sparisjóði, eins og til er ætlazt í lögum. Og þetta ber ríkisstj. skylda til að gera.

Hv. 4. þm. Vesturl., sem er einn af sýslumönnum hér á landi, greip inn í umr. og var að lýsa því, hvað þetta væri gott fyrirkomulag, sem viðgengist í hans sýslu. Ég þekki þetta ekki annars staðar. Ég hef heyrt svipaðar tilkynningar í útvarpi reyndar frá starfsbróður hans í næsta héraði þar við. En þar

sem ég er kunnugur, þekkist þetta ekki, að sýslumaður eða menn hans séu að ferðast út um allt sitt umdæmi til þess að borga út þessar bætur. Ég veit, að í minni sýslu er það þannig, að sýslumaðurinn felur sparisjóðnum í sýslunni að annast þessa greiðslu fyrir sig, t. d. útborgun á ellilífeyri og þess háttar, og ég held, að það gefist vel.

En hvað um það. Þarna hefur verið trassað að framkvæma lög frá Alþ. og má það ekki þannig ganga lengur. Ég vil því skora á hæstv. ráðh. að láta það ekki dragast lengur að hefja þessar samningaumleitanir við banka eða sparisjóði, eins og ríkisstj. ber skylda til að gera, því að henni ber skylda til að framkvæma lög frá Alþ. Það er þegar búið að dragast allt of lengi og fyrr en það hefur verið gert, er ekkert hægt að segja um það, hvaða fyrirkomulag er heppilegast við framkvæmd þessara mála.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Með lögum um almannatryggingar er, eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, sérstakri stjórn falin framkvæmd þessara laga, sem er skipuð fulltrúum allra flokka, og ég veit ekki til, að að störfum þessa ráðs, sem svo er nefnt, tryggingaráðs, hafi verið fundið hingað til, enda virðist ekki hafa verið mikill áhugi á breytingum um þetta mál, ef í slíkri stjórn, sem er jafn víðfeðmt skipuð og tryggingaráð er, að ekki skuli hafa komið upp ein einasta till. um að breyta í þessa átt. Það er m. ö. o. niðurstaða starfsmanna Tryggingastofnunarinnar og að því er ætla verður tryggingaráðs, þar til annað reynist, að það fyrirkomulag, sem nú er á þessum hlutum, sé betra en sú athugun, sem bráðabirgðaákvæðið talar um, að fram skuli fara. Það kemur skýrt fram í því bréfi, sem ég las upp áðan. Ég verð að ítreka, að ég hef ekki heyrt um áhuga á því, að þetta ákvæði væri lagt út eða framkvæmt, eins og hv. fyrirspyrjandi talar um og endaði sín orð með því, að það væri skylda ríkisstj. að sjá svo um, að þetta ákvæði yrði uppfyllt. Ég efast ekkert um, að það er skylda ríkisstj. yfirleitt að sjá um framkvæmd laga, en eðlilegast væri, að till. um það efni kæmu þá frá þeim stjórnum, sem Alþ. kýs sjálft til þess að framkvæma ákveðna lagabálka. Engin slík till. hefur komið fram og ekkert um þetta mál heyrzt, fyrr en hv. fyrirspyrjandi kemur því á framfæri með þessari fsp. sinni. Yfirleitt er það traust borið til þessara þingkjörnu stjórna, að þær geri till. um það til sinna rn., hvaða atriði skuli lögð áherzla á í framkvæmd og hvað brýnast sé að framkvæma hverju sinni.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Álit Tryggingastofnunar og álit einstakra sýslumanna á þessu máli kemur því ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Aðalatriðið er á hinn bóginn þetta, eins og ég hef áður sagt, að ríkisstj. ber skylda til að framkvæma lög, sem Alþ. setur. Þetta hefur hún ekki gert í þessu tilfelli, þó að liðnir séu 15—16 mánuðir síðan lögin voru sett, og þetta er óþolandi vanræksla af hennar hálfu, og ég treysti því, að hún taki nú rögg á sig og framkvæmi þessi lög án frekari undandráttar.

45. Mál heyrnleysingja.

Á deildafundum 18. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til menntmrh. um mál heyrnleysingja [183. mál, 4] (A. 358).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 37. og 39. fundi í Sþ., 26. marz og 9. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Það er öllum kunnugt, að víða er bágt ástand í skólamálum okkar. Mjög víða í skólakerfinu eru alvarlegir hnútar vegna ófullnægjandi skólahúsnæðis, en þó hygg ég, að fáir séu verr staddir í þessu efni en þau börn, sem búa við þá líkamlegu vanhæfni, sem heyrnarleysi eða heyrnardeyfð er. Þessum börnum þarf þó öðrum börnum fremur að veita fullkomna aðstöðu, áður en kemur að venjulegum skólaskyldualdri, til þess að unnt sé að bæta úr þeim afleiðingum heyrnarleysisins, að þau læra ekki að tala á eðlilegan hátt og þurfa að njóta meðferðar sérþjálfaðra kennara.

Á þeim stutta tíma, sem leyfður er við fsp., er ekki unnt að lýsa því fyrir hv. alþm., hversu mjög skortir á, að búið sé á þann veg að Heyrnleysingjaskólanum, að viðunandi og sæmandi sé. Ég býst þó við og vona, að flestum hv. alþm. sé ljóst, hversu mjög skortir á, að þessum skóla, nemendum hans og starfsliði sé búin viðunandi aðstaða, sem sæmandi væri þjóð, sem er þó svo rík sem Íslendingar. Er þá ekki aðeins um það að ræða, að skólinn er í algerlega ófullnægjandi húsnæði, bæði að því er varðar stærð og staðsetningu og útbúnað, heldur háir alvarlegur skortur sérmenntaðra kennara og annars starfsliðs starfsemi hans. Og svo er að skólanum kreppt, að vísa hefur þurft frá börnum sem þar eiga rétt á skólanámi. Að sjálfsögðu gagnar það ekki heyrnleysingjum í landinu að hefja deilur um það, við hvern sé hér um að sakast. Aðalatriðið er, að úr verði bætt sem allra fyrst.

Segja má, að um nokkurt skeið hafi stjórnvöldin haft þá afsökun eða með ökurteislegra orðalagi sagt getað skotið sér á bak við það, þegar ekki hefur verið ráðizt í nýja fullkomnari skólabyggingu, að deilur

hafa verið uppi meðal þeirra, sem láta sig mál heyrnleysingja varða, um það, hvort heyrnarlaus börn eigi að vera í sérstökum heyrnleysingjaskólum frá fjögurra ára aldri eða sækja almenna skóla. Það má þó taka það fram, að meðal foreldra, sem börn eiga í Heyrnleysingjaskólanum, er það ekkert álitamál, að kennsla barnanna þurfi að fara fram í sérstökum heyrnleysingjaskóla. Sérstök n., sem menntmrn. skipaði til að láta í ljós álit um það, hvort æskilegt sé, að heyrnleysingjakennsla fari fram í sérskóla að öllu eða einhverju leyti og hvaða skipulag á heyrnleysingjakennslu væri heppilegast, hefur skilað áliti, eftir að hafa m. a. aflað sér álits hinna þekktustu manna á sviði heyrnleysingjakennslu erlendis og er niðurstaða n. sú, að sérskóli sé nauðsynlegur og ekki komi til mála að hætta við nýbyggingu Heyrnleysingjaskólans, sem áformuð var. Ég hef því talið tímabært, einmitt nú þegar þetta álit liggur fyrir, að bera fram nokkrar spurningar hér um mál heyrnleysingja í því skyni, að fram komi ótvírætt, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að sinna málum heyrnleysingja á næstunni, því að ljóst er, að sú aðstaða, sem þeim er nú búin, er algerlega ófullnægjandi og þjóðinni til vansæmdar.

Ég vil, eins og ég sagði áðan, ekki hefja neitt karp um það, sem liðið er, en lít svo á, að nú séu að vissu leyti tímamót varðandi mörkun framtíðarstefnu í málum heyrnleysingja og hef því leyft mér að leggja fram á þskj. 358 svo hljóðandi spurningar til hæstv. menntmrh.:

„1. Hverjar eru fyrirætlanir ríkisstj. um húsnæði fyrir Heyrnleysingjaskólann, þegar nú liggur fyrir það álit n., sem menntmrn. skipaði til að gera till. um heyrnleysingjakennslu, að sérskólar fyrir heyrnleysingja séu nauðsynlegir og ótvíræð nauðsyn sé á nýbyggingu fyrir heyrnskerta?

2. Ef fyrirhuguð er bygging nýs skólahúss fyrir heyrnleysingja, hvenær er þá gert ráð fyrir, að framkvæmdir hefjist, og hvenær, að þeim verði lokið?

3. Hvað hefur menntmrn. gert, og hvað hyggst það gera til þess að bæta úr hinum alvarlega skorti sérmenntaðra heyrnleysingjakennara og annars sérmenntaðs starfsfólks á því sviði?

4. Eru fyrirhugaðar einhverjar ráðstafanir til að bæta aðstöðu heyrnardaufra unglinga til framhaldsnáms, svo sem í iðnskólum eða öðrum sérskólum?“

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þykir leitt að geta ekki orðið við óskum ágætra þingpallagesta um að tala hátt, vegna þess að ég hef sýkzt af hálsbólgu, sem gerir það að verkum, að ég get ekki beitt rödd minni eins og ég mundi annars gera mér til mikillar ánægju og þeim til þægðar. Hins vegar vona ég, að svo stillt verði í salnum, að mál mitt heyrist, þó ég verði að stilla hæð raddar minnar mjög í hóf. Raunar ætti ég alls ekki að vera staddur hér í dag, heldur heima við. En vegna þess, að á dagskrá eru tvær fsp., sem beðið hafa svars í einar þrjár vikur, kaus ég þann kostinn að freista þess að koma hingað til þess að gegna þeirri skyldu minni að svara þessum fsp., sem of oft hafa verið á dagskrá, án þess að að þeim hafi komið, þó að ég hafi verið reiðubúinn til þess að svara þeim í öll skiptin.

Heyrnleysingjaskólinn hefur um langt skeið verið til húsa í Stakkholti 3 í Reykjavík, upphaflega í gömlu timburhúsi, byggðu árið 1905. Síðan var steinhús byggt þar árið 1926, en gamla timburhúsið flutt burtu 1952 og í þess stað byggt steinhús til viðbótar steinhúsinu frá 1926. Á árinu 1966 var gerð nokkur lagfæring innanhúss, einkum á heimavistarherbergjum nemenda. Þessi umbót laut eingöngu að því að gera húsnæði skólans vistlegra, en fól ekki í sér aukið rými, hvorki til kennslu né heimavistar. Haustið 1968 jókst nemendafjöldi Heyrnleysingjaskólans skyndilega um 30 nemendur, og eru nú í skólanum 54 börn á aldrinum 4 til 16 ára, þar af eru 28 í heimavist.

Til þess að leysa húsnæðisvandamál skólans í bili, var tekin á leigu í haust íbúð á Laugavegi 128, og hafa eldri nemendur skólans notið kennslu í þessu húsnæði í vetur, en þeir af nemendunum, sem eru í heimavist, búa í skólahúsinu í Stakkholti. Til þess einnig að rýma fyrir nemendum skólans, var skólastjóraíbúðin tekin fyrir heimavist nemenda, og búa þar 10 nemendur. Í skólahúsinu við Stakkholt eru aðeins 3 herbergi, sem ætluð voru til kennslu, ca. 25 fm að stærð hvert um sig. 3 herbergi önnur, tvö þeirra 12 fm og eitt 15 fm, hafa um árabil verið notuð sem kennslustofur, þótt ófullnægjandi séu. Að því er varðar íbúðina, sem tekin var á leigu að Laugavegi 128, er það að segja, að hún hefur verið notuð óbreytt að herbergjaskipan til kennslu, og hafa fengizt á þennan hátt 4 kennslustofur, 2 eru ca. 20 fm að stærð hvor um sig og tvær ca. 10 fm að stærð hvor um sig. Herbergjaskipan hefur ekki verið breytt þarna, en eldhúsinnrétting tekin burtu og eldhúsið notað til kennslu.

Þess skal getið, að mjög var leitað eftir húsnæði til kaups eða leigu handa Heyrnleysingjaskólanum sumarið 1968, en að lokum var umrædd íbúð að Laugavegi 128 tekin á leigu, þegar sýnt þótti, að annað skárra fékkst ekki. Hins vegar var þá ljóst, og hefur enn betur komið í ljós við reynslu, að þetta húsnæði er ekki hægt að nota til frambúðar, og þarf raunar ekki annað en að nefna eitt atriði í sambandi við það, og það er, að þetta húsnæði er við eina fjölförnustu götu bæjarins, og hefur það í för með sér mikinn hávaða og truflun, þar sem við kennsluna eru notuð viðkvæm tæki.

Í sambandi við hinn aukna nemendafjölda haustið 1968 hefur verið keypt allmikið af nýjum kennslutækjum, leikföngum og heyrnarþjálfunartækjum fyrir börnin. Með þeim lagfæringum, sem gerðar voru á húsi skólans í Stakkholti árið 1966 og þeirri viðbót, sem skapaðist fyrir heimavistina, þegar skólastjórinn flutti brott úr húsinu og skólastjóraíbúðin var tekin fyrir heimavist, þá batnaði

raunverulega heimavistaraðstaðan í skólanum mjög verulega. Aftur á móti hefur það í för með sér ýmsa óhagkvæmni, að heimavistin skuli vera á tveim stöðum í húsinu og enginn samgangur þar á milli. Kallar þetta m. a. á aukna næturvörzlu og aukna starfskrafta yfirleitt. Til þessara framkvæmda var í fyrrasumar varið 2.3 millj. kr.

Þar sem um er að ræða nemendur, eins og nemendur Heyrnleysingjaskólans, sem eru á mjög mismunandi aldursskeiði, frá 4 ára til 16 ára, og einnig á mjög mismunandi námsstigi eða heyrnarstigi, gefur auga leið, að nauðsynlegt er að hafa til umráða allmargar kennslustofur og leikstofur fyrir nemendurna. Þessu verður með engu móti fyrir komið eins og húsnæði skólans er nú háttað. Er því ekki unnt að líta á núverandi húsnæðisaðstöðu öðruvísi en ófullnægjandi og til bráðabirgða. Á húsnæðismálum skólans er ekki um aðra lausn að ræða til frambúðar en nýja byggingu og þá fyrst og fremst nýtt kennsluhúsnæði. Hins vegar mun jafnan vera lögð áherzla á, eftir því sem aðstæður leyfa, að nemendur þurfi ekki að búa í heimavist, en hitt er jafnljóst, að aldrei verður komizt af án þess að hafa allstóra heimavist, t. d. fyrir börn, sem eiga heima utan borgarinnar.

Með bréfi til borgarstjórans í Reykjavík frá því í marz 1966 sótti menntmrn. um lóð handa Heyrnleysingjaskólanum, og hefur skólanum verið ætlaður staður sunnan í Öskjuhlíðinni milli Bústaðavegar og Hafnarfjarðarvegar. Í fjárlögum fyrir árið 1967 voru veittar 300 þús kr. til undirbúnings byggingarinnar. Var Skarphéðni Jóhannssyni arkitekt falið að teikna húsið, og skólastjórinn, Brandur Jónsson, fór til Norðurlanda og kynnti sér rækilega allt, sem lýtur að byggingu og rekstri heyrnleysingjaskóla á Norðurlöndum. Að þessu loknu var gerð teikning að kennsluhúsnæði, en eins og kunnugt er, hefur ekki enn verið hafizt handa um byggingarframkvæmdir.

Við sérkennslustofnun, eins og Heyrnleysingjaskólann, skiptir vitanlega afar miklu máli, að við skólann starfi sérmenntaðir kennarar. Þótt Heyrnleysingjaskólinn hafi átt við margs konar erfiðleika að etja á undanförnum árum, ekki sízt húsnæðismálin, hefur hann jafnan haft á að skipa fórnfúsum og áhugasömum starfsmönnum, en hinn mikli nemendafjöldi skólans nú, miðað við það, sem áður hefur verið, kallar auðvitað á stóraukna kennslukrafta. Tvær ungar stúlkur eru nú við sérnám erlendis, önnur í Noregi og hin í Bandaríkjunum, með sérstökum fjárhagsstuðningi frá menntmrn. Báðar eru þessar stúlkur mjög efnilegir kennarar, og eru miklar vonir bundnar við störf þeirra, þegar þær hafa lokið sinni viðbótarmenntun. Hins vegar varð skólinn fyrir því mikla áfalli í haust, að ein sérmenntuð og dugleg stúlka hvarf þaðan frá kennslu, a. m. k. um sinn, og fór til starfa erlendis og önnur ágæt kennslukona, sérmenntuð, sem hafði starfað við skólann í 7 ár, hefur verið frá störfum við skólann meiri hluta yfirstandandi vetrar sökum sjúkleika. Þess má geta, að launakjör heyrnleysingjakennara hafa verið svo litlu hærri en barnakennara, að það eitt út af fyrir sig hefur ekki freistað kennara til framhaldsnáms, en sérnám heyrnleysingjakennara tekur víðast hvar 2 ár. Sérmenntaðir heyrnleysingjakennarar voru áður í 17. launaflokki, en hafa alveg nýlega verið færðir í 18. launaflokk. Það þarf að halda áfram að styðja unga og efnilega kennara til að sérmennta sig til starfa við Heyrnleysingjaskólann, þannig að skólinn hafi ávallt á að skipa nægum kennslukröftum með tilskilda sérmenntun, og einnig þarf að hafa í huga, að kennsluaðferðir og kennslutæki breytast ört á þessu sviði, eins og á flestum öðrum sviðum nú á tímum.

Til þess að veita þeim 30 fjögurra ára börnum, sem komu í skólann haustið 1968, viðbótarkennslu við þá kennslu, sem þau fengu í skólanum í vetur, hefur verið ákveðið samkv. till. skólastjóra Heyrnleysingjaskólans að efna til dagheimilis í sumar í þrjá mánuði fyrir þessi börn eða þau þeirra, sem unnt er að láta notfæra sér námskeiðið.

Þá vil ég geta þess, að menntmrn. skipaði þriggja manna n. 2. des. 1968 til þess að láta í té álit á, hvort æskilegt sé, að heyrnleysingjakennsla færi fram í sérskóla, Heyrnleysingjaskólanum, að öllu leyti eða einungis að einhverju leyti og yfirleitt, hvaða skipulag á heyrnleysingjakennslu virðist heppilegast. Í þessa n. voru skipaðir Brandur Jónsson skólastjóri Heyrnleysingjaskólans, Guðmundur Eyjólfsson háls-, nef- og eyrnalæknir og Benedikt Tómasson skólayfirlæknir, sem jafnframt var skipaður form. n. N. Þessi skilaði áliti til rn. 11. febr. 1969, og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að allir hv. alþm. fengju þetta nál. ásamt fylgigögnum þess. Niðurstaða n. er sú, að sérskólar fyrir heyrnskerta séu nauðsynlegir og ekki komi til mála að hætta við þá nýbyggingu fyrir Heyrnleysingjaskólann, sem áformuð var og ég nefndi hér að framan. Hins vegar telur n. sjálfsagt, að unnið verði ótrauðlega að því, að þau heyrnskert börn, sem virðast hafa möguleika til að njóta kennslu í almennum skólum, fái skilyrði til þess, enda á hið sama við um þessi börn sem önnur fötluð börn, að þau eiga því aðeins að vera í sérskólum, að þroska þeirra sé þar betur borgið. Slík skilyrði, segir n., eru nú betri hér en áður var, vegna starfsemi heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. N. leggur til, að skipuð verði n. með fulltrúum frá heyrnardeildinni, Heyrnleysingjaskólanum og foreldra- og stéttarfélagi heyrnardaufra til að gera till. um, á hvern hátt námi áðurnefndra heyrnskertra barna verði bezt fyrir komið í almennum skólum, svo og hvaða skilyrðum verði að fullnægja, svo sem um sérmenntaða kennara, tæki o. fl., til þess að árangur af slíku námi verði sem bezt tryggður. N. sú, sem hér er lagt til, að komið verði á fót, verður skipuð alveg á næstunni.

Draga má saman í örstutt mál svörin við fsp. hv. þm., en þau eru þessi:

Í fyrsta lagi: Á grundvelli álits þeirrar n., sem menntmrn. skipaði 2. des. 1968, munu þær ráðstafanir, sem hún lagði til, verða gerðar.

Í öðru lagi: Að því er varðar byggingu kennsluhúsnæðis fyrir skólann, mun Alþ. fá það mál til meðferðar í sambandi við afgreiðslu næstu fjárl. Er verið að undirbúa tillögugerð um það efni. Í því sambandi ber að minnast þess, að skólinn á talsverðar eignir, bæði hús og lóð. Ennfremur fer nú fram athugun á því, með hverjum hætti aðstaða skólans verði bezt bætt þegar næsta haust, þar eð augljóst er, að ráðstafanir þær, er gerðar voru á s. l. sumri, hafa ekki reynzt nægilegar, þótt þess hafi þá verið vænzt. Það, sem nú er ráðgert í þessum efnum, er að koma upp í sumar kennsluhúsnæði á lóð þeirri, sem skólanum hefur þegar verið úthlutað, en hagnýta núverandi eignarhúsnæði sem heimavist. Síðar er ráðgert að selja þessar eignir og byggja þá einnig heimavist á fyrrnefndri lóð til viðbótar kennsluhúsnæðinu.

Í þriðja lagi: Eins og ég gat um hér að framan, hefur menntmrn. stutt 2 efnilegar ungar kennslukonur til sérnáms erlendis, og munu þær báðar ljúka sérnámi sínu í vor. Meðan ekki er komin aðstaða til sérmenntunar heyrnleysingjakennara hér á landi, virðist ekki annað ráð vænna en að styrkja efnilega kennara, sem hafa sýnt áhuga og hæfni til þess að starfa fyrir heyrnarlaus börn, til sérnáms erlendis.

Í fjórða og síðasta lagi: Í lögum nr. 13/1962 um Heyrnleysingjaskóla er gert ráð fyrir því, að skólastjórinn í samráði við foreldra barns eða forráðamenn þess leitist við að útvega barninu vinnu eða koma því til náms við þess hæfi, er það hverfur úr Heyrnleysingjaskólanum, og er skólanum heimilt að veita til þess styrk, ef með þarf, og hefur slíkur styrkur verið veittur, þegar eftir því hefur verið leitað. Skólastjórinn hefur iðulega leitazt við að fá nemendur, sem lokið hafa námi í skólanum, til þess að leggja stund á iðngreinar, en því miður án mikils árangurs. Allmargir piltar, sem lokið hafa námi í skólanum, hafa lagt fyrir sig sjómennsku, og hefur það lánast vel, þótt þeir séu, eins og við mörg önnur störf, í meiri hættu þar en heyrandi fólk. Margir piltar úr skólanum stunda verkamannavinnu, en mjög fáir hafa haft áhuga á því að fara í iðnnám, þótt þeim hafi verið gefinn kostur á því og heitið stuðningi í því skyni. Nokkrar stúlkur, sem stundað hafa nám í skólanum, hafa gifzt og eru myndarhúsmæður. Sumar vinna á saumastofum, við bókband og ótal mörg önnur störf.

Með þessu yfirliti, vona ég, herra forseti, að ég hafi svarað fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svör hans og fagna yfirlýsingu hans um, að haldið verði fast við þá ákvörðun að byggja nýjan Heyrnleysingjaskóla, og ég vænti þess, að ekki muni standa á stuðningi Alþ. við till. um fjárfestinguna, svo byggingunni geti verið lokið sem allra fyrst. Ég legg ennfremur áherzlu á, að jafnframt verði nú þegar gerðar ráðstafanir til þess að tryggja menntun fleiri heyrnleysingjakennara og annars sérmenntaðs starfsfólks, því að litlu haldi kemur húsnæðið eitt. Þótt nýtt og fullkomið skólahús sé eitt grundvallarskilyrði þess, að fyrir málum heyrnleysingja sé unnt að sjá á fullnægjandi hátt, nægir það ekki eitt sér. Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir jákvæðar skoðanir hans og yfirlýsingar um málefni heyrnleysingja og vænti þess, að hvað sem afstöðu hans til annarra mála líður, þá láti hann ekki henda sig að hafa skoðanaskipti þessum efnum.

Auður Auðuns: Herra forseti. Við höfum heyrt svör hæstv. menntmrh. við fsp. hv. 6. landsk. þm. Við höfum fengið í hendur það nál., sem hér hefur borið á góma, og ég vil þá ekki láta hjá líða að segja nokkur orð, einmitt í sambandi við nál. Ég vil þá fyrst benda á, að að mínu viti er það nokkur veila í nál., að á bls. 4, næst á undan fyrstu greinaskilum, segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Venjulega veit eyrnalæknir álíka mikið um kennslu heyrnarskertra og kennari um eyrnalækningar. Það er því jafnfráleitt að eyrnalæknir segi til um kennslu heyrnarskertra og kennari um eyrnalækningar."

Þetta síðasta ætti þá enn frekar að gilda um lækni, sem ekki er þó með sérmenntun í eyrnalækningum. Eftir því hefur þarna verið lýst yfir, að því ég bezt fæ séð, að ⅔ hlutar n., læknarnir 2, hafi nánast sagt lítið eða ekkert vit á að segja fyrir um kennslu heyrnarskertra barna. Þó kemst n. allt að einu að eindreginni niðurstöðu um það grundvallaratriði kennslunnar, að sérskólar séu nauðsynlegir eða eins og segir orðrétt neðst á bls. 4 í nál.:

„Niðurstaða n. er sú, að sérskólar fyrir heyrnarskerta séu nauðsynlegir og ekki komi til mála að hætta við þá viðbyggingu við Heyrnleysingjaskólann, sem áformuð var."

Nú veit ég, að fyrir n. hefur það ekki vakað með þessum orðum beinlínis að vera að gefa sjálfri sér hæfnisvottorð, heldur er þessum tilvitnuðu orðum fyrst og fremst ætlað að vara við kenningum ákveðins nafngreinds læknis, prófessors dr. med. Ole Bentsen. Það er rétt að kynna hann nokkuð. Hann er yfirlæknir og forstöðumaður heyrnarmiðstöðvar danska ríkisins í Árósum, en þær eru 3 þar í landi og spanna yfir allt landið. Þessi maður hefur auk þess m. a. það ég veit bæði á Indlandi og í Egyptalandi unnið að skipulagningu heyrnarstöðva á vegum ríkisstj. þeirra landa, og hann hefur fyrrum verið ráðgjafi Sameinuðu þjóðanna og Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar um málefni heyrnarskertra. Ég sé reyndar í einu af fylgiskjölum með nál., sem ég skal viðurkenna, að ég vissi ekki áður, að hann sé fyrrum ráðgjafi Sameinuðu þjóðanna um kennslumál heyrnleysingja. Ég held, að þetta eigi að gefa nokkra hugmynd um, hvers álits þessi danski læknir nýtur. Hann hefur árum saman beitt sér fyrir þeirri kenningu, að kennslu barna sem eru bækluð, andlega eða líkamlega, þar á meðal heyrnarskert, — að þá kennslu eigi að fella inn í hið almenna skólakerfi, ýmist þá í venjulegum bekkjum með hjálparkennslu við einstaka börn eða

í sérbekkjum, og þó leggur hann megináherzlu á vistun barna innan venjulegs skólaskyldualdurs, þ. e. a. s. yngstu barnanna, í leikskólum innan um heyrandi og talandi börn. Þessa kenningu sína hefur hann rökstutt með félagslegum rökum og þeim, að það hafi reynzt stórauka þroskamöguleika og kennsluárangur barnanna að vera samvistum við heyrandi og talandi jafnaldra sína.

Það er rétt, að styrr hefur staðið um þessar kenningar. Það er ekkert nýtt, og það út af fyrir sig sannar hvorki ágæti þeirra né fányti, en hvað heyrnarskertu börnin snertir hefur andstaðan verið allmikil og kannske hvað hörðust frá Heyrnleysingjaskólanum. Ég ætla mér ekki þá dul að ætla að fara að kveða upp úr um það, hvort yfirleitt sé nokkur þörf á sérskóla fyrir heyrnleysingja. Hins vegar verð ég að segja, að ég hef í vaxandi mæli hallazt að því, að verulegur hluti þeirra barna, sem talið hefur verið og talið er, að eigi heima í heyrnleysingjaskóla, eigi að vistast og geti vistazt í hinu almenna skólakerfi og þá alveg sérstaklega eigi yngstu börnin að vera, — þ. e. a. s. þau, sem eru innan við hinn almenna skólaskyldualdur, — í leikskólum með heilbrigðum jafnöldrum sínum. Það er vegna þess, að ég þykist hafa sannfærzt æ betur um það, eftir það, sem ég hef um þessi mál heyrt, að heyrnskertum börnum sé nauðsynlegt að vera í eðlilegu, heilbrigðu, talandi umhverfi, og ég vil í þessu sambandi upplýsa, að í síðustu viku var lagt fram erindi skólastjóra Heyrnleysingjaskólans í borgarráði Reykjavíkur, og þar er farið fram á það, að Reykjavíkurborg veiti stuðning sinn til þess, að starfrækt verði dagheimili næsta sumar, þar sem verði allt að 30 heilbrigð börn ásamt 13 börnum úr Heyrnleysingjaskólanum, og ég hlýt að segja, að mér virðist þetta þó alltaf nokkur viðurkenning á þeim kenningum, sem hinn danski læknir hefur haldið fram.

N. kemst að þeirri niðurstöðu, að ekki komi til mála að hætta við þá nýbyggingu fyrir Heyrnleysingjaskólann, sem áformuð var. Sú nýbygging mun vera miðuð við allan þann fjölda, sem nú er í skólanum, eða með öðrum orðum, að það sæti þá allt við það sama með kennsluna. Þó að talið verði rétt að hafa sérskóla fyrir kennslu heyrnarlausra barna, þá ber þó að mínu viti a. m. k. að endurskoða fyrri áætlun gaumgæfilega með hliðsjón af því, hve mikinn hluta núverandi nemenda, og þá á ég fyrst og fremst við yngstu börnin, sé rétt og unnt að vista í hinu almenna skólakerfi og í leikskólum. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á útdrætti úr grg. eftir Stefán Skaftason lækni, sem Zontaklúbbur Reykjavíkur hefur sent alþm. og væntanlega gefst tækifæri til að ræða seinna, þegar til umr. kemur þáltill. um byggingu Heyrnleysingjaskóla, sem er á dagskrá þessa fundar, en ræðutími hér takmarkaður við fsp. Þessi læknir, Stefán Skaftason, sem hefur aflað sér víðtækrar framhaldsmenntunar sem háls-, nef- og eyrnalæknir og er auk þess viðurkenndur sem heyrnfræðingur í Danmörku, hefur dvalið þar tvö undanfarin ár og fylgzt þar sérstaklega með endurhæfingu og þar með skólagöngu og kennslu heyrnarskertra barna. Hann mun vera væntanlegur hingað heim næsta sumar, og ég vænti þess fastlega, að hæstv. ríkisstj. geri ráðstafanir til að notfæra sér þekkingu og reynslu þessa mæta læknis, ef þess er kostur, og ég tel, að annað væri tæpast verjandi, áður en tekin er mikilvæg ákvörðun um framtíð kennslu heyrnarskertra hér á Íslandi, og ég fyrir mitt leyti hlýt að segja, að ég get ekki skellt skollaeyrum við þeirri staðhæfingu þessa læknis, sem fram kemur í grg. hans, að grundvöllur allrar endurhæfingar heyrnskertra verði að byggjast á læknisfræðilegum grundvelli, ef vel eigi að fara.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég minnist þess frá í vetur, þegar ég var staddur á fundi upp í háskóla, sem efnt var til um vandamál geðsjúklinga á Íslandi og haldinn var að frumkvæði nýstofnaðs félagsskapar í landinu, sem nefndist Tenglar, að í ræðu, sem Alfreð Gíslason læknir flutti, þá vakti hann athygli á vissum staðreyndum, sem mér voru ekki áður ljósar, en mér hnykkti við, þegar ég heyrði þær nefndar. Alfreð læknir rakti dæmi þess, hvernig í mörgum tilfellum einstaklingar eða þá félagsstofnanir í landinu, jafnvel stundum erlendar, hefðu átt frumkvæðið að helztu læknisstofnunum okkar Íslendinga, hefðu beitt sér fyrir þeim og lagt fé til þeirra, en hlutur ríkisins hefði þar komið langt á eftir. Ég minnist þessara ummæla nú, þegar verið er að tala um málefni heyrnleysingja, vegna þess að ég er sannfærður um, að í hópi þeirra er að finna þann hluta Íslendinga, sem njóta hvað minnstrar aðhlynningar af hálfu ríkisins og hinnar opinberu heilsugæzlu, sem nokkrir landar okkar njóta. Ég tek því undir það, sem hér hefur komið fram, að brýna nauðsyn ber til þess að bæta þá aðstöðu, og ég vil undirstrika, að ég tel, að ríkisvaldinu beri skylda til þess að hafa forustu um að bæta aðstæðurnar þar og taka þennan hluta hinnar almennu heilsugæzlu í landinu alvarlega, eins og nú, sem betur fer, er farið að gera á ýmsum öðrum mikilvægum sviðum.

Það hefur verið talað mikið um Heyrnleysingjaskólann. Sannleikurinn er sá, að heyrnleysingjaskóli er ekki nema einn þáttur og alls ekki stærsti þátturinn, sem er í þeirri heildarkeðju, ef svo mætti orða það, sem á að vera til staðar í öllum þróuðum þjóðfélögum um endurhæfingu og meðferð þeirra landa okkar, þeirra ógæfusömu manna, sem við heyrnarleysi eða aðra fötlun eiga að búa. Ég legg mikla áherzlu á þetta, og ég held, að við Íslendingar ættum hvað úr hverju að hafa lært það af mörgum og ítrekuðum mistökum, að við ættum, þegar við förum að byggja upp þennan mikilvæga þátt heilsugæzlunnar í landinu, að byrja á byrjuninni, setjast niður til þess að ákveða, hvaða heildarskipulag beri að viðhafa um endurhæfingu heyrnardaufra í landinu. Við ættum að fá til þess menn, sem hafa vit á, að setjast niður og leggja þessar línur. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á

því, að slík rannsókn verður ekki af nokkru viti gerð og engar till. til úrbóta gerðar, sem gagn verður af, nema menn með læknisfræðilega sérmenntun í þessum efnum komi til. Þetta er staðreynd, sem aðrar menntaðar þjóðir hafa fyrir löngu viðurkennt og við verðum líka að viðurkenna. Ég held sem sagt, að byrjunin hjá okkur ætti að vera sú að kjósa n. þar til hæfra manna, sérmenntaðra manna að einhverjum hluta a. m. k., til þess að undirbúa heildarlöggjöf um meðferð og endurhæfingu heyrnleysingja.

Það er staðreynd, að í landinu er ekki starfandi nein heyrnardeild, sem því nafni er nefnd meðal nokkurra annarra menntaðra þjóða, heyrnardeild, þar sem þeir, sem eiga við heyrnleysi að búa af ýmsum ástæðum, geti í gegnum læknisfræðilegar aðgerðir gert sér vonir um að fá bætt úr þessum göllum, sem þeir hafa annað hvort fæðzt með eða fengið vegna einhverra ytri aðstæðna síðar á ævinni. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., þegar hann talar um heyrnardeild í sambandi við Heilsuverndarstöðina í Reykjavík. Ég hygg, að enginn maður, sem þekkingu hefði á þeim hlutum, mundi leyfa sér að nefna þá starfsemi, sem þar fer fram, heyrnardeild, vegna þess að þar er um að ræða fyrst og fremst leitarstöð, sem hefur það að markmiði að reyna að finna þau börn og unglinga, sem þjást af heyrnarleysi. Úr því að á þessa leitarstöð hefur verið minnzt, langar mig til þess að vekja athygli hv. alþm. á því, að hún er að því er ég bezt veit fyrst og fremst orðin að veruleika vegna áhuga og fórnfúss starfs nokkurra einstaklinga í landinu, sem fundið hafa til með þeim börnum, sem þjást af heyrnarleysi og lagt fram óhemju starf, óhemju tíma og oft og tíðum fjármagn úr eigin vasa til þess að koma upp þessari leitarstöð. Þar er ekki hlutur ríkisins stór frekar en víðar í þessum málum.

Það er þó alger undirstaða undir því að reyna að hjálpa heyrnardaufu fólki til framtíðarþroska, að hægt sé að finna það nógu snemma, eins snemma og mögulegt er, og nota síðan þau meðul, sem til staðar eru til að hjálpa því, til þess að það geti náð þroska og gengið út í lífið á sem flestum sviðum sem hæfir menn til þess að gegna hinum ýmsu stöðum í þjóðfélaginu. Ég hef það frá mjög vel þekktum sérfræðingi í heyrnarlækningum, sem hefur starfað um margra áratuga skeið að þessum málum, að hann hafi einungis fundið einn sjúkling, sem hafi verið algerlega heyrnarlaus að mig minnir af 25—30 þús., sem hann hafi skoðað, og allir, sem hafi heyrnarleifar, hafi vissa möguleika með hjálp tækja að þroska þær leifar svo mikið, að þeir geti gengið út í störfin í þjóðfélaginu.

Nú segir hæstv. forseti, að tími minn sé búinn, og skal ég hlíta þeim úrskurði. Mér gefst væntanlega tækifæri til þess að ræða framhald þessara mála í sambandi við þáltill. hér á eftir. Að síðustu vildi ég aðeins segja það vegna þess, sem hér hefur verið sagt í þessum umr., að það eru uppi eldri og nýrri kenningar um, hvernig bezt megi vinna að endurhæfingu heyrnardaufra, og þar sem við hérna á hv. Alþ. höfum séð álit nokkurra þeirra sérfræðinga, sem aðhyllast hinar eldri kenningar í þessum efnum, tel ég, að nauðsynlegt sé líka, að við eigum þess kost að kynnast að nokkru leyti sjónarmiðum hinna yngri lækna, sem boða nýjar aðferðir í þessum efnum og að því er mér sýnist á mörgum sviðum langtum áhrifameiri en þær gömlu geta nokkurn tíma verið. En sem sagt, vegna þess að tími minn er búinn, þá mun ég geyma mér það til umr. um þáltill. um Heyrnleysingjaskólann.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt, þegar áhugi vaknar fyrir nauðsynjamálum. Það hefur gerzt tvisvar sinnum, að þegar þm. hafa flutt mál til efnislegrar meðferðar í þinginu og ákvörðunar, hafa aðrir þm. rokið upp til handa og fóta og borið fram fsp. um sama mál, þannig að þeir gætu komið fsp. til umr. á sömu dagskrá, en á undan. Þessi forumr. um mál heyrnleysingja hefur farið af stað sökum þess, að fsp. var borin fram á Alþ. um sama mál og þáltill. hafði verið borin fram um, og eru þessi mál á dagskrá samtímis, þ. e. a. s. fsp. á undan, þáltill. á eftir. Þetta mál er því á dagskrá á eftir til almennrar efnislegrar umr. og til ákvörðunar fyrir þingið. Mál eins og þetta verður ekki afgreitt með spurningu og svörum um það, hvernig málið standi.

Till. sú, sem ég stend að flutningi að ásamt öðrum þm., er þannig:

„Þar eð Heyrnleysingjaskólinn býr nú við allsendis ófullnægjandi húsnæði, ályktar Alþ. að skora á ríkisstj. að hefja þegar á næsta vori byggingu 1. áfanga fyrirhugaðrar byggingar Heyrnleysingjaskólans, svo að honum verði búin forsvaranleg ytri skilyrði og starfsaðstaða og gert unnt að gegna þýðingarmiklu hlutverki sínu.“

Ég leitaði samflutnings um málið og urðu þeir til þess hv. 11. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Sunnl., þ. e. a. s. sá maður, sem sat í hans sæti hér sem varamaður, þegar hann sjálfur var á Norðurlandaráðsþingi. Ég fór þess einnig á leit við þm. úr liði Alþfl. að vera meðflm. að málinu, en þeir höfnuðu því. Sýnir þetta, að ég vildi fá sem almennastan stuðning við flutning málsins, — að ég ætlaði mér ekki að hafa það sem neina rós í hnappagat, heldur heimsótti ég þennan skóla, og ég komst við af því ástandi, sem þar ríkir vegna vanbúnaðar af ríkisins hendi. Og það var því sannfæring mín, að það yrði að flytja málið til efnislegrar meðferðar og afgreiðslu á Alþ., og það mætti ekki undan dragast, að Alþ. hæfi framkvæmdir eigi síðar en á næsta vori til þess að bæta úr þessari aðstöðu.

Það er aðeins einn skóli rekinn í okkar landi fyrir þessi fötluðu börn, mállaus og heyrnarlaus í flestum tilfellum og á ýmsum stigum þó, og hann er vanbúinn að öllu leyti. Það er til vansæmdar. Ég held, að ég láti mér nægja, að minna aðeins á örfá atriði í sambandi við þetta mál nú, því að ég geri ráð fyrir, að málið verði rætt síðar í dag.

Ég vil aðeins segja, að þegar menn deila um, hvort eigi að hafa heyrnarlaus börn í sérskóla eða í

samskólum, þá er ekki hægt að segja annaðhvort eða, alls ekki. Ég þekki dálítið til almennra skóla, og ég veit, að þar yrði alger misþyrming á heyrnardaufum og heyrnarlausum börnum að hafa þau í 40 nemenda bekkjum, án þess að það verði við skólann nokkur sérfróður kennari um kennslu slíkra barna. Það væri hið mesta glapræði. Það væri afbrot gegn þessum börnum. Og ég hef borið mig saman við fleiri skólamenn, og þeir komast allir að þeirri niðurstöðu, að það væri afbrot gagnvart börnunum að setja þau í almenna skóla með fullskipaða bekki. Heyrnarlausum börnum verður ekki kennt, — það ber öllum saman um, — í fjölmennari bekk en 5—8. 8 er algert hámark samkvæmt öllum þeim plöggum, sem ég hef, frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð, og þar er talað af sérfræðingum. Auk þess er alls staðar á því hamrað, að það verði að sjá börnunum fyrir sérfræðilegri kennslu. Það verður eins og kostur er að nota öll tæki, alla magnara og heyrnartæki, sem hægt er að nota í þjónustu slíkrar kennslu og það verður umfram allt að hafa sérfróða kennara. Á öllum þessum sviðum erum við vanbúin. Það hefur verið vitnað í danskan lækni, sem heldur því fram, að börn, sem þjást af heyrnarleysi, eigi að vera í almennum sérskólum, og það er rétt, að þessi læknir hefur verið hér á ferð, og hann hefur verið spurður í íslenzkum blöðum og svarað á einum stað alveg hiklaust, að börnin eigi að vera í almennum skólum. Hann segir:

„Kennslan ætti ekki að fara fram í sérstökum skólum, heldur innan veggja barnaskólanna í sérbekkjum", — segir hann þó, — „þar sem börnin nytu kennslu sérhæfra kennara. Það ætti ekki að einangra börnin, heldur kenna þeim að lifa í eðlilegu umhverfi."

En væri nú hægt að tryggja þeim sérkennslu í barnaskólunum almennt? Það væri ekki hægt. Þess vegna verður að færa þau saman. Danir hafa komið á hjá sér mjög fullkomnu kerfi að því er þetta snertir, en ég hef plögg, sem ég get gert þm. kunnug, sem sýna, að þar þykjast þeir þurfa að koma á samstarfi sveitarfélaga og borga á svo stóru svæði, að það sé a. m. k. um 30 þús. börn á skólaskyldualdri að ræða, til þess að hægt sé að fá bekk af heyrnardaufum börnum, sem hægt sé að flokka niður á þau stig, sem verði að greina þau í sundur, til þess að þau njóti kennslunnar. Þar sé ekki hægt að hafa 14 og 16 ára börnin saman. Það verður að taka þau, sem eru á sérstöku stigi heyrnar, og stokka þau í sundur og þá dugi ekki minna en samstarf borga og sveitarfélaga í Danmörku, sem hafi 30 þús. skólaskyld börn. Það þýðir, að við verðum auðvitað að hafa sérskóla hér, þó að við notum þann möguleika, sem sjálfsagður er, að hafa öll þau börn, sem eru með minni heyrnarskerðingu en helming, í almennum skólum, ef við getum tryggt þar sérfróða kennslu. En ef við getum það ekki, verðum við að hafa þau í sérskólum, og umfram allt verður að nota alla tækni nútímans þessum börnum til hjálpar og aðstoðar.

Hér hefur verið vitnað í nál. þeirra lækna og sérfræðinga, sem ríkisstj. skipaði til athugunar á þessum málum, sem kemst að þeirri niðurstöðu, að það væri glapræði hið mesta að hætta við byggingu Heyrnleysingjaskólans, og ég er þeirri niðurstöðu fyllilega samþykkur, af því að ég veit, að það er algerlega utan við möguleika almenningsskólanna að taka þetta hlutverk að sér. Og það væri auðvitað andleg misþyrming á börnunum, því að þau fyllast minnimáttarkennd, þegar þau umgangast hin börnin, sem ekkert er að, og geta þannig ekki á neinn hátt staðizt samkeppni í náminu við þau. Það væri að brjóta þau andlega niður líka.

En heyrnarskemmdir eru tvenns konar eftir því, sem sérfræðingurinn Stefán Skaftason læknir segir, og hann hefur látið þetta frá sér fara, með leyfi hæstv. forseta. (**Forseti:** Forseti minnir á, að ræðutími er búinn.) Já, ég skal aðeins stela einni mínútu, og ég vona, að mér verði ekki dæmt það til afbrota, því að ég er að skýra frá niðurstöðu sérfræðings um þetta. Hann segir, að heyrnleysi sé tvenns konar: Í fyrsta lagi, að ef heyrnleysi stafar af bólgu eða ígerð, muni láta nærri, að um 400 Íslendingar þjáist af slíkum heyrnarskemmdum og flestum þessum er hægt að bæta heyrnardeyfuna, sem af slíkum skemmdum stafar, með tækjum og uppskurði og öðrum lækningaaðferðum. En í öðru lagi er um að ræða skemmdir í heyrnartaug eða í heila, sem geta m. a. stafað af því, að móðir hefur fengið rauða hunda um meðgöngutímann, og er ekki langt síðan um 20 börn fæddust hér með slíkum heyrnarskemmdum. Hvað segir læknirinn um þessi börn? Hann segir: Þessar skemmdir getur engin skurðaðgerð læknað. Og það er einmitt vegna rauðra hunda, sem gengu 1963 og 1964, að hin mikla aukning nemenda í Heyrnleysingjaskólanum er, og það eru þess vegna börn að öllum líkindum af þessari gerð, sem við verðum að sjá fyrir húsnæði og kennsluaðstöðu og sérfróðum kennurum. Þetta er okkar vandamál, og þarna virðist vera um að ræða, að þarna verði ekki, að því er þennan hóp snertir, komið lækningaaðgerðum við.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þar sem ég er meðflm. að þeirri þáltill. um byggingu Heyrnleysingaskóla, sem hv. 9. þm. Reykv. gat um áðan og þar sem sá síður er tekinn upp að ræða þingmál í fsp.-tímum, af hverjum ástæðum sem það er, skal ég láta liggja á milli hluta, og með því, að hér hafa komið fram raddir um, að þessi bygging væri óþörf, vegna þess að nýjar aðferðir væru hentari, þá þykir mér rétt að láta þessar umr. um fsp. ekki fara svo fram hjá mér, að ég segi ekki nokkur orð. Þessi málefni Heyrnleysingjaskólans hafa lengi verið í deiglunni, og það eru nokkur ár síðan yfirstjórn fræðslumála var ljóst, að hér var í mikið óefni komið. Vöknuðu þá vonir um, að rösklegt átak yrði gert í málefnum skólans. Þá voru sett lög um þennan skóla, þá var úthlutað lóð undir þennan skóla, þá var gerður uppdráttur að góðum húsakosti fyrir þennan skóla og þá var tekin upp fjárveiting

fyrir þennan skóla, að vísu ekki há, 300 þús. kr., til þess að hefja undirbúning. En síðan hefur ekkert gerzt.

Ég hef í allan vetur verið í talsverðu sambandi við nokkra af foreldrum og aðstandendum þessara fötluðu barna ásamt mörgum öðrum og þm. alveg áreiðanlega, því að þetta fólk er duglegt að vinna fyrir sín mál. Það hefur líka ríka ástæðu til þess að vera það. Framan af þinginu gerðum við okkur vonir um, að nokkur leiðrétting fengist á þessum málum í sambandi við afgreiðslu fjárl. Það voru gefnar vissar vonir um það af fjvn.-mönnum, að fjárveiting til skólans yrði tekin upp á fjárl. yfirstandandi árs, en þessi von brást. Fjárlög 1969 voru afgreidd í desembermánuði s. l., án þess að nokkur fjárveiting til þessa heyrnleysingjaskóla væri þar á meðal útgjaldaliða. Þess vegna var það, að nokkrir þm., eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, undir forustu hv. 9. þm. Reykv., sem hér talaði áðan, fluttu þáltill., þar sem það var beinlínis lagt undir meðferð Alþ. hvort þm. vildu, að í þessa byggingu yrði ráðizt, og lagt var til, að í hana yrði ráðizt. Þessi till. hefur legið fyrir þingi síðan í upphafi framhaldsþings án þess að komast til meðferðar, og er það náttúrlega eitt af mörgum dæmum um það, hversu þýðingarlítið það er að flytja þáltill. í Sþ. um aðkallandi vandamál. Ég fer ekki nánar út í það að sinni. En vegna þeirra radda, sem komið hafa fram um það, að e. t. v. væri hér á ferðinni mál, sem ekki hefði mikla þýðingu, þar sem nýjar kennsluaðferðir væru komnar til, þá vil ég náttúrlega í fyrsta lagi segja, að ég hef ekki aðstöðu eða þekkingu til þess að dæma þar um. En það er alveg eindregin skoðun mín, að þrátt fyrir þær nýju aðferðir, sem boðaðar eru og hér hafa verið örlítið kynntar, verður það aldrei fullnægjandi lausn þessara mála. Það hlýtur alltaf að þurfa sérskóla fyrir hluta af þessum börnum, eins og hér hefur raunar verið lögð áherzla á. Mér er fyllilega kunnugt og okkur flm. um þann góða skerf, sem Zontaklúbbur Reykjavíkur hefur lagt til úrlausnar málefnum heyrnarlausra og ýmislegt, sem sá félagsskapur hefur til leiðar komið. Og jafnframt er okkur kunnugt um það sjónarmið þessa fólks, að ekki eigi að leggja áherzlu á kennslu í sérskólum. Ég hef lesið grein eftir Stefán Skaftason lækni, sem hér hefur mikið verið vitnað til. Ég hygg, að öllum þm. hafi verið send hún. Hún var birt í málgagni Rauðakrossins, Heilbrigt líf, í 1. tölublaði 1968. Og ég segi það enn og aftur, að ég hef ekki skilyrði til að gera upp á milli þeirra aðferða, sem þarna koma til greina, og báðar eiga sér ákveðna og snjalla formælendur. En ég vænti þess, að hv. þm. hafi líka kynnt sér álitsgerð sérfræðinganefndar, sem menntmrn. skipaði og skilaði áliti 11. febr. s. l., og ég vænti þess, a. m. k. vonast til þess, að hafi menn ekki gert það, þá kynni þeir sér þau fskj., sem þessu áliti fylgja, því að þau eru mörg, og þau eru ekki sammála því, sem þessi danski sérfræðingur, sem hér hefur verið vitnað til og ég man ekki í svipinn hvað heitir, heldur fram. Það er ekki eins og það hafi verið fundin algild formúla fyrir lausn þessara mála, þó að þessi sérfræðingur hafi sett sína tilgátu fram og hann eigi nokkra formælendur. Það eru mjög margir sérfræðingar á annarri skoðun, mjög margir. Og ég er alveg sannfærður um það, að jafnvel þó að þessi nýja aðferð eigi vaxandi fylgi að fagna, þá er svo langur vegur frá því, að hún ein geti leyst þessi mál hér á landi. Það er kannske hugsanlegt, — við skulum segja, að það sé hugsanlegt að leysa málefni heyrnardaufra og heyrnarlausra barna í Reykjavík á þennan hátt. En hversu langt hlýtur ekki að verða þangað til málefni þeirra barna, sem svipað er ástatt með og eiga heima annars staðar, geta leystst með því, að það séu sérstakar kennsludeildir í skólunum víðs vegar um landið. Ég sé ekki fram á það. Ég vonast fastlega til þess, að þegar þessi þáltill. kemur til umr. og atkvgr., þá sýni þm. á jákvæðan hátt, að þeir séu þessarar skoðunar með því að samþykkja till., og ég skal svo geyma mér að öðru leyti frekari umr. um þetta mál.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil taka undir þau ummæli, sem hér voru sögð áðan, að hér sé um eitt af brýnustu verkefnum í skóla- og uppeldismálum okkar að ræða. Og eins og 1. flm. þeirrar till., sem hér er rætt um, þá sannfærðist ég um þetta, þegar ég heimsótti þennan skóla ásamt menntmn. Nd. fyrir nokkrum árum. Ég vil aðeins vona að deilur milli þeirra, sem fylgja eldri skoðunum og hinna sem fylgja þeim nýrri um lausn þessu máli, verði ekki til þess að tefja það. Eftir því, sem ég hef komizt næst með því að lesa ýmislegt um þessi mál, þá virðist mér, eins og síðustu tveimur ræðumönnum, að það sé alveg útilokað fyrir okkur Íslendinga að leysa þessi mál án þess að hafa sérskóla til og án þess að hafa góða heimavist við þann skóla, vegna þess að það verður að vera skóli fyrir allt landið. Hins vegar viðurkenni ég, að það er mjög nauðsynlegt fyrir fatlaða, hvernig sem sú fötlun er, að fá að vera sem mest innan um heilbrigða. Þess vegna hefur mér dottið í hug, hvort það sé ekki hægt að ganga mjög til móts við hin nýrri sjónarmið með því að reisa hinn nýja Heyrnleysingjaskóla við hliðina á t. d. stórum barnaskóla í Reykjavík. Og þá mætti vera mikill samgangur og samstarf á milli skólanna. Við getum ekki haft sérþjálfaða kennara í barnaskólunum um allt land, en við gætum haft þá í einum stórum barnaskóla í Reykjavík. Með þessu móti mætti veita börnunum sérþjálfun og sérkennslu í Heyrnleysingjaskólanum, þegar þau þurfa, en jafnóðum og þau hefðu möguleika á því að samlagast í venjulegum skólabekkjum eða jafnvel í litlum deildum inni í venjulegum skóla, þá mundi það verða hægt án mjög mikillar fyrirhafnar, og börnin mundu því njóta þess að vera eins mikið og framast er mögulegt innan um heilbrigð börn, leika sér með þeim og jafnvel læra með þeim eins og hægt er. Við erum ekki búnir að ákveða að hefja framkvæmdir við nýja Heyrnleysingjaskólann, og ég vil aðeins varpa

fram þessari hugmynd til athugunar, áður en staðsetningin er endanlega ákveðin og fara fram á, að menn íhugi, hvort ekki sé hægt að njóta kostanna bæði af hinum eldri kenningum og hinum nýju með því að fara þannig að.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég skal lofa því að vera stuttorð. Eins og ég sagði áðan, mun ég geyma mér frekari umr., þangað til þáltill. verður tekin til umr., en það voru örfá atriði, sem ég vildi samt fyrir mitt leyti svara, sem fram hafa komið í ræðum hv. þm., sem hér hafa síðast talað. En fyrst leikur mér eiginlega forvitni á að vita, hvers vegna hv. 9. þm. Reykv. bauð ekki öllum flokkum að gerast meðflm. að þessari till. sinni. Ég fyrtist ekki við það, þó að hann hafi ekki leitað til mín, það er síður en svo. (Gripið fram í.) Mér skildist, að það ætti að efna til samfylkingar þarna, og þá hélt ég, að það væri kannske einhver skýring til á því, að stærsti flokkurinn var skilinn eftir.

Þessi sami hv. þm. talaði um, að það væri misþyrming að setja heyrnarskert börn inn í barnaskóla, án þess að þau nytu þar kennslu sérmenntaðra kennara. Það dettur auðvitað ekki nokkrum einasta manni í hug, enda leiðrétti hv. þm. sig síðar að því leyti. Að tala um andlega misþyrmingu heyrnarskertra barna með því að setja þau inn í heilbrigt umhverfi, talandi og heyrandi umhverfi, það get ég ekki tekið undir. Ég ætla ekki að fara lengra inn á það nú, því að eins og ég áður sagði, mun ég geyma mér til umr. um þáltill. að ræða það mál frekar.

En það var annað, sem kom fram hjá einum hv. ræðumanni hér áðan, að það hefði verið sagt, að það væri óþörf nýbygging fyrir Heyrnleysingjaskólann. Ég vil a. m. k. láta það vera alveg ljóst, að ég hélt því ekki fram. Ég sagði bara einfaldlega, að ég gæti ekki kveðið upp úr um það, hvort sérskóli fyrir heyrnarskerta væri nauðsynlegur. Það, sem ég lagði áherzlu á, var, að ef sérskóli er talinn nauðsynlegur, — það má vel vera, og það er alveg rétt, að þeir munu vera til í öllum löndum, — þá yrði áður en ráðizt yrði í þessa stóru byggingu, sem miðast við allan þann fjölda, sem nú er í skólanum, — áður en ákvörðun yrði tekin um að ráðast í hana, væri áætlunin endurskoðuð með hliðsjón af því, hvað væri talið unnt og rétt að vista mörg af þeim börnum, sem þarna er um að ræða, í hinu almenna skólakerfi og í leikskólum, og fyrir mitt leyti, ég held að ég hafi tekið það fram áðan, legg ég alveg sérstaka áherzlu á, hvað hægt sé að gera fyrir yngstu börnin, því að þar er þó mests árangurs að vænta, því endurhæfing barnanna verður því áhrifaríkari, sem þau eru yngri að árum, þegar byrjað er.

Það er alveg rétt, að það má vel vera, að það sé erfitt, og ég þori heldur ekki að kveða upp úr um það, að hve miklu leyti það er framkvæmanlegt að kenna heyrnarskertum börnum úti um landið í almennum skólum. Ég geri ráð fyrir, að það mundi algerlega stranda á því, að það séu ekki sérmenntaðir kennarar til þess að leysa það verkefni af hendi víðs vegar um landið. En börnin eru dreifð um allt land, eins og vitað er, og þessi stóri hópur, sem bættist í skóla nú í haust, er ekki nema að ⅓ hluta úr Reykjavík. Önnur munu vera utan af landinu.

Svo ætla ég loks að koma að því, sem hv. 5. þm. Vesturl. vék að áðan um byggingu heyrnleysingjaskóla í tengslum eða í sambandi við barnaskóla Reykjavíkur. Þetta er hugmynd, sem er mjög athyglisverð, en hún er ekki ný fyrir mér, því að í plöggum, sem ég hef ekki vegna ræðutíma haft aðstöðu til eða tíma til að fara frekar út í, kemur einmitt fram hjá sænskum skólayfirvöldum, að þar er lagt það mikið upp úr talandi umhverfi fyrir heyrnarskerta, að þeir eru með áætlanir einmitt um að bókstaflega byggja nýja heyrnleysingjaskóla eða skóla fyrir heyrnarskerta inn í almenna barnaskóla. Ég skal bæta því við, að þar er líka mikil þróun í þá átt að hafa svokallaða utanskólabekki, setja þá inn í barnaskóla, og stjórnunarlega lúta þeir hlutaðeigandi barnaskóla, en kennslulega hins vegar sérskólum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég tók eftir því, að í fyrri ræðu hv. 2. þm. Reykv., Auðar Auðuns, þá sagði hún, að hún væri þeirrar skoðunar, að það eigi að vista heyrnarlaus börn og þau geti vistazt í hinu almenna skólakerfi. (Gripið fram í.) Ekki heyrði ég nú þá viðbót, en ég skrifaði þetta niður eftir hv. þm. undir eins og orðin voru töluð, og má það vera meiri misgáningurinn hjá mér, ef ég hef afbakað þau. Börnin eigi að vistast og geti vistazt í hinu almenna skólakerfi. Það er alveg áreiðanlegt og er áreiðanlega ekki umdeilt, að þau, sem hafa verulegar heyrnarleifar, hálfa heyrn eða meir, hafa af því not, og þeim er á því nauðsyn að vera í talandi umhverfi, en það kemur skýrt fram í nál. sérfræðinganna íslenzku, að þegar ekki finnst neisti af heyrnarhæfileika hjá barninu, hefur það engin not af hinu talandi umhverfi, og þá fyllist það minnimáttarkennd innan um slíkt talandi umhverfi, og þá er víða böl. Það minnsta kosti þykist ég skilja, sem hef verið kennari upp undir 20 ár, og ég hef kynnzt heyrnardaufum börnum og veit, hversu vanmáttugur hinn almenni skóli er til að mæta þeirra þörf og nauðsyn. Það er meira að segja svo, að sjálfur Ole Bentsen, sá sérfræðingur, sem menn hafa eftir þá kenningu, að enga sérskóla eigi að hafa fyrir heyrnarlaus börn, að þegar hann í öðru blaðaviðtali er spurður á þennan hátt: „Þér viljið leggja niður alla sérskóla og stofnanir fyrir vanheil börn.“ Þá vefst honum tunga um tönn, og hann segir: „Ja, ég vil að minnsta kosti ekki, að þau séu gerð útlæg úr þjóðfélaginu.“ Það var nokkuð að svara út úr fannst mér. Svo hann er nú ekki alveg harður á sinni kenningu, sem hann hefur látið hafa eftir sér annars staðar, að það eigi að hafa þau alveg innan um talandi börn. En í talandi umhverfi þurfa þau börn að vera, sem hafa hálfa heyrn eða meira. Það er líka rauður þráður í gegnum sænska skólakerfið að því er þetta varðar, en sérskóla fyrir

hin, sem verða að hafa algerlega sérfræðilega kennslu, heyrnartæki af öllum tegundum og læknislega meðferð og talæfingar sérfróðra manna. Slíkt geta barnaskólarnir ekki annazt almennt. Þess vegna er um það tómt mál að tala. Það á ekki við að segja, að heyrnarlaus börn skuli vera og eigi að vera í talandi umhverfi og í hinum almennu skólum. Það er ekki fortakslaust rétt, og það er alger villukenning, að öll heyrnarlaus börn eigi að vera í almennum barnaskólum, það væri þeim áreiðanlega misþyrming.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Meining mín með þeim orðum, sem ég viðhafði við þessa umr., var fyrst og fremst sú að reyna að vekja eftirtekt á því, að við eigum gífurlega margt ógert í sambandi við málefni heyrnardaufra. Þar er mikilla átaka þörf, og til þess að betrumbæta ástandið í þeim efnum þarf talsvert fjármagn.

Hér er verið að tala um, hvort eigi að verja miklu fé til byggingar nýs heyrnleysingjaskóla. Ég segi, að vegna hinnar miklu þarfar á þessum sviðum almennt talað, þá eigum við að setja niður sérfróða menn til þess að meta ástandið almennt, meta hvar þörfin á framkvæmdum er mest og einbeita okkur að þeim sviðum, meðan við höfum ekki efni til þess að vinna að öllum verkefnum í einu.

Ég er þeirrar trúar, að þörfin fyrir fullkomna heyrnlækningadeild við eitthvert af ríkissjúkrahúsunum í landinu sé ákaflega brýn. Ég er þeirrar trúar ennfremur, að þörfin á fullkominni leitarmiðstöð fyrir heyrnleysingja sé ennfremur ákaflega brýn, og ég veit fjölda dæma þess, bæði hér á landi og raunar annars staðar frá, hversu það hefur valdið miklum erfiðleikum og seinkað bókstaflega um mörg ár þroska þeirra barna, sem einhverjar heyrnarleifar eiga eftir, að fá vitlaus heyrnartæki, sem ekki eiga við þau og gera þeim alla lífsbaráttuna miklu erfiðari en ella. Ég er alveg sammála því, sem kom fram hjá Hannibal Valdimarssyni áðan, að þau börn, sem hafa einhverjar heyrnarleifar, þroskast miklu fyrr, læra miklu fyrr að tala, ef þau eru í umhverfi með öðrum börnum, sem eru fulltalandi.

Vandinn hjá okkur er að tryggja, að öll þau börn, sem hafa heyrnarleifar, fái þau beztu tæki, sem völ er á, svo hægt sé að setja þau í samskólana, þar sem það er hægt og aðstæðurnar leyfa, undir stjórn sérmenntaðra kennara og láta þau umgangast heilbrigðu börnin. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þetta er það langbezta. En til þess að þetta sé hægt, þurfum við, eins og hér hefur verið vikið að, að mennta miklu fleiri kennara til þess að kenna þessum börnum, og ekki síður þurfum við að tryggja, að þau börn, sem þjást af heyrnardeyfu, fái nákvæma og viðeigandi rannsókn og þau tæki, sem þeim bezt henta, til þess að þau geti lært málið á þeim stöðum, þar sem beztur árangur verður. Eða er það ekki almennt vitað og viðurkennt, að ef t. d. Íslendingur vill læra frönsku, þá lærir hann hana hvergi betur en ef hann fer til Frakklands og er látinn brjótast þar áfram, heyrandi frönskuna talaða dag frá degi? Hann lærir hana miklu fyrr á þann hátt en eftir öðrum leiðum. Sama gildir um heyrnardaufu börnin, sem haldin eru málhelti. Þau læra bezt að tala, ef þau eru í umhverfi með öðrum talandi félögum sínum, heyrandi með hjálp viðeigandi tækja. Þau læra langfyrst og bezt að tala á þann hátt.

46. Málefni iðnnema.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til menntmrh. um málefni iðnnema [194. mál, 2] (A. 387).

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Ég hef leyft mér að beina til hæstv. menntmrh. svo hljóðandi fsp.:

„Hvaða ráðstafanir hyggst menntmrh. gera til þess að koma í veg fyrir, að námssamningar séu brotnir á iðnnemum með því að halda þeim atvinnu- og kauplausum langtímum saman?"

Ástæðan til þess, að ég hef borið fram þessa fsp., er sú, að veturinn 1967—68 og í miklu ríkari mæli nú í vetur kom í ljós mjög alvarlegt atvinnuleysi meðal iðnnema. Í skráningu, sem Iðnnemasamband Íslands beitti sér fyrir í vetur og engan veginn var tæmandi, reyndust um 30 iðnnemar vera atvinnulausir og kauplausir, og þeir áttu þess engan kost að fá bætur úr atvinnuleysistryggingasjóði. Margir þessara iðnnema eru kvæntir og höfðu börn á framfæri, — einn þeirra 6 börn, — en alls náði þetta skráða atvinnuleysi iðnnema til 60—70 manns, ef fjölskyldur þeirra eru meðtaldar. Þessir atvinnulausu iðnnemar og fjölskyldur þeirra áttu eins og ég sagði áðan ekki kost á neinum atvinnuleysistryggingabótum, vegna þess að lögum samkvæmt á slíkt ástand ekki að geta komið upp.

Samkvæmt námssamningi eiga iðnnemar að stunda verklegt og bóklegt nám samningstímabilið og fá samfelld laun fyrir hjá fyrirtæki eða meistara. Trygging fyrir því, að við þetta kerfi sé staðið, á að vera í iðnfræðslulögum, sem samþ. voru á Alþ. 30. apríl 1966. En æðstu aðilar, sem eiga að annast framkvæmd þeirra laga, eru iðnfræðsluráð og að sjálfsögðu hæstv. menntmrh.

Þegar ég vissi seinast til, voru margir þessara iðnnema atvinnulausir enn þá og höfðu sumir verið það í marga mánuði. En atvinnuleysi meðal iðnnema og neyðarástand hjá mörgum fjölskyldum þeirra er ekki eina ástæðan til þess, að ég ber fram þessa fsp. Ástæðan er einnig sú, að hæstv. menntmrh. hefur verið spurður um þessi mál áður, en ekki fengizt til að svara. Stjórn Iðnnemasambands Íslands sendi hæstv. menntmrh. tvívegis bréf í vetur og átti auk þess símtöl við menntmrn. Ég hef m. a. hér í höndum afrit af bréfi, sem hæstv. menntmrh. var sent 7. febr. í vetur, en þar var komizt svo að orði:

„Iðnnemasamband Íslands hefur undanfarna tvo þriðjudaga og fimmtudaga haft skrifstofu sína opna til atvinnuleysisskráningar iðnnema, samtals 4 klukkustundir. Á þessum fjórum stundum hefur látið skrá sig atvinnu- og kauplausan 21 iðnnemi, og vitað er með vissu um talsvert fleiri. Þar sem þessir nemar eru kauplausir, eins og fyrr er sagt, er hér um að ræða skýlaust brot á námssamningi þeim, sem gerður er við upphaf iðnnáms, á milli nema og meistara eða fyrirtækis, en samkvæmt samningnum á nemi að stunda verklegt og bóklegt nám samningstímabilið og fá laun fyrir hjá fyrirtæki eða meistara. Stjórn Iðnnemasambands Íslands leyfir sér því vegna vandræðaástands þess, sem hér er að skapast, að fara fram á viðræðufund með yður um hugsanlegar leiðir til úrbóta fyrir þessa menn, sem margir hverjir eru fjölskyldumenn og fá ekki atvinnuleysisbætur, þar sem þeir eru ekki í verkalýðsfélagi innan A. S. Í."

En þessar tilraunir Iðnnemasambandsins til þess að leysa málin með beinu sambandi við hæstv. ráðh. báru engan árangur. Bréfunum var ekki svarað, símtölin leiddu ekki til neins. Hæstv. menntmrh. hafði ekki tíma til að sinna iðnnemum. Það er þess vegna, sem ég hef flutt þessa fsp. hér. Þegar fsp. hefur verið samþ. af meiri hl. Alþ., er ráðh. skylt að svara henni.

Enda þótt dæmið, sem ég hef rakið, sé mjög alvarlegt og raunar gersamlega ósæmilegt, eru iðnnemar óánægðir með margt fleira í sambandi við nám sitt og starf. Það kemur m. a. fram í ályktun, sem allur þorri nemenda Iðnskóla Reykjavíkur hefur undirritað síðustu daga. Sú fyrri fjallar um iðnfræðslumál og iðnfræðslulöggjöfina og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nemendur Iðnskólans álykta eftirfarandi um iðnfræðslulöggjöfina:

1. Nemendur Iðnskólans krefjast þess, að komið verði á raunhæfu kennslueftirliti, og mótmæla harðlega því ástandi sem nú ríkir í þessum efnum. Samkv. gildandi lögum um iðnfræðslu skal iðnfræðsluráð fara með framkvæmd þessara mála undir yfirstjórn menntmrh. Benda má í þessu sambandi á 31. gr. iðnfræðslulaganna, en þar segir:

„Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur a. m. k. einu sinni árlega og árita þær þar um."

Þetta brýna ákvæði laganna um verksvið iðnfulltrúanna hefur ætíð verið sniðgengið af iðnfræðsluyfirvöldunum, þrátt fyrir að vitað sé, að meistarar og iðnfyrirtæki vanrækja í mörgum tilfellum að veita nemendum sínum þá kennslu og þjálfun, sem lögin ákveða.

2. Nemendur Iðnskólans krefjast þess, að iðnfræðsluráð haldi uppi leiðbeiningastarfi um starfsval og fylgist með atvinnuhorfum innan einstakra starfsgreina. Í raun og veru ber iðnfræðsluráði skylda til þess að gera þetta, því að í 10. gr. iðnfræðslulaganna segir:

„Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningarstarfi um starfsval innan þess sviðs, sem fellur undir ákvæði þessara laga. Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu- og atvinnuhorfum innan einstakra starfsgreina. Það skal árlega leita þar um álits hlutaðeigandi félagasamtaka."

3. Nemendur Iðnskólans krefjast þess, að þegar í stað verði komið í veg fyrir atvinnuleysi iðnnema og að menntmrh. láti þetta mál til sín taka, eins og honum ber skylda til. Atvinnuleysi meðal iðnnema er staðreynd, sem iðnfræðsluyfirvöld geta ekki gengið framhjá. Kom það m. a. vel fram í atvinnuleysisskráningu Iðnnemasambands Íslands, en þar létu um það bil 30 iðnnemar skrá sig í vetur, og vitað var um marga aðra, sem voru atvinnulausir. Um það bil helmingur hinna skráðu atvinnuleysingja eru fjölskyldumenn og eiga því í stórkostlegum fjárhagserfiðleikum og eins víst, að margir þeirra verði að hætta iðnnámi. Þorri þessara atvinnulausu iðnnema er enn atvinnulaus, og hafa því margir þeirra verið atvinnulausir frá því snemma í haust. Það er álit nemenda Iðnskólans, að iðnfræðsluyfirvöld hafi algerlega brugðizt iðnnemum í þessu máli og ástandið væri mun skárra, ef iðnfræðsluráð hefði starfað eftir 10. gr. iðnfræðslulaga, sem að ofan getur."

Síðari ályktun nemendanna fjallar um aðbúnað Iðnskólans og er svo hljóðandi:

„1. Nemendur Iðnskólans mótmæla harðlega þeim seinagangi, sem verið hefur á byggingu viðbyggingar Iðnskólans í Reykjavík og krefjast þess, að þegar í stað verði auknar fjárveitingar til hans, því að gamla húsnæðið rúmi alls ekki þá verknámskennslu, sem ráð sé fyrir gert.

2. Nemendur Iðnskólans krefjast þess, að auknar verði fjárveitingar til tækjakaupa Iðnskólans, en mikill skortur er á nauðsynlegum tækjum, enda segir í 13. gr. iðnfræðslulaganna, að skólarnir eigi að leggja áherzlu á, að nemendurnir öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum.

3. Nemendur Iðnskólans krefjast þess, að menntmrh. láti fastráða kennaralið Iðnskólans. Nú í dag er aðeins tæpur helmingur kennaraliðs skólans fastráðinn, og veldur þetta mjög miklum erfiðleikum. Fjölmargir kennarar eru starfandi úti í atvinnulífinu, og þeirra aðalstarf stangast því oft á við kennslu þeirra í skólanum, og orsakar þetta mikla niðurfellingu kennslustunda. Það er einróma álit nemenda skólans, að meðan ástandið er

óbreytt, sé ógerningur fyrir skólayfirvöldin að skipuleggja kennsluna og samræma námsskrá töflu, svo að vel sé.

4. Nemendur Iðnskólans krefjast þess, að forfallakennarar verði nú þegar fengnir við skólann.

Að lokum vilja iðnskólanemendur lýsa því yfir, að það skipulagsleysi og sú handahófskennd, sem ríkt hefur á stjórn iðnfræðslumálanna og málefnum iðnskólanna stafi af slælegri yfirstjórn þeirra æðstu yfirvalda og rn., sem þetta mál heyrir undir, enda sé ekki að vænta neinna raunhæfra endurbóta, nema aukinn skilningur verði fyrir hendi hjá yfirstjórn iðnfræðslumálanna. Nemendur Iðnskólans krefjast þess, að menntmrh. láti þessi mál þegar til sín taka, sem honum ber skylda til, og munu þeir fylgjast vel með, hverju fram vindur."

Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. víki einnig að þessum atriðum í svari sínu. Hann hefur að þessu sinni mun betri áheyrendur en endranær, vegna þess að iðnnemar í Reykjavík hafa komið úr skóla sínum til að fylgjast með svörum hæstv. ráðh.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Spurt er um, hvaða ráðstafanir ég hyggist gera til að koma í veg fyrir, að námssamningar séu brotnir á iðnnemum með því að halda þeim atvinnu- og kauplausum langtímum saman.

Skv. gildandi lögum eru námssamningar að sjálfsögðu bindandi fyrir báða aðila allan námstímann, sem venjulega er 4 ár. Til þess að ég geti gert ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að námssamningar séu brotnir, þurfa að liggja fyrir kvartanir um, að þeir séu brotnir. Þá mundi ég að sjálfsögðu láta rannsaka málið og gera þær ráðstafanir, sem við eiga til þess að tryggja, að samningar séu haldnir. Samning á að halda, en ekki brjóta. Sé um löglega gerðan samning við nemanda að ræða, á hann ekki að geta orðið atvinnu- og kauplaus á námstímabilinu.

Í menntmrn. eða hjá iðnfræðsluráði eru hins vegar engar kvartanir um, að námssamningar hafi verið brotnir á iðnnemum að þessu leyti. Ég vona, að öllum hv. alþm. sé ljóst, að ekki er hægt að ætlast til þess af neinum, hvorki ráðh. né öðrum, að hann rannsaki kvörtun, sem ekki hefur borizt, né komi í veg fyrir brot, sem honum hefur aldrei verið tilkynnt um, að eigi sér stað.

Hv. fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni ályktanir, sem nemendur Iðnskólans hafa gert, og þeir hafa fyrir stundu afhent mér. Ég hef fyrir um það bil klukkustundu átt mjög vinsamlegar viðræður við fulltrúa iðnnema um málefni þeirra. Og satt að segja verð ég að segja, að allur blær á þeim viðræðum var með mjög öðrum hætti en hv. fyrirspyrjandi virðist vilja að sé á okkar orðaskiptum á Alþ. En ég mun ekki láta hafa mig til þess að anza að neinu leyti ertni hv. þm., — pólitískri ertni hv. þm. Ég tel miklu meira um vert að ræða í alvöru og af áhuga um þau málefni, sem ég veit, að iðnnemarnir hafa áhuga á. Og það, sem er kjarni í ályktunum iðnnemanna og aðalatriði í málflutningi þeirra, var, að þeir óska eftir nánara eftirliti með framkvæmd námssamninga en nú á sér stað, þ. e. a. s. nánara eftirliti á framkvæmd meistara á námssamningi en nú á sér stað.

Mér er fullljóst, að ekki er nægilegt aðhald að meisturum um það, að þeir sinni hagsmunum iðnnema, eðlilegum námskröfum þeirra eins og æskilegt væri. Ég hef áratugum saman verið þeirrar skoðunar, að það iðnfræðslukerfi, sem við og raunar fleiri grannþjóðir búum við, sé stórgallað eða réttara sagt það, sem við höfum búið við til skamms tíma, sé stórgallað. Á því hafa verið margs konar vandkvæði að breyta því, og er öllum eldri alþm. kunnugt um, hvernig því er varið.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að iðnnám eigi alls ekki nema þá að mjög litlu leyti að fara fram hjá meistara, heldur eigi að fara fram sem verknám í iðnskóla. Þessi skoðun mín var undirrót þess, að ég á sínum tíma skipaði n. til þess að endurskoða íslenzka iðnfræðslukerfið. Sú n. vann mjög gott starf í tvö ár og samdi frv. að lögum, sem í öllum aðalatriðum var samþ. óbreytt hér, að mestu leyti samhljóða, fyrir nokkrum árum. Og grundvallaratriðið mér til mikillar ánægju í þessari nýju löggjöf er einmitt það, að verknám iðnnema er flutt af verkstæðunum, frá meisturunum og inn í verknámsskólann. Þessu nýja kerfi er nú verið að hrinda í framkvæmd. Enginn sanngjarn maður mun ætlast til þess, að slíka gerbyltingu á fyrirkomulagi iðnnáms sé hægt að framkvæma á fáum árum. Til slíks ætlast engir, nema ósanngjarnir stjórnarandstæðingar. En þessa breytingu er verið að framkvæma, og ég tel, að fullyrða megi, og geri það með góðri samvizku, að byggingar eða útvegun húsnæðis í þágu þessarar breytingar hafi gengið vonum framar. Allmiklar fjárveitingar hafa verið til hinnar nýju iðnskólabyggingar hér í Reykjavík, en þar eð fyrirsjáanlegt var, að sú bygging gat ekki gengið svo hratt, að unnt væri að hefja fullkomið verknám Iðnskólans í þeirri nýju byggingu, þá var sú ráðstöfun tekin, að mikið húsnæði, sem áður hafði verið í eign og á vegum Landssmiðjunnar, var tekið í þágu þessa nýja verknáms. Á s. l. ári, tiltölulega stuttu eftir að ný lög hafa verið samin um þetta efni, hafa um það bil 90—100 nemendur í járniðnaði, í málmiðnaði, fengið verknámskennslu innan Iðnskólans í því húsnæði, sem áður var Landssmiðja Íslands. Enginn vafi er á því, að í þessari grein hafa allar aðstæður til iðnnáms tekið stórkostlegum stakkaskiptum. Ég vil segja, að um byltingu hefur verið að ræða, frá því sem áður var. Verknámið sjálft hefur verið aukið, og meiningin er, að hliðstæðar breytingar eigi sér stað í öðrum greinum, eftir því sem byggingu hins nýja iðnskóla miðar áfram.

Að því er það snertir, sem hv. þm. sagði um atvinnuleysisskráninguna, sem fram fór á s. l. ári og í fyrra, er það að segja, að enginn þeirra manna, — það legg ég sérstaka áherzlu á og bið hv. þm. að draga af því þær ályktanir, sem rökrétt verður að teljast að draga, — enginn þeirra manna, sem

skráðir hafa verið atvinnulausir, hefur kvartað eða kært um brot á námssamningi, hvorki við iðnfræðsluráð né heldur við menntmrn. Ástæðu fyrir því kann ég ekki að greina og skal ekkert greina, því að ég veit hana ekki. En það kann að tala sínu máli, að enginn þessara manna, sem þarna skráði sig atvinnulausan, hefur talið samning brotinn á sér. Hver sá, sem telur samning brotinn á sér og kemur með sitt mál, annaðhvort til iðnfræðsluráðs eða í menntmrn., skal sannarlega fá sitt mál athugað alveg ofan í kjölinn. Ég geri mér fullkomlega ljóst, og um það voru ég og hinir ágætu fulltrúar iðnnema, sem við mig ræddu áðan, algerlega sammála, að hér getur verið um svo viðkvæm mál að ræða, að nemandi hiki við að gera það beinlínis að kærumáli eða opinberu lögreglumáli. En eins og ég sagði við fulltrúa iðnnemanna áðan, þá eru fleiri leiðir til í þeim efnum. Ég lýsti því yfir, að starfsmenn rn. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að taka á slíkum málum sem algerum trúnaðarmálum, eins og eðlilegt er, þar sem um nemendur er að ræða, og það tilboð stendur, og við það skal að sjálfsögðu verða staðið. Ég tel það skyldu iðnfræðsluráðs og menntmrn. að líta á mál þessara manna sem nemenda, sem geta verið vandmeðfarin og viðkvæm í eðli sínu, og það er sjálfsagt að taka á þeim málum sem slíkum. En ef það ekki dugar til, til þess að réttur nemendanna sé tryggður, eins og sjálfsagt er, að hann sé, þá er rn. reiðubúið til þess að gera ráðstafanir lögum samkv. til þess að halda meisturum að sinni skyldu. Hins vegar er rétt, að það komi hér fram eins og kom fram í viðræðum mínum við nemendurna áðan og við vorum algerlega sammála um, að á margra vitorði er, að ýmsir gera námssamninga fremur til málamynda en vegna raunverulegs iðnnáms. Ýmsir menn, sem búnir eru að vinna lengi að iðngrein sinni, afla sér réttinda með því að gera samning við tiltekinn meistara. Og þá er algengt, að slíkir menn fá greitt hærra kaup, annaðhvort samkv. samningi eða utan við samning, en samkv. sérsamkomulagi við meistarann. Ef slíkir menn missa síðan verkefni og verða atvinnulausir, er það kannske skiljanlegt, að þeir hiki við að telja það brot á samningi, sem við þá hefur verið gerður, vegna þess að þeir hafa notið meiri hlunninda hjá sínum meistara en samningurinn raunverulega gefur tilefni til. Ég skal engum getum að því leiða, hvort þetta er meginskýringin eða kannske öll skýringin á því atvinnuleysi, sem skráð hefur verið við skráninguna, sem kölluð er atvinnuleysisskráning nemenda. En þetta má að sjálfsögðu sannarlega athuga. Ég hef sagt það við fulltrúa iðnnemanna og skal segja það aftur hér, að ef um er að ræða raunverulega nemendur samkv. eðlilegum námssamningi, sem eiga að búa við kaup lögum samkv., og samningi, sem ekki hafi fengið verkefni, þannig að þeir hafi misst af atvinnu og þar með af kaupi, þá er það mál, sem ég óska eftir að fá að athuga nánar og skal sannarlega ekki á því standa, að menntmrn. geri skyldu sína í þeim efnum, því að það er sannarlega skylda opinberra yfirvalda að sjá svo um, að námssamningar séu ekki brotnir. En ég ítreka, að ekkert slíkt mál liggur fyrir, hvorki hjá iðnfræðsluráði né hjá menntmrn. Og meðan svo er ekki, er það vægast sagt talsverð tilætlunarsemi, að rn. taki sig upp af jafnsléttu til þess að rannsaka mál, sem það veit ekki, hver eru og veit ekki, hvers eðlis þau eru.

Það bar vott um það hugarfar, sem liggur að baki fsp. hv. þm., að hann rakti það, að iðnnemar hefðu snúið sér bréflega til mín út af þessu atvinnuleysisskráningarmáli og ekki fengið viðtal. Ég hélt nú satt að segja, að kannske mætti ýmislegt um mína embættisfærslu segja annað en það, að ég væri ekki reiðubúinn til þess að sinna þeim mönnum, sem til mín leita í rn., hvort heldur það er bréflega eða munnlega. Það er rétt, að ég fékk á sínum tíma, — í febr. mun það hafa verið, — bréf um þessa atvinnuleysisskráningu. Ég gerði þá þegar athugun á því, hvort nokkur kvörtun lægi fyrir á grundvelli þessarar atvinnuleysisskráningar, annaðhvort í rn. eða hjá iðnfræðsluráði, og fékk algerlega neikvætt svar við. Ég lét þá í ljós við mína samstarfsmenn í rn. og iðnfræðsluráði, að ef slík kvörtun bærist, — ef dæmi kæmi um það, að iðnsamningur væri brotinn af þessu tagi, — vildi ég þegar í stað fá upplýsingar um það, það mál teldi ég þurfa að athuga. Til þessa dags eða þessarar stundar hefur ekkert slíkt erindi borizt á fjörur rn. eða iðnfræðsluráðs. Og má þá hver sem vill lá mér, að ég skuli ekki að fyrra bragði hafa gripið til sérstakra ráðstafana í þessum efnum.

Að því er viðtalsbeiðninni viðvíkur er það að segja, að ég lét þann starfsmanninn, sem skilaboðin flutti, benda á það, að ég hef viðtalstíma einu sinni í viku, 3—4 tíma í hvert skipti, og er þá að sjálfsögðu reiðubúinn til viðtals við alla þá, sem til mín leita, og er einum slíkum viðtalstíma nýlokið, sem var meira að segja alveg óvenjulega langur, þar eða hann stóð fram yfir kl. 1, svo að ég held, að ástæðulaust sé a. m. k. að gera pólitískt veður út af því, að ég sé ekki reiðubúinn til að tala við þá, sem við mig þurfa að tala. Ég veit ekki um nokkurn aðila, sem hefur ekki átt kost á því að koma skoðunum sínum á framfæri við mig, hvort sem það er umkvörtun eða beiðni eða eitthvað annað, einmitt vegna þess, að ég geri mér far um það, jafnvel þó að heilsan leyfi það ekki algerlega, að vera til viðtals á þeim tíma, sem ætlazt er til, að ráðh. séu til viðtals.

Að allra síðustu skal ég svo víkja örfáum orðum að byggingarmálum Iðnskólans. Ég hef undanfarin ár lagt á það mikla áherzlu, að fjárveitingar væru sem mestar til iðnskólanna, einmitt vegna nauðsynjarinnar á því, að verknámshugmyndinni innan iðnskólanna verði komið sem fyrst til framkvæmda. Hitt má öllum ábyrgum mönnum, öllum alþm. vera ljóst, að hér er um geysilega dýrar framkvæmdir að ræða, og þess vegna var það, sem ég greip það tækifæri fegins hendi, þegar húsnæði losnaði í Landssmiðjuhúsinu, að hagnýta það í þágu verknámskennslu á þessu tiltekna sviði, þ. e. a. s. í járniðnaði eða í málmsmíði. Ég hika ekki við að

endurtaka, að ég tel þessa ráðstöfun hafa verið til mikilla bóta. Hitt skal ég ekki fullyrða, að kennsluaðstaða þar sé eins fullkomin og hún ætti að vera, þ. e. a. s. eins fullkomin og hún mundi verða í nýbyggðum iðnskóla. Það hvarflar ekki að mér, enda er ekki hægt að ætlast til þess, að hægt sé að breyta gamalli verksmiðju, þ. e. a. s. gömlu verkstæði, í alfullkominn verkstæðisskóla fyrir nemendur. Það væri til allt of mikils mælzt að ætlast til þess. En hitt fullyrði ég, að það horfði til mikilla bóta, að húsnæði Landssmiðjunnar skyldi fást. Og ég vil líka staðhæfa, að kennsluaðstaða þar er eins góð og við er að búast í fyrirtæki, sem áður var starfandi verkstæði. Hitt er svo annað mál, að við því má búast og því má treysta að þegar byggingu sérstaks vinnuhúsnæðis í venjulegum iðnskóla, fyrst og fremst í iðnskólanum hérna, — þegar því lýkur, mun aðstaðan þar auðvitað verða mun betri, miklu betri en nokkurn tíma getur orðið í því húsnæði, sem Landssmiðjan hefur um þessar mundir yfir að ráða.

Með þessu móti vona ég, að talizt geti, að ég hafi svarað þessari fsp. Ég hef haft mikinn áhuga á því tvennu, annars vegar að endurskoða iðnfræðslulöggjöfina, þ. e. a. s. að bæta lagarammann fyrir iðnfræðslunáminu annars vegar og svo hins vegar að hrinda sem fyrst í framkvæmd þeim byggingum og þeim aðbúnaðarbreytingum, sem nauðsynlegar eru, til þess að hin nýju iðnfræðslulög geti sem fyrst komið til fullra framkvæmda. Lagasetningin er þegar fyrir hendi, og mér vitanlega hefur hingað til enginn borið brigður á, að sú lagasetning hafi verið stórkostlegt framfaraspor á sínum tíma og hún leggi grundvöll að stórbættu iðnnámi á Íslandi, frá því sem áður hefur verið. Hitt, hversu fljótt tekst að skapa hinu nýja iðnfræðslukerfi grundvöll í byggingum og aðstæðum, er að sjálfsögðu fyrst og fremst fjárhagsatriði, og það er komið undir fjárveitingum Alþ., hversu hratt tekst að hrinda þeim ágætu hugmyndum í framkvæmd, sem í iðnfræðslulöggjöfinni felast. En ég hef áhuga á því, að það megi takast sem fyrst, því að ég er þeirrar skoðunar, að það helzta, sem betrumbæta þurfi í íslenzku skólakerfi, beinlínis eitt helzta, sem betrumbæta þurfi í íslenzku skólakerfi, sé annars vegar iðnfræðslan og hins vegar tækninámið. Á báðum þessum sviðum hafa verið stigin mjög stór spor undanfarið. Í fyrsta lagi með hinum nýju iðnfræðslul., sem eru smám saman að koma til framkvæmda, og svo í öðru lagi með stofnun Tækniskólans, sem nýlega hefur verið tekin ákvörðun um, að muni útskrifa byggingartæknifræðinga sem fullgilda tæknifræðinga, þegar námi þeirra manna, sem nú eru í Tækniskólanum, er lokið. Þetta tvennt á að haldast í hendur, annars vegar góð iðnfræðslulöggjöf, sem smám saman kemur til framkvæmda, eins og allir sanngjarnir menn hljóta að játa, að verður að koma, og hins vegar uppbygging Tækniskólans, sem er í fullum gangi. Ef þetta tvennt gerist og fær að haldast í hendur, bætt iðnnám og aukið tækninám, þá hygg ég, að vel sé séð fyrir einum mikilvægasta þættinum í íslenzkum skólamálum og íslenzkum uppeldismálum.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin, svo langt sem þau náðu.

Það mátti heyra, að nemendur Iðnskólans áttu erfitt með að taka hæstv. ráðh. alvarlega, þegar hann reyndi að koma fram í gervi byltingamanns í iðnfræðslumálum, enda hygg ég, að stjórn hans á þeim málum verði ekki líkt við neitt slíkt. Hitt er svo annað mál, að þau sjónarmið, sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir um það, hvernig haga ætti iðnkennslu og hvaða stefna mótaði iðnfræðslulögin, eru algerlega rétt. Hins vegar hefur mikið á það skort, að hæstv. ráðh. tryggði þá framkvæmd laganna, sem nauðsynleg hefði verið og rakti ég mörg dæmi um það í frumræðu minni áðan, og mörg þau atriði hafa einnig verið rakin í samþykktum iðnnemanna. Verknámsdeildir, sem komið hefur verið upp við Landssmiðjuna, eru mjög hæpið fyrirkomulag, svo að vægilega sé til orða tekið, bæði fyrir verknámið sjálft og fyrir Landssmiðjuna. Það var ákaflega hæpin ráðstöfun að taka Landssmiðjuna til þessara nota í stað þess að leggja fjármuni í að fullgera fokhelda byggingu, sem stóð við hliðina á Iðnskólanum og var ætluð til þessara þarfa.

En ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um iðnnám á þeim 5 mínútum, sem ég hef hér til umráða, en langaði til að gera örlitla aths. við svör hæstv. ráðh. við þeim fsp., sem ég bar fram um atvinnuleysi iðnnema. Þar fór hæstv. ráðh. eins og köttur í kringum heitan graut af mikilli fimi um skeið. Hann hélt því lengi vel fram, að hann hefði ekki haft nokkra hugmynd um, að til væri atvinnuleysi í hópi iðnnema, vegna þess að engin formleg kvörtun hefði borizt, hvorki til hans rn. né til iðnfræðsluráðs. Síðan virtist ráðh. minnast þess, að ég las hér áðan bréf, sem hæstv. ráðh. var sent í febrúarmánuði frá stjórn Iðnnemasambands Íslands, þar sem hæstv. ráðh. var greint frá staðreyndum um þetta efni og hæstv. ráðh. var beðinn um viðtal. En hæstv. ráðh. gerði ekki annað en það, að hann spurði starfsmenn á skrifstofu sinni: Er nokkur formlega kæra frá einhverjum iðnnema hérna? Og hann spurði iðnfræðsluráð um það sama: Er nokkur formleg kæra frá einhverjum iðnnema? Vegna þess að þessa formlegu kæru vantaði, svaraði hæstv. ráðh. ekki einu sinni þessu bréfi frá stjórn Iðnnemasambandsins.

Margar ástæður geta legið til þess, að iðnnemar séu tregir til að senda formlegar kærur á atvinnurekendur sína eða meistara. Hæstv. ráðh. sagði áðan, eins og rétt er, að það geti verið býsna mikið viðkvæmnismál, t. d. á litlum vinnustöðum, að iðnnemar þurfi að standa í málaferlum við þá menn, sem þeir eiga sambýli við í 3—4 ár á eftir. Og það er talsvert viðurhlutamikið fyrir ungan námsmann að fara að ráða sér lögfræðing og standa í málaferlum út af svo sjálfsögðum hlut sem þeim, að staðið sé við gerða samninga. Þegar hæstv. ráðh.

barst þetta bréf eða þessi tvö bréf réttara sagt frá stjórn Iðnnemasambandsins þess efnis, að veruleg brögð væru að því, að iðnnemar væru atvinnulausir, þá bar honum að sjálfsögðu skylda til að kynna sér þetta mál til hlítar og beita rn. sínu til úrbóta. Hann átti ekki að bíða eftir einhverri formlegri kæru. Hann hafði alveg nægilega vitneskju í höndum með þessum bréfum frá stjórn Iðnnemasambandsins. Raunar fékk ég ekki betur heyrt en hæstv. ráðh. væri jafnvel að tæpa á afsökunum fyrir því, að samningar væru brotnir á iðnnemum. Hann talaði um, að það væru til samningar, sem gerðir hefðu verið til málamynda, og hann talaði um, að þess mundu hafa verið dæmi, að iðnnemar hefðu fengið hærra kaup en þeim ætti að vera tryggt samkv. samningum, og þess vegna væri ekki hægt að tala um brot á samningi. En þetta er alger fjarstæða. Auðvitað eru mörg dæmi um það, að iðnnemar hafa fengið hærra kaup en gert er ráð fyrir í hinum almennu reglum. Hinar almennu reglur eru aðeins lágmarksákvæði, alveg eins og venjulegir kauptaxtar verkamanna. Þó að mönnum hafi verið greiddar yfirborganir umfram þennan lágmarkstaxta, þá skerðir það að sjálfsögðu ekki rétt þeirra á nokkurn hátt, engu frekar en það skerðir rétt verkamanna almennt, þótt þeir hafi fengið yfirborganir um eitthvert skeið. Ef þetta sjónarmið er ríkjandi hjá hæstv. ráðh., að hægt sé að brjóta samninga á iðnnemum á slíkum forsendum, þá skil ég betur aðgerðaleysi hans í þessu máli.

Ég get skýrt hæstv. ráðh. frá því, að ég er með hér fyrir framan mig lista yfir 25 menn af þeim, sem skráðir voru atvinnulausir á 4 kvöldum í vetur. Þennan lista hefði hæstv. ráðh. fengið í hendur og allar staðreyndir um hann, ef hann hefði svarað bréfum iðnnemanna. Ég skal lofa hæstv. ráðh. að heyra nokkur dæmi:

1. Iðnnemi, atvinnulaus síðan um miðjan desember, mjög slæmt ástand.
2. Iðnnemi, atvinnulaus síðan um miðjan febr., kona, tvö börn, ekki líkur á, að úr rætist.
3. Iðnnemi, vinnulaus síðan 20. des., trúlofaður, og unnusta vanfær.
4. Iðnnemi, atvinnulaus síðan um áramót, kona og eitt barn.
5. Iðnnemi hefur lokið tíma, en er ekki búinn með 4. bekk iðnskóla, vegna þess að meistari sótti ekki um. Kona og tvö börn.
6. Iðnnemi, atvinnulaus síðan 27. jan., kona og 6 börn, mjög slæmt ástand.

Ég get haldið áfram að lesa fyrir hæstv. ráðh., en hitt held ég, að væri þarflegra, að hann tæki upp önnur vinnubrögð og hæfi eðlilega samvinnu við stjórn Iðnnemasambandsins um tafarlausar úrbætur til að leysa þessi mál umsvifalaust.

Hæstv. ráðh. sagði áðan, að það ætti að standa við gerða samninga, og þessi fsp. mín var flutt til þess að tryggja, að það væri gert á þessu sviði. Ég hef engan áhuga á því að standa hér í einhverju pólitísku karpi við hæstv. ráðh. út af þessu máli. Það er þess eðlis, að hver grandvar ráðh. á að líta á það sem skyldu sína að leysa það án tafar. Og það getur hæstv. ráðh. gert. Það er á valdi hans, og það ber honum að gera.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það verður ljósara og ljósara, hvað fyrir hv. fyrirspyrjanda vakir í þessu máli, og er það í sjálfu sér ánægjulegt fyrir alla, sem dómbærir eru um slíka hluti og kunna að meta málavexti af skynsemi. Hann heldur áfram að deila á mig fyrir það, að ég skuli ekki hafa gripið til sérstakra ráðstafana út af brotnum námssamningum á grundvelli tveggja bréfa, sem rn. hafa borizt um atvinnuleysisskráningu á vegum Iðnnemasambandsins, sem bæði voru mjög almenns eðlis, þar sem ekkert einstakt dæmi var nefnt um neitt einstakt brot og ekki bent á neina einstaka ráðstöfun, sem ég eða rn. gæti gripið til til úrbóta í þessum efnum. Hann segir, að ef ég hefði veitt iðnnemunum viðtal, hefði ég fengið hlutaðeigandi lista. En mér er spurn: Hvers vegna hafa forustumenn sambandsins ekki komið á minn fund? Ég hef verið til viðtals flesta miðvikudaga þessa vetrar. Er víst að áhugi allra iðnnema á þessu máli sé jafnmikill og áhugi fyrirspyrjanda? Mig grunar, að áhugi hans sé sprottinn af pólitískum toga og engu öðru. Ef iðnnemar eða forustumenn Iðnnemasambandsins hefðu haft raunverulegan áhuga á því að fá fram úrbætur í þessum efnum, skyldi maður hafa vænzt þess, að þeir hefðu gert sér erindi einhvern miðvikudagsmorgun til mín til þess að sýna mér listann og benda mér á, hvað ég gæti gert í þessu efni yfirleitt eða í einhverjum ákveðnum tilfellum. Þetta hefur ekki átt sér stað. Er síðan ástæða til að deila á mig fyrir aðgerðaleysi í þessum efnum? (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að svara bréfunum, ráðh.?) Mínu rn. og mörgum öðrum rn. berast svo margar ályktanir og svo mörg bréf, að þeim er svarað, þar sem gefið er tilefni til svars, þar sem um tiltekið úrlausnarefni er að ræða, sem rn. telur rétt að taka afstöðu til. Það var ekki um að ræða í þeim bréfum, sem þarna var um að ræða.

Ég vil víkjast þannig við þessu pólitíska tali hv. þm. að gefnu tilefni, að ég mun afla mér þessa lista, sem þarna er um að ræða. Og ég mun ekki hafa samráð við hann um það, hvað ég geri í þeim efnum, því að ég á ekki von á neinum góðum ráðum í þeim efnum frá honum, hvorki mér til handa né heldur í þágu iðnnema satt að segja, alls ekki. Ef ég færi eftir hans ráðum, þá er ég viss um, að ég gerði iðnnemum tjón, en ekki gagn. En hitt mun ég gera og hafa um það samráð við samtök iðnnema, hvað hægt verði að gera í hverju einstöku tilfelli. Ég hygg, að þá kannske komi ýmislegt annað í ljós en hv. þm. gerir ráð fyrir. Og leiði þessi athugun til einhverra vandkvæða á einhverju sviði fyrir einhvern, þá mun ég vísa því til föðurhúsanna hjá hv. þm. Ég vona, að hann skilji um hvað er hér að ræða. Ég er viss um, að iðnnemar munu skilja það og skilja það nú þegar. Það er ég alveg sannfærður um. Og þess vegna mun ég hafa samráð við þá um þetta efni, en ekki við pólitíska spekúlanta, sem reyna að

gera sér mat úr hverju einu á hinu háa Alþ. Hér er um miklu meira alvörumál að ræða en svo, að ástæða sé til þess að láta pólitíska andstæðinga sína freista sín til þess að gera hluti, sem í raun og veru væru andstæðir hagsmunum þeirra manna, sem hlutaðeigandi valdamaður á að gæta hagsmuna fyrir. Og það mun ég ekki gera. En sem sagt, ég vísa algerlega á bug ásökunum um, að ég hafi látið nokkuð vanrækt í þessum efnum.

Ég endurtek að síðustu þá staðhæfingu mína frá því áður, að ég tel rn. ekki eiga og jafnvel ekki mega grípa til sérstakra ráðstafana í þessum efnum, nema fyrir liggi ákveðnir málavextir, sem rn. skoði, hvort ástæða sé til þess að grípa til ráðstafana út af. Ég á alls ekki við það, að fyrir þurfi að liggja kæra í málinu. Það kom mjög ljóst fram í viðræðum mínum við fulltrúa iðnnema áðan, að mér er ljóst, — mér er jafnljóst og þeim, að á því geta verið margs konar vandkvæði. En einmitt vegna þess, að forustumönnum iðnnemanna er ljóst, eins og fram kom í samtalinu, að það er nauðsynlegt að taka á slíkum málum án kæru, taka á þeim sem einkamálum, sem farið er með sem fullkomið trúnaðarmál, þá undirstrika ég heldur ekki þá leið, að iðnnemarnir kæri gagnvart iðnfræðsluráði eða rn. Og meðan þeir ekki hafa gert það, meðan ekkert mál liggur fyrir, hvorki sem kæra né heldur sem beiðni um, að það sé athugað sem trúnaðarmál í þágu einhvers ákveðins iðnnema — meðan ekkert slíkt mál hefur rekið á mínar fjörur, tek ég engum ásökunum um það, að ég hafi ekki sýnt málefni þessara manna tilhlýðilega athygli eða vanrækt skyldu mína í þessum efnum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilu þeirra hv. 6. þm. Reykv. og menntmrh., enda er nú hæstv. menntmrh. búinn að svara því, að hann ætli að taka þetta mál til sérstakrar meðferðar, sem hann raunar átti að gera strax 6. febr. í ár, þegar honum barst bréf iðnnemanna. Í því felst að sjálfsögðu, þegar hann viðurkennir nú, að hann eigi að taka þetta mál til rannsóknar og muni gera það, að hann hafi a. m. k. vanrækt það í þá tvo mánuði, sem eru liðnir síðan honum barst þetta bréf.

En ég ætla í sambandi við þessar umr. að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvernig sé háttað eftirliti ríkisstj. með störfum iðnfræðsluráðs. Eins og þm. er kunnugt, á iðnfræðsluráð að gegna mjög mikilvægu hlutverki í sambandi við iðnfræðsluna.

Í fyrsta lagi á iðnfræðsluráð að hafa eftirlit með kennslu iðnskólanna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það hafi verið miklir misbrestir á því, að haldið hafi verið uppi sæmilegri kennslu, a. m. k. í ýmsum deildum Iðnskóla Reykjavíkur á þessum vetri, og það er ekki kunnugt um það, að iðnfræðsluráð hafi haft nokkur afskipti af því máli, þó að það sé að sjálfsögðu skylda þess að gera það.

Það á einnig að vera verkefni iðnfræðsluráðs að fylgjast með framkvæmd námssamninga. Það er upplýst hér, sem ekki hefur verið mótmælt, að á þessum vetri hafa námssamningar hvergi nærri verið fullkomlega haldnir, þar sem verulegt atvinnuleysi hefur átt sér stað hjá iðnnemum, — og það samrýmist alls ekki námssamningum. Ég held, að iðnfræðsluráð hafi haft ákaflega lítil afskipti af þessu máli. Þvert á móti er það upplýst í því blaði, sem lagt var á borðið hjá hv. þm. hér í dag, að formaður iðnfræðsluráðs hefði látið þau orð falla á s. l. vetri, — nú fyrir nokkru síðan, — að það væri lítið að marka atvinnuleysisskráningu, og það væri ekkert atvinnuleysi hjá iðnnemum, þrátt fyrir þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram.

Ég vil í tilefni af þessu beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh. hvernig háttað sé eftirliti hans og menntmrn. með störfum iðnfræðsluráðs. Mér sýnist af þessu tvennu, sem ég hef nefnt, að það sé mjög pottur brotinn í störfum iðnfræðsluráðsins, þrátt fyrir að Alþ. sjái því fyrir nægilegu starfsfé, en á fjárl. þessa árs er veitt til iðnfræðsluráðs rúmlega 1½ millj. kr. Ég held, að það, hvernig iðnfræðsluráð sinnir þessum málum, liggi að einhverju leyti í því, hvernig ráðið er upp byggt, en það er þannig skipað nú, að atvinnurekendur nefna 3 menn í ráðið, sveinafélögin í gegnum Alþýðusambandið tilnefna 3 menn en iðnnemar ekki nema einn. Þessi skipan ráðsins er ekki réttmæt, því að sá aðilinn, sem hefur tvímælalaust langsamlega mestra hagsmuna að gæta, iðnnemarnir, hefur miklu lakari og minni þátttöku í ráðinu en hinir aðilarnir, eins og t. d. atvinnurekendur. Úr þessu ætti að bæta með því að láta iðnnema hafa ekki minni þátttökurétt í iðnfræðsluráðinu en t. d. atvinnurekendur hafa, þ. e. a. s. almennt.

Eins og hér hefur komið fram í þessum umr., er venjulega slæm aðstaða fyrir iðnnema, ef réttur hans er að einhverju leyti brotinn í samningum við iðnrekanda eða meistara, að snúa sér til dómstólanna. Eðlilega leiðin er sú, að hann snúi sér til iðnfræðsluráðs, og þá skiptir miklu máli, að staða iðnnema í iðnfræðsluráði sé þannig, að þeir hafi aðstöðu til þess að koma sínum málum fram á þeim vettvangi. Þess vegna álít ég, að það sé nauðsynlegt að breyta iðnfræðslulögunum m. a. á þann hátt, að réttur iðnnema sé mun betur tryggður í skipun iðnfræðsluráðs en nú á sér stað.

Ég skal ekki segja mörg orð enn í sambandi við það, sem hæstv. menntmrh. sagði um nýju iðnfræðslulögin. Þau lög voru tvímælalaust stórt spor í rétta átt, þegar þau voru sett. En þegar frv. til þeirra laga var til 1. umr. hér í Nd., var deila um visst atriði milli mín og hæstv. ráðh. Ég hélt því fram, að þó að gott væri út af fyrir sig að samþykkja lög eins og þessi, þá skipti þó mestu máli, að það væri séð fyrir nægum fjárveitingum, til þess að lögin kæmu til fullra framkvæmda, og þess vegna ætti að hafa þann hátt á að taka beint fram í lögunum, hve mikil fjárveiting væri veitt til þess að koma þeim í framkvæmd. Það væri ákveðin fjárhæð ákveðin á ári hverju, til þess að þetta mætti gerast. Og í þeim efnum yrði m. a. byggt á þeirri áætlun, sem fylgt er í frv. frá þeirri n., sem þau

höfðu undirbúið, en hún var á þá leið, að á árinu 1970 yrði þessum málum komið í það horf, að a. m. k. 500 nemendur ættu kost á hinu svokallaða forskólanámi eða verkstæðisnámi á ári hverju. Hæstv. ráðh. taldi þess ekki þörf, að slík ákvæði yrðu sett í lögin og hans vilji varð að sjálfsögðu ofan á. En niðurstaðan er sú, að þessi lög eru líka enn að mestu leyti dauður bókstafur, þrátt fyrir að hæstv. ráðh. væri að tala um byltingu í því sambandi.

Ég held, að þetta m. a. sýni, að það sé orðin þörf á því að endurskoða iðnfræðslulöggjöfina að nýju, þó að stutt sé síðan hún var sett, m. a. með því að tryggja ákveðna áætlun um það, hvernig henni skuli komið í framkvæmd. Einnig hafa síðan komið til sögunnar ýmis atriði, sem þarfnast endurskoðunar.

Það er með þessi mál, að það þarf að gera svo þrálátar og stöðugar breytingar á þeim, eiginlega á hverjum degi, að slíka löggjöf þarf alltaf að vera að endurskoða, og í sambandi við þá endurskoðun á að taka til athugunar, að iðnnemar fái sterkari þátttöku í iðnfræðsluráði en þeir hafa nú. Mér finnst, að við slíka endurskoðun ætti einnig að láta koma til framkvæmda það, sem iðnnemar fóru fram á, þegar iðnfræðslulögin voru sett, en fékkst þá ekki framgengt, en það var, að samtök þeirra fengju umsagnarrétt um allar reglugerðir, sem settar væru á grundvelli laganna, en þær eru fjöldamargar, vegna þess að lögin eru ekki nema rammi, en það eru reglugerðirnar, sem mestu skipta. Þess vegna er eðlilegt, að samtök iðnnema, sem margar þessar reglugerðir varða svo mikið, fái rétt til umsagnar um þessar reglugerðir, áður en endanlega er frá þeim gengið.

Vegna þess, hvað tíminn er naumur, skal ég ekki tefja þetta mál meira, en vil að lokum endurtaka fsp. mína til menntmrh. um það, hvernig sé háttað eftirliti hans og menntmrn. með störfum iðnfræðsluráðs.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég þarf ekki nema örfá orð til að svara þessari fsp. hv. þm. Iðnfræðsluráð starfar samkv. lögum og reglugerðum, og eitt af verkefnum þess er að hafa eftirlit með framkvæmd iðnfræðslunnar, og ég vænti þess, að iðnfræðsluráð sinni því verkefni. En annars skal ég gjarnan láta þess getið í lok þessarar umr. vegna þess að annar postuli stjórnarandstöðunnar þurfti endilega að láta ljós sitt skína í þessu til þess að fá af því blaðafrásagnir á morgun, að Framsfl. hafi líka áhuga á málefnum iðnnema, ekki bara Alþb., — að þá er rétt að láta þess getið, að viðræður iðnnema við mig nú rétt áðan báru einn tiltekinn og alveg jákvæðan árangur, sem er nokkuð skyldur því efni, sem hv. þm. vék að. Ég ætla mér annars alls ekki að fara að gera hér að umtalsefni viðræður iðnnema við mig. Ég tel það vera mál milli nemenda, sem mér hefur verið falin forsjá fyrir, annars vegar og mín sem forstöðumanns menntmrn. hins vegar og hefði satt að segja kosið, að hægt hefði verið að halda þeim skiptum algerlega utan við þetta venjulega, pólitíska karp hér, sem setur allt of mikinn svip sinn á störf Alþ., jafnvel á þeim stórkostlega alvarlegu tímum, sem hér eiga sér stað. En það getur gerzt, að einn daginn leikur stjórnarandstaðan sér að því að gera höfuðnúmer úr því, hvar ákveðinn prófessor í ættfræði skuli sitja innan háskólans, hvort hann skuli sitja í heimspekideild eða hvort hann skuli sitja í lagadeild. Þetta mál gerir stjórnarandstaðan að stórmáli heilan eftirmiðdag, og nú leikur stjórnarandstaðan hreinan skrípaleik til þess að sýna fram á áhuga sinn á málefnum iðnnema, og stjórnarandstaðan beinlínis setur það á senu. Í stað þess, að iðnnemar að eigin frumkvæði komi til mín í viðtalstíma, sem ég hef 3—4 klukkutíma í hverri einustu viku svo að segja allt árið um kring, — í stað þess, að þeir komi áhugamálum sínum á framfæri með þeim hætti, þá gerist það, að sett er á svið hér á hinu háa Alþ. stórkostleg leiksýning með myndatökum og án efa með stórkostlegum fregnum í blöðunum á morgun. Þetta sýnir auðvitað, hvers eðlis allt þetta skoðunarspil í raun og veru er, og það er ekki áhugi á málefnum iðnnemanna, heldur er það vilji til þess að leika forsvarsmenn þeirra, og hér er um að ræða leik, en ekki neina alvöru. Það leyfi ég mér að staðhæfa. Og þeir iðnnemar, sem tekið hafa þátt í þessari leiksýningu sem aðstoðarmenn, hafa án efa gert það eftir beiðni þessara flokksforingja stjórnarandstöðunnar. Ef fyrir þessum sömu mönnum hefði vakað að kynna menntmrh. og menntmrn. raunverulega skoðanir sínar í þessum efnum, þá hefði ég verið til ráðstöfunar í því skyni, eins og ég segi, 3—4 tíma á viku allar undanfarnar vikur. Það tilefni var ekki notað. Hins vegar hafa sjálfskipaðir forsvarsmenn iðnnemanna, forustumenn Alþb. og Framsfl., valið þann kostinn að setja á svið þessa leiksýningu innan þingsins og utan. Ef þeir hafa gaman af slíku, þá verði þeim að góðu. Það er svo fjarri því, að ég fyrtist við slíkt. Þvert á móti, mér er ánægja að því að eiga minn þátt í þessari leiksýningu.

Að síðustu vil ég segja, í tilefni af fsp. hv. þm., að bein viðtöl eru árangursríkari en leiksýningar eins og þessar, sem ég satt að segja tek ekkert mark á. Bein viðtöl eru árangursríkari. Viðræður fjögurra fulltrúa iðnnemanna við mig áðan leiddu til einnar niðurstöðu alveg sérstaklega fyrir utan það, að ég hét þeim að sjálfsögðu að ég skyldi kanna þá lista um atvinnuleysisskráningu iðnnema, sem legið hafa fyrir, þegar þeir bera fram sérstaka ósk um það. En okkur kom saman um, að ég skyldi gera það í samráði við iðnnemasamtökin og engan annan, til þess að ekki hljótist neitt illt af. En sá jákvæði árangur, sem af samtali okkar fjögurra fulltrúa iðnnemanna nú fyrir 1½ stundu varð, er sá, að ég hef ákveðið að fela 5 mönnum, þ. e. a. s. tveim fulltrúum tilnefndum af iðnfræðsluráði og tveim fulltrúum tilnefndum af iðnnemum og 1 fulltrúa frá menntmrn. að gera tillögur um það, með hverjum hætti sé unnt að auka eftirlit á vinnustað með því, að námssamningi sé framfylgt. Ég hef alltaf gert

mér ljóst, að þessu kerfi, að mennta nemendur á vinnustað, fylgja miklir annmarkar, og það er mjög erfitt að framkvæma slíkt kerfi, þannig að vel sé. Það er miklum erfiðleikum bundið. Einmitt viðurkenning á þeirri staðreynd lá að baki þeirri hugmynd að hafa hin nýju iðnfræðslul. þannig, að smám saman skyldi menntun iðnnemanna flytjast af verkstæðunum og inn í verkstæðisskólann. Sú breyting er viðurkennd af hinu háa Alþ., og þá breytingu er nú verið að framkvæma. En meðan einhver hluti eða verulegur hluti menntunarinnar fer fram á vinnustað, þá er um mikil vandkvæði að ræða í þessum efnum, og ég játa það fúslega, að mér hefur alltaf verið það ljóst og er það jafnljóst enn í dag, að eflaust er í mörgum tilfellum mjög mikill misbrestur á því, að meistarar gegni að fullu skyldu sinni í þessum efnum. Það er áreiðanlega mikill misbresur á því. Hins vegar verða allir sanngjarnir menn að játa, og um það vorum við, sem töluðum saman, algerlega sammála, að það er vandi að koma þess konar eftirliti fyrir, sem tryggi hag nemendanna að fullu, án þess að hér verði beinlínis um lögregluefitirlit að ræða, án þess að beinlínis sé til þess ætlazt, að lögregla sé á vinnustaðnum til þess að passa upp á, að allt fari fram nákvæmlega eins og vera ber. Hérna þarf að sigla á milli skers og báru, og það er sameiginlegt hagsmunamál iðnnemanna og meistaranna að geta hér siglt á milli skers og báru og farið skynsamlega að.

Ég spurði fulltrúa nemendanna: Hafið þið þegar ákveðnar hugmyndir í þessum efnum? Eru í till., sem þið voruð að afhenda mér, ákveðnar ábendingar í þessum efnum? Þeir svöruðu: Nei. Ég hef lesið till. meðan ég hef verið að hlusta á umr. Þar eru engar ábendingar um þetta. Þetta sýnir auðvitað, um hversu mikinn vanda hér er að ræða. Jafnvel iðnnemarnir í dag hafa ekki neinar ákveðnar till. að gera í þessum efnum, af því að þeim er jafnljóst og mér, meisturunum og iðnfræðsluráði, að hér er um mikinn vanda að ræða. Þess vegna stakk ég upp á því, af því að ég viðurkenni nauðsynina á bættu eftirliti, frá því sem verið hefur, þó að mér séu ljósir erfiðleikarnir á því, — þess vegna stakk ég upp á því, hvort við ættum ekki að fá færa menn til að setjast niður saman, fulltrúa frá iðnnemunum, fulltrúa frá iðnfræðsluráði, og ég skyldi láta í té formann, vel menntaðan og kunnan mann frá menntmrn., til þess að vita, hvort væri hægt að finna upp eitthvert kerfi, eitthvert skipulag, einhverja aðferð til bætts eftirlits, frá því sem nú er, og ég lýsti því yfir þá og skal að gefnu tilefni gera það núna, að ég er reiðubúinn til þess að setja reglur, sem fylgi bætt fyrirkomulag í þessum efnum, en vel að merkja, ef ég fæ ákveðnar till. um það og því aðeins, að ég fái ákveðnar till. um það. Ég get búizt við því af stjórnarandstöðunni, að þó ég fái engar till. sé ég skammaður fyrir að setja ekki reglurnar. Það er ekki annað en það, sem við, sem gegnum ráðherrastörfum, eigum að venjast, og fyrir því hef ég orðið í þessu efni að því er snertir atvinnuleysismálin. En ég tek því alveg rólega. Það skiptir mig engu máli. Hitt skiptir mig miklu miklu meira máli, ef þessi hugmynd, sem fæddist í samræðum við nemendurna, en ekki í orðaskiptum við málsvara stjórnarandstöðunnar, gæti leitt til einhvers góðs í þessum efnum. Árangurinn er allt fyrir mér, en sýndarmennskan algert aukaatriði.

47. Landgræðsla sjálfboðaliða.

Fyrirspurn til landbrh. um fjárframlög vegna landgræðslu sjálfboðaliða [183. mál, 5] (A. 358).

Á 36. fundi í Sþ., 19. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 37., 39. og 40. fundi í Sþ., 26. marz, 9. og 16. apríl, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 358 að beina til hæstv. landbrh. svo hljóðandi fsp.:

„Hve miklu fé hyggst landbrn. verja á næsta sumri til frækaupa, áburðar og annars kostnaðar vegna sjálfboðaferða til gróðurverndar og landgræðslu í afréttum, sem ungmennafélög og ýmis önnur samtök ráðgera?“

Það munu hafa verið Læonsklúbbar svonefndir, sem hófu fyrir einum 4—5 árum þá starfsemi, sem hér um ræðir, en svo var það sumarið 1967, að ungmennafélagar úr Héraðssambandinu Skarphéðni fóru með áburð og grasfræ og dreifðu á svæði við Hvítárvatn á Biskupstungnaafrétti. Og þetta ágæta fordæmi Skarphéðins varð svo til þess, að á s. l. sumri fóru 9 hópar úr hinum ýmsu ungmennafélögum slíkar ferðir, Þingeyingar, Borgfirðingar, Austfirðingar, Húnvetningar, Árnesingar, Rangæingar, Reykvíkingar o. fl., og dreifðu grasfræi á örfoka land og land, sem er að blása upp. Ingvi Þorsteinsson og með honum Ólafur Ásgeirsson sáu um heildarskipulag þessarar starfsemi fyrir hönd þeirrar deildar Landgræðslunnar, sem nefnist Gróðurvernd, og lagði hún, þ. e. a. s. deild þessi, fram áburðinn og fræið og allan flutningskostnað, en hvert handtak við dreifinguna var sjálfboðaliðavinna ungmennafélaganna. Og raunar komu fleiri, eins og ég sagði, við þessa sögu og þó einkum Læonsklúbbar. Og samkvæmt upplýsingum í grein í Tímanum eftir Ingva Þorsteinsson og í ræðu, sem hæstv. landbrh. flutti á nýafstaðinni ráðstefnu um landgræðslumál, tóku þátt í þessum ferðum á s. l.

sumri 250 manns og var dreift samtals 70 lestum af áburði og 5 lestum af grasfræi á um 250 ha lands.

Á því leikur enginn vafi, að ungmennafélagshreyfingin gæti stóraukið þessa starfsemi og mundi fagna því að fá tækifæri til þess. Það væri áreiðanlega leikur einn fyrir hana að dreifa fimmföldu og jafnvel tíföldu því magni af áburði og fræi, sem hún dreifði á s. l. sumri. Þó var það, þrátt fyrir drjúgan árangur, ekki nema nokkur hluti hreyfingarinnar, sem tók þátt í þessu. Meiri hluti ungmennafélaganna býður enn tækifæris að fá að taka þátt í þessari starfsemi, og þau ungmennafélög, sem þegar hafa gert það, ætla sér enn þá stærri hlut á næsta sumri. Þannig er t. d. með ungmennafélögin í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, þar sem ég þekki nokkuð til og var raunar svo heppinn að fá að taka þátt í landgræðsluferð þeirra á s. l. sumri. Þessi félög gætu án efa á næsta sumri teflt fram þrefalt eða fjórfalt fjölmennara liði og mundu fegin vilja tefla fram þrefalt eða fjórfalt fjölmennara liði en þau tefldu fram til þessara starfa á s. l. sumri.

En er þá nokkuð því til fyrirstöðu að fimmfalda eða jafnvel tífalda þessa starfsemi, eins og ég var að tala um? Til þess þyrfti að sjálfsögðu fimm eða tíu sinnum meira magn af fræi og áburði auk flutningskostnaðarins, og þar kemur til kasta hins opinbera. Hvað hyggst það kosta til miklu fé í þessu sambandi? Það er á valdi hins opinbera og þá fyrst og fremst hæstv. landbrh. Maður gerir þá ráð fyrir, að flokksbróðir hans, hæstv. fjmrh., hafi fullan skilning á málinu, en það er á valdi hæstv. landbrh. að ákveða, hve mikið þessi starfsemi skuli aukast. Það fer allt eftir fjárframlögum til hennar, því að hvort sem hæstv. ráðh. ákveður að sent skuli á næsta sumri upp í óbyggðirnar, upp á afréttarlöndin, þar sem uppblásturinn og önnur slík eyðing hefur helzt til lengi fengið að leika lausum hala, — hvort sem hann ákveður, að á næsta sumri skuli sent tvisvar sinnumn meira magn af áburði og grasfræi þangað upp en á s. l. sumri eða fimm sinnum meira eða tíu sinnum meira, þá mun áreiðanlega ekki standa á ungmennafélögunum að bregða sér á vettvang og dreifa því.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er stutt síðan þessi starfsemi kom til, að ungmennafélög, Læonsklúbbar og fleiri félagasamtök fóru að taka virkan þátt í uppgræðslu landsins. Og það er mikið ánægjuefni, að þetta hefur byrjað, því að það er augljóst, að án skilnings og beinnar eða óbeinnar þátttöku almennings næst ekki fullur árangur í landgræðslustarfinu.

Á undanförnum árum hefur skapazt mikill áhugi fyrir gróðurvernd og landgræðslu hér á landi, og má segja, að nýju landgræðslulögin hafi komið á þáttaskiptum í þessu efni ásamt auknu fjárframlagi frá ríkissjóði til starfseminnar. Ýmis félagssamtök hafa óskað eftir að fá að taka virkan þátt í starfinu, og nokkur hafa þegar hafizt handa. Má þar einkum nefna Ungmennafélag Íslands og Læonshreyfinguna. Ungmennafélagið hóf þessa starfsemi sumarið 1967, en þá fór ungmennasambandið Skarphéðinn í sáningarferð á Biskupstungnaafrétt. S. l. sumar voru farnar 7 ferðir á hálendið á tímabilinu 22. júní til 29. júlí. Eftirtalin ungmennafélög stóðu fyrir þessum ferðum: Ungmennafélagið Víkverji í Reykjavík, Ungmennasamband Kjalarnesþings, Ungmennasambandið Skarphéðinn, Ungmennasamband Borgarfjarðar, ungmennafélögin á Egilsstöðum, Ungmennasamband A.-Húnvetninga, ungmennafélag í Kelduhverfi og Ungmennasamband Suður-Þingeyinga. Alls tóku um 250 manns þátt í þessum ferðum, og var sáð um 70 tonnum af áburði og 5 tonnum af fræi í 250 hektara lands. Landgræðslan lagði til áburð og fræ og kostaði yfirleitt ferðir og fæði, þótt undantekningar væru á því.

Enn er full þörf fyrir mannshöndina til landgræðslu, bæði vegna þess, að fullkominni tækni verður ekki komið við alls staðar, og einnig vegna þess, að við höfum ekki efni á að afla nægilega margra slíkra tækja og reka þau enn sem komið er. Starfsemi ungmennafélaganna undanfarin tvö sumur verður að teljast tilraun og undirbúningur að því að virkja þennan ágætlega skipulagða félagsskap í þágu landgræðslu. Eru forustumenn þeirra sammála um, að þegar á sumri komanda verði auðvelt að margfalda þau dagsverk, sem unnin voru s. l. sumar, og að því verður stefnt. Þá hafa ýmis önnur félagssamtök og jafnvel skólar boðið þátttöku sína.

Það hefur komið í hlut fulltrúa landgræðslustjóra, Ingva Þorsteinssonar, að vinna að þessu samstarfi fyrir hönd Landgræðslunnar. Hefur það orðið árangursríkt. Nytsemi þess verður ekki eingöngu metin eftir þeim tonnafjölda af áburði og fræi, sem sáð er, heldur öllu fremur þeim áhuga, sem starfið vekur.

Áætlun hefur verið gerð um kostnað og starf gróðurverndar Landgræðslu ríkisins á árinu 1969. Áætlað er, að verkefnið við gróðurvernd verði með líkum hætti á árinu 1969 og verið hefur, og verða þau rakin hér í stórum dráttum.

Ákvörðun á beitarþoli. Unnið verður að gróðurkortagerð og ákvörðun á beitarþoli á eftirtöldum svæðum: Möðrudalsöræfum, Fljótsdalsheiði og afréttum Vopnfirðinga, afréttum V.-Húnvetninga og á Síðumannaafrétti. Er rannsóknum lokið á nokkrum þessara svæða, en unnið verður að því að setja saman kort af þeim og reikna út flatarmál gróðurlenda þeirra og beitarþol. Það er skilyrði, að hægt sé að kortleggja landið og reikna út beitarþolið. Það má segja, að það sé undirstaðan að gróðurverndinni.

Þá er talað um ítölu. Eins og verið hefur, verður unnið að því að koma niðurstöðum beitarþolsmælinga til bænda og stuðla að því, að eftir þeim verði farið með samkomulagi við bændur. (Gripið fram í.) Sú viðleitni hefur borið nokkuð misjafnan árangur, enn sem komið er, en væntanlega verður unnt að tryggja hóflega nýtingu landsins á þennan hátt. Þegar það tekst ekki, er það hins vegar hlut-

verk landgræðslustjóra að koma á ítölu samkv. landgræðslulögunum.

Þá er einn þáttur úttekt á gróðureyðingu og landskemmdum. Landgræðslulögin kveða svo á, að áður en 5 ár eru liðin frá gildistöku þeirra, skuli landgræðslustjóri hafa látið gera yfirlit um landskemmdir og samið áætlun um, hvernig helzt megi bæta þær, svo og í hverri röð skuli unnið að landbótum. Samkv. þessu skal áætlun því liggja fyrir ekki síðar en vorið 1970. Slík úttekt er vissulega orðin tímabær, en hún krefst mikillar vinnu, eigi hún að vera svo vel úr garði gerð, að hún komi að fullum notum.

Í starfsáætlun þessari er gert ráð fyrir, að mikill tími fari í undirbúning, útreikninga og samningu úttektarinnar. Að því er varðar hálendið verður úttektin fyrst og fremst byggð á gróðurkortunum og annarri vitneskju, sem gróðurrannsóknirnar hafa gefið. Gróðurverndarnefndirnar, sem stofnaðar hafa verið samkv. landgræðslulögunum, hafa þegar flestar gert ágætar skýrslur um ástand gróðurs á láglendi í sínum sýslum, og verður unnt að byggja að verulegu leyti á þeim ásamt annarri vitneskju, sem fyrir liggur. Þó þarf að áætla mörg ferðalög með n. í þessum tilgangi á sumri komanda.

Þá er samvinnan við félagssamtök um landgræðslu. Áhugi fyrir landgræðslustarfinu hefur aukizt mjög, og í vetur hafa fleiri aðilar en nokkru sinni fyrr boðið þátttöku sína. Jafnframt hefur Ungmennafélag Íslands áform um að margfalda þátttöku sína, verði þess óskað. Ekki er álitamál, að slíkri aðstoð ber að taka með þökkum, og er lagt til, að hafizt verði þegar handa um undirbúning þessara starfa.

Enn er ekki unnt að segja, hvaða svæði yrðu tekin fyrir, en af nógu er að taka, og æskilegt er, að slíkt samstarf sé haft við aðila sem víðast á landinu.

Þetta, sem ég síðast las, er eftir Ingva Þorsteinsson og fylgdi till. um fjárveitingar á þessu ári í sambandi við þessa starfsemi félagasamtakanna. Hans till. um fjárveitingu til gróðurverndar á þessu ári eru sem hér segir:

Til áburðarkaupa verði veittar 400 þús. kr. Hann áætlar bílakostnað 70 þús. kr. eða alls í þessu skyni 470 þús. kr. Þá leggur hann til, að keypt verði fræ fyrir 300 þús. kr. Svo kemur launakostnaður og bílakostnaður og ýmislegt því tilheyrandi, þannig að þessi liður verður 880 þús. kr. eða samtals 1350 þús. kr., sem hann leggur til, að varið verði til þessarar starfsemi. Þykir sjálfsagt að samþykkja þessar till. Ingva Þorsteinssonar, sem þekkir þetta bezt, og hann hefur samið till. í samræmi við þær undirtektir, sem þetta mál hefur fengið, og í samræmi við þær hugmyndir, sem hann hefur gert hér um þátttöku félagssamtakanna á sumri komanda í þessu mikilvæga starfi.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Það er ánægjulegt að heyra, að hann hefur mikinn skilning á þýðingu þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir. Hann vill, að hún verði aukin, og má víst segja, að sæmilega sé á þessu haldið af hans hálfu, því að mér virðist eftir fyrri upplýsingum, sem ég hef fengið, að sú fjárveiting, sem ætluð er til þessarar starfsemi á sumri komanda sé helmingi hærri en það, sem varið var til hennar á s. l. sumri. Þó er þetta, eins og ég sagði í ræðu minni áðan, — þó er þetta framlag, sem ætlað er til starfseminnar á næsta sumri, langt frá því að vera fullnægjandi. Það er langt í frá, að það geti fullnægt óskum ungmennafélaganna um að mega leggja fram sjálfboðavinnu sína til þess að hefta uppblástur landsins og breyta auðnum þess í gróðurlendi.

Mér sýnist reyndar að landgræðslumálin öll þarfnist athugunar og endurskoðunar. Ég vil ekki gera lítið úr gildi skógræktar, en ég hef lengi haft nokkurn grun um það, að vegna þess, hve skógræktin hefur haft á að skipa harðsæknum áróðursmönnum, hafi hún skyggt nokkuð á þá tegund landgræðslu, sem hér um ræðir, á nauðsyn hennar, bæði að því er snertir viðhorf almennings og fjárstyrk af opinberri hálfu. Kannske má orða þetta þannig, að stjórnarvöldin og þjóðin sjálf hafi gengið helzt til mikið upp í skógræktinni, og þess hafi fyrir bragðið ekki verið gætt sem skyldi að græða sár landsins með því að sá gróðri, sem að vísu er ekki eins tilkomumikill og tré, — tekur sig ekki eins vel út á mynd og tré, en dugar þó bezt og mestu munar, og ég á þar við blessað grasið. Það skyldi sem sé ekki vera, að hinni göfugu hugsjón, skógræktinni, hafi fylgt sú þversögn, að við höfum, Íslendingar, á undanförnum árum mænt svo heillaðir á rómantíska fegurð ýmissa trjátegunda, að okkur hafi láðst að taka sem skyldi tillit til þeirrar órómantísku staðreyndar, að á meðan hefur land okkar eða dýrmætasti hluti þess, þ. e. a. s. gróðurmoldin haldið áfram að fjúka á haf út.

Þegar ég segi, að landgræðslumálin þarfnist endurskoðunar, þá á ég líka við, að skipulagi þeirra þyrfti að breyta. Hinir ýmsu þættir þeirra ættu að sjálfsögðu allir að vera undir einni stjórn. Skógræktin ætti ekki að starfa sér á parti. Með slíku fyrirkomulagi fæst ekki það samræmi í aðgerðir, sem nauðsynlegt er, enda skilst mér, að til þess að hefta fullkomlega uppblástur lands, til þess að tryggja fullkomna gróðurvernd, þyrfti að koma til þáttur skógræktarinnar, eftir að sár landsins hefðu verið grædd með grasi og jafnframt því þyrfti að sá ýmsum tegundum lægri trjágróðurs, sem er nógu harðgerður til þess að vaxa uppi á öræfum. Ráðstefna sú, sem nýlega var haldin um landgræðslu, markar vonandi tímamót í þessu, — upphaf þess, að betri skipan komist á um þessi mál. En undirstaðan hlýtur samt að vera grasið. Það, sem mestu máli skiptir er að færa út ríki þess á landi okkar. Ég vil þó ítreka, að ég er síður en svo að telja eftir fjárframlög til skógræktar, þvert á móti, þau mættu gjarnan aukast mín vegna. En engin goðgá mundi það vera að mínum dómi, þótt ögn yrði dregið úr áróðrinum fyrir skógrækt, hvort sem hún á að vera til skrauts eingöngu eða til nytja, eins og stundum

er talað um — til nytja einhvern tíma síðar meir í sögu þjóðarinnar, — en þess í stað verði hafin öflug herferð fyrir þeirri tegund landgræðslu, sem hér er til umr., og fjárframlög til hennar ekki bara tvöfölduð, heldur tífölduð a. m. k.

Svo endurtek ég þakkir mínar til hæstv. ráðh. og læt í ljós gleði mína yfir þeim skilningi, sem hann sýnir þessu máli.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi er ekki alveg ánægður með upplýsingarnar, en þó að mestu leyti, og þakkaði mér fyrir svörin, en talaði um, að þótt framlag til landgræðslunnar á sviði félagssamtakanna væri aukið, þá væri það ekki nóg. En það má vera að hann hafi ekki heyrt það áðan, að það voru till. Ingva Þorsteinssonar fulltrúa landgræðslustjóra, sem sér um gróðurverndina, sem verður farið eftir á komandi sumri, og till. hans eru byggðar á því, sem talið er heppilegt að eyða í þetta í sumar, miðað við þá áætlun um þátttöku, sem hann hefur gert. Það má vera að það reynist svo, að þátttakan verði meiri en hún er áætluð, en það er áætluð mjög veruleg aukning. Það kemur þá í ljós síðar, hvort það er ekki fullnægjandi, sem hér er um að ræða.

Hv. þm. hefur þá skoðun, að landgræðslan og gróðurverndin sé enn nauðsynlegri en skógræktin. Því er ekki að leyna, að það eru mjög skiptar skoðanir um þetta í landinu, en enginn vafi er þó á því, að skógræktin, landgræðslan og gróðurverndin eru greinar af sama stofni, og menn skyldu ekki gera lítið úr því, að ef ein planta hefur náð að festa rætur, þá hjálpar hún ótrúlega mikið til við gróðurinn, og sennilega nægir til þess að hefta uppblástur.

Ég get upplýst hv. þm. um það, að framlög til landgræðslunnar hafa á seinni árum aukizt mun meira en til skógræktarinnar, þrátt fyrir dugnað skógræktarstjóra í áróðri, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði hér í. Skal ég ekki gera lítið úr því. En landgræðslustjórarnir eða sandgræðslustjórarnir, eins og þeir hétu, voru einnig duglegir á sinn hátt og einnig núverandi landgræðslustjóri ásamt sínum aðstoðarmanni, Ingva Þorsteinssyni. Það má vera, að þessi aukni áhugi almennings í landinu hafi komið í seinni tíð aðeins fyrir tilviljun. Ég hygg, að það sé ekki. Ég hygg, að áróður og dugnaður forustumanna landgræðslunnar eigi sinn stóra þátt í því, og þetta skeði eftir að nýju landgræðslulögin voru sett, þar sem gróðurverndarstarfið var tekið alveg sérstökum tökum. Og ég er ekki sannfærður um, að það, sem mest liggi á nú, sé að taka upp nýja skipulagningu í þessum málum, vegna þess að nýju lögin eru nú fyrst að verka og sýna ágæti sitt með þeirri skipulagningu, sem gerð hefur verið samkvæmt þeim, m. a. með því að skipa gróðurverndarnefndir í öllum sýslum landsins, sem eiga e. t. v. sinn stóra þátt í því að skapa þann mikla áhuga, sem verið hefur. Og það er ekki frá mínu sjónarmiði aðalatriðið að sameina þessar stofnanir undir einn hatt, skógræktina og landgræðsluna. Það er gamalt mál og fyrir löngu um það rætt að gera þetta, en skoðanir manna hafa verið skiptar á því. Ég er alls ekki viss um, að það sé út af fyrir sig til batnaðar. Það sem máli skiptir er, að þessar stofnanir geti unnið saman, geti unnið vel saman, og það vona ég að þær geri og skilji sitt hlutverk, og ég held, að ráðstefnan, sem haldin var fyrir nokkrum dögum um gróðurverndarstarfsemina og landgræðsluna, hafi einnig leitt í ljós, að þessar stofnanir séu óaðskiljanlegar og verði að vinna saman, enda þótt það séu tveir forstjórar. Og ég veit ekki, hvort hægt væri að spara nokkuð að ráði, þótt sameiningin ætti sér stað, nema þá að einn forstjóri væri. Það getur verið, að það sé mögulegt, en það gæti þá verið, að það þyrfti að koma fulltrúi, og þá verður harla lítið, sem sparaðist. En er ekki nauðsynlegt að hafa skógræktarstjóra, sem sýnir dugnað í áróðri og áhuga fyrir þessu mikilvæga starfi, og er ekki einnig nauðsynlegt að hafa landgræðslustjóra og gróðurverndarstjóra, eins og við nú höfum, svo að þeir geti einnig notið sín með þeim áróðri og dugnaði, sem þeir virðast hafa beitt í seinni tíð, því að árangurinn lætur ekki á sér standa í hinum aukna áhuga alls almennings í landinu?

48. Tollstöðvarbygging við Reykjavíkurhöfn.

Á deildafundum 25. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til fjmrh. um tollstöðvarbygginguna við Reykjavíkurhöfn [194. mál, 1] (A. 387).

Á 37. fundi í Sþ., 26. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 39. og 40. fundi í Sþ., 9. og 16. apríl, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eins og hv. alþm. vita, hefur lengi verið vöntun í Reykjavík á viðunandi aðstöðu til tollskoðunar og tolleftirlits. Alþ. hefur fyrir löngu viðurkennt þessa staðreynd með því að leggja tollstöðvarbyggingu til sérstakan tekjustofn, sem er innheimtur með öðrum aðflutningsgjöldum. Nú er tollstöðvarbyggingin risin á hafnarbakkanum, mikið hús og veglegt, og vonandi bætir það úr mjög brýnni þörf. En því er ekki að neita, að raddir heyrast um það, að meira hefði verið hugsað fyrir aðstöðu til skrifstofuhalds en til að bæta skilyrði sjálfrar tollgæzlunnar. Það er

vitanlega slæmt, ef rétt reynist, á það get ég engan dóm lagt að svo stöddu a. m. k.

Ég held, að það sé öllum aðilum fyrir beztu, að slík mál séu upplýst eins rækilega og föng eru á. Þess vegna hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. um þetta atriði á þskj. 387 svo hljóðandi:

„1. Hvenær má ætla, að tollstöðvarbyggingin við Reykjavíkurhöfn verði tekin í notkun?

2. Hvernig verður afnotum þess húss hagað, og hvernig verður aðstaða þar til tollskoðunar?

3. Hvað kostar þessi bygging fullgerð?"

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það er að sjálfsögðu með þetta mál sem önnur, að einhverjar efasemdir kunna að vera um, að það skili þeim árangri, sem til hefur verið stofnað. Sjálfsagt er að ræða þau og upplýsa eftir því sem tök eru á, til þess að menn viti þá gjörla, að hverju er að ganga.

Fsp. þær, sem hv. þm. ber fram, eru 3. Í fyrsta lagi: „Hvenær má ætla, að tollstöðvarbyggingin við Reykjavíkurhöfn verði tekin í notkun?"

Um þetta er það að segja, að vörugeymslurnar fyrir ótollafgreiddar vörur, sem eru á 1. hæð tollstöðvarbyggingarinnar og í mestum hluta kjallarans, sem er undir hálfri skrifstofuálmunni við Tryggvagötu að austan, — þessar vörugeymslur eru tilbúnar, og hefur þetta húsnæði þegar verið leigt Eimskipafélagi Íslands. Skrifstofuhæðirnar munu geta verið tilbúnar um eða upp úr næstu áramótum, ef unnið er af fullum krafti við bygginguna, sem verður gert, ef fé verður fyrir hendi.

Til þess að ljúka byggingunni verður með einhverjum hætti að afla til þess töluvert mikils bráðabirgðaláns. Það væri mjög æskilegt að geta lokið byggingunni með þeim hraða, sem hér er talað um. Um það get ég ekki sagt á þessu stigi málsins, því að það hefur ekki verið afráðið enn. Það mætti skilja eftir einhvern hluta af henni, sem ætlaður hefur verið fyrir skrifstofubyggingar, sem eru umfram þarfir tollgæzlunnar, og hefur þá jafnvel komið til álita, að önnur ríkisstofnun fengi þar aðstöðu, þ. e. a. s. skattstofan. Um það hefur ekki verið tekin ákvörðun enn, en sú stofnun er í leiguhúsnæði.

„Hvernig verður afnotum þessa húss hagað, og hvernig verður aðstaða til tollskoðunar?"

Um þennan lið er þetta að segja: Vörugeymslur á 1. hæð og í mestum hluta kjallarans, svo sem ég hef áður vikið að, hafa þegar verið teknar í notkun. Þetta húsnæði er 3491.9 m^2 og rúmmálið 20236 m^3. Hefur því helmingur hússins þegar verið tekinn í notkun í þessu skyni. Tollstjóraskrifstofan mun þurfa að nota alla efstu hæð skrifstofuálmunnar svo og hluta af millihæðum og 1. hæð, en tollgæzlan mun hafa aðsetur á báðum skrifstofuhæðum útbyggingarinnar meðfram Pósthússtræti. Neðri skrifstofuhæðin verður leigð út að mestu eða öllu leyti um sinn, eins og ég gat um, og kemur þá til álita hvaða ríkisstofnun fari þangað inn. En það er sú eina hæð, sem talið er, að ekki þurfi að vera til afnota fyrir tollgæzluna. Aðstaða til tollskoðunar í tollstöðinni verður mjög góð, enda er geymsluhúsnæði fyrir vörur leigt út með því skilyrði, að tollgæzlan hafi þar alla aðstöðu eftir þörfum til tollskoðunar, m. a. verði þar möguleikar til að taka skipsfarma eða hlut af skipsförmum til sérstakrar skoðunar. Þetta er hin brýnasta nauðsyn í stað þess, að förmum þessum hefur jafnan verið keyrt burtu í geymsluhús hinna einstöku skipafélaga, og eins og nú standa sakir er jafnvel mjög mikill vandi að koma fyrir í viðunandi geymslum öllum vörum, og hefur það að sjálfsögðu torveldað mjög tollskoðun og skapað hættu á því, að hún geti ekki verið nægilega styrk. Þessu ætti að vera komið í gott lag með tilkomu nýju tollstöðvarinnar.

Í þriðja lagi er spurt að því, hvað áætlað sé, að þessi bygging tollstöðvarinnar muni kosta fullgerð. Upphaflega var áætlað, að bygging tollstöðvarinnar mundi kosta 132 millj. kr., en með hliðsjón af hækkuðum byggingarkostnaði frá því að byrjað var á húsinu, þá er ætlunin nú, að kostnaður verði um 149 millj. Um síðustu mánaðamót var byggingarkostnaður orðinn rúmar 80 millj. Einangrun skrifstofuhæðanna er að mestu lokið svo og múrhúðun og hitalögn.

Mér þykir aðeins í framhaldi af þessu rétt, til þess að gefa heildarmynd af málinu umfram það, sem ég hef hér sagt frá, að segja í fáum orðum frá því, hvernig þetta mál er til komið og lýsa örlítið nánar ýmsum atriðum, sem ég hef ekki komið inn á. Eins og hv. þm. er kunnugt, þá er í lögum frá 1956 um tollheimtu og tolleftirlit ákveðið að greitt skyldi 1% gjald eða álag á vörumagnstoll og verðtoll um leið og þeir tollar eru innheimtir samkv. tollskrám og viðaukum svo og öðrum aðflutningsgjöldum, og skyldi fé þetta lagt í sjóð og varið til byggingar tollstöðva í landinu eða kaupa á fasteignum í sama skyni. Með lögum frá 1962 var ákveðið, að fé þetta skyldi innheimta af innflytjanda, þ. e. leggjast við aðflutningsgjöldin við greiðslu. Síðan gerist það með tollskrárlögum frá 1963, að gerð er tvenns konar breyting á eldri ákvæðum. Annars vegar, að gjaldið var lækkað úr 1% í ½% og hins vegar, að gjaldið skyldi greiðast af innheimtum aðflutningsgjöldum, eins og upphaflega var ákveðið. Á árinu 1963 var síðan tekin ákvörðun um, að byggja skyldi tollstöð í Reykjavík fyrir fé sjóðsins. Var þá skipuð af fjmrh. sérstök n. til að undirbúa og sjá um byggingu hússins, og eiga sæti í þeirri n. þeir Torfi Hjartarson tollstjóri, sem er formaður, Sigtryggur Klemenzson bankastjóri, Hörður Bjarnason húsameistari, Páll Sæmundsson stórkaupmaður og Ragnar Jónsson skrifstofustjóri. Þá var fengin lóð undir hús þetta á hafnarbakkanum, mjög góð lóð, að stærð tæpir 5000 m^2 og verður nyrzti hluti hennar undir umferðarbrú þeirri, sem liggja á yfir hafnarsvæðið samkvæmt nýgerðu skipulagi. Hafizt var handa um byggingu á lóðinni um mánaðamótin febr.—marz 1967. Fyrsta hæð hússins verður að mestu leyti vörugeymsla auk farþegaafgreiðslu,

eins og áður segir. Á næstu hæð verður síðan opið bifreiðastæði sunnan umferðarbrúarinnar. 3. og 4. hæð verða skrifstofuhæðir meðfram Tryggvagötu og Pósthússtræti og undir suðvesturhorni hússins verður kjallari, sem að vissu leyti var ekki mikill áhugi á að byggja, en það var skilyrði frá skipulagsyfirvöldum Reykjavíkurborgar, að hann yrði byggður. Gólffletarmál hússins er 8842.5 m^2 og rúmmál alls 40740 m^3. Fyrsta hæð hússins er að flatarmáli 3780 m^2, en skrifstofuhæðirnar hvor um sig 1615 m^2. Á bifreiðastæðinu yfir 1. hæð verður stæði fyrir ca. 105 bíla.

Tekjur sjóðsins hafa verið alls frá upphafi til síðustu mánaðamóta um 82.2 millj. kr. og gert er ráð fyrir, að á þessu ári muni tekjurnar af gjaldinu, sem falla til tollsjóðsins, nema 11 millj. 820 þús. kr. Það ætti því með hliðsjón af þessu að vera tiltölulega auðvelt að fá bráðabirgðalán, sem þyrfti ekki að standa til langs tíma, til þess að koma húsinu öllu í notkun, en það er hin mesta nauðsyn og skiptir auk þess allverulegu máli atvinnulega séð að þurfa ekki að stöðva þessa vinnu, því þarna vinnur margt manna og mun verða lögð áherzla á, að reynt verði að ljúka húsinu, að koma því í notkun og sjá til þess, að það geti farið að skila þeim árangri, sem til var stofnað, og skila leigutekjum, sem það að vísu er farið að skila nú þegar, en á að geta gert mun betur, ef hægt er að ljúka byggingunni. Þar sem húsið er allt byggt fyrir eigið fé, nema þau lán, sem nú kunna að verða tekin til bráðabirgða, ætti að sjálfsögðu að geta orðið á því hagkvæmur rekstur.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör við þessum fsp. Ég tek undir það með honum, að æskilegt er, að þetta hús geti sem fyrst orðið fullgert, og eftir þeim upplýsingum, sem hann gaf um fjárhagsástand byggingarinnar, standa vonir til, að ekki ætti að þurfa að stöðva byggingarframkvæmdir við húsið, þar sem þegar hefur verið séð fyrir fjármagni fyrir u. þ. b. ⅔ hlutum byggingarinnar, og árlegar tekjur af tekjustofnunum, sem ég gat um í upphafi, eru 12 millj., og treysti ég því, að einhvern veginn takist að útvega fjármagn til þess að ljúka því. Um svörin að öðru leyti skal ég ekki hafa mörg orð. Ég er þessu máli ekki verulega kunnugur. Tvö atriði vekja þó umhugsun hjá mér, aðallega í sambandi við notkun hússins. Það er í fyrsta lagi það, hvernig eigi að koma við tollskoðun á farþegum, sem fara um Reykjavíkurhöfn. Aðstaða til þeirrar tollskoðunar hefur verið ákaflega léleg. Það er þarna timburhús framarlega á hafnarbakkanum, lítið og óhentugt og þar að auki fyrir allri umferð, sem notazt hefur verið við, og ég tel víst, að tollgæzlan hafi gert sér vonir um, að þessi starfsemi gæti flutzt í nýja húsið. Ég sé ekki, að fyrir því sé gert ráð, samkvæmt þeim upplýsingum, sem fjmrh. gaf hér, að sú afgreiðsla verði í húsinu, þar sem búið er að leigja Eimskipafélagi Íslands alla neðri hæðina og allan kjallarann. Og það vekur satt að segja nokkra umhugsun hjá mér í öðru lagi, hvernig standi á því að allt það húsnæði, sem tollgæzlan á að fá til afnota til sinnar rannsóknastarfsemi og hvað sem það nú er, sem gert er í tollgæzlu, að það skuli eiga að fara fram í húsnæði, sem búið er að leigja einu skipafélagi. Þetta þykir mér nokkuð undarleg tilhögun. Ég ætla út af fyrir sig ekki að hafa frammi gagnrýni á þetta fyrirkomulag. Það má vera, að það séu rök sem mæla með því, en satt að segja hélt ég, að þetta hús væri fyrst og fremst byggt fyrir tollgæzluna, tollgæzlan ætti sjálf að ráða yfir þessu húsi, og hún ætti að ráða því, hvaða vörur væru þarna inni, hvernig væri með þær farið og það þyrfti kannske að rannsaka farma frá fleiri skipafélögum en Eimskipafélagi Íslands, og hvar á þá að gera það eftir breytinguna? Mér finnst einhvern veginn, að þetta sé ekki í samræmi við þá notkun hússins, sem ég a. m. k. hafði gert ráð fyrir, að þarna ætti að fara fram. Vel má vera, að það séu til skýringar, en ég hef þær ekki á reiðum höndum.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég vildi víkja að. Annars vegar seinna atriðið, sem hv. ræðumaður kom inn á, varðandi leigu á þessu stóra húsrými, sem þarna er um að ræða, hvort ekki væri hæpið að leigja það í stað þess að hafa það til afnota til að geta tekið þar inn farma frá ýmsum skipafélögum. Sjónarmið hans er fullkomlega eðlilegt, af því að það getur verið nauðsynlegt að gera þetta. Hitt er aftur á móti staðreynd, að hér er um geysilega stórt húsrými að ræða, sem hefði verið alveg ófært að láta standa ónotað, og það eru litlar líkur til þess, að þurfi að taka inn farma, sem þurfa að vera langan tíma á þessum stað. Þetta hús verður að öllu leyti undir mjög nákvæmu eftirliti tollsins, og það er gengið út frá því, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að þarna sé hægt að taka inn og afmarka farma, sem kunna að vera frá öðrum skipafélögum.

Húsið er þannig byggt og með ákveðnum skilmálum frá Reykjavíkurborg, að þarna varð að byggjast mjög stórt hús og kannske hlutfallslega stærra varðandi birgðageymslu en tollurinn sjálfur hefði þurft á að halda, ef hann hefur ætlað að nota það til skoðunar, og var auðvitað ekki neitt vit í öðru en að leigja þann hluta hússins. Ég held, að mér sé alveg óhætt að fullyrða, að það verði gengið vendilega frá því, að hægt sé að koma við slíkri skoðun.

Varðandi farþegana er það að segja, að það er ekki ætlazt til, að framvegis þurfi að nota þessa bágbornu aðstöðu, sem er þarna á hafnarbakkanum og hv. þm. vék að. Það kann hins vegar að verða einhver bið á því, vegna þess sem hv. þm. er líka kunnugt, að þetta hús er byggt með mjög sérstökum hætti út frá skipulagsreglum Reykjavíkurborgar. Eins og ég vék að áðan, verður byggð þarna brú, sem er framhald af götu, sem á að liggja einni hæð ofar en núverandi hafnarbakki er, þannig að Reykjavíkurborg verður að taka að sér framlengingu á þessari götu. Tollstöðinni var gert að skyldu

að byggja hluta götunnar þarna uppi í loftinu, og síðan á að koma framhald af götunni í báða enda, sem Reykjavíkurborg verður að sjálfsögðu að sjá um, en meðan ekki er frá þessu gengið, þá getur þarna verið nokkur erfiðleiki á að koma öllum farþegum þarna upp. Það er ætlazt til þess, að þetta geti samt orðið mjög skjótlega, og ég hygg, að Reykjavíkurborg hafi í huga, að það geti orðið, og það er fullkomin aðstaða til þess í þessari nýju tollstöðvarbyggingu, mjög góð aðstaða er mér óhætt að segja til þess að láta fara fram í byggingunni sjálfri þessa tollgæzlu á farþegum og með þessu húsrými og með því skipulagi, sem gert er ráð fyrir að þarna verði í kring, þá eigi að vera hægt að skapa þarna mjög lokaða aðstöðu til þess einmitt, að hægt sé að koma við með miklu betri hætti en nú er þessari rannsókn á farþegum. En eins og ég segi og eins og menn sjá vafalaust, sem skoða þessa byggingu og sjá þessa brú, sem er hæð ofar en gatan, þá hefur þarna skapazt vandamál, sem ekki leysist að fullu, fyrr en Reykjavíkurborg hefur framlengt þessa ökubrú, sem þarna á að koma. Þá leysist þetta af sjálfu sér.

Fyrirspyrjandi (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal aðeins hafa þetta örfá orð. Ég fagna því út af fyrir sig, að það kom fram í viðbótarsvörum hæstv. ráðh. að það hafði ekki gleymzt að gera ráð fyrir farþegaskoðun í þessu mikla húsi. Hvernig á því stendur, að hún er höfð uppi á annarri hæð skal ég láta liggja á milli hluta. Ég hélt að það hefði verið hentugra að hafa hana á neðstu hæð. (Gripið fram í.) Já, en það er gengt frá neðri hæð hússins fram á hafnarbakkann undir brúnni. Það hygg ég, að þeir, sem hafa skoðað húsið, hefðu getað komizt að raun um, enda væri það erfitt, ef ekki væri hægt að koma vörunum inn undir brúna. (**Gripið fram í:** Já, en fólkið á ekki að ganga þar.) Nei, fólkið á ekki að ganga þar. Það er ákvörðun stjórnarvalda, að fólkið skuli ekki ganga þar.

Þetta var fyrri aths. Sú síðari er um það, að þetta hús væri það stórt, að ekki væri vit í því að hafa það allt ónotað. Ég er því algerlega sammála. Það eina, sem mig furðar á í þessu sambandi, er það, að ekki skyldi vera haldið eftir fyrir tollgæzluna hæfilegum hluta af þessu húsnæði, sem hefði hentað þessari skoðun hjá öðrum skipafélögum, sem ég minntist á, en tíminn er búinn, og ég skal ekki ræða um þetta frekar.

49. Sjúkrabætur.

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var útbýtt:

Fyrirspurn til félmrh. varðandi auknar sjúkrabætur [205. mál] (A. 431).

Á 39. fundi í Sþ., 9. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. nr. 431 leyft mér að bera upp fsp. til hæstv. félmrh. varðandi auknar sjúkrabætur. Fsp. þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmd þáltill., sem Alþ. samþ. 17. apríl 1968, um endurskoðun á IV. kafla l. nr. 40 1963, um almannatryggingar, með það fyrir augum, að sjúklingar, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, fái verulega auknar bætur frá því, sem nú á sér stað?“

Það er nú liðið rúmlega eitt ár síðan till. þessi var samþ. hér á hinu háa Alþ. Ég tel, að hér sé um stórmál að ræða fyrir þá, sem í hlut eiga, hvernig þessum málum verður skipað til frambúðar. Ég hef því leyft mér að bera fram þessa umræddu fsp.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir fsp. sinni, en með bréfi dags. 13. maí 1968 sendi félmrn. Tryggingastofnun ríkisins till. þessa til þál. um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem leita þurfa lækninga erlendis. Á fundi tryggingaráðsins hinn 29. maí s. l. var samþ. að vísa erindinu til athugunar til formanns ráðsins, tryggingayfirlæknis og skrifstofustjóra, en þeim hafði á fundi ráðsins 8. febr. næsta ár á undan verið falið að athuga reglur um fyrirgreiðslu við sjúklinga, sem ekki geta fengið læknishjálp hér heima.

Grg. stofnunarinnar barst rn. með bréfi, dags. 9. nóv. 1968, ásamt svo hljóðandi till. til lagabreytingar:

„Heilbrmrh. er heimilt að ákveða með reglugerð, að sjúkrahús ríkisins skuli kosta vistun sjúklinga á erlendu sjúkrahúsi ásamt læknishjálp og annarri þjónustu, enda hafi yfirmaður sjúkrahúsdeildar þeirrar, sem sjúklinginn sendir, úrskurðað, að honum sé brýn nauðsyn á að fara utan, vegna þess að ekki sé unnt að veita fullnægjandi hjálp á íslenzku sjúkrahúsi, og ákveðið, hvar hjálparinnar skuli leitað. Í reglugerðinni má og ákveða að höfðu samráði við félmrh., að sjúkrasamlag sjúklingsins greiði ríkissjúkrahúsinu aukið daggjald þann tíma, sem sjúklingurinn er vistaður á kostnað þess.“

Þessi lagabreyting mundi hafa í för með sér verulegan kostnaðarauka og gæti í ýmsum tilfellum orðið litlum og fámennum sjúkrasamlögum allþung í skauti.

Í till. er gert ráð fyrir heimild til, að sjúkrasamlag sjúklingsins greiði ríkissjúkrahúsi kostnað eða aukið daggjald þann tíma, sem sjúklingurinn er vistaður á kostnað þess, að höfðu samráði við félmrh. Í ákvæðunum felst jafnvel, að allur þessi kostnaður

verði lagður á sjúkrasamlagið. Það gæti að sjálfsögðu haft í för með sér, eins og ég sagði áðan, verulega hækkun iðgjalda hlutaðeigandi samlags og um leið hækkun á framlagi sveitarsjóða og ríkissjóðs, enda ákaflega erfitt að áætla fyrir fram upphæðirnar í þessu tilfelli.

Athugun sú, sem tryggingaráð fól áðurnefndum aðilum í tilefni af þál., sem ég áðan nefndi, leiddi aðeins til þess, að framangreind brtt., sem ég las áðan, væri hagkvæmasta lausn málsins. Það virðist út af fyrir sig ekki óeðlilegt, að þessi kostnaðarauki verði lagður á sjúkratryggingarnar með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í till. Kerfisbreyting hefur nú átt sér stað á daggjöldum sjúkrahúsa, og er því nauðsynlegt að endurskoða málið allt í ljósi þeirra breytinga, sem sú kerfisbreyting hefur í för með sér.

Ríkisstj. hefur af framangreindum ástæðum ekki tekið ákvörðun um að beita sér fyrir lagasetningu þessarar brtt. enn þá, en mun væntanlega gera það, áður en langur tími líður.

Fyrirspyrjandi (Jón Árnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin, og ég vænti þess, að þessi till., sem hér hefur verið skýrt frá, komi til framkvæmda sem fyrst eða þá eitthvað annað hliðstætt, sem gæti komið að svipuðum notum fyrir þá, sem í hlut eiga. Það er augljóst mál, að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða, og einhvers staðar verða þær niður að koma, annaðhvort hjá Tryggingastofnuninni eða þá að hluta til hjá sjúkrasamlögunum eins og hæstv. ráðh. gat um, að ætlunin væri með þeirri till., sem hann skýrði frá. Hvort heldur sem verður, þá endurtek ég, að hér er um stórmál að ræða fyrir þá, sem í hlut eiga og getur oltið á mjög miklu fyrir þá, hvenær og hvernig þessi mál verða afgreidd.

50. Sumaratvinna skólafólks.

Á deildafundum 15. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til ríkisstj. um sumaratvinnu skólafólks [212. mál, 1] (A. 455).

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Á 2. landsþingi menntaskólanema, sem haldið var í Reykjavík fyrir skömmu, var að vonum mikið rætt um sumaratvinnu námsfólks og greint frá athugunum, sem framkvæmdar höfðu verið á atvinnuhorfum námsmanna í menntaskólum. Í Menntaskólanum í Hamrahlíð áttu 28.3% nemenda vísa vinnu, 50.5% nemenda töldu sig hafa von um vinnu, en 21.3% eygðu enga von um atvinnu í sumar. Í þeim skóla töldu 38.4%, að þeir yrðu að hætta námi, ef þeir fengju ekki vinnu. Í Menntaskólanum að Laugarvatni áttu tæp 32% nemenda vísa vinnu, 30% gerðu sér vonir um vinnu, en 38% eygðu enga atvinnumöguleika. Í Menntaskólanum í Reykjavík reyndist aðeins 21% nemenda hafa trygga sumaratvinnu, 35% gerðu sér vonir um vinnu, en 44% sáu ekki fram á að geta fengið nein sumarstörf. Þessar tölur, sem ég nefndi, eru aðeins frá þessum þremur menntaskólum, en þær eru til marks um mjög alvarlegt ástand, sem nær til framhaldsskólanna allra, þar með til háskólastúdenta.

Það hefur um langt skeið verið einkenni á íslenzku þjóðfélagi, að skólaæskan hefur stundað hvers konar atvinnu á sumrin, og greitt þannig að verulegu leyti kostnað af námi sínu. Hefur þessi tilhögun leitt til þess, að meira hefur verið um það hér en í öðrum Vestur-Evrópulöndum, að börn alþýðufólks hafi getað stundað langskólanám. Vissulega hefur þetta verið erfiður róður fyrir marga, en þessi tilhögun hefur einnig mikla félagslega kosti. Ungt fólk, sem starfar þannig fyrir kaupi á almennum vinnumarkaði, öðlast snemma aukið sjálfstæði, og þessi tilhögun stuðlar að því andlega jafnræði, sem er mjög dýrmætt einkenni á íslenzku þjóðinni.

Sú kreppa, sem Íslendingar hafa nú fengið að kynnast um tveggja ára skeið, hefur komið sérstaklega illa við skólaæskuna, og horfur þær, sem nú blasa við, eru mjög geigvænlegar. 8 þús. nemendur í framhaldsskólunum fara senn að bætast á vinnumarkaðinn, en seinast þegar birtar voru tölur um atvinnuleysi á Íslandi, reyndust atvinnuleysingjar vera yfir 2000 talsins. Veruleg hætta er á því, að mikill hluti námsmanna fái ekki vinnu, og við það ástand bætast skertar atvinnutekjur aðstandenda. Verði ekki að gert, er hætta á, að margir námsmenn verði að hætta í miðjum klíðum og langskólanám verði forréttindi unglinga frá efnafjölskyldum. Slík þróun mundi í senn hafa hrapalleg félagsleg og menningarleg áhrif.

Sú staðreynd, að hér sé við stórfellt vandamál að etja, er viðurkennd af öllum, þ. á m. af hæstv. ríkisstj. Þegar í marzmánuði í fyrra lofaði hæstv. ríkisstj. því hátíðlega í samningum sínum við verkalýðsfélögin að athuga atvinnumál unglinga, sem eru við nám og stuðla að ráðstöfunum til að tryggja sumaratvinnu þeirra. Því miður urðu efndirnar í fyrrasumar ekki öldungis í samræmi við loforðin. Tekjur skólafólks urðu þá mun minni en endranær, og allstór hópur fékk aldrei neina vinnu. Nú, þegar mun stórfelldari vandamál blasa við, hefur hæstv. ríkisstj. enn ítrekað loforð sín. Hún hét m. a. öllu góðu í þessu efni í viðtölum við fulltrúa frá landsþingi menntaskólanema, sem ég vék að áðan. Í þessu máli er því ekki um það að ræða að

sannfæra hæstv. ríkisstj. eða samþykkja almennar áskoranir á hana. Fyrirheitin eru alveg ótvíræð. Um hitt spyrja nemendur og aðstandendur þeirra: Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að efna fyrirheit sín? Hvaða tilteknar ráðstafanir ætlar hún að gera til að tryggja skólafólki næga atvinnu í sumar? Ég ber fram þessa fsp. mína til þess að fá svar við þeirri spurningu.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir þessari fsp. sinni. Það fer ekkert á milli mála, að fyrir þjóðarheildina er hér um mikið vandamál að ræða, og eins og hann komst réttilega að orði, er það sérstætt fyrir okkar land, að tryggja þurfi atvinnu alls þess sívaxandi fjölda ungs fólks, sem út úr skólunum kemur á hverju vori. Þessi fjöldi hefur verið áætlaður n. k. vor um 8000 vinnufærir unglingar, og er langstærsti hópurinn, sem á einu vori hefur losnað af skólabekk. Ég segi, að þetta sé sérstakt vandamál fyrir okkur Íslendinga, því að vart mun finnast hliðstæða þess með öðrum þjóðum, að skólafólk vinni í sumarleyfum sínum í jafnríkum mæli og hér. Af þessu vinnuafli hafa alloft orðið góð not í okkar sveiflukenndu starfsgreinum, sér í lagi þegar aflahrotur eru og þá sérstaklega við veiði og vinnslu síldar og fyrr á árum einnig við landbúnaðarstörf, áður en hin mikla vélvæðing hélt þar innreið sína. Sá skammi tími árs, sem fólk þetta býðst á vinnumarkaðinum annars vegar, og hinar gífurlegu sveiflur í vinnuaflsþörfinni hins vegar gera atvinnutryggingu þessa unga fólks jafnvel enn þá óöruggari en þess fólks, sem er reiðubúið til starfa allt árið.

Nú þarf ekki að fjölyrða um það atvinnuástand, sem ríkt hefur hér á landi 1½—2 s. l. ár. Það ástand eða réttara sagt þeir miklu erfiðleikar, sem þjóðarbúið hefur á þessum tíma orðið fyrir, hafa komið fram í alvarlegu atvinnuleysi í ýmsum starfsgreinum hjá fólki, sem hefur þar allt lífsframfæri sitt af heils árs störfum. Algjör forsenda þess, að skólafólk fái vinnu í sínum sumarleyfum, er því sú, að full atvinna — og þá á ég við a. m. k. dagvinna — sé hjá því fólki, sem byggir alla afkomu sína og sinna á þessum störfum. Yfir því hefur stundum verið kvartað eðlilega af forsvarsmönnum verkalýðsfélaga, að skólafólk hefur verið tekið til vinnu, meðan félagsbundinn starfsmaður er atvinnulaus. Fyrir þessum aðfinnslum sínum hafa forráðamenn verkalýðsfélaganna fært sín rök, sem hér verða þó ekki talin. Ríkisstj. hefur í samstarfi og samráði við fulltrúa verkalýðs og vinnuveitenda, sbr. samkomulag þar um, sem undirritað var 17. jan. s. l., unnið að úrbótum í atvinnumálum almennt, svo sem skýrt hefur verið frá opinberlega. Aflasæl vertíð og stöðvun a. m. k. í bili á verðfalli sjávarafurða erlendis hafa unnið þarna með okkur. Þarna eygist nú raunverulegur árangur í þessu mikilvæga starfi, ef við sjálf hér heima kunnum fótum okkar forráð. Í þessum efnum tala gleggst sílækkandi tölur atvinnuleysingja, eftir að vinnustöðvun sjómanna lauk, þótt skylt sé að viðurkenna þörfina fyrir enn betri árangur í þessum efnum. Takist okkur að halda áfram að fækka atvinnuleysingjum og helzt að útrýma með öllu atvinnuleysi, mun skólafólk njóta þess árangurs eins og reyndar þjóðin öll. Á árangri þessara aðgerða verður að byggja allar frekari aðgerðir til úrbóta, þ. á m. vinnumöguleika ungs fólks, eins og skólafólkið velflest er. Sérstök athugun fer nú fram á vegum Reykjavíkurborgar, en hér hefur atvinnuleysingjafjöldinn verið mestur, hvað mikið af þessu unga fólki vill vinna og hvað mikið af því á trygga atvinnu. Þetta eru að sjálfsögðu atriði, sem nauðsynlegt er að fá upplýst, áður en til annarra ráðstafana er gripið.

Mesta hagsmunamál skólafólks í þessum efnum er þó að sjálfsögðu, að útrýming atvinnuleysis á hinum almenna vinnumarkaði takist. Án þess að um það hafi verið spurt, tel ég rétt að skýra frá því, að nú stendur yfir endurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar. Í þeirri n., sem málið hefur til meðferðar, hefur sú hugmynd verið rædd, að skólafólk geti notið atvinnuleysisbóta, sem það nýtur ekki í dag, ef það hefur á síðustu 12 mánuðum unnið tryggingaskyld störf í þrjá mánuði og verið í skóla 6 mánuði. Hver sem endanleg afdrif þessara hugmynda verða, þegar n. leggur niðurstöður sínar fram, sem ég vona að verði fyrir lok yfirstandandi Alþ., þá læt ég þá einlægu ósk og von í ljós, að meira verði um raunhæf og arðbær störf þessa fólks í þágu lands og þjóðar en bætur vegna verkefnaskorts.

Niðurstöður þessa svars míns eru því þær, að í fyrsta lagi er ríkisstj. fullljós sá vandi, sem hér er fyrir hendi um verkefnasköpun fyrir skólafólk og ungt fólk almennt yfir sumartímann. Í öðru lagi hefur ríkisstj. lagt höfuðáherzlu á úrbætur á hinum almenna vinnumarkaði, þar sem hún telur það forsendu fyrir lausn á atvinnu til handa ungu fólki. Í þriðja lagi mun ríkisstj. fylgjast með niðurstöðum þeirra kannana, sem nú er að unnið um atvinnumöguleika ungs fólks, og leita þeirra ráða, sem tiltæk eru til að fá arðbær störf fyrir sem flest af því unga fólki, sem vilja og getu hefur til starfa.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. félmrh. svörin, kemst ég ekki hjá því að lýsa yfir algerri undrun á efni þeirra. Efnislega sagði hæstv. ráðh., að ríkisstj. hefði gert nákvæmlega ekki neitt til þess að efna þau loforð, sem gefin voru fyrst í marzmánuði í fyrra og hafa síðan verið ítrekuð æ ofan í æ, bæði í ræðum forustumanna og í sérstökum loforðum, sem nemendum skólanna hafa verið gefin. Hæstv. ráðh. taldi það forsendu þess, að skólafólk fengi atvinnu, að hér væri ekki almennt atvinnuleysi meðal launafólks, og það er vissulega rétt. En það ástand, að atvinnuleysi sé á Íslandi, hefur staðið allt of lengi og er hæstv. ríkisstj. til fullkominnar minnkunar. Þau loforð, sem hæstv. ríkisstj. gaf í janúarmánuði um að uppræta atvinnuleysi á skömmum tíma, og sett var upp sérstakt kerfi í því

sambandi, sem mikið var gumað af, hafa ekki enn þá borið fullan árangur. Seinast, þegar birtar voru tölur fyrir landið allt, voru atvinnuleysingjar á þriðja þúsund, og mér er fullkunnugt um það, að atvinnuleysingjahópurinn er enn tilfinnanlega mikill hér í Reykjavík og víðar. Þannig er full hætta á því, að það verði hópur atvinnuleysingja á Íslandi, þegar við bætast 8000 vinnufærra unglinga úr skólunum. Og hæstv. ríkisstj. hefur ekkert gert að því er hæstv. ráðh. upplýsti til þess að bæta úr þessu ástandi.

Hann vék að vísu að því, að Reykjavíkurborg ætlaði að framkvæma könnun, og hann lofaði því, að hæstv. ríkisstj. mundi fylgjast með þessari könnun. Þakka skyldi henni. En þetta vandamál nær ekki aðeins til Reykjavíkur. Það nær til landsins alls. Allir, sem eitthvað fylgjast með ástandinu í framhaldsskólum á Íslandi, vita, að vandamál nemenda úti um land eru enn þá stórfelldari, vegna þess að kostnaður þeirra við nám, sem þeir verða yfirleitt að sækja til þéttbýlisins, er miklum mun meiri. Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess, að 8000 menn geti fengið fulla atvinnu á almennum vinnumarkaði, án þess að gerðar séu einhverjar skipulagsbundnar ráðstafanir. Það liggur í augum uppi. Sá tími er liðinn, að atvinnuhættir okkar séu þess eðlis, að við séum algerlega háðir sveiflum, vertíðarsveiflum og sveiflum í aðalatvinnuvegum okkar. Atvinnan er orðið miklu samfelldari en hún var. En ef við ætlum að haga atvinnulífi okkar þannig, að hér geti verið full atvinna að sumri til fyrir allt að 8 þús. manns aukalega, þá verður að undirbúa það, það verður að skipuleggja það, það verður að gera ráðstafanir af hálfu hæstv. ríkisstj. Og það er í sjálfu sér algerlega óþolandi, bæði fyrir Alþ. og fyrir þjóðina, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér það æ ofan í æ, að afgreiða stórmál eins og þetta með almennu orðagjálfri.

Þetta er mjög stórt vandamál, ekki aðeins fyrir þá 8000 unglinga, sem þarna er um að ræða, og fjölskyldur þeirra, heldur einnig fyrir alla framtíðarþróun hins íslenzka þjóðfélags. Mér finnst, að hæstv. félmrh. ætti að skilja það ýmsum öðrum betur, hverju máli það skiptir, að fólk úr alþýðustétt hafi tök á því að njóta þeirrar skólamenntunar, sem fæst í langskólakerfinu. Og það ætti að vera alveg sérstakt verkefni Alþfl. í ríkisstj. að tryggja, að gerðar séu raunhæfar ráðstafanir á þessu sviði. Hæstv. ráðh. er ekki sæmandi að koma hingað og hafa ekkert áþreifanlegt að segja um lausn þessa stórfellda vandamáls.

Jón Skaftason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 6. þm. Reykv., hefur á þessu þingi látið allmjög að sér kveða í umr. og með málatilbúnaði. Hann mun vera höfundur þess nýmælis, sem hér hefur verið tekið upp í allauknum mæli núna síðustu vikurnar, að taka efni þáltill., sem hafa legið hér á hv. Alþ. og ekki komizt til umr., vegna þess að mikið er á dagskránni hverju sinni, og breytt efni þeirra í fsp. og notað sér svo þann rétt, sem þingsköpum er samkvæmur, að fsp. skuli ræðast á undan þáltill., og á þann hátt eignað sér málefni, sem ýmsir aðrir hafa orðið löngu á undan honum að flytja. Þetta hefur komið fram núna síðustu vikurnar, m. a. minnist ég, að hv. þm. flutti fsp. um kvensjúkdómadeild nokkru eftir að þáltill. um það málefni hafði verið lögð fram í Sþ. Flokksbróðir hans einn lagði fram fsp. nokkru síðar um Heyrnleysingjaskóla, en einmitt nokkru áður hafði verið lögð fram þáltill. um sama efni. Svo gerist það, að fyrir nokkru síðan lagði hv. 6. þm. Reykv. fram fsp. um sumaratvinnu framhaldsskólanema, en einmitt um það efni hafði ég ásamt flokksbræðrum mínum flutt till. til þál. 6. marz s. l., sem enn þá hefur ekki verið tekin til umr., vegna þess að áskipað hefur verið á dagskrá í Sþ. Ég er að vísu fús til þess að þakka þann stuðning við þetta málefni, sem hv. þm. sýnir með fsp. sinni þar um. En mér finnst satt að segja, að það beri ekki vott um mikinn frumleika eða frjósemi í hugsun að þurfa þannig að vera að taka upp málefni, sem aðrir hafa flutt löngu áður en fsp. kemur fram.

Mér þykir ástæða til þess að benda á þetta, því að ef þetta á að verða vinnuaðferð hér í þinginu, að einstakir þm. tíni upp í fsp.-formi efni þingmála, sem flutt hafa verið í þáltill.-formi, og slík málefni eigi að ræðast eftir þeim reglum, sem gilda um umr. um fsp., þá erum við komnir út á nokkuð nýjar brautir og að ég tel mjög vafasamar. Það er vitað, að umr. í fsp.-tíma eru mjög takmarkaðar, bundnar við 5 mínútur, og oft eru efni þeirra mála, sem flutt eru í þáltill. þess eðlis, að um þær þarf að fjalla í nokkuð löngu máli.

En ég skal sem sagt ekki fara að kýta mikið út af þessu, enda ekki tími til þess. Ég sé ástæðu til þess að vekja athygli þingheims og annarra, sem hér eru viðstaddir, á þessum vinnubrögðum. Ég á þáltill. á dagskrá þessa fundar, — ég held, að hún sé 4. mál dagskrárinnar, — og mun þá efnislega ræða um þetta, þegar þar að kemur.

Ég vil taka sérstaklega undir ummæli síðasta ræðumanns og hvergi draga þar úr, að ég varð hneykslaður á þeim svörum, sem hæstv. félmrh. gaf við þeirri fsp., sem borin var fram. Það kom svo greinilega fram í svörum ráðh., að ríkisstj. hefur bókstaflega ekkert gert í því að athuga þessi mál, að ég nú ekki tali um að hrinda í framkvæmd einhverjum sérstökum aðgerðum til þess að bæta úr í þessu efni. Þó er það upplýst, að í marz í fyrra lofaði hæstv. ríkisstj. að framkvæma sérstakar aðgerðir, einmitt til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi meðal framhaldsskólanema, og enn í vor og á þessu sumri hefur það líka verið endurtekið og því lofað, að þessi mál skyldu fá sérstaka athugun. En efndirnar hafa bókstaflega engar orðið og hér stendur hæstv. ráðh. uppi í ræðustólnum til þess að lýsa því einu yfir, að ríkisstj. hafi ekkert gert í þessu. Ég hygg, að honum hefði farið betur að sitja sem fastast í sínu sæti og segja ekki eitt orð við þeirri fsp., sem hér er verið að ræða.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta, að hann leyfir mér að segja nokkur orð. Það er aðeins til að bera af mér sakir. Það er ekki öldungis rétt, að ég hafi verið forgöngumaður um eitthvert nýmæli í þingstörfum. Þetta er í fyrsta skipti, sem ég ber fram fsp. af þessu tagi, þar sem efnið hefur áður verið komið í þáltill. Hv. þm. nefndi málefni fæðingardeildar Landsspítalans. Það mál bar þannig að, að ég bar fram fsp. og nokkrir þm. Framsfl. fluttu þáltill. sama daginn. Þeim var útbýtt samtímis. Síðan kom önnur þáltill. næsta dag á eftir. En þarna voru þm. aðeins að bregðast við erindi, sem borizt hafði frá kvennasamtökum. Þeir gerðu það hver á sinn hátt, en þeir voru hvorki að ræna hver frá öðrum né aðhafast neitt annarlegt.

En ég gerði einnig grein fyrir því áðan, hvers vegna ég bar fram þessa fsp., enda þótt ég vissi ósköp vel, að hér lá fyrir þáltill. Ástæðan er sú, að í þessu máli er ekki nokkur ástæða til þess að samþykkja einhverja almenna áskorun á hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. hefur gefið bindandi loforð í þessu máli, og almenn áskorun frá Alþ. breytir þar engu um. Það, sem máli skiptir, er að fá að vita, hvað hæstv. ríkisstj. ætli að gera til þess að standa við loforð sín. Og ég held, að hv. þm. Jón Skaftason ætti að vera búinn að hafa af því alllanga reynslu, hvað hlýzt af því að flytja þáltill. um almenn efnisatriði. Til að mynda sýnir fundurinn á föstudaginn var, hvað gerist. Þm. þylja hér vafalaust ágætar framsöguræður fyrir till. sínum. Enginn ráðh. er viðstaddur. Því er ekki anzað, sem þeir segja, og síðan er umr. búin. En það, sem nú skiptir máli, var að yfirheyra hæstv. ríkisstj. og fá að vita, hvað hún ætlaði að gera. Og þau svör höfum við fengið. Þess vegna bar ég fram þessa fsp., en ekki vegna hins, að ég vildi ræna neinu máli frá þessum hv. þm. Enda er þetta ekkert einkamál hans. Þetta er sameiginlegt mál þeirra 8000 unglinga, sem koma á vinnumarkaðinn í sumar, fjölskyldna þeirra og þjóðarinnar allrar. Það þarf sannarlega engan frumleika til þess að flytja slíkt mál á þingi. Þetta er vandamál, sem hver einasti Íslendingur þekkir.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það er aðeins vegna þess, að það hefur borizt í tal hér í þessum umr., hvaða ráðstafanir ætti að gera til þess að útvega framhaldsskólafólki atvinnu og hvaða ráðstafanir Reykjavíkurborg og aðilar þar hefðu í hyggju, að mig langar til þess að segja um þetta örfá orð.

Eins og hv. alþm. vafalaust er kunnugt, var atvinnumálanefnd Reykjavíkur sett á stofn 19. sept. 1968 eða fyrir rúmum 7 mánuðum. Hún var þannig skipuð, að allir flokkar í borgarstjórn áttu þar fulltrúa. Auk þess voru fulltrúar frá samtökum vinnuveitenda og launþega. Verkefni þessarar n. var tvenns konar. Annars vegar átti hún að beina störfum sínum að því að útrýma eftir föngum því ískyggilega atvinnuleysi, sem fyrirsjáanlegt var á þeim vetri, sem þá fór í hönd, og hins vegar átti þessi n. alveg sérstaklega að hyggja að verkefnum fyrir framhaldsskólanemendur, þegar þeir kæmu úr skólum núna á þessu vori.

Verk þessarar n. eru þau, að hún hefur velt þessu heilmikið fyrir sér að sjálfsögðu, og þegar atvinnumálanefndaskipan hæstv. ríkisstj. var tekin upp, var þessari n. nokkuð breytt í samræmi við það, sem þá var gert um land allt, þó ekki meira en svo, að ég hygg, að breytingin sé sú ein, að einn maður hefur horfið úr n. En árangurinn, — það er ekki tími til þess að rekja þetta hér í löngu máli, — árangurinn er samt sá um fyrra verkefnið, að nú fyrir nokkrum dögum, á hávertíð í miklum afla, eru þó enn 600 skráðir atvinnulausir í Reykjavík, og satt að segja hygg ég, að atvinnumálanefndin hafi mjög litlu getað komið til leiðar til þess að draga úr atvinnuleysinu og litlu öðru en því að útvega nokkurt fjármagn til hitaveituframkvæmda.

Um seinna verkefnið var á síðasta borgarstjórnarfundi upplýst, að ekkert hefði verið gert til þess að útvega framhaldsskólanemendum atvinnu í sumar, en því lýst yfir, að könnun á atvinnuástandi nemendanna mundi fara fram í skólunum einhvern næstu daga. Ég geri þá ráð fyrir, að þeirri könnun sé um það bil lokið nú, án þess að ég viti það. Nú sögðu allir, sem viðstaddir voru á þessum borgarstjórnarfundi, að það væri kannske varla von, að atvinnumálanefnd Reykjavíkur gæti miklum sköpum skipt í þessu, þar sem hún hefði ekkert vald og það þyrfti að leita til ríkisvaldsins til þess að koma einhverjum umbótum í verklegar framkvæmdir. Og menn settu traust sitt þar á hæstv. ríkisstj., samþykktu þar áskorun til hæstv. ríkisstj. um að láta nú hendur standa fram úr ermum í því að útvega framhaldsskólanemendum sumaratvinnu. En nú höfum við fengið upplýsingar um það, hvað hæstv. ríkisstj. hefur aðhafzt í þessu máli. Það eina, sem mér fannst vera alveg áþreifanlegt í svari hæstv. ráðh. var það, að hæstv. ríkisstj. ætlaði að fylgjast með þeirri könnun, sem atvinnumálanefnd Reykjavíkur ætlar að láta fara fram í skólunum á því, hversu marga framhaldsskólanemendur vanti vinnu. Þetta er það, sem hefur verið gert af hálfu yfirvalda borgarinnar og ríkisins til þess að sjá skólafólkinu fyrir atvinnu í sumar. Og þegar það er haft í huga, að eftir örfáa daga kemur fyrsti hópur framhaldsskólanemendanna úr Verzlunarskólanum á vinnumarkaðinn og síðan hver af öðrum, þá sé ég ekki annað en hér sé fullkomið öngþveiti framundan.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan, að tilgangurinn með almennri áskorun á hæstv. ríkisstj. í formi þáltill., eins og ég stend að ásamt fleirum, mundi enginn verða. Þess vegna hefði verið um að gera að setja fram fsp. og yfirheyra hæstv. ríkisstj. rækilega um, hvað hún hygðist fyrir í þessum efnum. Við heyrðum áðan, hver árangurinn varð af þeirri yfirheyrslu hv. fyrirspyrjanda. Að hans eigin mati var

ekkert að græða á svari hæstv. ráðh. við þeirri fsp., þannig að ég hygg, að sú forsenda, sem hv. fyrirspyrjandi segist hafa byggt flutning fsp. á, hafi afsannazt greinilega í verki.

51. Rekstur Landssmiðjunnar.

Á deildafundum 15. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til ríkisstj. um rekstur Landssmiðjunnar [212. mál, 4] (A. 455).

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hæstv. núv. ríkisstj. er ekki hliðholl ríkisrekstri á fyrirtækjum, eins og alkunnugt er. Því miður virðist manni, að þessi afstaða hæstv. ríkisstj. birtist ekki aðeins í almennri stefnuafstöðu, heldur stundum í því, að hún hreinlega afrækir mikilvæg fyrirtæki, sem komið hefur verið á laggirnar og gegnt hafa mjög þjóðnýtu hlutverki. Um þetta eru mörg dæmi, en í fsp. er gert að umtalsefni eitt slíkt fyrirtæki, Landssmiðjan, sem hefur sett mjög mikið ofan að undanförnu.

Landssmiðjan var eitt af öflugustu fyrirtækjum þjóðarinnar, og á stríðsárunum síðustu unnu þar um og yfir 300 manns. Nú er svo komið, að starfsmenn þessa fyrirtækis eru aðeins 80—90, ef skrifstofufólkið er með talið. Það hefur verið grafið undan þessu fyrirtæki á flestum sviðum og þessi þróun hefur verið ákaflega ör síðustu árin. Ég hygg, að velta fyrirtækisins hafi dregizt saman um helming síðan 1966, á aðeins tveimur árum. Það er alkunna, að einkasmiðjurnar hafa ýtt mjög á eftir við hæstv. ríkisstj. að takmarka starfsemi Landssmiðjunnar, vegna þess að einkaaðilarnir hafa ekki talið sig geta þolað almenna samkeppni við þetta fyrirtæki og viljað tryggja sér þá einokunaraðstöðu, sem sumar smiðjurnar hafa í sameiningu, ef Landssmiðjan kemur ekki til. Og ég hef haft af því spurnir, að nú séu uppi ráðagerðir um að þrengja kosti Landssmiðjunnar mjög mikið, að takmarka starfssvið hennar svo, að hún verði aðeins þjónustufyrirtæki fyrir nokkur ríkisskip, sem gerð eru út frá Reykjavík, en hætti allri þátttöku sinni í störfum á hinum almenna markaði. Þessi ákvörðun, sem vafalaust er verið að ræða um þessar mundir í hæstv. ríkisstj., er áframhald af verulegum samdrætti, eins og ég sagði áðan. T. d. var ekki alls fyrir löngu lögð niður trésmíðadeild Landssmiðjunnar, sem takmarkaði mjög verkefnamöguleika hennar, og þar var í staðinn komið upp verknámsdeild Iðnskólans, sem er ákaflega einkennileg framkvæmd.

Mér er kunnugt um, að þegar þessi breyting var gerð, fóru býsna mikil verðmæti forgörðum, vélar og tæki, sem ekki var lengur ástæða til að nota, og mér er einnig kunnugt um, að á hálfri hæð eru enn þá vélar og tæki, sem nema miklum verðmætum og alls ekki eru notuð vegna þessarar breytingar. En vegna þessa almenna umtals, að nú eigi að fullkomna þróun, sem hefur verið að gerast að undanförnu með því að takmarka mjög stórlega starfsemi Landssmiðjunnar, þá hef ég leyft mér að bera hér fram fsp. í 8 liðum. Þær eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hverjar eru ráðagerðir ríkisstj. um frambúðarrekstur Landssmiðjunnar?

2. Hafa viðskipti ríkisstofnana við Landssmiðjuna dregizt saman síðustu árin, og ef svo er, hvers vegna?

3. Hvers vegna eru ýmis ríkisfyrirtæki látin reka málmiðnaðarverkstæði í stað þess að fela Landssmiðjunni þau verkefni?

4. Er ekki unnt að auka samvinnu Landsvirkjunar og Landssmiðju í sambandi við framkvæmdir á járniðnaðarvinnu við vatnsaflsvirkjanir?

5. Hvers vegna eru Landssmiðjunni ekki falin þau verkefni, sem hún getur annazt fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Kísilgúrverksmiðjuna og fleiri ríkisstofnanir?

6. Hvers vegna var húsakostur Landssmiðjunnar þrengdur með því að setja þar upp verknámsdeild Iðnskólans í stað þess að ljúka við fokhelda byggingu við Iðnskólann í Reykjavík?

7. Hver var kostnaður við breytingar á húsnæði Landssmiðjunnar, sem verknámsdeild Iðnskólans notar nú?

8. Hefur Landssmiðjan fengið greidda húsaleigu fyrir það húsnæði, sem verknámsdeildin notar?“

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ekkert launungarmál, að ég hef aldrei talið ríkisrekstur eða ríkisfyrirtæki neitt ástfóstur mitt í stjórnmálum, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í þá sálma nú, heldur skal ég svara þeirri fsp., sem beint er til mín um eitt ríkisfyrirtæki, sem heyrir undir rn. það, sem ég fer með.

Ég vil í fyrsta lagi, þrátt fyrir þessa almennu skoðun mína, mótmæla því eindregið, að ég í embættisfærslu minni hafi afrækt þetta fyrirtæki, því að það er ekki satt. Ég vil einnig mótmæla því, að ríkisstj. hafi með nokkrum ráðagerðum grafið undan þessu fyrirtæki, því að það er ekki heldur satt. Hitt er annað mál, að það hefur sífellt verið að grafa undan þessu fyrirtæki, en það kunna að liggja fyrir því allt aðrar ástæður og kannske er ein sú, að fyrirtækið er ríkisfyrirtæki. Það er algerlega rangt, að einkaaðilar í þessari atvinnugrein hafi í nokkurt skipti fyrr eða síðar mér vitanlega lagt áherzlu á, að

Landssmiðjan væri ekki rekin eða dregið úr rekstri hennar, vegna þess að þau þyldu ekki samkeppni við Landssmiðjuna. Hér er hlutunum snúið við. Það getur verið, að Landssmiðjan hafi ekki þolað samkeppni við einkafyrirtæki, en Landssmiðjan var á sínum tíma sett upp sem verkstæði til þess að annast ýmsar viðgerðir, eins og kunnugt er, og aðgerðir fyrir ríkisfyrirtæki, en með þeirri stækkun, sem hefur orðið, og aukningu í atvinnulífinu frá þeim tíma og margháttuðum breytingum varð aðstaða Landssmiðjunnar allt önnur, ef hún átti að vera í samkeppni við einkafyrirtækin, sem á sama tíma höfðu risið upp í þessu landi, ef hún átti að standast þá samkeppni.

Til þess að færa orðum mínum stað um það, að Landssmiðjan hafi hvorki verið afrækt né af hálfu stjórnarinnar verið grafið undan henni, þá vil ég aðeins hafa þann stutta aðdraganda að svari mínu, sem gefur einnig verulega skýringu á svörunum, þegar að þeim kemur. Það er þá í fyrsta lagi, að ekki löngu eftir að ég tók við því embætti, sem Landssmiðjan heyrir undir, skipaði ég 7. okt. 1965 n. manna til þess að leitast við að gera sér grein fyrir, hvaða hugsanlegar leiðir væru fyrir hendi fyrir ríkisstj. til ákvörðunar um framtíðarstefnu í málefnum Landssmiðjunnar. Ég hafði engin afskipti haft sem ráðh. af þessari Landssmiðju þennan tíma, frá því að ég tók við embætti í nóv. 1963, önnur en sífelld vandkvæði, sem Landssmiðjan var að bera upp við ráðh. út af rekstrarlánaskorti og margháttuðum örðugleikum, sem hún væri í.

Með þessu bréfi, dags. 7. okt. 1965, þegar umrædd n. var skipuð, átti verkefni hennar að vera að kynna sér rekstraraðstöðu Landssmiðjunnar, gera sér ljósar þær leiðir, sem hugsanlegar eru við ákvarðanir um framtíðarhlutverk smiðjunnar, kosti þeirra og ókosti, og gera grein fyrir þessum athugunum í skýrslu til rn. Nefndina, sem ég skipaði, skipuðu eftirtaldir menn: Jón Sigurðsson núv. ráðuneytisstjóri í fjmrn., en þá deildarstjóri í atvmrn., forstjóri Landssmiðjunnar, Guðlaugur Hjörleifsson, Pétur Pétursson forstjóri, Ólafur Björnsson prófessor og Sveinn Björnsson framkvstj. Iðnaðarmálastofnunar Íslands. Þessi n. skilaði ýtarlegu áliti 14. júní 1967. Niðurstöður n. í sem stytztu máli voru þær, að þrjár leiðir kæmu til greina, en nál. er allt of ýtarlegt og margþætt, til þess að út í það sé hægt að fara hér nú. En þær leiðir, sem n. taldi, að kæmu til greina, voru: 1) Landssmiðjan verði byggð upp að nýju sem ríkisfyrirtæki með svipuðum markmiðum og verið hefur; 2) Landssmiðjan verði seld í einu lagi til einkaaðila; og 3) stofnað verði hlutafélag með þátttöku ríkisins um endurbyggingu smiðjunnar.

Það kom greinilega fram í álitsgerð nefndarinnar, að hún taldi óhugsandi, að rekstri Landssmiðjunnar yrði haldið áfram á þeim stað og við þær aðstæður, sem hún er rekin. Það segir í bréfi, sem fylgdi þessu nál.:

„Í skipunarbréfi er tekið fram, að till. n. sé óskað um nýja stefnu í málefnum Landssmiðjunnar, ef n. telur sér fært að gera slíkar rökstuddar till. Hefur n. orðið sammála um, að hún gæti ekki gengið lengra en benda á þær þrjár leiðir, sem í bréfi þessu greinir, þar eð valið milli þeirra geti einungis átt sér stað með pólitískri ákvörðun, en ekki sé mögulegt neitt hlutlægt mat né rökrétt niðurstaða um, hver þessara valkosta sé beztur."

En um þessa þrjá valkosti hins vegar fer n. mjög ýtarlegum álitsorðum í nál. og birtir með því margar skýrslur og töflur, sem stuðla að því að gera sér grein fyrir, hverjir valkostanna mundu verða beztir.

Það var mín skoðun, að það væri vonlaust að reka Landssmiðjuna áfram á þessu stigi málsins, þegar þetta lá fyrir, við þær aðstæður, sem hún bjó við, í mjög óhentugu húsnæði á óhentugum stað, og ef ríkið ætti að byggja landssmiðju, sem væri hæf til þess að keppa við einkasmiðjur í sömu atvinnugrein hér á landi, þá væri það vonlaust nema byggja þessa smiðju upp með nýtízkusniði. Í það hefðu að sjálfsögðu farið mjög miklir fjármunir, en auk þess fer ég ekki dult með það, að á því hafði ég engan áhuga að byggja upp slíkt ríkisfyrirtæki, og upphaflegur tilgangur verksmiðjunnar er líka töluvert mikið annar, ef menn kynna sér lögin, sem um Landssmiðjuna gilda. Og ég taldi engum tilgangi þjónað með því að leggja ríkisfé í slíka aðgerð.

Um það atriði höfum við verið ósammála, hv. fyrirspyrjandi og ég, eins og þegar hefur komið fram, og þýðir ekki um það að deila.

Svo var það næsta, að árið eftir að þetta nál. lá fyrir höfðu tekið gildi hér iðnfræðslulögin nýju um verknámið, og þá var talið, að það yrði mjög örðugt að koma því eins fljótt og æskilegt var í framkvæmd með því að ljúka við þá byggingu, sem þegar var byrjað á að byggja á Skólavörðuholti, og þá beindist athygli manna að því, hvort sú aðgerð í sambandi við Landssmiðjuna gæti verið heppileg að nota nokkuð af húsnæði hennar fyrir verknámsdeildirnar eða verknám, sem hafið yrði í húsnæði hennar, og með þeim vélakosti, sem hún átti við að búa. Og það var 17. maí árið 1967, sem ég skipaði n. manna, Guðlaug Hjörleifsson forstjóra verksmiðjunnar, Óskar Hallgrímsson borgarfulltrúa, Þór Sandholt skólastjóra og Ólaf S. Valdimarsson deildarstjóra í iðnmrn., til þess að gera till. um, með hverjum hætti húsnæði og vélakostur Landssmiðjunnar yrði nýttur fyrir verknámsskóla. Þeir skiluðu svo bráðabirgðaáliti um sumarið, sem þótti hníga að því, að hér gæti verið um hentuga ráðstöfun að ræða, bæði frá sjónarmiði Landssmiðjunnar, frá sjónarmiði iðnfræðslunnar og fyrir fjárhagsaðstöðu ríkissjóðs, og var þá falið að halda áfram frekari grg. um þetta mál og gera till. um það, með hverjum hætti húsnæði Landssmiðjunnar gæti hentað og yrði notað fyrir verknámið. Þeirri endanlegu álitsgerð skiluðu þessir aðilar 10. nóv. 1967.

Loks var það, að í júlímánuði 1968 skipaði fjmrh. — það snertir nokkuð þetta mál — nefnd manna til þess að gera till. um framtíðarskipun á verkstæðarekstri ríkisins, og inn í þessa athugun á verk-

stæðarekstri ríkisins hefur svo einnig Landssmiðjan blandazt, sem ég síðar kem að. En verkstæðanefndin, sem við getum kallað, skilaði endanlegu áliti 17. marz 1969.

Nú skal ég ekki fara nánar út í þessa sálma. Þetta var aðdragandi, sem ég vildi aðeins minnast á til þess að gefa mönnum svolítið yfirlit um það, með hverjum hætti og af hvaða ástæðum hefur á undanförnum 3—4 árum verið fjallað um málefni Landssmiðjunnar, en að svo mæltu snúa mér að því að svara fsp., sem beint er til mín af hv. 6. þm. Reykv. Ég vil biðja hv. þm. velvirðingar á því, að ég mun ekki nota sömu töluröð í svörum eins og er í fsp. hans, en ég hygg, að það komi ekki að sök, þar sem mér þótti það henta betur að breyta nokkuð um röðina vegna tímaákvarðana, sem teknar hafa verið, og það félli betur inn í heildarmyndina.

Ég vil þá nefna fyrstu spurninguna, sem er liður 6 á þskj.: „Hvers vegna var húsakostur Landssmiðjunnar þrengdur með því að setja þar upp verknámsdeild Iðnskólans í stað þess að ljúka við fokhelda byggingu við Iðnskólann í Reykjavík?“ Þessu svara ég þannig: Það hefur verið ljóst um nokkurt skeið, að húsakostur sá, sem Landssmiðjan á í dag, er ekki hagkvæmur fyrir meiri háttar málmsmíðaverkstæði. 2. hæðin, sem Iðnskólinn hefur nú á leigu, var notuð af tréskipasmiðum. Þessi starfsemi hafði mjög dregizt saman vegna fækkandi tréskipa. Einnig hefur Iðnskólinn á leigu mestalla 1. hæð. Á sama tíma var ljóst, að verknám yrði að komast í gang, áður en byggingaráætlun iðnskólahúss gerði það mögulegt. Þörfin fyrir slíkt var augljóslega brýn, þar sem nú hafa verið 90 nemar í allan vetur við málmsmíði í húsnæði Iðnskólans í Landssmiðjunni auk venjulegrar kennslu í verklegri trésmíði húsasmiða. Iðnskólinn hefur á leigu samtals 1168 fermetra eða um ¼ hluta af heildarhúsakosti Landssmiðjunnar.

Þá er 2. spurning: „Hver var kostnaður við breytingar á því húsnæði Landssmiðjunnar, sem verknámsdeild Iðnskólans notar nú?“ Það er liður 7 á þskj. Kostnaður við breytinguna á húsnæði því, sem Iðnskólinn hefur í Landssmiðjunni, var um 1 millj. 850 þús. kr. og á þá eftir að framkvæma nokkra lagfæringu á trésmíðadeild, sem ekki hefur verið endanlega ákveðið um. Inni í þessum kostnaði eru kaup á handverkfærum, hefilbekkjum og fleiri tækjum, sem skólinn getur alls staðar notað.

3. spurning: „Hefur Landssmiðjan fengið greidda húsaleigu fyrir það húsnæði, sem verknámsdeildin notar?“ Það er liður 8 á þskj. Ákveðið var, að tveir matsmenn skyldu fengnir til þess að meta leigu fyrir húsnæðið, sem Iðnskólinn hefur tekið á leigu. Var mat þeirra á leigunni 50 kr. á fermetra eða 701 þús. kr. á ári, og hefur sú leiga verið greidd fyrir s. l. ár.

4. spurning: „Hafa viðskipti ríkisstofnana við Landssmiðjuna dregizt saman síðustu árin, og ef svo er, hvers vegna?“ Þetta er liður 2 á þskj. Viðskipti ríkisstofnana við Landssmiðjuna hafa dregizt verulega saman síðustu ár. Ástæðurnar eru þær, að mörg ríkisfyrirtæki, sem Landssmiðjan vann áður fyrir, hafa sett upp sérstök verkstæði, skipum hefur fækkað, eins og hjá Ríkisskip o. fl. Heildarviðskipti ríkisstofnana við Landssmiðjuna voru árið 1966 26.5 millj. kr., 1967 voru þau 14.5 millj. kr. og 1968 15 millj. kr., eða árið 1966 38% af heildarveltu Landssmiðjunnar, árið 1967 29.4% og árið 1968 hlutfallslega mest eða 39.2% af heildarveltu Landssmiðjunnar.

5. spurning: „Hvers vegna eru ýmis ríkisfyrirtæki látin reka málmiðnaðarverkstæði í stað þess að fela Landssmiðjunni þau verkefni?“ Þetta er liður 3 á þskj. Í þeirri viðleitni ríkisstj. að koma á sem hagstæðustum rekstri ríkisstofnana hefur verið ljóst, að hin mörgu og dreifðu verkstæði, sem ríkisstofnanir reka, þyrftu endurskoðunar við. Var því skipuð n. til að gera till. um framtíðarskipan á verkstæðisrekstri ríkisins í þeim tilgangi að koma á hagkvæmari vinnubrögðum og draga úr kostnaði. Ber n. sérstaklega að kanna leiðir til aukinnar sérhæfni, þar sem afkastagetan sé við það miðuð, að verkstæðin geti annað eðlilegri viðgerðarþjónustu, sem stofnanir og fyrirtæki ríkisins þurfi á að halda.

Svo er 6. spurning, sem er liður 4 á þskj.: „Er ekki unnt að auka samvinnu Landsvirkjunar og Landssmiðju í sambandi við framkvæmdir og járniðnaðarvinnu við vatnsaflsvirkjanir?“ Samvinna við Landsvirkjun er hæpin umfram það, sem þegar er. Á s.l. ári reisti Landssmiðjan tvo olíugeyma fyrir gasaflstöð Landsvirkjunar við Straumsvík. Öll meiri háttar verk, sem Landsvirkjun hefur með höndum, eru boðin út.

Þá eru 7. og 8. spurning. Það eru liðir 5 og 1 á þskj.: „Hvers vegna eru Landssmiðjunni ekki falin þau verkefni, sem hún getur annazt fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skipaútgerð ríkisins, Kísilgúrverksmiðjuna og fleiri ríkisstofnanir? Hverjar eru ráðagerðir ríkisstj. um frambúðarrekstur Landssmiðjunnar?“ Nú er að vísu Kísilgúrverksmiðjan ekki ríkisstofnun, heldur hlutafélag. En svarið er þetta: Í framhaldi af þeirri breytingu, sem verið er að koma á um útgerð skipa ríkisins, og með hliðsjón af till. nefndar þeirrar, sem unnið hefur að athugun á verkstæðismálum ríkisstofnananna, er ætlun ríkisstj.:

1) Landssmiðjan taki að sér reglubundið viðhald og eftirlit skipa ríkisins, þ. e. ríkisskip, eins og kunnugt er, og varðskipin og síldarleitarskip, hafrannsóknarskip og nokkur fleiri skip. Tekur það ekki til meiri háttar viðgerða né flokkana, það mun ekki geta átt sér stað þar. Skal allt viðhald fara fram í samráði við og með umsjón fjármálastjóra Ríkisskips, sem nú hefur nýlega verið skipaður. Sé allt viðhald og eftirlit skipulagt fram í tímann, eftir því sem unnt er.

2) Verkefni, sem Landssmiðjan getur ekki annazt, eins og meiri háttar flokkanir, sem ég nefndi, verði Landssmiðjunni falið að sjá um, að aðrar smiðjur annist. Hafi Landssmiðjan jafnframt á hendi allt eftirlit og umsjón með verkefnum, sem falin eru öðrum smiðjum.

3) Landssmiðjan taki að sér dísilvélaviðgerðir Rafmagnsveitna ríkisins, og flytjist núverandi verkstæði þeirra í Landssmiðjuna. Enn fremur taki Landssmiðjan að sér viðgerðir fyrir Jarðboranir ríkisins, eftir því sem við á.

4) Gert er ráð fyrir því, að Landssmiðjan verði áfram sjálfstætt fyrirtæki með aðskilið reikningshald, en verði skipt í tvær deildir, skipaþjónustudeild annars vegar og verzlun og rekstur fasteigna hins vegar. Endurgreiði Landssmiðjan ríkissjóði af hagnaði síðarnefndu deildarinnar áhvílandi skuldir við ríkissjóð, sem ríkissjóður hefur þurft að leggja út á undanförnum árum fyrir Landssmiðjuna.

5) Sett verði þriggja manna stjórnarnefnd, og hefur ríkisstj. fallizt á það við Landssmiðjuna. Skulu eiga sæti í henni fulltrúar frá atvmrn., fulltrúi frá fjmrn. og fjármálastjóri Skipaútgerðar ríkisins. Skal það vera verkefni stjórnarinnar að taka undir yfirstjórn ráðuneytis sameiginlegar ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Landssmiðjunnar.

Eins og menn sjá, hefur komið fram af svörunum, að Landssmiðjunni er fyrst og fremst ætlað að verða skipaþjónustumiðstöð fyrir skip ríkisins, en geta þó sinnt minni háttar verkefnum fyrir ríkisfyrirtæki, sem hún hefur unnið fyrir, svo sem Landssíma, ríkisspítala og fleiri, auk þess sem verknámið hefur fengið inni í Landssmiðjunmni, eins og áður hefur verið vikið að. Ég vona, að með þessu séu nokkurn veginn tæmdar þær spurningar, sem til mín hefur verið beint. Um hitt skal ég ekki fara fleiri orðum, hvort eigi að reka slík atvinnufyrirtæki sem ríkisfyrirtæki eða ekki, og það má liggja milli hluta mín vegna á þessum vettvangi.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnmrh. fyrir svörin. Þau voru skýr og vöktu raunar margar spurningar, sem vert hefði verið að ræða um og verður gert við síðara tækifæri. Það er ekki unnt nú, þegar aðeins eru 5 mínútur til umráða. En það er í heild ljóst, að það er ætlun hæstv. ríkisstj. að takmarka mjög verulega verksvið Landssmiðjunnar umfram það, sem gerzt hefur á undanförnum árum. Landssmiðjan á eingöngu að verða skipaþjónustumiðstöð fyrir skip ríkisins, sem gerð eru út frá Reykjavík og aðeins fjalla um minni háttar viðgerðir hjá þeim, en má sjá um, að aðrar smiðjur annist þær viðgerðir, sem meiri eru. Auk þess á hún að hafa sérstaka deild, sem annast dísilvélaviðgerðir fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og viðgerðir fyrir Jarðboranir ríkisins. Sem sé, þetta fyrirtæki, sem var á sínum tíma mjög umsvifamikið í járniðnaði, á algerlega að hverfa af hinum almenna markaði. Og enda þótt hæstv. ráðh. reyndi að mótmæla því, sem ég sagði hér áðan, að augljóst væri, að grafið hefði verið undan þessu fyrirtæki, þá er mér fullkunnugt um það, að einkaaðilar í járniðnaði hafa þrýst mjög harkalega á hæstv. ríkisstj. og mótmælt því, að ríkisfyrirtæki tæki að sér verkefni á hinum almenna vinnumarkaði, og það er undanhald fyrir þessari stefnu einkaatvinnurekenda, sem nú er verið að framkvæma. Það eru óskir þeirra, sem hæstv. ríkisstj. er að framkvæma.

Hæstv. ráðh. sagði, að fyrirtækið Landssmiðjan ætti í erfiðleikum vegna þess, að húsakostur væri ekki hagkvæmur eins og nú væri komið og hún væri raunar ekki á hagkvæmum stað heldur, og þarna þyrfti verulega fjárfestingu til þess að þetta fyrirtæki stæðist nútímakröfur. Það er vafalaust ljóst, að öll fyrirtæki þarf að endurnýja í samræmi við þróunina. En ástæðan til þess, að þetta fyrirtæki hefur ekki verið endurnýjað er sú, að hæstv. ríkisstj. hefur verið andvíg því. Það er ástæðulaust í þessu sambandi að deila við hæstv. ráðh. um það, hvað sé hagkvæmast á þessu sviði, ríkisrekstur eða einkarekstur. Það er allt annað, sem er mjög knýjandi nauðsyn á þessu sviði sem öðrum á Íslandi, og það er, að heildaratvinnureksturinn sé tekinn til athugunar, það sé athugað í samhengi og samfellu, hvað gera þarf í málmiðnaði á Íslandi. Á því sviði hefur verið sami glundroðinn og á öðrum sviðum. Tilviljanabundin fjárfesting, mikil offjárfesting og síðan hefur þessi fjárfesting hreinlega orðið baggi á þjóðarbúinu síðustu árin, þegar hæstv. ríkisstj. hefur með almennri stefnu sinni grafið undan athöfnum þessara fyrirtækja, svo að sum þeirra hafa orðið að loka mörgum deildum og taka upp innflutning á vörum, sem áður voru framleiddar í smiðjunum. Það þarf að skipuleggja þessi mál í samhengi, allan þennan atvinnurekstur, og hæstv. ríkisstj. þarf að hafa forystu um slíka skipulagningu. Þar þarf að fara saman ríkisrekstur og einkarekstur. Ég held einmitt, að Landssmiðjan hefði verið mjög gott tæki fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að tryggja þá samvinnu og þann áætlunarbúskap, sem nauðsynlegur er í þessari atvinnugrein.

Málmsmíði er ein mikilvægasta atvinnugrein Íslendinga. Við skulum gera okkur það ljóst. Og þessi atvinnugrein þróast því aðeins, að þarna séu tekin upp nútímaleg vinnubrögð, og að bundinn verði endir á þann glundroða, sem einkennt hefur athafnir á þessu sviði. Hæstv. ráðh. þarf að ætla sér dálítið stærri verkefni en þau að vera alltaf að bjarga einstökum fyrirtækjum út úr vanda, sem að þeim steðjar. Það hefur verið aðalverkefni hæstv. ráðh. á þessum sviðum. Það, sem þarna þarf, er heildarskipulagning. Og Landssmiðjan hefði verið alveg tilvalið tæki til þess að þrýsta einkaatvinnurekendum til þess að taka þátt í slíkri skipulagningu.

Á þessu sviði er starfandi býsna sterkur einokunarhringur á okkar mælikvarða. Það er Héðinn, Stálsmiðjan og Hamar. Ég held, að það sé hættulegt, ef sá hringur á nú að sitja einn að verkefnum, eftir að Landssmiðjan verður tekin út úr hinni almennu samkeppni. Mér er fullkunnugt um það, að einnig Sjálfstfl.-menn í tengslum við hæstv. ríkisstj. hafa talið, að Landssmiðjan væri nauðsynlegt fyrirtæki til þess að þessi hringur, sem ég var að tala um, fengi ekki einokunaraðstöðu. En með þessari tilhögun, sem hæstv. ráðh. boðar, er hætta á slíku,

þ. e. a. s., ef þessi hringur finnur leiðir til þess að fá nokkra fótfestu í þjóðfélaginu, ef hann lætur það ekki yfir sig ganga að guggna algerlega fyrir erlendum aðilum, sem eru að leggja undir sig meira og meira af Íslandi. Það hefði verið ögn stórmannlegra af eigendum þessara fyrirtækja að beita sér gegn þessari erlendu innrás en að liggja sífellt í ráðh. sínum í ríkisstj. til þess að takmarka rekstur innlends fyrirtækis eins og Landssmiðjunnar. En sem sagt, þessi mál í heild verður hægt að ræða síðar. Ég þakka hæstv. ráðh. aftur fyrir svörin.

52. Kísilvegur.

Á deildafundum 15. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til samgmrh. varðandi lagningu svo nefnds „Kísilvegar“ [212. mál, 2] (A. 455).

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. þá, sem beint er til hæstv. samgmrh., sem ég mun lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Um hvaða heildarupphæð var samið við verktaka fyrir að leggja veg frá Laxamýri um Reykjahverfi og Hólasand til Reykjahlíðar?

2. Hve mikið hefur þegar verið greitt til verktaka, og hve mikið vegna annars kostnaðar?

3. Hve mikill kostnaður er nú talinn ógreiddur alls, og til verktaka?

4. Hefur komið til greiðslu dagsekta af hendi verktaka, og hve mikilla?

5. Hefur verklýsingu verið breytt frá undirskrift samninga?“

Fsp. þessa ber ég fram að beiðni manna, sem áhuga hafa á vegamálum í Suður-Þingeyjarsýslu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. þessi er í fimm liðum.

1. liður: „Um hvaða heildarupphæð var samið við verktaka fyrir að leggja veg frá Laxamýri um Reykjahverfi og Hólasand til Reykjahlíðar?“

Heildarsamningur við Norðurverk h. f. var 33 millj. 884 þús. kr. Innan ramma samnings bar verktaka að leggja 42.5 km langan veg frá Laxamýri um Reykjahverfi og Hólasand að Grímsstöðum, og var þar innifalinn allur kostnaður við undirbyggingu, yfirbyggingu, frágang og snyrtingu kanta, girðingar, tengingar við eldri heimreiðar, ræsi o. fl., en samkv. útboði og verksamningi lagði verkkaupi til allt efni í ræsi, stálræsi og stálboga, en verktaki sá um uppsetningu þeirra og frágang.

2. liður: „Hve mikið hefur þegar verið greitt til verktaka, og hve mikið vegna annars kostnaðar?“

Greiðslur til Norðurverks h. f. samkv. samningi: 33 millj. 271 þús. kr. á árinu 1968.

Þá er 3. liður: „Hve mikill kostnaður er nú talinn ógreiddur alls, og til verktaka?“

Frágangur og snyrting eru 333 þús., sem verður greitt á þessu ári, þar sem því var ekki lokið á fyrra ári. Verðbreytingar, sem orðið hafa 2 millj. 476 þús. Viðbótarverk utan samnings 680 þús. Dagsektir, sem dragast frá þessu, nema 169 þús. kr. Annar kostnaður, þ. e. söluskattur og aðstöðugjald, 1 millj. og 7 þús. kr. Lagning vegarkaflans Grímsstaðir—Bjarnarflag o. fl. 7 millj. og 600 þús. Hönnun og eftirlit 1 millj. 683 þús. Efni í ræsi, girðingar o. fl. 2 millj. 903 þús. Rafmagn, sími o. fl. 190 þús. Skaðabætur og landgræðsla 52 þús. Það er þessi annar kostnaður. Hefur þá kostnaður á árinu 1968 numið samtals 47 millj. 906 þús. kr. Eins og sjá má af þessu er þarna talsverð upphæð, sem var utan verksamnings og unnið af Vegagerðinni sjálfri.

Og þá er spurt að því, hvort komið hafi til greiðslu dagsekta af hendi verktaka og hve mikilla. Eins og ég las upp áðan, eru það 169 þús. kr.

5. liður: „Hefur verklýsingu verið breytt frá undirskrift samninga?“ Í sambandi við dagsektina er rétt að taka fram, að samkv. verksamningi bar verktökum að skila verkinu 15. okt. 1968, en höfðu fengið 5 daga frest samkv. almennum skilmálum verksamnings, þannig að 20. okt. var hinn raunverulegi skiladagur. Þann 16. okt. var samkomulag gert við verktaka, um að dagsektir skyldu miðaðar við, að verktaki skili verkinu þannig, að öllu væri lokið nema frágangi og snyrtingu, en á móti því komi breyting á snjóþungum stað á veginum, sem að áliti Vegagerðarinnar var meira aðkallandi að láta framkvæma fyrir veturinn en snyrtinguna, en hún nam minna en 1% af samningsupphæð, og vegurinn kom að fullum notum. Ekki tókst að ljúka verkinu á tilskildum tíma, og fékk verktaki dagsektir fyrir 10 daga, eða sem nam 169 þús. kr. Frá því að samningur var undirritaður hafa þær breytingar orðið, að samþ. var að taka sértilboði Norðurverks h. f. í hörpun efnis í slitlag, 15 cm í Reykjahverfi og 10 cm á Hólasandi. Þetta hækkaði heildarupphæð nokkuð, en sértilboð Norðurverks var sérstaklega hagstætt, 30 kr. pr. m^3, miðað við önnur, því að næsta tilboð var rúmlega 80% hærra eða 55 kr. pr. m^3. Þetta er í sambandi við þá sérsamninga, sem gerðir hafa verið síðar.

Samkv. samningi átti verktaki að sjá um girðingar, vinnu og efni, en síðar var sú breyting gerð á samningnum, að verkkaupi lagði til efnið, og við það lækkaði samningsupphæðin um 400 þús. kr. Á nokkrum stöðum var veghæð breytt frá því, sem upphaflega var ætlað, en þær breytingar hafa ekki haft neinar verulegar breytingar á heildarkostnaði verksins í för með sér. Af þessu má sjá, að

þær breytingar, sem gerðar hafa verið, eru ekki á verklýsingu, heldur í verksamningi.

Vænti ég, að þetta séu talin fullnægjandi svör.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgmrh. fyrir svörin, sem ég tel fullnægjandi og hef raunar engu við þetta að bæta. Það má segja, að það sé ánægjulegt, að þarna hefur verið byggður vegur, þó að að sumra dómi hefði hann mátt vera meira í byggð, en um það mál ætla ég ekki að ræða hér, og vonandi verður ekki síðar litið á þetta sem síðasta árið, sem vegir voru byggðir úti um landið.

53. Smíði skuttogara.

Á deildafundum 15. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til sjútvmrh. um smíði skuttogara [212. mál, 3] (A. 455).

Á 40. fundi í Sþ., 16. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Full ástæða væri til að ræða svo ýtarlega sem tími leyfir í fsp.-tíma um þróun togaraútgerðar á Íslandi undir viðreisnarstjórn og þann seinagang, sem er á efndum á fyrirheitum, sem gefin hafa verið í sambandi við kosningar um viðbrögð til endurreisnar þeirri útgerð, en hvort tveggja kemur til, að bæði þessi atriði, niðurlæging togaraútgerðarinnar og seinagangur á úrbótum, eru svo alkunnar staðreyndir, að um þær þarf naumast að ræða, og svo hitt, að nú líður að þinglokum, og fjöldi mála bíður á dagskrá. Veldur þetta hvort tveggja því, að ég flyt fsp. mínar á þskj. 455 án frekari formála. Þær eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað líður störfum skuttogaraefndar?
2. Hefur n. gert till. um ákveðna stærð skuttogara?
3. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja lánsfé til að smíða skuttogara innanlands?
4. Hvaða áform hefur ríkisstj. um fjárhagslega fyrirgreiðslu handa væntanlegum kaupendum?“

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hygg, að í eftirfarandi orðum séu svör við þeim spurningum, sem hv. fyrirspyrjandi hefur þegar gert grein fyrir, en þær upplýsingar, sem ég hef getað aflað mér, eru í fæstum orðum þessar:

Skuttogaranefnd hefur samþ. fullnaðarteikningar af fyrirkomulagi á skuttogara um 800 rúmlestir að stærð. Verklýsing verður tilbúin að sögn n. í næstu viku og því ekkert þá til fyrirstöðu að bjóða skipið eða skipin út í síðari hluta maímánaðar. Gerð verður krafa til væntanlegrar skipasmíðastöðvar, sem smíða mun skipið, að framkvæma tanktilraunir og skrúfutilraunir, svo og aðrar tæknilegar tilraunir varðandi byggingu skipsins.

Enn hafa ekki verið gerðar ráðstafanir til að tryggja lánsfé til að smíða skuttogara innanlands, umfram það, sem þegar hefur verið lögfest um skipasmíðastöðvar almennt. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um fjárhagslega fyrirgreiðslu til handa væntanlegum kaupendum, enda málið ekki ennþá komið á það stig, að það sé tímabært.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. svör hans.

54. Fréttastofa sjónvarps.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var útbýtt:
Fyrirspurn til menntmrh. um fréttastofu sjónvarps [224. mál] (A. 501).

Á 43. fundi í Sþ., 23. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Sjónvarpið hefur nú starfað um alllangt skeið og er að fá á sig fasta mynd. Sá liður sjónvarpsdagskrár, sem mestu máli skiptir, er að sjálfsögðu fréttirnar. Í vali frétta felst mat á því, sem annars vegar er talið mikilvægt og hins vegar ekki frásagnarvert, og í meðferð frétta felst oft leiðsögn um það, hvernig dæma á um atburði. Áður en ég geri grein fyrir fsp. minni um það, eftir hvaða reglum fréttastofa sjónvarpsins fari, þykir mér rétt að skýra frá því, að ég tel, að starfsmenn fréttastofunnar hafi náð mjög góðu valdi á allri frásagnartækni sinni. Þeir hafa oft sýnt mikinn dugnað og áhuga og kunnáttu í störfum. Mér þykir rétt að taka þetta fram vegna þess, að það er mikill siður hérlendis að afgreiða málefnalega gagnrýni sem persónulega eða jafnvel pólitíska árás. Ég er hér ekki að ræða um verðleika einstaklinga, heldur um reglur.

Erlent fréttamyndaefni sjónvarpsins er að langmestu leyti fengið frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Því eru það engilsaxnesk viðhorf, brezk-bandarísk, sem eru mjög ríkjandi í fréttum sjónvarpsins, jafnt í vali á fréttnæmu efni sem í mati. Þetta þrengir erlent fréttasvið sjónvarpsins mjög mikið. Mér þykir það til að mynda mjög furðulegt, að ekki virðist vera um að ræða nein hliðstæð frétta-

myndasambönd við Norðurlönd, enda þótt samvinna við Norðurlandastöðvar ætti að geta auðveldað okkur sjálfstæða meðferð á alþjóðlegum fréttum. Í þessu sambandi hefur mér einnig þótt furðulegt, hversu greiðan aðgang Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna virðist eiga að fréttum sjónvarpsins. Þaðan kemur að staðaldri mjög mikið efni, til að mynda um árásarhernað Bandaríkjanna í Vietnam. Og ég vil spyrja hæstv. menntmrh., hvort ástæðan sé e. t. v. sú, að Bandaríkjamenn bjóði slíkar myndir ókeypis, hvort e. t. v. sé hægt að kaupa áróðursmyndir inn í sjónvarpið á þennan hátt.

Þó tekur út yfir, af hvílíkum ákafa fréttastofa sjónvarpsins stundar áróður í þágu Atlantshafsbandalagsins. Fari ísleńzkur ráðh. á fund í því bandalagi, er hann venjulega eltur með sjónvarpsvél á lofti, og frásagnir af starfsemi bandalagsins eru ævinlega einhliða, engar tilraunir gerðar til sjálfstæðs mats eða gagnrýni, sem margir verða til þess að orða austan hafs og vestan. Sem dæmi skal ég nefna mynd, sem sýnd var í sjónvarpinu í fyrrakvöld og matreidd af fréttastofu sjónvarpsins, þótt hún væri sýnd utan venjulegs fréttatíma. Þetta var barnaleg, lágkúruleg áróðursmynd, samin á vegum Atlantshafsbandalagsins sjálfs, þessum hernaðarsamtökum til dýrðar og mjög fjarri því að geta flokkazt undir nokkra tegund óhlutdrægni. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu er deilumál á Íslandi, og í fréttafrásögnum um það pólitíska ágreiningsmál ber sjónvarpinu að ástunda óhlutdrægni.

Í innlendum stjórnmálafréttum sjónvarpsins hefur það frá upphafi vakið athygli, að fréttastofan er ákaflega höll undir hæstv. ríkisstj. Ráðh. hafa átt margfalt greiðari aðgang að fréttunum en nokkrir aðrir menn. Hafa þessi annarlegu forréttindi ráðh. oft borið mjög sterkan svip af hlutdrægni. Mér nægir að taka eitt dæmi úr fréttunum í gærkvöldi.

Að undanförnu hefur verið rætt hér á þingi um málefni Kísilgúrverksmiðjunnar, og í því sambandi hefur verið greint frá málsatvikum, sem ég tel vera stórfellt hneyksli og ákaflega lærdómsríkt. Í umr. hér á þingi hafa hv. alþm. Einar Ágústsson, Sveinn Guðmundsson og Þórarinn Þórarinsson flutt vel rökstuddar og málefnalegar ræður um þetta efni, en tveir hæstv. ráðh. verið í vörn. Í fréttum sjónvarpsins í gær voru gripin atriði úr gagnrýni þessara hv. þm., án þess þó að þeir væru nafngreindir. En hæstv. fjmrh. mætti á staðnum og bar jafnharðan af sér alla gagnrýni. Heildaráhrifin urðu þau, að einhverjir huldumenn hefðu haft uppi ástæðulausar getsakir, en ráðh. stæði með pálmann í höndum. Slík þjónusta við ráðh. og ríkisstj. brýtur í bága við allar hugmyndir um frjálsa og eðlilega fréttaþjónustu. Ráðamönnum hættir ævinlega til að misbeita þjóðfélagslegu valdi sínu, og fréttastofur hljóðvarps og sjónvarps þurfa að vera sérstaklega á varðbergi til þess að láta ekki nota sig á þann hátt.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á þeirri furðulegu staðreynd, að fréttastofa sjónvarps hefur ekki gert neina tilraun til þess að flytja samfelldar fréttir frá Alþ. Frásagnir frá þessari virðulegu stofnun hafa verið tilviljunarkenndar og meginreglan verið sú, að helzt mættu orð ráðh. teljast fréttnæm. Í grannlöndum okkar sinna fréttastofur sjónvarps mjög frásögnum frá þjóðþingum, og þykja þær mjög gott sjónvarpsefni. Er algerlega fráleitt, að það verkefni skuli ekki vera rækt hér. Ég vil í þessu sambandi taka skýrt fram, að ég er ekki að fara fram á, að settar verði á svið þessar hvimleiðu gerviumr., sem tíðkast í hljóðvarpi, heldur lifandi fréttafrásagnir af þeim þingstörfum og umr., sem almenningur kann að hafa áhuga á, unnar af fréttamönnum sjónvarpsins sjálfs. Ég held, að þess sé mikil þörf, að tengslin milli þings og þjóðar verði aukin og sjónvarpið gæti stuðlað mjög að því.

Að svo mæltu leyfi ég mér að vænta þess, að hæstv. menntmrh. geri grein fyrir þeim reglum, sem fylgt er á fréttastofu sjónvarpsins.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. spyr um, hvaða reglur gildi um stjórnmálafréttir útvarpsins, innlendar og erlendar.

Þær reglur, sem eru til, eru allar prentaðar. Það eru ákvæði um þetta í útvarpslögum frá 1934, í reglugerð útvarpsins 1958 og í sérstökum reglum, sem gefnar voru út af Ríkisútvarpinu 1945. Allt eru þetta prentaðar heimildir, sem hv. þm. á að sjálfsögðu aðgang að, — þarf ekki að fara lengra en í skrifstofu Alþ. til þess að geta lesið sér til um þær reglur, sem gilda. Engu að síður skal ég lesa 5. gr. gildandi laga um útvarpsrekstur ríkisins, sem fjallar um þetta, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsráðið tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttaflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum."

Svo mörg eru þau orð útvarpslaganna sjálfra um þetta efni, og ég legg áherzlu á, að það er útvarpsráð, sem er æðsti yfirmaður fréttaflutnings í útvarpinu, en ekki menntmrh. Ég hef aldrei gert minnstu tilraun til þess og veit ekki til, að nokkur minna fyrirrennara hafi reynt að hafa áhrif á hvorki þær almennu reglur, sem gilt hafa um fréttaflutning í Ríkisútvarpinu, og hið sama á við um sjónvarpið, né heldur á flutning einstakra frétta. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherzlu.

Í reglugerð um Ríkisútvarpið frá 1958, sem að sjálfsögðu tekur einnig til sjónvarpsins, eru ákvæði í III. kafla um fréttaflutning og auglýsingar, 10.—16. gr. Ég eyði ekki tíma hv. þm. til þess að lesa þessar reglur, en hef látið ljósrita þá grein úr útvarpslögunum, sem ég las áðan og sömuleiðis alla

reglugerðina og skal með ánægju afhenda hv. þm. það, ef hann kýs að kynna sér þetta nánar. Sömuleiðis hef ég meðferðis prentað eintak af reglum um flutning innlendra frétta Ríkisútvarpsins frá árinu 1945 og skal með ánægju einnig afhenda honum það, ef hann hefur áhuga á að kynna sér þetta rækilega. Það er nokkur lestur.

Þá spyr hv. þm., hvers vegna aldrei séu birtar fréttir frá Alþ., nema ráðh. séu taldir hafa sagt eitthvað frásagnarvert. Í raun og veru tel ég, að Alþ. hefði átt að neita að samþykkja þessa fsp., því að það er gegn þeim reglum, sem um fsp. gilda á Alþ., að í fsp. sé farið með rangar staðhæfingar, farið með ósannindi. En hér er farið með ósannindi. Það er ekki rétt, að aldrei séu birtar fregnir frá Alþ., nema ráðh. séu taldir hafa sagt eitthvað frásagnarvert. Þessi staðhæfing er röng, ósönn. Engu að síður taldi ég fyrir mitt leyti rétt að leyfa fsp., beinlínis til þess að geta sýnt hv. alþm. og þjóðinni allri fram á það svart á hvítu, hversu alröng sú getsök er, sem í þessari röngu fsp. felst. Og þeim mun meira tilefni er til þess að leiðrétta þessa röngu staðhæfingu, sem á henni hefur verið alið talsvert í blöðum stjórnarandstæðinganna undanfarnar vikur og mánuði og þó alveg sérstaklega eftir að sjónvarpið tók til starfa, og geri ég það því sérstaklega að umtalsefni í þessu tilliti, enda er spurningin um fréttastofu sjónvarpsins.

Um fréttaöflunina almennt segir fréttastjóri sjónvarpsins í mjög ýtarlegri og glöggri grg. um starfsemi fréttastofu sjónvarpsins þetta m. a.:

„Fréttastofa sjónvarpsins styðst varðandi fréttaöflun við texta þá, sem koma af fjarritum AP- og NTB-fréttastofnananna."

Það er því einnig rangt, sem hv. þm. sagði í fsp. sinni, að fréttaöflun sjónvarpsins væri fyrst og fremst mótuð af brezk-bandarískum sjónarmiðum.

Fréttastjóri sjónvarpsins heldur áfram: „Ennfremur er hlustað eftir getu, þótt fáliðað sé, á erlendar útvarpsstöðvar, einkanlega ef mikil tíðindi eru að gerast úti í heimi. Og loks fær fréttastofa sjónvarpsins daglega fréttakvikmyndir frá UPITN-fréttastofunni í London og CBS í New York og með þeim myndum fréttatextahandrit á ensku, sem síðan eru þýdd og endursögð á íslenzku og lesin með fréttamyndunum ásamt nýjum fréttum. Má geta þess, að fréttastofur sjónvarpsstöðvanna á hinum Norðurlöndunum skipta við UPITN og CBS eins og við, en sumar, eins og t. d. Svíar, við fleiri, svo sem Visnews, sem einnig er í London." Og ennfremur segir fréttastjórinn: „Síðast en ekki sízt, er að minnast á samband fréttastofu sjónvarpsins við Nordvision, samband sjónvarpsstöðva á Norðurlöndum. Íslenzka sjónvarpið er í Nordvision og fær oft norrænar sjónvarpsdagskrár, en sjálfkrafa fréttamyndamiðlun frá Nordvision til Íslands er ekki fyrir hendi. Milli hinna Norðurlandaþjóðanna er hins vegar beint myndasamband, og þær geta skipzt daglega á fréttakvikmyndum, tekið þær upp á myndsegulband úr beinni útsendingu hver hjá annarri, eins og oftast er gert. Íslenzka sjónvarpið eða fréttastofa þess hefur lagt á það endurtekna áherzlu við fréttamyndafyrirtæki sín, sérstaklega UPITN í London, að fá sem mest af fréttamyndum frá Norðurlöndum. En Norðurlöndin virðast ekki vera sérstaklega mikið í heimsfréttum UPITN, sem á að senda fréttamyndir af austurhelmingi jarðar. Þá hefur einnig verið reynd sú aðferð til að fá úr þessu bætt að biðja Nordvision-skrifstofuna í Kaupmannahöfn að senda okkur vikulega eftir þeirra eigin mati nokkrar norrænar fréttamyndir, sem mundu verða áhugaverðar fyrir okkur. Þetta var reynt í nokkra mánuði, en segja má, að ekkert hefðist upp úr þeirri tilraun, og liggja til þess ýmsar ástæður, sem of langt yrði upp að telja." Og enn segir fréttastjórinn: „Eins og sakir standa, hefur fréttastofa sjónvarpsins ætíð samband við fréttastofur eða Nordvision-stofur hinna sjónvarpsstöðvanna á Norðurlöndum, þegar eitthvað á að fara fram, á að fara að gerast þar eða gerist þar óvænt, sem búast má við, að hafi sérstaka þýðingu eða veki sérstakan áhuga hér á landi, svo sem í sambandi við Sonning-verðlaunin nú síðast, handritamálið, þegar það er á dagskrá o. s. frv."

Þetta er það, sem fréttastjóri sjónvarpsins hefur að segja almennt um það, hvernig fréttastofa sjónvarpsins framfylgir þeim ákvæðum laga og reglugerða, sem ég sumpart las og sumpart gat um áðan að því er fréttastofu sjónvarpsins varðar, og hygg ég, að engum sanngjörnum manni geti í alvöru dottið í hug að ásaka fréttastofu sjónvarpsins um hlutdrægni eða nokkuð af þeirri tegund, þegar hafðar eru í hug þær starfsreglur, sem hún fylgir samkv. þessari skýrslu.

Þá er að ræða nánar um hina röngu staðhæfingu fyrirspyrjandans, að aldrei séu birtar fréttir frá Alþ., nema ráðh. séu taldir hafa sagt eitthvað frásagnarvert. Um þetta atriði sérstaklega segir fréttastjórinn í grg. sinni:

„Fréttastofa sjónvarpsins, fréttastjórinn og allir starfsmenn fréttastofunnar leyfa sér að mótmæla því og hljóta að telja þá fullyrðingu fyrirspyrjanda vera fram borna gegn betri vitund, að aldrei séu birtar fréttir frá Alþ., nema ráðh. hafi sagt eitthvað frásagnarvert. Þeirri fullyrðingu er vísað heim til föðurhúsanna með hjálögðu yfirliti."

Og síðan hefur fréttastofa sjónvarpsins gert yfirlit yfir fréttaviðtöl við ráðh. og fréttir af Alþ. og málum þar og stjórnmálafréttir almennt frá 1. ágúst 1968 til 24. apríl 1969 eða skömmu áður en fsp. var á dagskrá fyrir réttri viku. Ég held, að það sé mjög fróðlegt fyrir hv. alþm. og raunar fyrir landsmenn alla, sem hljóta að hafa áhuga á því að vita hið sannasta í hverju máli, að ég lesi þetta yfirlit fréttastofu sjónvarpsins um fréttaviðtöl við ráðh. á þessu tæplega 9 mánaða tímabili og fréttir frá Alþ. og málum þar og stjórnmálafréttir almennt.

Fréttaviðtöl við ráðh. eru 16 og ég skal segja, um hvaða efni þau hafa fjallað: um atvinnumálanefnd ríkisins, um Nordek-áætlunina, um fjárlagafrv. 1969, um ástandið í fjármálum þjóðarinnar, um fjárl. 1969, um 20% innflutningsgjaldið og brbl.,

um störf á sviði mannréttinda í heiminum, um norræna samvinnu vegna 50 ára afmælis Norrænu félaganna, um umsóknaraðild Íslands að EFTA, um breytingar á Tækniskólanum, um viðræður við viðskmrh. Breta, um norræna eldfjallarannsóknarstöð, um birgðasöfnun vegna hafíshættu, um vegáætlun 1969—1972, um hægri umferð og um stóriðjumál.

Hv. þm. eru manna bærastir að dæma um, hvort nokkurt af þessum fréttaviðtalsefnum sé þess eðlis, að ástæðulaust hefði verið fyrir sjónvarpið að flytja fréttir um þessi efni.

En nú skal ég lesa aðrar fréttir frá Alþ. og málum þar, skrá yfir þær, en þær eru 34, eingöngu frá Alþ. og af málum þar á þessu tímabili. Ég held, að ég sleppi að lesa dagsetningar, til þess að spara hv. þm. tíma. Fyrst er alþingissetning, Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson kjósa með Framsókn á Alþ., viðtal við Hannibal Valdimarsson, kosnir forsetar Alþ. og sagt frá fjárlagafrv. og viðtal við fjmrh. um fjárlagafrv. nefnt áður, nefndakjör á Alþ., viðtal við Eystein Jónsson fyrrv. ráðh. um fjármál, viðskmrh. mælir fyrir þáltill. um aðild að umsókn Íslands að EFTA, rætt við forvígismenn stjórnmálaflokkanna um afstöðu til umsóknarinnar, forsrh. mælir fyrir stjórnarfrv. um ráðstafanir vegna gengislækkunar, kafli úr framsöguræðu forsrh., rætt við fulltrúa stjórnmálaflokkanna í viðræðunefnd um efnahagsmál, Bjarna Benediktsson og Jóhann Hafstein, Ólaf Jóhannesson, Eystein Jónsson, Gylfa Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Lúðvík Jósefsson og Björn Jónsson, forsrh. svarar fsp. frá Gísla Guðmundssyni um öryggisráðstafanir á hafíssvæðum, dómsmrh. segir frá fyrirhuguðu ískönnunarflugi með flugbátum, frv. ríkisstj. um ráðstafanir vegna gengislækkunar með lögum, sagt frá umr. í Sþ. um þáltill. ríkisstj. um aðildarumsókn að EFTA, þáltill. um vantraust á ríkisstj., flutt af Ólafi Jóhannessyni og Lúðvík Jósefssyni, fsp. Ólafs Jóhannessonar til Gylfa Þ. Gíslasonar um gengisskráningu og stöðvun gjaldeyrissölu, sagt frá útvarpsumr. um vantraust á ríkisstj., vitnað í grg. Björns Jónssonar og sagt frá yfirlýsingu Lúðvíks Jósefssonar, stjfrv. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytinga á genginu, sagt frá, að varamenn hafi tekið 17 sinnum sæti á Alþ., samþ. 10 lagafrv., m. a. ráðstafanir í sjávarútvegi, afgreiðsla fjárl., ný bókhaldslög, vitnað í frétt fjmrn., viðtal við Jón Sigurðsson, framhaldsfundir Alþ., fyrsti fundur eftir jólaleyfi, vitnað í ræður Lúðvíks Jósefssonar, Ólafs Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar, sagt frá stjfrv. til l. um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland, sagt frá stjfrv. um hækkun almannatrygginga, sagt frá stjfrv. til laga um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátaflotanum, vitnað í frv. Eggerts G. Þorsteinssonar, höfð ummæli eftir Ólafi Jóhannessyni og Lúðvík Jósefssyni, sagt frá, að frv. um lausn kjaradeilu yfirmanna og útvegsmanna hafi verið samþ. sem lög frá Alþ., sagt frá fyrirhuguðum viðræðum um samgöngumál og samgmrh. hafi lagt fram skýrslu um framkvæmd vegáætlunar, ennfremur, að skýrsla utanrrh. um utanríkismál verði tekin til umr., sagt frá, að forsrh. hafi flutt þinginu skýrslu um efnahagsmál, vitnað í ræður Ólafs Jóhannessonar, Gylfa Þ. Gíslasonar, Lúðvíks Jósefssonar og forsrh., sagt, að Emil Jónsson hafi flutt skýrslu utanrrh. um utanríkismál, að því loknu talaði Magnús Kjartansson, þáltill., sem þm. úr öllum flokkum standa að, um að skora á menntmrh. að beita sér fyrir, að teknar yrðu ákvarðanir um lóð handa Listasafni ríkisins, sagt frá fyrri umr. um þáltill. til vegáætlunar fyrir 1969—1972, sagt frá stjfrv. um breyt. á lögum um Háskóla Íslands, sagt frá skýrslu forsrh. um störf atvinnumálanefndar ríkisins og greint frá umsóknum um lán o. fl., fsp. frá Jónasi Jónssyni um, hvenær sjónvarp mundi ná til Norðurlands austan Vaðlaheiðar og til allra landshluta, vitnað í svar menntmrh., sagt frá umr. um iðnfræðslulöggjöfina og að iðnnemar hafi afhent ályktun.

Þetta er efni þeirra 34 frétta frá Alþ. og af málum þar, sem virðast hafa farið fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Þá er að segja frá 30 almennum stjórnmálafréttum, sem sjónvarpið hefur flutt á þessu sama tímabili, en það virðist líka hafa farið fram hjá hv. fyrirspyrjanda, en efni þeirra er svona:

Ríkisstj. Íslands fordæmir innrásina í Tékkóslóvakíu, mótmæli Æskulýðsfylkingar og Alþb., talsmenn allra stjórnmálaflokka segja álit sitt á atburðum í Tékkóslóvakíu, fyrst að hluta í fréttum, svo í heild síðar um kvöldið, viðtal við Vilborgu Harðardóttur um Tékkóslóvakíu, viðtal við Björn Þorsteinsson um Tékkóslóvakíu, tilkynning frá forsrh. um, að allir stjórnmálaflokkar hefji viðræður um efnahagsmál þjóðarinnar, símaviðtal við Hannibal Valdimarsson vegna tilmæla forsrh. um viðræður allra stjórnmálaflokka um efnahagsmál, viðtal við Ólaf Jóhannesson um sama efni, brbl. um breyt. á siglingalögum, en það voru fyrstu lög, sem dr. Kristján Eldjárn undirritaði sem forseti, viðræðufundir fulltrúa allra stjórnmálaflokka landsins um efnahagsmál, viðtal við Hannibal Valdimarsson um klofning í Alþb., viðtal við Ragnar Arnalds um klofning í Alþb., fréttatilkynning frá viðræðunefnd stjórnmálaflokkanna, viðræður um þjóðstjórn og Alþ. kvatt saman, flokksþing Alþfl., skipulag Sósíalistaflokksins og Alþb., landsfundur Alþb. settur, lesið upp bréf frá Hannibal Valdimarssyni, landsfundur Alþb. ákveður, að Alþb. skuli gert að stjórnmálaflokki, viðtal við Matthías Á. Mathiesen um störf Þingmannasambands Norður-Atlantshafsbandalagsríkjanna, fyrsti fundur viðræðunefndar stjórnmálaflokkanna, útifundur í Lækjargötu, haldinn af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, fyrsti viðræðufundur ríkisstj. og viðræðunefndar A. S. Í., miðstjórn A. S. Í. kýs 5 manna n. til viðræðna við ríkisstj., ríkisráðsfundur gefur út brbl. um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, frétt um, að Sameiningarflokkur alþýðu, Sósfl., hætti

störfum frá og með árslokum 1968, frétt um útifund verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Trésmiðafélags Reykjavíkur, frétt um nýtt málgagn Alþb., Ný útsýn, sagt frá Alþýðublaðinu í nýjum búningi, forseti Íslands staðfestir 7 lagafrv., sagt frá aðalfundi miðstjórnar Framsfl., viðtal við Ólaf Jóhannesson um Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson og aðalfund miðstjórnar Framsfl., sagt frá, að borizt hafi yfirlýsing frá Birni Jónssyni og Hannibal Valdimarssyni, og er vitnað í yfirlýsinguna. Og hér lýkur þessari skýrslu.

Af 80 fréttum, sem sjónvarpið hefur birt á þessu næstum 9 mánaða tímabili, eru 16 fréttaviðtöl við ráðh., en 64 fréttir frá Alþ. og almennar stjórnmálafréttir, þar sem, eins og allir þm. hafa án efa heyrt, ekki síður hafa verið nefnd nöfn stjórnarandstæðinga og leiðtoga stjórnarandstöðunnar heldur en stjórnarsinna eða ráðh.

Mér er einnig kunnugt um, að gerð hefur verið athugun á innihaldi viðræðu- og spurningaþátta, sem vakið hafa mikla athygli í sjónvarpinu og oft hafa fjallað um þjóðmál, stjórnmál og efnahagsmál, þar sem ráðh. og stjórnarsinnar og leiðtogar stjórnarandstöðu hafa oft verið fengnir til að leiða saman hesta sína. Talning á þessum þáttum á þessu sama tímabili leiðir í ljós, að svo að segja nákvæmlega jafnmargir ráðh. og leiðtogar stjórnarandstöðunnar hafa komið þar fram og í svo að segja nákvæmlega jafnmörg skipti. 7 ráðh. hafa komið þar fram, fleiri gátu það ekki verið, því að þeir eru ekki fleiri, en líka 7 leiðtogar stjórnarandstöðunnar, ráðh. í 13 skipti, og stjórnarandstöðuleiðtogarnir í 12 skipti. Jafnari held ég, að skiptin geti varla orðið.

Ég er mjög feginn því að hafa fengið þetta tækifæri til þess að koma þessum upplýsingum á framfæri og þar með ekki aðeins að andmæla ósannri staðhæfingu í fsp. á hinu háa Alþ., heldur jafnframt til þess að kveða niður þann leiða róg, sem hafður hefur verið uppi í málgögnum stjórnarandstöðuflokkanna um jafnágæta stofnun og íslenzka sjónvarpið er og þá ekki síst fréttastofa þess.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að lesa fyrir okkur þessa einkennilegu þulu. Hins vegar fór ég ekki fram á neina slíka þulu. Ég var að spyrja um reglur, hvaða reglum væri fylgt. Um það atriði hafði hæstv. ráðh. það eitt að segja að vitna í lagasetningu og reglugerðir frá 1934, 1955 og 1958. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um allar þessar reglur, en þær eru settar löngu áður en nokkurt sjónvarp var starfrækt á Íslandi. Fréttastofa sjónvarps verður að sjálfsögðu að taka upp allt aðrar starfsaðferðir en tíðkast í hljóðvarpi, og hún verður að setja sér sérstakar reglur. Ef þessu er í raun og veru þannig farið, eins og ráða mátti af orðum hæstv. ráðh., að engar aðrar reglur séu til en þessar gömlu frá 1934—1958, þá virðist einsætt, að engar sérstakar reglur hafi verið settar um starfsemi fréttastofu sjónvarpsins, og slíkt ástand er að sjálfsögðu algerlega fráleitt. Sjónvarpsstarfsemi er allt annars eðlis en hljóðvarpsstarfsemi, og það verður að setja einhverjar grundvallarreglur, einhvern ramma um starfsemi slíkrar stofnunar. Ég tel það ákaflega ámælisvert, ef þetta er rétt hjá hæstv. ráðh., að um fréttastofu sjónvarpsins gildi engar sérstakar reglur.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi það, sem ég benti á í frumræðu minni áðan, að myndaefni til fréttastofunnar kemur að heita má einvörðungu frá Bandaríkjunum og Bretlandi, og þar er um ákaflega þröngt svið að ræða að mínu mati. Við verðum að temja okkur víðari sjóndeildarhring en aðeins fæst með því að sækja efni til þessara tveggja aðila. Ég er alveg sannfærður um það t. d., að við getum aflað okkur víðtækari frétta með því að hafa nánari samvinnu við Norðurlandastöðvar, enda þótt hæstv. ráðh. segði, að það hefði verið reynt, en árangur ekki orðið jafngóður og til var ætlazt. En ég spurði um það í frumræðu minni áðan, hvernig á því stæði, að Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna virtist eiga furðugreiða leið inn í fréttir sjónvarpsins. Slíkt hefur margsinnis gerzt, eins og allir vita, sem eitthvað fylgjast með sjónvarpsfréttum. Ég spurði hæstv. ráðh. að því, hvort þetta stafaði af því, að þær myndir væru látnar í té ókeypis. En hæstv. ráðh. svaraði þessu engu orði.

Um innlendu stjórnmálafréttirnar og sérstaklega fréttir frá Alþ. skal ég fúslega viðurkenna það, að orðalag mitt á fsp. var ónákvæmt og ég skal biðjast velvirðingar á því. Það er auðvitað ekki rétt að segja aldrei. Hitt held ég, að öllum sé ljóst, sem fylgzt hafa með þessum fréttafrásögnum frá Alþ. og frá íslenzkum stjórnmálum, að ráðh. hafa haft þar alger forréttindi fram yfir aðra. Dæmi um það rakti ég sérstaklega í ræðu minni áðan. Ég tók mjög fróðlega frétt frá því í gærkvöldi, og hún er alveg dæmigerð um það, hvernig sjónvarpið fer að því að tala við íslenzka ráðh. og fjalla um ýmis stjórnmál. Þarna var vitnað í ónafngreinda þm., sem hafa vakið máls á þessu stórfellda hneykslismáli hér á Alþ., þeir voru ekki nefndir, en hæstv. ráðh. var gefið tilefni til þess að afneita öllu. Fréttaþjónusta af þessu tagi nær ekki nokkurri átt.

Ég mótmæli því algerlega, þegar hæstv. ráðh. komst svo að orði í lokin, að ég hefði í frammi róg um sjónvarpið og fréttastofu þess. Ekkert slíkt vakir fyrir mér. Hitt skulum við gera okkur ljóst, að sjónvarp er mikill áhrifavaldur, og okkur ber að leggja á það áherzlu, hverjar svo sem skoðanir okkar eru, að sjónvarpið sé hagnýtt til þess að gefa sem mest alhliða og sem réttasta mynd af stjórnmálum á Íslandi, að því leyti sem sjónvarpið birtir stjórnmálafréttir. Með þessu er ég engan veginn að leggja til, að þarna verði farið í einhverja ritskoðun, þvert á móti. Ég vil, að þessar fréttir verði auknar frá því, sem verið hefur. En ég vil, að þarna verði lögð á það áherzla, að öll sjónarmið komi fram á hliðstæðan hátt, og ég vil sérstaklega vara við þeirri stefnu, sem hefur verið ríkjandi í sjónvarpinu, að líta á sig sem eins konar stofnun fyrir hæstv. ríkisstj. Það á sjónvarpið alls ekki að vera. Ég mundi heldur telja sjónvarpinu hollt að hafa uppi tortryggni gagnvart

hæstv. ríkisstj. Það er ekkert jafnháskalegt fyrir ríkisrekin fjölmiðlunartæki og það, að þau séu notuð af stjórnvöldum hverju sinni. Það er miklu betra, að slík ríkisrekin fjölmiðlunartæki séu nær því að vera í stjórnarandstöðu.

En sjónvarpið er ung stofnun, og ég sagði hér í upphafi, að ég teldi, að fréttamenn á fréttastofunni hefðu náð mjög góðu tæknilegu valdi á viðfangsefnum sínum og hefðu verið ötulir í störfum. Ég er alveg viss um, að þeir geta gert mun betur á þessu sviði en þeir hafa gert, og ég tel, að það sé skylda okkar, bæði alþm. og almennra hlustenda, að koma á framfæri við þá aðfinnslum, sem við reynum að rökstyðja. Það er ekkert einkamál, hvorki útvarpsráðs né einstakra fréttamanna né hæstv. menntmrh., hvernig þessi stofnun starfar. Það er málefni þjóðarinnar allrar, og hér hef ég flutt gagnrýni, sem ég tel mig hafa rökstutt að fullu í framsöguræðu minni áðan og hæstv. ráðh. gat ekki vefengt á neinn hátt, heldur reyndi að snúa út úr. Ég vænti þess, að gagnrýnin stuðli að frekari umr. um þessi mál.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr. Ég hafði, eins og raunar landslýður allur, sannfærzt um það af því að horfa á sjónvarp, að hæstv. ráðh. nota það óeðlilega mikið til þess að koma á framfæri skoðunum sínum, — nota það oft og tíðum sem einkaáróðurstæki sitt. Um þetta hafði ég sannfærzt. Nú hefur hins vegar hæstv. menntmrh. lesið hér upp langa þulu til þess að sannfæra mann um, að þessu sé síður en svo þannig farið. Ég stend hér upp aðeins til þess að koma á framfæri till., af því að ég sé, að fréttastjóri sjónvarpsins er hér staddur, og till. mín er sú, að sjónvarpið hafi í kvöld viðtal við hæstv. menntmrh. til þess að gefa honum tækifæri til þess að sannfæra landslýðinn um það, hve sjaldan hann birtist í sjónvarpi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég mundi hugsa mig vandlega um, ef fréttastjóri sjónvarpsins yrði við till. hv. þm. um að biðja mig um viðtal í kvöld. Ég mundi ekki vilja svara því á stundinni, hvort ég féllist á það eða ekki. En hitt vil ég gjarnan að menn viti, að ég hef aldrei komið í sjónvarpið öðruvísi en um það væri beðið, ég hef aldrei komið á framfæri ósk um, að við mig færi fram viðtal þar. Og ég hygg, að hið sama eigi við um alla starfsbræður mína í ríkisstj., svo að því fer auðvitað víðs fjarri, að hægt sé að segja það með nokkrum minnsta sanni, að ríkisstj. noti sjónvarpið sem eins konar einkaáróðurstæki fyrir sig. Til slíks hefur aldrei verið gerð hin minnsta tilraun. Ég skal ekki hafa stór orð um að andmæla þessu, en ber það saman við ummæli hv. fyrirspyrjanda, sem andmælti því sérstaklega, að hann færi með róg um fréttastofu sjónvarpsins og stofnunina yfir höfuð að tala. Ég veit ekki, hvað er rógur um stofnun, ef það er ekki rógur um hana að segja, að hún láti valdamenn nota sig í röngu skyni, í áróðursskyni. Það er rógur, enda alröng staðhæfing.

Ég get hins vegar vel skilið, að hv. þm. hafi ekki beint því til fréttastofu sjónvarpsins að birta nýjar myndir af sér í sjónvarpinu. Það, sem ég sá síðast til hans, var honum því miður ekki til sóma. Ég hefði vel getað æskt honum betra hlutskiptis en að láta birta þær skrípamyndir, sem sjónvarpið birti af honum uppi í óbyggðum, í viðtölum við brezka hermenn.

Hv. fyrirspyrjandi, Magnús Kjartansson, sagði, að það væri vanræksla að hafa ekki sett sérstakar reglur um fréttir sjónvarpsins. Ef þetta er vanræksla, þá er það vanræksla útvarpsráðs, en ekki mín. En hann deildi á mig. Það kom skýrt fram í svari mínu áðan, að það er ekki verkefni menntmrh. að setja útvarpinu, hvorki hljóðvarpinu né sjónvarpinu, reglur um fréttaflutning þess. Ég hef aldrei gert það, enginn minn fyrirrennari hefur mér vitanlega gert það, enda er það lögum samkv. ekki í okkar verkahring. Það er útvarpsráð, sem hefur yfirstjórnina. (Gripið fram í.) Ég hef aldrei gert nokkra tilraun til þess að skipta mér af störfum útvarpsráðs, að því er varðar dagskrá þess né fréttaflutning, aldrei í þau 12—13 ár, sem ég hef haft með þessi mál að gera. Um fyrirrennara mína skal ég ekki segja í þessu efni, enda eru lög alveg skýrorð um verkefni og verkaskiptingu milli ráðh. og útvarpsráðs í þessum efnum.

Ég tel einmitt, að fréttastofan hafi átt að safna nokkurri reynslu, áður en sérstakar reglur yrðu settar um fréttaflutninginn þar, aðrar en gilda um hljóðvarpið. Það má segja, að sá reynslutími sé nú orðinn nógur og tími sé kominn til þess að athuga þetta. En vanrækslan er þá ekki sízt hjá flokksmanni hv. þm. í útvarpsráði, sem mér vitanlega hefur aldrei gert neina till. um slíkt, síðan sjónvarpinu var komið á fót.

Það er rétt hjá hv. þm., að mér láðist að svara fsp. hans um það, hvort fréttastofa sjónvarpsins fengi ókeypis til sýningar bandarískar áróðursmyndir, sem hann kallaði svo, frá sendiráði Bandaríkjanna hér. Mér er ekki kunnugt um þetta, enda hef ég aldrei haft ástæðu til neinna afskipta af slíku og þvílíku sem þessu, því að það kemur ekki mál við mig. Þótt svo væri, að þetta hefði komið fyrir, hefði engin skylda borið til þess að tilkynna mér það. Ég er enginn yfirmaður stofnunarinnar að því leyti og kýs ekki að vera það. Hins vegar get ég gjarnan látið þá skoðun í ljós, að ég teldi slíkt að sjálfsögðu vera algerlega óeðlilegt, ég veit ekki til þess, að slíkt hafi átt sér stað, og trúi því raunar ekki.

Þá gagnrýndi hv. þm. frétt í gærkvöld, fréttaviðtal við fjmrh. um Kísilgúrverksmiðjuna. Í því sambandi vil ég aðeins láta þess getið að síðustu, að ekki er við því að búast, að sérhver frétt, sem sjónvarpið birtir, hvort sem hún er frá Alþ. eða varðandi stjórnmál almennt, sé gerð að umræðuefni milli tveggja gagnstæðra skoðana. Þá mundi fréttatími sjónvarpsins nýtast allt of illa þær 20 mínútur, sem til ráðstöfunar eru á hverju kvöldi, ef aldrei mætti segja frétt frá Alþ. eða eiga viðtal við annaðhvort ráðh. eða stjórnarandstæðing, án þess

að um leið væri látið koma fram annað sjónarmið. Stundum er þetta gert, sérstaklega ef mikið þykir við liggja, ef sérstakt tilefni er. Annars þræðir sjónvarpið þann gullna meðalveg að eiga viðtal við þann, sem fylgir þessu sjónarmiði, eitt kvöldið, þann, sem fylgir öðru sjónarmiði, hitt kvöldið. **(Gripið fram í:** Þá kemur hann líka í kvöld.) Ég er ekki í nokkrum vafa um það, einhvern næstu daga. Það kæmi mér ekki á óvart, þó að það ætti sér stað. Enda bar sú skýrsla, sem ég las áðan um 80 fréttir, þess ótvíræðan vott, að það er ekki aðeins hótfyndni, heldur miklu verra að gefa það í skyn, að fréttastofa sjónvarpsins hafi ekki í þessum efnum viljað sýna stjórn og stjórnarandstöðu fullkomið jafnræði.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að leggja fáein orð í belg í þessum umr. Menntmrh. upplýsti, að til væru prentaðar reglur um fréttastofu útvarps og sjónvarps. Það var nú vitað áður. En það kom líka fram hjá honum, að þessar reglur eru orðnar æðigamlar og þær eru sniðnar við fréttastofu útvarpsins.

Auðvitað er það svo, að þó að sjónvarp og útvarp séu sett undir einn hatt að nafni til, er þarna um tvær og að mörgu leyti ólíkar stofnanir að ræða. Þess vegna var alltaf eðlilegt í upphafi, að það væru settar sérstakar reglur um sjónvarp, en við því var þráazt, enda þótt ég og aðrir bentu á nauðsyn þess. Auðvitað er alveg óraunhæft að gera ráð fyrir því, að útvarpsráð geti fylgzt með sjónvarpi í einu og öllu eða því, sem þar kemur fram, og það veit auðvitað hæstv. menntmrh. Og það er auðvitað alveg óeðlilegt, þegar hann er að reyna að koma sök af sér yfir á útvarpsráð í þessu efni. Auðvitað er menntmrh. yfirmaður þessara stofnana, hefur eftirlit með þeim, segist ekki gefa þeim fyrirskipanir og segist ekki hafa afskipti af því, hvað þær birta í fréttum. Ég kom nokkuð lengi við sögu útvarpsins, og margt hefur breytzt frá þeirri tíð, ef hæstv. ráðh. getur lagt eið út á það, að hann hafi aldrei (Gripið fram í.) Það voru margir menntmrh. á þeim tíma, — ef hann getur lagt eið út á það, að hann hafi aldrei haft samband við Ríkisútvarpið út af neinu, sem þar hefur birzt. Hann þarf ekkert að segja mér um það. Og hann þarf ekkert að segja mér um það, að hann hafi aldrei haft afskipti af því, þegar hann er kvaddur í sjónvarp. Það þarf ekkert að segja mér það, að sjónvarpsfréttamenn séu á eftir honum, í hvert skipti, sem hann skreppur til útlanda eða á einhvern fund, og þeim sé kunnugt um það, nema af því að vitneskja um það kemur frá ráðh. sjálfum. Það þýðir ekki fyrir hann að bera svona á borð. Hér eru óræk vitni vegna þess, að sjónvarpið ber sjálfu sér vitni. Það horfir svo að segja allur landslýður á sjónvarp og veit, hvað þar kemur, og þess vegna þarf ráðh. ekkert að vera að segja fólki, hvað þar er birt. Það hefur séð, hvað þar er birt og hefur fylgzt með í þessum efnum. Og það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að lesa hér upp langa lista um það, að þessi eða hinn hafi komið svo oft í sjónvarp eða við hann hafi verið talað svo oft, nafn hans hafi verið nefnt svo oft. Það, sem máli skiptir, er auðvitað, með hverjum hætti þetta er gert. Og ég vil út af fyrir sig algerlega mótmæla því, að við framsóknarmenn eða okkar málgögn höfum haldið uppi nokkrum minnsta rógi á hendur fréttastofu sjónvarps. Hitt er það, að við höfum ekki verið ánægðir með hennar starfsemi að öllu leyti, og við höfum ekki farið dult með það við sjálfa fréttamennina. Við höfum talað við sjálfa fréttamenn sjónvarpsins og bent þeim á það, sem okkur hefur þótt þar miður fara. Og ég vil alls ekki ætla þeim, að það hafi verið af ásettu ráði, sem þeim hafi orðið á mistök, enda tel ég, að samtal eða samtöl um þetta hafi nokkurn árangur borið, og ég þykist vita það, að fréttamennirnir vilji í sjálfu sér vel gera í þessum efnum. En eigi að síður er það staðreynd, að það er okkar skoðun í stjórnarandstöðunni, það er okkar tilfinning í stjórnarandstöðunni, að það sé hallað á okkur í fréttaflutningi sjónvarpsins, það sé ekki fullt jafnræði í fjölmiðlunartækjunum á milli stjórnar og stjórnarandstæðinga. Og það kemur ekki aðeins fram í því, eins og ég sagði áðan, að ráðh. séu kannske miklu oftar í sjónvarpinu, heldur er það, að það er sagt eftir þeim meira og með öðrum hætti. Ég tek dæmi.

Ráðh. rakti það í sínum langa lista hér áðan, að æðioft hefur verið sagt frá því í sjónvarpi, þegar ríkisstj. hefur lagt fram frv. á Alþingi. Við stjórnarandstæðingar leggjum oft fram frv. hér á Alþingi. Við leggum þar fram frv. um okkar stefnumál, sem við teljum engu ómerkari en þeir telja sín frv. Við framsóknarmenn teljum okkur hafa lagt fram slík frumvörp hér í vetur. Hefur verið sagt frá þeim í sjónvarpi? Nei, þau hafa ekki þótt jafnmerkileg að þessu leyti og stjórnarfrv. Þetta er mat á fréttefni. Það er mat, sem ég tel ekki rétt eða eðlilegt. Aðrir geta haft á því sína skoðun. Og ég geri ráð fyrir því, að fréttamenn hafi nokkuð aðra skoðun á fréttamati, vegna þess að þeir sjálfsagt líta á það, að okkar frv. eru ekki líkleg til að ná fram að ganga, en öðruvísi er því háttað með stjórnarfrv. En ég álít, að það sé ekki rétt að líta á það á þennan veg, því að það er einmitt höfuðreglan gamla, sem stendur enn í reglum um útvarpið, að það á að gæta þess, að óhlutdrægni ríki gagnvart öllum flokkum.

Hæstv. ráðh. var að guma af viðtalsþáttunum, sem fram færu í sjónvarpinu. Það var gott, að hann minnti á það. Það hafa mörg þýðingarmikil mál verið hér á baugi að undanförnu, efnahagsmál, kjaramál o. fl. Hafa leiðtogar stjórnmálaflokkanna að undanförnu verið kvaddir í sjónvarpið til þess að ræða þau mál? Það væri gott, ef hann vildi nefna það. Það tíðkaðist þó áður um skeið. Það skyldi þó aldrei hafa átt sér stað, að einhver hefði þarna kippt í spotta? Það væri gott, að hæstv. menntmrh. upplýsti það. **(Forseti:** Ræðutíminn er búinn.) Já, ég skal ljúka máli mínu.

Sannleikurinn er sá, að þetta mál er auðvitað mjög viðkvæmt, því að fjölmiðlunartækin eru svo

áhrifaríkari, að það er eðlilegt, að við og stjórnmálaflokkarnir séum mjög viðkvæmir fyrir því, að það sé gætt þessarar höfuðreglu og þessa höfuðboðorðs, sem sett er í reglum útvarpsins, að það sé gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart flokkum. Það finnst okkur ekki hafa verið fyllilega gert. Ég veit það samt, að fréttamenn eru allir af vilja gerðir, en ég hef þá skoðun, að þeir séu undir óeðlilegum áhrifum frá æðri stöðum, og það er alveg sama, hvað hæstv. ráðh. segir um það, því verður ekki trúað, sem hann segir um það, fyrr en reynslan sýnir, að breytt er til. En reynslan á að skera hér úr. En einmitt af því, hve hér er um vandasöm mál að tefla, þá er það höfuðatriðið í þessum efnum, að það séu settar reglur um þetta, og að því þurfa menn að vinna. Og það er alveg rétt, eins og hæstv. ráðh. sagði, að það gat verið vandasamt í upphafi að setja slíkar reglur varðandi sjónvarpið. En nú er reynsla fengin, og nú ætti að vinda bráðan bug að því að setja slíkar reglur. Og það væri öllum fyrir bestu, því að það er vissulega sjálfsagt, ef samvizka þeirra er svona hrein, stjórnarmanna, eins og hæstv. menntmrh. vildi vera láta, þá hljóta þeir að vilja eyða allri tortryggni í þessu efni og setja þær skynsamlegu reglur, sem girða fyrir það, að slík tortryggni geti átt sér stað.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að játa, að ég get ekki rætt um þann þátt útvarpsins, sem hér er sérstaklega til umr., þ. e. a. s. sjónvarpið, því að ég er einn af þeim líklega fáu, sem hafa ekki sjónvarp, og horfi þess vegna ekki á það nema sjaldan.

En það er útvarpið, og það hefur nú borizt í tal hér, m. a. vegna þess, að þær reglur, sem hér var talað um, eru eingöngu frá gömlum tíma, frá þeim tímum, þegar ekkert sjónvarp var hér á landi, og það er talið, að þær gildi enn fyrir báðar þessar deildir.

Ég vil í tilefni af því nota tækifærið til að lýsa óánægju minni með einkum eitt, sem kemur fram í útvarpinu dag hvern. Það eru stríðsfréttir frá Víetnam. Maður hefur aldrei frið fyrir þessu. Þetta er aðalefnið að segja má í útlendum fréttum útvarpsins, og þarna er sagt frá því, hvað Bandaríkjamenn og þeirra samherjar þar hafi fellt marga þennan daginn og hvað þeir hafi orðið fyrir ákaflega litlu manntjóni sjálfir. Þetta er tíundað ósköp samvizkusamlega. Ég hef orðið þess var, að það eru margir fleiri en ég, sem festa lítinn trúnað á þessar tölur og þessar upplýsingar. Ég held, að þetta sé tilbúið hjá þeim þarna vestur í Ameríku til heimanotkunar, vegna þess að þeir standa nokkuð höllum fæti hjá sinni þjóð fyrir þessar aðgerðir þarna austur frá. En ég sé ekki, að við höfum neina þörf fyrir þetta hér. Ég held, að menn hafi enga ánægju af þessu, og það er enginn fróðleikur í þessu í raun og veru. Ég held, að það væri nóg, ef fréttastofa útvarpsins birti fyrir þá, sem hafa áhuga á þessu máli, einstöku sinnum, við skulum segja vikulega, einhver tíðindi, ef eitthvað markvert væri að gerast þarna, ef til einhverra úrslita drægi t. d. í þessari viðureign þarna. Ég held, að það væri alveg nóg. Ég hefði viljað fara fram á það við yfirstjórn útvarpsins, að hún losaði okkur við þetta úr daglegum fréttum, þennan lestur, því að þetta er til leiðinda.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. formaður Framsfl. jók ekki á hróður sinn né flokks síns með þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan. Satt að segja var ræða hans fyrir neðan allt velsæmi. Ætti hann, ef hann kynni mannasiði, að biðjast afsökunar á henni hér á eftir. Formaður Framsfl. sagði, að það væri rangt, að ég hafi aldrei haft afskipti af því, þegar viðtal hefði verið haft við mig í sjónvarpinu. Á skrá fréttastofustjórans eru efni þeirra viðtala, sem við mig voru höfð á því tímabili, sem ég gat um áðan. Þau voru um EFTA-umsóknina, um breytingar á Tækniskólanum, um viðræður við viðskmrh. Breta og um norræna eldfjallarannsóknarstöð. Ég man eftir því í öll þessi skipti, hvernig það bar að, að ég var beðinn um þessi viðtöl. Þessi staðhæfing er rétt, og getur hv. formaður Framsfl. talað við menn, sem hann á greiðan aðgang að í fréttastofu sjónvarpsins, til þess að fá staðfestingu á þessu. (Gripið fram í.) Þá er öll tungan í þér svört. Ég hef einnig komið fram í viðtalsþáttum í sjónvarpinu og þá alltaf á móti stjórnarandstæðingi, þar á meðal þessum hv. þm. Ef hann kannast ekki við það, þegar við vorum beðnir um þætti, sem við vorum saman í, þeir hafa verið tveir, held ég, þá svertist tungan í honum enn.

Formaður Framsfl. leyfði sér einnig að segja, að það væri rangt, sem ég hefði sagt, að ég hafi aldrei haft nokkur afskipti af fréttaflutningi Ríkisútvarpsins. Eitthvað hikaði hann nú, þegar hann heyrði sjálfan sig segja þetta, því að hann endurtók setninguna og sagði: Eitthvað er þá orðið öðruvísi en áður var, ef ráðh. hefur aldrei afskipti af neinu, sem gerist innan útvarpsins. Ég býst við, að það sé alveg rétt, að hér sé mikið breytt frá því, sem áður var, t. d. frá því að fyrrverandi formaður hans flokks var menntmrh. Ég man eftir ákveðnu dæmi frá hans valdatíma sem menntmrh., þegar hann setti af einn af fréttamönnum útvarpsins fyrir kommúnistískan fréttaflutning, þegar hann tók hann úr fréttastofunni og flutti hann í annað verk í stofnuninni, af því að hann taldi sig hafa sannað á hann, hann taldi sig persónulega hafa sannað á hann, að hann beitti fréttastofunni í þágu kommúnistísks heimsáróðurs. Ef það er þetta, sem eftirmaður hans á við, þá get ég sagt honum, að slíkt hef ég aldrei gert og aldrei talið mig þurfa að gera, aldrei í þau 12 eða 13 ár, sem ég hef haft með þessa stofnun að gera. Þetta kann að hafa tíðkazt áður fyrr, meðan hans flokkur réð meiru um mál þessarar stofnunar en hann gerir nú. S. l. áratug hefur aldrei neitt þvílíkt átt sér stað og mun ekki gerast, meðan ég fer með völd í þessum efnum. En ég segi, að það sé neðan við allt velsæmi að bera á borð rangar staðhæfingar, nema þá að geta staðið við þær, staðhæfingar, sem síðan reynast rangar.

En ég ætla að benda hv. þm. á einfalt ráð til að standa við sínar staðhæfingar, mjög einfalt ráð. Það er starfandi stór hópur fréttamanna við útvarpið, við hljóðvarpið og sjónvarpið, sem hann á greiðan aðgang að. Ef hann getur fengið vitnisburð einhvers af þessum stóra hópi manna um, að ég hafi nokkurn tíma rætt við þá og gagnrýnt fréttir, rætt við þá um að breyta frétt eða haft nokkur afskipti af nokkrum þeirra um nokkra frétt, sem í útvarpinu hefur birzt, þá óska ég þess, að hann geri það. Ef hann getur það ekki, þá lýsi ég hann ósannindamann og ætlast til þess, að hann sé sá maður, að hann biðji afsökunar á ósannindum sínum.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er gamall málsháttur, sem segir, að sannleikanum verði hver sárreiðastur. Mér virðist framkoma hæstv. menntmrh. hér bera því vitni, að það sé komið eitthvað við kaunin á honum, því að hann er ekki vanur að sleppa sér svona algjörlega eins og hann gerði áðan. Ég held, að það sé einfaldast fyrir hæstv. ráðh. að afsanna það, að hann hafi nokkur áhrif á það að komast í útvarp og sjónvarp með því að ganga í bindindi um það næstu 4—5 mánuðina.

Hann minntist á það, ráðh., að við hefðum talað saman í sjónvarpinu, og það er alveg rétt, en það er langt síðan, og það er kannske ástæða til þess að fara að gera það aftur. Og það hefði verið ástæða til þess að gera það nú að undanförnu. Tilefnin hafa verið næg, en af einhverjum ástæðum hefur ekki verið áhugi fyrir því á æðri stöðum að efna til samræðuþáttar milli stjórnar og stjórnarandstöðu um þau málefni, sem efst hafa verið á baugi hjá þjóðinni og öll þjóðin fylgist með og vill fá að heyra eitthvað um.

Hann hrakti ekki það, sem ég sagði um það, að fréttastofan hefði aldrei sagt frá frv., sem við framsóknarmenn höfum flutt hér, hún hefur ekki gert það. Og þannig mætti lengi telja.

En það er ekki ástæða til þess að æsa hæstv. ráðh. upp meira en orðið er, því að þetta er málefni, eins og ég sagði áðan, sem er vandasamt og þarf að reyna að finna lausn á og þarf að setja þar reglur, sem girða fyrir það, að slík tortryggni eigi sér stað eins og nú er.

Það er alveg sama, hvað hæstv. ráðh. segir um þetta, hann fær ekki þvegið af sér það, að hann hefur komið í sjónvarp bæði af óeðlilegum og eðlilegum tilefnum. Og það er alls ekki svo, að það hafi verið eitthvað fréttnæmt, sem hefur verið að gerast, þegar hann hefur verið kvaddur upp í sjónvarp í öll þau skipti. En ég vil aðeins segja það, að ég ítreka það, að ég tel það gagnlegt, ef þessi fsp., sem hér hefur komið fram, verður til þess, að það verði hugað meira að þessu máli eftirleiðis en að undanförnu, því að það er mikil þörf á því. Og satt að segja er það svo, að ef hlutdrægni er beitt í þessum fjölmiðlunartækjum, þá er hægt að afflytja málstað og menn þannig, að þeir eigi sér ekki viðreisnar von. Og það er líka hægt að auglýsa menn upp í sjónvarpi og útvarpi. Þess vegna verður að gera þá kröfu til ríkisútvarps og ríkissjónvarps, að það sé vel á verði í þessum efnum. Og eins og ég sagði áðan, þá dugir ráðh. ekki að skjóta sér á bak við útvarpsráð, vegna þess að það er mjög takmarkað, hvað útvarpsráð getur gert. Ég hygg, að útvarpsráð setji að vísu almennar reglur um þetta, og vera má, að það samþ. dagskrá í stórum dráttum, þó veit ég það ekki, en hitt er vitað mál, að það getur aldrei fylgzt með þessum störfum frá degi til dags, heldur eru það þeir yfirmenn í stofnuninni, sem það gera, og yfir þeim er menntmrh. og á að hafa eftirlit með þeim eins og með öðrum þeim stofnunum og embættum, sem undir hann heyra.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hafði ekki að staðaldri á sjónvarp og hafði alls ekki ætlað mér að leggja orð í belg. En ég get þó ekki orða bundizt og ekki stillt mig um að vekja athygli á einu atriði, sem hefur komið fram í þessum umr.

Ég verð að segja, að ég varð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum við að hlýða á skýrslu hæstv. ráðh., sem mér skildist á hans inngangsorðum, að mundi afsanna allan orðróm um alla mismunun í fréttaflutningi sjónvarps, fyrst og fremst af stjórnmálum. Þar kom það fram, að í fyrsta lagi hefðu verið 16 viðtöl við hæstv. ráðh. á umræddu tímabili. Í öðru lagi, að 34 sinnum hefðu verið sagðar fréttir af Alþ., ég punktaði þetta niður hjá mér, um leið og hæstv. ráðh. las skýrsluna, og ég get ekki betur séð en frekar 22 en 20 af þessum 34 fréttum séu af málefnum ríkisstj. Og nokkuð af hinum 12 eða 14 alls ekki einhliða frá hinni hliðinni, heldur meiri hlutinn af því viðtöl við fulltrúa frá fleiri flokkum saman.

Eftir því sem ég hef fylgzt með þessum málum, skal ég að vísu játa það, að ég óttaðist, að ekki væri gætt jafnvægis í frásögnum og fréttaflutningi sjónvarps frá því, sem gerist hér á hv. Alþ., ekki gætt jafnvægis á milli stjórnarliðs og stjórnarandstöðu, en ég hafði ekki ímyndað mér, að hlutföllin væru svona, eins og fram hefur komið í skýrslu hæstv. ráðh. En samt sem áður, í lok sinnar tölu fullyrti hæstv. ráðh. alveg blákalt, að skýrslan bæri ótvíræðan vott um það, að hér væri gætt fyllstu óhlutdrægni og jafnvægi ríkti í fréttaflutningi héðan frá Alþ.! Mér urðu þetta, eins og ég sagði áðan, mikil vonbrigði, bæði skýrslan sjálf og eins þessi ummæli hæstv. ráðh., og ég vildi láta þetta koma hér fram.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mig langar í tilefni af þeim umr., sem hér hafa orðið, að segja hv. alþm. örstutta sögu um ekki stórvægilegt atvik, sem þó bregður ljósi á það vandamál og deilumál, sem hér er verið að tala um.

Það var fyrir nokkrum vikum á vegum samtaka, sem berjast gegn hungri í heiminum, að haldin var ráðstefna í Menntaskólanum í Reykjavík um þessi málefni. Á þessari ráðstefnu voru fengnir til að tala fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkunum, og þeir mættu þar og héldu þar allir sínar ræður, mál-

efnalegar og áreitnislausar, að ég held. Svo gerðist það, að skömmu fyrir kl. 7 þá um kvöldið mátti sjá stóran og myndarlegan ráðherrabíl renna í hlað, og út úr bílnum sté hæstv. menntmrh. og kom inn á samkunduna, gekk fyrir barinn, þar sem afgreitt var vatn til þeirra, sem viðstaddir voru á þessari samkundu, og fékk þar afgreitt eins og aðrir, sem þar voru, eitt vatnsglas, sem hann drakk, og var að sjálfsögðu ekki í frásögur færandi. Svo sá ég af tilviljun — kvöldið eftir held ég, að það hafi verið, frekar en sama kvöldið, — í sjónvarpinu, hvernig frá þessu atviki var skýrt.

Þar var brugðið upp mynd af einum ræðumanni stjórnmálaflokkanna í ræðustóli, og það var formaður útvarpsráðsins, Benedikt Gröndal, fulltrúi Alþfl., sem þar talaði, og síðan birtist á breiðtjaldi sjónvarpsins hin svipmikla mynd hæstv. menntmrh., þar sem hann teygaði vatn af því glasi, sem honum hafði verið rétt, stakk út úr glasinu og drakk það í botn, og myndavélin hvíldi á hæstv. ráðh. allan þann tíma, meðan hann var að drekka vatnið.

Þetta er ekki merkileg saga, en hún er sönn. (Gripið fram í.) Ég varð ekki var við það, að hann gæti um þetta atriði í þeirri skýrslu, sem hann las hér upp áðan. En ég hygg, að allir þeir, sem þarna voru og sáu þetta, geti staðfest, að það, sem ég segi, er sannleikanum samkvæmt. Svo geta hv. þm. og aðrir áheyrendur velt því fyrir sér, hvernig á því standi, að persóna hæstv. ráðh. er svona miklu meira metin en allra annarra, sem þarna voru, m. a. biskupsins yfir Íslandi, sem drakk líka vatn þarna, en fékk ekki mynd af sér í sjónvarpinu. Sennilega hefur hæstv. ráðh. ekki pantað, að tekin væri sérstaklega mynd af sér við vatnsdrykkjuna. En hvað er það þá, sem ræður því, að fréttamat sjónvarpsmanna er svo misjafnt, að þeir þurfa að sýna það í allri sinni lengd, að hæstv. ráðh. drekkur úr einu vatnsglasi?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið við þessar merkilegu umr. af hálfu stjórnarandstöðumanna, held ég, að þessi hafi verið lágkúrulegust, — að gera það að sérstöku umræðuefni, að við ritstjóri Þjóðviljans, ásamt fleiri góðum mönnum, ég held einnig honum sjálfum, kæmum á fund til ungs fólks, sem er að vinna að áhugaefnum sínum, — að gera það að sérstöku umræðuefni og frétt sjónvarpsins af því, það er með óvenju lágkúrulegum brag að taka að ræða það hér á hinu hv. Alþ. En það var þó gott við ræðuna, að hún var mjög gott dæmi um það, hvernig samband t. d. mitt við fréttastofu sjónvarpsins er, því að hann lauk ræðu sinni með því að segja: Sennilega, — ekki gat hann þó sagt meira en það, hetjan, — sennilega hefur ráðh. ekki beðið um, að það yrði tekin mynd af sér þarna. Sannleikurinn er sá, að ég hefði ekki getað það, þó að ég hefði viljað, því að það var ekkert tækifæri til þess, og allir sem voru viðstaddir, hafa séð það. Ég átti ekki minnsta þátt í því, ég vissi það ekki einu sinni, þegar myndin af mér var tekin þarna. Ég sá hana daginn eftir eins og aðrir. En hér er einmitt gott dæmi. Það er notað sem rógsefni á ráðh., að það skuli koma örstutt fréttamynd af honum í sjónvarpinu, sem allir vita um, bæði hundruð unglinga og hv. þm. sjálfur, að ég gat engan hlut hafa átt að, að tekin var og er algerlega á ábyrgð þess kvikmyndatökumanns, sem þarna var að verki. Þannig er þetta í öllum hinum tilfellunum, sem ég hef birzt á skerminum. Þetta er því ágætt dæmi um það, hvernig þessir hlutir raunverulega gerast. Í raun og veru andmælir hann algerlega flokksformanni sínum, sem í sínum tveimur ræðum hefur verið, að hætti Gróu á Leiti, að gefa í skyn, japla á því, nudda um það, að allt saman, sem gerist hjá sjónvarpinu varðandi okkur ráðh., sé að undirlagi okkar, undirlagi ríkisstj.

Hv. þm. hefur sjálfur nefnt dæmi. Svona gerist þetta, eins og hann lýsti og játaði hikandi. Hreinskilnin var ekki meiri en það, að líklega væri það svo, að ég hefði engan hlut átt að þessu, þótt hann auðvitað vissi, að ég hafði engan hlut átt að því. (Gripið fram í.) Þm. var þarna og hefur eflaust fylgzt betur með því, sem gerðist hjá sjónvarpsmanninum, en ég. (**Gripið fram í:** Það hefði verið hægt að panta myndina áður.) Þetta þótti mér vænt um, að þm. skuli segja og með alvörusvip. Það lýsir formanninum og flokki hans betur en ég átti von á, að fram kæmi við umr., — ennþá betur.

Formaður Framsfl. undrast það, að mér rynni í skap áðan út af ræðu hans. Þm. ætti að vita, að ég er fjarri því að vera skaplaus maður, og það er ástæða til þess að reiðast yfir minna en því, sem hann sem flokksformaður sagði. Ég tek ekkert mark á síðasta ræðumanni. Hann má segja hvað sem hann vill fyrir mér. En þegar formaður Framsfl. lætur sér um munn fara ummæli eins og hann gerði áðan, þá er það hlutur, sem ég tek alvarlega og tel mér skylt sem kollega hans, formanni í öðrum flokki, að taka alvarlega. Ég vil rifja það upp fyrir hv. þm., hvað formaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins sagði. Hann sagði, að fréttastofa sjónvarpsins stæði undir óeðlilegum áhrifum frá ríkisstj. og ráðh. Og hann sagði það vera rangt hjá mér, þegar ég sagði, að ég hefði aldrei að eigin frumkvæði komið fram í sjónvarpi og aldrei gert nokkra tilraun til að hafa áhrif á fréttaflutning hljóðvarps eða sjónvarps. Þetta var staðhæfing, sett fram af minni hálfu, sem fyllsta alvara er bak við, staðhæfing, sem ég tel mér skylt að viðhafa að gefnu tilefni. Ég segi satt og rétt og legg samvizku mína við. Þetta rengir annar aðalmálsvari stjórnarandstöðunnar á Alþ. Þá heimta ég, að hann standi við það. Að öðrum kosti skal hann heita ósannindamaður.

Ég endurtek það í lok þessarar umr., sem ég sagði í upphafi, að fréttastofa sjónvarpsins er frjáls stofnun, algerlega frjáls, og hagar fréttastarfsemi sinni, þjónustu sinni við almenning í landinu eftir þeim reglum, sem fréttastjórarnir og fréttamennirnir telja bezt samboðið samvizku sinni að fylgja, með hliðsjón af prentuðum reglum um þetta, um Ríkisútvarpið yfir höfuð að tala. Ég hef í 12—13 ár

aldrei fundið ástæðu til þess að finna að við þá fyrir störf þeirra. Þau hafa verið unnin af trúmennsku og dyggð, að því er ég tel. Ég hef aldrei haft afskipti af fréttaflutningi þeirra og raunar sett mér að gera það ekki. Ég hef staðið við það, enda aldrei talið neina sérstaka ástæðu til slíks. Það er mér alvörumál að koma þessu á framfæri. Þannig tel ég, að eigi að starfa. Ég veit, að sumir fyrirrennara minna fóru ekki eins að á valdaferli sínum. Ég get nefnt um það fleiri dæmi en ég þegar hef nefnt, ef ástæða gefst til. M. a. vegna þess, að mér var kunnugt um það, setti ég mér í upphafi þessa reglu, að hafa engin afskipti, hvorki af fréttum hljóðvarps né sjónvarps, né af dagskrárefni þar, og við það hef ég staðið í 12—13 ár. Þess vegna er mér það alvörumál, þegar það er rengt, að þessi staðhæfing mín sé rétt. Og ég er ekki viss um, að ég láti það algerlega niður falla, ef þau ummæli verða ekki tekin aftur.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala lengi né heldur reyna svo mjög á kímnigáfu eða skort á kímnigáfu hjá hæstv. menntmrh., aðeins benda á, að það, sem hv. 2. þm. Reykn. var að tala um, var fréttamat hjá fréttamönnum sjónvarpsins, það skildi ég út úr hans skemmtilegu frásögn.

En það, sem ég ætlaði að minnast á hérna, er þetta: Það hefur verið bent á þessi 16 skipti, sem ráðh. hafa komið fram. Það mætti spyrja, hve oft hefði þá verið ástæða til, að andstæðingarnir eða þeir, sem voru á annarri skoðun um þessi væntanlega mikilvægu mál, hefðu fengið að koma með sín sjónarmið fram.

Það hefur verið rakið, að í þessi 34 skipti, sem fréttir frá Alþ. hafa komið, muni stjórn eða ráðh. oftast hafa verið aðalefnið, en jafnvel þó að tilefnið hafi komið frá öðrum, þ. e. í þessi 12 skipti, sem eftir voru, þá hefur farið þannig í fréttunum, að það hefur meira verið getið um þeirra hlut en annarra, og langar mig til að rekja lítið dæmi því til sönnunar.

Það var minnzt á fsp., sem ég bar fram um dreifingu sjónvarps. Hennar var getið í sjónvarpinu. Get ég sjálfsagt þakkað fyrir það. En þar var lesin skýrsla ráðh. yfir það, hvernig dreifing sjónvarps gengi, og eftir henni mátti ætla, að ráðh. eða stjórninni tækist þar að standa við gefin loforð. Nú var um það deilt í þessum umr. og ég hélt því fram, að þetta væri ekki rétt, að ekki væri hægt að standa við gefið loforð. Látum það vera, hver hafði rétt fyrir sér, en þess var ekki getið, að önnur sjónarmið hefðu komið fram. Þess vegna hlutu allir sjónvarpsáhorfendur að fara frá skerminum með þá hugmynd, að annað hefði ekki komið í ljós og ráðh. hefði þarna staðið með pálmann í höndunum, hann stæði við öll sín loforð. Þetta tel ég dæmi um einhliða fréttaflutning og rangt fréttamat.

Það má auðvitað margt um þessi mál segja. Mig langar aðeins til þess að spyrja um eitt atriði, það kemur þessu máli kannske lítið við, en virðist þó vera dæmi um fréttamat hjá stofnuninni í heild: Var eðlilegt, að tveir fréttamenn færu frá stofnuninni til Bandaríkjanna í sambandi við 20 ára afmæli NATO til að flytja mönnum fréttir þaðan og virðist mönnum, að uppskeran af þeirri för sé öll í samræmi við óhlutdrægni?

55. Verðlagsmál (fsp. ÞÞ o.fl.).

Á deildafundum 29. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til viðskmrh. um verðlagsmál [236. mál, 1] (A. 566).

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í rauninni er hér um tvær sjálfstæðar fsp. að ræða, og hefði sennilega verið formlegra að flytja þær sitt í hvoru lagi. Til þess að spara tíma, þar sem óðum dregur nú að þinglokum, varð samt niðurstaðan að bera þær fram sameiginlega.

Fyrri fsp. fjallar um framkvæmd þeirra álagningarhafta, sem nú er beitt. Í meginlögunum um verðlagsmál, sem eru frá 1960, segir á þá leið, að verðlagsákvarðanir allar skuli miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Í tilefni af því, að í gildi voru sérstök verðlagsákvæði í þágildandi l. um efnahagsmál, beindi ég þeirri fsp. til hæstv. viðskmrh. á vorþinginu 1960, hvort það væri ekki ætlun ríkisstj. að fara eftir áðurgreindu ákvæði, að verðlagsákvarðanir allar skuli miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, sem hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Hæstv. viðskmrh. svaraði þessari fsp. eindregið játandi.

Fyrri fsp., sem hér er til umr., fjallar um það, hvort fulltrúi ríkisstj., sem jafnframt er oddamaður í verðlagsn., fylgi ekki þessu ákvæði l. frá 1960. Fsp. er borin fram vegna þess, að því er nú haldið fram, jafnt af einkaverzlunum sem samvinnuverzlunum, að álagningin sé ákveðin lægri en l. mæla fyrir um. Ég hef ekki séð þessu mótmælt af fulltrúa ríkisstj. í verðlagsn., sem raunverulega hefur álagningarvaldið í hendi sinni. Þvert á móti mun hann hafa sagt, að erfitt eða jafnvel útilokað sé að reka verzlun hallalaust með óbreyttum álagningarreglum. Séu þessar fullyrðingar réttar, er hér farið inn á mjög varhugaverða braut. Sú hætta er ekki minnst, að verzlunin telji sig neydda til að komast hjá hallarekstri með því að selja dýrari vörur en ella, því að þær gefa meira í álagningu en ódýrari vörur. Álagningarhöft, sem leiða til slíkrar öfugþróunar, geta í reynd orðið neytendum meira til óhags en gagns. Þess vegna er það engum til ávinnings, ef ríkisstj. lætur fulltrúa sinn í verðlagsnefndinni

beita oddavaldi sínu þannig, að brotið sé gegn áður nefndu ákvæði l. frá 1960.

Annars fylgir sú hætta yfirleitt langvarandi álagningarhöftum, að þau freisti verzlunarinnar til að selja dýrara en ella, því að þannig fást mestar álagningartekjur. Þess vegna hefur það orðið niðurstaðan í öllum nágrannalöndum okkar að beita ekki álagningarhöftum nema undir sérstökum kringumstæðum um stuttan tíma, en treysta heldur á frjálsa verðmyndun og samkeppni kaupmanna og kaupfélaga. Hins vegar er í þessum löndum fylgzt með verðlagi og ekki sízt með hringamyndunum og samtökum, sem stefna að því að hindra frjálsa verðmyndun. Ríkisvaldið áskilur sér rétt til þess í sérstökum l. að grípa inn í og hindra slíka starfshætti, ef þörf krefur. Hæstv. ríkisstj. hefur marglofað því að beita sér fyrir slíkri lagasetningu og skipaði fyrir 2 árum sérstaka n. til að undirbúa frv. um eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi. Sú n. mun hafa starfað í fyrstu, en langt hlé mun nú orðið á störfum hennar.

Síðari fsp. fjallar um það, hvenær megi vænta umræðds frv. frá hæstv. ríkisstjórn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þau ákvæði verðlagslaganna, sem fyrirspyrjandi vitnar til og eru einu ákvæði l., er lúta að því, hvernig verðlagsn. skuli haga ákvæðum sínum, eru mjög óljós. Engin skilgreining er í l. á því, hvað telja skuli vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Dæma má um rekstrarhagkvæmni verzlunarfyrirtækis út frá ýmsum sjónarmiðum. T. d. mætti nota það sem mælikvarða á rekstrarhagkvæmnina, hversu starfsmannafjöldi sé mikill miðað við veltu, en eðlilegur starfsmannafjöldi hlýtur þó að fara mjög eftir tegund verzlunarinnar og hvers konar þjónustu hún veitir. Er því augljóst, hversu dómur um þetta atriði er erfiður. Einnig mætti t. d. miða við það, hversu mikið fjármagn verzlunin notar miðað við veltu eða hversu mikið húsnæði, en einnig hér hlýtur viðmiðunin að vera ólík eftir því, um hvaða verzlunartegund er að ræða og hvers konar þjónustu hún veitir. Ég held, að öllum, sem um málið hugsa af alvöru, sé ljóst, að ekki er hægt að setja fram tæmandi skilgreiningu á því, hvað sé vel rekið verzlunarfyrirtæki, þess konar skilgreiningu, að hún geti orðið verðlagsyfirvöldum að gagni við vandasamar ákvarðanir þeirra. Hins vegar má segja, að frá sjónarmiði löggjafans sé ekki óeðlilegt, að sú hugsun, sem í ákvæðinu felst, sé orðuð í slíkri löggjöf. Í ákvæðinu felst, að verðlagsn. má ekki miða verðlagsákvæði við það, að haldið sé uppi augljóslega óhagkvæmum rekstri.

Sú skoðun hefur heyrzt, að í ákvæðinu felist, að verðlagsákvæði hljóti að vera of lág, ef tap er á verzlun í tiltekinni grein eða jafnvel allri verzlun um skeið. Þessi skoðun á ekki við rök að styðjast. Ef hún væri rétt, gætu aðrir með sama rétti sagt, að verðlagsákvæði væru of há, ef hagnaður væri á verzlun í tiltekinni grein eða jafnvel allri verzlun um skeið. Hvorugt er rétt. Auðvitað eru áraskipti varðandi afkomu verzlunar eins og annarra atvinnuvega. Sum ár er hagnaður, önnur tap. Hitt er rétt, að verði taprekstur í heilli atvinnugrein, eins og t. d. verzlunarrekstri, langvinnur, er nauðsynlegt að kanna orsakirnar og reyna að ráða bót á. Ef atvinnugreinin er háð verðlagsákvæðum, eins og verzlunin er, gætu of lág verðlagsákvæði vissulega verið ástæðan, og þá á að breyta þeim. En ekki er víst, að verðlagsákvæðin séu ástæða taprekstrarins, eða a. m. k. ekki eina ástæðan. Hún gæti verið minnkun eftirspurnar um skeið, of mikil hækkun fjármagnskostnaðar í góðærum, of mikil fjölgun fyrirtækja, þannig að hagnýting afkastagetu sé lítil, of mikill starfsmannafjöldi, of mikill fastur kostnaður miðað við minnkandi sölu o. s. frv. Hér er því jafnan um flókin og margbrotin viðfangsefni að ræða.

Um gildandi verðlagslöggjöf og verðlagsákvæði þau, sem sett hafa verið samkvæmt henni, er annars það að segja, að ég persónulega tel löggjöfinni ábótavant í grundvallaratriðum og neytendum ekki vera sú vernd í verðlagsakvæðunum, sem upphaflega var til ætlazt, enda eru verðlagsákvæðin að langmestu leyti fólgin í takmörkun á hundraðstölu álagningar á tiltekinn verðgrundvöll, þannig að álagningin verður þeim mun hærri í krónum sem varan er dýrari, sem á er lagt. Hins vegar hafa reynzt miklir framkvæmdarerfiðleikar á því að ákveða hámarksverð á vörum og þjónustu. Ég tel, að í stað núgildandi verðlagslöggjafar eigi að koma löggjöf um ráðstafanir gegn einokunarverðmyndun og hringamyndun, — löggjöf, sem tryggi raunverulega samkeppni í verzluninni bæði um verð og þjónustu. Jafnframt ætti síðan að efla mjög starfsemi heilbrigðra neytendasamtaka. Þannig er þessum málum skipað í helztu nágrannalöndum.

Þetta er svar mitt við fyrri fyrirspurninni.

Svar mitt við hinni síðari er þetta:

Í lok febr. 1967 ákvað ríkisstj. að skipa n. til að semja drög að nýrri löggjöf um eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi. Verkefni n. skyldi vera að endurskoða gildandi lagaákvæði um verðlag og verðlagseftirlit og jafnframt semja drög að nýrri löggjöf um eftirlit með einokun, hringamyndun og annarri viðleitni fyrirtækja eða fyrirtækjasamtaka til sameiginlegrar afstöðu á markaði, sem hefði í för með sér óæskileg áhrif á verðmyndun og aðra viðskiptahætti, og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í hagstæðara verðlagi og viðskiptaháttum, sbr. ályktun Alþ. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum frá 5. maí 1965. N. var skipuð fulltrúum tilnefndum af hagsmunasamtökum og stjórnmálaflokkum ásamt þrem embættismönnum, samtals 20 mönnum. N. hóf störf 24. apríl 1967 og ákvað að haga störfum þannig að skipa undirnefnd 4 manna til að vinna að till. að álitsgerð, sem síðan verði lagðar fyrir heildarnefndina til umr. og ákvörðunar. Að tilhlutan viðskmrn. var fenginn hingað danskur sérfræðingur, Adolf Sonne, skrifstofustjóri

í Monopoltilsynet, og vann hann með n. á tímabilinu 24. apríl til 26. maí 1967. Í júnímánuði 1967 lágu fyrir fyrstu drög að frv. til laga um verðgæzlu og eftirlit með samkeppnishömlum ásamt aths. og grg. um framkvæmd þessara mála á Norðurlöndum og víðar. Nefndin hélt síðan áfram störfum haustið 1967 og var að því komin að ganga frá nál., þegar gengisbreytingin í nóv. 1967 var framkvæmd. Við þá aðgerð sköpuðust ný viðhorf í verðlags- og kaupgjaldsmálum, og leiddu þau til þess, að svo til allar vörur voru teknar undir verðlagsákvæði aftur. Þar sem þess var vænzt, að hér væri aðeins um tímabundið ástand að ræða, var talið heppilegt að bíða með, að nefndin lyki störfum. Hins vegar hefur viðskmrn. haldið áfram gagnasöfnun og athugun á málinu. Er nú ákveðið, að n. hefji störf að nýju, og stefnt að því, að hún skili áliti fyrir haustið.

Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi telji þetta fullnægjandi svör við spurningu sinni.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskmrh. fyrir svör hans, þó að mér fyndist svarið við fyrri spurningunni vera nokkuð úr í hött. Hæstv. ráðh. vék sér undan að svara henni beint með því að halda því fram, að ákvæði l., sem hann vitnaði til, væri svo óljóst, að það væri mjög erfitt að fara eftir því. Þetta kemur mér undarlega fyrir sjónir, vegna þess að frv. að þessum l. var á sínum tíma samið af hæstv. ráðh. og lagt fyrir Alþingi af honum, og hann hefði þess vegna átt að vera búinn að gera sér grein fyrir því, að eitt mikilvægasta ákvæði l. væri þannig úr garði gert, að það væri hægt að fara eftir því.

Ég held líka, að það sé misskilningur, sem kemur fram hjá hæstv. ráðh. nú, að það eigi að vera tiltölulega auðvelt að fara eftir þessu ákvæði l., eins og hann hélt fram fyrir 7 árum, og það sé um hrein undanbrögð að ræða, þegar það er ekki gert. Það á að vera auðvelt fyrir menn, sem sæmilega þekkja til verzlunar, að gera sér grein fyrir því, hvað eru fyrirtæki, sem eru sæmilega rekin og hafa hagkvæman rekstur. Og það á að sjálfsögðu að taka úr hóp slíkra fyrirtækja, gera sér grein fyrir því, hver rekstrarkostnaður þeirra er, og miða síðan álagningarhöftin við það, meðan nauðsynlegt þykir að hafa þau í gildi. Þetta hlýtur að vera tiltölulega auðvelt verk af mönnum, sem þekkja til þessara mála og vinna að því af einlægni. Þess vegna furðar mig á því svari hæstv. ráðh., að hann skuli nú halda því fram, að ákvæði þessara laga, sem hann átti þátt í að setja og beitti sér fyrir á sínum tíma, skuli nú vera talin óframkvæmanleg.

Ráðh. vék sér líka undan að svara því, sem ég minntist á í ræðu minni, að því væri mjög ákveðið haldið fram, jafnt af fulltrúum einkaverzlana og samvinnuverzlana, að þau álagningarhöft, sem nú eru í gildi, væru ekki í samræmi við þessi lög og þau freistuðu verzlunarinnar til að fara út á brautir, sem verða að teljast óeðlilegar. Hann vék ekki að neinu leyti í ræðu sinni að þessari staðhæfingu, sem ég bar fram, og hér var ekki um ranga staðhæfingu að ræða, vegna þess að ég vitnaði í ákveðin gögn, sem hafa komið fram, bæði frá einkaverzlunum og samvinnuverzlunum, um þessi efni. Ég vil í tilefni af þessu fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann endurskoði það á nýjan leik, hvort hann telji sér ekki fært að fylgja umræddum ákvæðum l. frá 1960 og þá verði álagningarreglurnar, meðan þær gilda, miðaðar við það. Ég beini þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort hann vill ekki athuga það á nýjan leik, hvort þessi ákvæði í l. frá 1960 séu ekki framkvæmanleg, og að það verði reynt að færa reglurnar, meðan þær gilda, til samræmis við það. Ég held, að með beztu manna yfirsýn og með því að fá fróða menn til þess að íhuga þessi mál, hljóti það að vera hægt.

Það kom líka fram hjá hæstv. ráðh., sem ég hafði áður sagt og ég er honum alveg sammála um, að í álagningarreglum, sem ganga of langt gagnvart verzluninni, felst ekki neinn ávinningur fyrir neytendur, nema síður sé, og þess vegna er enn ríkari ástæða til þess að endurskoða álagningarreglurnar með tilliti til þeirrar gagnrýni, sem hefur komið fram af hálfu bæði einkaverzlana og samvinnuverzlana á þeim, því að engum er það til hags, eins og ráðh. endurtók og ég hafði sagt, ef reglurnar ganga svo langt, að þær neyða verzlunina til þess að beita óeðlilegum verzlunaraðferðum og selja dýrari vöru en ella til þess að komast hjá hallarekstri á þann hátt.

Viðkomandi síðari fsp. get ég látið ánægju í ljós yfir svari ráðh. Hann lýsti því yfir, að sú n., sem á að vinna að umræddu frv., verði látin taka til starfa aftur og það verði stefnt að því, að till. hennar verði lagðar fram á næsta þingi, og ég vænti þess, að við það verði staðið. En þangað til það frv. verður lagt fram og það frv. verður orðið að lögum, verður að reyna að beita núverandi álagningarhöftum þannig, að þau sýni öllum aðilum sanngirni, jafnt neytendum sem þeim, sem með verzlunina fara. En ég dreg það mjög í efa samkvæmt þeim tilvitnunum í gögn frá einkaverzlunum og samvinnuverzlunum, sem ég hef vitnað til, að svo sé gert nú.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau ummæli hv. síðasta ræðumanns, að á meðan l. gilda um verðlagsákvæði, verður að framkvæma þau eins réttlátlega og kostur er. Og ég trúi tæplega öðru en það sé tiltölulega auðvelt að staðreyna það, hvað verzlunin þurfi til að reka fyrirtækin eðlilega. Ástæðan fyrir því, að það ætti að vera auðvelt, er sú, að það eru svo margir óhreyfanlegir liðir, liðir, sem verzlunin hefur ekki áhrif á, sem hljóta að auðvelda úrlausn þessa dæmis. Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í grein, sem Stefán Jónsson, sem átt hefur sæti í verðlagsnefnd, hefur skrifað um þetta atriði, en þar segir:

„Sýnt hefur verið fram á, að heildarútgjöld vel rekinnar og vel skipulagðrar matvöruverzlunar eru t. d. allt að 80% ákveðin af öðrum aðilum en verzluninni sjálfri. Það er því hrein fjarstæða að

halda því fram, að verzlunarstjóri geti fremur en forstjóri annarra atvinnufyrirtækja fært niður gjaldaliði, sem hann ræður engu um. Allir verða að gera sér grein fyrir, hve gífurlegan þátt hið opinbera á í útgjöldum allra atvinnufyrirtækja. Þá er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að launaliðurinn er allhár hjá flestum fyrirtækjum, og mun hann þó sízt of hár, en hann ákvarðast í flestum tilfellum af samtökum launamanna. Flest atvinnufyrirtæki hér þurfa húsnæði til að starfa í. Þau verða og að mæta ýmsum útgjöldum, sem ekki eru ákveðin af launamannasamtökum og hinu opinbera. Það verður bókstaflega að viðurkenna þá staðreynd, að ekkert fyrirtæki getur starfað eða skapað atvinnu, ef tekjur mæta ekki óhjákvæmilegum útgjöldum."

Síðar í þessari grein eru svo niðurstöður af kostnaðarliðunum sundurgreindar, og þar kemur það í ljós, eins og ég áðan sagði, að 80% af útgjöldum þessarar meðalverzlunar, sem Stefán tekur til dæmis, eru atriði, sem verzlunareigandinn hefur engin tök á að ráða við. Hann segir síðar um þetta atriði, að vafalítið megi deila eitthvað um framangreindar tölur, eins og flestar tölur, en benda má á, að verðlagsnefndin starfar eftir l., sem skylda hana til að miða ákvarðanir sínar við þarfir vel rekinna og vel skipulagðra fyrirtækja. Það er því skylda verðlagsn. að afsanna gildi þeirra talna, sem hér hafa verið nefndar, ef þær eru rangar að hennar áliti, en umræddar tölur og margar hliðstæðar upplýsingar munu í höndum n. og hafa ekki, eftir því sem mér er kunnugt um, verið hraktar þar.

Um síðara atriðið vil ég aðeins leyfa mér að segja það, að það er, að ég held, til bóta, að hæstv. viðskmrh. hefur nú komizt á þá skoðun, að það sé auðveldara og heppilegra fyrir fólkið í landinu að stjórna verðlagsmálunum með öðrum hætti en þeim verðlagsákvæðum, sem fram til þessa hafa verið látin gilda, því að verðlagsákvæðin, eins og þau eru nú, eru áreiðanlega ekki heppileg fyrir verðlagið. Ég ætla að leyfa mér að vitna aftur til umræddrar greinar eftir Stefán Jónsson, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir verða að gera sér ljóst, að það er ekki álagningarprósentan á vöru, sem skiptir aðalmáli fyrir neytandann, heldur verð vörunnar og annarra lífsnauðsynja. Gildir þetta jafnt, hvort verzlanir, vöruframleiðendur eða hið opinbera.. lætur lífsnauðsynjarnar í té. Er hér örugglega um aðalatriðið að ræða og því furðulegt, að það skuli vera í skugga af þeim áhuga, sem ríkir um prósentuálagninguna."

Íslendingar eru meira háðir utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir. Erlendir vöruframleiðendur beita margvíslegum aðferðum til að selja sínar vörur, ekki sízt vörur, sem offramleiðsla er á, eins og t. d. flestum iðnaðarvörum í okkar viðskiptalöndum. Þeir færa verð slíkra vara oft ótrúlega langt niður til að tapa ekki sölu. Þeir hafa verð og mishátt eftir því, hvort kaupandinn kaupir mikið magn í einu eða aðeins í smáum stíl. Af þessum sökum geta hagkvæm innkaup vara haft langtum meiri áhrif á vöruverð hér en t. d. mjög lág prósentuálagning. Ef prósentuálagning er mjög lág, skaðast innflytjandinn á því að kaupa á lægsta fáanlega verði, því að þá fær hann færri krónur í álagningu af sama vörumagni. Þetta er staðreynd, sem byggist á sama lögmáli og ótrúmennska verkamannsins í starfi, sem mjög illa er launað. Allir vita, að óeðlilega lág álagning getur útilokað þá þjónustu að liggja með nauðsynlegan vörulager, veldur því kostnaðurinn við geymslu lagersins. Hér skal í þessu sambandi nefnt eitt dæmi, sem sannar að lækkun á álagningarprósentu getur hækkað vöruverð í stað þess að lækka það. Heildarsöluálagning á sumum tegundum af pappír var lækkuð úr 12% í 8½%, eða um tæpan þriðjung. Talið er, að þessi álagningarlækkun útiloki það stór innkaup af hverri tegund, að lægsta verð sé fáanlegt, verðmismunurinn á innkaupsverði geti numið allt að 10—14% eftir magni innkaupa á hverri tegund, en magnið, sem bundið sé við lægsta verð, þýði lagerkostnað, sem engin álagning sé til að mæta, ef álagning fer niður fyrir 12%. Sú álagningarlækkun, sem hér er nefnd sem dæmi, hefur þegar valdið verulegri hækkun á nefndri vöru í stað þess að lækka hana. Og ef vikið væri að smásölunni, sem ekki er tími til í þessari ræðu, þá eru dæmi, sem auðvelt er að sýna, um það, að verðlagsákvæðin eru ekki til þess að lækka vöruverðið. Ég kem kannske að því síðar.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði til að bæta við örlítilli fsp. til hæstv. viðskmrh. Hann lýsti því hér yfir áðan, að hann teldi núgildandi verðlagningar- og verðlagseftirlitskerfi vera úrelt með öllu og að það þyrfti að leysa það af hólmi með nýju kerfi. Ég er í sjálfu sér sammála honum um það, að ýmislegt í því kerfi, sem nú er, er gersamlega úrelt og kemur engan veginn að því gagni, sem til er ætlazt. En mig langar til að fá að heyra hjá hæstv. ráðh., hvort þessi ummæli hans beri svo að skilja, að núgildandi álagningarreglur eigi að haldast óbreyttar, þangað til hið nýja kerfi hefur verið tekið upp, þ. e. a. s. hvort núgildandi reglur eigi að haldast þangað til búið er að setja hér ný lög á Alþ. um aðra skipan þessara mála. Ég ber þessa fsp. fram af alveg sérstöku tilefni. Það hefur kvisazt, að í þeim langvinnu samningum, sem nú standa yfir milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda og raunar hæstv. ríkisstj. einnig, hafi verið um það rætt að fella niður vísitölukerfið í allt að því ½ ár, en að brúa það bil með einhvers konar grunnkaupshækkun, en síðan, þegar vísitölukerfið kæmi aftur í gang, yrði það kaup, sem þá yrði greitt, talið vera grunnlaun og vísitalan yrði skráð á 100. Ef af þessu yrði, skiptir að sjálfsögðu hvort tveggja máli, hver grunnkaupshækkunin er og hver verðlagsþróunin verður á þessu tímabili. Ef þetta tímabil verður notað til þess að hækka verðlag til mikilla muna, þá mun sú hækkun aldrei hafa áhrif á kaupgjaldið, þegar það verður endurskoðað að nýju samkvæmt vísitölu í haust. Þess vegna tel ég, að ákveðin yfir-

lýsing hæstv. ráðh. um þetta efni skipti mjög miklu máli. Ég tel, að það skipti mjög miklu máli, hvort hann segir hér í þessum ræðustól, að þessum atriðum verði ekki hreyft, á meðan svona er ástatt um vísitöluna, eða hvort hann lýsir því e. t. v. yfir, að ætlunin sé að nota þetta tímabil til þess að hækka álagningu og þar með verðlag. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. svari þessu skýrt og skilmerkilega.

Um málið almennt langar mig að segja það, að það er ekki nokkur vafi á því, að verzlunin á Íslandi á við mikla erfiðleika að etja. Hins vegar held ég, að það sé hin mesta fjarstæða, ef menn ímynda sér, að unnt sé að vinna bug á þeim erfiðleikum með álagningarhækkun. Ég held að erfiðleikarnir stafi fyrst og fremst af allt öðrum ástæðum. Þeir stafa af því, að það var ákaflega mikill vöxtur hér í verzlun um skeið, bæði mikil fjárfesting, aukning á mannafla og annarri aðstöðu. Og þegar kaupgeta manna hefur minnkað eins og nú er raunin og viðskipti minnka, þá lenda þessi fyrirtæki í vanda. Þetta liggur í augum uppi, og það eru augljósir þættir, sem ekki er nokkur leið að vega upp með hækkaðri álagningu. Það er hægt að benda hér á fjölmargar vörur og spyrja: Hvað haldið þið, að þessi vara ætti að kosta, ef hún ætti að standa undir þeim tilkostnaði, sem lagður hefur verið í heildsölur og verzlanir á því sviði? Á þetta hefur hæstv. viðskmrh. raunar bent sjálfur, hann gerði það í ræðu, sem hann flutti á fundi Kaupmannasamtakanna 1966, en þá greindi hæstv. ráðh. frá mjög athyglisverðum staðreyndum um þróun verzlunar á Íslandi. Hæstv. ráðh. komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Á áratugnum 1950—1960 jókst mannafli í viðskiptum um 3250 manns eða um 56%. Með viðskiptum er hér átt við heildsölu, smásölu, banka og tryggingarstarfsemi. Á þessum áratug nam heildaraukning mannafla í öllum atvinnugreinum um 12000 manns eða um 20%. Aukning mannafla í viðskiptum var því næstum því þrisvar sinnum meiri en mannaflaaukningin yfirleitt. Á þessum áratug tóku því viðskiptin til sín 27% allrar mannaflaaukningar þjóðarbúsins eða milli 3. og 4. hluta mannaflaaukningarinnar. Og á þessum áratug frá 1950—1960 var mannaflaaukningin örari í aðeins einni atvinnugrein, þ. e. fiskiðnaði. Á s. l. hálfum áratug, 1960—1965, var heildarmannaaflaaukningin í öllum atvinnugreinum 9%. Mannaflaaukningin í viðskiptum nam hins vegar um 31% á þessum árum. Þetta er örari mannaflaaukning en í nokkurri annarri atvinnugrein. Um það bil 40% af allri mannaflaaukningunni gengur til viðskipta."

Og enn sagði hæstv. ráðh. í þessari ræðu:

„Þó að verkefni viðskiptanna hafi stóraukizt undanfarin 5 ár og þjónusta þeirra í þágu almennings hafi tvímælalaust aukizt mjög, getur varla talizt eðlilegt, að 40% aukins mannafla fari til starfa í þágu viðskiptanna. Skýringarinnar á því, að þetta hefur átt sér stað, getur ekki verið að leita í öðru en því, að framleiðniaukning á viðskiptasviðinu, þ. e. a. s. að aukning rekstrarhagkvæmni í viðskiptafyrirtækjum hafi ekki orðið nægilega mikil. Ég tel nauðsynlegt að gera þetta mál að sérstöku umtalsefni hér, vegna þess að hér er um að ræða eitt brýnasta viðfangsefni íslenzkra efnahagsmála nú í dag."

Og enn lagði hæstv. ráðh. til, að gerðar séu „þær breytingar til aukinnar framleiðni í viðskiptum, sem bætt viðskiptaaðstaða gefur tilefni til. Með þessu á ég við, að verzlunin taki að hagnýta sér í stórauknum mæli nýja tækni í vörudreifingu og nýjar skipulagsaðferðir, sem eiga að geta gert vörudreifinguna alla mun hagkvæmari en áður var og þá einkum og sér í lagi að spara bæði mannafla og fjármagn með auknum viðskiptahraða og minnkuðu birgðahaldi. Nýjar viðskiptaaðferðir hafa rutt sér til rúms í vörudreifingu, fyrst í Ameríku og síðan í Evrópu, í mjög stórum stíl á síðari árum. Sú bylting, sem orðið hefur í vörudreifingu, hefur að vissu leyti verið hliðstæð þeirri byltingu í framleiðslu, sem varð með tilkomu fjöldaframleiðslunnar í iðnaði á sínum tíma. Þessi bylting í vörudreifingu hefur enn að mjög litlu leyti náð til Íslands. En nú er kominn tími til þess, að þessi nýja viðskiptatækni ryðji sér hérna til rúms. Hér eru orðin skilyrði til heilbrigðrar og frjálsrar samkeppni. Í kjölfar hennar verða að sigla nýtízku verzlunaraðferðir og bætt þjónusta við neytendur. Þetta tel ég nú vera eitt stærsta verkefni íslenzkrar kaupsýslustéttar."

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að meginvandamál verzlunarinnar er einmitt þetta, að þarna hefur verið um offjárfestingu að ræða, það hefur verið byggt upp of stórt kerfi og það er of mikill mannafli. Þetta er sami vandinn og er yfirleitt í atvinnurekstri okkar öllum, og brýnasta verkefnið er að stuðla að stóraukinni hagkvæmni á öllum sviðum. Þarna ber að taka til hendi, en ekki leysa málin með því að velta alltaf auknum tilkostnaði yfir á almenning.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Að svo miklu leyti sem ég hef átt þess kost að fylgjast með þessum umr., þá vil ég lýsa því yfir, að mér er ánægja að því, að hér skuli hafa komið frá svo mörgum aðilum sú skoðun, að við núverandi verðlagskerfi verði ekki unað til lengdar, heldur þurfi þar mikilla breytinga við.

Það hefur ætíð verið skoðun Sjálfstfl., að verðlagsreglur, slíkar sem gilt hafa nú um tíð og lengi raunar í mismunandi mæli, næðu ekki tilgangi sínum, þó að ekki hafi verið stjórnmálaleg skilyrði til þess að fá það kerfi afnumið. Ég tel þess vegna og get lýst því yfir af hálfu sjálfstæðismanna að við munum beita okkur fyrir því, að hinni nýju skipan verði komið á sem allra fyrst í þá átt, sem hæstv. viðskmrh. gerði grein fyrir í sinni ræðu.

Hitt er svo annað mál, sem hæstv. síðasti ræðumaður drap hér á, að þó að vitað sé, að verðlagskerfið þurfi endurskoðunar við, liggur það ljóst fyrir og hygg ég, að það sé óumdeilt í þeim samningaumr., sem nú hafa átt sér stað, að ef á því yrðu

gerðar breytingar, hlyti það að hafa áhrif á allt kaupgjald í landinu. Það er eitt af því, sem liggur ljóst fyrir og útreikningar hafa verið gerðir um. Það er því ekki verið að fara á bak við neinn aðila, heldur verða menn að gera sér grein fyrir þessari staðreynd, um leið og samningar eru gerðir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það var vægast sagt villandi hjá hv. fyrirspyrjanda, Þórarni Þórarinssyni, þegar hann lét þess getið, að það væri undarlegt, að ég teldi ákveðið ákvæði í gildandi l. um verðlagsmál vera villandi, þar sem ég hefði sjálfur flutt frv., þar sem þetta lagaákvæði væri. Sannleikurinn er sá, að ég hef aðeins flutt frv. um endurskoðun á gildandi verðlagsl. Ég hef ekki átt frumkvæði að flutningi heildarlöggjafar um verðlagsmál. Þegar ég tók við viðskiptamálum, tók ég við lagabálki um viðskiptamál, sem gilt hafði um rúmlega tvo áratugi, og þetta ákvæði var í þeim lögum, sem núverandi ríkisstj. gerði endurskoðun á 1960. Endurskoðunarákvæðin lutu að skipun verðlagsn., en ekki að efnisákvæðum laganna, þ. á m. þessu.

Ef ég man rétt, var fyrsta heildarlöggjöf um verðlagsmál sett af þjóðstjórninni svonefndu í kjölfar gengislækkunarinnar vorið 1939. Ég vil ekki fullyrða þetta, en mig minnir, að svo sé, þau hafi verið sett í kjölfar gengislækkunarinnar 1939, og þá var Eysteinn Jónsson viðskmrh. og flm. lagafrv. og undirskrifaði lögin. Og þetta lagaákvæði hefur verið óbreytt, frá því að verðlagslöggjöf var fyrst sett. Það er reyndar skýringin á því, að það er ekki ljósara en það er, að það er jafnófullkomið og það er í raun og veru. En þegar þessi löggjöf verður leyst af hólmi af annarri fullkomnari og skynsamlegri löggjöf, þá er þetta óljósa lagaákvæði þar með úr sögunni.

Hv. síðari ræðumaður, 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, beindi til mín fsp. um það, hvort núgildandi verðlagsreglur ættu að haldast eftir samninga, sem allir góðviljaðir menn hljóta að vona, að komist á innan skamms, og um óákveðinn *tíma eða þangað til vísitala færi aftur að hafa áhrif* á kaupgjald, eins og hann sagði, að rætt væri um í samningaviðræðum, sem nú færu fram. Um þetta er það að segja, að ég tel, að leiði þær samningaviðræður, sem nú eiga sér stað, til almennrar hækkunar á kaupgjaldi, þá tel ég óhjákvæmilegt annað en sú kaupgjaldshækkun hafi áhrif á ýmislegt verðlag í landinu. Lögum samkvæmt verður sú kauphækkun að hafa áhrif á t. d. verð landbúnaðarvöru, og ég tel persónulega álagningu verzlunarinnar vera svo nauma, að útilokað sé, að verzlunin geti tekið á sig nokkra verulega kauphækkun til verzlunarfólks, án þess að verðlagsákvæði séu endurskoðuð til samræmis við afleiðingu þeirrar kauphækkunar. Þetta mál hefur borizt í tal milli mín og oddamanns verðlagsnefndarinnar, og hann er þessarar sömu skoðunar. En ég vek athygli á því, að það er ekki ríkisstj. eða ég, sem fer með verðlagsákvörðunarvald, heldur 9 manna nefnd, sem ríkisstj. á einn fulltrúa í. Og að sjálfsögðu ræðir hann helztu „prinsip"-mál, sem upp koma í verðlagsnefndinni, við mig og ég þá við ríkisstj., ef mér sýnist ástæða til. Sem sagt, ég lýsi því sem minni skoðun, að leiði samningarnir til almennrar kauphækkunar verzlunarfólks meðal annarra, sé nauðsynlegt að endurskoða gildandi álagningarreglur með hliðsjón af því. En hins vegar tel ég, að ekki eigi að hækka álagningu umfram það — alls ekki umfram það, sem sú kauphækkun, sem um semst, gefur tilefni til, enda er mér kunnugt um það, að viðsemjendur launþega í þeim samningaviðræðum, sem nú fara fram, leggja á það megináherzlu, að ekki verði hækkun á verðlagi á því tímabili, sem um hefur verið rætt, að vísitalan gildi ekki, umfram það, sem bráðnauðsynlegt er. En ég hygg líka, að fyrir liggi viðurkenning á því, að verðhækkun sem afleiðing af kauphækkun, sem um semst, sé óhjákvæmileg, um það geti ekki verið ágreiningur milli góðviljaðra og ábyrgra, skynsamra manna.

Annars get ég ekki stillt mig um undir lok þessara umr. að vekja athygli á því, við hvílíka erfiðleika stjórnvöld eða verðlagsyfirvöld eiga að etja í þeim efnum, sem hér er um að ræða. Hér lýsa tveir ræðumenn annars stjórnarandstöðuflokksins yfir mjög eindregnum stuðningi, að því er mér skilst, við almenna hækkun verðlagsákvæða, hækkun álagningar, sem auðvitað mundi leiða til verulegrar verðlagshækkunar í landinu. Hins vegar lýsir málsvari hins stjórnarandstöðuflokksins yfir mjög eindreginni andstöðu við alla álagningarhækkun og telur, að eigi að fara allt aðrar leiðir til þess að bæta hag verzlunarinnar, sem almennt samkomulag er um á hinu háa Alþ. Og það þykir mér vænt um, tek undir með hæstv. forsrh., að mér þykir vænt um, að það skuli koma í ljós, að allir, bæði málsvarar stjórnar og stjórnarandstöðu, skuli vera um það sammála, að málefni verzlunarinnar séu komin í óefni. Það í sjálfu sér auðveldar ríkisstj. það verk, sem hún vill vinna í þessum efnum, að sú yfirlýsing liggur fyrir. En hitt er svo annað, — þar með er góðu sögunni lokið, — að þegar kemur að því, hvað eigi að gera, þá reynast fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa tvær gerólíkar skoðanir á þessu máli eins og raunar fleirum. Málsvarar annars flokksins hafa greinilega tekið undir þær óskir, sem fram hafa komið af hálfu kaupsýslumanna og enginn þarf að vera hissa á, að álagning sé hækkuð. Fulltrúi hins stjórnarandstöðuflokksins hefur lýst sig algerlega andvígan því og telur sig eflaust hafa þar fulltrúa launþega í launasamningum á bak við sig, að til slíks verði gripið, og vill fara allt aðrar leiðir til úrbóta í verzluninni. Það skyldi nú ekki vera, að sannleikurinn væri þarna nokkuð bil beggja, að báðir hefðu nokkuð til síns máls, annars vegar fulltrúi Alþb., sem hér talaði, sem vitnaði í ræðu mína, sem ég er honum mjög þakklátur fyrir, um það, að gera þurfi ráðstafanir til þess að auka rekstrarhagkvæmni í verzluninni, — og ríkisvaldið er sannarlega reiðubúið til að styðja verzlunina til

aukinnar hagræðingar, sem áreiðanlega er mikil þörf á, hitt er mér nokkuð til efs, að hægt sé að leysa allan vanda verzlunarinnar í dag með þessu móti, — og jafnframt sé nauðsynlegt að breyta þeim verðlagslögum og þá um leið þeim verðlagsákvæðum, sem samkv. þeim hafa verið sett, ef verzlunin á aftur að komast á skynsamlegan og arðbæran grundvöll.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það kom fram í orðum fyrirspyrjanda í seinni umferð hjá honum, að hann orðaði það þannig, að álagningarreglurnar þurfi að sýna öllum aðilum sanngirni, bæði verzlun sem neytendum. Það er mjög þægilegt að orða svona hluti, en vandamálið verður að setja þær reglur, sem fullnægja þessari ósk, og við það á verzlunin að glíma í dag.

Það er rétt, að verzlunin á við erfiðleika að stríða, en ég vil skoða þá erfiðleika miklu víðtækar en komið hefur hér fram. Ég vil minna á það, að á ráðstefnu, sem Stjórnunarfélag Íslands hélt haustið 1967 og ég sótti ásamt mörgum fleiri verzlunarmönnum í Bifröst, kom skýrt fram, að eitt höfuðvandamálið við erfiðleika í rekstri við verzlun á Íslandi var skipulagið. Það var viðurkennt af Sigurði Magnússyni, ég held framkvæmdastjóra þeirra samtaka, a. m. k. smásöluverzlana í matvöru, að þeir ættu við sérstaka erfiðleika að búa í skipulagningu og það yrði eitt af stórverkefnum þeirra á næstu tímabilum að taka allt kerfið til endurskipulagningar. Ég saknaði þess í þessum umr. að heyra eitthvað um þau mál.

Ég bý í Kópavogi, og ég ritaði grein fyrir rúmum tveim árum í Alþýðublaðið um þá þróun, sem var í verzlun í Kópavogi. Þar fjölgaði verzlunum mjög ört í nýju og dýru húsnæði í íbúðahverfi, og engin leið var að hafa það mikla eftirspurn fyrir matvöruverzlanir, að þær gætu borið sig með góðu móti, jafnvel þótt við hefðum fulla og frjálsa álagningu. Frelsið er gott á öllum sviðum, en það er aðeins gott, ef við kunnum að fara með það. Heildsölum hefur fjölgað hér mjög mikið, og það er einkennandi fyrir íslenzka heildsölu, að þar eru 1—2 menn og mjög margir umboðssalar, og þeir standa að smáum innkaupum. Þetta er óeðlilegt, og það vita allir menn, sem við verzlun hafa fengizt. Ég hef fengizt við innkaup og verðlagningu í einhverju af stærstu fyrirtækjum þessa lands í nokkur ár, og mér var vel kunnugt um það, hvað það þýddi að gera góð innkaup og njóta magnafsláttar, en þá vildi ég líka njóta þess, að ávinningur félli í skaut fyrirtækisins, og það á vel rekin verzlun að fá. Sannarlega á hún að fá það. Álagningarreglur eiga ekki að vera þannig, að geri kaupmaður góð innkaup eða verzlun, skili hann þeim afdráttarlaust til neytenda. Hann á að meta það sjálfur, hvort hann eykur eftirspurn sína þannig lagað, geri hann góð innkaup, hvað má fara til neytandans og hvað vill hann taka sjálfur. Það eru skynsamleg vinnubrögð að mínu mati.

Nei, við skulum gera okkur grein fyrir því, að þrátt fyrir það, að verzlunin eigi við erfiðleika að búa, þarf að athuga hlutina niður í kjölinn. Óheft álagning er engin einhliða lausn, síður en svo, og allra sízt þegar við erfiðleika er að etja í þjóðarbúskapnum og neytendur hafa minna til að spila úr. Þá verða kaupmenn að sjá sóma sinn í því að athuga sitt eigið kerfi og reyna að endurskipuleggja það.

Það kom fram hér hjá hv. 6. þm. Reykv., að eitt af grundvallaratriðum í hans sjónarmiðum er einmitt endurskipulagning, og ég vil taka undir það. Við sjáum það, hvar sem við komum erlendis, að endurskipulagning á sér stað í verzlunarháttum. Þó verðum við víða varir við litlar búðir í gömlum íbúðarhverfum, sem halda velli. Það eru þá önnur atriði, sem þar koma inn. Það eru persónuleg kynni við kaupmanninn og jafnvel fjölskylduna í fyrirtækinu. Þessi þróun hefur verið allvíðtæk á Íslandi, en hún er ekki æskileg gagnvart framtíðinni og ekki æskileg að mínu mati hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það er miklu betra, að menn starfi saman, geti gert hagkvæm innkaup og geti stuðlað að því, að dreifingarkostnaðurinn verði í lágmarki.

Hvað verður úr um óhefta álagningu eða ekki, það skal ég ekkert um segja. En ég vil minna á það, að mjög mörg lönd í Evrópu hafa álagningarreglur þannig, að þær eru innan viss ramma. Það hefur verið túlkað oft, að þær hafi verið frjálsar. Þær eru frjálsar að vissu marki og gefa mönnum svigrúm til þess að spreyta sig og njóta ávinnings um leið. Það finnst mér nokkuð heilbrigt og eðlilegt. Það er svo, eins og ég sagði áðan, mat þess duglega verzlunarmanns, sem gerir góð innkaup, annaðhvort einn eða sameiginlega við félaga sína, hvað mikið hann lætur af þessum ávinningi í magnafslætti t.d. eða hagstæðum innkaupum burt frá sér til neytenda. Hann getuur dregið með því móti að sér góða kaupendur og tryggt þannig trygga eftirspurn. En þetta metur og vegur hver heilbrigður aðili og gerir það upp við sig sjálfur.

Ég vil ekki tefja þessar umr. miklu lengur. En ég vil undirstrika það, að það er ekki einhlítt ráð til að bjarga verzluninni í dag að setja bara frjálsa álagningu. Hún þarf líka á góðu rekstrarfé að halda. Hún sveltur raunverulega. Hún mætti líka leggja meira af eigin fé af mörkum, a. m. k. sumir. Þegar þessir þættir allir eru komnir saman, vonum við það, að verzlunin geti átt bjartari daga, því að það er líka hagkvæmt fyrir neytendur, að verzlunin sé vel rekin, bæði hér á Íslandi og annars staðar. En þetta verður að takast sem ein heild undir nýju skipulagi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Það var að heyra á hæstv. forsrh. hér áðan, að stjórnmálaleg skilyrði hafi verið heldur óhagstæð Sjálfstfl. undanfarinn áratug, þar sem hann vegna óhagstæðra stjórnmálaskilyrða hefur ekki komið fram einu helzta baráttumáli flokksins, því að hafa frjálsa álagningu í verzluninni. En nú virðist eitthvað vera að rofa til á stjórnarheimilinu,

eftir því sem hann sagði, og það er þá við því að búast, að þessi mál verði færð í eitthvað betra horf. Satt að segja hélt ég, að Sjálfstfl. hefði haft stjórnarforustuna hér undanfarinn áratug og svona undanbrögð væru ekki á neinum verulegum rökum reist.

En út af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði áðan, að við vildum umfram allt hækka álagningu, þeir talsmenn Framsfl., sem hér hafa talað, vil ég undirstrika það, sem ég held, að ég hafi sagt áðan, að ég er ekki þeirrar skoðunar, að breyttar verðlagningarreglur þurfi undantekningarlaust að þýða hækkað vöruverð. Ég held, að það sé víðs fjarri, og ég nefndi áðan dæmi um innflutning, þar sem þær reglur, sem hér eru við hafðar, hækkuðu vöruverðið.

Hv. 5. landsk. þm. lýsti því áðan, hvað það væri óhagkvæmt, að verðlagsákvæðin meinuðu mönnum að gera hagstæð innkaup og njóta magnafsláttar, sem er alveg rétt hjá honum. Ég ætla að leyfa mér að nefna hér dæmi úr smásölu, sem ég hef hér fyrir framan mig. Það er um sölu á kartöflumjöli, og það gildir ekki bara um kartöflumjöl, heldur um kornvöru alla og sykur og margar þess háttar vörur. Annars vegar er gert ráð fyrir því, að verzlunin kaupi 50 kg sekk af kartöflumjöli og vigti þetta sjálf og hafi fyrir því. Þá lítur dæmið þannig út, að innkaupsverðið á kg er 15.08 kr., smásöluálagningin, sem í því tilfelli er 27%, gerir 4.08 kr., söluskatturinn 1.44, útsöluverðið þar með 20.60 kr. Það er gert ráð fyrir því, að poki, sem verzlunin þarf að leggja til, kosti 40 aura, þannig að verzlunin fái þá fyrir að vigta upp og selja kartöflumjöl í þessum umbúðum 3.68 kr. Það fær verzlunin fyrir að inna þessa þjónustu af hendi sjálf. Svo er líka hægt fyrir kaupmanninn að kaupa kartöflumjölið í 1 kg pokum úr sömu sendingu, sem aðrir aðilar hafa pakkað í 1 kg pakkningar. Þá lítur dæmið svona út: Innkaupsverð pr. kg. 21.90, smásöluálagningin að vísu ekki nema 22%, en gerir samt 4.80 kr., 72 aurum meira en í hinu dæminu, og söluskatturinn 2 kr. Útsöluverðið verður þá 28.70 kr. Í þessu tilviki fær verzlunin 4.80 kr. fyrir að selja hvert kg, en viðskiptavinurinn þarf að greiða 8.10 kr. meira fyrir hvert kg.

Þetta eru þau verðlagsákvæði, sem við búum við. Þó að verzlunin fengi meira í sinn hlut, þegar hún gerir hagkvæm innkaup, þá gæti hún samt selt á lægra verði. Eins og þetta dæmi sannar, fær hún meira í sinn hlut, þegar hún gerir óhagkvæm innkaup. Ég læt það alveg eftir hverjum, sem um þessi mál vill hugsa, að gera sér það í hugarlund, hvora viðskiptaaðferðina kaupmenn muni hafa. Ég hygg, að það sé ekki víða, sem kaupmaðurinn leggur það á sig að vigta í sundur 50 kg af kartöflumjöli eða hvað það nú er og vera að því 1½ klukkustund, eins og sannað er, að ekki er hægt að gera það á öllu skemmri tíma, til þess að bera minna úr býtum, heldur en að fara í aðra verzlun, þar sem búið er að inna þessa vinnu af hendi, og fá meira fyrir að selja vöruna með því móti.

Þess vegna held ég, að það sé alveg rangt að setja dæmið þannig fram, að það sé um að tefla annars vegar hærri álagningu og þá dýrari vörur eða það fyrirkomulag, sem nú er. Til þess að bæta úr því ástandi, sem er hjá verzluninni, er því ekki nauðsynlegt að hækka álagninguna, vegna þess að ég þykist hafa sýnt fram á það, að bæði í smásölu og í heildsölu geti breytt ákvæði þýtt lægra vöruverð, en á sama tíma meira í hlut kaupmannsins.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er nú fagurlega talað hér og margir tala, eins og síðasti ræðumaður, um, að það sé hægt að breyta skipulaginu í verzluninni og fá meiri arð í vasa kaupmannsins, þrátt fyrir það að verðlagningin hækki ekki. Að sjálfsögðu er á hverjum tíma að þessu unnið, og að því vinnur kaupsýslustéttin og hefur gert á margvíslegan hátt. Spurningin, sem þm. Framsfl. komast í rauninni ekki hjá því að svara, er þessi: Vilja þeir frjálsa álagningu? Vilja þeir hærri álagningu, frjálsa álagningu? Þetta er kannske sama sagan, þegar á að fara að framkvæma þetta, eins og við verðum varir við í launamálunum og þeim samningum og deilum, sem standa á þeim vettvangi. Þar segja framsóknarmenn og jafnvel formaður Framsfl. hér í þingsölunum, að launþeginn eigi auðvitað að fá alveg fulla vísitöluuppbót á sín laun. Svo ráða þessir menn fyrirtæki, þar sem er um að ræða einn stærsta vinnuveitandann í landinu, og þar standa þeir auðvitað öndverðir gegn þessu og koma því til leiðar með sinni samstöðu þar við vinnuveitendur, að þetta sé ekki gert og þetta sé alveg fráleitt og bara til þess að kippa fótunum undan efnahagskerfi þjóðarinnar, — menn, sem eru þó frammámenn í Framsfl., þó að þeir séu ekki sumir hverjir hér á þingi, í sveitarstjórnum og annars staðar, og eitt sterkasta pólitíska aflið í landinu, þar sem SÍS og kaupfélögin eru.

Það er á fleiri sviðum en þessum, sem þessi tvískinnungur framsóknarmanna hefur komið fram hér í þingsölunum í vetur, og hefur oft verið haft orð á því, og skal ég ekki lengja umr. með því að fara að rekja það. En sannleikurinn er sá, að ég man ekki eftir þessum áhuga á frjálsri álagningu, þegar þessir ágætu menn fóru sjálfir með völdin í landinu. Við skulum segja, að það eigi allir menn rétt á því að taka stakkaskiptum og breyta um skoðun, en þá eiga þeir að fylgja fram þessum sjónarmiðum, þegar þeir eiga að bera ábyrgðina, og vera sjálfum sér samkvæmir.

En það, sem gaf mér tilefni til þess að rísa hér upp, var það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að forsrh. hefði vitnað til þess, að stjórnmálaskilyrðin hefðu verið óhagstæð hjá Sjálfstfl. síðasta áratug. Nú verður auðvitað að gera hér þáttaskil, sem hv. þm. hleypur yfir, því að frá því að Sjálfstfl. tók við stjórnarforustu 1959 og allt fram til ársins 1967 var blómaskeið hjá verzlunìnni hér í landi, þá var einnig mjög hagstætt árferði, afli og annað slíkt, verðlag á afla og útflutningsvörum okkar lands-

manna, og ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða, að verzlun landsmanna hafi á engu öðru tímabili í raun og veru haft slíka aðstöðu til þess að bæta hag sinn sem á þessu tímabili. Það var líka á mörgum sviðum verzlunarinnar, sem þá var komin aðstaða til vegna samkeppni við aðflutta vöru að gefa frjálsa álagningu á vöruflokkum, og það var gert, í hve ríkum mæli, hef ég ekki hér hjá mér, og það getur verið, að menn hefðu óskað eftir, að það hefði verið í ríkari mæli en varð. En það stefndi að því, að með blómlegum efnahag þjóðarinnar og auknu jafnvægi í þjóðarbúinu væri hægt að gefa frjálsa álagningu. Á þessu verður gerbreyting á árunum 1967 og 1968. Þá gengur yfir þjóðina ein sú erfiðasta kreppa, sem við höfum nokkurn tíma þurft við að glíma, og það eru þessi erfiðu skilyrði, sem hafa leitt til þess, að allt vöruverð var tekið undir eftirlit aftur eða opinberar verðlagsákvarðanir, vegna þeirra erfiðleika, sem að þjóðarbúinu steðjuðu.

Ég held, að menn séu nokkuð sammála um það, að eðlilegt hafi verið 1967 og á árinu 1968 að spyrna fótum við hækkuðu verðlagi eða hækkaðri álagningu, eins og þá var gert eftir föngum. Hitt er svo augljóst mál, að á sama tíma verða tvær gengisbreytingar verzluninni ákaflega þungar í skauti og erfiðar, þar sem hún fær ekki á sama tíma hækkun á sinni álagningu, og það er vegna þess, að við fylgjum og höfum ekki treyst okkur til að fylgja annarri reglu en þeirri, sem þekkist ekki annars staðar á Vesturlöndum, að verzlunin fær ekki að hækka sína vörulagera, þegar gengisbreytingar eiga sér stað. Þetta hefur jafnan gengið í gegn, held ég, við næstum því allar gengisbreyt., kannske ekki alveg allar, ég held, að það megi þó segja, að það hafi verið almenn regla og aldrei hafi komið fram nein rödd frá neinum fulltrúum annarra, neins stjórnmálaflokks, um, að þessu væri hægt að haga öðruvísi. En þetta rýrir í svo ríkum mæli greiðslugetu verzlunarinnar, að þetta getur orðið henni mjög hættulegt og fjötur um fót og verður auðvitað ekki til langframa undir risið.

Ég minnist þess, þegar gengisbreyt. varð 1967, þá var gert ráð fyrir því og rætt um það við fulltrúa verzlunarinnar, og tók ég m. a. þátt í þeim viðræðum, að þeir yrðu að reyna að axla þær byrðar, sem þá lögðust á þjóðina, eins og aðrir, en að því bæri að stefna að koma á, eins og forsrh. sagði, öruggara og heilbrigðara skipulagi í verðlagsmálum og skapa verzluninni sómasamleg eða lífvænleg skilyrði. Það er enginn efi á því, að það urðu verzluninni mikil vonbrigði, þegar ekki reyndist fært að koma þessu í framkvæmd á árinu 1968, en vonir höfðu staðið til þess, og það stafar m. a. af því, að í stað þess að gert var ráð fyrir því í þeim áætlunum, sem lágu til grundvallar gengisbreyt. 1967, að nokkuð mundi rætast úr, þá hallaði stöðugt undan fæti og svo geigvænlega, að þegar bæði árin eru tekin saman, þá er það næstum því um 50%, sem útflutningsverðmæti þjóðarinnar minnka.

Menn blanda því stundum saman, að það sé erfitt bæði fyrir launþega og við skulum segja verzlunina líka að bera afleiðingarnar af gengisfellingunum. Það eru í raun og veru ekki afleiðingarnar af gengisfellingunum, sem menn eru að bera, hvorki launþegar né verzlunin. Það eru afleiðingarnar af þeim áföllum, sem þjóðfélagið hefur orðið fyrir, því að ef gengi hefði ekki verið breytt á þessum tíma, var óhjákvæmilegt að gera aðrar ráðstafanir, til þess að útflutningsframleiðsluvegir gætu gengið, og það, sem menn helzt töluðu um í því sambandi, var að fara aðra leið, sem þá var nefnd, svokallaða uppbótaleið, og naumast var af alvöru hreyft öðrum leiðum. En það þýddi, eftir því sem útreikningar stóðu til á s. l. hausti, — og ég held, að ekki hafi verið mikill efniságreiningur um það t. d. milli fulltrúanna, sem voru í viðræðum stjórnmálaflokkanna á s. l. hausti, — stórkostlegar álögur á allan almenning, sem hlutu auðvitað að hafa gífurleg áhrif bæði á verzlunina sem slíka og kaupgetu almennings í viðskiptum við verzlunina. Hversu háa upphæð hefði verið hér um að ræða, skal ég ekki segja endanlega, en það hefur legið einhvers staðar á milli 1000 og 1500 millj. kr. Þetta segi ég til þess að vekja athygli á því, að bæði verzlunin og aðrar atvinnugreinar berjast nú ekki í bökkum í sjálfu sér vegna gengisbreyt. og vegna afleiðinga þeirra, heldur vegna þeirra áfalla, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir og þurfti að mæta með einhverju móti. Auðvitað má deila um og ástæðulaust að fara út í þær deilur, með hverju þeim átti að mæta. En ef þeim var ekki mætt með gengisfellingu, þá varð að mæta þeim með öðrum ráðum, sem ég fyrir mitt leyti a. m. k. efast um, að þjóðarbúinu, einstökum atvinnugreinum og þar með verzluninni hefðu verið nokkuð æskilegri.

Aðalatriðið er hins vegar það, og það er mjög mikils virði, að verzlunin hefur sætt miklum ásökunum og að ósekju frá ýmsum aðilum í þessu þjóðfélagi, og skal ég ekki skilgreina það nánar, fyrir það, að þetta væri meira og minna óþörf stétt og afæta í þjóðfélaginu. Þeir menn, sem þannig hafa talað, hafa fyrst og fremst verið úr hópi þeirra flokka, sem nú eru kallaðir stjórnarandstöðuflokkar. Ef á þessum skilningi er að verða veruleg breyting og hugarfarsbreyting til hins betra, tel ég það mikils virði fyrir verzlunina og spá góðu í því endurbótastarfi, sem þarf að vinna á verðlagskerfinu og öðrum reglum og löggjöf, sem að verzluninni lýtur. Við verðum að viðurkenna, að verzlunin gegnir sínu mikilvæga hlutverki í þjóðfélaginu ekki síður en aðrar atvinnugreinar og það verður á hverjum tíma að búa henni starfsskilyrði, sem eru lífvænleg, og setja hana ekki sem hornreku í þjóðfélaginu, miðað við aðrar atvinnugreinar, eins og margir fyrirsvarsmenn í þessu þjóðfélagi hafa oft viljað vera láta.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. lengi.

Í tilefni af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að hann bæri ekki ábyrgð á því ákvæði, sem felst í fyrri

fsp. okkar, vil ég aðeins segja það, að þetta ákvæði er í l., sem voru samþ. á þingi 1960, vorið 1960, og frv. að þeim l. var lagt fyrir þingið af hæstv. núv. viðskmrh. Ég skal ekki segja um það, hvort svipað ákvæði hafi verið sett fyrir löngu, það má vel vera, en hæstv. ráðh. hefur því aðeins látið það standa áfram í nýju l., að hann hefur verið búinn að sannfæra sig um það, að þetta ákvæði væri réttmætt og ætti að halda áfram. Ég hélt líka, að á árunum þar á undan, að svo miklu leyti sem verðlagsákvæðum var beitt, hafi verið reynt að fylgja fram þessu ákvæði, og ég hygg, að það hafi verið þá gert með þeim hætti, að verzlunin hafi talið það miklu bærilegra en framkvæmdina á þessum lagafyrirmælum nú.

Það, sem ég ætla hins vegar aðallega að segja hér að lokum, og ég skal ekki tefja tímann mikið, er það, að mér finnst það vera mikill misskilningur, þegar því er haldið fram, að það þurfi endilega að leiða til hærra verðlags, ef verðmyndunin er frjáls. Ég trúi því þvert á móti, að það muni með tímanum leiða til lægra og hagstæðara verðlags að hafa verzlunina frjálsa heldur en að fylgja fram ströngum álagningarhöftum. Þegar fylgt er fram ströngum álagningarhöftum eins og nú, þá er það hvatning til verzlunarinnar að gera óhagstæð innkaup, að selja dýrt, því að eftir því sem varan er dýrari, þá verður álagningin hærri og álagningartekjurnar meiri. Þegar verðmyndunin er frjáls, þá er það hvatning til kaupmannsins að reyna að fá vöruna sem ódýrasta og hagnast á því, þó að hann leggi nokkuð á hana, að selja hana ódýrari en ella mundi verða, þegar álagningarhöftunum er beitt. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er engin tilviljun, að löndin í kringum okkur, Norðurlönd, England, Þýzkaland og fleiri lönd, lönd, sem hafa mjög sterk launþegasamtök, þau hafa öll farið inn á þá braut að víkja frá ströngum álagningarhöftum og taka upp frjálsa verðmyndun, og launþegar í þessum löndum, neytendur í þessum löndum, hefðu ekki sætt sig við þessa breytingu, nema þeir hefðu talið, að hin frjálsa verðmyndun væri heppilegri fyrir þá heldur en það fyrirkomulag, sem áður var búið við. Ég tel, að það sé mjög mikilvægt fyrir verkalýðshreyfinguna og launþegasamtökin að glöggva sig á þessu atriði, alveg eins og slík samtök hafa gert í öllum löndum, og þess vegna vil ég að lokum aðeins segja það, að ég mótmæli þeirri skoðun, að það þurfi að leiða til hærra verðlags og óhagstæðari afkomu fyrir neytendur, ef verðmyndunin er gefin frjáls.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég bað hér um orðið, var sú, að mér virtist, að ræðumenn kæmu ekki inn á aðalatriði málsins. Það var fyrst hjá hæstv. dómsmrh., að komið var í raun og veru inn á kjarna málsins, um það, hvers vegna verzlunin er í vandræðum nú. Það eru tvö atriði, sem aðallega hafa valdið því: Í fyrsta lagi, að núverandi ríkisstj. hækkaði vexti um meira en þriðjung, þegar hún tók við völdum fyrst, en að meðaltali hefur það verið um þriðjung allt tímabilið, og vextir eru ægilegur liður fyrir viðskiptalífið. Ég fékkst við verzlun í nokkur ár við kaupfélag, og vextirnir, sem það kaupfélag borgaði, voru ámóta miklir og allt kaupgjaldið, sem var borgað. En það er vitanlega meira hjá verzlunum eins og kaupfélögum, sem þurfa að hafa allar vörutegundir til og umsetja bæði innlenda og erlenda vöru. Í öðru lagi valda endurteknar gengislækkanir erfiðleikum fyrir verzlunina. Inn á það kom hæstv. ráðh. Hann skildi það mál, og einmitt það, sem hann segir, að verzlunin blómgaðist á tímabilinu frá 1961 til 1967, var af því, að þá var gengið stöðugt. Með tveim síðustu gengislækkunum er búið að taka um það bil helming af rekstrarfé verzlananna. Gjaldeyrir hefur hækkað um 100%, en þær hafa ekki fengið að hækka vörubirgðir. Það er skortur á skilningi þeirra manna, sem ráða. Ég vil undanskilja okkur í stjórnarandstöðunni. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvernig afstöðu við hefðum tekið, en ég hefði a. m. k. verið með því að lofa kaupmönnunum að hækka vörubirgðir. Þeir skildu ekki þennan atvinnuþátt í þjóðfélaginu, að leyfa ekki kaupmönnunum að hækka vörubirgðir. Kaupmennirnir eru orðnir févana. Þeir þurfa að borga vexti af helmingi hærri upphæðum. Þeir segja, eins og satt er: Við verðum að fá hærri álagningu. — Það var betra fyrir fólkið að leyfa kaupmönnunum að hækka strax, þá hefði það hamstrað minna, heldur en að taka af þeim helming af rekstrarfénu og þurfa svo að hækka álagninguna miklu meira á eftir. Hækkunin hefði komið 2—3 mánuðum fyrr, en það var betra að taka hana á sig strax, þá hefði fólkið byrjað að spara, heldur en að fá meiri hækkun síðar.

Það var réttilega tekið fram hjá hæstv. ráðh., að verzlunarstéttin er engan veginn óþörf stétt eða neinar afætur. Við getum ekki komizt af án verzlunar og viðskipta, ekki í neinu landi. Og á þessu landi þarf mikil viðskipti, vegna þess að framleiðsla okkar er einhæf og við þurfum margt að kaupa.

Magnús Kjartansson talaði um, að við ættum að bæta framleiðni í verzlun, ekki er nokkur efi á því, að við gætum komizt af með færra fólk í verzlun. En hvað eigum við að gera við það fólk, sem vinnur nú við verzlunina? Er betra að láta það hafa atvinnuleysisstyrki? Getum við útvegað því vinnu? Og í öðru lagi: Fólkinu finnst það hafa betri þjónustu í gegnum þessar litlu verzlanir hvað smásöluna snertir. Þetta horfir öðruvísi við með innkaupin. Það er hægt að ná hagkvæmari innkaupum. Ódýrasta verzlunin og sú, sem skapar minnsta vörurýrnun og á margan hátt bezta þjónustu, er einmitt litlu verzlanirnar, þar sem fjölskyldan vinnur að verzluninni. Það er gersamlega ómögulegt fyrir stóra verzlun, t. d. kaupfélag, að eyðileggja verzlun hjá kaupmanni, sem vinnur að sinni verzlun með dugnaði með sinni fjölskyldu. Það verður ódýrari umsetning hjá honum. Það er hægt að fækka fólki í verzlun, það er enginn efi á því. En vinnur þjóðfélagsheildin mikið við það?

Það eru þessir tveir liðir, vaxtahækkanirnar og gengislækkanirnar, sem hafa verið misnotaðir gagnvart verzlunarstéttinni, sem hafa gert hana fjárvana og skapað henni þá örðugleika, sem nú eru, frekar en lág álagning. Ég hygg, að það hefði enga hækkun á álagningu þurft, ef þetta hefði ekki verið tekið af rekstrarfjárhæðinni, okrað á vöxtunum. Það er þetta, sem fólkið þarf að fara að borga nú, þegar stendur allra verst á fyrir því með að borga.

Varðandi fullyrðingar um, að það sé hagkvæmara að hafa frjálsa álagningu í verzlun eða verðlagsákvæði, þá vil ég ekkert fullyrða um það, vegna þess að þarna eru tvær hliðar á máli, sem endalaust má deila um. Það er rétt, sem kom fram hjá Jóni Árm. Héðinssyni, í raun og veru talaði hann eins og maður, sem er á móti verðlagseftirliti, að kaupmaðurinn hefur heldur hvöt til þess að gera hagkvæmari innkaup, ef hann fær að græða eitthvað á því sjálfur. Hann fær í raun og veru meira kaup, ef hann kaupir dýrt, ef álagningarprósentan er ákveðin, svo framarlega að hann geti afsett vöruna. En ég hygg, að við ýmsa heildsala komi þessi takmarkaða álagning ekki eins illa. Heildverzlanir geta fengið prósentur að einhverju leyti ytra. Þær geta bjargað sér á því. Aftur hafa smásöluverzlanirnar ekki sömu aðstöðu.

Það er þetta, sem veldur því, að það er gersamlega ómögulegt að reka neina heilbrigða atvinnu og allra sízt í viðskiptalífinu með því að vera alltaf að breyta genginu. Undirstaða undir öllu heilbrigðu fjármálalífi er stöðugt gengi. Þetta vita allar þjóðir, sem kunna að stjórna sínum fjármálum. Þess vegna þurfum við ekkert að vera hissa á því, þó að allt sé komið í vandræði núna hjá þeim mönnum, sem eru í viðskiptalífinu, og allra sízt þegar þetta er framkvæmt á þann hátt, að það er tekinn helmingur af rekstrarfé verzlananna. Þeir, sem fara krókaleiðir, hækka ef til vill sínar vörur eða brjóta á einhvern hátt lögin. Það má vera, að þeir hafi beðið minna tjón. En það eru heiðarlegu kaupmennirnir og kaupfélögin, sem hafa afar takmarkaða aðstöðu til þess að fara krókavegi í viðskiptum, og það eru þau, sem hafa orðið harðast úti. Sú meðferð hlýtur að bitna á neytendunum fyrr eða síðar til mikils tjóns.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning, sem kom fram í máli hæstv. dómsmrh. Hann sagði, að ég hefði sagt, að fulla vísitölu ætti að greiða. Ég hefði sagt það hér í þingsölunum. Ég hef aldrei sagt, að fulla vísitölu ætti að greiða nú á laun, hvorki hér í þingsölum né utan þingsala. Það, sem ég hef sagt, er, að það ætti að greiða vísitölu í samræmi við þá kjarasamninga, sem gerðir voru á milli stéttasamtakanna í marzmánuði 1968, og að opinberum starfsmönnum ætti að greiða samkvæmt þeim kjaradómi, sem kveðinn var upp 21. júní 1968. Ég hef jafnframt tekið það fram, að slíkt skert vísitölukerfi væri ekki til frambúðar, en ég hef undirstrikað það, að eins og ástatt væri nú í þjóðfélagsmálum, þá væri ekki hægt að fara fram á meira en þá skertu vísitölu, sem áður hafði verið samið um. Ég býst við því, að hæstv. dómsmrh. sé mér svo sammála um hitt, að svona kerfi sé ekki til frambúðar. Þetta vildi ég aðeins leiðrétta, af því að þetta er meginatriði, og ég vil ekki láta það standa í þingtíðindum, án þess að ég hafi mótmælt því, og ég geri ráð fyrir því og veit það, að þetta hefur verið af misgáningi hjá hæstv. dómsmrh., en ekki ætlun hans að fara hér með rangt mál.

Tíminn er búinn, og ég ætla ekki að fara að blanda mér í þessar umræður, sem hér hafa farið fram um verðlagsmál. Ég get þó ekki stillt mig um að vekja athygli á einu atriði í málflutningi hæstv. viðskmrh., sem ég átti dálítið bágt með að átta mig á. Hann lagði mikla áherzlu á, að mér skildist, og það olli honum miklum áhyggjum, að það væri sundurlyndi um stefnuna í þessum málum á milli stjórnarandstöðuflokkanna, annar flokkurinn vildi þetta, hinn flokkurinn vildi hitt. Út af þessu vil ég segja það, að það hefur yfirleitt ekki verið venjan sú hingað til, að það hafi verið stjórnarflokkunum mikið áhyggjuefni, hvað stjórnarandstöðuflokkarnir hafa viljað í einu eða öðru, og ég held nú allra sízt, að það hafi verið þeim áhyggjuefni, þó að eitthvað bæri á milli stjórnarandstöðuflokkanna í einhverju efni. Það, sem hér er meginatriðið, er það, að stjórnarflokkarnir hafa í þessu sem öðru meiri hluta, og það, sem mestu skiptir auðvitað, er að þeir séu sammála. Ef þeir eru sammála um þá stefnu, sem þeir telja heilbrigða og eðlilega, þá geta þeir framkvæmt hana, alveg án tillits til, hvaða skoðun stjórnarandstöðuflokkarnir hafa á þessu máli. Það, sem allt veltur á, eins og hæstv. forsrh. sagði réttilega, er það hvort það eru stjórnmálaleg skilyrði hjá stjórnarflokkunum fyrir hendi til þess að framkvæma rétta og eðlilega stefnu að þeirra mati í þessu efni eða ekki. En hitt ætti ekki að valda þeim neinum andvökunóttum, þó að stjórnarandstaðan hafi einhverjar mismunandi skoðanir á þessu efni. Það er þá alveg nýtt, ef þeir eru farnir að hugsa svo mikið til stjórnarandstöðunnar upp á síðkastið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Athugasemdin skal vera örstutt. — Ég lét þeirra ólíku skoðana, sem komu fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, ekki getið hér vegna þess, að sú staðreynd ylli okkur í stjórninni andvökunóttum, heldur vildi aðeins vekja athygli á því, að skoðanir stjórnarandstöðunnar í þessu efni eru mjög ólíkar, eins og þær hafa komið fram við þessar umr. Ég dró þetta fram til þess að undirstrika það, að hér er um mikið og torleyst vandamál að ræða. Það er rétt hjá síðasta ræðumanni, að við erum löngu hættir að vera hissa á því, að stjórnarandstöðuflokkarnir eru ekki sammála. Það hefur þvert á móti einkennt núverandi stjórnarandstöðu, að þeir eru varla sammála um nokkurn skapaðan hlut, nema það að vera á móti ríkisstj. Í jafnmikilvægu máli og þessu koma fram gerólíkar skoðanir af hálfu aðalmálsvara stjórnarandstöðuflokkanna tveggja. Mál-

svarar Framsfl. lýsa því yfir tveir a. m. k., að þeir séu fylgjandi alveg frjálsri álagningu, þ. e. afnámi allra verðlagsákvæða, það kom fram alveg skýrt af hálfu tveggja ræðumanna hér. Hins vegar er vitað, að það er mjög eindregin afstaða Alþb., sem annar fulltrúi talaði fyrir hér, að það telur, að með engu móti megi hækka núverandi verðlagsákvæði nokkurn skapaðan hlut nú á næsta skeiði. Þetta út af fyrir sig er kannske ekki svo undarlegt. Ég vildi þó vekja athygli á þessu, að þetta náttúrlega auðveldar ríkisstj. ekki að taka á slíku máli eins og þessu, þó að við auðvitað gætum gert það.

En ég vildi líka vekja athygli á hinu, að jafnvel innan Framsfl. eru mjög skiptar skoðanir um þetta. Ég þekki til skoðana framsóknarmanna, þær hafa komið fram opinberlega, sem eru algerlega andvígir því, að verðlagsákvæði séu afnumin, algerlega andvígir því. Ég veit ekki betur en þeir menn, sem fylgja Framsfl. að málum og eiga sæti í þeirri n., sem nú er að semja við vinnuveitendur, séu ekki síður harðir gegn afnámi verðlagsákvæða en aðrir félagar þeirra í n., hvaða stjórnmálaflokki svo sem þeir fylgja, og það vita allir, að þeir stjórnmálamenn hér á Alþ. og valdamenn í þjóðfélaginu, sem nú eru í nánustu samstarfi við Framsfl., en standa þó utan hans, þ. e. Björn Jónsson og Hannibal Valdimarsson, eru með hörðustu andstæðingum þess, að nokkuð sé hróflað við núverandi verðlagsákvæðum. Þeir hafa mikil áhrif í alþýðusamtökunum, forustumenn Alþýðusambandsins og annar fulltrúi þess í verðlagsnefndinni. Þjóðin veit öll, hverjar eru skoðanir Björns Jónssonar í þessum efnum. Eindregnari fylgismaður verðlagshafta er varla til, og þetta er sá maður, sem Framsfl. hefur nánast samstarf við á stjórnmálasviðinu um þessar mundir. Hvað kemur út úr þessu, þessum skoðunum Framsfl. hér á þinginu og svo hins vegar skoðunum Björns Jónssonar, eins og hann lýsir þeim fyrir alþjóð? Geta menn náð saman, sem hafa svona gerólíkar skoðanir á stórum grundvallarvandamálum í þjóðmálum? Þetta eru staðreyndir, sem ég vildi bara vekja athygli á í sambandi við þessar umr., því að þær eru nokkur hluti skýringarinnar á því, hversu torleyst þetta mikla vandamál hefur reynzt núverandi stjórnarflokkum.

56. Sala á tækjum ríkisstofnana.

Á deildafundum 29. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til fjmrh. um sölu á tækjum ríkisstofnana [236. mál, 2] (A. 566).

Á 45. fundi í Sþ., 30. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi fsp. er um það, hvort ekki gildi almennar, fastar reglur um sölu á bifreiðum, tækjum og vélum ríkisstofnana. Ég hygg, að fsp. sé svo ljós, að það þurfi ekki að fara um hana mörgum orðum. Það, sem ég vildi fá upplýst, er það, að þegar þannig stendur á, að ríkisstofnun selur tæki, bifreið eða vél, t. d. notaða, hvort þá gildi ekki um það almennar reglur, hvernig með þá sölu skuli farið, en hver einstök stofnun hafi það ekki í hendi sinni að ákveða, hvernig sölunni er háttað. Ég hygg, að það sé mjög heppilegt, ef það er ekki, að um þetta gildi almennar reglur, og vildi fá upplýsingar hæstv. ráðh. um það, hvort svo sé ekki.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Til skamms tíma hafa ekki gilt neinar fastar reglur um sölu ríkiseigna, hvorki fasteigna ríkisins né lausafjármuna að því undanskildu, að eins og hv. þm. er kunnugt, hafa oft verið veittar sérstakar heimildir til sölu ríkiseigna, enda má ekki selja fasteignir ríkisins án lagaheimildar og hefur þá oftast nær verið ákveðið í þeim heimildum, að þær skyldu seldar samkv. mati.

Í annan stað eru til lög um sölu fasteigna, þar sem eru lög um jarðasölur til ábúenda á ríkisjörðum. Um það gilda alveg sérstakar reglur, en að öðru leyti höfðu ekki varðandi fasteignir ríkisins gilt neinar ákveðnar reglur. Stefnu varðandi fasteignir ríkisins var ráðizt í að móta, og birtist sú stefna í frv. því, sem lagt var af hálfu ríkisstj. fyrir Alþ. árið 1967 og hafði verið undirbúið af fjmrn., og þessi lög, sem eru l. nr. 27 1968, setja ákveðnar reglur um sölu embættisbústaða og íbúðarhúsnæðis í eigu ríkisins, sem má telja, að nái þá til alls íbúðarhúsnæðis, sem ríkið selur eftir setningu þessara laga. Þar er tekið fram, og ég tel það marka stefnu rn. varðandi þessi mál yfirleitt, að auglýsa skuli opinberlega allt slíkt húsnæði til sölu með tilgreindu lágmarksverði, en eignin síðan seld þeim, sem bezt verð býður og hagkvæmust greiðslukjör. Í framkvæmd mun Innkaupastofnun ríkisins annast sölu húsnæðis samkv. þessum lagaákvæðum og hefur þegar selt nokkrar eignir á grundvelli þessara laga. Sama reglan hefur verið mörkuð allt frá árinu 1963 varðandi bifreiðar ríkisins, sem seldar hafa verið í samræmi við þær reglur, sem settar hafa verið um endurnýjun ríkisbifreiða, og hefur Innkaupastofnun ríkisins annazt sölu þessara bifreiða og þá leitað tilboða í þær.

Að öðru leyti hafa ekki verið settar fastar reglur um sölu véla og tækja eða annarra eigna ríkisins, en hins vegar er unnið af hagsýslustofnuninni að sérstökum „standard"-reglum, sem ætlazt er til, að fylgt verði í sambandi við sölu einnig þessara lausafjármuna, og má gera ráð fyrir því, þó að því verki sé ekki lokið, að þar verði í meginefni stuðzt við þá reglu l. um íbúðarhúsnæði, að það verði ákveðið, að leita skuli tilboða í slíkar eignir og þær síðan seldar af einhverjum ákveðnum aðila, sem ég tel eðlilegt, að verði Innkaupastofnun ríkisins. Þó

að það sé ekki beinlínis hennar hlutverk, þá hefur hún annazt slíka fyrirgreiðslu fyrir ríkið. Hinu er ekki að leyna, að það er auðvitað engin vissa fyrir því varðandi sölu véla og kannske ekki eigna yfirleitt, að útboð sé endilega alltaf öruggasta leiðin til þess að tryggja hagstæðast verð fyrir umræddar eignir, en ég tel hins vegar svo mikils um vert, að ekki geti leikið neinn vafi á því, að hér sé réttum leikreglum fylgt og eignir ekki seldar með neinum óeðlilegum hætti, — að það sé tvímælalaust rétt, að einnig varðandi þá lausafjármuni, sem hv. þm. spyr um til viðbótar bifreiðunum, sem ég tel, að séu orðnar fastar og ákveðnar reglur um, verði þessar reglur einnig látnar gilda um vélar. Eins og kom fram í svari mínu hafa slíkar formlegar reglur ekki verið settar, en að þeim er nú unnið, og ég vonast til, að þær verði til innan mjög skamms.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Mér skilst samkv. þeim, að sú regla sé upp tekin, þegar um sölu á bifreiðum ríkisstofnana er að ræða, að þær séu auglýstar og hagstæðasta tilboði tekið og Innkaupastofnun ríkisins sjái um þá framkvæmd. Aftur á móti gildir ennþá engin almenn regla um sölu á öðrum tækjum og vélum ríkisstofnana, en það sé ætlun hæstv. ráðh., að hliðstæðri skipan verði komið á um sölu þeirra tækja og nú er á sölu bifreiða, þannig að það verði auglýst, þegar slík tæki eru til sölu og tekið hagstæðasta tilboði og Innkaupastofnun ríkisins sem einn aðili verði látin annast þetta starf. Ég vil aðeins segja, að ég tel, að með þessu sé stefnt í alveg rétta átt og vænti þess, að þetta fyrirkomulag komist á sem fyrst.

57. Lán og styrkir úr atvinnubótasjóði og atvinnujöfnunarsjóði.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til félmrh. um lán og styrki úr atvinnubótasjóði og atvinnujöfnunarsjóði [244. mál, 1] (A. 640).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 640 hef ég leyft mér að beina svofelldri fsp. til hæstv. félmrh. (Gripið fram í.) Mér er tjáð, að það hefði verið rétt að beina fsp. til hæstv. fjmrh. Fsp. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvernig skiptast lán og styrkir atvinnubótasjóðs og atvinnujöfnunarsjóðs á einstök kjördæmi frá og með stofnun atvinnubótasjóðs 1962 til síðustu áramóta?“

Vona ég, að hæstv. ráðh. gefi glögg svör við þessari fsp.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þar sem atvinnubótasjóður og síðan atvinnujöfnunarsjóður heyra undir fjmrn., fellur það í minn hlut að svara þessari fsp., sem sjálfsagt er að gera.

Spurt er: „Hvernig skiptast lán og styrkir atvinnubótasjóðs og atvinnujöfnunarsjóðs á einstök kjördæmi frá og með stofnun atvinnubótasjóðs 1962 til ársloka 1968?“

Og ég skil fsp. þannig, eins og hún er orðuð, að það sé átt við heildartölur, en ekki fyrir hvert einstakt ár, og ég mun svara henni þannig.

Svarið er sem hér segir:

Reykjavík: Lán 1 millj. 570 þús., engir styrkir. Samtalan 1 millj. 570 þús.

Reykjaneskjördæmi: Lán 6 millj. 910 þús., engir styrkir. Samtalan er því 6 millj. 910 þús.

Vesturlandskjördæmi: Lán 26 millj. 195 þús., styrkir 3 millj. 295 þús. Samtalan 29 millj. 490 þús.

Vestfjarðakjördæmi: Lán 43 millj. 730 þús., styrkir 8 millj. 355 þús. Samtals 52 millj. 85 þús.

Norðurlandskjördæmi vestra: Lán 27 millj. 640 þús., styrkir 2 millj. 950 þús. Samtals 30 millj. 590 þús.

Norðurlandskjördæmi eystra: Lán 48 millj. 495 þús., styrkir 5 millj. 980 þús. Samtals 54 millj. 475 þús.

Austurlandskjördæmi: Lán 21 millj. 252 þús., styrkir 3 millj. Samtals 24 millj. 252 þús.

Suðurlandskjördæmi: Lán 8 millj. 800 þús., styrkir 900 þús. Samtals 9 millj. og 700 þús.

Ég skal til viðbótar geta þess, að á árinu 1968, eða nú rétt fyrir áramótin, voru veittar samtals úr atvinnujöfnunarsjóði 24 millj. og 800 þús. kr. til 8 hraðfrystihúsa, en þannig stóðu sakir og frá því var skýrt hér á hinu háa Alþ., að það mundu vera allmörg hraðfrystihús, sem ekki mundi vera hægt að aðstoða samkvæmt l. um aðstoð við hraðfrystiiðnaðinn, vegna þess að tryggingar þessara húsa og eignir væru ekki með þeim hætti, að fiskveiðasjóður gæti veitt aðstoð eftir venjulegum leiðum. Þessar upphæðir eru meðtaldar í þeim fjárhæðum, sem ég hef þegar getið um, og sé ég því ekki ástæðu til þess sérstaklega að lesa þær upp, en þessi lán voru með þessum sérstaka hætti og hefur þeim þegar verið úthlutað, en samtals hafa verið á þessum árum veitt lán og styrkir úr atvinnubótasjóði og síðan atvinnujöfnunarsjóði frá 1962 til ársloka 1968 184 millj. 592 þús. í lán og 24 millj. 480 þús. í styrki eða samtals lán og styrkir 209 millj. 72 þús. kr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Upplýsingar þessar voru alveg ljósar, og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær.

58. Gjaldeyristekjur í sambandi við starfsemi varnarliðsins.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til utanrrh. um gjaldeyristekjur í sambandi við starfsemi varnarliðsins o. fl. [244. mál, 4] (A. 640).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég gat um það í þingræðu í vetur, að við Íslendingar hefðum misst svo skiptir millj. dollara í gjaldeyri við að fella gengi krónunnar 1967 og 1968 í sambandi við starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og íslenzkra verktaka, sem vinna á þeirra vegum og á vegum álfélagsins í Straumsvík. Síðan hafa verið lagðar fyrir mig margar spurningar í þessu sambandi, sem erfitt er að gefa við tæmandi svör, nema kanna þetta mál allýtarlega, sem ég hef að vísu reynt að gera, a.m.k. suma þætti þeirra. En þar sem yfir þessu máli hefur ríkt mikil þögn, hef ég leyft mér að leggja fram eftirfarandi spurningar til hæstv. utanrrh.:

„1. Hve mikil er sú upphæð í dollurum, sem tapazt hefur vegna síðustu tveggja gengislækkana í sambandi við starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli:

a. vegna starfa íslenzkra verktaka,
b. vegna íslenzkra starfsmanna hjá varnarliðinu,
c. vegna raforkukaupa varnarliðsins,
d. vegna þjónustu og vörusölu til varnarliðsins?

2. Hverjar voru gjaldeyristekjur af ofangreindri starfsemi fyrir tímabilið 1. júlí 1966 til 30. júní 1967?

3. Hver voru meðallaun íslenzkra starfsmanna hjá varnarliðinu í dollurum sumarið 1967, og hver eru þau nú?

4. Hver er fjöldi íslenzkra starfsmanna á vegum varnarliðsins annars vegar og erlendra starfsmanna hins vegar árið 1966 og hver er hann nú?“

Í þessari þingræðu minni, sem ég vitnaði í áðan, tók ég dæmi af manni, sem hafði 347 600 kr. í laun 1967 eða 8100 dollara á ári þá. Þessi maður hefur sama kaup í dag í íslenzkum krónum, en gjaldeyristekjur af honum í ár eru ekki nema 3850 dollarar, þær hafa sem sé lækkað um meira en helming. Margt bendir til þess, að það sé ekki langt frá því, að þessi viðmiðun sé um meðalkaup á umræddum stöðum, þó að ég vilji ekki fullyrða neitt um það, en vitað er, að sumir hafa helmingi meira kaup en þetta. Nú er mjög tilfinnanlegt atvinnuleysi í okkar landi, og er ekki annað sýnna en hreint neyðarástand skapist, þegar skólarnir ljúka sinni starfsemi. Í því sambandi kemur í hugann, hvað margir amerískir menn, sem ekki eru hermenn, vinna á Keflavíkurflugvelli og hvort ekki sé mögulegt að koma Íslendingum í þeirra störf samkvæmt reglugerð þar að lútandi frá 1954.

Í sambandi við það gjaldeyristjón, sem þjóðin varð fyrir vegna umræddrar starfsemi, þá er mér tjáð, að Íslenzkir aðalverktakar og Keflavíkurverktakar hafi orðið að borga til baka vegna umsamdra verka, sem ekki var að fullu lokið, er gengisfellingarnar voru gerðar, í fyrra skiptið um fimm hundruð þúsund dollara, en í hið síðara 1 millj. dollara. Sé þetta rétt, sést bezt, að þarna hefur ekki verið um neinar smáupphæðir að tefla.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, þá er ekki alveg auðvelt að svara öllum þessum spurningum, sem hafa verið bornar fram, eða afla nægilegra upplýsinga á þeim stutta tíma, sem hefur verið fyrir hendi til þess að geta gert það. Ég hef þó farið fram á það við varnarmáladeild, að þeir létu í té þær upplýsingar, sem þeir hefðu í höndum og öfluðu frekari upplýsinga eftir því sem hægt var, á þeim stutta tíma, sem liðinn er frá því, að fsp. var borin fram og til dagsins í dag, þegar henni á að svara. Ég hef svo fengið frá varnarmáladeildinni umsögn um þessa liði alla, þó að ég verði að segja, að um fyrsta liðinn, sem er mest vandsvarað, eru upplýsingarnar tæplega á þann veg, að þær séu alveg 100% ábyggilegar, og eru sagðar hér með nokkrum fyrirvara. En um 2., 3. og 4. lið fsp. vildi ég segja, að þeim er auðsvarað.

Í 2. lið fsp. er spurzt fyrir um gjaldeyristekjur af varnarliðinu á tímabilinu frá 1. júlí 1966 til 30. júní 1967. Samkvæmt þeim útreikningum, sem fyrir liggja, námu gjaldeyristekjur á þessu tímabili 16 383 208 dollurum.

Um 3. liðinn er það að segja, að meðallaun íslenzkra starfsmanna hjá varnarliðinu í dollurum voru árið 1967 4769 dollarar, eða 204 841 kr. Í dag eru meðallaunin 2818 dollarar, eða íslenzkar kr. 247 679, eftir því sem næst verður komizt. Tölur um meðallaun fyrir sumarið 1967 liggja ekki fyrir, enda hæpið að leggja þær til grundvallar vegna sumarafleysinga.

Varðandi 4. lið er rétt að skýra frá því, að störfum, sem Íslendingar vinna hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, hefur fjölgað, og einnig, að unnt hefur verið að komast hjá niðurskurði á mannafla, sem fyrirhugaður var hér s. l. sumar, eins og í öðrum stöðvum Bandaríkjamanna, þar sem fjárveiting var takmörkuð verulega. Ef miðað er við 1. okt. 1966, eða þegar sumarafleysingarfólk er hætt vinnu, þá störfuðu hjá varnarliðinu alls 583 Íslendingar og 180 Bandaríkjamenn. Hinn 3. apríl s. l. eru íslenzkir starfsmenn alls 657 og Bandaríkjamenn 195 eða 15 fleiri en þeir voru 1. okt. 1966 og stafar sú hækkun aðallega af fjölgun kennara.

Hjá íslenzkum verktökum varnarliðsins störfuðu hinn 1. okt. 1966 alls 370 manns og hinn 1. apríl s. l. 314, en jafnan er unnið minnst að byggingarframkvæmdum um þetta leyti árs. Þessar spurn-

ingar má segja að séu þannig byggðar, að það sé hægt að svara þeim nokkurn veginn nákvæmlega, og það tel ég að hafi verið gert í þessu svari, sem ég hef hér gefið.

En 1. liður þessarar fsp. hljóðar svo: „Hve mikil er sú upphæð í dollurum, sem tapazt hefur vegna síðustu tveggja gengislækkana í sambandi við starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli: a. vegna starfa íslenzkra verktaka, b. vegna íslenzkra starfsmanna hjá varnarliðinu, c. vegna raforkukaupa varnarliðsins og d. vegna þjónustu og vörusölu til varnarliðsins?"

Fsp. þessari er ákaflega erfitt að svara, sérstaklega með litlum fyrirvara. Ekki er unnt að taka gengisbreytingarnar einar út af fyrir sig án þess að taka líka tillit til alls konar hækkana hér innanlands og á ýmsum tímum.

Ég hef snúið mér til Seðlabankans, segir forstöðumaður varnarmáladeildar, og fengið þar þessar upplýsingar. Með tilvísun til beiðni yðar um upplýsingar til undirbúnings á svari við fsp. Stefáns Valgeirssonar varðandi tap vegna síðustu 2 gengisfellinga í sambandi við starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, skal eftirfarandi tekið fram:

Augljóst er, að útgjöld varnarliðsins vegna starfsemi þess á Keflavíkurflugvelli hafa lækkað nokkuð í dollurum vegna afleiðinga af síðustu tveim gengisfellingum íslenzku krónunnar. Hins vegar er mjög hæpið, að hægt sé að áætla fjárhæð þessa með nokkurri nákvæmni. Mikill hluti af útgjöldum varnarliðsins, en þó ekki öll, er greiðslur fyrir þjónustu, sem að verulegu leyti ákvarðast í krónum samkvæmt innlendu verðlagi. Lækkar dollaraupphæð, sem greiða þarf fyrir slíka þjónustu, sem ákvörðuð er í krónum, ef gengi krónunnar er lækkað gagnvart dollara. En taka þarf einnig tillit til þess, að innlent verðlag hækkar nokkuð vegna afleiðinga gengislækkunar krónunnar.

Hér fer á eftir yfirlit um nettótekjur af varnarliðsviðskiptum fyrir tímabilið 1. júlí 1966 til 30. júní 1967 og bráðabirgðatölur fyrir árið 1968 og fyrsta ársfjórðung ársins 1969. Eru tölurnar fyrst tilgreindar í íslenzkum krónum, en tölur fyrir 1968 og 1969 síðan umreiknaðar í dollara. Þessar tölur eru þannig: Í fyrsta lagi fyrir tímabilið frá 1/7 1966 til 30/6 1967 og tölurnar eru taldar í millj. kr.: Íslenzkir verktakar 189 millj. Kaup varnarliðsins á kr. 164 millj. Raforkukaup varnarliðsins 1,8 millj. Þetta er nettótala. Og önnur þjónusta og vörusala varnarliðsins 117,3 millj. Fyrir 1968 liggja fyrir bráðabirgðatölur, sem eru þannig: Íslenzkir verktakar 160 millj. Kaup varnarliðsins á krónum 190 millj. Raforkukaup varnarliðsins 2,4 millj., og önnur þjónusta og vörusala til varnarliðsins 172 millj. Á þremur fyrstu mánuðum þessa árs eru upphæðirnar þannig: Íslenzkir verktakar 45 millj. Kaup varnarliðsins á kr. 46 millj. Raforkukaup varnarliðsins 1 millj. Önnur þjónusta og vörusala varnarliðsins 50 millj. Í heild hafa útgjöldin því verið þessi: Árið 1966—1967 472,3 millj. kr. og 1968 525 millj. og fyrstu 3 mán. ársins 1969 142 millj.

Umreiknað í dollara lítur þetta dæmi þannig út: Fyrir árið 1968: Íslenzkir verktakar 160 millj. ísl. kr., sem svarar til í dollurum, miðað við gengi 43 kr. dollarinn, 3,7 millj., og miðað við gengi 57 kr. dollar, 2,8 millj. dollara, mismunur 0,9 millj. dollara. Kaup varnarliðsins á kr. voru 190 millj. ísl. kr., eða 4,4 millj. dollara miðað við gengi 43 kr. á dollar og 3,3 millj. miðað við gengið 57 kr. og mismunur þess vegna 1,1 millj. dollara. Raforkukaup varnarliðsins nettó voru 2,4 millj. kr. í dollurum, miðað við gengið 43 kr. Önnur þjónusta og vörusala til varnarliðsins var 172,6 millj. ísl. kr. umreiknað í dollara með 43 kr. gengi 4 millj. og með 57 kr. gengi 3 millj., mismunur ein millj. dollara og mismunur því í allt fyrir árið 1968 3 millj. dollara. Fyrir 1969 lítur dæmið þannig út, — það er sundurliðað alveg eins og 1968 og ástæðulaust að lesa það upp, enda er það bara fyrir 3 fyrstu mánuði ársins, en mismunurinn þar er 0,9 millj. dollara.

Af þessu yfirliti má sjá, að mismunurinn á árinu 1968, ef miðað er við gengið 43 og 57 kr. hver dollar, verður 3 millj. dollara, en á fyrsta ársfjórðungi 1969 er mismunurinn 0,9 millj. dollara á milli dollaragengis 57 og 88 kr. Ef um væri að ræða stöðugt verðlag væri þetta sú dollaraupphæð, sem tapast í viðskiptum við varnarliðið á árinu 1968 og fyrsta ársfjórðunginn 1969.

Til frádráttar þessu ætti að koma hækkun á innlendu verðlagi vegna gengisbreytinganna og af öðrum orsökum. Ekki er auðvelt að meta, hve mikil þau áhrif eru, en ekki mundi fjarri lagi að áætla að þau nemi um ¼ af þeirri dollaraupphæð, sem annars mundi tapazt.

Þetta er umsögn Seðlabankans.

Frá raforkumálastjóra hefur verið fengin skýrsla líka, en hún er gerð upp öðruvísi en skýrsla Seðlabankans, þar sem eingöngu er tekin jöfnunarsala eða sagt, að á undanförnum 3 árum hafi kaupin verið fyrir til jafnaðar um 21 millj. ísl. kr. á ári, — það er ekki greint á milli ára. Síðan bætir hann við, — hann miðar við gengi 42.95, — að þetta sé 488 941 dollar og miðað við gengið 56,93 séu þetta 368 874 dollarar og miðað við gengið 87,90 séu þetta 238 907 dollarar. Nú standa fyrir dyrum aukin kaup varnarliðsins á rafmagni og að loknum viðbótarmannvirkjum í ríðstraumsbreytistöð á flugvellinum að væntanlega tveim árum liðnum, er áætlað, að kaupin aukist úr 6300 árskw. í 10000 árskw., úr 46 millj. í 66 millj. kwst. á ári. Mannvirkin byggja rafmagnsveiturnar, en varnarliðið greiðir þann kostnað aukalega.

Hér í þessari skýrslu rafmagnsveitustjóra er miðað við meðalverð og áhrif gengislækkananna talin fram að fullu, án þess að hækkanir á rafmagnsverði á tímabilinu séu færðar til lækkunar. Því ber þessum tölum ekki saman við tölur Seðlabankans, en eins og hér hefur verið drepið á, koma inn í samanburðinn fyrir árið 1967 allar hækkanir launa og verðlags af öðrum orsökum en gengisbreytingunum. Sé tekið tillit til áhrifa þeirra á þær fjárhæðir í íslenzkum krónum, sem raunverulega

eru greiddar af hendi á hverjum tíma, telur bókhalds- og endurskoðunardeild varnarliðsins, sem á náttúrlega að fara næst um þetta, að mismunurinn í heild til þessa sé við fljótlega athugun eftirfarandi: Vegna íslenzkra verktaka 848 þús. dollarar. Vegna íslenzkra starfsmanna hjá varnarliðinu 1 046 300 dollarar. Vegna raforkukaupa 28 700 dollarar og vegna þjónustu og vörusölu 59 þús. dollarar. Samanlagt telur varnarliðið því, að miðað við þær greiðslur, sem inntar hafa verið af hendi, sé þessi mismunur, þegar allt er lagt saman, 1 millj. 982 þús. dollarar.

Að endingu vil ég vekja athygli á því, að við mat á raunverulegum áhrifum gengisbreytinganna verður ekki komizt hjá að taka tillit til þess, að aðstaða varnarliðsins til framkvæmda og viðhalds mannvirkja hér hefur batnað, og er þess þegar farið að gæta.

Þetta er það, sem ég tel að hægt sé að komast næst því, sem raunverulega hefur skeð út af þessum 2 gengislækkunum, sem hafa farið fram, en eins og tekið er fram í umsögnunum, eru sumar tölurnar bráðabirgðatölur, og þess vegna verður að taka þær með fyrirvara.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans greinargóðu svör, sem báru með sér, að hann hefur lagt sig mjög fram um að reyna að hafa þau eins tæmandi og hægt var á þessum tíma, en það kemur fram í hans svörum, að það hefur verið eða verða allverulegar upphæðir í gjaldeyri, sem hafa tapazt vegna þessarar starfsemi við þessar gengisbreytingar, og það kom fram, að t. d. raforkuverðið er miðað við íslenzkar krónur, en ekki dollara, þannig að ef gjaldskráin hækkar ekki hér innanlands þá tapast það alveg og mér skilst, að það hljóti að vera fast að því helmingur, — ekki alveg, það hefur nú hækkað eitthvað síðan, — en fast að því helmingur, sem hefur tapazt á þessum tveimur gengisbreytingum. Upp í það kemur náttúrlega sú hækkun, sem hefur orðið og kann að verða á rafmagnsverðinu innanlands.

Ég ætla ekki að ræða þessi svör nema að litlu leyti, en það kom fram að ég held, að nú fyrir skömmu hafi amerískir starfsmenn á flugvellinum verið 195. Ég hef aflað mér upplýsinga um þetta og hef þær í mínum fórum. Eftir því sem ég kemst næst, voru þeir 30. marz 223, hvernig sem á þessu stendur. Þetta munar náttúrlega ekki miklu, munar um 28 menn. Og mér er tjáð, að helminginn af þessum mönnum eða rúmlega það mundu íslenzkir starfsmenn geta leyst af hólmi án þess að þjálfa þá sérstaklega til þess.

Ég er hér með reglugerð, sem var gefin út af yfirmanni varnarliðsins í október 1961, sem er í raun og veru ekki annað en útdráttur úr þeirri reglugerð, sem var sett fram 1954, og þar stendur, — ég ætla ekki að eyða tímanum í að lesa þessa reglugerð, — en þar stendur, að Íslendingar eigi að sitja fyrir störfum, ef þeir geta af starfskunnáttu farið í þau. Eins og atvinnuástandið er, finnst mér það, og ég vil mælast til þess, að það verði mjög athugað.

59. Vextir af innheimtum ríkissjóðstekjum.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til fjmrh. um vexti af innheimtum ríkissjóðstekjum [244. mál, 5] (A. 640).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. tekin til umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á tímabilinu frá 1. jan. 1968 til 1. apríl 1969, sem spurt er um í fsp., hafa innheimtumenn ríkissjóðs skilað vöxtum að upphæð 16.261.890.25 kr. Þessir vextir skiptast þannig, að á árinu 1968 var skilað vöxtum að upphæð 15.098.753.12 kr., en á tímabilinu 1/1 til 1/4 1969 námu vextirnir 1.163.137.17 kr. Þess ber þó að geta í sambandi við þessar upplýsingar, að í skilagreinum frá innheimtumönnum ríkissjóðs er vöxtum af innistæðum í bönkum og sparisjóðum og dráttarvöxtum, sem innheimtumenn innheimta, ekki haldið aðskildum. Á hverju ári sannreynir ríkisendurskoðun bæði skiptingu vaxtagreiðslnanna og þær vaxtagreiðslur yfirleitt, sem reiknaðar eru út af bönkum og sparisjóðum og gengur úr skugga um það, að þær séu greiddar allar í ríkissjóð.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka svörin. Mér finnst það þó nokkur galli, að þarna eru teknir með, skilst mér, dráttarvextir, sem innheimtumenn hafa innheimt hjá gjaldendum og skilað til ríkissjóðs. En um þá var ekki spurt, en e. t. v. er ekki auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að sundurliða þetta að svo komnu. (**Gripið fram í:** Má ég grípa inn í hjá hv. þm., en það væri ómögulegt að hafa ekki lengri tíma.) Það er einmitt það. Kannske væri hægt að fá upplýsingar um þetta einhvern tíma síðar. (**Gripið fram í:** Já.)

60. Fuglafriðun.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til menntmrh. um fuglafriðun [244. mál, 7] (A. 640).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég sá ástæðu til þess að setja þessa fsp. fram þó að sumum kunni að þykja hún koma einkennilega fyrir, þegar rn. er kunnugt um, að gildandi lög um fuglafriðun eru verulega brotin. Það hafa bæði komið fram í blöðum og útvarpi fréttir af því, að menn hafi stundað fuglaveiðar á móti lögum, og það kom fram í viðtali fyrir um hálfum mánuði, að fréttamaður útvarpsins átti viðtal við mann, sem var að koma á hraðbáti úr Faxaflóa, en það er bannað að skjóta fugla úr hraðbátum, en þessi maður sagði frá miklu fugladrápi á slíkum fleytum. Nú mætti ætla, þegar svona fregnir koma í blöðum og útvarpi, að eitthvað væri gert í áttina að kynna sér, hve mikið væri um ólöglegar fuglaveiðar. Menn fara hér á gæsaveiðar á landi, og því miður hefur það komið fyrir, að skotið sé í fuglabjörg á friðunartíma. Mér fannst þetta svo alvarlegt mál, að það væri full ástæða til þess að vekja athygli á því, að hér þarf að fylgjast betur með. Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vænti þess, að þetta verði til þess, að fuglafriðunarmenn, sem hafa samtök í landinu, rumski við þessum mönnum, sem stunda fuglaveiðar á ólöglegan hátt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. vil ég skýra frá því, að hvorki í menntmrn. né heldur í dómsmrn. liggja nokkrar kærur um brot á l. nr. 33/1966, um fuglaveiðar eða fuglafriðun. Hins vegar hefur ekki unnizt tími til þess að ganga úr skugga um, hvort um slíkar kærur er að ræða hjá lögreglustjórum landsins og þá fyrir hvaða brot eða hvers konar brot þær eru, en þeir eru að sjálfsögðu sá málsaðili, sem um slík brot á að fjalla á fyrsta stigi.

Ég hef í tilefni af þessari fsp. hv. þm. gert ráðstafanir til þess, að það verði kannað, hvort kærur liggi fyrir um slík brot eða hvort ástæða sé til þess að breyta þeirri tilhögun eftirlits með fuglafriðunarlögunum, sem framkvæmd hefur verið eða á að hafa verið fram að þessu. Mér virðist ýmislegt benda til þess, að hv. fyrirspyrjandi hafi rétt fyrir sér í því, að ástæða sé til þess að auka eftirlit með því, að þeim lögum, sem hann nefndi, l. um fuglaveiðar og fuglafriðun, sé rækilegar framfylgt en átt hefur sér stað fram að þessu.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. þessi svör, og ég vænti þess, að þessi fsp. verði til þess, að þessi mál séu athuguð nánar. Ég átti ekki von á því, að beinar kærur hafi legið fyrir, því að það er nú einu sinni svo, að menn eru seinþreyttir til að kæra beint, því að þá þurfa menn að standa í ýmsum snúningum í kringum það, en þegar farið er að segja frá þessu í blöðum og útvarpi, að svona veiðar séu stundaðar ólöglega, þá finnst mér full ástæða til þess að vekja á því athygli. Það er það minnsta, sem maður getur gert. Og fyrst í landinu eru ákveðin samtök, sem vilja fylgjast með fuglaverndun, þá mætti líka ýta við þeim, að þau væru vakandi um að hafa þá hemil á slíkum athöfnum. Ég get nefnt ágæta grein, sem Ragnar Ásgeirsson skrifaði fyrir nærri tveimur árum um svona veiðar. Hún var mjög skelegg og góð, en ég sá ekki, að nokkur maður tæki undir þau orð, sem þar stóðu, og þess vegna fannst mér ástæða um daginn, þegar ég heyrði þessar frásagnir í útvarpinu um svona fuglaveiðar, að vekja nú athygli hér í þinginu á þeirri staðreynd, að menn vita ekki, hvernig lög um fuglafriðun eru og fara því mjög ólöglega að fuglaveiðum.

Jónas Jónsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að þakka fyrir það, að þetta mál skuli hafa verið tekið hér á dagskrá, að það skuli hafa verið bent á þetta. Þarna er ábyggilega mjög pottur brotinn. Ég vildi segja, að það, sem fyrst og fremst þyrfti að koma í þessum málum, sé aukin löggæzla, að það sé virkilega fylgzt með því, að lögin séu ekki brotin. En grunur minn er sá, að jafnvel löggjöfin sé ófullkomin — ekki kannske aðeins um fuglafriðun, heldur ekki síður um meðferð skotvopna. Ég vil taka það fram, að mér er þetta ekki vel kunnugt, hvað löggjöfin segir í þessu. En mér er hins vegar kunnugt um, að það er mjög mikið um óleyfilega og ósæmilega meðferð skotvopna um landið, og við vitum, að það er engu eirt. Skotin eru vegaskilti og umferðarmerki og annað því um líkt, og það er ábyggilega ekki of djúpt í árinni tekið, þó að sagt sé, að engu lífi sé eirt, þegar þessar skyttur fara um landið. Þetta getur heyrt undir fuglafriðun. Þetta getur líka heyrt undir náttúruvernd og reyndar mjög mikilvægt náttúruverndarmál. Ég hef t. d. heyrt þess getið, að nú, þegar opnaðar eru leiðir víðar um landið, eins og í Öræfasveit, þar sem hægt er að keyra á bíl eftir söndunum, þá fari skyttur þessar á bílum sínum og skjóti fugla, og það hefur verið nefnt í mín eyru, að t. d. skúmurinn, sem kannske er nú ekki sérlega friðsamur fugl í sjálfu sér, sé þarna skotinn niður og ábyggilega á óleyfilegum tíma.

Ég held, að það sé full ástæða til þess að efla löggæzlu verulega, og þá finnst mér, þar sem það er nú hér frá höfuðþéttbýlinu, sem flestir koma, þá væri það í verkahring lögreglu hér að fylgjast með því, að ekki sé farið með skotvopn óleyfilega út um landið. Þetta er á ákveðnum tímum og væri þess vegna hægt að fylgjast með því sérstaklega. Það er á vorin, þegar gæsirnar koma, þá fara skytturnar út og koma svo heim með feng sinn. Í öðru lagi er það á haustin, þegar rjúpnatíminn kemur, þá er mjög mikið um óleyfilegar veiðar, t. d. í óleyfi landeigenda. Og þetta er allt saman ómenningaratriði, og ég vil leggja áherzlu á, að það er nauðsyn að auka hér löggæzlu og að athuga um, hvort ekki sé ástæða til að setja strangari ákvæði í lög um þetta efni.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er hreyft merku máli, sem ástæða er til að veita athygli. Það er hvort tveggja, að almenningur er, að ég hygg, næsta ófróður í fuglafriðunarlöggjöfinni, og annað

hitt, að víða kann að vera pottur brotinn með nægilegt eftirlit með skotvopnum. Þó var það á s. l. ári gert af hálfu dómsmrh., að reynt var að samræma reglur um allt land um aukið eftirlit með skotvopnum og reynt að stemma stigu fyrir, að þau væru í umferð án leyfis.

Það er sennilega alveg rétt hjá þeim, sem hér hafa talað, að það kveður nokkuð mikið að ólöglegu fugladrápi. En þess er að geta, — þó að rætt hafi verið um það, að auka þyrfti löggæzlu í þessu efni, — þá er þetta eitt af þeim sviðum, sem erfitt er að fylgjast vel með, án þess að allur almenningur taki þátt í löggæzlunni. Þess vegna er það nauðsynlegt fyrst og fremst að upplýsa almenning, dreifa ákvæðum fuglafriðunarlaga og kynna þau. Fuglafriðunarlögin hafa verið gefin út sérprentuð í handhægu broti. Þau eru að sjálfsögðu afhent öllum þeim, sem leyfi fá til að eiga og bera skotvopn. En það þarf að gera meira. Það þarf að hefja um þetta opinberan áróður, þannig að allur almenningur taki þátt í löggæzlunni. Með því eina móti verður náð viðunandi árangri í þessu máli.

61. Samningsréttur Bandalags háskólamanna.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:

Fyrirspurn til fjmrh. um samningsrétt Bandalags háskólamanna [244. mál, 8] (A. 640).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beiðni stjórnar Bandalags háskólamanna að bera fram eftirfarandi fsp., sem beint er til hæstv. fjmrh.:

„Á hvern hátt hyggst ríkisstj. koma til móts við óskir Bandalags háskólamanna um samningsrétt því til handa fyrir hönd háskólamanna í þjónustu ríkisins?“

Ég vil leyfa mér, vegna þess að ég dreg það í efa, að hv. alþm. almennt hafi fulla kunnugleika á Bandalagi háskólamanna, hvaða félagsskapur þetta er og hvaða áhugamál það hefur, að lesa grg., sem tekin er saman af stjórn Bandalags háskólamanna:

„Í fyrsta lagi má spyrja: Hvað er Bandalag háskólamanna? BHM eða Bandalag háskólamanna eru samtök 12 félaga háskólamanna. Þau eru Dýralæknafélag Íslands, Félag háskólamenntaðra kennara, Félag ísl. fræða, Félag ísl. náttúrufræðinga, Félag menntaskólakennara, Hagfræðifélag Íslands, Lyfjafræðingafélag Íslands, Læknafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Sálfræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Samanlagt eru meðlimir þessara félaga um 1500 talsins. Meira en helmingur þeirra er í þjónustu opinberra aðila. Í þeim hópi eru svo til allir vísindamenn þjóðarinnar og þeir starfsmenn, sem hafa með höndum réttarfar og opinbera stjórnsýslu, svo að dæmi séu nefnd.

Bandalag háskólamanna hefur frá upphafi haft það á stefnuskrá sinni að berjast fyrir samningsrétti sér til handa. Og þá má spyrja: Hvers vegna fer það fram á samningsrétt? Háskólamenntaðir menn vilja, að bandalag þeirra sé í fyrirsvari fyrir þá í kjaramálum gagnvart ríkisvaldinu og hafna því, að óskyldir aðilar fjalli um mál þeirra. Hagsmunir háskólamanna hljóta alltaf að verða út undan í fjöldasamtökum. Er löngu ljóst, að ævitekjur háskólamanna í ríkisþjónustu eru svo lágar, að þeim, sem þurfa að vinna hjá ríkinu, er refsað efnahagslega fyrir menntun sína.

Þá mætti spyrja: Er það óþekkt, t. d. í nágrannalöndum okkar, að háskólamenn fari með eigin kjaramál sem sérstakur aðili? Svar við þessu er nei. Á öllum hinum Norðurlöndunum fara samtök háskólamanna eða æðri embættismanna með kjaramál sín gagnvart ríkinu. Og þá mætti spyrja: Hvers vegna hefur Bandalag háskólamanna ekki fengið samningsrétt? Krafan um samningsrétt var fyrst fram sett 1961, við undirbúning að núverandi samningsréttarlögum, og hefur hún verið ítrekuð æ síðan, en það hefur strandað á ríkisvaldinu. Það hefur ekki annað komið fram en BSRB eða Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem raunverulega fer með samningsrétt fyrir þennan hóp, hafi jákvæða afstöðu í þessu máli. Til er svo hljóðandi samþykkt frá stjórn BSRB, gerð 1. apríl 1966, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef ríkisstj. og Alþ. ákveða að veita Bandalagi háskólamanna sérstakan samningsrétt um kjör háskólamenntaðra manna í ríkisþjónustu, mun stjórn BSRB fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn því, enda skerði það á engan hátt sjálfstæðan samningsrétt og samningsaðstöðu BSRB.“

Eitthvað mun þó hafa bryddað á því í viðræðum við ríkisstj., að BSRB teldi það óheppilegt, ef Bandalag háskólamanna fengi samningsrétt og það er talið miða að klofnun BSRB.

Þá vaknar spurningin: Klauf BHM sig út úr BSRB á sínum tíma? Því er til að svara, að BHM hefur aldrei verið aðili að BSRB sem slíkt, en nokkur félög háskólamanna voru í BSRB, en þau hafa gengið úr því og fjölda margir einstaklingar, sem voru félagar þar í ýmsum starfsmannafélögum. Á varanlegum klofningi innan BSRB eru því engar líkur að áliti BHM.

Hvað hefur þá ráðið afstöðu ríkisins? Að dómi BHM-manna er það aðallega tvennt. Í fyrsta lagi nefnd klofningskenning og svo það atvinnurekendasjónarmið, að betra sé að hafa einn viðsemjanda, þ. e. a. s. fyrir ríkið, en tvo, og bezt væri að hafa engan. BHM metur mikils, að núv. fjmrh.

hefur að nokkru komið til móts við óskir BHM með því að beita sér fyrir aukaaðild þess að þeirri tilraun til starfsmats, sem verið er að gera, og að skipa viðræðunefnd BHM, BSRB og ríkisins. En í þeirri viðræðunefnd stendur allt fast. Þá mætti spyrja: Hvað skeður, ef ekki verður fundin viðunandi lausn? (**Forseti:** Ræðutíminn er liðinn.) Fyrirgefið, ég vil aðeins fá að segja örfá orð. Það er spurt, hvað háskólamenn færu fram á, ef þeir fengju kjarakröfum sínum fullnægt. Svarið er, að þeir mundu ekki fara fram á, að leiðréttingar kæmu allar í einu, heldur dreifðust á fleiri ár, þannig að unnt væri að taka tillit til efnahagsaðstæðna í þjóðarbúskapnum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í þessari fsp. er komið inn á mikið vandamál, sem margt mætti um segja, en ég skal reyna að takmarka mig við meginkjarna málsins til þess að verða ekki of langorður í þessum fsp.-tíma.

Mér finnst ekkert undarlegt, að af hálfu háskólamanna sé hreyft þessari fsp., jafnvel hér á hinu háa Alþ., því að vaxandi þungi er á þessu máli og hefur verið undanfarin ár, en hins vegar er málið alls ekki til komið á þessum allra síðustu árum. Eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, var það þegar, þegar samningsréttarl. voru sett 1961, að Bandalag háskólamanna hreyfði þá þeirri ósk, að það fengi aðild að samningum við ríkið. Það mun hafa ráðið afstöðu manna hér á Alþ. þá að ég hygg, að það þótti eðlilegast, að allir ríkisstarfsmenn væru í einu bandalagi og það mundi torvelda mjög alla samningsgerð, ef hér væri við marga aðila að eiga, og líkur þóttu á því, að það yrði erfitt að takmarka sig við tvo aðila, heldur gætu þeir orðið fleiri og þar af leiðandi minnkandi horfur á því, að það tækist að ná samkomulagi um launaflokka, hvað sem launaupphæðum að öðru leyti liði. Þetta hygg ég að hafi verið rökin, sem þá voru fram færð og hafi orðið þess valdandi, að í núgildandi lögum er það svo, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er löggiltur aðili til þess að fara með samningsrétt allra opinberra starfsmanna gagnvart ríkinu, þó að það sé vitanlegt, að innan þess bandalags eru ekki allir ríkisstarfsmenn. Það eru t. d. ýmsir háttsettir embættismenn ríkisins, sem alls ekki eiga neina aðild að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, og raunverulega verður það því hlutur gagnaðilans, ríkisvaldsins eða samningan. ríkisins, að koma fram með till. um skipun þeirra manna í launaflokka.

Því miður hefur það farið svo, að sjaldan hefur tekizt að semja, án þess að kjaradómur hafi þurft að koma til, og er margt, sem því hefur valdið. Það hefur reynzt ákaflega erfitt, miðað við þá mjög ólíku hagsmunahópa, sem hafa verið innan BSRB, að koma saman kröfugerð af hálfu bandalagsins, sem hefur verið nokkuð í námunda við það, sem hafi verið hægt að leggja til grundvallar sem samkomulag um kjarasamninga. Það má því segja, að að þessu leyti hafi þessi hugmynd með kjarasamningalögunum ekki náð tilgangi sínum. En það, sem hefur farið versnandi ár frá ári, er sambúð milli vissra hópa ríkisstarfsmanna, og það hefur leitt til þess, að háskólamenn hafa fylkt sér meira og meira um sín samtök, Bandalag háskólamanna, og er nú svo komið, að meginþorri allra háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins er orðinn aðili að Bandalagi háskólamanna.

Nú er það að vísu svo, að Bandalag háskólamanna er miklu meira en samtök háskólamanna í þjónustu ríkisins. Það er allsherjar bandalag, eins og hv. fyrirspyrjandi lýsti hér áðan, og e. t. v. ekki nema helmingur þeirra eða ekki það, sem eru ríkisstarfsmenn, þannig að því leyti hefur verið nokkuð erfitt að taka það sem samningsaðila, þó að þeir hafi boðið það, og ég efa ekki, að þeim sé auðvelt að finna form fyrir því að breyta skipulagi sínna samtaka þannig, að ekki taki aðrir þátt í þeim samningum en þeir, sem eru raunverulega ríkisstarfsmenn.

Það er rétt, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur fyrir sitt leyti ekki sett fótinn fyrir það, að Bandalag háskólamanna fengi nú samningsaðild, eftir því sem krafan um það hefur orðið ríkari. En hinu er ekki heldur að leyna, að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur vakið athygli mína á því, og ég hygg, að það sé ekkert launungarmál, að ef svo færi, að Bandalag háskólamanna yrði viðurkenndur samningsaðili eftir lögum, þá væru mjög litlar líkur á því, að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja tækist að halda innan sinna vébanda öllum öðrum starfshópum í þjónustu ríkisins, heldur mundu fleiri koma á eftir og heimta sjálfstæða samninga. Af þessum sökum er hér um mikið vandamál að ræða.

Það hefur verið skoðun mín, og ég hef látið hana í ljós við Bandalag háskólamanna, að ég tel, að það mundi skapa margvísleg vandræði að hafa fleiri en einn samningsaðila, og hættan vera mjög rík á því, eftir þeim upplýsingum, sem ég gat um, að þá yrði skammt þangað til þeir samningsaðilar yrðu enn þá fleiri, og þá væri hætta á því, að þetta kerfi mundi brotna niður.

Þetta er ástæðan fyrir því, að ég hef viljað leggja á það alla áherzlu að reyna að finna einhvern samstarfsgrundvöll milli þessara heilda. Ég finn það engu að síður, að möguleikinn á þessu fer síminnkandi. Fyrir rúmu ári var lokið endurskoðun l. um samningsrétt opinberra starfsmanna. Í þeirri endurskoðun var ekki gert ráð fyrir því, að Bandalag háskólamanna fengi neina aðild, og ég hef tjáð Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, að meðan ekki sé fundinn grundvöllur í því máli, þá treysti ég mér ekki til að flytja þessa endurskoðuðu löggjöf í því formi, sem hún er nú.

Ég hef reynt að beita mér fyrir ýmsum úrræðum til þess að kanna það til hlítar, hvort ekki væri nein hugsanleg leið til þess að sætta þessi andstæðu sjónarmið og finna einhvern sameiginlegan grundvöll til þess að standa á, t. d. sameiginlega aðild BSRB og Bandalags háskólamanna að þeim nefndum og ráðum, sem gert er ráð fyrir í lögunum

um samningsréttinn. Ég hef oft átt viðræður við þessa aðila, hvort hugsanlegt væri, að formlega væri hægt þarna að veita háskólamönnum sérstaka aðild og sérstakan rétt í framhaldi af því.

Þá hefur komið til starfsmat, og var gert samkomulag um það milli rn. og BSRB. Slíkt kerfisbundið starfsmat er hin mesta nauðsyn til þess að fá einhvern frið um kjaramál opinberra starfsmanna. Það varðar ekki eingöngu frið milli Bandalags háskólamanna og BSRB, heldur einnig milli hinna mörgu starfshópa opinberra starfsmanna, en allir eru sammála um, að nauðsyn beri til þess að fá enda bundinn á þessi deilumál. Vitanlega er slíkt starfsmat geysilega mikið áhugamál háskólamanna, vegna þess að við það hlýtur mjög að koma til athugunar og vera afgerandi, hvaða reynslu menn hafa og hvaða menntunar þeir hafa aflað sér. Ég hef lagt áherzlu á það í viðræðum mínum við forráðamenn Bandalags háskólamanna, að reynt yrði að fresta því að láta skerast í odda, þar til þetta starfsmat lægi fyrir. Ég bauð Bandalagi háskólamanna að fylgjast vandlega með þessu starfsmati, en af hálfu ríkisins hefur þess verið vandlega gætt að hafa fulltrúa þeirra með í ráðum.

Þessu starfsmati er ekki lokið, en ég hygg, að það sé ekki ágreiningur um það við Bandalag háskólamanna, að niðurstaða þess geti orðið mjög afgerandi um afstöðu Bandalagsins varðandi samningamálin. Ég hef til viðbótar þessu efnt til sérstakrar nefndarskipunar milli ráðuneytisins, Bandalags háskólamanna og BSRB, til þess að kanna það nú til hlítar, hvort ekki væri hugsanleg einhver leið, sem gæti gert það mögulegt að efna til samstarfs þessara aðila í því formi, að ekki þyrfti að umturna þeim samningsréttarlögum, sem við búum við. Það verður lögð áherzla á það, að þessi nefnd starfi af fullum krafti og niðurstaða fáist í þessu máli nú innan skamms, þannig að í haust, þegar til samninga kemur, þá liggi fyrir bæði niðurstaða varðandi starfsmatið og eins niðurstöður þessarar samninganefndar eða viðræðunefndar, þannig að fullkannað verði, hvort hægt sé að leysa málið innan ramma núverandi löggjafar eða ekki.

Þetta er það, sem þegar hefur gerzt. Ég tel mikilvægt, að hægt sé að leysa þetta mál innan núverandi löggjafar á þann veg, að Bandalag háskólamanna og BSRB gætu sem tveir jafnréttháir aðilar að þessum samningum átt þá sína fulltrúa báðir í þeim nefndum og ráðum, sem samningsréttarlögin gera ráð fyrir. Verði ekki um neina slíka samvinnu að ræða, hlýtur að verða að taka málið upp af fullri alvöru.

Ég er ekki reiðubúinn í dag að segja, með hvaða hætti ég mundi, ef ég hefði einhver afskipti af því máli, vilja beita mér fyrir lausn þess, en mér er það ljóst, að Bandalag háskólamanna hefur orðið innan sinna vébanda allan þorra háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins, hefur vaxið ár frá ári og staða þess hefur styrkzt, og það verður þess vegna ekki gengið fram hjá þessu bandalagi lengur sem mjög mikilvægum og sterkum aðila í þessu máli og fulltrúa fyrir einmitt þann hóp ríkisstarfsmanna, sem ríkið má sízt af öllu án vera. Hvort hér kemur til átaka um kjaramálin, launamálin út af fyrir sig, það skal ég ekkert um segja, þeir hafa sjálfir sagt, að þeir hafi alla hófsemd í kröfum um það, og vona ég, að svo verði, og þeir geti þá haft góð áhrif á vissa hópa, sem hafa brotizt undan launakerfinu og sérstöðu hafa haft og við þekkjum, en út í þá sálma skal ég ekki fara.

Ég veit ekki, hvort fsp. hv. þm. er svarað fullnægjandi, en ég get sem sagt aðeins endurtekið það, að ég held, að þær aðgerðir, sem ég hef haft uppi til þess að efna til viðræðna bæði við Bandalag háskólamanna út af fyrir sig, efna til sameiginlegra viðræðna milli þeirra, ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og veita þeim aðild að starfsmatinu, sem mér er full alvara að verði meira en nafnið tómt, það sýni fullkomlega, að ég hef vilja til þess og rn. að mæta öllum sanngjörnum óskum Bandalags háskólamanna, sem þeir hafa fram borið. Ég vil taka það fram, og það sé þeim til lofs, að þó að þetta hafi verið þreytandi barátta áreiðanlega fyrir þeirra forráðamenn, þá hafa þeir unnið á þann hátt að málum sínum, að það hefur vakið samúð. Þeir hafa ekki borið fram neinar óhæfilegar kröfur, en þeir hafa lagt fram rök, sem ekki hefur verið hægt að ganga fram hjá, heldur hefur orðið að taka til alvarlegrar íhugunar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég þakka svörin og segi, að fsp. sé svarað, ekki skal klagað upp á það. Ég þakka ennfremur margt, sem þarna kom fram, og ég veit, að aðilar BHM munu meta mjög mikils ýmislegt, sem kom fram hjá ráðh. í þessu svari. Hann sagði m. a., að það yrði ekki lengur gengið fram hjá BHM, og í haust dregur til úrslita í þessum málum.

Ráðh. vék að því, að þetta væru vandamál og sagði, að nokkur vandamál mundu skapazt og vandræði, ef BHM yrði veittur samningsréttur. En ég vil aðeins benda á, að það er ekki víst, að fleiri vandamál skapist, heldur en þegar eru fyrir hendi og leysast. Ég vil benda á það, eins og reyndar ráðh. nefndi, að hér er um mjög mikilsverðan starfshóp í þjóðfélaginu að ræða. Ég vil benda á þau vandamál, sem hafa birzt í því, að mikið af hinum bezt menntuðu mönnum þjóðarinnar hafa ekki séð sér fært að vera hér og starfa. Það hefur verið gerð nokkur könnun á því, hve mikið er af menntamönnum, sem starfa erlendis. Ég vil aðeins minna á það, að 1966 þá virtust það vera 216, sem vitað var um, sem send voru bréf í sambandi við könnun þar um. Þar af voru 113 læknar, 65 verkfræðingar, 18 náttúrufræðingar, kennarar í íslenzkum fræðum 10 og aðrir starfshópar færri. Þetta er að vísu alls ekki sérislenzkt vandamál, þetta, sem hefur verið kallað þekkingarútstreymi eða atgervisflótti, það er mjög alþjóðlegt vandamál og er þannig, að þeir betur menntuðu fara frá þjóðfélögum, sem minni mátt hafa til að veita þeim aðstöðu til starfa og góð kjör,

þannig að þetta út af fyrir sig er kannske ekki svo sterkt atriði til að dæma þetta, en samt er það mjög varhugavert.

En það eru fleiri innri vandamál, vildi ég segja. Það er t. d. alkunna um embættismenn, sem hafa vandasöm störf með höndum, að það bryddar á því, að þeir fá aukagetu, — að það er gert til þess að halda þeim í störfum. Þá koma fram ýmsar aukagreiðslur og jafnvel yfirvinna og ýmislegt fleira, sem ég hygg, að hæstv. fjmrh. muni vera vel kunnugt um og hann muni viðurkenna með mér, að sé virkilegt vandamál, eins og er.

Hann tók fram, að háskólamenn hefðu ekki verið mjög harðir í kröfum sínum og þá kannske ekki alveg án undantekninga. Ég hygg nú, að þar hafi hann kannske átt við tilfelli, þar sem hafa orðið hálfgerð mistök um og verið lagt skakkt út, ég á hér við læknadeiluna, en ég hygg, að það muni ekki vera að færast mjög mikil harka í þessi mál. En það getur þó ábyggilega orðið mjög alvarlegt fyrir þjóðfélagið. Það mætti spyrja, hvað skeði, ef ekki verður fundin viðunandi lausn á þessu núna, það er ekki gott að segja, hvað gerist, en það er mjög sennilegt, að æ fleiri háskólamenn muni leita úr landi og fá sér þar atvinnu, og það er hætt við því, að þetta vandamál innan stofnana, þar sem ásókn er í yfirgreiðslur og annað því um líkt, að það fari vaxandi.

Ég vil ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vil þakka ráðh. aftur fyrir svörin, og vonast ég til þess, að þetta hafi orðið til þess að vekja athygli hv. alþm. á því að hér er um vandamál að ræða.

62. Verðlagsmál (fsp. JSk).

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til viðskmrh. um verðlagsmál o.fl. [80. mál, 4] (A. 100).

Á 15. fundi í Sþ., 27. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Fsp. var tekin aftur 4. des.

63. Búrfellsvirkjun.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til raforkumrh. um Búrfellsvirkjun [244. mál, 2] (A. 640).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var fsp. ekki á dagskrá tekin framar.

64. Kaup á tilbúnum áburði.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til landbrh. um ráðstafanir vegna kaupa á tilbúnum áburði [244. mál, 3] (A. 640).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var fsp. ekki á dagskrá tekin framar.

65. Áburðarkaup og rekstrarlán bænda.

Á deildafundum 6. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fyrirspurn til landbrh. varðandi áburðarkaup og rekstrarlán bænda [244. mál, 6] (A. 640).

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 14. maí, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var fsp. ekki á dagskrá tekin framar.

66. Hafnaraðstaða við Dyrhólaey og Þykkvabæ.

Á 47. fundi í Sþ., 7. maí, var útbýtt frá Ed.:
Fyrirspurn til sjútvmrh. um hafnaraðstöðu við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu og Þykkvabæ í Rangárvallasýslu [246. mál] (A. 654).

Á 88. fundi í Ed., 8. maí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 18 shlj. atkv.

Fsp. var aldrei tekin til umr.